Hæstaréttardómar 1969

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1969

Efnisskrá til bráðabirgða

Bls.

Aðild, aðildarskortur 843, 1467
Aðstöðugjald 1408
Áfengislög 1, 14, 23, 82, 88, 211, 215, 219, 403, 412, 416, 494, 499, 897, 1302, 1312, 1330
Afsögn víxils 208
Almannafriður á helgidögum þjóðkirkjunnar, brot gegn .. 1312
Barnsfaðernismál 348
Bifreiðar:
a) Refsimál, 1, 14, 20, 23, 82, 88, 211, 215, 219, 403, 412, 416, 836, 897, 1266, 1302, 1330
b) Skaðabótamál 96, 169, 174, 180, 370, 449, 555, 873, 1245, 1260
c) Kaup og sala 663
Birting stjórnvaldaerinda 1288, 1292, 1296, 1423, 1431
Blóðrannsókn:
a) Bifreiðarstjórn 1, 14, 23, 82, 88, 211, 215, 219, 403, 412, 416, 897, 1302, 1330
b) Faðerni 348
Bókhaldsbrot 26
Byggingameistarar, ábyrgð 1163
Byggingarsamþykkt, brot gegn 829
Dagsektir 57, 1213
Dánarbú 110, 1224
Dánarbætur 671
Dánar- og félagsbú 110
Dómarar 141, 464, 891, 1092, 1201
Endurgreiðsla 1486
Erfðaskrá 469
Fasteign 1149, 1163, 1361, 1394
Fébætur 305, 1492
Félagsdómur 570
Firmanafn 57

Bls.
Fiskveiðabrot 1009, 1288, 1292, 1296, 1423, 1431
Fiskverð, fiskverzlun 65, 393, 1443
Fjárdráttur 935, 1437
Fjárnám 5, 135, 597, 843, 1095, 1116, 1205, 1380, 1386, 1419
Fjársvik 10, 407
Forkaupsréttur 1361
Frávísun 208, 241, 267, 345, 425, 432, 505, 570, 612, 790, 816, 839, 845, 894, 916, 935, 1070, 1090, 1097, 1099, 1101, 1103, 1113, 1186, 1189, 1192, 1233, 1237, 1278, 1281, 1305, 1492
Frestir 1469
Fyrning 131, 225, 663, 886
Gagntilboð 160
Geðheilbrigðisrannsókn 1078
Gengi 708, 763
Gjaldþrotaskipti 1272
Gæzluvarðhald 690, 692, 694, 697, 931, 1076, 1078, 1083, 1435, 1452
Handhafaskuldabréf 385
Heimvísun 135, 141, 1345
Hlutafélög 1443
Hús, brottflutningur 829
Húsaleiga 1224
Húsbyggingar 1163, 1394
Innsetningargerð, synjun 1307
Kaupgjaldsmál 5, 92, 128, 305, 579, 588, 597, 604, 721, 1104, 1342, 1349
Kaup og sala 278, 663
Kaupsamningur, niðurfelling 1486
Kröfusamlag 432
Kærumál:
a) Dómarar 464, 891, 1092
b) Frávísun 432, 505, 570, 790, 816, 916, 1090, 1097, 1099, 1101, 1103, 1113, 1237, 1305
c) Frestir 1469
d) Geðheilbrigðisrannsókn 1078
e) Gæzluvarðhald 690, 692, 694, 697, 931, 1076, 1078
f) Kröfusamlag 432
g) Málskostnaður, trygging 265, 798, 1338
h) Vitni 1481
Landamerkjamál 510
Lóðamörk 1251
Löghaldsgerð 894
Lögtak 145, 153, 1125, 1408
Lögveð 1245
Málskostnaður, trygging 265, 798, 1338
Manndráp 1025

Bls.
Nytjastuldur 14, 20, 1302
Ómaksbætur .. 127, 128, 492, 493, 494, 576, 577, 578, 826, 827
Ómerking 135, 141, 208, 231, 241, 267, 425, 839, 845, 894, 1070, 1163, 1192, 1233, 1272, 1345
Ómerking ummæla 652
Opinberir starfsmenn 305, 935
Ráðskonukaup 1224
Rán 897
Samningar 65, 278, 393, 1135, 1213
Sératkvæði 117, 570, 624, 750, 1125, 1135
Setudómaralaun 1201
Sjóveð, sjóveðréttur 579, 588, 597, 604, 652, 671, 1104, 1342, 1386
Skaðabótamál 65, 96, 117, 160, 169, 174, 180, 360, 370, 442, 449, 555, 612, 624, 663, 671, 728, 750, 820, 873, 1149, 1245, 1260, 1394, 1452
Skattamál 145, 153, 225, 231, 1408
Skipstjóralaun 652
Skipti 110, 780, 921, 1092
Skipulagslög, brot gegn 829
Skjalafals 502, 935
Skuldamál .. 278, 490, 699, 708, 843, 845, 886, 1205, 1213, 1375
Slysatrygging 188
Stjórnvaldaerindi, birting 1288, 1292, 1296, 1423, 1431
Stóreignaskattur 225, 231
Synjunareiður 348
Tékkamisferli 10, 1437
Tilboð 160
Tolllög 494, 1333
Tollvörugjald, undandráttur 26
Tómlæti 663
Traustnám 385
Umferðarlög 1, 14, 23, 82, 88, 211, 215, 219, 403, 412, 416, 836, 897, 1266, 1302, 1330
Uppboð 225, 231, 763, 1189, 1345, 1414
Uppboðsafsal 776
Uppbætur á fiskverð 1443
Upptaka eigna 1312
Útboð 1135
Útburðarmál 643, 782
Úthlutun, úthlutunargerð 776, 780
Útivist, útivistardómar 1, 5, 127, 128, 262, 263, 264, 492, 493, 494, 576, 577, 578, 826, 827, 828, 894, 1112, 1113, 1205, 1243, 1244, 1278, 1281, 1360
Vangeymsla 1361
Vanhæfi dómara 141, 891, 1092

Bls.
Veðband, lausn 1213
Veðskuldabréf 385, 663
Veitingasala 1312
Verksamningar 335, 845, 1492
Verktakar, ábyrgð 1163
Vinnulaun 1386
Vinnusamningar 721
Vinnuslys 442, 624, 728, 750
Vitni 1481
Víxilmál 131, 208
Þjófnaður 1302
Þrotabú 1116
Öxulþungi bifreiða 836, 1266

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

L. árgangur 1969

Miðvikudaginn 8. janúar 1969.

Nr. 74/1968. **Jón Sæmundsson**
gegn
Jónasi Þór Guðmundssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Sæmundsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 10. janúar 1969.

Nr. 138/1968. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Kjartani Runólfi Gíslasyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Jón P. Emils, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Einar Guttormsson yfirlæknir og Kristján Eyjólfsson læknir hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms, sem staðfesta ber með skírskotun til forsendna hans.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Kjartan Runólfur Gíslason, greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 23. júlí 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 12. febrúar s.l., er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn ákærða, Kjartani Runólfi Gíslasyni fisksala, Birkihlíð 20 hér í bæ, „fyrir að aka laugardaginn 13. maí 1967 undir áhrifum áfengis bifreiðinni V 215 að heiman frá sér í Klauf og aftur þaðan áleiðis heim til sín, þar til bifreiðin vegna gáleysislegs aksturs ákærða fór út af veginum og valt.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 21. júlí 1916 í Þykkvabæ, Rangárvallasýslu. Hann hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Málavextir eru þeir, að laugardaginn 13. maí 1967 var tilkynnt á lögreglustöðina, að bifreiðaslys hefði átt sér stað þá rétt áður á Höfðavegi móts við húsið Krók.

Tveir lögreglumenn fóru að sinna þessu. Þegar þeir komu á

slysstaðinn, var bifreiðin V 215 á hvolfi utan við veginn, og lá hún á toppinum. Yfirbygging bifreiðarinnar var mikið brotin, enda er vegkanturinn þarna ca. 2 metrar á hæð. Eigandi og ökumaður bifreiðarinnar, ákærði í máli þessu, var farinn af staðnum ásamt þremur farþegum.

Þegar lögreglumennirnir komu aftur á lögreglustofuna, bauð varðstjóri þeim að sækja ákærða á heimili hans. Hann fór góðfúslega með lögreglumönnunum á varðstöðina, þar sem tekin var af honum varðstjóraskýrsla. Einnig var ákærða tekið blóðsýnishorn til alkóhólákvörðunar.

Niðurstöður alkóhólrannsóknar voru á þann veg, að í blóði ákærða fundust reducerandi efni, er samsvara 2.02‰ af alkóhóli.

Um drykkju sína segir ákærði, að hann hafi skömmu eftir hádegi óhappadaginn drukkið úr tveim glösum af geneverblöndu og lokið þeirri drykkju kl. 1530 sama dag. Hann hafi þá fundið lítillega til áfengisáhrifa. Hann kveðst hins vegar hafa drukkið allmikið af víni kvöldið og nóttina fyrir óhappadaginn.

Ákærði fór að heiman frá sér um 5 leytið óhappadaginn ásamt þremur farþegum. Hann kveðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Ferðinni var heitið í kálgarð við svonefnda Klauf. Á leiðinni heim valt svo bifreiðin út af veginum á Höfðavegi á móts við húsið Krók.

Með ákærða í bifreiðinni voru þeir Högni Magnússon verkamaður, Vestmannabraut 10, og Karl Guðmundsson skipstjóri, Sóleyjargötu 4. Einnig var með í bifreiðinni þriggja ára gamall sonur Högna.

Þeir Högni og Karl hafa borið það með eiðfestum framburðum, að þeir hafi ekki merkt áfengisáhrif á ákærða í þessari ökuferð.

Vitnið Ragnar Axel Helgason lögregluþjónn var annar þeirra, sem sóttu ákærða heim. Vitninu virtist ákærði eðlilegur í alla staði óhappadaginn.

Vitnið Óskar Pétur Einarsson lögregluþjónn sótti einnig ákærða heim óhappadaginn. Vitnið sá engin áfengisáhrif á ákærða, og enga áfengislykt fann vitnið af ákærða, enda þótt hann sæti við hlið lögreglumannanna á leið til varðstofunnar. Hins vegar sá vitnið, að ákærði var rjóður í andliti og taugaspenntur. Þessi einkenni setti vitnið í samband við ökuóhappið.

Eins og fram kemur hér að framan, virðist mikið ósamræmi milli alkóhólrannsóknar og vitnaframburða. Með hliðsjón af þessu var ákveðið að senda málið í heild til umsagnar Lækna-

ráðs. Var ráðið um það spurt, hvort hið mikla áfengismagn í blóði ákærða samkvæmt alkóhólrannsókn gæti samrýmzt vitnaframburðum og öðrum gögnum málsins.

Læknaráð svaraði þessari fyrirspurn með fyrirspurn um umbúnað blóðsins og hvaða aðferð hefði verið notuð við rannsókn þess og fleiri atriði í því sambandi. Eftir beztu getu var reynt að svara þessum fyrirspurnum Læknaráðs. En síðan bregður svo við, að Læknaráð endursendir skjöl málsins án þess að gefa neina umsögn. Tók dómarinn því það ráð að skipa tvo læknisfróða menn til að dæma málið sem samdómsmenn.

Það er sameiginlegt álit hinna sérfróðu samdómsmanna, að alkóhólákvörðunin verði ekki vefengd. Þeir benda á, að hafa beri í huga rannsóknir réttarlækna á svörun mismunandi einstaklinga við áfengisáhrifum til skýringar á ósamræmi framburða vitna og alkóhólrannsóknar.

Samkvæmt framansögðu verða því niðurstöður alkóhólrannsóknar lagðar til grundvallar í dómi þessum.

Með því að aka svo óvarlega, að bifreiðin V 215 valt út af veginum á móts við húsið Krók, hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Með því að aka bifreiðinni V 215 undir áhrifum áfengis laugardaginn 13. maí 1967 hefur ákærði gerzt sekur um brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Telst refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 12 daga.

Þá ber með tilvísun til 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga að svipta ákærða ökuleyfi í eitt ár frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærða, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dráttur sá, sem orðið hefur á uppsögu dóms þessa, stafar af miklu annríki dómenda, einkum samdómsmanna.

Dómsorð:

Ákærði, Kjartan Runólfur Gíslason, sæti varðhaldi í 12 daga.

Ákærði er frá lögbirtingu dóms þessa sviptur ökuleyfi í eitt ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin

málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 13. janúar 1969.

Nr. 59/1968. **Guðmundur Þórðarson**
gegn
Stefáni Leó Hólm og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kaupgjaldskrafa. Fjárnám. Útivist aðaláfrýjanda.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. janúar 1968. Það áfrýjunarmál féll niður vegna útivistar aðaláfrýjanda 1. marz 1968. Samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 57/1962 áfrýjaði aðaláfrýjandi málinu af nýju með stefnu 29. marz 1968. Var það mál þingfest 1. apríl 1968 og því frestað til 2. október s. á. Gagnáfrýjandi fékk áfrýjunarleyfi 24. september 1968 og skaut málinu af sinni hendi til Hæstaréttar með stefnu 27. september 1968 til þingfestingar 2. október s. á. Þann dag voru áfrýjunarmálin sameinuð og síðan frestað með samkomulagi aðilja sem hæstaréttarmáli nr. 59/1968 fyrst til 2. desember 1968 og því næst til 8. janúar 1969. Er málið var þann dag tekið fyrir í Hæstarétti, var þing eigi sótt af hendi aðaláfrýjanda. Ber því að fella aðalsök niður, sbr. 39. gr. laga nr. 57/1962.

Gagnáfrýjandi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms ásamt fjárnámsgerð og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda hér fyrir dómi.

Á hinum áfrýjuðu dómsathöfnum eru engir þeir gallar, er staðið geti í vegi fyrir kröfu gagnáfrýjanda um staðfestingu þeirra, og verður hún því tekin til greina.

Málsskot aðaláfrýjanda veittu tilefni til áfrýjunar af hendi

gagnáfrýjanda, sem því verður dæmdur málskostnaður hér fyrir dómi úr hendi aðaláfrýjanda, kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Aðalsök í máli þessu fyrir Hæstarétti er felld niður.

Í gagnsök er héraðsdómur og fjárnámsgerð staðfest.

Aðaláfrýjandi, Guðmundur Þórðarson, greiði gagnáfrýjanda, Stefáni Leó Hólm, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Sauðárkróks 21. október 1967.

Ár 1967, laugardaginn 21. október, var á bæjarþingi Sauðárkróks, sem haldið var í skrifstofu bæjarfógeta að Víðigrund 5 af Jóhanni Salberg Guðmundssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4/1967: Stefán Leó Hólm gegn Guðmundi Þórðarsyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. f. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu af Stefáni Leó Hólm, Freyjugötu 24, Sauðárkróki, með stefnu, útgefinni 3. marz 1967 og birtri 13. s. m., gegn Guðmundi Þórðarsyni, Skagfirðingabraut 35, Sauðárkróki, til greiðslu vangoldinna vinnulauna að fjárhæð kr. 85.457.26 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 27.555.62 frá 31. júlí til 31. ágúst 1966, af kr. 42.031.03 frá þeim degi til 30. nóvember 1966 og af kr. 85.457.26 frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, að í júní 1965 réðst stefnandi til verkstjórastarfa hjá stefnda. Vann hann við frystihús stefnda á Eyri á Sauðárkróki. Kveður stefnandi umsamið kaup sitt hafa verið 65% yfir almennt verkamannakaup hér á staðnum og auk þess endurgjaldslaust húsnæði. Stefnandi fékk vinnulaun sín greidd til 31. maí 1966. Í júlímánaðarlok 1966 nam inneign stefnanda hjá stefnda kr. 27.555.62 samkvæmt reikningsskilum stefnda sjálfs. Stefnandi kveður vinnu við frystihúsið hafa verið litla sem enga í ágústmánuði s. á., en hann kveðst hafa beðið átekta að tilmælum stefnda. Stefnandi kveður sér eigi hafa verið sagt löglega upp starfi hjá stefnda. Telur hann sig því eiga kaup til ágústloka 1966 og enn fremur fyrir 3 mánuði s. á. vegna uppsagnarfrests.

Kaupkröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1. Eftirstöðvar miðaðar við 31. júlí 1966. kr. 27.555.62
2. Laun fyrir ágúst 1966 .. .. — 14.475.41
3. Laun 3 mánuði frá 1. september 1966 .. — 43.426.23

Samtals kr. 85.457.26

Er sú fjárhæð stefnukrafa málsins. Stefnandi kveður starfsemi hafa farið fram í frystihúsi stefnda í júní 1966 og þar þá unnið af og til um 14 manns. Voru þá framleiddir um 300 kassar af fiski, en það hráefni var aðeins af einum báti, eign stefnda, sem síðan hætti róðrum nokkra daga í byrjun júlí, en hóf þá aftur róðra og lagði þá upp afla hjá Fiskiðju Sauðárkróks. Í júlí kveðst stefnandi hafa komið daglega í frystihúsið og mælt frost á fiskinum og fært í dagbók. Kveðst stefnandi hafa átt tal við stefnda um húsið og telur sig hafa mátt á honum heyra, að úr mundi rætast og væru möguleikar til að fá erlent skip með hráefni eða ná í ufsa í húsið. Við þetta segir stefnandi hafa setið fram í ágúst. Kveðst stefnandi þá hafa spurt stefnda, hvort eigi væri lokið viðskiptum þeirra, en stefndi hafi svarað því til, að svo væri eigi, því að hann þyrfti að láta ýmislegt gera án þess að tilgreina það nánar. Talaðist svo milli aðiljanna, að stefndi léti stefnanda vita, ef eitthvað þyrfti að gera. Eftir þetta samtal kveðst stefnandi lítið hafa verið í frystihúsinu, enda hafi hann ekkert kaup fengið greitt frá því í maí. Fór hann þá að vinna að beitingu á línu til þess að gera eitthvað, en fastréð sig ekki vegna stefnda.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að málið verði dæmt í samræmi við reikningsskil sín, sem stefndi hefur lagt fram á dskj. nr. 3, og enn fremur að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Að öðru leyti hefur stefndi gert eftirfarandi grein fyrir máli sínu: Hann kveður stefnanda hafa verið ráðinn verkstjóra hjá sér frá í júní 1965. Eigi telur hann neinn ráðningarsamning hafa verið gerðan við stefnanda, en hann hafi sagt stefnda, að verkstjórataxti væri verkamannakaup með 65% álagi, auk þess hafi hann gert kröfu um gjaldlaust húsnæði og hafi hann fengið það. Kveðst stefndi iðulega hafa beðið stefnanda að koma með samninga verkstjórafélagsins, en það hafi hann eigi gert, og kveðst stefndi vefengja, að stefnandi hafi verið félagsmaður í því félagi. Stefndi kveður starfsemi hafa verið hætt í frystihúsinu í júnílok 1966. Segir stefndi, að þá hafi stefnandi farið að vinna við beit-

ingu hjá bróður sínum og hafi þeir farið 27 róðra í júlí og ágúst og lagt upp fisk hjá Fiskiðju Sauðárkróks fyrir kr. 122.621.31 auk þess sem þeir hafi selt beint í fiskverzlanir. Auk þess vefengir stefndi, að stefnandi hafi komið daglega í frystihúsið til þess að mæla frost og færa í dagbók. Fullyrðir stefndi, að á þeim tíma, sem um ræðir, hafi stefnandi verið ýmist suður í Reykjavík, vestur í Húnavatnssýslu eða á Hólum (í Hjaltadal) svo að dögum skipti, að vísu með sínu leyfi oftast nær. Loks segir stefndi, að sig minni, að stefnandi hafi snemma í ágúst fengið reikningsyfirlit það, sem lagt hefur verið fram á dskj. nr. 3, og hafi þeir þá verið um það á einu máli, að það sýndi endanlega niðurstöðu og lok viðskipta þeirra, enda stefnanda í því reiknað kaup fyrir einn mánuð, þ. e. til 1. ágúst 1966, umfram það, sem um hafi verið samið.

Báðir aðiljar hafa gefið skýrslur fyrir dómi, og skulu þær nú nokkuð raktar.

Stefnandi hefur staðfest greinargerð lögmanns síns vera rétta. Varðandi greinargerð stefnda tekur hann sérstaklega fram eftirfarandi: Viðvíkjandi staðhæfingu stefnda um fjarvistir stefnanda frá starfi kveðst hann eitt sinn hafa verið á Hólum frá föstudagskvöldi fram á sunnudag, og til Reykjavíkur kveðst hann hafa farið um helgi í ágústmánuði og hafi það ferðalag með sunnudegi tekið 3 daga. Hólaferðin var farin á undan Reykjavíkurferðinni. Til Húnavatnssýslu kveðst stefnandi aðeins hafa farið í frítímum sínum. Kveðst hann oftast nær hafa haft samþykki stefnda til þessara ferða. Stefnandi kveðst hafa verið félagsmaður í Verkstjórafélagi Íslands. Um reikningsyfirlit stefnda á dskj. nr. 3 kveður stefnandi það vera rétt svo langt sem það nær, en það sýni eigi endanlega niðurstöðu um viðskiptin. Telur hann framhald á ráðningu sinni þá hafa legið milli hluta, þ. e. óumtalað. Stefnandi viðurkennir að hafa unnið við beitingu hjá bróður sínum 3 skipti í júlí 1966 og nokkur skipti í ágúst s. á. Þessa vinnu kveðst hann í flestum tilfellum hafa unnið að nóttu til, en hann kveðst jafnan hafa verið reiðubúinn til vinnu hjá stefnda, þegar til hans væri kallað. Stefnandi kveður samninga um vinnu sína hjá stefnda hafa verið reista á samningum verkstjórafélagsins og Vinnuveitendasambandsins, en þeir samningar eigi legið fyrir skriflega, er samið var. Eigi kveðst stefnandi muna til þess, að stefndi hafi óskað að fá að sjá þá samninga fyrr né síðar. Telur stefnandi starfssamkomulag milli sín og stefnda hafa verið gott. Hann kveðst hafa tekið ákvörðun um að gera frekari kröfur á hendur stefnda en greinir í yfirliti hans á dskj. nr. 3 á fundi

Verkstjórafélags Skagafjarðar- og Húnavatnssýslu 19. nóvember 1966 og hafi hann einn tekið þá ákvörðun.

Stefndi hefur staðfest greinargerð sína. Hann kveður stefnanda enga vinnu hafa innt af hendi fyrir sig eftir 1. ágúst 1966, er uppgjör á dskj. nr. 3 var gert, að undanskilinni vinnu við útskipun refafóðurs í m/s Goðafoss 16. ágúst 1966. Hann kveður starf stefnanda hafa verið í því fólgið að stjórna vinnu og gæta hagsmuna húsbónda síns. Hann tekur fram, að umrædd Reykjavíkurferð stefnanda hafi verið farin í júní 1966.

Af hálfu stefnanda hefur verið lagt fram vottorð Árna Hansens, ritara Verkstjórafélags Skagafjarðar- og Húnavatnssýslu, þess efnis, að stefnandi máls þessa hafi á aðalfundi félagsins á Blönduósi 18. apríl 1964 verið samþykktur félagsmaður í félaginu.

Af því, sem að framan er rakið, þykir rétt að álykta, að stefnandi hafi haft réttmæta ástæðu til að ætla, að hann væri í starfi hjá stefnda í ágúst 1966, þó að verkefni virðist hafa verið lítil í þeim mánuði. Ber því að dæma stefnda til að greiða stefnanda kaup fyrir þann mánuð. Samkvæmt 14. gr. í samningi milli Vinnuveitendasambands Íslands og Verkstjórasambands Íslands, dags. 15. júní 1966, sem lagður hefur verið fram í málinu og telja ber stefnanda aðilja að, ber stefnanda kaup vegna uppsagnarfrests 3 mánuði, og þykir rétt að reikna honum það kaup frá 1. september 1966. Með því að útreikningur á kröfunni hefur út af fyrir sig eigi verið vefengdur, þykir rétt að leggja hann til grundvallar úrslitum málsins. Verða því kröfur stefnanda teknar til greina að öllu leyti, þar á meðal framlögð málskostnaðarkrafa.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Þórðarson, greiði stefnanda, Stefáni Leó Hólm, kr. 85.457.26 með 7% ársvöxtum af kr. 27.555.62 frá 31. júlí til 31. ágúst 1966, af kr. 42.031.03 frá þeim degi til 30. nóvember 1966 og af kr. 85.457.62 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 20.835.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Sauðárkróks 13. desember 1967.

Ár 1967, miðvikudaginn 13. desember, var fógetadómur Sauðárkróks settur í skrifstofu embættisins að Víðigrund 5 og haldinn af Jóhanni Salberg Guðmundssyni bæjarfógeta með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið nr. 41/1967: Stefán Leó Hólm gegn Guðmundi Þórðarsyni.

Fyrir gerðarbeiðanda sækir þing Árni Þorbjörnsson héraðsdómslögmaður og leggur fram nr. 1—2 fjárnámsbeiðni og endurrit af dómi.

Gerðarþoli sækir þing sjálfur.

Lögmaður gerðarbeiðanda krefst fjárnáms í eignum gerðarþola til tryggingar dómkröfunni, kr. 85.457.26, ásamt 7% ársvöxtum af kr. 27.555.67 frá 31. júlí til 31. ágúst 1966, af kr. 42.031.03 frá þeim degi til 30. nóvember 1966 og af kr. 8.457.26 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 20.835.00 í málskostnað, kr. 160.00 fyrir endurrit og birtingu auk alls kostnaðar við fjárnámið og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fógeti skoraði á gerðarþola að greiða kröfuna, en það kvaðst hann eigi geta að svo stöddu.

Þá skoraði fógeti á gerðarþola að benda á eignir til fjárnáms, og benti hann þá á hraðfrystihús sitt norðan hafnargarðs hér í bæ.

Lögmaður gerðarbeiðanda tók eign þessa gilda til fjárnáms. Fallið er frá virðingu og samþykkt, að gerðin fari hér fram í skrifstofunni.

Fógeti lýsti þá fjárnámi í téðu hraðfrystihúsi gerðarþola til tryggingar framangreindum kröfum.

Gerðarþola er kunn þýðing gerðarinnar.

Mánudaginn 13. janúar 1969.

Nr. 124/1968. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Birgi Árnasyni (Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fjársvik. Tékkamisferli.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldspróf hafa verið háð eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms. Ingólfur Ísebarn kom fyrir dóm og skýrði frá, að

fjárhæð tékka nr. 85203 á ávísanareikning í Verzlunarbanka Íslands h/f hafi að nokkru átt að ganga til greiðslu gjaldfallinnar húsaleigu, en að öðru leyti skyldi fjárhæðin renna til hans sem fyrirframgreiðsla húsaleigu. Tékkávísun þessa kvað Ingólfur hafa verið dagsetta þremur dögum eftir afhendingu hennar og hefði ákærði beðið um, að hún yrði ekki framseld fyrr en á dagsetningardegi. Þrjú vitni önnur komu og fyrir dóm og staðfestu skýrslur sínar í málinu.

Þá hefur verið lagt fyrir Hæstarétt bréf Seðlabanka Íslands til saksóknara ríkisins, dags. 6. janúar 1969, varðandi tékkávísanir ákærða, sem mál þetta er af risið, og kemur þar fram þetta:

1. Tékki sá, er í 1. lið ákæru greinir, að fjárhæð kr. 25.000.00, var innleystur í Seðlabankanum af framseljanda hans, Ingólfi Ísebarn.

2. Ákærði greiddi Seðlabankanum upp í tékka þann, sem 2. liður ákæru tekur til, kr. 51.000.00, en ákærða var á bæjarþingi dæmt að greiða eftirstöðvar tékkafjárhæðarinnar. Tveir nafngreindir menn tóku að sér að greiða hluta dómkröfunnar, kr. 68.274.00, en eftirstöðvarnar voru greiddar af geymslufé ákærða vegna ábyrgðar í Útvegsbanka Íslands.

3. Fjárhæð tékka þess, sem í 3. lið ákæru getur, greiddi ákærði Seðlabankanum að fullu, eins og í héraðsdómi greinir.

Samkvæmt þessu og forsendum héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 15.000.00, og laun verjanda síns, kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Birgir Árnason, greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 15.000.00, og laun verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. apríl 1968.

Ár 1968, miðvikudaginn 10. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 250/1968: Ákæruvaldið gegn Birgi Árnasyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dagsettri 27. f. m., gegn Birgi Árnasyni framkvæmdastjóra, Háaleitisbraut 119, fæddum 24. desember 1930 að Leiðólfsstöðum í Stokkseyrarhreppi, „fyrir tékkasvik og annað tékkamisferli með því að gefa út í marz 1968 eftirtalda tékka á ávísanareikning sinn nr. 41084 í Verzlunarbanka Íslands og nota þá í viðskiptum í Reykjavík, svo sem rakið verður, án þess að innstæða væri fyrir þeim:

1. N. Nr. 85203, kr. 25.000.00, til Ingólfs Isebarn, dagsettur 4. marz. Fyrirframgreiðsla á húsaleigu ákærða til Ingólfs Isebarn, Drápuhlíð 46.

2. N. Nr. 85219, kr. 164.122.70, til Útvegsbanka Íslands, dagsettur 2. marz. Þennan tékka notaði ákærði til greiðslu hluta andvirðis vörusendingar, hurða og hurðakarma, frá Tjura Trevarefabrikk/Sagbruk, Noregi, en innheimtu andvirðisins hafði bankinn með höndum. Með afhendingu tékkans, sem tekið var við sem greiðslu, fékk ákærði í hendur afhendingarskjöl fyrir vörunni og fékk framgengt afhendingu hennar.

3. N. Nr. 85221, kr. 93.399.00, til tollstjóra, dagsettur 2. marz. Þennan tékka notaði ákærði til greiðslu aðflutningsgjalda til tollstjóraskrifstofunnar í Reykjavík af vöru þeirri, sem um ræðir í lið 2. Með afhendingu tékkans, sem tekið var við sem greiðslu, fékk ákærði í hendur skilríki um, að vegna greiðslu aðflutningsgjaldanna mætti afhenda vöruna, og fékk ákærði framgengt afhendingu hennar.

Verknaðir þeir, sem lýst er í liðum 2 og 3, þykja varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en verknaður sá, sem lýst er í lið 1, þykir varða við 261. gr. sömu laga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og sakarkostnaðargreiðslu".

Málavextir.

Ákærði hefur fengizt við innflutningsverzlun og veitt forstöðu fyrirtækinu Hurðum & Panel h/f.

Hann hefur haft ávísanareikning nr. 41084 í Verzlunarbanka Íslands.

Ákærði greiddi Ingólfi Isebarn, Drápuhlíð 46, húsaleigu með

tékka að fjárhæð kr. 25.000.00 á reikning þennan. Tékki þessi er dagsettur 4. marz s.l. Þegar tékkinn var sýndur í banka, var búið að loka reikningnum sakir annarra tékka, er ákærði hafði áður gefið út á reikninginn umfram innstæðu, en þeim verður lýst hér á eftir. Fékkst tékki Ingólfs þannig ekki greiddur, en á reikningnum var þó innstæða að fjárhæð kr. 83.533.00, er reikningnum var lokað.

Í marzbyrjun var vörusending, sem ákærði hafði pantað, komin til landsins. Ákærði hafði ekki fé handbært til þess að leysa út vöruna og greiða af henni aðflutningsgjöld, en almennt verkfall átti að hefjast 4. marz, og vildi ákærði fyrir hvern mun ná vörunni út fyrir þann tíma. Greip hann þá til þess ráðs að nota tékka á reikning sinn, enda þótt honum væri ljóst, að næg innstæða var ekki fyrir hendi. Greiddi hann Útvegsbanka Íslands hluta af kaupverði vörunnar með tékka að fjárhæð kr. 164.122.70, dags. 2. marz, og tollstjóranum í Reykjavík aðflutningsgjöld af vörunni með tékka að fjárhæð kr. 93.399.99, dags. sama dag. Tókst honum þannig að fá vöruna afhenta.

Þegar tékkar þessir bárust greiðslubankanum, var innstæða næg fyrir hvorugum tékkanum, sbr. það sem áður var sagt. Var reikningnum þá lokað. Fé það, sem á reikningnum var, gekk til greiðslu upp í andvirði innstæðulausra tékka ákærða, og samkvæmt bréfi Seðlabankans, dagsettu 5. þ. m., var ákærði búinn að greiða að fullu tékkann kr. 93.399.00 og kr. 51.000.00 upp í tékkann að fjárhæð kr. 164.122.70 svo og tvo smátékka, sem málshöfðun þessi tekur ekki til.

Ákærði kveðst hafa treyst því, að greiðslur, sem hann hafi átt von á, bærust á hverri stundu og gæti hann þá lagt inn á reikninginn í tæka tíð. En vonir þessar um greiðslur hafi brugðizt.

Niðurstöður.

Með notkun tékkanna, sem lýst er í ákæruliðum 2 og 3, hefur ákærði brotið gegn 248. gr. almennra hegningarlaga. Með notkun tékkans í ákærulið 1 hefur hann unnið til refsingar samkvæmt 261. gr. hegningarlaga, enda var hann, er hann notaði þann tékka, búinn að ávísa á reikninginn langt umfram innstæðu.

Ákærði hefur 13 sinnum sætzt á greiðslu sekta, þar á meðal þriggja sekta fyrir misnotkun tékka. Þá var hann 19. apríl f. á. dæmdur í 70 þúsud kr. sekt fyrir brot gegn 261. gr. hegningarlaga. Enn er þess að geta, að á árinu 1957 var ákæru á hendur honum fyrir brot gegn 261. gr. hegningarlaga frestað skilorðsbundið.

Með hliðsjón af þessum ferli ákærða og af 77. gr. almennra hegningarlaga er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Árnason, sæti fangelsi 6 mánuði.
Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.
Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. janúar 1969.

Nr. 145/1968. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Elíasi Bjarna Jóhannssyni
(Sveinn Snorrason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Sýknað af ákæru um nytjastuld og ölvun við akstur.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldspróf hafa verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms. Eins og í ákæru og héraðsdómi greinir, er ákærði í máli þessu sakaður um að hafa hinn 18. nóvember 1967 að kvöldi, er dimmt var orðið, heimildarlaust og ölvaður tekið bifreiðina R 22342, þar sem hún stóð mannlaus við húsið Laugarnesveg 81 í Reykjavík með lykil í kveikjulás, ekið henni á kyrrstæða bifreið þar í grennd og síðan inn á Laugalæk. Er nefndri bifreið var ekið frá Laugarnesvegi 81 með greindum hætti, bar þar að í bifreiðinni R 21933 þá Guðlaug Þór Þorsteinsson húsgagnasmíðanema og Jón Snorrason verkamann. Héldu þeir af þessu efni á lögreglustöðina og tilkynntu atburð þenna þar kl. 1825. Í hin-

um áfrýjaða dómi eru raktar skýrslur þeirra, þær er þá voru fram komnar.

Hinn 21. nóvember 1967 er í skýrslu Hellerts Jóhannessonar lögreglumanns skráð þetta:

„Þá mættu á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar Jón Snorrason og Guðlaugur Þorsteinsson, sem eru vitni í máli þessu.

Kváðust þeir hafa séð ökumann bifreiðarinnar R 22342, er hann var undir stýri bifreiðarinnar í akstri sínum frá húsinu Laugarnesvegur 81 og á kyrrstæðu bifreiðina.

Vitnunum voru sýndar þrjár myndir, og þar á meðal var mynd af meintum ökumanni R 22342, Elíasi Bjarna Jóhannssyni, Laugarnesvegi 81, og bentu vitnin strax og óhikandi á myndina af nefndum Elíasi og kváðu hann hafa verið ökumann R 22342, þegar óhappið skeði.

Vitnin kváðust ekki vita nafn ökumannsins né þekkja hann að öðru leyti".

Hinn 4. nóvember 1968 komu vitni þessi fyrir dóm af nýju, en þau voru einu sjónarvottar að akstri bifreiðarinnar R 22342, þeim sem mál þetta er af risið, svo vitað sé. Vitnið Guðlaugur Þór var um það spurt, „hvernig því hefði verið hagað, er það var beðið að reyna að þekkja ökumann R 22342 af mynd". Taldi vitnið þetta hafa farið þannig fram, að fyrir það og Jón Snorrason hefðu verið lögð þrjú ökuskírteini með myndum eigenda þeirra, og hafði vitnið „bent á eina af þessum myndum sem líklegasta til að vera af ökumanninum. Þrátt fyrir það kveðst vitnið ekki alveg geta fullyrt, að hér hafi verið um ökumanninn að ræða. Vitnið kveðst hafa byggt ábendingu sína einkum á aldri mannsins og á hári hans". Jón Snorrason bar m. a. á þessa leið: „Vitnið segir, að þrjú ökuskírteini hafi verið lögð fyrir Guðlaug og vitnið samtímis. Vitnið kveðst hafa bent á eina myndina, enda verið öruggt um, að hún væri af manninum, sem það sá í bifreiðinni". Mynd sú, sem vitnin bentu á, var í ökuskírteini ákærða, eins og áður getur. Skýrslur greindra vitna, sem bæði hafa staðfest vætti sitt með eiði, hníga þannig að því, að ákærði hafi ekið bifreiðinni. Annað vitnið fullyrti þó ekki, að um-

rædd mynd væri af ökumanni bifreiðarinnar, en hitt vitnið taldi öruggt, að svo hefði verið. Sönnunargildi vættis þessara vitna rýrir hins vegar aðferð sú, sem notuð var til prófunar því, hvort ákærði væri maður sá, er þau höfðu séð aka bifreiðinni, enda er hún brýnt brot á ákvæðum 2. mgr. 2. tl. 35. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 82/1961. En eftir nefndu ákvæði bar að haga prófuninni þannig, að hvoru vitninu um sig væri sýndur ákærði í hópi manna, sem það þekkti ekki áður og allir væru líkt á sig komnir sem ákærði. Samkvæmt skýrslum málsins virðast og myndirnar hafa verið lagðar fyrir vitnin saman og umsögn þeirra um myndirnar fengin í viðurvist hvort annars, en slík prófun vitna er andstæð upphafsákvæði 3. mgr. 102. gr. sömu laga.

Þegar virt er það, sem nú var rakið, svo og önnur sakargögn, sem lýst er í héraðsdómi, þykja ákæruatriði málsins eigi sönnuð á hendur ákærða. Verður honum því dæmd sýkna og allur sakarkostnaður lagður á ríkissjóð, þar með talin laun verjanda ákærða í héraði, kr. 6.000.00, og laun verjanda hans hér fyrir dómi, kr. 8.000.00.

Það athugast, að fingrafara var ekki leitað í bifreiðinni R 22342.

Dómsorð:

Ákærði, Elías Bjarni Jóhannsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins.

Kostnaður af málinu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða í héraði, Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, kr. 6.000.00, og laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. apríl 1968.

Ár 1968, mánudaginn 1. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr.223/1968:

Ákæruvaldið gegn Elíasi Bjarna Jóhannssyni, sem tekið var til dóms 28. f. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 26. febrúar 1968, höfðað á hendur Elíasi Bjarna Jóhannssyni sjómanni, Laugarnesvegi 81, Reykjavík, fæddum 20. september 1948 í Reykjavík, fyrir að hafa laugardaginn 18. nóvember 1967 heimildarlaust tekið bifreiðina R 22342 og undir áhrifum áfengis ekið henni frá Laugarnesvegi 81 aftur á bak út á nefnda götu án nægilegrar aðgæzlu, þannig að bifreið hans rakst á bifreiðina R 21979, er stóð mannlaus utan við áðurnefnt hús, síðan brott af vettvangi án þess að sinna um ákeyrslua, unz hann skildi við bifreiðina á Laugalæk.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. og 2. mgr. 41. gr. og 4. mgr. 46. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Sakavottorð ákærða hljóðar svo:

1967 1/3 í Reykjavík: Sátt, 2.500 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 28. nóvember 1966.

1967 15/12 í Hafnarfirði: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 18. nóvember 1967 klukkan 1825 var lögreglu tilkynnt, að bifreiðinni R 22342 hefði þá litlu fyrr verið ekið á kyrrstæða bifreið, R 21979, á móts við húsið Laugarnesveg 81 hér í borg, en síðan á brott af vettvangi. Töldu tilkynnendur, að ökumaður hefði verið ölvaður. Lögreglan fór á staðinn, og kom í ljós, að nýlega hafði verið ekið á afturhöggvara, ljós og bretti bifreiðarinnar R 21979, sem stóð mannlaus andspænis húsinu Laugarnesvegi 81. Klukkan 1902 fann lögreglan bifreiðina R 22342 á Laugalæk móts við Júpiter og Marz, en hjá því fyrirtæki vann ákærði á þessum tíma. Var bifreiðin mannlaus, opin, biðljós tendruð, lyklar í kveikjulási og vél vel heit. Lögreglan frétti, að um sama leyti og áreksturinn varð, hefði ákærði, sem býr að Laugarnesvegi 81, farið að heiman áberandi ölvaður, og beindist því grunur hennar að honum. Handtók lögreglan ákærða laust eftir klukkan

1900 í stigagöngum hússins nr. 81 við Laugarnesveg, og virtist hann þá nýlega kominn inn í húsið, þar sem hann var blautur og kaldur. Lögreglu sýdist ákærði áberandi ölvaður, og talaði hann um, að hann hefði ekið nefndri bifreið út í skurð, en vissi ekki hvar. Við yfirheyrslu hjá lögregluvarðstjóra kvaðst ákærði ekki geta gert sér grein fyrir, að hann hefði ekið bifreið þá rétt áður, en minnti það þó. Hann viðurkenndi að finna vel til áhrifa áfengis, en gat ekki eða kvaðst ekki muna nánar um ferðir sínar. Eigandi bifreiðarinnar R 22342 kvaðst hafa skilið hana eftir á móts við Laugarnesveg 81 klukkan um 1800 og lykillinn þá staðið í kveikjulás hennar. Hann kvað bifreiðina hafa verið tekna í algeru heimildarleysi.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði komið í land af togaranum Júpiter um klukkan 2300 föstudagskvöldið 17. nóvember 1967, litlu síðar tekið til að neyta áfengis, og bar hann fyrir sig algeru minnisleysi um atburði eftir klukkan 1400 næsta laugardag og þar til hann var kominn á lögreglustöðina.

Vitnið Snæbjörn Aðalsteinsson lögreglumaður, Hraunbæ 128 hér í borg, kvaðst hafa handtekið ákærða greint sinn, hann þá augsýnilega verið mjög ölvaður og nýkominn inn í húsið, þar sem hann var blautur og kaldur. Vitnið sagði, að ákærði hefði ýmist játað akstri bifreiðarinnar eða borið fyrir sig algeru minnisleysi um það, sem gerzt hafði.

Vitið Magnús Einarsson lögregluvarðstjóri, Mávahlíð 3 hér í borg, kvað ákærða greinilega hafa verið undir áhrifum áfengis og ýmist játað að hafa ekið bifreiðinni eða borið fyrir sig minnisleysi.

Vitnið Guðlaugur Þór Þorsteinsson iðnaðarmaður, Vesturgötu 57 A, Reykjavík, kvaðst hafa séð bifreiðinni R 22342 ekið aftur á bak úr innakstri húss við Laugarnesveg út á akbrautina, en vitnið mundi ekki númer hússins. Bifreiðin stöðvaðist á miðri götu, þar sem á vél hennar mun hafa drepizt, en síðan var henni að nýju ekið aftur á bak og á kyrrstæða bifreið, sem þarna var, og kastaðist sú bifreið upp að gangstéttinni. Vitnið sagði, að ökumaður bifreiðarinnar R 22342, sem því virtist ölvaður, hefði verið einn í henni og þegar ekið brott af árekstrarstað. Vitninu voru hjá rannsóknarlögreglu sýndar þrjár myndir af þrem mönnum og benti þar á mynd af ákærða sem ökumanni bifreiðarinnar.

Vitnið Jón Snorrason verkamaður, Skipasundi 1 hér í borg, sagði, að bifreiðinni R 22342 hefði skyndilega verið ekið aftur

á bak frá húsi nr. 81 við Laugarnesveg og lokað götunni, en vitnið átti leið um hana í sama mund. Vél bifreiðarinnar hafði stöðvazt, en ökumaður, sem hallaðist fram á stýrið, reyndi að ræsa hana nokkrum sinnum, kom henni í gang, og rykktist bifreiðin þá aftur á bak og hafnaði á kyrrstæðri bifreið, sem kastaðist til við árekstur inn, en R 22342 var ekið brott á miklum hraða. Vitnið taldi, að ökumaður hefði verið undir áhrifum áfengis. Það kvaðst hafa sett á sig útlit hans, þar sem hann ók á brott af árekstrarstað, og þekkti það ákærða úr hópi þriggja mynda, sem honum voru sýndar á skrifstofu rannsóknarlögreglu.

Í blóði ákærða reyndust vera reducerandi efni, sem samsvara 2.00‰ af alkóhóli.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar, með hliðsjón af framburði ákærða sjálfs, með vættum vitnanna Guðlaugs Þórs Þorsteinssonar og Jóns Snorrasonar og að öðru leyti með vísan til gagna málsins telst sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem rakin er í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsiákvæða.

Refsing ákærða þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin varðhald 45 daga.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, krónur 4.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Elías Bjarni Jóhannsson, sæti varðhaldi 45 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, kr. 4.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. janúar 1969.

Nr. 182/1968. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Birgi Kristjánssyni
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Nytjastuldur.

Dómur Hæstaréttar.

Arnar G. Hinriksson, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Páll Þórðarson löggæzlumaður kom fyrir dóm hinn 9. janúar 1969. Hann skýrði þá m. a. svo frá, að bifreið sú, sem í málinu greinir, „hafi ekki borið með sér, að hún væri lögreglubifreið, ekki haft nein merki eða sírenu. Þetta hafi verið gamall herjeppi", sem ekki hafi verið unnt að læsa, „og hafi hann staðið ólæstur við gamla læknisbústaðinn niður við höfn".

Löggæzlumaðurinn staðfesti skýrslur sínar í málinu með eiði.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóminn.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Birgir Kristjánsson, greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkur 20. maí 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 30. apríl s.l., er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæruskjali, útgefnu þann 9. febrúar 1968, gegn Birgi Kristjánssyni, Vesturgötu 12, Keflavík, fyrir að hafa laugardagsnóttina 9. júlí 1966 ásamt Magnúsi Þorsteini Karlssyni, Kleppsvegi 26, Reykjavík, heimildarlaust tekið lögreglubifreiðina J 14 og farið á henni um Þórshöfn og nágrenni, en nefndur Magnús Þorsteinn ók bifreiðinni í umrætt sinn.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er 18. september 1942 í Reykjavík, hefur samkvæmt sakaskrá ríkisins sætt þessum refsingum:

1959		í Keflavík: Uppvís að broti gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 1. 9. 1959.
1960	28/11	í Reykjavík: Kærður fyrir brot á 244. gr. og 259. gr. hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956. Ákæru frestað í 3 ár frá d.u.s.
1962	16/4	í Keflavík: Sátt, 90 kr. sekt fyrir brot á reglugerð nr. 128/1954 um vegabréf á varnarsvæðum NATO.
1962	2/7	í Keflavík: Dómur: Fangelsi í 3 mánuði, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 155., 209. og 225. gr. hegningarlaga.
1963	28/8	í Keflavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 49. gr. umferðarlaga.
1964	9/4	í Keflavík: Dómur: 5.000 kr. sekt og tveggja ára ökuleyfissvipting fyrir ölvunar- og gáleysisakstur frá 9. 2. 1964 að telja.
1965	13/10	í Keflavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1966	25/4	í Keflavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.

Málavextir eru þessir.

Laugardagsmorguninn 9. júlí 1966 um kl. 0800 kom Páll Þórðarson löggæzlumaður að lögreglubifreiðinni J 14 á Þórshöfn á Langanesi. Inni í bifreiðinni var sofandi maður, sem reyndist vera

Magnús Þorsteinn Karlsson, Kleppsvegi 26, Reykjavík, og reyndist hann vera ofurölvi. Fékk nú lögreglumaðurinn aðstoð til að koma Magnúsi heim til sín, þar sem honum fannst þetta ekkert grunsamlegt og taldi, að Magnús hefði einungis leitað sér skjóls þarna.

Þó hafði nefndur Magnús komið að máli við hann fyrr um nóttina og spurt hann, hvort hann vildi aka honum og ákærða í máli þessu inn í Gunnarsstaði, en þar þekkti ákærði kvenmann, eða lána þeim bílinn. Þessu neitaði lögreglumaðurinn. Ekki setti lögreglumaðurinn dvöl Magnúsar í bílnum á nokkurn hátt í samband við þessa beiðni hans.

Um hádegisbilið, er lögreglumaðurinn hugðist nota bifreiðina, veitti hann því athygli, að einhverjir óviðkomandi hefðu notað bifreiðina. Grunaði lögreglumanninn þá, að þarna hefðu verið á ferð nefndur Magnús og ákærði.

Við yfirheyrslur hjá lögreglunni seinna um daginn skýrði ákærði svo frá:

Það atvikaðist einhvern veginn svo, að við Maggi fórum út að lögreglubílnum og inn í hann. Á einhvern hátt tókst Magga að koma bílnum í gang.

Síðan ók Maggi af stað. Var fyrst farið út að Sauðanesi, snúið þar við og haldið inn eftir í gegnum þorpið og inn í Þistilfjörð. Ekki sagðist ákærði muna eftir því, að nokkur ákvörðunarstaður væri ákveðinn, en minnti þó, að þeir hefðu ætlað inn í Gunnarsstaði, en hætt við það, þegar bifreiðin lenti út af veginum. Reyndi þá ákærði að koma Magnúsi úr ökumannssætinu, þar sem hann taldi sig betur færan til aksturs, en það tókst ekki.

Þegar ökuferðinni lauk, gekk ákærði frá bifreiðinni, eins og hún var um morguninn. Síðan fór ákærði heim til sín að sofa.

Ákærði skýrði svo frá fyrir sakadómi Keflavíkur, að hann hefði ekki áttað sig á því, hvað hann var að gera, er þeir tóku bifreiðina, og sagðist hafa verið mjög ölvaður.

Samkvæmt játningu ákærða og öðrum gögnum málsins þykir sannað, að ákærði hafi með háttsemi sinni í umrætt sinn gerzt sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og er þar rétt færð til refsiákvæða.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda hans, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Kristjánsson, sæti varðhaldi í 60 daga.

Ákærði greiði sakarkostnað allan, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. janúar 1969.

Nr. 155/1968. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Kristni Marinó Gunnarssyni
(Guðm. Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Lögreglumennirnir Ívar Pétur Hannesson og Björn Eysteins Kristjánsson hafa eftir áfrýjun málsins komið fyrir dóm og staðfest skýrslur um sakaratriði.

Héraðsdómari hefur vottað, að varðhaldsrefsingu samkvæmt dómi sakadóms Reykjavíkur 23. janúar 1959 hafi með náðun 5. október 1963 verið breytt í sekt, er ákærði hafi greitt á árinu 1964, sbr. 3. mgr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóminn.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Kristinn Marinó Gunnarsson, greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. marz 1968.

Ár 1968, miðvikudaginn 20. marz, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 203/1968: Ákæruvaldið gegn Kristni Marinó Gunnarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 8. þ. m., gegn Kristni Marinó Gunnarssyni bifvélavirkja, Höfðaborg 9 hér í borg, fæddum 23. ágúst 1934 á Akureyri, „fyrir að aka þriðjudagsnóttina 30. janúar 1968 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 4943 frá Bifreiðaverkstæðinu Múla við Suðurlandsbraut í Reykjavík, eftir Múlavegi og Þvottalaugavegi að Reykjavegi.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Aðfaranótt þriðjudagsins 30. janúar s.l. ók ákærði bifreið frá Bifreiðaverkstæðinu Múla við Suðurlandsbraut um Múlaveg og Þvottalaugaveg að Reykjavegi. Þar komu lögreglumenn að honum í bifreiðinni, og þar sem þeim virtist ákærði mundu vera með áfengisáhrifum, tóku þeir ákærða og færðu hann á lögreglustöðina og síðan til blóðtöku. Í blóði hans reyndust reducerandi efni, er svara til 1.33‰ af alkóhóli. Ákærði kannast við, að hann hafi neytt áfengis, áður en hann ók bifreiðinni. Þó telur hann sig ekki hafa fundið áfengishrif að marki, kannske þó einhverja smábreytingu.

Með akstri bifreiðar í því ástandi, er nú hefur verið lýst, hefur

ákærði unnið til refsingar samkvæmt þeim ákvæðum, sem talin eru í ákæru.

Ákærði hefur áður sætt þessum refsidómum:

1952 14/3 6 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn 244. og 254. gr. hegningarlaga. Sviptur ökuleyfi 2 ár.

1955 22/2 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244., 248. og 254. gr. hegningarlaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt.

1956 9/11 1 árs fangelsi fyrir brot gegn 244., 248. og 259. gr. alm. hegningarlaga. Sviptur rétti til ökuleyfis ævilangt.

1959 23/1 20 daga varðhald, sviptur rétti til ökuleyfis ævilangt fyrir brot gegn áfengis- og umferðarlögum.

Ákærða hefur síðar verið veitt ökuleyfi af nýju. Hinn 3. febrúar s.l. var hann sviptur því til bráðabirgða.

Refsing ákærða verður ákveðin varðhald 15 daga.

Svipta ber ákærða ökuleyfi sínu ævilangt frá 3. febrúar s.l. að telja. Samkvæmt 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga og 178. gr. laga nr. 82/1961 ber að ákveða, að áfrýjun fresti eigi framkvæmd ökuleyfissviptingarinnar.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Kristinn Marinó Gunnarsson, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi sínu ævilangt frá 3. febrúar 1968 að telja. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. janúar 1969.

Nr. 202/1968. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Þorsteini Þorsteinssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Undandráttur innlends tollvörugjalds.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir áfrýjun málsins hafa komið fyrir dóm Magnús Kristjánsson bakarameistari og Þórir Finnur Helgason húsasmiður. Skýrði Magnús frá því, að hann hefði rekið Lakkrísgerðina Kólus á árunum 1946—1962, og kvað hann reynslu sína þá, „að úr einu kg. af hráefni hafi fengizt um það bil 1 kg. af fullunninni vöru". Þórir Finnur bar, að hann hefði keypt af ákærða, meðan hann rak lakkrísgerð við Fífuhvammsveg, hveiti og strásykur til heimilis síns gegn staðgreiðslu og á heildsöluverði. Gizkar hann á, að kaup þessi hafi numið sex sekkjum af hveiti og allt að átta sekkjum af sykri. Vann vitnið eið að vætti sínu.

Sakaratriðum er lýst í héraðsdómi, og er háttsemi ákærða færð þar til réttra refsiákvæða.

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða ber að staðfesta, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Þegar virtir eru allir málavextir, þar á meðal óvissa um hlutfall milli magns hráefnis og framleiddrar vöru, rýrnun hráefnis og fullunninnar vöru og svo sala ákærða á hráefni, þykir hæfilegt, að ákærði greiði samkvæmt 7. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 60/1939 gjald í ríkissjóð, kr. 12.677.226.40, og gjald samkvæmt 1. gr. laga nr. 25/1962 í Styrktarsjóð fatlaðra, kr. 237.636.00.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og málskostnað verða staðfest.

Ákærði greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 60.000.00, og laun verjanda síns, kr. 60.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Þorsteinsson, greiði kr. 20.000.00 sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 20 daga í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði í ríkissjóð kr. 12.677.226.40 og í Styrktarsjóð fatlaðra kr. 237.636.00.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og málskostnað eru staðfest.

Ákærði greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 60.000.00, og laun verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 60.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. október 1968.

Ár 1968, föstudaginn 11. október, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 502/1968: Ákæruvaldið gegn Þorsteini Þorsteinssyni, en málið var tekið til dóms 20. f. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 18. apríl 1967, höfðað á hendur Þorsteini Þorsteinssyni sælgætisgerðarmanni, Nönnugötu 8, Reykjavík, fæddum 6. janúar 1905 á Seyðisfirði, fyrir brot gegn lögum nr. 60/1939 um gjald af innlendum tollvörutegundum, lögum nr. 25/1962 um aðstoð til fatlaðra og reglugerð nr. 9/1935 um innlenda tollvörugerð, í sambandi við rekstur Lakkrísgerðarinnar Póló að Fífuhvammsvegi í Kópavogi, með því að hafa:

I. Á árunum 1961, 1962, 1963 og 1964 sagt rangt til um lakkrísgerð sína og sölu með því að telja fram í því sambandi aðeins 18.900 kg., en miðað við magn keyptra hráefna og sölu af hans hálfu hefði framleiðslan átt að nema allt að 188.282 kg., þannig að samkvæmt þessu nam óframtalið og undandregið framleiðslumagn af hans hálfu á nefndu tímabili allt að 169.382 kg., er hann greiddi ekkert gjald af samkvæmt lögum nr. 60/1939, né heldur greiddi hann gjald samkvæmt lögum nr. 25/1962 af 132.020 kg. af lakkrísframleiðslu sinni árin 1962, 1963 og 1964. Telst þetta varða við 2. gr., 7. tölulið, 1. kafla, sbr. 7. gr. laga nr. 60/1939, sbr. 1. gr. laga nr. 26/1947, og 6. gr. reglugerðar nr. 9/1935, sbr. enn fremur 1. og 2. gr. laga nr. 25/1962.

II. Á árunum 1961 til 1964 eigi fært né haldið lögskipað bókhald um rekstur lakkrísgerðar sinnar í samræmi við 1. mgr. 4. gr., sbr. 1. gr. og 5. tölulið 2. gr. bókhaldslaga nr. 62/1938 né heldur fært dagbók um framleiðslu, sölu og afhendingu vöru sinnar samkvæmt ákvæðum 5. gr. reglugerðar nr. 9/1935. Varðar þetta refsingu samkvæmt 19. gr. bókhaldslaganna og 8. gr. reglugerðar nr. 9/1935, sbr. 7. gr. laga nr. 60/1939. Enn fremur teljast bókhaldsbrot þessi varða við 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Krafizt er:

1. Að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt framangreindum refsiákvæðum.
2. Að ákærði verði dæmdur til að greiða ríkissjóði hið undandregna tollvörugjald, allt að kr. 21.128.710.68, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 60/1939.
3. Að ákærði verði dæmdur til greiðslu undandregins gjalds samkvæmt 1. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 25/1962 frá árunum 1962—1964 að upphæð kr. 396.060.00 til Styrktarsjóðs fatlaðra.
4. Að ákærði verði sviptur leyfisbréfum til iðju og tollvörugerðar samkvæmt 2. mgr. 68. gr. hegningarlaganna og 8. gr. reglugerðar nr. 9/1935, sbr. 19. gr. bókhaldslaganna.
5. Að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Samkvæmt sakaskrá ríkisins hefur ákærði hvorki sætt ákæru né refsingu, sem áhrif gætu haft á refsimat í máli þessu.

Málsatvik eru svofelld:

I.

Snemma á árinu 1965 hóf rannsóknardeild ríkisskattstjóra athugun á viðskiptum nokkurra verzlana við Sælgætisgerðina Póló í Kópavogi. Við rannsóknina kom í ljós, að fyrirtækið virtist lítið bókhald hafa fært, og einnig taldi rannsóknardeild, að það hefði ekki staðið réttilega skil á opinberum gjöldum, einkum gjaldi af innlendum tollvörutegundum. Í bréfi, sem ákærði ritaði rannsóknardeild ríkisskattstjóra til skýringar hinn 26. febrúar 1965 og hann síðar staðfesti í dómi, segir meðal annars svo: „... Lakkrísgerð mín, þ. e. Sælgætisgerðin Póló, framleiðir eingöngu LAKKRÍS. — Jeg hefi ekki haldið bókhald yfir kúnnana, þar sem mjer ber ekki að greiða söluskatt. — Jeg hefi ekki ráð á að hafa skrifstofu fyrir þennan lítilfjörlega iðnað minn, enda bæri hann ekki skrifstofumann, gæti þá eins lokað og hætt starfsemi minni, en hæpið, að jeg gæti útvegað mjer og fólki mínu aðra atvinnu. — Vegna þessarar atvinnu hefi jeg greitt tolla og skatta, sem gengið hafa svo nærri mjer, að tvísýnt hefir horft til mannsæmandi lífsafkomu ...". Rannsóknardeild ríkisskattstjóra aflaði nokkurra gagna um hráefnakaup Sælgætisgerðarinnar Póló á árunum 1961—1964, og kom þá í ljós, að ákærði hafði í rekstrarreikningum sínum mjög vantalið þessi hráefnakaup. Var málið síðan sent sakadómi Reykjavíkur til meðferðar vegna gruns um, að ákærði hefði eigi greitt til ríkissjóðs lögskipað gjald af framleiðsluvöru sinni samkvæmt lögum nr. 60/1939 um gjald af innlendum tollvörutegundum, en í 8. gr. laganna segir, að mál vegna þeirra skuli rekin sem almenn lögreglumál.

Á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var hinn 14. maí 1965, skýrði ákærði svo frá, að hann hefði stofnað fyrirtækið Póló árið 1951 og frá þeim tíma verið einkaeigandi þess. Kvaðst ákærði hafa fengið leyfi réttra yfirvalda til sælgætisgerðar, skrásett fyrirtækið á sínum tíma í Reykjavík, en flutt reksturinn í Kópavogskaupstað fyrir um 6 árum. Við fyrirtækið hefði hann sjálfur starfað, kona hans og einn fastur starfsmaður auk lausráðins starfsfólks, eftir því sem þörf var hverju sinni. Ákærði kvað framleiðslu fyrirtækisins á árunum 1961—1964 eingöngu hafa verið fólgna í lakkrísgerð, lakkrísinn verið unninn í vélum og mótaður í 8 eða 9 mismunandi form, en sjálft efnið í honum ætíð verið hið sama og í sömu blöndu, en ekki vildi ákærði skýra frá, hvernig samsetning hennar væri.

Ákærða voru kynnt gögn þau, sem rannsóknardeild ríkisskatt-

stjóra hafði aflað um hráefnakaup áranna 1961—1964 frá fyrirtækjunum H. Ólafsson & Bernhöft og Sig. Þ. Skjaldberg h/f, og vildi hann ekki rengja réttmæti þeirra, enda hefði hann eða starfsfólkið kvittað fyrir móttöku varanna. Ekki sagðist ákærði hafa keypt hráefni frá öðrum aðiljum nema eitthvað af „essensum" frá Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins. Ákærði kvað hér einasta um að ræða hráefnakaup til lakkrísgerðarinnar, en tók þó fram, að hann hefði selt nokkurt magn af sykri og hveiti til kunningja sinna. Gengið var á ákærða um að skýra frá, hverjir þessir kunningjar hans væru, en hann neitaði að gefa upp nöfn þeirra. Ekki kvaðst hann ítrekað aðspurður geta sagt, hversu mikið magn hefði verið um að ræða, og vildi ekki gizka á neinar tölur í því sambandi. Ákærði kvað þessa kunningja sína hafa komið í lakkrísgerðina og náð þar í vöruna, en söluskatt hefði hann engan greitt vegna þessara viðskipta.

Ákærði sagði, að í sjálfri framleiðslunni hefði ekki verið um að ræða rýrnun eða eyðileggingu á efni. Hann kvaðst ætíð hafa reiknað með að fá sama magn af fullunnum lakkrís úr sama magni af hráefnum.

Um sölu fyrirtækisins sagði ákærði, að um helmingur hennar hefði farið fram gegn staðgreiðslu, en hitt verið lánsviðskipti. Þá er um staðgreiðslu var að ræða, ritaði ákærði staðgreiðslunótu í einriti, sem hann lét kaupanda fá. Þegar lánsviðskipti áttu sér stað, skrifaði ákærði reikning á kaupanda, sem kvittaði á hann fyrir móttöku vörunnar, og fékk ákærði svo reikninginn greiddan síðar. Ákærði kvaðst hafa þurft að taka aftur allmikið af lakkrís, sem harnað hefði hjá kaupendum. Taldi hann, að magn þetta hefði getað farið upp í allt að 25% af heildarframleiðslu, en í slíkum tilvikum hefðu kaupendur fengið sama magn af nýjum lakkrís í stað þess gamla. Komið hefði fyrir, að gamli lakkrísinn væri bræddur upp, en slíkt ekki ætíð verið unnt, svo sem ef mygla hefði verið komin í hann.

Ákærði sagði, að verðlagsákvæði hefðu verið á lakkrísvörum þar til fyrir um 2 árum, að því er hann minnti, og hugði ákærði, að heildsöluverð hefði þá verið um kr. 60.00 kg., en eftir að verðlagsákvæðin voru niður felld, kvaðst ákærði hafa selt lakkrískílóið á kr. 130.00.

Ákærði játaði, að bókhald hans væri ekki í lögskipuðu formi. Hann kvaðst einasta hafa fært bækur yfir daglega framleiðslu fyrirtækisins að magni til og samkvæmt þeim sjálfur samið mán-

aðarskýrslur til réttra yfirvalda vegna gjalds af innlendum tollvörutegundum. Ákærði var að því spurður, hvort hann hefði ekki undir höndum nefndar framleiðslubækur, en hann svaraði því svo til, að eitthvað lítið mundi vera til af þeim.

Dómara þótti nauðsyn til bera að kanna bókhaldsgögn þau, sem ákærði kynni að hafa undir höndum. Ákærði vildi ekki fallast á, að húsleit færi fram, og var því samstundis kveðinn upp úrskurður á dómþinginu um leit á heimili ákærða og í húsakynnum fyrirtækisins. Húsleitir samkvæmt úrskurðinum fóru þegar fram, og önnuðust þær rannsóknarlögreglumennirnir Magnús Eggertsson aðalvarðstjóri, Jón Halldórsson varðstjóri og Vernharður Kristjánsson, en einnig voru þeir ákærði og Einar Hjaltason frá rannsóknardeild ríkisskattstjóra viðstaddir leitirnar. Í húsakynnum fyrirtækisins fannst ekkert, sem að gagni mætti koma við rannsókn máls þessa, en á heimili ákærða fannst allmikið af bókhaldsgögnum, sem tekin voru í vörzlur dómsins.

Ákærði kom aftur fyrir dóm og var inntur nánar eftir framleiðslubókum þeim, sem hann sagðist hafa fært, en engar slíkar bækur höfðu fundizt. Ákærði kvaðst ekki geta bent á frekari gögn, þar sem dómurinn hefði nú fengið í hendur öll þau gögn, sem hann hefði haft varðandi framleiðsluna.

Ákærði játaði, að rétt mundi vera, að hráefnakaup lakkrísgerðarinnar Póló árin 1961—1964 hefðu verið of lágt tilfærð sem og framleiðsluvörur og framleiðslugjald, en ekki kvaðst hann geta sagt um, hversu munaði á þessu og á því, sem raunverulega hefði verið framleitt og selt hjá fyrirtækinu á nefndum árum.

Hinn 17. maí 1965 voru gögn þau, sem tekin höfðu verið úr vörzlum ákærða, send Ragnari Ólafssyni, hæstaréttarlögmanni og löggiltum endurskoðanda, til frekari rannsóknar. Beindist rannsókn hans að því að finna grundvöll að álagningu tollvörugjalds á framleiðslu fyrirtækisins árin 1961—1964. Í ítarlegri álitsgerð, sem lögð var fram í dómi hinn 4. janúar 1966, segir Ragnar Ólafsson, að grundvöll þenna megi finna annars vegar með því að reikna út það framleiðslumagn, sem hefði átt að nást úr innkeyptum hráefnum, og hins vegar með því að reikna út framleiðslumagnið í hlutfalli við söluna.

Samkvæmt skýrslu Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns reyndust hráefnakaup ákærða samkvæmt innkaupareikningum, sem fundust við húsrannsókn, og samkvæmt þeim gögnum, sem rannsóknardeild ríkisskattstjóra hafði áður aflað, þessi:

1961 HRÁEFNAINNKAUP

Seljandi:	Vörutegund:	Stykkjafj.	Sykur kg.	Hveiti kg.	Mjólkurs. kg.	Ýmis efni kg.	Magn alls kg.	Upphæð kr.
Sig. Þ. Skjaldberg	Strásykur	155 sk.	7.518				7.518	39.065.25
do.	Hveiti	173 —		8.650			8.650	43.015.95
H. Ólafsson & Bernhöft	Glucose	6 tnr.				1.800	1.800?	23.661.70
Edda h/f	Strásykur	52 sk.	2.359				2.359	12.091.90
do.	Flórsykur	15 —	680				680	5.609.25
do.	Cubasykur	23	1.043				1.043	5.074.95
Stefán Thorarensen h/f	Ammon. Chlorid					100	100	2.295.20
do.	Acidum lacticum				50		50	4.570.00
do.	Axtr. Glycyrrh. crud.					1.356	1.356	65.223.60
Guðni Ólafsson	Mjólkursýra				30		30	2.700.00
Afgr. smjörlíkisgerðanna	Cocos	1 tn.				300	300	5.834.24
Áfengisverzlun ríkisins	Anisolía filtr.					10	10	4.665.00
do.	Acidum lacticum				10		10	989.50
do.	Brilliant Rose					3.75	3.75	1.121.25
			11.600	8.650	90	3.569.75	23.909.75	215.917.79

1962

Sig. Þ. Skjaldberg	Hveiti	200 sk.		9.945			9.945	55.455.00
do.	Strásykur	270 —	13.291				13.291	62.626.75
do.	Flórsykur	25 —	1.134				1.134	9.275.00
H. Ólafsson & Bernhöft	Liquorice Juice					998	998	60.006.00
do.	Cocosmjöl	16 ks.				406	406	16.894.40
do.	Food Colour					25	25	7.117.00
do.	Glucose	4 tnr.				1.100	1.100	16.526.00

do.	Liquorice paste					4	4	808.45
Stefán Thorarensen h/f	Ammon. Chlorid					200	200	4.950.00
do.	Acid. lacticum				10		10	1.050.00
Edda h/f	Strásykur	15 sk.	750				750	3.600.00
Garðar Gíslason h/f	Flórsykur	15 —	750				750	4.830.00
Áfengisverzlun ríkisins	Anise Truetype					5	5	2.941.00
Afgr. smjörlíkisgerðanna	Cocos	1 tn.				300	300?	4.453.65
			15.925	9.945	10	3.038	28.918	250.533.25
1 9 6 3								
Sig. Þ. Skjaldberg	Hveiti	305 sk.		15.250			15.250	88.867.50
do.	Strásykur	308 —	15.886				15.886	164.408.00
do.	Flórsykur	31 —	1.800				1.800	21.406.00
H. Ólafsson & Bernhöft	Liquorice Juice	40 ks.				978	978	48.556.80
do.	Lakkrísblokkir	20 —				489	489	23.522.40
do.	Cocosmjöl	20 —				508	508	20.434.00
do.	Food Colour					70	70	12.966.00
do.	Glucose	4 tnr.				1.200	1.200	13.622.00
Stefán Thorarensen h/f	Ammon. Chlorid					625	625	14.293.75
Áfengisverzlun ríkisins	Col. Powder					10	10	3.000.00
do.	Anise Truetype					10	10	5.880.00
H. Benediktsson & Co.	Hveiti	20 sk.		1.000			1.000	5.795.00
Holts Apótek	Lakkrís					30	30	1.620.00
Reykjavíkur Apótek	Lakkrís					43	43	1.806.00
Afgr. smjörlíkisgerðanna	Cocos	1 tn.				250	250?	4.377.60
M.R.-búðin	Flórsykur	1 sk.	50				50?	635.00
			17.736	16.250		4.213	38.199	431.190.05

Seljandi:	Vörutegund:	Stykkjafj.	Sykur kg.	Hveiti kg.	Mjólkurs. kg.	Ýmis efni kg.	Magn alls kg.	Upphæð kr.
Sig. Þ. Skjaldberg	Strásykur	375 sk.	18.750				18.750	185.010.00
do.	Bl. ávextir					12.5	12.5	836.00
do.	Hveiti	340 —		17.000			17.000?	114.225.00
do.	Flórsykur	41 —	2.050				2.050	28.345.00
H. Ólafsson & Bernhöft	Liquorice Juice	80 ks.				1.960	1.960	100.958.40
do.	Glucose	2 tnr.				600	600	7.482.00
do.	Food Colour					25	25	4.712.50
do.	Caramel	6 —				1.800	1.800	11.292.00
Chemía h/f	Lakkrísblokkir					(Hluti af kaupv.)?		20.000.00
Garðar Gíslason h/f	Strásykur	130 sk.	6.500				6.500	58.580.00
do.	Hveiti	60 —		3.000			3.000	19.060.00
Afgr. smjörlíkisgerðanna	Cocos	2 tnr.				500	500?	9.919.50
Áfengisverzlun ríkisins	Acidum Lacticum				10		10	1.485.50
do.	Ictoline Black					1	1	213.50
do.	Anise Truetype					13	13	4.875.00
do.	Brillante Red					2	2	813.20
do.	Aniseed Oil filtr.					12	12	6.852.00
Edda h/f	Strásykur	28 sk.	1.400				1.400	13.196.00
Stefán Thorarensen h/f	Ammon Chlorid					1.187	1.187	23.200.00
			28.700	20.000	10	6.112.5	54.882.5	611.055.60

Um sölu fyrirtækisins segir í bókhaldsrannsókn Ragnars Ólafssonar m. a. svo: „Á fylgiskjölum 6—10 er sala Lakkrísgerðarinnar Póló árin 1961 til 1964 og janúar og febrúar 1965, að svo miklu leyti sem hægt er að rekja hana eftir þeim gögnum, sem fyrir hendi eru. Gögnin, sem farið er eftir, eru „stílabækur", sem meginhluti sölu, önnur en sala gegn staðgreiðslu, virðist hafa verið færð inn í daglega, svo og laus blöð, þar sem staðgreiðsla virðist hafa verið færð inn á daglega, einnig innkomnar greiðslur í peningum og víxlum fyrir aðra sölu. Mætti kalla þessi blöð innborgunarblöð. Sala til Mjólkursamsölunnar og sala til Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis er ekki færð inn í „stílabækurnar". En á innborgunarblöðunum eru greiðslur frá þessum fyrirtækjum, og hægt er að rekja, fyrir hvaða mánuði hver greiðsla er, sjá fskj. II. Á innborgunarblöðunum eru afslættir, sem gefnir hafa verið, færðir, og er það einnig talið upp. Þetta er fært eftir árum inn á fskj. 6—10.

Af fylgiskjölunum sést, að öll sala Lakkrísgerðarinnar Póló nefnt tímabil er ekki fyrir hendi. T. d. vantar sölu gegn staðgreiðslu mánuðina janúar—febrúar 1961, og sala fáeina mánuði til Mjólkursamsölunnar og Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis er ekki færð, sjá fskj. 11. Það getur stafað af því, að týnzt hafi innborgunarblaðið fyrir þann dag, sem innborgun frá þessum fyrirtækjum vegna viðkomandi mánaðaruttekta átti sér stað.

Innfærslurnar í „stílabækurnar" eru heillegar. Innborgunarblöðin eru nokkuð heilleg, en þó kann að vera, að eitthvað af þeim hafi glatazt, og er þá sala gegn staðgreiðslu þá daga ekki talin.

Í skjölunum, sem tekin voru við húsrannsókn, var stílakompa með skrá yfir víxla, sem Lakkrísgerðin Póló virðist hafa eignazt. Meðal þessara víxla eru allmargir samþykktir af Ásbirni Ólafssyni, sjá fskj. 12. Af öðrum gögnum sést ekki, að viðskipti hafi átt sér stað við Ásbjörn Ólafsson, og sala til hans er ekki innifalin á fskj. nr. 6—10.

Upplýsingar um, hvaða söluverð hafi verið á hverju framleiddu kílói af lakkrís á hverjum tíma, liggja ekki fyrir annar en framburður kærða, og Kristjáns Sigtryggssonar, í sakadómi 14. maí s.l. En mér virðist þeir ekki nógu nákvæmir, til að unnt sé að reikna út framleiðslumagn í hlutfalli við sölu samkvæmt þeim upplýsingum".

Samkvæmt rannsókninni reyndust sala og kostnaður árin 1961

—1964 eftirfarandi, en yfirlitin eru mjög saman dregin frá því, sem er í skýrslu Ragnars Ólafssonar:

	1961:	Gjöld:	Tekjur:
Sala samkvæmt „stílabókum“	1.135.817.00		
Sala gegn staðgreiðslu, skortir gögn fyrir fyrstu 4 mánuði ársins	171.085.00		
Sala til KRON, skortir gögn fyrir 7 mánuði ársins	16.210.00		
Sala til Samsölunnar, skortir gögn fyrir 7 mánuði ársins	85.357.50		1.395.843.50
Ýmis kostnaður		207.541.24	
Framleiðslugjald samkvæmt framtali		177.879.24	
Hráefni samkvæmt fyrirliggjandi nótum	192.256.09		
Hráefni að auki samkv. uppgjöf H. Ólafsson & Bernhöft	23.661.70	215.917.79	
		601.338.27	
Mismunur		794.505.23	
		Kr. 1.395.843.50	1.395.843.50

	1962:	Gjöld:	Tekjur:
Sala samkvæmt „stílabókum“	1.318.557.50		
Sala, staðgr. samkvæmt „dagbókarblöðum“ ..	407.194.00		
Afslættir	36.329.50		
Sala til KRON	72.351.00		
Sala til Samsölunnar, vantar í júnímánuð ..	173.712.25		1.935.485.25
Ýmis kostnaður		304.680.96	
Framleiðslugjald samkvæmt framtali		187.171.74	

		Gjöld:	Tekjur:
Hráefni samkvæmt fylgiskjölum	197.087.60		
Hráefni að auki samkvæmt uppgjöf Sig. Þ. Skjaldberg	36.551.25		
Hráefni að auki samkvæmt uppgjöf H. Ólafsson & Bernhöft	16.894.40	250.533.25	
		742.385.95	
Mismunur		1.193.099.30	
		Kr. 1.935.485.25	1.935.485.25

	1963:	Gjöld:	Tekjur:
Sala samkvæmt „stílabókum"	1.710.999.00		
Sala, staðgr. samkvæmt „dagbókarblöðum" .. .	520.121.50		
Afslættir	78.100.45		
Sala til KRON	78.955.00		
Sala til Samsölunnar, vantar nóvember og desember	207.881.75		2.439.856.80
Ýmis kostnaður		350.063.05	
Framleiðslugjald samkvæmt framtali		213.716.52	
Hráefni samkvæmt fylgiskjölum	392.368.65		
Hráefni að auki, samkvæmt uppgjöf Sig. Þ. Skjaldberg	15.300.00		
Hráefni að auki, samkvæmt uppgjöf H. Ólafsson & Bernhöft	23.522.40	431.191.05	
		994.970.62	
Mismunur		1.444.886.18	
		Kr. 2.439.856.80	2.439.856.80

1964:	Gjöld:	Tekjur:
Sala samkvæmt „stílabókum“	2.473.535.75	
Sala, staðgreitt samkvæmt „dagbókarblöðum“	757.718.40	
Afslættir	147.600.75	
Sala til KRON	74.585.00	
Sala til Samsölunnar, vantar júnímánuð	328.443.50	3.486.681.90
Ýmis kostnaður	449.886.23	
Framleiðslugjald samkvæmt framtali	246.304.50	
Hráefni samkvæmt fylgiskjölum	518.992.10	
Hráefni að auki samkvæmt uppgjöf Sig. Þ. Skjaldberg	34.091.00	
Hráefni að auki samkvæmt uppgjöf H. Ólafsson & Bernhöft	57.972.00	611.055.10
		1.307.245.83
Mismunur		2.179.436.07
	Kr. 3.486.681.90	3.486.681.90

Samkvæmt uppgjöri frá Heildverzlun Ásbjarnar Ólafssonar h/f hefur ákærði á árunum 1961—1964 selt því fyrirtæki lakkrísvörur fyrir eftirtaldar fjárhæðir, en sala þessi kemur ekki fram í skýrslu Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns: árið 1961: kr. 123.690.00; árið 1962: kr. 111.710.00; árið 1963: kr. 175.240.00; og árið 1964: kr. 268.705.00.

Leitað var upplýsinga verðlagsstjóra um verð á lakkrísvörum áranna 1961—1964. Í svarbréfi sínu, dags. 4. janúar 1966, segir Kristján Gíslason verðlagsstjóri m. a. svo: „... Um nokkur undanfarin ár, eftir að almennt var dregið úr opinberum afskiptum af verði vöru og þjónustu, hefur ekki verið fylgzt með eða tak-

markað verð á lakkrísvörum fremur en ýmissi annarri smærri iðnaðarframleiðslu. Fyrir því hefur skrifstofan ekki undir höndum nein gögn um söluverð umræddS aðila á framleiðsluvörum hans á þeim tíma, sem um er að ræða ...".

Ákærði bar fyrir dómi hinn 14. maí 1965, að heildsöluverð á lakkrís hefði verið um 60 krónur þar til fyrir um tveim árum, enda lakkrísverð þá verið háð verðlagsákvæðum. Eftir það kvaðst hann hafa selt lakkrískílóið á 130 krónur. Þessi framburður ákærða er í algerri mótsögn við áðurnefnt bréf verðlagsstjóra. Kristján Sigtryggsson, bókara ákærða, minnti, að verð á hverju lakkrískílógrammi hefði verið kr. 110.00—130.00 á árunum 1961—1964. Loks kemur fram í skilagrein frá Heildverzlun Ásbjarnar Ólafssonar h/f, að verðið hafi verið mismunandi pr. kíló, eftir því um hverja hinna 9 tegunda lakkrísvörunnar var að ræða. Engin bókhaldsgögn eru fyrir hendi um, hversu miklu vörusala ákærða nam árin 1961—1964 að magni til. Vörusala virt til fjárverðmætis nefndan tíma er og eigi viðhlítandi, og vitneskja fékkst ekki um ákveðið einingarverð framleiðslunnar á hverjum tíma. Örðugt virtist því að finna hæfan grundvöll að álagningu tollvörugjalds ákærða með því að byggja á þeim upplýsingum, sem fyrir hendi voru um söluna.

Á dómþingi hinn 4. janúar 1966 voru því dómkvaddir tveir sérfróðir menn, efnaverkfræðingarnir Aðalsteinn Jónsson og Jóhann Jakobsson, til þess að rannsaka eins ítarlega og auðið væri, hvert framleiðslumagn fullunninnar vöru lakkrísgerðarinnar árin 1961—1964 hefði átt að vera með hliðsjón af keyptum hráefnum fyrirtækisins á sama tíma.

Í álitsgerð sinni, sem dagsett er hinn 13. apríl 1966, segja efnaverkfræðingarnir m. a.: „Á grundvelli þeirra gagna, sem fyrir liggja, verður samsetning framleiðslunnar á einstökum árum, svo sem sýnt er á töflu hér á eftir. Aðalefni framleiðslunnar eru hveiti og sykurefni. Þessi efni eru nokkuð breytileg hvort um sig, en summa þeirra er hins vegar tiltölulega jöfn. Það má því gera ráð fyrir, að samsetning vörunnar hafi verið nokkuð breytileg að þessu leyti, án þess að það rýri gæði framleiðslunnar. Samkvæmt upplýsingum framleiðanda, dskj. 7, er samsetning sú sama fyrir framleiðsluna alla, þ. e. hvort sem um er að ræða rör, bita, rúllur, reimar, staura eða borða. Kremstangir munu þó hafa sérstöðu að þessu leyti.

Samsetning framleiðslu í % miðað við efniskaup einstakra ára:

Hráefni:	1961	1962	1963	1964
Hveiti	36.17	34.39	42.54	36.22
Sykurefni[1])	56.04	58.86	49.57	56.32
Hrálakkrís	5.67	3.46	4.03	4.25
Kokosmjöl	1.25	1.40	1.32	0.91
Kokosfeiti		1.03	0.65	
Amm.kloríð	1.41	0.69	1.75	2.13
Mjólkursýra	0.37	0.03		0.02
Anísolía	0.04	0.02	0.03	0.05
Matarlitur	0.02	0.09	0.20	0.05
Blandaðir ávextir				0.02

Við athugun þessarar töflu og með hliðsjón af innkaupanótum er ljóst, að nokkur flutningur milli ára á sér stað á hinum smærri efnisþáttum. Rétt þykir því að miða samsetningu við heildarmagn innkeyptra efna á árunum 1961—1964.

Samkvæmt ofanskráðu er samsetning, reiknuð út frá heildarinnkaupum ('61—'64), þessi:

Hveiti	37.50%		
Sykurefni	55.02%	Sykur	50.57%
		Glukos	3.21%
		Karamel	1.23%
Hrálakkrís	4.27%		
Önnur efni	3.20%		
Samtals	99.99%		

Sykurefni og hveiti samtals 92.52%.

Samkvæmt töflu um samsetningu framleiðslu einstakra ára, miðað við innkaup, eru sykurefni og hveiti samtals í % sem hér segir:

1961	92.21
1962	93.25
1963	92.11
1964	92.54

Um framleiðslu á lakkrís.

Lakkrísvörur eru að jafnaði gerðar úr hveiti, sykri og svo miklu af hrálakkrís, að bragðið sé greinilegt lakkrísbragð

[1]) Sykurefni innifela sykur, glukos, karamel.

(2—6%). Enn fremur er bætt í öðrum efnum, bragðefnum, litarefnum og bindiefnum (gelatín). Efnin eru blönduð vatni, hituð upp, hrærð og hnoðuð. Síðan eru efnin mótuð í bita, rör, borða o. s. frv. og þurrkuð við vægan hita. Raki í fullunninni vöru verður þó ætíð allmiklu hærri en í hráefnunum.

Þetta sést greinilega við samanburð hér á eftir.

Hráefni 1961—1964	Magn kg.	Þurrefni %	Þurrefni kg.
Sykur	73.961	100	73.961
Hveiti	54.845	85[1])	46.618
Glukos	4.700	85	3.995
Karamel	1.800	66	1.188
Hrálakkrís	6.246	83	5.184
Kokosmjöl	1.214	96.6	1.173
Kokosfeiti	1.050	100	1.050
Amm. kloríð	2.112	100	2.112
Mjólkursýra	110	96	106
Anísolía	50	100	50
Matarlitur	136	100	136
Samtals	143.224		135.573

Meðalraki í hráefni er þannig:

$$\frac{(146.224 - 135.573)\ 100}{146.224} = 7.3\%$$

Til að finna réttan raka í framleiddum lakkrísvörum voru tekin sýnishorn af hverri tegund framleiðslunnar, eins og hún er nú, tvisvar sinnum, dags. 22/2 '66 og 4/3 '66. Sýnishornin voru rannsökuð á Rannsóknarstofnun Iðnaðarins. Niðurstöður voru þessar (sjá einnig meðfylgjandi skýrslu stofnunarinnar):

Raki í lakkrísvörum %	Dags. 22/2	Dags. 4/3
Reimar	28.22	32.65
Bitar	29.65	32.27
Borðar	29.64	28.89
Staurar	29.19	32.52
Rör	25.98	28.30
Rúllur	27.89	29.88
Kremstengur	17.89	20.97

[1]) Talan 15% raki er tekin úr bókinni: Beythien, Einführung in die Lebensmittelchemie.

Samkvæmt þessum mælingum er meðalraki framleiðslunnar 28.07%, hér reiknað með 28.00%, þ. e. þurrefni 72%.

Þessi þurrefnishlutföll, þ. e. 92.7 í hráefni og 72.0 í framleiddri vöru, má nú nota til að reikna þunga framleiddrar vöru pr. þungaeiningu hráefna þannig:

$$\frac{\text{Hráefni}}{\text{Framleiðsla}} = \frac{1 \text{ kg.}}{\frac{1 \times 0.927}{0.72}} = 1.2875$$

Framleiðsla	Hráefni, kg.	Unnin vara, kg.
1961	23.909	30.782
1962	28.918	37.231
1963	38.199	49.181
1964	55.214	71.088
		188.282

Sé reiknað með, að enginn tilflutningur á efni milli ára hafi átt sér stað, fæst samt sama heildartala, eða 188.28 tonn, en svo lítill munur verður á framleiðslunni einstök ár, hæst 1962 370 kg., eða sem hér segir:

1961	30.688 kg.
1962	37.601 —
1963	49.030 —
1964	70.958 —

Í öllum ofanskráðum framleiðslutölum er ekki tekið tillit til rýrnunar á hráefnum. Einhver rýrnun er þó óhjákvæmileg. Hana verður að áætla við endanleg uppgjör málsins".

Samkvæmt lögum nr. 60/1939, sbr. lög nr. 26/1947, 4/1960, 79/1960, 104/1961, 90/1962 og 73/1963 bar ákærða að greiða vörumagnsgjald kr. 41.58 af hverju lakkrískílógrammi, „áður en varan er látin burt, seld eða send til umboðssölu". Sigurgeir Jónsson, bæjarfógeti í Kópavogi, hefur með bréfi, dagsettu 8. desember 1966, látið dóminum í té skýrslu um gjöld þau, sem Lakkrísgerðin Póló hefur greitt af innlendum tollvörum fyrir tímabilið 1961—1964, og eru gjöldin byggð á eigin framtali ákærða sjálfs:

1961:

Fyrir janúar	396 kg.	á	41.58	16.465.68
— febrúar	396 —	-	—	16.465.68
— marz	378 —	-	—	15.717.24
— apríl	378 —	-	—	15.717.24
— maí	387 —	-	—	16.091.46
— júní	386 —	-	—	16.049.88
— ágúst	398 —	-	—	16.548.84
— september	386 —	-	—	16.049.88
— október	398 —	-	—	16.548.84
— nóvember	386 —	-	—	16.049.88
— desember	389 —	-	—	16.174.62
	4.278 kg.			177.879.24

1962:

Fyrir janúar	386 kg.	á	41.58	16.049.88
— febrúar	389 —	-	—	16.174.62
— marz	389 —	-	—	16.174.62
— apríl	389 —	-	—	16.174.62
— maí	398 —	-	—	16.548.84
— júní	389 —	-	—	16.174.62
— ágúst	389 —	-	—	16.174.62
— september	389 —	-	—	16.174.62
— október	389 —	-	—	16.174.62
— nóvember	398 —	-	—	16.548.84
— desember	398 —	-	—	16.548.84
	4.303 kg.			178.918.74

1963:

Fyrir janúar	389 kg.	á	41.58	16.174.62
— febrúar	389 —	-	—	16.174.62
— marz	389 —	-	—	16.174.62
— apríl	398 —	-	—	16.548.84
— maí	389 —	-	—	16.174.62
— júní	398 —	-	—	16.174.62
— ágúst	398 —	-	—	16.548.84
— september	398 —	-	—	16.548.84
— október	404 —	-	—	16.798.32
— nóv. og des.	1.251 —	-	—	52.016.58
	4.794 kg.			199.334.52

1964:

Fyrir janúar	445 kg.	á 41.58	18.503.10
— febrúar	453 —	- —	18.835.74
— marz	458 —	- —	19.043.64
— apríl	460 —	- —	19.126.80
— maí	465 —	- —	19.334.70
— júní	480 —	- —	19.958.40
— ágúst	484 —	- —	20.124.72
— september	530 —	- —	22.037.40
— október	530 —	- —	22.037.40
— nóvember	560 —	- —	23.284.80
— desember	660 —	- —	27.442.80
	5.525 kg.		229.729.50

Ákærði hefur samkvæmt þessari skrá bæjarfógeta á árunum 1961—1964 greitt tollvörugjald af samtals 18.900 kg., þ. e. kr. 785.862.00. Samkvæmt álitsgerð efnaverkfræðinganna Aðalsteins Jónssonar og Jóhanns Jakobssonar hefði ákærði hins vegar átt að greiða af 188.282 kg., þ. e. kr. 7.828.785.56, og munar því greiðslu fyrir 169.382 kg., þ. e. kr. 7.042.903.56.

Efnaverkfræðingarnir Aðalsteinn Jónsson og Jóhann Jakobsson voru dómkvaddir til að láta í té álit sitt um eðlilega rýrnun vegna framleiðslu ákærða. Í matsgerð þeirra, sem dagsett er hinn 29. ágúst 1967, segir m. a. svo: „... Í fyrri matsgerð undirritaðra, dags. 13. apr. 1966, er vikið almennt að framleiðslu á lakkrís (bls. 2). Varan, fullunnin, byggist á blöndun allmargra efnisþátta og síðan meðhöndlun blöndunnar, mótun og þurrkun. Slík meðhöndlun hlýtur ætíð að leiða til rýrnunar, reiknað á „basis" þurrefni. Þætti rýrnunar má gróft tekið flokka í tvennt. Annars vegar rýrnun í framleiðslu, hér nefnd Rýrnun I, og hins vegar í rýrnun í dreifingu, hér nefnd Rýrnun II.

Rýrnun I felst í eftirtöldum þáttum:

1. Afgangur í umbúðum (sekkjum, kössum, dósum, dunkum, flöskum) og vegna smærri tapa í meðhöndlun.
2. Töp á blöndunni í meðhöndlun, viðloðun við vélar og tæki, sem blandan fer í gegnum.
3. Úrgangur vöru á lokastigi framleiðslu, endar og mismótuð stykki.

Við framleiðslu á sælgæti almennt, súkkulaði, brjóstsykri o. fl.,

taka tollyfirvöld þetta til greina, og samkvæmt upplýsingum frá fulltrúa tollstjórans í Reykjavík, hr. Gunnari Eggertssyni, er miðað við, að rýrnunin geti numið 6—7% af hráefni.

Rýrnun II felst í eftirtöldum þáttum:

1. Langri geymslu á dreifingarstöðum (verzlunum) og innþornun vörunnar af þeim sökum (lakkrís er viðkvæmari að þessu leyti en t. d. súkkulaði eða brjóstsykur. Varan inniheldur tiltölulega mikið vatn og er ekki í sérstökum umbúðum stykki fyrir stykki, lakkrísborðar, stengur, bitar o. s. frv.).
2. Beinar skemmdir á vörunni (aðrar en innþornun) vegna slæmra geymsluskilyrða og/eða mjög langrar geymslu (hátt rakainnihald í lakkrísvörum gerir þær viðkvæmari fyrir myglu en margar aðrar sælgætisvörur).

Varðandi rýrnunarþætti I-3 og II-1, endar, mismótun og innþornun í geymslu, er bein rýrnun fyrirbyggð með endurvinnslu vörunnar. Í dskj. nr. 7, bls. 19, er vikið að þessu og staðfest af framleiðanda, enda hafi ekki verið um aðrar skemmdir að ræða. Við slíka endurvinnslu má gera ráð fyrir smávægilegri rýrnun vegna breytinga á eiginleikum. Endursoðin efni halda síður raka en ný framleiðsla. Hér getur þó aðeins verið um óverulegan þátt að ræða, sbr. rannsóknir á rakainnihaldi, dskj. nr. 30.

Sé um myglu að ræða, verður varan, m. a. af heilbrigðis- og hreinlætisástæðum, ekki endursoðin. Að jafnaði munu skemmdir af völdum myglu vera lítill hluti dreifingarskemmda. Miðað við hámark talið innþornað, dskj. nr. 7, bls. 19, þykir eðlilegt að meta myglað 20% af innþornuðu, þ. e. 5% af framleiðslu.

Niðurstöður:

Á grundvelli framangreindra þátta rýrnunar og með skýrskotun til ályktana um hugsanlega rýrnun telja undirritaðir rýrnun á framleiðslu sem hér segir:

Rýnun I 7% af hráefni.
Rýnun II 5% af framleiðslu.

Samkvæmt þessu sundurliðast heildarrýrnunin (I og II) á framleiðslu sem hér segir (sjá greinargerð, dags. 13. apr. 1966):

Hráefni, alls	146.224 kg.
Rýrnun, 7%	10.236 —

Hráefni	135.988 kg.	
Framleiðsla (135.988 x 1.2875)	175.085 —	
Rýrnun v/hráefnistaps (I)	13.197 —	13.197 kg.
Rýrnun v/geymsluskemmda (II)		8.754 —
Samtals	188.282 kg.	21.951 kg.

$$\text{Heildarrýrnun } \% = \frac{21.951 \times 100}{188.282} = 11.6\%\text{“.}$$

Matsmenn komu fyrir dóm og staðfestu matsgerðir sínar. Þeir kváðust hafa farið í lakkrísgerðina, kynnt sér starfrækslu þar eftir föngum, en ekki talið sér heimilt að fá vitneskju um hana í einstökum atriðum, þar sem þeir töldu slíkt framleiðsluleyndarmál.

Í bréfi til dómsins, dagsettu 12. júlí 1967, nafngreindi skipaður verjandi ákærða allmarga aðilja, sem hann kvað ákærða hafa látið í té hráefni, sykur og hveiti, og óskaði verjandi frekari rannsóknar varðandi þetta atriði. Kom ákærði fyrir dóm dagana 4. og 5. október 1967 og var þá inntur nánar eftir afhendingum þessum.

Ákærði kvaðst hafa selt Friðþjófi Þorsteinssyni bæði sykur og hveiti á árunum 1961—1964, sem Friðþjófur hefði notað við framleiðslu í efnagerð sinni, Val. Ítrekað aðspurður sagðist ákærði ekki geta borið um, hversu mikið magn af hvorri vörutegund hefði verið að ræða, en Friðþjófur fengið afhenta nokkra 50—60 kg. poka, bæði af sykri og hveiti, öðru hverju allt nefnt tímabil. Gat ákærði ekki greint þetta nánar, en sagði, að afhendingar hefðu að jafnaði verið nokkrar á mánuði og farið þannig fram, að Friðþjófur hefði komið í sendiferðabifreið, sem hann ók, fengið vörurnar hjá ákærða persónulega, en síðan sjálfur borið varninginn út í bifreiðina. Ákærði kvað Friðþjóf ætíð hafa fengið vörurnar lánaðar í bili, en greitt þær í peningum, venjulega 1—2 mánuðum eftir móttöku. Ekkert var um viðskiptin skráð og söluskattur ekki af þeim greiddur. Ástæðuna til viðskiptanna kvað ákærði hafa átt rót sína að rekja til skorts á vörunni, og þó einkum sykri. Sagði ákærði, að iðulega hefði verið erfitt að fá sykur hjá heildsölum tíma og tíma, sem staðið hefði í sambandi við flutning vörunnar til landsins. Hins vegar taldi ákærði, að ekki hefði verið skortur á hveiti. Öðrum þræði kvaðst ákærði og hafa afhent Friðþjófi vörurnar í greiðaskyni við hann og til stuðnings honum fjárhagslega, enda fjárhagur Friðþjófs

verið bágborinn. Ákærði var að því spurður, hvers vegna hann hefði ekki fyrr við rannsókn málsins greint frá viðskiptum þeirra, og svaraði ákærði því á þann veg, að hann hefði hvorki viljað koma Friðþjófi né öðrum í nein vandræði, en Friðþjófur væri gamall starfsmaður sinn.

Vitnið Friðþjófur Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Efnagerðarinnar Vals, Kársnesbraut 124, Kópavogi, kvaðst aldrei hafa fengið hveiti frá ákærða. Hins vegar sagðist vitnið hafa fengið sykur afhentan hjá ákærða af og til, en framburður vitnisins um viðskipti þeirra ákærða var mjög óljós. Þó hugði vitnið, að það hefði á árunum 1961—1964 einu sinni til tvisvar í mánuði fengið afhenta 4—5 sykursekki, en sekkurinn væri 50 kg. að þyngd. Vitnið kvaðst hafa pantað sendiferðabifreiðar og látið bifreiðarstjóra þeirra ná í sykurinn til ákærða, en fyrir hefði komið, að ákærði hefði sjálfur flutt sykurinn til vitnisins. Vitnið sagðist hafa fengið vöruna lánaða við afhendingu, en síðar greitt ákærða, sem væri gamall húsbóndi vitnisins, hana í reiðufé. Vitnið var beðið um að gera nánari grein fyrir lengd gjaldfrestsins. Svör vitnisins voru óljós, en það taldi þó, að liðið hefðu nokkrir mánuðir. Ekkert var um viðskiptin ritað, og kvaðst vitnið því engin gögn hafa í höndum varðandi þau. Verðið sagði vitnið, að hefði verið hið sama og hjá heildsölum, og um vexti var ekki að ræða. Ástæðurnar til viðskiptanna kvað vitnið að nokkru fjárhagsörðugleika þess, en að nokkru tímabundin ekla á sykri hjá heildsölum, en sykurskortur hefði verið oft á ári nefnt tímabil.

Ákærði kvaðst hafa selt Valgerði Magnúsdóttur sykur og hveiti á heildsöluverði allt það tímabil, sem um ræðir í málinu. Valgerður væri dóttir konu hans og fósturdóttir sín, gift kona, og ættu þau hjón 4 börn. Ekkert gat ákærði sagt til um magn, en eiginmaður Valgerðar hefði ætíð sótt vörurnar til ákærða, greiðsla ýmist farið fram við móttöku eða síðar og ekkert verið um viðskiptin skráð.

Vitnið Valgerður Magnúsdóttir húsfrú, Stigahlíð 28 hér í borg, kvaðst vera dóttir konu ákærða, en hefði ekki alizt upp hjá þeim og væri ekki fóstur- eða kjördóttir hans. Vitnið sagðist vera gift og hefðu verið 3 börn á heimilinu árin 1961—1964, en á því tímabili var keypt bæði sykur og hveiti af ákærða til heimilishaldsins. Ekki gat vitnið greint nákvæmlega frá magni, en gizkaði á, að um 2—3 poka hefði verið að ræða af hvorri tegund árlega. Maður vitnisins sótti vöruna til ákærða, og mundi hún hafa verið borguð eftir hendinni, en ekkert um viðskiptin bókað.

Vitnið Þorgeir Jóhannsson verzlunarmaður, Stigahlíð 28, Reykjavík, eiginmaður vitnisins Valgerðar Magnúsdóttur, kvað þau hjónin hafa fengið sykur og hveiti hjá ákærða árin 1961—1964. Ekki gat vitnið sagt til um magn, en gizkaði á 25 lbs. af hveiti á viku og annað eins eða meira af sykri. Náði vitnið í varninginn til ákærða, greiðsla fór ýmist fram við móttöku eða síðar, verðið var hið sama og hjá heildsölum, en ekkert var um viðskiptin skráð. Vitnið sagðist oft hafa hjálpað ákærða á kvöldin og minntist þess að hafa oftlega farið á þessum árum með sykur og hveiti, m. a. til systur ákærða og konu, sem bjó í sama húsi og hann, en ekki treystist vitnið til að bera um magn það, er hann afhenti.

Ákærði kvað Einar Magnússon hafa fengið hjá sér sykur og hveiti til heimilishalds á heildsöluverði á árunum 1961—1964, en þrennt var þar í heimili. Ákærði sagði, að þeir Einar væru kunningjar og hefðu búið í sama húsi um nokkurra ára skeið. Ekki gat ákærði borið um magn, en það hefði ekki verið mikið. Einar náði í vöruna til ákærða, greiddi að jafnaði við móttöku, en aldrei var um viðskiptin bókað.

Vitnið Einar Magnússon verzlunarmaður, Bergstaðastræti 48 hér í borg, sagði, að þeir ákærðu væru vinir og hefðu verið sambýlismenn um langt skeið. Vitnið kvaðst árin 1961—1964 hafa fengið hjá ákærða sykur og hveiti til heimilishaldsins, en þrennt verið þá á heimili vitnisins. Vitnið gat ekkert sagt til um magn, en vörurnar sótti það til ákærða og fékk þær gegn staðgreiðslu á heildsöluverði.

Ákærði kvaðst hafa selt Magnúsi Oddssyni, kunningja sínum, sykur og hveiti á árunum 1961—1964, en vissi ekki hversu mikið. Magnús sótti vöruna til ákærða og greiddi hana við móttöku. Ekkert var um viðskiptin skráð, en verðið var hið sama og í heildsölu.

Vitnið Valdimar *Magnús* Oddsson bifreiðarstjóri, Kleppsvegi 6, Reykjavík, kvað þá ákærða vera kunningja. Á árunum 1961—1964 var þrennt í heimili vitnisins, en auk þess mikil gestakoma, m. a. dvalarfólk utan af landi. Ákærði seldi vitninu á þessum árum sykur og hveiti með heildsöluverði, sem það sótti til hans og greiddi að jafnaði við móttöku. Vitnið var spurt um magn. Það kvaðst alloft hafa fengið einn poka af hvorri vörutegund hjá ákærða, en treysti sér ekki til að svara nánar um þetta atriði.

Ákærði kvaðst hafa selt kunningja sínum og sambýlismanni, Þorbergi Jóhannssyni, bæði hveiti og sykur á nefndum árum

gegn staðgreiðslu og á heildsöluverði, en Þorbergur sótt vöruna til ákærða, og ekkert verið um viðskiptin ritað.

Sökum sjúkleika var ekki hægt að yfirheyra nefndan Þorberg Jóhannsson fyrir dómi.

Ákærði kveðst hafa selt Valdísi Tryggvadóttur, systur sinni, sykur og hveiti árin 1961—1964, og hugði hann, að 6 manns hefðu verið á heimili hennar þau árin. Ákærði gat ekki sagt um magn, en tengdasonur hans hefði að jafnaði flutt varninginn til Valdísar. Ekkert var um viðskpitin skráð, en venjulega var um staðgreiðslu að ræða.

Með vísan til 89. gr. laga nr. 82/1961 óskaði vitnið Valdís Tryggvadóttir húsmóðir, Skúlagötu 56 hér í borg, ekki eftir að bera vætti í málinu.

Ákærði kvaðst hafa selt kunningja sínum, Þórarni Jónssyni, sem ætti konu og 2—3 börn, sykur og hveiti á árunum 1961—1964, en ekki gat hann sagt til um magn. Sótti Þórarinn vöruna til ákærða, sem hann greiddi heildsöluverði við móttöku, en ekkert var um viðskiptin ritað.

Vitnið Þórarinn Jónsson bifreiðarstjóri, Álfamýri 42 hér í borg, kvaðst vera kunningi ákærða. Á árunum 1961—1964, en þá voru 5—6 manns í heimili vitnisins, sagðist það hafa keypt hveiti og sykur af ákærða til heimilisnota. Fór vitnið til ákærða og náði í vörurnar, en þær fékk það á heildsöluverði og greiddi við móttöku. Ítrekað aðspurt sagðist vitnið ekkert geta sagt til um magn það, sem keypt var.

Ákærði kvaðst hafa selt bræðrunum Böðvari, Eyvindi og Gunnari Árnasonum sykur og hveiti með heildsöluverði og gegn staðgreiðslu og hefðu þeir sjálfir farið heim með varninginn, en þeir ráku á nefndu tímabili verksmiðju í sama húsi og ákærði rak sælgætisgerð sína. Ákærði sagði, að þeir bræður væru allir kvæntir, og taldi hann, að um 25 manns væru í heimilum þeirra. Ekkert var um viðskiptin skráð, og ákærði gat ekkert um magn vörunnar borið.

Vitnið Böðvar Árnason iðnaðarmaður, Reynihvammi 38, Kópavogi, sagðist hafa unnið á sama stað og ákærði á tímabilinu 1961—1964 og nokkrum sinnum fengið hveiti og sykur hjá honum til heimilisnota, en 6 voru þá í heimili þess. Vitnið kvaðst hafa keypt einn 50 kg. sekk í senn, en gat ekki greint nánar til um magn, en minnti þó, að það hefði fegið minna af hveiti en sykri. Vitnið sótti vöruna til ákærða, greiddi stundum við móttöku, en stundum síðar.

Vitnið Eyvindur Árnason iðnaðarmaður, Löngubrekku 3, Kópavogi, starfaði og á sama stað og ákærði. Vitnið sagði, að í heimili þess hefðu verið 7 manns á árunum 1961—1964. Keypti vitnið þá sykur og hveiti af ákærða til heimilisþarfa öðru hverju, en gat ekki skýrt nánar frá magni. Vitnið fékk vöruna á heildsöluverði, greiddi við móttöku og sótti sjálft vöruna til ákærða. Nánar aðspurt kveðst vitnið einasta hafa fengið einn sekk í einu, gat ekki sagt, hversu oft þetta var, en taldi, að það hefði verið alloft.

Vitnið Gunnar Árnason verkamaður, Digranesvegi 101, Kópavogi, kvaðst á árunum 1961—1964 hafa unnið á sama stað og ákærði rak lakkrísgerð sína og á þeim tíma keypt af honum hveiti og sykur til heimilisnota eftir þörfum, en á heimili vitnisins voru þá 5 manns og stundum fleiri. Vitnið gat ekki sagt nánar um, hversu mikið magn var að ræða. Vitnið tók varninginn hjá ákærða og greiddi hann við móttöku eða stuttu síðar. Verðið var heildsöluverð, og ekkert var um viðskiptin bókað.

Ákærði kvaðst hafa látið Ragnhildi Magnúsdóttur, fóstursystur konu sinnar, í té til heimilisþarfa bæði sykur og hveiti árin 1961—1964 á heildsöluverði og gegn staðgreiðslu. Ákærði sagði, að fernt væri í heimili Ragnhildar, tengdasonur hans hefði flutt varninginn til hennar, en ekki vissi ákærði um, hversu mikið magn var að ræða, og ekkert var um viðskiptin bókað.

Vitnið Ragnhildur Magnúsdóttir, Njarðargötu 41 hér í borg, kvaðst vera fóstursystir konu ákærða. Vitnið fékk á árunum 1961—1964, en þá voru 4—5 í heimili þess, sykur og hveiti til heimilisnota hjá ákærða, og kom Þorgeir Jóhannsson með vörurnar. Vitnið gat ekki sagt nákvæmlega til um magn, gizkaði á 2—3 sekki af hvorri tegund árlega.

Ákærði kvað Þorbjörgu Sigurðardóttur, sem byggi í sama húsi og hann ásamt systur sinni, hafa fengið sykur og hveiti hjá sér, en þær systur fengust við heimabakstur, þótt sá rekstur væri ekki í miklum mæli. Ákærði sagði tengdason sinn hafa flutt vörurnar til Þorbjargar, þær verið greiddar við afhendingu, verðið verið hið sama og hjá heildsölum, en ekkert verið um viðskiptin skráð. Ekki sagði ákærði, að um mikið vörumagn hefði verið að ræða.

Vitnið Þorbjörg Sigurðardóttir, Nönnugötu 8, Reykjavík, sagðist ásamt systur sinni leggja stund á heimabakstur og byggju þær systur í sama húsi og ákærði. Á árunum 1961—1964 fengu þær sykur og hveiti hjá ákærða til bakstursins. Sagði vitnið, að um býsna mikið magn hefði verið að ræða, en gat ekki tiltekið

það nánar. Vitnið kvað Þorgeir Jóhannsson ætíð hafa flutt vöruna heim til þeirra systranna, og var hún greidd við móttöku. Nánar aðspurt kvaðst vitnið hafa fengið 2—3 sekki hverju sinni. Vitnið sagði, að þá er þær systur bökuðu sem mest, en það hefði verið á árunum 1961—1964, hefði komið fyrir, að þær eyddu einum sekk af hveiti og öðrum af sykri á einni viku. Vitnið sagði, að það hefði einu sinni fengið 8 poka í einu, en stundum aðeins 1 poka.

Ákærði sagði, að Sverrir Jónsson, sem kvæntur væri systurdóttur hans og ætti tvö börn, hefði fengið hjá sér bæði sykur og hveiti árin 1961—1964 á heildsöluverði, en ekki gat ákærði sagt hversu mikið. Sverrir sótti vörurnar sjálfur, greiddi gegn staðgreiðslu, en ekkert var um viðskiptin skráð.

Vitnið Sverrir Jónsson afgreiðslustjóri, Fellsmúla 13 hér í borg, kvað konu sína vera systurdóttur ákærða. Á árunum 1961—1964 var fernt í heimili þeirra hjóna, en á þeim tíma keyptu þau af ákærða sykur og hveiti eftir þörfum. Vitnið gat ekki greint nákvæmlega frá magni, það hefði náð í vöruna til ákærða, greitt hana við móttöku á heildsöluverði.

Ákærði kvað Braga Lárusson, sem væri sonur konu sinnar, kvæntur og ætti tvö börn, hafa fengið bæði hveiti og sykur á árunum 1961—1964, en um lítið magn hefði verið að ræða. Bragi sótti vöruna til ákærða, greiddi hana við móttöku á heildsöluverði, en ekkert var um viðskiptin bókað.

Vitnið Bragi Lárusson skrifstofumaður, Stigahlíð 28, Reykjavík, kvaðst vera sonur konu ákærða, en hvorki kjör- né fóstursonur hans. Vitnið fékk á árunum 1961—1964 hveiti og sykur hjá ákærða. Hugði vitnið, að þetta hefði verið tvisvar sinnum og samtals hefði það fengið 200 kg. af varningnum. Vitnið kvaðst þó ekki alveg öruggt um fyrrgreint magn, en taldi, að ekki gæti miklu munað.

Ákærði kvaðst hafa selt Magnúsi Matthíassyni bæði hveiti og sykur á árunum 1961—1964. Ákærði sagði, að Magnús væri mágur vitnisins Braga Lárussonar, kvæntur og ætti tvö börn. Magnús sótti vöruna til ákærða og greiddi við móttöku á heildsöluverði. Ekkert var um viðskiptin skráð, og ekki gat ákærði sagt um magn.

Vitnið Magnús Matthíasson, starfsmaður í lakkrísgerð ákærða, Hraunbæ 142 hér í borg, kvaðst hafa unnið hjá ákærða um hálfs árs skeið, þeir ákærði hefðu þekkzt lengi, enda tengdir. Vitnið sagði, að á árunum 1961—1964 hefði þrennt verið í heimili þess.

Kvað vitnið ákærða á þeim árum hafa gefið því hveiti, en vitnið hjálpaði ákærða þá öðru hverju á kvöldin. Ekki sagðist vitnið hafa fengið sykur hjá ákærða, en hins vegar lakkrís við og við. Vitnið gat ekki sagt til um magnið á hveitinu, en það hefði fengið það, sem það þurfti til heimilisins.

Ákærði lýsti yfir því fyrir dómi, að á tímabili því, sem hér er um að ræða, hefði hann ekki selt fleirum en að ofan greinir hveiti eða sykur.

Vitnið Aðalheiður Dís Þórðardóttir húsmóðir, Flókagötu 58 hér í borg, kvaðst hafa starfað í lakkrísgerð ákærða öðru hverju á árunum 1961—1964 og þá búið í sama húsi og ákærði að Nönnugötu 8. Vitnið kvaðst á þessum tíma hafa orðið vart við, að ákærði hefði afhent kunningjum sínum poka og poka af sykri og hveiti, en ekki gat vitnið sagt nánar um magn né um greiðslu í því sambandi, og sjálft sagðist vitnið aldrei hafa afhent nokkrum aðilja hráefni frá lakkrísgerðinni.

Fulltrúi saksóknara og skipaður verjandi ákærða lýstu yfir því í dóminum, að þeir óskuðu ekki eftir, að frekari vitnaleiðslur færu fram né að vitni yrðu samprófuð við ákærða, en svo sem af framburðum sést hér að framan, ber þeim allmjög á milli í ýmsum greinum.

Lagt hefur verið fram í málinu bréf, dags. 3. nóvember 1967, frá Klemenz Tryggvasyni hagstofustjóra, svohljóðandi: „Til svars bréfi yðar, dags. 2. þ. m., skal það upplýst, að sykurneyzla launþegafjölskyldu í Reykjavík samkvæmt neyzlurannsókn 1964—1965 er talin vera sem hér segir, á ársgrundvelli:

Strásykur	70.91 kg.
Molasykur	12.35 —
Flórsykur	5.20 —
Púðursykur	6.64 —

Í fjölskyldu þeirri, er hér um ræðir, eru hjón og 2 börn undir 16 ára aldri".

Leitað var álits Verzlunarráðs Íslands á því, hvort um skort á sykri og/eða hveiti hefði verið að ræða hjá heildsölum á árunum 1961—1964, og hefði svo verið, í hve ríkum mæli. Í svari ráðsins, sem dagsett er 24. nóvember 1967, segir m. a.: „... Samkvæmt þeim upplýsingum, sem Verzlunarráðið hefur aflað sér, var ekki um að ræða skort á hveiti og sykri á umræddu tímabili ...". Verzlunarráð sendi dóminum samhljóða álit Sambands

íslenzkra samvinnufélaga og Innflytjendasambandsins, þar sem ekki var talið, að um skort hefði verið að tefla, en í álitsgerð hins síðarnefnda segir þó, að hugsanlegt væri, að einhverjar tegundir af nefndum vörum hefðu verið útseldar fáa daga milli skipaferða, en jafnvel þótt svo hefði verið, sem þá ræki ekki minni til, yrði slíkt að teljast alger undantekning.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að á árunum 1961—1964 hafi hann í mánaðarlegum skýrslum til skattayfirvalda vantalið lakkrísvarning þann, sem hann framleiddi. Með því þannig að segja rangt til um vörugerð sína hefur hann brotið gegn ákvæðum 2. gr., 7. tl. 1. kafla laga nr. 60/1939 um gjald af innlendum tollvörutegundum, sbr. 1. gr. laga nr. 26/1947 og 6. gr. reglugerðar nr. 9/1935, sbr. nú 9. gr. reglugerðar nr. 41/1968, enda er játning ákærða í samræmi við önnur gögn málsins og réttilega lýst í ákæru. Með þessari háttsemi sinni hefur ákærði unnið til refsingar samkvæmt 7. gr. laga nr. 60/1939. Þar sem um framhaldsbrot er að ræða, samkynja og samfellda brotaröð, verður ekki talið, að atferli ákærða sé að hluta fyrnt, svo sem verjandi hans hefur haldið fram, en dómsrannsókn hófst í málinu hinn 14. maí 1965.

Í 7. gr. laga nr. 60/1939 segir meðal annars svo: „. . . . , og auk þess (þ. e. sektar) ber að greiða þrefalda upphæð gjalds þess, sem reynt hefur verið að draga undan. Nú verður eigi sannað, hve há sú upphæð hefir verið, og skal þá ákveða hið þrefalda gjald eftir málavöxtum".

Svo sem að framan er rakið, hefur ákærði á árunum 1961—1964 goldið lögboðin tollgjöld af 18.900 kg. með krónum 785.862.00, en samkvæmt álitsgerð efnaverkfræðinganna Aðalsteins Jónssonar og Jóhanns Jakobssonar hefði gjaldskyld framleiðsla hans á lakkrís, miðað við keypt hráefni, átt að nema á nefndu tímabili 169.328 kg. meira magni og honum því borið að greiða kr. 7.042.903.56 auk fjárhæðar þeirrar, kr. 785.862.00, sem hann í raun galt, en ákærði hefur ekki borið brigður á gögn þau, sem geyma upplýsingar um hráefnakaup og lögð hafa verið til grundvallar í máli þessu. Ljóst er, að hér er um að ræða hámark undandregins gjalds eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu. Við ákvörðun tollvörugjalds verður tekið tillit til nokkurrar óvissu, sem ætíð hlýtur að vera við mat á því, hversu mikið magn fullunninnar vöru fæst úr ákveðnu magni hráefnis. Einnig verður byggt á eðlilegri rýrnun samkvæmt álitsgerð áðurnefndra efnaverkfræðinga, enda þótt ákærði hafi sjálfur borið fyrir dómi, að

engin rýrnun hefði orðið í framleiðslunni. Þá þykir og rétt að taka nokkurt tillit til framburða ákærða og vitna varðandi hráefnasölu, þrátt fyrir að framburðir þessir séu mjög óljósir og sjálfum sér ósamkvæmir, en ákærði neitaði að láta í té efnasamsetningu fullunninnar vöru sinnar og kom þannig í veg fyrir, að unnt væri að komast nánar að raun um sölu hans á vissum hráefnategundum. Loks þykir við ákvörðun gjaldsins rétt að hafa hliðsjón af þeim gögnum, sem lúta að sölu ákærða á fullunninni vöru nefnt tímabil, enda þótt þau gögn séu, svo sem að framan er rakið, hvergi nærri tæmandi.

Hið undandregna tollvörugjald verður samkvæmt framansögðu og eftir málavöxtum talið hæfilega ákvarðað krónur 4.930.032.49, og ber að dæma ákærða til að greiða þrefalda þá fjárhæð, eða krónur 14.790.097.47, til ríkissjóðs Íslands. Eins og orðan 7. gr. laga nr. 60/1939 er háttað, verður gjald þetta ekki talið sekt í skilningi almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og verður vararefsing samkvæmt V. kafla þeirra laga því eigi ákvörðuð, og af sömu sökum kemur krafa skipaðs verjanda ákærða um beitingu 81. gr. laganna ekki frekar til úrlausnar.

II.

Með lögum nr. 25 frá 16. apríl 1962 um aðstoð til fatlaðra, sem öðluðust þegar gildi, var lakkrísframleiðendum gert að greiða í Styrktarsjóð fatlaðra kr. 3.00 af hverju kílógrammi af fullunnum lakkrís. Hóf ákærði greiðslur þessar frá og með maímánuði 1962 og greiddi þær til ársloka 1964 af sama magni og hann gaf upp til tollvörugjalds. Samkvæmt upplýsingum Sigurgeirs Jónssonar, bæjarfógeta í Kópavogi, hefur ákærði þannig goldið fyrir 13.069 kg. með krónum 39.207.00 á nefndu tímabili. Félagsmálaráðuneytið, sem hefur með höndum vörzlur Styrktarsjóðs fatlaðra, hefur krafizt þess, að ákærða verði gert að greiða vangoldið gjald til sjóðsins, allt að krónum 396.000.00 (sic), og er þá byggt á matsgerð efnaverkfræðinganna Aðalsteins Jónssonar og Jóhanns Jakobssonar um vantalið framleiðslumagn, 132.020 kg. frá 1. maí 1962—31. desember 1964. Skipaður verjandi ákærða hefur haldið því fram, að þessum lið ákæru bæri að vísa frá, þar sem lög nr. 25/1962 væru „lex imperfecta", refsiheimild skorti í lögin, og væri sakadómur af þeim sökum ekki fær um að dæma um gjaldskylduna. Fallizt verður á þá skoðun skipaðs verjanda, að lög nr. 25/1962 séu algerlega sjálfstæð og óháð lögum nr. 60/1939 sem og að ákærði hafi ekki gerzt sekur um

refsiverða háttsemi með vangreiðslu á gjaldi til Styrktarsjóðs fatlaðra. Ber samkvæmt því að sýkna ákærða af ákæru saksóknara að þessu leyti. Hins vegar er fram komið, að Styrktarsjóður fatlaðra hefur beðið tjón vegna annarrar refsiverðrar háttsemi ákærða í máli þessu, þ. e. sökum þess, að ákærði hefur í blóra við lög nr. 60/1939 sagt rangt til um vörugerð sína. Samkvæmt 145. gr. laga nr. 82/1961 gat því félagsmálaráðuneytið sem fyrirsvarsaðili sjóðsins komið að bótakröfu sinni í málinu. Krafan var borin undir ákærða, sem fól verjanda sínum að taka afstöðu til hennar, en svo sem fyrr greinir, hefur hann mótmælt henni. Rétt þykir að taka bótakröfu þessa til greina að nokkru, og verður í þeim efnum byggt á sömu viðmiðunarreglum og þá er vangreitt tollvörugjald var ákvarðað í I hér að framan, þ. e. kröfuupphæð að frádregnum 30 af hundraði. Verður ákærði samkvæmt því dæmdur til að greiða Styrktarsjóði fatlaðra bætur samtals að fjárhæð kr. 277.200.00.

III.

Ákærði var bókhaldsskyldur samkvæmt 5. tl. 2. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 62/1938. Ákærði játaði fyrir dómi, að bókhald hans væri eigi í lögskipuðu formi. Við húsleit komu ekki fram önnur gögn, sem ákærði hafði fært, en „stílabækur“ með hluta af innfærðri sölu og „laus blöð“, sem sala var einnig færð á. Ákærði hefur þannig vanrækt að halda bækur þær og reikninga, sem boðið er í lögum nr. 62/1938 um bókhald, og því ekki fært þá tvíhliða skráningu á viðskiptum sínum, sem boðið er í 1. mgr. 4. gr. laganna. Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 9/1935, sbr. nú reglugerð nr. 41/1968, 8. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 60/1939, bar ákærða að færa dagbækur um framleiðslu, sölu og afhendingu vöru sinnar. Á dómþingi hinn 14. maí 1965 kvaðst ákærði hafa fært slíkar bækur yfir daglega framleiðslu fyrirtækisins að magni til. Við húsleit fundust þær bækur ekki, og þá er hann var inntur nánar eftir þeim síðar á dómþinginu, kvað hann dóminn hafa fengið í hendur öll þau gögn, sem hann hefði haft varðandi framleiðsluna, og gat ekki bent á nein frekari bókhaldsgögn. Verður því að telja, að ákærði hafi einnig vanrækt bókhald þetta. Samkvæmt framansögðu hefur ákærði þannig unnið til refsingar samkvæmt 19. gr. laga nr 62/1938, 8. gr. reglugerðar nr. 9/1935, sbr. nú 11. gr. reglugerðar nr. 41/1968, sbr. 7. gr. laga nr. 60/1939, og 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða samkvæmt lagaákvæðum þessum sem og fyrir

brot gegn 7. gr. laga nr. 60/1939, sem fjallað er um í I hér að framan, þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 20.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald í 20 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

IV.

Lögð hafa verið fram í málinu leyfisbréf til ákærða frá tollstjóranum í Reykjavík, þar sem honum er heimilað að reka vörugerð á innlendum tollvörutegundum, sem og iðjuleyfi, útgefið til ákærða af lögreglustjóranum í Reykjavík.

Samkvæmt 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 8. gr. reglugerðar nr. 9/1935, sbr. nú 10. gr. reglugerðar nr. 41/1968, sbr. 6. gr. laga nr. 60/1939 og 19. gr. laga nr. 62/1938 þykir verða að svipta ákærða leyfisbréfum þessum ævilangt, svo sem krafizt er í ákæruskjali.

Í dómi Hæstaréttar Íslands hinn 29. maí 1968, þar sem dómur sá, er upp var kveðinn í málinu í sakadómi Reykjavíkur 5. marz 1968, var ómerktur, segir, að kostnað „af áfrýjun" málsins skuli greiða úr ríkissjóði. Þykir því nú rétt að ákvarða saksóknar- og málsvarnarlaun fyrir sakadómi í heild vegna máls þessa, þannig að ákærði verður dæmdur til að greiða saksóknarlaun í ríkissjóð, samtals að fjárhæð kr. 50.000.00, sem og kr. 50.000.00 af launum skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, en kr. 10.000.00 af launum hans greiðast úr ríkissjóði. Dæma ber ákærða til að greiða allan annan kostnað sakarinnar.

Að ósk saksóknara ríkisins fór fram skrifleg sókn og vörn í máli þessu samkvæmt ákvæðum 131.—136. gr. laga nr. 82/1961, áður en það var tekið til dóms hinn 16. febrúar s.l. Lögmenn kröfðust ekki frekari rannsóknar, eftir að málinu var heimvísað, en munnleg sókn og vörn fór fram í því fyrir dómtöku þess hinn 20. f. m.

Dóm þenna kveða upp Ármann Kristinsson sakadómari og meðdómendurnir Hallgrímur Björnsson efnaverkfræðingur, forstjóri sælgætisgerðanna Nóa h/f og Síríus h/f, og Sveinn Björnsson iðnaðarverkfræðingur, forstjóri Iðnaðarmálastofnunar Íslands.

Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Þorsteinsson, greiði 20.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 20 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði ríkissjóði kr. 14.790.097.47.

Ákærði greiði Styrktarsjóði fatlaðra kr. 277.200.00.

Ákærði er ævilangt sviptur leyfisbréfum iðju og tollvörugerðar.

Málsvarnarlaun Guðmundar Ingva Sigurðsson hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærða, ákveðast kr. 60.000.00, og greiði ákærði af þeirri fjárhæð kr. 50.000.00, en ríkissjóður kr. 10.000.00. Ákærði greiði allan annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 50.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 17. janúar 1969.

Nr. 34/1968. **Örn Eyjólfsson og Snorri Ásmundsson**
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
gegn
Sigurgeiri Sigurjónssyni f. h. Volkswagenwerk Aktiengesellschaft og gagnsök
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Firmanafn. Dagsektir.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. febrúar 1968, krefjast sýknu og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 5. marz 1968. Hann gerir þær dómkröfur, að fjárhæð málskostnaðar í héraði úr hendi aðaláfrýjanda verði hækkuð, að héraðsdómur verði að öðru leyti staðfestur og svo að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Örn Eyjólfsson og Snorri Ásmundsson, greiði gagnáfrýjanda, Sigurgeiri Sigurjónssyni f. h. Volkswagenwerk Aktiengesellschaft, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Kópavogs 21. desember 1967.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 18. þ. m., hefur Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður, Reykjavík, höfðað fyrir hönd Volkswagenwerk Aktiengesellschaft, Wolfsburg, Þýzkalandi, fyrir sjó- og verzlunardómi Kópavogs gegn Erni Eyjólfssyni, Skálaheiði 5, Kópavogi, og Snorra Ásmundssyni, Sogavegi 126, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði að viðlögðum dagsektum dæmdir til þess að láta afmá firmanafnið „Fólksvagn sf." úr firmaskrá Kópavogs svo og að þeim verði talið óheimilt að auglýsa firma sitt með myndum af „Volkswagen" bifreið og með bókstöfunum „V.W." á þann hátt, sem þeir gera og lýst er í málinu. Þá er og krafizt málskostnaðar úr hendi stefndu að mati dómsins.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu alls málskostnaðar að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 23. október 1956 fékk stefnandi skrásett hér á landi vörumerki, sem lýst er þannig: „Innan í hring er bókstafurinn W, en fyrir ofan hann bókstafurinn V". Er vörkumerkið skráð nr. 138/1956.

Sama dag fékk stefnandi skrásett hér á landi sem vörumerki orðið „Volkswagen", og er vörumerkið skrásett nr. 139/1956.

Í tilkynningu í Stjórnartíðindum eru bæði vörumerkin skrásett „fyrir farartæki á landi, í lofti og á sjó, bifreiðar, varahluti

til bifreiða, hluta í vagna, varahluti til farartækja, og sjálfstæða bremsuhreyfla".

Hinn 4. febrúar 1966 var skráð í firmaskrá Kópavogs firmað „Fólksvagn sf.". Tilkynning um skrásetningu firmans var birt í Lögbirtingablaðinu, sem út kom 19. febrúar 1966. Var tilkynningin svohljóðandi:

„Við undirritaðir, Örn Eyjólfsson, Skálaheiði 5, Kópavogi, og Snorri Ásmundsson, Sogavegi 126, Reykjavík, tilkynnum hér með til firmaskrár Kópavogs, að við rekum bifreiðaverkstæði að Borgarholtsbraut 69, Kópavogi, undir nafninu Fólksvagn s.f. Fyrirtækið rekum við með ótakmarkaðri ábyrgð. Fyrirtækið er sjálfstæður skattaðili. Hvor okkar um sig getur ritað nafnið þannig:

Fólksvagn s.f.
Örn Eyjólfsson.
Fólksvagn s.f.
Snorri Ásmundsson.
Kópavogi, 4. febrúar 1966.
Örn Eyjólfsson.
Snorri Ásmundsson".

Nokkru áður, eða 18. janúar 1966, birtist í Morgunblaðinu auglýsing frá Bílaverkstæðinu Fólksvagni s/f, Borgarholtsbraut 69, Kópavogi. Í auglýsingu þessari segir m. a.: „V.W. eigendur, athugið, látið okkur annast viðhald og viðgerðir á bifreið yðar. Sérþjálfaðir menn. Höfum varahluti á staðnum".

Með bréfi, dags. 23. maí 1966, ritaði lögmaður stefnanda stefndu bréf, þar sem segir m. a.:

„Nú fyrir nokkru munuð þér hafa fengið skráð firmað „Fólksvagn S.F.". Sömuleiðis munuð þér hafa auglýst firma með þessu nafni í dagblöðunum, ásamt mynd af „Volkswagen" og áskorun til V.W. eigenda um að láta firma yðar annast viðhald og viðgerðir bíla sinna.

Umbj. mínir, Volkswagenwerk Aktiengesellschaft, Wolfsburg, Þýzkalandi, eru eigendur íslenzku vörumerkjanna nr. 139/1956 „Volkswagen" og nr. 138/1956 „V.W.". Telja umbj. m., að nefnd skráning yðar á firmanafninu „Fólksvagn" svo og nefnd notkun yðar á bókstöfunum „V.W." ásamt áskorun yðar í dagblöðunum um að láta firma yðar annast viðhald og viðgerðir á V.W. bifreiðum brjóti í bág við rétt sinn sem eigenda ofangreindra vörumerkja, auk þess sem hér sé um óréttmæta verzlunarhætti að ræða, sem í bága fari við lög nr. 84/1933 um bann gegn órétt-

mætum verzlunarháttum. Ég leyfi mér því hér með að skora á yður að láta nú þegar afmá firmanafnið „Fólksvagn s.f.“ úr firmaskránni og jafnframt, að þér hættið að misnota nefnd vörumerki umbj. m. ásamt myndum af V.W. bifreiðum þeim, sem umbj. m. einir framleiða.

Verðið þér ekki við þessum tilmælum mínum fyrir n. k. mánaðamót, neyðast umbj. m. til þess að leita aðstoðar dómstólanna til þess að fá leiðréttingu á framangreindu athæfi yðar“.

Eigi munu stefndu hafa svarað þessu bréfi, og hinn 1. júní 1966 lét stefnandi því gefa út réttarstefnu, sem birt var 14. júní 1966.

Undir rekstri málsins hafa stefndu komið fyrir dóm og gefið skýrslur.

Stefndi Snorri Ásmundsson skýrði svo frá, að hann hafi lært bifvélavirkjun hjá fyrirtækinu P. Stefánssyni h/f. Hafi þar eingöngu verið unnið við viðgerðir á Volkswagen-bifreiðum og Landrover. Stefndi lýsti því yfir, að honum hafi verið kunnugt um það, að vörumerki nr. 138/1956 og 139/1956 hafi verið vernduð. Þá lýsti hann því yfir, að vel megi vera, að margir kalli Volkswagen-bifreiðar „fólksvagna“, og kvaðst hann hafa heyrt þá nefnda svo.

Stefndi Örn Sævar Eyjólfsson kvaðst einnig hafa lært bifvélavirkjun hjá P. Stefánssyni h/f. Þar hafi til að byrja með aðallega verið unnið við Volkswagen-bifreiðar og Landrover, en á síðari hluta námstímans eingöngu við þær bifreiðar. Stefndi kvað sér kunnugt um það, að hringlaga merkið með stöfunum VW hafi verið verndað, en ekki annað. Stefndi taldi, að yfirleitt væri orðið Volkswagen notað um þær bifreiðar, en hins vegar sé því ekki að neita, að einhverjir noti orðið fólksvagn um þær gerðir bifreiða.

Við yfirheyrslur þessar kom fram, að stefndu nota mynd af Volkswagen-bifreið á reikningum fyrirtækisins.

Af hálfu stefnanda hafa verið lögð fram vottorð þriggja bifreiðasala, Halldórs Snorrasonar, Bergþórugötu 61, Reykjavík, Davíðs Sigurðssonar, Skaftahlíð 3, Reykjavík, og Guðmundar Jónatans Guðmundssonar, Miklubraut 13, Reykjavík. Í vottorðum þessum segir, að bílar af Volkswagen-gerð séu oft í daglegu tali manna á meðal nefndir „fólksvagnar“, enda sé ekki átt við aðra gerð bíla, þegar talað er um „fólksvagna“. Komu bifreiðasalar þessir allir fyrir dóm og staðfestu vottorð sín.

Vitnið Guðmundur Jónatan Guðmundsson kvaðst nota orðið

„fólksvagn" alltaf í afsölum fyrir Volkswagen-bifreiðum, er það gangi frá afsölum fyrir slíkum bifreiðum. Aðspurt, hvers vegna vitnið notaði orðið „fólksvagn", skýrði það svo frá, að það áliti það rétta þýðingu á nafninu Volkswagen, og kvaðst vitnið alltaf hafa skilið orðið Volkswagen sem fólksvagn. Vitnið skýrði svo frá, að þegar kaupandi kemur og spyr um Volkswagen-bifreið, sé í flestum tilfellum spurt eftir „fólksvögnum". Loks skýrði vitnið svo frá, að þegar það auglýsti Volkswagen-bifreiðar, hringi það í blöðin og noti þá orðið fólksvagn.

Vitnið Halldór Snorrason skýrði svo frá, að það noti ætíð orðið Volkswagen í afsölum, sem það gangi frá, um þær gerðir bifreiða og sama gilti um auglýsingar. Þá skýrði vitnið svo frá, að þegar spurt sé um „fólksvagn", sé í öllum tilvikum átt við Volkswagen-bifreið, en ekki annan bíl. Skýrði vitnið svo frá, að jöfnum höndum séu notuð orðin Volkswagen og fólksvagn.

Vitnið Davíð Sigurðsson skýrði svo frá, að þegar það gangi frá afsölum bifreiða, noti það orðið Volkswagen um þær gerðir bifreiða. Í daglegu tali taldi vitnið, að þessar bifreiðar séu jafnvel oftar kallaðar fólksvagn.

Í stefnu og við munnlegan málflutning hefur því verið haldið fram af stefnanda, að skráning firmans „Fólksvagn sf." svo og auglýsingaaðfarir þær, sem lýst hefur verið hér að framan, brjóti í bága við rétt hans til vörumerkjanna nr. 138/1956 og 139/1956, en auk þess sé um að ræða brot gegn lögum nr. 42/1903 um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð, 10. gr., og lögum nr. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum, 9. gr., sbr. og lög nr. 102/1961 (8. gr. Parísarsamþykktar um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar). Enn fremur hefur umboðsmaður stefnanda rökstutt kröfur sínar með tilvísun til laga nr. 49/1943 um breyting á lögum nr. 13 20. október 1905 um rithöfundarétt og prentrétt svo og til ákvæða Bernarsáttmálans, 1. og 2. gr.

Stefnandi byggir kröfur sínar í fyrsta lagi á 10. gr. laga um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42/1903, en þar segir m. a.: „Enginn má í firma sínu hafa nafn annars manns eða nafn á fasteign annars manns á hans leyfis". Heldur stefnandi því fram, að enda þótt lagagrein þessi banni ekki berum orðum, að vörumerki séu tekin upp í firmanöfn, þá hafi greinin, sem sé samhljóða ákvæði í dönskum lögum um sama efni, verið skýrð svo í Danmörku og annars staðar á Norðurlöndum, að óheimilt sé að taka vörumerki annars manns upp í firmanafn hans. Svo sem þegar hefur komið fram, á stefnandi skráð vörumerkið

„Volkswagen". Firmanafnið „Fólksvagn sf." er að áliti stefnanda beinlínis stæling og þýðing á vörumerkinu „Volkswagen", og því telur stefnandi, að firmanafn stefndu sé af þessum ástæðum ólöglegt og óheimilt samkvæmt lögjöfnun frá 10. gr. laga nr. 42/1903. Bendir stefnandi í þessu sambandi á, að stefndu noti firmanafn sitt í sambandi við atvinnurekstur varðandi farartæki á landi, bifreiðar og varahluti til bifreiða. Af þessum ástæðum og einnig öðrum sé því mikil hætta á ruglingi milli firma stefndu og firmanafns stefnanda og vörumerkisins „Volkswagen". Stefnandi telur, að stefndu hafi í rauninni tekið vörumerkið „Volkswagen" upp í firmanafn sitt með því að nota orðið fólksvagn, enda sé þetta orð skilið og notað af almenningi hér á landi um Volkswagen-bifreiðar og sé þetta eitt út af fyrir sig nóg ástæða til þess að banna stefndu að nota orðið „fólksvagn" í firmanafni sínu.

Í öðru lagi heldur stefnandi því fram, að firmaskráningin brjóti gegn lögum nr. 102/1961 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd Parísarsamþykktina um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, en samkvæmt auglýsingu nr. 5/1962 hefur samþykktin öðlazt lagagildi á Íslandi. Í 8. gr. samþykktarinnar segir: „Firmanafn er verndað í öllum löndum sambandsins, án þess að þörf sé að sækja um það eða skrásetja það, hvort sem það er hluti af vörumerki eða ekki". Bendir stefnandi á, að firmanafn hans sé skráð í Þýzkalandi, sem einnig sé aðili að samþykkt þessari, og njóti það því þeirrar réttarverndar, sem greinin veitir þýzkum borgurum og þýzkum firmum hér á landi. Í þessari vernd felist vernd gegn því, að aðrir taki upp í firmanafn sitt, firmanöfn eða vörumerki þeirra firma, sem hér eru skráð eða notuð. Samþykkt þessi hafi ekki aðeins lagagildi hér á landi, heldur sé um að ræða milliríkjasamning, sem Ísland sé aðili að, og sé íslenzkum stjórnvöldum því skylt að veita erlendum ríkisborgurum og firmum þá vernd, sem í samþykktinni felist. Þá bendir stefnandi á, að vörumerki hans, „Volkswagen", sé hluti af firmanafni hans, og auki þetta á vernd stefnanda á firmanafninu. Loks bendir stefnandi á, að 8. gr. samþykktarinnar hafi verið skýrð mjög rúmt, þannig að hún verndi ekki aðeins firmanafnið, eins og það er skráð, heldur líka allar stælingar á því og enn fremur þýðingar á því og þau nöfn, sem almenningur kann að kalla firmun með styttingu á hinu skráða nafni og þess háttar.

Enn hefur stefnandi haldið því fram, að stefndu hafi brotið

ákvæði 9. gr. laga nr. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum, en þar segir: „Bannað er að nota í atvinnuskyni nafn, firmanafn, verzlunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til, er notar, eða reka atvinnu undir nafni, sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekenda". Í sambandi við þetta ákvæði hefur stefnandi m. a. vikið að reglum Alþjóða-verzlunarráðsins í Tokyo frá 1955, en þar er m. a. talið til óréttmætra verzlunarhátta stælingar á vörumerki eða nafni keppinautar, myndum hans eða öðru, sem hann notar í viðskiptum sínum.

Auk þess sem stefnandi telur á hlut sinn gengið með notkun stefndu á firmanafninu „Fólksvagn sf." telur hann, að stefndu hafi brotið rétt á sér með auglýsingu þeirri, sem getið hefur verið hér að framan. Með auglýsingu þessari hafi stefndu snúið sér sérstaklega til eigenda Volkswagen-bifreiða og þá notað skammstöfun og vörumerki stefnanda. Verði ekki um villzt, að verið sé að vekja athygli almennings á því, að hér sé eingöngu eða aðallega gert við þá bifreiðategund og varahluti til hennar, sem stefnandi framleiðir. Auglýsing þessi sé mjög til þess fallin að vekja hjá almenningi þá villu, að náið viðskiptasamband sé á milli stefndu og stefnanda eða að einhvers konar löggilding sé fyrir hendi af hálfu stefnanda á starfsemi stefndu.

Af hálfu stefndu hefur því verið haldið fram, að ekki verði séð, að firmanafn þeirra, „Fólksvagn sf.", brjóti á nokkurn hátt í bága við rétt stefnanda til vörumerkisins „Volkswagen". Ritháttur orðanna sé mismunandi og framburður allt annar auk þess sem bætt sé aftan við firmanafn þeirra stöfunum „sf.". Firmanafn þeirra sé sett saman úr tveimur íslenzkum orðum, sem stefnandi hafi engan einkarétt á, hvorki einstökum hlutum þess né í samsetningu, þar sem einkaréttur stefnanda nái aðeins til þýzka orðsins Volkswagen.

Að því er varðar vörumerkið „V.W.", benda stefndu á, að stefnandi hafi í sjálfu sér engan einkarétt á stöfunum V og W. Einkaréttur stefnanda til þessara stafa byggist á því, að þeir séu samsettir á vissan og sérkennilegan hátt, þ. e. innan í hring er bókstafurinn W, en fyrir ofan hann bókstafurinn V.

Þá er því mótmælt af stefndu, að þeir hafi brotið í bága við rétt stefnanda til nefndra vörumerkja, þótt þeir noti í auglýsingum sínum mynd af Volkswagen-bifreið. Ekki sé vitað til þess, að stefnandi hafi nokkurn einkarétt á mynd af Volkswagen-bifreið, enda séu þess mörg dæmi, að bifreiðaverkstæði noti slíka mynd

í auglýsingum sínum, a. m. k. eitt dagblað í Reykjavík birti slíka mynd nær daglega í auglýsingadálki sínum yfir bifreiðaviðgerðir.

Stefndu hafa haldið því fram, að það hafi aldrei verið ætlun þeirra að skerða á nokkurn hátt rétt stefnanda til nefndra vörumerkja, og er bent á það, að stefnandi noti merki þessi sem framleiðslumerki, en stefndu hafi alls enga framleiðslu með höndum.

Með vísan til þessa er því haldið fram af stefndu, að taka beri til greina sýknukröfu þeirra.

Það er álit dómsins, m. a. með vísun til framburða þeirra bifreiðasala, sem vitni hafa borið í málinu, og viðurkenningar stefndu, að orðið „fólksvagn" sé manna á meðal notað í íslenzku máli um Volkswagen-bifreiðar, og þá tegund bifreiða eina, og er orðið fólksvagn að áliti dómsins íslenzkuð alþýðleg orðmynd hins þýzka orðs. Með tilliti til þessa svo og til þess, hversu lík orðin „fólksvagn" og „Volkswagen" eru í framburði og í rithætti, telur dómurinn, að notkun orðsins „fólksvagn" í firmanafninu „Fólksvagn sf." sé til þess fallin að vekja hjá almenningi þá trú, að um viðskiptasamband milli stefndu og stefnanda sé að ræða eða að einhvers konar löggilding sé fyrir hendi af hálfu stefnanda á starfsemi stefndu. Með því að eigi er í ljós leitt, að stefnandi hafi heimilað stefndu notkun orðsins „fólksvagn" í sambandi við atvinnurekstur þeirra, og með vísun til þeirra lagaákvæða, sem stefnandi byggir kröfur sínar á og lýst hefur verið, þykir verða að fallast á það með stefnanda, að stefndu sé óheimilt að nota hið umdeilda firmanafn. Skrásetning firmanafnsins „Fólksvagn sf." er því brot á rétti stefnanda til firmanafns síns og vörumerkisins „Volkswagen", og ber stefndu því að kröfu stefnanda að láta afmá firmanafnið úr firmaskrá Kópavogs innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlögðum 300 króna dagsektum til stefnanda, sbr. 193. gr. laga nr. 85/1936.

Þá þykir einnig verða að fallast á það með stefnanda, að notkun stefndu á bókstöfunum „V.W." ásamt með notkun þeirra á mynd af Volkswagen-bifreið í auglýsingu þeirra um firmað, sem greint er frá í málinu, hafi, eins og auglýsingunni var háttað, verið til þess fallin að vekja hjá almenningi þá trú, að um viðskiptasamband milli aðilja sé að ræða eða einhvers konar löggilding stefnanda á starfsemi stefndu liggi fyrir. Telur því dómurinn, að fallast verði á kröfur stefnanda, einnig að því er varðar þessa notkun stefndu.

Samkvæmt þessum málalokum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Ólafur W. Stefánsson deildarstjóri kvað upp dóm þenna sem setubæjarfógeti í Kópavogi ásamt samdómendunum Jóni L. Arnalds deildarstjóra og Knúti Hallssyni deildarstjóra.

Dómsorð:

Stefndu, Erni Eyjólfssyni og Snorra Ásmundssyni, er óheimilt að nota firmanafnið „Fólksvagn sf.", svo og er þeim óheimilt að auglýsa firma sitt með myndum af Volkswagenbifreið og með bókstöfunum „V.W." á þann hátt, sem þeir hafa gert og lýst er í málinu.

Stefndu skal skylt að láta afmá firmanafnið „Fólksvagn sf." úr firmaskrá Kópavogs innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlögðum 300 króna dagsektum, er renni til stefnanda, Volkswagenwerk Aktiengesellschaft.

Stefndu greiði stefnanda kr. 10.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. janúar 1969.

Nr. 172/1967. **Guðmundur Albertsson og Hörður G. Albertsson**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Jóni Gíslasyni s/f og gagnsök
(Haukur Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Samningar. Fiskverzlun. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. október 1967, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. nóvember 1967 og gert þær dómkröfur, að þeim verði dæmd sýkna

af kröfum gagnáfrýjanda og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 22. nóvember 1967 og gert þær dómkröfur, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum kr. 1.161.416.17 ásamt 9.5% ársvöxtum frá 1. janúar 1965 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Þá er kaupendur á Ítalíu höfðu veitt viðtöku nokkrum hluta skreiðar þeirrar, sem aðaláfrýjendur höfðu staðfest í bréfi til gagnáfrýjanda, dags. 24. júlí 1963, að þeir hefðu selt til Ítalíu, hófu hinir ítölsku kaupendur upp mótmæli á þeim grundvelli, að skreiðin fullnægði eigi þeim kröfum, sem gerðar væru um þann gæðaflokk, er um var samið. Fór aðaláfrýjandi Guðmundur Albertsson þá til Ítalíu í því skyni að miðla málum, en tókst það ekki, enda kvaðst hann hafa gengið úr skugga um, að 250 pakkar af skreið, sem sendir voru til Ítalíu í tilraunaskyni í sambandi við för hans, hefðu reynzt gölluð vara.

Í máli þessu krefst gagnáfrýjandi skaðabóta, vegna þess að aðaláfrýjandi hafi eigi efnt samninginn frá 24. júlí 1963 um sölu, að því er varðar 1.681 pakka skreiðar, sem gagnáfrýjandi hafi því orðið að selja við lægra verði en í nefndum samningi greindi, svo og vegna aukakostnaðar af vanefndunum.

Þar sem nokkrar líkur voru fyrir hendi um það, að hin umsamda skreið fullnægði eigi samningsgæðum, var gagnáfrýjanda, sem hafði eftirstöðvar skreiðarinnar í vörzlum sínum, nauðsyn að láta fara fram könnun og mat á henni, þá er hann vildi sækja aðaláfrýjendur til skaðabóta, enda breytir samningsákvæðið, að „ríkismatið“ sé „endanlegt“, eigi þessari niðurstöðu. Þetta gerði gagnáfrýjandi eigi. Ber því að sýkna aðaláfrýjendur af kröfum gagnáfrýjanda í málinu.

Aðaláfrýjendur kröfðust heldur eigi könnunar og mats á eftirstöðvum skreiðarinnar í vörzlum gagnáfrýjanda, þá er tilefni gafst. Ber því að fella niður málskostnað í báðum dómum.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Guðmundur Albertsson og Hörður G. Albertsson, eiga að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Jóns Gíslasonar s/f, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 22. júní 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. maí 1967, hefur stefnandi, Jón Gíslason s/f, Hafnarfirði, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 28. október 1965, á hendur þeim Guðmundi Albertssyni forstjóra, Miðtúni 4, Reykjavík, og Herði G. Albertssyni, Litlagerði 4, Reykjavík, eigendum fyrirtækisins G. Albertsson, Hafnarhúsinu, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta in solidum að fjárhæð kr. 1.171.196.16 auk 8½% ársvaxta frá 1. janúar 1965 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Undir rekstri málsins hefur stefnandi sundurliðað dómkröfur sínar, og liggur sú sundurliðun fyrir á dskj. nr. 37. Samkvæmt því eru endanlegar dómkröfur stefnanda kr. 1.161.416.17.

Stefndu krefjast algerrar sýknu af kröfum stefnanda og að þeim verði dæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati dómsins.

Til vara krefjast þeir lækkunar á kröfum stefnanda eftir mati dómsins og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Við munnlegan málflutning lýsti lögmaður stefndu því yfir, að hann hreyfði engum andmælum gegn samaðild stefndu.

Málavextir eru þessir:

Með samkomulagi, dags. 24. júlí 1963, staðfestu stefndu, að fyrirtæki þeirra hefði selt fyrir stefnanda 9.000—10.000 pakka af skreið, framleiddri 1963. Samkomulag þetta liggur fyrir á dskj. nr. 3 og er á þessa leið:

„Hr. Jón Gíslason, Hafnarfirði.

Staðfestum hér með að hafa *selt fyrir yður* til *ítalskra kaupenda* eftirfarandi:

Magn. Tegund.

Gæði. Vigt: 9/10.000 pk. af „Roundcod" 50/70 cm. Africa quality, framl. 1963 ásamt allri þeirri skreið, er við mat framleiðslunnar reyndist „Italiano" að gæðum eða betri. Samkomulag er um, að framleiðandi lætur við pökkun taka frá óheilbrigð-

an, jarðsleginn og/eða frosinn fisk. Allt að einu er ríkismatið endanlegt.

Verð: Fyrir „Africa Quality" £ 295.0.0d og fyrir „Italiano" £ 360.0.0d., hvorttveggja per 1000 kg. cif. Ítalíu. *Umboðslaun 2.5%.*

Afskipun: 1500/1700 pk. á mánuði ágúst, september, október, nóvember, desember 1963 og janúar 1964, — eftir því sem framleiðsla reynist. Lofað er *af kaupanda* hálfu að gjöra allt sem mögulegt er til að afskipunarmagnið verði allt að tvöfalt fyrstu tvo afskipunarmánuðina svo og að flýta eftirstöðvunum svo sem unnt er.

Pökkun: „Italiano" í 50 kg. en „Africa" í 45 kg. pk., hvorttveggja nettó.

Greiðsla: Óafturkræf bankaábyrgð opnuð fyrir hverri afskipun um sig. Greiðsla innst því af hendi, þegar er bankinn hefur innleyst útflutningsskjölin.

Reykjavík, 24. júlí 1963.

G. Albertsson".

Með þessu telur stefnandi, að komizt hafi á bindandi samningur milli aðilja.

Svo fór, að efndir á þessu samkomulagi urðu ekki eftir efni þess. Útskipað var þann 19. september 1963 1.900 pk., 31. október 1963 1.500 pk., í nóvember og desember 1963 engu, í janúar 1964 engu, í febrúar 1964 1.395 pk., hinn 29. maí 1964 129 pk. og í júlí 1964 894 pk. Samtals 5.818 pk. „Africa Quality". Eftir voru þá 1.681 pk. af þessari skreið, sem samið hafði verið um.

Þegar skreið þessi kom á markað í Ítalíu, tóku að berast kvartanir frá ítölsku kaupendunum þess efnis, að gæðum skreiðarinnar væri ábótavant. Töldu hinir ítölsku kaupendur galla vörunnar vera svo verulega, að þeir ættu ekki annars kost en rifta kaupunum. Vegna þessara umkvartana kaupenda skreiðarinnar tók fyrir frekari vörusendingar til þeirra.

Til þess að staðreyna, hvort kvartanir hinna ítölsku kaupenda hefðu við rök að styðjast, var svo ákveðið milli stefnanda og stefndu, að forstjórar fyrirtækjanna, Guðmundur Albertsson og Jón Gíslason, færu til Napolí á Ítalíu og yrðu viðstaddir, er 250 skreiðarpakkar, sem valdir voru af handahófi úr vörubirgðum stefnanda, yrðu opnaðir.

Þessi ráðagerð snerist þó á þann veg, að Guðmundur Albertsson fór einn til Napolí og var viðstaddur, er ofangreindir skreiðar-

pakkar voru opnaðir, og hefur hann staðfest, að skoðun sín hafi leitt í ljós, að í hverjum einstökum pakka hafi reynzt vera frá 5 og upp í 7 fiskar af lélegri gæðum en þar áttu að vera.

Þessari skoðunargerð hefur stefnandi mótmælt sem þýðingarlausri fyrir málið, þar sem honum hafi ekki veitzt kostur á að vera viðstaddur skoðunargerðina.

Ástæðuna fyrir því, að útskipun hófst ekki fyrr en í september, segja stefndu vera þá, að fiskmat ríkisins hafi ekki leyft afFermingu skreiðarinnar fyrr, sökum þess að hún hafi þá ekki verið orðin fullþurr.

Stefnandi telur, að sökum áðurgreinds móttökudráttar hafi hann orðið fyrir verulegu vaxtatapi, skreiðin rýrnað, umpökkunarkostnaður skapazt og að lokum hafi hann orðið að selja þá 1.681 pk., sem afgangs urðu, fyrir lægra verð en samningurinn hljóðaði um.

Þann 14. ágúst 1964 ritaði stefnandi stefnda bréf, þar sem hann gerði grein fyrir því tjóni, sem þegar hefði orðið vegna vanefnda á samkomulaginu frá 24. júlí 1963, og lýsti því þar yfir, að hann teldi fyrirtæki sitt leyst frá áðurgreindu samkomulagi. Jafnframt lýsti hann ábyrgð á hendur stefndu og tilkynnti, að þeir yrðu krafðir bóta vegna aukakostnaðar við sölu á þeirri skreið, sem afgangs varð eða ef hún reyndist óseljanleg, mundu þeir krafðir bóta fyrir því tjóni.

Þessu bréfi svara stefndu með símskeyti 17. ágúst, þar sem þeir mótmæla, að þeir hafi verið aðiljar að samningnum við stefnda frá 24. júlí 1963.

Með bréfi, dags. 10. september 1964, tilkynna stefndu stefnanda, að vegna breytts fyrirkomulags um skil greiðslna fyrir útfluttar afurðir í bönkum hafi orðið dráttur á lokum skilagreinar, en skilagrein muni verða lokið innan tveggja vikna.

Sama dag ritar stefnandi stefndu bréf, þar sem hann tilkynnir, að enn sé óselt af því skreiðarmagni, sem samkomulagið frá 24. júlí 1963 fjallar um, cirka 1.600 pakkar. Umrætt magn hafi fyrirtæki sínu ekki tekizt að selja fyrir verð það, er í samkomulaginu greinir. Eigi fyrirtæki sitt því ekki annars úrkosta á verði því, sem stefndu hafi skuldbundið sig til að selja skreiðina fyrir, og því verði, er endalega kynni að fást fyrir hana. Ef stefndu geti útvegað hagstæðara tilboð og þar með dregið úr bótaábyrgð þeirra, skorar hann á þá að leggja slíkt tilboð fram ekki síðar en 25. júní 1965.

Þessu bréfi svara stefndu með bréfi, dags. 21. júní 1965, þar

sem þeir tilkynna, að umrædd skreið sé þeim óviðkomandi með öllu og stefnanda í sjálfsvald sett, hvað hann geri við hana.

Framkvæmdastjóri stefnanda, Jón Jónsson, hefur komið fyrir dóm þann 26. apríl 1966. Hann var framkvæmdastjóri fyrirtækisins Jóns Gíslasonar s/f, þegar viðskipti þau, sem mál þetta fjallar um, áttu sér stað, en faðir hans, Jón Gíslason, sem lézt, áður en málaferli þessi hófust, var einnig framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Hann skýrir svo frá, að milli þeirra feðga hafi verið góð samvinna og þeir hafi vitað um störf hvor annars. Hann heldur því fram, að skreiðarframleiðsla fyrirtækis síns hafi reynzt mjög vel árið 1962. Sams konar viðskipti áttu sér stað milli stefnanda og stefnda árin 1962 og 1963.

Er Jón kom fyrir rétt, eins og áður segir, hélt hann því fram, að ekki hafi verið gerður skriflegur samningur um viðskipti aðilja árið 1962, og virðist honum ekki hafa verið kunnugt um þann samning, fyrr en samningurinn á dskj. nr. 23 var lagður fram í því sama réttarhaldi. Jón hélt því fram, að þeim feðgum hafi ekki verið kunnugt um, að kvartanir komu frá hinum ítölsku kaupmönnum, fyrr en í janúar 1964, er þeir feðgar komu á skrifstofu stefndu og ræddu við Hörð Albertsson. Hann skýrði þeim þá frá kvörtunum kaupendanna og ætlaði að sýna þeim bréf frá þeim því til stuðnings, en það bréf hafi ekki fundizt þá. Er hann var nánar spurður um það fyrir dómi, fullyrti hann, að þeim feðgum hafi algerlega verið ókunnugt um, að umkvartanir vegna gæða skreiðarinnar hafi borizt fyrir áramótin 1963—64.

Hann kveðst á þessum fundi hafa komið fram með þá tillögu, að sendir yrðu 250 pakkar af skreið til Ítalíu og faðir sinn og Guðmundur Albertsson færu utan og yrðu viðstaddir, þegar þeir yrðu opnaðir. Þessir 250 pakkar voru svo sendir án þess að vera skoðaðir sérstaklega, en svo hafi farið, að faðir sinn hafi aldrei verið kvaddur til Ítalíuferðarinnar. Er hann spurðist nánar eftir þessu á skrifstofu stefndu, hafi honum verið sagt, að ekki hefði verið unnt að ná til föður hans í tæka tíð.

Fyrir dómi lét hann það álit í ljós, að kvartanir ítölsku kaupmannanna hafi í rauninni ekki byggzt á því, að gæðum skreiðarinnar hafi verið áfátt, heldur mikið frekar á því, að haustið 1963 hafi markaður á Ítalíu fyllzt, og hafi þá kaupmennirnir gripið til þess ráðs að segja skreiðina gallaða til þess að geta knúið fram verðlækkun. Þessi skreið hafi verið metin eftir nákvæmlega sömu reglum og skreiðin frá 1962. Þá bárust engar kvartanir og ekki heldur árið 1964, en þá var skreið sú, sem

fyrirtækið framleiddi, metin á sama hátt. Bæði þessi ár hafi framleiðslunni verið hagað á sama hátt. Sömu mennirir unnu sömu störfin ár eftir ár. Af þessum ástæðum vísi hann algerlega á bug öllum fullyrðingum um, að gæðum skreiðarinnar frá 1963 hafi verið áfátt. Hann kveðst alltaf hafa litið á fyrirtækið G. Albertsson sem kaupanda að skreiðinni og ekki séð neina samninga við ítalska kaupendur né nokkuð frá þeim heyrt fyrr en í janúar eða febrúar 1964. Þá fyrst hafi hann fengið að vita, hverjir þeir voru.

Fyrir dómi var Jón sérstaklega spurður, hvort honum hefði verið kunnugt um, að faðir hans hefði veitt stefnda Guðmundi heimild til þess að selja skreið til Afríku. Hann svaraði því til, að vel mætti vera, að hann eða faðir hans hefðu gefið stefndu heimild til að selja á Afríkuverði til Vestur-Afríku. Í framhaldi af þessari spurningu tók hann fram, að hann vissi til þess, að skreið, sem metin var „Afrika-Quality" og hæf á Ítalíumarkað, hafi farið til Vestur-Afríku og hafi hún verið gerð upp á Ítalíuverði.

Stefndi Guðmundur Albertsson kaupmaður hefur komið fyrir dóm 16. september 1966. Hann skýrir svo frá, að fyrirtæki sitt sé umboðssala, sem starfræki aðallega sölu á mjöli, lýsi og svo skreið og öðru, sem til falli. Fyrirtækið selji skreið og aðrar afurðir fyrir aðra, en kaupi ekki í sínu nafni.

Vegna sérstöðu landsins gagnvart markaðslöndunum og þróunar nútímaviðskipta sé alger ómöguleiki á að reka fyrirtæki þannig, að það uppfylli í raunverulegri merkingu eða eins og venjulega er skilgreint orðið miðlun („commission"). Framleiðendur skreiðarinnar séu smáir og margir. Auk þess séu þeir dreifðir um allt landið, við hafnir og hafnleysur, þar sem ekki eru neinar fastar áætlanir skipa og því alger óvissa um afskipunarmöguleika. Hlutverk fyrirtækis síns sé að sameina þessa aðilja og gera mögulega afskipun frá fleirum. Gagnvart erlendum aðiljum hafi reynslan sýnt, að óframkvæmanlegt sé annað en að fyrirtækið komi fram sem formlegur aðili. Hinir erlendu kaupendur krefjist, að svo sé, vegna þess að ógerningur sé að hafa marga smáa seljendur. Erlendum kaupmönnum sé ávallt ljóst, að fyrirtæki sitt starfi í umboði framleiðendanna hér á landi, og innlendir framleiðendur hafi einnig óskað eftir þessu fyrirkomulagi. Þá hafi fyrirtæki sitt einnig fyrir hönd íslenzkra framleiðenda séð um allar afskipanir, öll skjöl, allar greiðslur, innheimtur og skil til eigenda vörunnar hverju sinni. Um sölu á skreið þeirri, sem mál þetta fjallar um, segir hann, að þeir feðgar hafi báðir

fjallað. Þegar ítölsku kaupendurnir neituðu að taka við meiri skreið frá stefnanda, hafi hann strax talað við Jón Gíslason sjálfan. Þeir feðgar hafi síðar mætt á skrifstofunni hjá sér og þar hafi þeim verið sýnt bréf frá ítalska kaupandanum Sarcen og það þýtt fyrir þá. Í þessu sambandi var honum sýnt dskj. nr. 18, og segir hann það vera bréfið, sem var þýtt fyrir þá feðga. Báðir neituðu þeir að viðurkenna, að neitt væri að skreiðinni. Málið var síðan rætt fram og aftur, og varð að samkomulagi, að sendir yrðu 250 pakkar af skreið til Ítalíu og mætti yrði þar viðstaddur, er þeir yrðu opnaðir. Jón Jónsson stakk þá upp á, að faðir sinn færi einnig til Ítalíu, og kveðst hann ekkert hafa haft við það að athuga. Ekki varð þó af því, að Jón Gíslason færi til Ítalíu. Hann kveðst hafa hringt í Jón, nokkru áður en hann lagði af stað, en Jón svaraði því til, að það skipti ekki máli, hvort hann færi eða ekki. Þegar skreiðarpakkarnir voru opnaðir, kveðst hann hafa gert sér fyllilega grein fyrir, að varan fullnægði ekki þeim kröfum, sem áskildar voru. Í hverjum pakka reyndust vera 5 og upp í 7 fiskar af lélegum gæðum. Hann var að því spurður fyrir dómi, hvort hann áliti, að ítölsku kaupmennirnir hafi verið strangari gagnvart gæðum skreiðarinnar vegna þess, að markaðurinn hafi yfirfyllzt. Því svaraði hann þannig, að hann áliti, að svo hafi ekki verið, heldur hafi kvartanirnar átt rót sína að rekja til galla vörunnar.

Þá hefur stefndi Hörður Albertsson komið fyrir dóm þann 30. marz 1966. Hann hefur skýrt svo frá, að tildrög þess, að samkomulagið á dskj. nr. 3 var gert, um framleiðslu ársins, hafi verið þau, að árið 1962 seldi fyrirtækið nokkuð af „Africa-Quality" skreið fyrir stefnanda til Ítalíu. Í þeim samningi var tilskilið, að framleiðandi skyldi við pökkun láta taka frá allan óheilbrigðan, jarðsleginn eða frosinn fisk. Þar sem hið opinbera mat gerði ekki ráð fyrir slíkri flokkun skreiðarinnar, fól stefnandi einum starfsmanna sinna það sérstaka verk að taka frá allan þann fisk, sem eitthvað virtist athugavert við. Var þetta gert með Ítalíumarkaðinn sérstaklega í huga. Árangurinn varð sá, að öll skreið, sem seld var fyrir stefnanda til Ítalíu 1962, líkaði mjög vel, svo að hinir ítölsku kaupendur vildu gjarnan halda áfram viðskiptunum. Við samkomulagsgerðina 24. júlí 1963 var í öllu miðað við sama grundvöll vörugæða og sömu framleiðsluhætti og árið áður. Var þetta alger forsenda kaupanna af hálfu Ítalanna fyrir auknum vörukaupum.

Að áliti Fiskmats ríkisins var fiskur stefnanda ekki fullþurr til útskipunar fyrr en í byrjun september 1963. Pökkun var fyrst leyfð hjá stefnanda 10. september, og fyrsta sendingin fór með m/s Kong Alf 19. september. Af kaupenda hálfu var gæðum þessarar vörusendingar strax mótmælt. Næsta sending fór með m/s Rangá 30. október 1963. Mótmæli kaupenda gegn vörugæðum þessarar sendingar bárust með bréfi frá ítalska kaupandanum Sarcen, dagsettu þann 6. desember 1963. Tilkynnir kaupandinn það, að gæði skreiðarinnar séu svo léleg, að hann neyðist til að rifta kaupunum. Bæði Jón heitinn Gíslason og sonur hans, Jón, hafi fylgzt með gangi þessara mála að staðaldri, ýmist í gegnum símtöl eða munnleg samtöl á skrifstofu stefndu. Þegar framangreint bréf barst fyrir áramótin 1963—1964, voru þeir feðgar boðaðir á skrifstofuna og bréfið þýtt fyrir þá á íslenzku. Þessar viðræður leiddu til þess, að þeir feðgar óskuðu eftir, að allt, sem hægt væri, yrði gert til þess að fá kaupendurna til að falla frá riftun. Svo virtist sem þeir feðgar gætu ekki trúað því, að gæðum skreiðarinnar væri jafnáfátt og af var látið. Allan janúarmánuð voru samningstilraunir gerðar, en árangurslaust, og í byrjun febrúar tilkynntu kaupendurnir Sarcen og Bonarrigo með bréfi, dags. 2. febrúar, að þeir riftu endanlega samningnum vegna frámunalega slæmra gæða skreiðarinnar.

Eftir þetta var ákveðið að senda einn vagn, eða 250 pakka, af skreið til Ítalíu, og frásögn Harðar af þeirri ferð er samhljóða frásögn föður hans.

Síðara hluta marzmánaðar 1964 hafi þeir feðgar verið boðaðir á skrifstofu sína og þeim tilkynnt, að árangurinn af viðræðunum við ítölsku kaupmennina hafi orðið neikvæður. Áður hafi þeim verið tilkynnt, að þeir mundu sitja fyrir sölumöguleikum, sem kynnu að finnast hjá öðrum smærri ítölskum kaupendum. Þá var einnig svo um talað, að reynt yrði að selja talsvert magn af „Round Cod" 50/70 cm, sem upprunalega var ætlað á Ítalíumarkað til Vestur-Afríku. Þeir hafi svo haldið áfram tilraunum til að selja skreið þá, sem óseld var, í smásendingum til ýmissa kaupenda á Sikiley og í Napólí. En það hafi gengið illa, sökum þess hve illt orð framleiðslumerki stefnanda hafði á sér.

Fyrir dóm hefur komið sem vitni þann 3. maí 1966 Einar Ásmundsson, starfsmaður stefnanda. Vitnið skýrði svo frá, að sá háttur hefði verið hafður á í vinnustöð stefnanda að setja skreiðina í stæður eftir því, sem þeir álitu, að ríkismatið mundi fara.

Sé þá sú skreið, sem á Afríkumarkað á að fara, höfð sér og einnig sú skreið, sem á að fara á Ítalíumarkað. Síðan komi ríkismatið til og flokki skreiðina endanlega.

Þá segir vitnið, að það minnist þess, að árið 1963 og 1964 hafi verið flutt út frá fyrirtækinu skreið, sem eftir núgildandi flokkun muni vera næst flokknum „Edda". Þessi flokkun var þannig gerð, að ljótasti fiskurinn var tekinn frá svo og stórfiskur og ýsa. Þá hafi það, sem eftir var, verið flokkað af ríkismatinu og það, sem af þeim fiski fór ekki í flokkinn „Ítalíano", hafi verið flutt út sem flokkur, sem að gæðum mundi vera næst því sem flokkurinn „Edda" er í dag.

Ekki segir vitnið, að annar fiskur hafi verið fluttur út til Ítalíu. Þá segir vitnið, að aldrei hafi verið hróflað við flokkuninni, eftir að ríkismatið var búið að leggja sinn dóm á skreiðina.

Þá kom fyrir dóm þann 17. maí 1966 Gísli Hvanndal Jónsson, verkstjóri hjá stefnanda. Vitnið kvaðst hafa unnið hjá Jóni Gíslasyni samfleytt frá 1962. Það segir, að sá háttur hafi verið hafður á, að maður að nafni Einar Ásmundsson hafi séð um að taka út jarðsleginn fisk og frosinn og of stóran. Það, sem eftir var, ætluðust þeir til, að metið yrði á Ítalíumarkað. Síðan líti ríkismatið á hvern einstakan fisk, sem pakkað sé, og segi til um, í hvern flokk hann skuli fara.

Aðspurt segir vitnið, að skreið, sem metin var „Ítalíano" og „Africa-Quality" hafi farið á Ítalíumarkað. Nú sé þetta breytt, þannig að „Africa Quality" kallist „Edda" og sé flokkurinn „Edda" mjög líkur „Africa-Quality" að gæðum. Ríkismatið komi til, þegar verið sé að pakka á viðkomandi markað, en aldrei hafi verið pakkað í einu á Ítalíumarkað og Afríkumarkað. Þá fullyrti vitnið, að hvorki jarðsleginn né frosinn né skemmdur fiskur hefði slæðzt með á Ítalíumarkað.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að með samningnum á dskj. nr. 3, þar sem stefndu staðfesta að hafa selt fyrir stefnanda til ítalskra kaupmanna ákveðið magn af skreið fyrir tiltekið verð, hafi komizt á bindandi samningur og séu stefndu skuldbundnir til að efna hann eða bæta stefnanda fébótum þann skaða, sem hann hefur orðið fyrir vegna vanefnda þeirra.

Stefndu hafi komið fram í sambandi við samninginn frá 24. júlí 1963 að öllu leyti sem sjálfstæðir kaupendur. Hinir ítölsku kaupmenn séu ekki tilgreindir í samningnum og stefnanda því ókunnugt um, hverjir þeir séu.

Í þeim kafla samningsins, sem merktur sé „afskipun", hafi

kaupandi átt að gera allt, sem mögulegt var, til að afskipunarmagnið yrði allt að tvöfalt o. s. frv. Sýni þetta, að kaupandi sé enginn annar en Guðmundur Albertsson, enda hafi hann litið á sig sem slíkan, en hvorki umboðsmann kaupenda né seljanda. Breyti engu um þá réttarstöðu, þótt hann hafi áskilið sér 2.5% umboðslaun úr hendi stefnanda. Hljóti hann því að bera ábyrgð á efndum samningsins gagnvart sér, þar sem þeir séu tveir aðiljar að samningnum og ekkert réttarsamband skapist milli sín og viðsemjanda G. Albertssonar. Verði hins vegar litið á stefndu sem umboðsmenn, hafi réttarstaða þeirra skapað þeim skyldu til þess að koma strax á framfæri kvörtunum kaupenda, hafi þær einhverjar verið út af ásigkomulagi vörunnar.

Stefndu hafi verið sem umboðsmönnum óheimilt að semja við hina ítölsku kaupendur um annað en í samningnum á dskj. nr. 3 stóð, hvort heldur var um ásigkomulag eða afhendingu. Stefndu hafi einnig af sömu ástæðu verið óheimilt að þola kaupendum einhliða riftun á samningnum. Hafi samningurinn orðið annars efnis en hinir ítölsku kaupendur ætluðust til, t. d. hvað snertir ríkismat sem endanlegt, beri stefndu ábyrgð á því. Sem umboðsmanni beri honum einnig að bæta þann skaða, sem stefndi varð fyrir vegna vanefnda á samningnum (sic).

Stefndu reisa kröfur sínar á eftirfarandi rökum:

Þegar málsaðiljar gerðu með sér samkomulagið á dskj. nr. 3, var gengið út frá, að gæði skreiðarinnar yrðu samsvarandi og árið áður, en þá var framleiðsla stefnanda vinsæl á Ítalíumarkaði. Kaup hinna ítölsku kaupmanna væru algerlega háð því skilyrði, að gæði skreiðarinnar yrðu ekki lakari en verið hafði. Síðar hafi komið í ljós, að gæði skreiðarinnar voru ekki í samræmi við samninginn, og olli það því, að ítölsku kaupendurnir riftu kaupunum.

Af þessu sé ljóst, að tjón það, sem stefnandi kunni að hafa beðið í sambandi við skreiðarsöluna, eigi rætur að rekja til vanefnda hans sjálfs á samningnum vegna ófullnægjandi gæða skreiðarinnar. Þá halda stefndu því fram, að þeir séu ekki kaupendur að skreiðinni, heldur milligöngumenn um sölu hennar. Sjálft samkomulagið á dskj. nr. 3 taki af allan vafa um þennan ágreining. Alls staðar sé talað um, að stefndu hafi selt skreiðina fyrir stefnanda. Stefndu hafi áskilið sér umboðslaun, og samrýmist það á engan hátt því, að þeir séu kaupendur.

Enn fremur halda stefndu því fram, að þeir hafi rækt umboðsstörf sín óaðfinnanlega í þessu tilviki sem öðrum. Þeir hafi

gert allt, sem í þeirra valdi stóð, til þess að vernda hagsmuni stefnanda, eftir að samningar voru komnir í óefni vegna lélegra gæða skreiðarinnar. Varakröfu sína styðja stefndu þeim rökum, að ósannað sé, að stefnandi hafi beðið það tjón, sem hann vill vera láta.

Eins og málsatvikum hefur nú verið lýst, kemur fyrst til úrlausnar, hvort stefndu hafi verið kaupendur að skreið þeirri, sem mál þetta fjallar um, eða komið fram sem umboðsmenn. Það er ekki fyrr en 12. marz 1965 sem stefnandi krefur um andvirði skreiðarinnar. Í öllum bréfaviðskiptum, sem farið höfðu fram áður, talar stefnandi um skreið þá, sem stefndu seldu fyrir hann. Þá kemur einnig fram á skilagrein frá stefndu til stefnanda, að stefnandi greiðir allan kostnað við söluna, svo sem flutningsgjald, vátryggingu o. s. frv. Virðist þetta benda til þess, að stefnandi hafi litið á stefndu sem umboðsmenn sína gagnvart hinum ítölsku kaupendum. Verður þá, eins og þessum viðskiptum er háttað, að telja starfsemi stefndu umsýslustörf (commission).

Kemur þá að því úrlausnarefni, hvers konar réttarsamband hafi skapazt á milli málsaðilja með samkomulaginu á dskj. nr. 3. Samkvæmt því skuldbinda stefndu sig til að selja fyrir stefnanda magn það af skreið, sem þar er tilgreint, fyrir ákveðið verð „Africa-Quality" £ 295-0-0 og fyrir „Ítalíanó" £ 360-0-0, hvort tveggja pr. 1.000 kg. cif. Ítalíu gegn umboðslaunum 2.5% svo og öðrum skilyrðum, sem þar greinir.

Hins vegar skuldbinda stefndu sig til þess að láta við pökkun taka frá óheilbrigðan, jarðsleginn og/eða frosinn fisk og hafa hið tilskilda fiskmagn til á þeim tíma, er greinir í samkomulaginu.

Stefndu sömdu beint við hina ítölsku kaupmenn, án þess að stefnanda væri þar getið eða samþykki hans kæmi til. Hefur því ekkert réttarsamband skapazt milli hans og kaupenda vörunnar. Stefndu eru því eini aðilinn, sem stefnandi gat sótt að lögum til efnda á samkomulaginu á dskj. nr. 3, þar sem þeir, eins og áður segir, sömdu um sölu á ákveðnu magni skreiðar fyrir tiltekið verð án þess að gera nokkurn fyrirvara þar um, hljóta stefndu að bera ábyrgð gagnvart stefnanda, að því er þessum atriðum viðkemur um efndir samningsins, að svo miklu leyti sem stefnandi sjálfur hefur ekki með aðgerðum sínum eða aðgerðarleysi leyst þá undan ábyrgðinni.

Skal þá vikið að þeirri mótbáru stefndu, að vanefndir á samningnum séu stefnanda sjálfum að kenna, vegna þess að skreiðin

hafi ekki uppfyllt það gæðamat, sem áskilið var. Í samningnum á dskj. nr. 3 stendur: „Allt að einu er ríkismatið endanlegt". Öll sú skreið, sem mál þetta snýst um, var metin af ríkismatinu á sama hátt og skreið framleidd 1962 samkvæmt vottorðum Kristjáns Elíassonar yfirfiskimatsmanns.

Sönnunarbyrðin fyrir því, að gæði skreiðarinnar hafi verið önnur en ríkismatið segir til, hvílir því á stefndu. Gegn mótmælum stefnanda verður skoðunargerð stefnda Guðmundar Albertssonar á Ítalíu, sem áður greinir frá, ekki lögð til grundvallar í málinu, þar sem stefnandi var ekki tilkvaddur. Liggja því ekki fyrir lögfullar sannanir til staðfestingar kvörtunum hinna ítölsku kaupenda um það, að skreiðin hafi ekki fullnægt þeim gæðakröfum, sem tilskildar voru, enda kom í ljós, þegar afgangsskreiðin var seld sumarið 1965, að verðlag hennar hafði ekki lækkað meira en ca. 7% frá hinu upphaflega verði.

Eins og áður greinir, hafa stefndu haldið því fram, að samkomulag hafi orðið á milli þeirra og stefnanda þess efnis, að stefnandi skyldi sitja fyrir þeim möguleikum, sem skapast kynnu um sölu til smærri kaupenda á Ítalíu, og einnig skyldi reynt að koma í kring sölu til Vestur-Afríku.

Um þetta atriði er framburður Jóns Jónssonar ekki afgerandi, svo sem áður er rakið. Hann hefur borið fyrir dómi, að vel megi vera, að hann eða faðir hans hafi gefið stefndu heimild til að selja á Afríkuverði til Vestur-Afríku.

Með hliðsjón af þessum óljósa framburði Jóns Jónssonar þykir, eins og málum er háttað, rétt að leggja til grundvallar varðandi þetta atriði framburð stefndu. Ósannað er, að stefnandi hafi hreyft neinum mótmælum gegn sölu skreiðarinnar til Vestur-Afríku og smærri kaupenda á Ítalíu fyrr en með bréfi sínu, dags. 14. ágúst 1964, enda þótt honum væri ljóst, að þar var um óhagstæðari sölu að ræða en samkomulagið á dskj. nr. 3 gerði ráð fyrir. Í þessu verður að telja, að felist beint eða óbeint samþykki, og getur hann því ekki haft uppi bótakröfur af þeim sökum. Hins vegar verður ekki fallizt á, að mótmæli stefnanda gegn vanefndum stefndu á samkomulaginu á dskj. nr. 3 varðandi skreið þá, sem afgangs varð, séu of seint fram komin.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, bera stefndu ábyrgð á tjóni því, sem stefnandi varð fyrir í sambandi við sölu þeirrar skreiðar, sem afgangs varð, er viðskiptum þeirra og stefnanda lauk, sbr. bréf stefndu frá 21. júní 1965.

Skulu nú kröfur stefnanda teknar til meðferðar í sömu röð sem þær eru fram settar á dskj. nr. 37:

1. Stefnandi telur, að í árslok 1964 hafi birgðir af „Round Cod" 50/70 numið 1.681 pakka. Þessi skreið hafi stöðugt haldið áfram að rýrna, þar til hún var seld. Þá varð að færa saman í pökkunum vegna rýrnunar, og nam hún 1.980 kg. á kr. 29.79, eða samtals kr. 58.984.20. Þessi skreið var seld lægra verði, eða £ 275-0-0 pr. tonn. Verðismunur á söluverði og verði því, sem tilgreint var í samningnum á dskj. nr. 3, nemi því kr. 212.585.42. Kröfuliður þessi er því samtals kr. 271.569.62. Hér er um að ræða skreið þá, sem afgangs varð, eftir að viðskiptum stefnanda og stefndu lauk. Í bréfi frá 21. júní 1965 lýstu stefndu því yfir, að skreið þessi væri þeim óviðkomandi.

Fyrri liður kröfunnar, kr. 58.984.20, er rýrnun sú, sem stefnandi telur, að átt hafi sér stað á skreiðinni, meðan hún lá óseld í vörzlum hans. Að áliti hins sérfróða dómara er hér ekki um óeðlilega rýrnun að ræða, þegar litið er til þess, hve langan tíma skreiðin beið í fiskverkunarstöð stefnanda, eða nær tvö ár, og að henni þurfti að umpakka. Ber því að taka þennan lið til greina með vísan til þess, sem að framan er sagt, enda er honum í hóf stillt.

Skal þá vikið að síðari hluta kröfunnar, sem er verðismunur á skreið þeirri, sem S. Í. S. seldi fyrir stefnanda, og því meðalverði, sem stefnandi telur sig hafa fengið fyrir þá skreið, sem stefndu seldu fyrir hann.

Samkvæmt skilagrein frá S. Í. S., dags. 26. ágúst 1965, er skreið þessi gerð upp á £ 275-0-0 pr. tonn, en samkvæmt samningi aðilja á dskj. nr. 3 skyldi tonnið seljast á £ 295-0-0. Kemur þar fram verulegur verðismunur, sem svarar £ 20-0-0 pr. tonn, og nemur þessi mismunur kr. 176.536.30 á því magni, sem hér um ræðir. Hins vegar þykja stefndu ekki bera ábyrgð á því, að meiri kostnaður varð við sölu þessarar skreiðar en þeirrar, sem seld var af stefndu, þar sem aðiljar sömdu um brúttósöluverð skreiðarinnar, enda hér um erlendan kostnað að ræða.

Með vísan til þess, sem að framan segir, verður að telja stefndu ábyrga fyrir þessum mismun, og ber því að taka þennan kröfulið til greina.

2. Vinna við breytingu á merkingu og tilfærslu á skreiðarpökkum, sbr. dskj. nr. 4 og 8, á kr. 31.292.46. Kröfuliður þessi er að sögn stefnanda vinna við að merkja pakka upp á nýtt og bæta í þá. Hafi kostnaður við þetta reynzt vera kr. 15.03 á pakka.

Hér er um að ræða skreið, sem annað hvort var seld á Afríku- eða Ítalíumarkað. Skreið þessi var seld með vitund stefnanda, og ósannað er, að hann hafi hreyft neinum mótmælum gegn sölu hennar. Með vísan til þess, sem að framan er sagt um sölu þessarar skreiðar, verður þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

3. Undir þennan lið tilfærir stefnandi vinnu við að umpakka og færa saman í pökkum vegna rýrnunar á skreið þeirri, sem óseld var. Telur hann, að það verk hafi tekið 120 vinnustundir og numið kr. 5.482.68.

Þar sem hér er um að ræða kostnað við skreið þá, sem afgangs varð og stefndu bar að selja eftir gerðum samningi, en lýstu sér óviðkomandi, verður þessi kröfuliður tekinn til greina, enda virðist honum í hóf stillt.

4. Hér er um að ræða efni í umbúðir vegna breyttra merkja vörunnar, eftir að nýir kaupendur gengu inn í samninginn. Telur stefnandi, að í þetta hafi farið strigi að verðmæti kr. 4.299.75.

Með vísan til þess, sem segir um kröfulið tvö, verður þessi liður ekki tekinn til greina gegn mótmælum stefndu.

5. Þessi kröfuliður er vegna rýrnunar á „Round Cod" 50/70, er átti að afskipa í nóvember 1963 og janúar 1964, 3.133 pakkar, en þeir hafi ekki farið fyrr en í maí—ágúst 1964. Á þessu tímabili hafi skreið þessi rýrnað um 1.5 kg. pr. pk., eða samtals kr. 140.013.00.

Með vísan til þess, sem segir um kröfulið tvö, verður þessi liður ekki tekinn til greina gegn mótmælum stefndu.

6. Undir þennan lið fellir stefnandi rýrnun á „Ítaliener" skreið, sem átti að afskipa í ágúst 1963 til janúar 1964. Var hér um að ræða 641 pakka, sem ekki fóru fyrr en í apríl til september 1964. Á þessu tímabili rýrnaði skreiðin um 1.5 kg. pr. pakka, þ. e. 961.5 kg. á kr. 36.83 pr. kg., kr. 35.412.00.

Með vísan til þess, sem segir um kröfulið tvö, verður þessi liður ekki tekinn til greina gegn mótmælum stefndu.

7. Kröfuliður þessi er til orðinn vegna þess, að þann 16. júlí 1964 afskipa stefndu með Goðafossi 194 pökkum af skreið „Round Cod" 50/70, þ. e. 8.730 kg. nettó. Umsamið verð á þessari skreið var £ 295-0-0 pr. tonn til Ítalíu og umboðslaun 2.5%. Stefndu seldu skreiðina til Afríku á £ 253-2-0 fob. og reikna umboðslaun 3%. Mismunur á meðalverði á skreið, er stefndu sendu á Ítalíumarkað og afreiknað var á réttu verði og ofangreindu nettó-verði þessarar skreiðar til Afríku, var kr. 2.77 pr. kg., eða samtals kr. 24.182.10.

Með vísan til þess, sem segir um kröfulið tvö, verður þessi liður ekki tekinn til greina gegn mótmælum stefndu.

8. Þessi kröfuliður er þannig til orðinn, að þann 24. júlí 1964 afskipa stefndu 400 pökkum, þ. e. 18.000 kg., af skreið með Tungufossi og afreikna hana á Afríkuverði. Mismunur á því verði og meðalverði á Ítalíu seldri skreið er því kr. 2.19 pr. kg. nettó, eða kr. 39.420.00.

Af sömu ástæðum og tilgreindar eru undir lið 2 verður þessi kröfuliður ekki tekinn til greina gegn mótmælum stefndu.

9. Þennan kröfulið telur stefnandi þannig til orðinn, að samkvæmt yfirlitsskilagrein, dags. í október 1964, frá stefndu er stefnandi debetfærður fyrir kr. 65.941.24. Þessi færsla sé ekki rétt, sbr. skilagrein frá 15. febrúar 1964. Hins vegar sé það rétt, sem ofgreitt er talið á leiðréttri skilagrein í desember 1964, kr. 3.000.00, þannig að vangreitt sé samkvæmt skilagrein kr. 62.941.24.

Kröfuupphæð þessa liðs er þannig til komin, að stefndu hafa á dskj. nr. 49 fært stefnanda til tekna 43.875 kg. af skreið á £ 295-0-0 pr. tonn. Þeir hafa haldið því fram, að skreiðin hafi afvangá verið reiknuð á Ítalíuverði, en verið seld á Afríkuverði. Síðan hafi þeir á dskj. nr. 45 fært stefnanda til skuldar þennan mismun, sem nemur kr. 65.941.24. Frá þessari fjárhæð dregst leiðréttingarfærsla, kr. 3.000.00, og kemur þá fram kröfuliðurinn kr. 62.941.24.

Óumdeilt er, að skreið þessi var seld til Afríku, og með vísan til þess, sem segir um kröfulið tvö, verður þessi kröfuliður ekki tekinn til greina gegn mótmælum stefndu.

10. Undir þennan lið tilfærir stefnandi flutningsgjald reiknað á Afríku í stað Ítalíu. Þann 15. febrúar 1964 selja stefndu 1.140 pakka af skreið og sendu þá með Laxá til Afríku. Af þessari skreið séu 975 pakkar, 43.865 kg. nettó, sem stefndu sömdu um að selja til Ítalíu, enda reikni stefndu þessa skreið á £ 295-0-0 pr. tonn, sem er samningsverð, en flutningsgjald sé reiknað til Afríku, sem ekki fái staðizt, þar sem samningurinn hljóði um sölu til Ítalíu. Mismunur á þessu flutningsgjaldi sé kr. 1.24 pr. kg. × 43.835 kg., eða kr. 54.405.00.

Af sömu ástæðum og greinir undir lið 2 verður þessi kröfuliður ekki tekinn til greina gegn mótmælum stefndu.

11. Þessi liður fjallar um ofreiknuð sölulaun af sölu á 300 pökkum, sem sendir voru með m/s Laxá þann 1. ágúst 1964. Reiknuð voru 3% sölulaun í stað 2.5%, sbr. dskj. 3. Nemi mismunur þessi kr. 2.384.92.

Stefndu voru samningsbundnir um 2.5% sölulaun. Ekki verður talið, að neitt það sé fram komið í málinu, sem leysi þá undan þeirri skuldbindingu. Ber því að taka þennan kröfulið til greina.

12. Liður þessi fjallar um 4% sölulaun, sem Jóhann Karlsson tók fyrir sölu á „Round Cod" 50/70, 13.500 kg., sem stefndu höfðu samið um sölu á. Nemur þessi mismunur kr. 5.253.00.

Af sömu ástæðum og greinir undir lit eitt verður þessi liður ekki tekinn til greina gegn mótmælum stefndu.

13. Þessi liður er varðandi 4% sölulaun, er Steinavör tók fyrir sölu á 100 pökkum af „Round Cod" 50/70 af þeirri skreið, sem stefndu sömdu um sölu á. Nemur mismunurinn kr. 2.384.91.

Af sömu ástæðum og greinir undir lið eitt verður þessi liður ekki tekinn til greina gegn mótmælum stefndu.

14. Sundurliðun á kröfulið þessum er að finna á dskj. nr. 40. Kröfuliður þessi er þannig fram settur, að stefndu eru skuldfærðir fyrir 9½% ársvöxtum af meðalverði skreiðarinnar samkvæmt skilagreinum þeirra frá umsömdum útskipunarmánuðum og til ársloka 1964. Síðan eru stefndu færðir til tekna 9½% vextir af greiðslum frá greiðsludegi til ársloka 1964. Nemur bótakrafan þannig reiknuð kr. 482.375.49.

Af því, sem að framan hefur verið rakið, er ljóst, að stefnandi hefur orðið fyrir vaxtatapi og þó einkum vegna dráttar á sölu á skreið þeirri, sem endanlega var seld af S. Í. S., rýrnun hennar og af því að hún var að lokum seld á lægra verði en um var samið í upphafi.

Skilagrein yfir sölu á skreið þessari er dagsett 26. ágúst 1965. Síðasta útskipun, sem samið var um samkvæmt dskj. nr. 3, átti að fara fram í janúar 1964. Ekki verður það vitað með vissu, hvenær stefnandi hefði fengið greiðslu skreiðarinnar, ef hún hefði verið seld af stefndu, og ekki liggur fyrir, hvenær stefnandi móttók endanlega greiðslu fyrir þessa skreið. Af þessum ástæðum verður vaxtatjón hans ekki reiknað nákvæmlega. Rétt þykir að miða við 7% ársvexti. Þegar þessi atvik eru höfð í huga, þykir vaxtatap stefnanda hæfilega ákveðið kr. 210.000.00.

Niðurstaða málsins verður því sú, að dæma ber stefndu til þess að greiða stefnanda kr. 58.984.20 + 176.536.30 + 5.482.68 + 2.384.92 og kr. 210.000.00, eða samtals kr. 453.388.10, auk 6% ársvaxta frá 28. október 1965 til 1. janúar 1966 og 7% ársvaxta frá þeim tíma til greiðsludags og kr. 60.500.00 í málskostnað.

Dóm þennan kváðu upp Kristján Jónsson borgardómari, Guðmundur Skaptason viðskiptafræðingur og Már Elísson skrifstofu-

stjóri, en dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dómsins vegna fjarveru eins dómarans úr bænum.

Dómsorð:

Stefndu, Guðmundur Albertsson, Miðtúni 4, Reykjavík, og Hörður G. Albertsson, Litlagerði 4, Reykjavík, greiði in solidum stefnanda, Jóni Gíslasyni s/f, Hafnarfirði, kr. 453.388.10 auk 6% ársvaxta frá 28. október 1965 til 1. janúar 1966 og 7% ársvaxta frá þeim tíma til greiðsludags og kr. 60.500.00 í málskostnað. Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. janúar 1969.

Nr. 210/1968. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Ole Nordman Olsen
(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

I. Akstur ákærða 23. apríl 1967.

Vitnið Ólafur Ægir Ólafsson sjómaður kveðst hinn 23. apríl 1967 hafa séð ákærða aka bifreiðinni Í 1100 á Ísafirði í átt til hafnarinnar, þar sem hann hefði „snarstöðvað bifreiðina á kantbrúninni". Vitnið, sem sýndist ákærði með áhrifum áfengis, gerði lögreglumanni viðvart um það og gálausan akstur ákærða. Er lögreglumennirnir Kristján Jón Kristjánsson og Oddur Oddsson því næst komu á vettvang, sat ákærði ölvaður undir stýri bifreiðar sinnar. Samkvæmt vætti lögreglumannanna játaði ákærði fyrir þeim, að hann hefði neytt áfengis, áður en hann ók „niður á höfn". Er

ákærði hinn 24. maí 1967 kom fyrir sakadóm, kvaðst hann í fyrstu „ekki minnast þess“, að hann hefði neytt áfengis, áður en hann hóf aksturinn, en hann taldi sig hins vegar hafa drukkið um hálfflösku af sterku víni í bifreiðinni eftir að hafa stöðvað hana á hafnarbakkanum. Í lok þinghaldsins staðhæfði ákærði loks, að hann hefði ekki drukkið vín, áður en umræddur akstur hófst. Ákærði kvaðst halda, að hann hefði að lokinni drykkju kastað vínflösku sinni í sjóinn. Lögreglumenn urðu áfengis eða flösku eigi varir í bifreið ákærða né fórum hans. Vitnið Ólafur Ægir, er áður getur, kveðst ekki hafa séð ákærða neyta víns, „á meðan hann sat í bílnum“. Vitnið Guðjón Loftsson, sem ákærði kvaddi til viðtals við sig í bifreiðinni og sat þar um stund, sá ákærða ekki hafa vín um hönd. Framangreind vitni hafa öll staðfest vætti sitt með eiði. Áfengismagn í blóði, er ákærða var tekið þegar eftir handtöku hans nefndan dag, reyndist 1.9‰, eins og í héraðsdómi greinir. Þegar virt eru sakargögn og allar aðstæður, þykir verða við það að miða, að ákærði hafi við aksturinn verið með áhrifum áfengis í þeim mæli, að við lagaboð varði, eins og í ákæru segir.

II. Akstur ákærða 30. júní 1967.

Háttsemi ákærða, sem hér er um að tefla, er með skírskotun til forsendna héraðsdóms færð þar til réttra refsiákvæða.

III.

Samkvæmt því, sem rakið var, ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, kr. 8.000.00.

Það er aðfinnsluvert, að lögreglumenn þeir, sem handtóku ákærða, framkvæmdu ekki leit eftir áfengi í bifreið hans.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Ole Nordman Olsen, greiði kostnað af áfrýjun

málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 5. ágúst 1968.

Ár 1968, mánudaginn 5. ágúst, var í sakadómi Ísafjarðar, sem haldinn var af Jóhanni Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 10. júlí s.l.

Mál þetta er höfðað af saksóknara ríkisins með ákæru, dags. 20. desember 1967, gegn Ole Nordman Olsen framkvæmdastjóra, Fjarðarstræti 59, Ísafirði, fyrir að aka sunnudaginn 23. apríl og föstudaginn 30. júní 1967 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Í 1100 um götur á Ísafirði, í fyrra skiptið frá Rækjuverksmiðju Ole Olsen að Ísafjarðarhöfn og í seinna skiptið frá Tangagötu 6 að útibúi Landsbanka Íslands við Hafnarstræti, þar sem lögreglan kom í veg fyrir frekari akstur hans.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem er fæddur 13. nóvember 1935 á Ísafirði, hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1953 10/12 í Ísafjarðarsýslu: Áminning fyrir bifreiðalagabrot.
1961 22/12 í Ísafjarðarsýslu: Áminning fyrir brot á 51., sbr. 65. gr. umferðarlaga.
1963 9/5 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
1963 19/8 í Ísafjarðarsýslu: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
1964 24/4 í Ísafjarðarsýslu: Dómur: 2.000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá lögbirtingu dóms fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum. (Dómsbirting 29. 4. '64).
1964 15/9 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
1965 11/5 í Ísafjarðarsýslu: Áminning fyrir brot á 18. og 19. gr. umferðarlaga.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 23. apríl 1967 kl. 1800 var lögreglan á Ísafirði á eftirlitsferð í Aðalstræti. Hjá Bátahöfninni stóð bifreiðin Í 1100,

og sat ákærði undir stýri. Við athugun sást greinilega, að ákærði var undir áhrifum áfengis. Hann var fluttur í lögregluvarðstofuna, og tók héraðslæknirinn þar úr honum blóðsýnishorn. Reyndust vera í því reducerandi efni, er samsvara 1.90‰ af alkóhóli. Ákærði ók bifreiðinni frá rækjuverksmiðju sinni og niður að Bátahöfn. Kvaðst hann hafa neytt slatta af koníaki í rækjuverksmiðjunni og á Bátahöfninni, en neitaði að hafa fundið til áfengisáhrifa. Ákærði kom fyrir dóm og neitaði þá að hafa gefið þessa viðurkenningu og hélt því fram, að hann hefði ekki neytt áfengis, fyrr en hann var kominn niður að Bátahöfn. Hefði hann verið að bíða eftir vélbát og neytt áfengisins, meðan á biðinni stóð. Hefði hann setið í bifreiðinni, meðan hann neytti áfengisins, en ekki gert neina tilraun til að aka henni. Kvaðst hann hafa verið búinn að biðja mann þann, sem sat inni í bifreiðinni hjá honum, að aka henni, vegna þess að hann hefði neytt áfengis, og hefur maður þessi staðfest það.

Föstudaginn 30. júní 1967 var lögregluþjónn nr. 2 á eftirlitsferð um bæinn. Hjá Landsbankanum í Hafnarstræti sá hann bifreiðina Í 1100 á ferð, og var ákærði við stýri. Vegna þess að honum virtist akstur ákærða óöruggur, hafði lögregluþjónninn tal af honum. Sá hann ölvunareinkenni á ákærða. Lagði af honum áfengisþef, augun voru rauð og þrútin. Var farið með ákærða í lögregluvarðstofuna, og læknir tók blóðsýnishorn úr honum. Við rannsókn reyndust vera í því reducerandi efni, sem samsvara 2‰ af alkóhóli.

Þessi vitni hafa komið í dóm og staðfest vætti sitt með eiði:

Guðjón Loftsson skýrði frá því, að ákærði hefði kallað á hann, er hann var staddur niður við Bátahöfn, og beðið sig að tala við sig inni í bifreiðinni Í 1100. Röbbuðu þeir saman nokkra stund, og sat ákærði undir stýri, en enga tilraun gerði hann til að aka. Ákærði bað vitnið að aka sér heim, en hann kvaðst ekki hafa getað það. Vitnið kvaðst hafa veitt því athygli, að ákærði var nokkuð undir áhrifum áfengis, þegar vitnið settist inn í bílinn, en ekki sá það ákærða neyta áfengis. Vitnið sagði, að ákærði hefði ekki verið inni í bifreiðinni, þegar hann bað vitnið að tala við sig.

Vitnið Ólafur Ægir Ólafsson kvaðst hafa séð ákærða aka bifreiðinni niður að höfn og hefði því sýnzt ákærði vera undir áhrifum áfengis. Ákærði sat kyrr í bifreiðinni, en ekki sá vitnið hann neyta áfengis í henni.

Vitnið Sigurður Jósef Gunnar Ólafsson kvaðst hafa séð ákærða

aka bifreiðinni niður með Bátahöfn, en ekki geta sagt um það, hvort ákærði var undir áhrifum áfengis.

Oddur Oddsson lögregluþjónn kvaðst hafa komið að bifreiðinni Í 1100 niður við Bátahöfn, og sat ákærði undir stýri, greinilega ölvaður. Var ekið með hann í lögregluvarðstofuna, og tók læknir þar úr honum blóðsýnishorn. Ákærði hefur viðurkennt að hafa verið að drekka áfengi, áður en hann ók bifreiðinni frá verksmiðju sinni í Sundstræti niður að Bátahöfn, en ekki viðurkennt, að hann hafi fundið til áfengisáhrifa, meðan á akstrinum stóð. Önnur einkenni á ákærða voru þau, að andlit var rjótt, þrætugjarn í framkomu, augu vot, rauð og blóðhlaupin, jafnvægi óstöðugt, málfar þvöglulegt og framburður ruglingslegur.

Vitnið sagði fyrir dómi, að ákærði hefði verið mikið ölvaður, þegar hann var handtekinn.

Vitnið Kristján Jón Kristjánsson lögregluþjónn kvaðst ásamt Oddi lögregluþjóni hafa komið að bifreiðinni Í 1100 niður við Bátahöfn. Ákærði sat undir stýri og var greinilega undir áhrifum áfengis. Var ekið með hann í lögregluvarðstofuna, og tók læknir þar úr honum blóðsýnishorn. Ákærði hefur viðurkennt, að hann hafi drukkið áfengi, áður en hann ók bifreiðinni frá verksmiðju sinni við Sundstræti niður að Bátahöfn, en ekki viðurkennt, að hann hafi fundið til áfengisáhrifa meðan á akstrinum stóð. Önnur einkenni á ákærða voru þau, að andlit var rjótt, þrætugjarn í framkomu, augu vot, rauð og blóðhlaupin, jafnvægi óstöðugt, málfar þvöglulegt og framburður ruglingslegur.

Föstudaginn 30. júní 1967 var vitnið á eftirlitsferð um bæinn. Í Hafnarstræti sá það bifreiðina Í 1100, og var ákærði undir stýri. Virtist hann óóruggur við stjórn bifreiðarinnar, og fór vitnið til hans og sá þá, að á honum voru sjáanleg ölvunareinkenni, lagði af honum áfengisþef, og augun voru rauð og þrútin. Farið var með ákærða í lögregluvarðstofuna, og þurfti að beita hann valdi, sakir þess að hann vildi ekki fara þar inn. Læknir tók blóðsýnishorn úr ákærða, og reyndust við rannsókn vera í því reducerandi efni, er samsvara 2.00‰ af alkóhóli.

Önnur einkenni á ákærða við handtökuna voru þau, að áfengisþefur af andliti var talsverður, litarháttur eðlilegur, framkoma var kurteis og æst, augu vot og rauð, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður. Vitnið sagði fyrir dómi, að ákærði hefði verið sjáanlega ölvaður. Vitnið Geir Elvar Bæringsson kvaðst ekki hafa séð ákærða neyta áfengis, áður en lagt var á stað, en það var farþegi í bifreiðinni, er lögreglan handtók

ákærða og ók henni að lögregluvarðstofunni. Það kvaðst ekki hafa veitt því sérstaka athygli, að áfengisþef legði af ákærða, og ekki tekið eftir því, hvort hann var undir áhrifum áfengis. Það kvaðst hafa verið starfsmaður ákærða og vitað til þess, að hann neytti oft áfengis og þess vegna hafa verið hætt að veita því sérstaka atygli, í hvernig ástandi ákærði var.

Ákærði hefur haldið því fram, að taka hans við Bátahöfnina hafi verið byggð á röngum forsendum. Hann kvaðst ekki hafa verið búinn að neyta áfengis, áður en hann ók niður að Bátahöfn 23. apríl 1967, og sé einhver misskilningur í skýrslu lögreglunnar um það, að hann hafi viðurkennt að hafa verið að drykkju í verksmiðjunni, áður en hann lagði af stað. Hins vegar kvaðst hann hafa drukkið áfengi í bílnum niður við Bátahöfnina, en þar kvaðst hann hafa beðið um hálfa klukkustund til þrjá stundarfjórðunga. Ætlun hans hafi verið að hreyfa ekki bifreiðina sjálfur eftir það.

Þá hefur hann haldið því fram, að 30. júní 1967 hafi hann alls ekki verið undir áhrifum áfengis, þegar lögreglan stanzaði hann og lét taka úr honum blóðsýnishorn. Hljóti að hafa orðið einhver ruglingur með blóðið eða alkóhólrannsóknin röng. Kvaðst hann ekki hafa neytt neins áfengis. Hann vakti athygli á því ósamræmi milli niðurstöðu blóðrannsóknar og lögregluskýrslu, að jafnvægi væri stöðugt og málfar skýrt, en 2.00‰ alkóhólmagn í blóði.

Ákærði krafðist algerrar sýknu.

Samkvæmt upphaflegum upplýsingum ákærða og skýrslu lögreglunnar hefur liðið um fjórðungur stundar, frá því að ákærði ók frá rækjuverksmiðjunni í Sundstræti og þangað til lögregluþjónarnir komu niður að Bátahöfn að bifreið ákærða.

Eins og áður greinir, fundust í blóði ákærða, sem tekið var úr honum 23. apríl, reducerandi efni, sem samsvara 1.90‰ af alkóhóli, en 2.00‰ í blóði því, er tekið var úr honum 30. júní. Ákærði hefur ekki gert sennilegt, að mistök hafi orðið við rannsókn á blóðsýnishorni, sem tekið var úr honum 30. júní, þó að nokkurt misræmi virðist milli útlitslýsingar og niðurstöðu blóðrannsóknar.

Með gögnum þeim, sem fram eru komin í málinu, verður að telja í ljós leitt, að ákærði hafi verið með áfengisáhrifum, er hann ók bifreið sinni í umrædd skipti, enda verður ekki tekið mark á breytingum ákærða á framburði hans um vínnautn hans fyrir þessum dómi 24. maí 1967 frá því, sem hann viðurkenndi fyrir lögreglumönnunum 23. apríl s. á., og yfirlýsingu hans um það,

að hann hafi fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Hefur ákærði með þessu atferli brotið gegn lagaákvæðum þeim, sem greind eru í ákæruskjali, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, nú sömu gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Refsing ákærða fyrir þetta atferli þykir hæfilega ákveðin með tilliti til lagafyrirmæla um ítrekunaráhrif 15 daga varðhald.

Þá ber að svipta hann ökuleyfi ævilangt samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, nú 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar. Ákærði afhenti ökuskýrteini sitt nr. 970 30. júní 1967 í dóminum.

Dráttur hefur orðið á að ljúka málinu, sakir þess að ekki náðist til ákærða, er var fjarverandi mánuðum saman, og vegna anna dómarans.

Dómsorð:

Ákærði, Ole Nordman Olsen, sæti varðhaldi í 15 daga. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. janúar 1969.

Nr. 233/1968. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Eyþóri Magnúsi Kjartanssyni
(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms.

Lögreglumennirnir Björn H. Björnsson og Helgi Daníels-

son, sem á eftirlitsferð í lögreglubifreið veittuathygli akstri ákærða og stöðvuðu hann, hafa staðfest skýrslur sínar um sakarefni. Þá hefur Brandur Fróði Einarsson lögreglumaður borið um athuganir sínar á skemmdum, sem bifreið ákærða, M 852, olli á bifreiðinni E 678. Loks hefur eigandi síðarnefndu bifreiðarinnar, Ingvar Þorleifsson verzlunarmaður, lýst akstri ákærða, árekstri bifreiðanna og spjöllum á bifreiðinni E 678. Skýrslur þessar, sem koma heim við atvikalýsingu héraðsdóms, hafa nefnd vitni staðfest með eiði.

Háttsemi ákærða varðar við lagaboð þau, sem í ákæru greinir, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 10 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og málskostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, kr. 8.000.00.

Það athugast, að í héraðsdómi er ákærða mælt sektarrefsing, enda þótt brot hans sé þar réttilega fært til 4. mgr. 25. gr. laga nr. 26/1958.

Dómsorð:

Ákærði, Eyþór Magnús Kjartansson, sæti varðhaldi 10 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og málskostnað eru staðfest.

Ákærði greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 17. október 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. maí s.l., hefur saksóknari ríkisins höfðað með ákæru, útgefinni 22. apríl s.l., á hendur Eyþóri Magnúsi Kjartanssyni, Lækjarkoti, Borgarhreppi, Mýrasýslu, fyrir

að aka laugardaginn 27. janúar 1968 undir áhrifum áfengis og án þess að hafa meðferðis ökuskírteini sitt bifreiðinni M 852 frá heimili sínu, Lækjarkoti, Borgarhreppi, sem leið liggur til Akraness og síðan víðsvegar um götur þar í bænum, m. a. um Skólabraut, þar sem ákærði ók utan í bifreiðina E 678 vegna gáleysislegs og of hraðs aksturs miðað við aðstæður, er hann ók fram úr henni á mótum Skólabrautar og Kirkjubrautar, og síðan áfram án þess að sinna frekar um óhappið, þar til lögreglunni tókst að stöðva ákærða á Skagabraut.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. og 2. mgr. 41. gr. og 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 7. maí 1946 að Lambastöðum á Seltjarnarnesi. Hann hefur ekki sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Málsatvik eru þessi:

Um kl. 2230 laugardaginn 27. janúar 1968 veittu tveir lögreglumenn á Akranesi, sem voru á eftirlitsferð, athygli ljósri Volkswagen-bifreið með skrásetningareinkenninu M 852, þar sem henni var ekið á allmiklum hraða vestur Kirkjubraut þar í bæ og öfugu megin umferðareyju, sem skiptir akreinunum gegnt gatnamótum Skagabrautar. Veittu þeir bifreið þessari eftirför og sáu hana aka á miklum hraða fram úr annarri bifreið í beygju á mótum Kirkjubrautar og Skólabrautar, og virtist þeim ökumaður M 852 missa þar vald á bifreiðinni, því að hún rann að nokkru út á hlið með þeim afleiðingum, að hún lenti utan í bifreiðinni E 678, sem var á leið niður Kirkjubraut í sömu akstursstefnu og M 852, sem ók óhikað áfram, eins og ekkert hefði í skorizt. Við árekstur inn beyglaðist bæði hægra frambretti og stuðari E 678.

Skömmu síðar stöðvuðu lögreglumenn þessir bifreiðina M 852 á Skagabraut. Ökumaður hennar reyndist vera ákærði. Hann hafði ekki ökuskírteini sitt né önnur skilríki meðferðis. Þar sem lögreglumennirnir töldu ákærða sjáanlega undir áhrifum áfengis, færðu þeir hann til blóðtöku. Með ákærða var farþegi, Haukur bróðir hans, sem var einnig drukkinn.

Lögreglumenn, sem skoðuðu bifreiðina M 852 umrætt sinn, fundu skemmd á afturbretti hennar vinstra megin, sem virtist koma heim og saman við skemmdirnar á bifreiðinni E 678.

Við yfirheyrslu hjá lögregluvarðstjóra viðurkenndi ákærði ekki að hafa neytt áfengis fyrir aksturinn eða við hann umrætt sinn. Hins vegar leiðrétti ákærði þann framburð fyrir rétti 18. marz s.l. og játaði þá að hafa neytt áfengis fram að hádegi aksturs-daginn, en kvaðst alls ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn greint sinn.

Vitnið Björn H. Björnsson lögregluvarðstjóri, sem handtók ákærða, ber hins vegar, að ákærði hafi sjáanlega verið undir áhrifum áfengis, þegar lögreglumennirnir komu að honum undir stýri bifreiðarinnar M 852 eftir að hafa veitt henni eftirför um götur á Akranesi.

Niðurstaða alkóhólrannsóknar á blóðsýnishorni úr ákærða var sú, að í því voru reducerandi efni, er samsvara 1.72‰ af alkóhóli, en samkvæmt dskj. nr. 5 var blóðsýnishorn tekið úr ákærða kl. 2325, eða u. þ. b. hálfri klukkustund eftir handtöku hans.

Þá er enn fremur tilgreint í skýrslu varðstjóra á dskj. nr. 4, að talsverður áfengisþefur hafi verið af andardrætti ákærða, jafnvægi hans óstöðugt og málfar þvöglulegt.

Samkvæmt eigin játningu ákærða um áfengisneyzlu sína, af niðurstöðu alkóhólrannsóknar og skýrslum löggæzlumanna þykir sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem hann er borinn í ákæru, og er brot hans rétt heimfært þar til refsi-ákvæða. Með hliðsjón af öðru því, sem fram hefur komið í mál-inu, þykir sannað, að ákærði hafi enn fremur ekið utan í bif-reiðina E 678 vegna gáleysislegs og of hraðs aksturs miðað við aðstæður greint sinn. Þrátt fyrir gagnstæðan framburð ákærða fyrir rétti 18. marz s.l. þykja gögn málsins og af þeim leiddar sterkar líkur jafngilda sönnun þess, að ákærði hafi gegn betri vitund ekið brott af árekstrarvettvangi án þess að sinna lög-skyldum sínum. Eru þessi brot hans rétt heimfærð til refsiákvæða í ákæru.

Samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af efnahag sök-unauts þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 2.500.00 sekt í ríkissjóð, og komi 8 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dómsins að telja að frádreg-

inni 2 mánaða bráðabirgðasviptingu hans frá 15. maí til 15. júlí s.l.
Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.
Þorvaldur G. Einarsson fulltrúi kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Eyþór Magnús Kjartansson, Lækjarkoti, Borgarhreppi, Mýrasýslu, greiði 2.500.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 8 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 1 ár að frádreginni tveggja mánaða bráðabirgðasviptingu.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 27. janúar 1969.

Nr. 143/1968. **Sigrun Karin Holdal**
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).
gegn
Pétri G. Jónssyni (Benedikt Blöndal hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kaupgjald.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. ágúst 1968, krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða henni kr. 325.668.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. júlí 1967 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Vangoldin laun áfrýjanda fyrir störf, er í málinu greinir, þykja hæfilega ákveðin kr. 120.000.00. Ber stefnda að greiða þá fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1967 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 46.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Pétur G. Jónsson, greiði áfrýjanda, Sigrun Karin Holdal, kr. 120.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1967 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 46.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. júní 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 6. þ. m., hefur Sigrun Karin Holdal, til heimilis að Túngötu 42, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 3. nóvember 1967, á hendur Pétri G. Jónssyni, Goðheimum 6, Reykjavík, til greiðslu ráðskonukaups að fjárhæð kr. 325.668.00 með 8% ársvöxtum frá 1. júlí 1967 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi hefur látið sækja þing í málinu, og lögð hefur verið fram greinargerð af hans hálfu. Í þeirri greinargerð gerir stefndi þær kröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Málavextir eru þeir að sögn stefnanda, að á tímabilinu frá 1. nóvember 1960 til 10. janúar 1966 var hún starfandi sem ráðskona á heimili stefnda, þá til heimilis fyrst að Eskihlíð 33 og síðan að Goðheimum 6, Reykjavík. Kveðst stefnandi hafa annazt öll venjuleg ráðskonustörf á heimilinu, sem verið hafi mjög umsvifamikil, enda hafi stefndi á umræddu tímabili og sé enn forstjóri fyrir stóru fyrirtæki hér í borg, Véltækni h/f.

Með stefnda eignaðist stefnandi tvö börn, Sunnevu, fædda 10. júlí 1962, og Steinunni, fædda 23. nóvember 1963. Ól stefndi önn fyrir börnunum að sínum hluta, á meðan stefnandi dvaldist á heimili hans, eða til 10. janúar 1966, en síðan hefur stefndi greitt meðalmeðlag með börnunum frá 1. febrúar 1966.

Stefnandi hefur borið fyrir réttinum, að hún hafi annazt venjuleg húsmóðurstörf á heimili stefnda, meðan hún bjó með honum, svo sem matseld, þvotta, ræstingu íbúðar og þjónustu. Sagði stefnandi, að á sambýlistíma þeirra hefði ekki verið um aðkeypta heimilishjálp að ræða, en hins vegar muni hafa verið sent í þvottahús einu eða tvisvar sinnum, meðan hún hafi verið lasin vegna barnsburðar.

Stefnandi hefur borið, að þegar hún hóf störf hjá stefnda, hafi verið lauslega um það rætt þeirra í milli, að stefndi mundi greiða henni kr. 2.000.00 á mánuði í kaup. Aldrei hafi þó verið endanlega frá þessu gengið og um reglulegar kaupgreiðslur af hendi stefnda til stefnanda hafi ekki verið að ræða. Hins vegar sagði stefnandi, að stefndi hefði látið henni í té fé til persónulegra þarfa, þegar hún hafi þurft á því að halda. Ekki gat stefnandi greint frá því, hversu mikið fé hér hefði samtals verið um að ræða á sambýlistíma þeirra, enda kvaðst hún ekki hafa haldið bókhald um þessar greiðslur. Hún kvað stefnda hafa á sambýlistíma þeirra gefið sér saumavél og strauvél, og kvaðst hún hafa haldið þessum munum, þegar sambúð þeirra slitnaði. Enn fremur tók stefnandi fram, að stefndi hefði gefið henni einhvern fatnað á sambýlistímanum, og mundi sérstaklega eftir í því sambandi tveim kjólum og kápu. Hún kvað stefnda aldrei hafa gefið sér skartgripi á sambýlistíma þeirra og kvaðst ekki muna eftir fleiri gjöfum frá stefnda en að ofan greinir.

Lögmaður stefnanda hefur fengið Þóri Bergsson, cand. act., til þess að reikna út verðmæti ráðskonukaups stefnanda fyrir framangreint tímabil. Miðar tryggingafræðingurinn við, að ráðskonukaup hafi breytzt á sama hátt og mánaðarkaup kvenna samkvæmt Iðjutaxta. Jafnframt notar hann við útreikninginn innlánsvexti af venjulegum sparisjóðsbókum. Út frá þessu hefur tryggingafræðingurinn fundið út tvær formúlur, þar sem annars vegar er gert ráð fyrir meðalheimili allan tímann, en þá fékkst eftirfarandi formúla fyrir verðmæti kaupsins pr. 1. júlí 1967:

1. Verðmæti kaups sama sem 12 × L × 3.877.00. Sé hins vegar gert ráð fyrir að mánaðarkaupið hafi verið hálft L, meðan heimilið var barnlaust, og ¾ L með eitt barn, þá fæst þessi formúla:
2. Verðmæti kaups sama sem 12 × L × 3.306.00.

L í formúlum þessum táknar laun stefnanda í krónutölu á mánuði á núverandi kauplagi. Er þá eftir að ákveða, hvaða mánaðarlaun á núgildandi kauplagi beri að leggja til grundvallar svo og við hvora formúluna á að miða.

Í stefnu miðar stefnandi kröfu sína við það, að mánaðarlaunin séu í dag kr. 7.000.00 auk fæðis og húsnæðis. Telur stefnandi, að hér sé um sízt of háa fjárhæð að ræða bæði með tilliti til verðlags svo og launa annarra stétta í dag, t. d. hjá Iðju. Stefnandi miðar einnig kröfu sína við fyrri formúluna, þar sem hún telur,

að sú formúla gefi sannari og réttlátari mynd af starfi því, sem hún innti af hendi á heimili stefnda, enda sé alls ekki einhlítt að miða eingöngu við barnafjölda til að dæma um starfsmagn, sem hvíli á ráðskonu. Þar komi einnig til greina íbúðarstærð, atvinna heimilisföður o. fl.

Samkvæmt þessu er stefnukrafan reiknuð út á eftirfarandi hátt: 12 × 7.000.00 × 3.877.00 = 325.668.00.

Með bréfi, dags. 13. október 1967, krafði lögmaður stefnanda stefnda um greiðslu ofangreindrar fjárhæðar. Í kröfubréfi þessu er þess vænzt, að fjárhæð þessi verði greidd fyrir 25. október 1967 eða samið um greiðslu hennar. Þar sem svar hafi eigi borizt frá stefnda við kröfubréfi þessu, kveður stefnandi sér nauðsyn að höfða mál þetta á hendur stefnda til innheimtu kröfu sinnar.

Svo sem fyrr er getið, hefur verið lögð fram greinargerð í máli þessu af hálfu stefnda. Þegar þingað var í málinu hinn 6. þ. m. og stefnandi kom fyrir réttinn til skýrslugjafar, var hins vegar ekki sótt þing af hálfu stefnda. Hafði lögmanni hans þó verið tilkynnt um réttarhald þetta með venjulegum hætti, en ekki boðað forföll. Er stefnandi hafði gefið aðiljaskýrslu sína fyrir réttinum, sem rakin hefur verið hér að framan, krafðist lögmaður hennar þess, að málið yrði tekið til dóms. Var málið því dómtekið samkvæmt kröfu lögmanns stefnanda.

Vegna útivistar af hálfu stefnda í nefndu réttarhaldi er mál þetta því flutt skriflega samkvæmt 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936.

Í greinargerð þeirri, sem lögð hefur verið fram af hálfu stefnda í málinu, er sýknukrafa hans studd þeim rökum, að stefnandi hafi fengið fé til heimilishalds og eigin þarfa úr hendi stefnda, meðan á sambúð þeirra hafi staðið. Hafi stefndi séð um heimilið fjárhagslega að öllu leyti. Kröfu stefnanda nú um ráðskonukaup mótmælir stefndi, enda hafi stefnandi ekki verið ráðskona hjá stefnda, heldur sambýliskona hans. Sérstaklega mótmælir stefndi framangreindum útreikningi tryggingafræðingsins sem röngum og óstaðfestum og máli þessu óviðkomandi.

Fallast verður á það með stefnanda, að hún eigi rétt á launum fyrir störf sín í þágu heimilis hennar og stefnda á samvistartímanum. Hins vegar þykir eigi unnt að leggja útreikning tryggingafræðingsins til grundvallar við ákvörðun á þessum launum til handa stefnanda vegna þeirrar dómvenju, sem myndazt hefur hér á landi í slíkum málum sem þessum. (Sbr. t. d. Hæstaréttar-

dóma, í 25. bindi, bls. 577, í 34. bindi, bls. 41, og í 35. bindi, bls. 843. Enn fremur má nefna dóma bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðna 15. júlí 1965 og 3. september 1965).

Þegar þetta er haft í huga, þykir launakrafa stefnanda eftir öllum atvikum hæfilega ákveðin kr. 70.000.00. Verður stefndi dæmdur til að greiða þá fjárhæð ásamt vöxtum, er þykja hæfilega ákveðnir 7% ársvextir frá 1. júlí 1967 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 14.500.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Pétur G. Jónsson, greiði stefnanda, Sigrun Karin Holdal, kr. 70.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1967 til greiðsludags. Stefndi greiði stefnanda kr. 14.500.00 í málskostnað. Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 31. janúar 1969.

Nr. 195/1967: **Dánarbú Helgu Hafsteinsdóttur**
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Bernhard Petersen h/f
(Guðmundur Pétursson hrl).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Helga Hafsteinsdóttir áfrýjaði máli þessu með stefnu 11. desember 1967. Hún andaðist 13. júní 1968, og hefur dánarbú hennar tekið við aðild málsins.

Áfrýjandi gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 100.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. marz 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaði í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Eins og í héraðsdómi greinir, varð slys það, sem mál þetta er af risið, hinn 3. marz 1952 með þeim hætti, að Helga heitin Hafsteinsdóttir, þá sjö ára að aldri, á leið sinni norður yfir Hringbraut í Reykjavík rakst á vörubifreiðina R 1880, sem ekið var austur nyrðri akbraut Hringbrautar og nálgaðist vegamót hennar og Hofsvallagötu. Á suðurjaðri nefndrar akbrautar stóðu bifreiðar. Á milli þeirra hafði Helga heitin hlaupið inn á akbrautina. Lenti hún á bifreiðinni, féll í götuna og hlaut lemstur, sem krafizt er bóta fyrir og síðar greinir.

Rannsóknarlögreglan í Reykjavík tók þegar eftir slysið hinn 3. marz 1952 skýrslu af Friðriki Jónssyni, er ók bifreiðinni, og er sú skýrsla svohljóðandi:

„Ég hætti vinnu laust fyrir kl. 1200 í dag, en ég vinn í lýsisstöð, sem er til húsa að Sólvallagötu 80. Lýsisstöð þessi á vörubifreiðina R 1880. Ég ók bifreið þessari oft og fer heim á henni í mat. Ég lagði því af stað frá stöð þessari um kl. 1200 á áðurnefndri bifreið, og voru þrír vinnufélagar mínir með mér, og eru nöfn þeirra í skýrslu lögreglunnar. Einn þessara manna sat við hlið mér í stýrishúsinu, en hinir tveir stóðu á vörupalli fram við stýrishúsið. Bifreiðin er með vinstri handar stýri, og er hún öll í fyllsta lagi. Ég ók austur Hringbraut á alls ekki yfir 20 kílómetra hraða, miðað við klukkustund, og ók ég á miðjum vegi, því klakahryggur lá við gangstéttina vinstra megin við bifreið mína. Er ég var kominn rétt að gatnamótum Hofsvallagötu, þá heyrði ég, að mennirnir á vörupallinum börðu í þak stýrishússins, og þá hemlaði ég og beygði til vinstri og stöðvaði bifreið mína í þeirri stöðu, sem uppdrátturinn sýnir.

Ég fór strax út úr bifreiðinni, eða um leið og hún stöðv-

aðist, og sá ég þá, að annar mannanna af vörupallinum var kominn að ungri telpu, sem lá á götunni fyrir aftan bifreiðina. Ég fór þá einnig að telpunni, en hún vildi standa upp, en félagi minn hélt henni niðri og bað hana að liggja kyrr. Telpan lá langsum á götunni með fæturna í austur, en höfuðið í vestur, og lá hún á bakinu. Gerðar voru strax ráðstafanir til að tilkynna lögreglunni um þetta, og kom lögreglan og sjúkrabifreið á staðinn.

Ég heyrði það á tali vinnufélaga minna, að telpan hefði hlaupið út á götuna milli tveggja bifreiða, er stóðu á hægri vegjaðri við stykkið, sem skifti brautinni. Ég sá telpuna ekki, fyrr en eftir að ég kom út úr bifreiðinni, en eftir því sem vinnufélagar mínir sögðu, þá hafði telpan hlaupið á bifreiðina og lent á hægri hlið vörupallsins, en nánar get ég ekki um það sagt. Ég varð ekki var, að bifreiðin eða hjól hennar færu yfir neitt, er ég ók þarna, og því þykir mér ósennilegt, að telpan hafi orðið fyrir hjólum bifreiðarinnar.

Telpan var með meðvitund og kannaðist strax við móður sína, er hún kom þarna að.

Ef mennirnir á vörupallinum hefðu ekki bankað í stýrishúsið, þá hefði ég ekki haft hugmynd um slys þetta. Ég var í alla staði vel á mig kominn, er ég ók bifreið minni í umrætt skipti, og beindi allri athygli minni að akstrinum og veginum framundan. Engin bifreið var á undan mér, er þetta skeði, eða það nálægt, að ég tæki eftir því.

Telpan lá þannig á götunni, að hún virtist liggja í eða við hjólfarið eftir hægra hjól bifreiðarinnar.

Lögreglumenn þeir, sem komu á staðinn, reyndu ástand bifreiðarinnar, og töldu þeir hana í fyllsta lagi. Ég hef séð uppdrátt lögreglunnar og skýrsluna, og er það hvort tveggja rétt.

Frekari upplýsingar get ég ekki gefið í máli þessu".

Aðrar skýrslur hafa ekki komið fram í málinu af hendi ökumannsins.

Er vörubifreiðin R 1880 nálgaðist hinar kyrrstæðu bifreiðar og var ekið fram hjá þeim, bar ökumanninum að gæta ýtrustu varkárni og huga m. a. eftir föngum að um-

ferð af syðri akbraut Hringbrautar norður í milli bifreiðanna, enda jafnan hætta á vangæzlu vegfarenda við slíkar aðstæður, einkum ef í hlut eiga börn eða unglingar. Af skýrslu ökumannsins, sem rakin var, eða öðrum gögnum málsins verður ekki ráðið, að hann hafi að þessu leyti sýnt fulla aðgæzlu, heldur bendir það, sem rannsóknarlögreglan hefur skráð eftir honum, frekar í þá átt, að athygli hans hafi einvörðungu beinzt að „veginum framundan". Samkvæmt þessu ber að fella ábyrgð á tjóni af slysinu að hluta á stefnda, sbr. 1. mgr. 34. gr. laga nr. 23/1941, er í gildi voru, þá er slysið varð.

Ferð Helgu heitinnar, er slysið bar að höndum, var mjög gálausleg. Er og af þeim sökum af hendi áfrýjanda játað ábyrgð á tjóni á slysinu að ⅔ hlutum.

Þegar virt eru öll atvik að slysinu, þykir rétt, að áfrýjandi beri tjónið að ¾ hlutum, en stefndi bæti það að ¼ hluta.

Lemstur Helgu heitinnar reyndust mjög alvarlegs eðlis. Hún leitaði læknishjálpar og dvaldist í sjúkrahúsum heima og erlendis. Páll tryggingayfirlæknir Sigurðsson mat örorku hennar. Sjúkrasaga hennar er ýtarlega rakin í skýrslu yfirlæknisins, sem dagsett er 8. júlí 1963, og segir þar m. a.:

„Það liggur fyrir læknisvottorð frá Friðriki Einarssyni yfirlækni, dags. 9. 3. 1952, en telpan var lögð á Landspítalann samdægurs, og er vottorðið svohljóðandi:

„Þann 3. marz 1952, um kl. 12¼, var komið á Landspítalann með Helgu Hafsteinsdóttur, sem sögð er fædd 30/1 1945 ...

Við skoðun fannst höfuðkúpubrot ofan og aftan við vinstra eyra. Var þar brotið allstórt stykki og því þrýst inn á við.

Lítils háttar blæddi úr annarri nösinni.

Fleiður fannst ofan við bæði hné, á vinstri mjöðm og hægri rasskinn.

Rétt eftir komu missti sjúklingurinn meðvitund, en raknaði við eftir nokkrar mínútur. Síðan engin yfirlið.

Fyrstu dagana var hún nokkuð dauf og syfjuleg, kvartaði um höfuðverk og kastaði upp við og við. Síðan hefur líðan farið dagbatnandi, og nú eru engar kvartanir.

Höfuðkúpubrotið verður látið gróa, eins og það er nú, þótt það sé ekki í réttum skorðum, því að hætta getur verið á að hreyfa við því. Hins vegar er ekki hægt að segja um, nema það kunni að valda óþægindum seinna í lífinu og krefjist þá aðgerðar".

Samkvæmt vottorði frá próf. Snorra Hallgrímssyni, 20/1 1956, þá hefur telpan verið nokkuð frísk 6—8 mánuði fyrst eftir slysið, en eftir það fór að bera á óþægindum frá höfði, og skoðun leiddi í ljós, að beingarður hafði myndazt innan á höfuðkúpunni í brotstaðnum, og var hann talinn þrýsta á heilann, en vottorð próf. Snorra frá 20/1 1956 er svohljóðandi:

„Helga Hafsteinsdóttir, f. 30/1 1945, til heimilis að Hringbraut 90, Reykjavík, vistaðist á IV. deild Landspítalans hinn 3/3 1952 vegna meiðsla, er hún hafði hlotið samdægurs. Að sögn hafði hún hlotið meiðslin á þann hátt, að er hún var að hlaupa út á götu milli tveggja bíla, er stóðu við gangstéttina, þá hafi hún hlaupið á pall vörubifreiðar, sem ók framhjá. Hún mun hafa verið flutt, strax eftir að slysið vildi til, á IV. deild Landspítalans og kom þangað kl. 12.15. Ekki er vitað, hvort hún hafi misst meðvitund við höggið, sem hún fékk.

Við komuna var hún með fullri meðvitund, en frekar sljóleg og hreyfði sig lítið. Hún kvartaði um verki í vinstri mjöðm. Aftan og ofan við vinstra eyra var hörð kúla í hársverðinum, um $3 \times 3 \times 2$ cm að stærð. Nokkur eymsli voru á þessu svæði. Lítið eitt blæddi úr vinstri nös. Á vinstra kinnbeini var smáfleiður, þá var og smáfleiður á hægri rasskinn, vinstri mjöðm og ofan við vinstra eyra, og hafði kúlan dældast lítið eitt inn á við.

Skömmu eftir komuna fór að síga höfgi á sjúkling, og var hún að mestu meðvitundarlaus í klukkutíma. Eftir það fór hún að hressast, en kastaði nokkru síðar upp, og voru uppköstin blóði blandin, sennilega vegna blæðingarinnar úr vinstri nös.

Fyrstu 2—3 dagana eftir komuna kastaði hún nokkrum sinnum upp, en leið að öðru leyti vel og var vel hress. Hún

útskrifaðist á ellefta degi eftir komuna og var þá vel hress.

Stúlkan var til athugunar hjá undirrituðum í apríl s.l. Móðirin upplýsti, að fyrstu 6—8 mán. eftir slysið hafi stúlkan verið vel frísk, en úr því fór að bera á óþægindum frá höfði, sem lýstu sér með svima og að henni sortnaði fyrir augum, og stundum fannst stúlkunni eins og liði yfir hana augnablik.

Skoðun leiddi í ljós, að beingarður hafði myndazt innan á höfuðkúpunni á brotstaðnum aftan og ofan við vinstra eyra, og var augljóst, að sá beingarður þrýsti á heilann.

Þar eð líklegt þótti, að óþægindi sjúklings stöfuðu af þessum breytingum á höfuðkúpunni, var stúlkan send til sérfræðings í heilaskurðaðgerðum til skoðunar og aðgerðar. Hún var tekin inn á Rigshospitalets neurokirurgiskafdeling, Köbenhavn, 15/5 1955".

Eins og kemur fram í vottorði próf. Snorra, þá var telpan send á taugaskurðdeild í Kaupmannahöfn, og það liggur fyrir afrit af læknabréfi þaðan, en þar lá hún frá 15/5—1/6 1955, og er sjúkdómsgreining deildarinnar meningo cerebral cicatrice, depressionsfractur, og á deildinni er gerð excision og knogleplastik ...

Það liggur fyrir vottorð frá Gunnari Guðmundssyni, sérfræðingi í taugasjúkdómum, dags. 14/3 1962, og er það svohljóðandi:

„Helga Hafsteinsdóttir ... hefur verið hjá mér til rannsóknar vegna afleiðinga slyss, er hún varð fyrir 1952 ...

Eftir að sjúklingur kom heim af Landspítalanum, var hún óþægindalaus a. ö. l. en því, að hún hafði mjög þrálátan höfuðverk. Er hún var 10 ára, fór hún að detta niður og missa meðvitund, en ekki bar þó á neinum krömpum hjá henni. Mun hún hafa fengið nokkur slík köst ...

Síðan hún var ópereruð í Kaupmannahöfn, hefur hún fengið allslæm höfuðverkjaköst. Heyrn á vinstra eyra er nánast upphafin.

Sjúklingur hefur um lengri tíma fengið eins og óróleikaköst, og er skapgerð hennar mjög erfið og fer versnandi. Þolir hún að sögn mjög illa allan hávaða og er mjög eirðar-

laus. Vegna skapbrestanna hefur hún verið um tíma á heimili á vegum barnaverndarnefndar.

Skoðun: Við skoðun er sjúklingur mjög óróleg, greinilega óeðlilega „irriteruð".

Nn. kranialis: Heyrn er mjög mikið minnkuð á vinstra eyra.

A. ö. l. eru heilataugar eðlilegar.

Motorik: Tonus, trofik, krafta, reflexar eðlil.

Babinski negat. blat. Koordination: Eðlileg. Ronberg negat.

Sensibilitet: Eðlil. Sfinterfunktion: Eðlil.

Blóðþr.: 140/80.

Eeg.: 6/9 1961: „... Grunsamlegt um epilepsi".

Álit: Sjúklingur hefur fengið slæman höfuðáverka með contusio cerebri, og verð ég að telja, að heyrnartapið á vinstra eyra, breytingar á heilalínuritinu, höfuðverkjaköstin svo og skapgerðarbreytingarnar séu afleiðingar þess.

Ósennilegt tel ég, að hún lagist neitt að ráði úr þessu, og tel ég því ástandið, eins og það er nú, nánast varanlegt".

Stúlkan kom til skoðunar og viðtals hjá undirrituðum 6/6 1963. Aðspurð kveðst hún hafa verið í barnaskóla og tvo vetur í kvennaskóla, en s.l. vetur var hún í skóla í Danmörku. Vinnur nú sem starfsstúlka á hóteli í vaktavinnu. Kveðst ekki nota nein lyf. Kvartar um, að hún hafi stöðugan höfuðverk. Kvartar einnig um, að hún þoli illa að vera úti í sól og í roki. Aðspurð kveðst hún hafa reykt í síðustu 5 ár og reykir nú að staðaldri 1 pakka á dag og hefur gert það undanfarið ár.

Skoðun: Stúlkan kemur eðlilega fyrir. Svarar spurningum hiklaust og af skynsemi. Við skoðun er ekkert athugavert að finna nema vel gróið ör á höfði og annað á læri eftir aðgerðir, sem nefndar hafa verið í vottorðum.

Auk þeirra vottorða, er fyrr getur, þá liggur fyrir vottorð frá Eyþóri Gunnarssyni, sérfræðingi í háls-, nef- og eyrnasjúkdómum, dags. 14/6 1963:

„Hef í dag rannsakað Helgu Hafsteinsdóttur ... Hún hlaut höfuðkúpubrot fyrir ca. 11 árum. Var fjórum árum seinna gerður uppskurður á höfði í Kaupmannahöfn vegna

afleiðinga slyssins. Eftir það fór að bera á versnandi heyrn á vinstra eyra. Við rannsókn í dag reyndist heyrnin eðlileg á hægra eyra, en á vinstra eyra nokkurt heyrnartap. Heyrir hvísl ca. 1 m. Ekki virðist um verulega skemmd á heyrnartauginni að ræða, heldur leiðslutruflun, (heyrir illa lága tóna). Mér er ekki unnt að segja til um, hvort þetta heyrnartap er afleiðing operationarinnar eða byrjandi otosclerosis. (Móðir hennar hefur haft otosclerosis). Væri rétt að fylgjast með heyrninni síðar".

Ályktun: Hér er um að ræða 18 ára gamla stúlku, sem varð fyrir bíl, er hún var 7 ára gömul, og hlaut brot á höfuðkúpu. Er fram liðu stundir, myndaðist beingarður á brotstaðnum, og olli hann því, að gera varð aðgerð á taugaskurðdeild í Kaupmannahöfn rúmum 3 árum eftir slysið.

Sérfræðingur í taugasjúkdómum, sem skoðað hefur stúlkuna, telur, að hún hafi vafalaust fengið slæman höfuðáverka með heilamari. Hann telur heyrnartapið á vinstra eyra, breytingar á heilalínuriti, höfuðverkjaköst og skapgerðarbreytingar afleiðingar slyssins. Hann telur ekki, að stúlkunni muni batna neitt að ráði héðan af.

Af þessum sökum verður að meta stúlkunni örorku vegna slyssins 3. marz 1952, og tel ég eðlilegast að meta henni varanlega örorku frá 16 ára aldri 25%".

Þórir Bergsson tryggingafræðingur mat hinn 27. apríl 1964 tjón Helgu heitinnar vegna örorku hennar. Hann áætlaði vinnutekjur með hliðsjón af kauptöxtum Iðju, félags verksmiðjufólks, þannig að laun á 16. og 17. aldursári eru miðuð við unglingataxta félagsins, en laun á 18. aldursári talin 80% af kvennakaupi, sem síðan er hækkað um 5% árlega til 22 ára aldurs og jafnframt litið til launahækkana samkvæmt úrskurði launajafnaðarnefndar. Þá er miðað við 7% ársvexti, dánarlíkur íslenzkra kvenna samkvæmt reynslu áranna 1941—1950 og líkur fyrir starfsorkumissi eftir sænskri reynslu, en ekkert dregið frá vegna opinberra gjalda. Þegar síðan er gert ráð fyrir, að tjónið sé sami hundraðshluti áætlaðra vinnutekna sem orkutjónið, þ. e. 25%, telst það á 15 ára afmælisdegi Helgu heitinnar, 30. janúar 1960, nema kr.

241.367.00, sé einungis reiknað með dagvinnu, en kr. 277.425.00, sé gert ráð fyrir 5 eftirvinnutímum á viku.

Tryggingafræðingurinn áætlaði hinn 16. september 1965 tjónið af nýju á sama grundvelli að öðru leyti en því, að tekið var tillit til launabreytinga, sem orðið höfðu eftir 27. apríl 1964, og nýrrar vitneskju um dánarlíkur íslenzkra kvenna samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og svo miðað við 6% ársvexti. Samkvæmt þessum reikningi nam tjónið kr. 315.863.00 miðað við dagvinnu, en kr. 368.012.00 væri að auki gert ráð fyrir 5 eftirvinnutímum á viku.

Loks hefur tryggingafræðingurinn hinn 25. janúar 1969 áætlað örorkutjón Helgu heitinnar „fram til dánardægurs" hennar, 13. júní 1968, á sama hátt að öðru leyti en því, að reiknað er með 7% ársvöxtum, og taldist heildartekjumissir hennar kr. 99.351.00 miðað við dagvinnu, en kr. 114.193.00, ef gert er ráð fyrir 5 eftirvinnutímum að auki.

Eftir málflutningi áfrýjanda teljast fullar bætur fyrir tjón Helgu heitinnar:

1. Bætur fyrir orkumissi	kr. 200.000.00
2. Þjáningabætur og bætur fyrir röskun á stöðu og högum	— 95.000.00
3. Bætur vegna útlagðs kostnaðar	— 5.000.00
Samtals	kr. 300.000.00

Um 1. lið. Með hliðsjón af greinargerð tryggingafræðings og reikningum, sem raktir hafa verið, þykir tjón samkvæmt þessum lið hæfilega metið	— 100.000.00
Um 2. lið. Með tilvísun til læknisgagna, er rakin hafa verið, er fjárhæð þessa liðar í hóf stillt, og verður hún því lögð til grundvallar	— 95.000.00
Um 3. lið. Fjárhæð þessa liðar er viðurkennd af hendi stefnda	— 5.000.00
Kr.	200.000.00

er stefnda ber að greiða áfrýjanda að ¼ hluta, þ. e. kr. 50.000.00, ásamt vöxtum, eins og síðar greinir.

Eftir þessum úrslitum á stefndi að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 39.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Bernhard Petersen h/f, greiði áfrýjanda, dánarbúi Helgu Hafsteinsdóttur, kr. 50.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 30. janúar 1960 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 39.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. september 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, höfðaði Hafsteinn Ólafsson f. h. ólögráða dóttur sinnar, Helgu Hafsteinsdóttur, fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 2. marz 1962, gegn Bernhard Petersen stórkaupmanni, Reykjavík. Dómur í málinu var uppkveðinn hinn 24. september 1965, en með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum hinn 8. marz 1967, var sá dómur og meðferð málsins ómerkt frá og með þinghaldi 12. apríl 1962, þar eð stefndi hafði andazt 8. apríl s. á. Í þinghaldi hér fyrir dómi hinn 4. september 1967 lýsti lögmaður stefnanda því yfir, að Helga Hafsteinsdóttir væri orðin fjárráða og tæki hún því við aðild málsins. Lögmaður stefnda lýsti því yfir í sama þinghaldi, að hlutafélagið Bernhard Petersen hafi varnaraðild í málinu, og var það samþykkt af lögmanni stefnanda. Var heiti málsins breytt í samræmi við þetta.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 100.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. marz 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Síðan lækkaði stefnandi hæð vaxtakröfunnar í 6% frá 1. janúar 1965 til 1. janúar 1966, en krafðist áfram 7% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Trolle & Rothe h/f í Reykjavík hefur verið stefnt til réttar-

gæzlu í málinu, en engar sjálfstæðar kröfur gerðar á hendur félaginu. Hefur það og ekki gert kröfur í málinu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans. *Til vara* hefur hann krafizt lækkuar á kröfum hans og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málsatvik eru þau, að klukkan rúmlega 1200 mánudaginn 3. marz 1952 ók Friðrik Jónsson vörubifreiðinni R 1880, eign stefnda, austur Hringbraut. Með honum í bifreiðinni voru þrír menn. Sat einn þeirra við hlið hans í bifreiðinni, en hinir tveir stóðu á palli hennar. Er hann nálgaðist gatnamót Hofsvallagötu, hljóp stefnandi, þá 7 ára, á bifreiðina og slasaðist töluvert.

Ökumaðurinn hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekið á miðri akbrautinni nyrðri, þar eð klakahryggur hafi verið við gangstéttina vinstra megin við bifreiðina. Hafi hann alls ekki ekið yfir 20 kílómetra hraða miðað við klukkustund. Er hann hafi verið rétt kominn að gatnamótunum, hafi mennirnir uppi á palli bifreiðarinnar barið í þak stýrishússins. Kvaðst hann þá strax hafa hemlað og beygt til vinstri og stöðvað bifreiðina. Hann hafi farið strax út úr bifreiðinni og hafi hann þá séð telpuna liggja á götunni fyrir aftan bifreiðina. Hann kvaðst ekki hafa séð telpuna, fyrr en eftir að hann kom út úr bifreiðinni. Ekki kvaðst hann hafa orðið þess var, að bifreiðin eða hjól hennar færu yfir neitt, og því taldi hann ósennilegt, að telpan hefði orðið fyrir hjólum bifreiðarinnar. Hann kvaðst í umrætt sinn hafa verið vel á sig kominn og beint allri athygli sinni að akstrinum.

Vitnið Kjartan Einarsson, starfsmaður stefnda, kvaðst hafa staðið hægra megin á palli bifreiðarinnar fram við stýrishúsið. Er bifreiðinni hafi verið ekið austur Hringbrautina, hafi henni verið ekið nálægt miðju akbrautarinnar á ca. 15 km hraða. Er bifreiðin hafi verið komin á móts við húsið nr. 74, hafi svo hagað til í götunni, að þrjár bifreiðar stóðu á hægri vegjaðri brautarinnar við stykkið, sem skiptir akbrautunum. Hafi bifreiðar þessar staðið þannig, að á milli þeirra myndaðist sund. Er R 1880 var komin með framenda á móts við sundið á milli bifreiðanna, hafi hann séð barn koma hlaupandi frá stykkinu milli brautanna og út á götuna í gegnum sundið á milli bifreiðanna. Hafi barnið hlaupið hratt og stefnt beint út á götuna. Hafi það engum togum skipt, að hann hafi heyrt og séð, að barnið lenti með höfuðið á vörupallinum hægra megin og hafi barnið lent á pallinum rétt aftan við stýrishúsið. Hann kvaðst ekki hafa séð, hvernig barnið

féll í götuna, en hann hafi séð það falla niður með bifreiðinni. Hann kvaðst hafa barið í þak stýrishússins, um leið og þetta hafi skeð. Hann kvaðst ekki geta um það fullyrt, hvort hjól bifreiðarinnar hafi farið yfir einhverja mishæð á veginum, um leið og hann sá barnið falla í götuna, en hann kvað sér hafa fundizt sem bifreiðin hafi lyfzt aðeins hægra megin að aftan. Hann kvað stjórnanda R 1880 hafa ekið eðlilega í alla staði, er atvik þetta skeði, og að það hafi verið útilokað fyrir hann að sjá til ferða barnsins, þar sem stýrishúsið hafi verið komið fram hjá sundi því, er barnið kom úr.

Vitnið Sumarliði Kristmann Ólason, starfsmaður stefnda, kvaðst hafa setið við hlið ökumannsins hægra megin í stýrishúsinu. Hann kvað bifreiðinni hafa verið ekið eftir miðri akbrautinni með alls ekki meiri hraða en 15 km. Hann kvaðst ekki hafa veitt því athygli, hvort klaki hafi legið við vinstri gangstéttina út á götuna. Er bifreiðin hafi verið að nálgast húsið nr. 74, hafi svo hagað til, að nokkrar bifreiðar hafi staðið á hægri hluta akbrautarinnar norðan við stykkið, sem skiptir akbrautunum, og hafi nokkurt bil verið á milli þeirra. Er bifreiðin hafi verið komin á móts við sundið á milli bifreiðanna og framendi hennar hafi verið að fara fram hjá sundinu, þá hafi hann séð út um rúðuna í hægri framhurðinni, að hönd, sem á var vettlingur, kom að hægri hlið bifreiðarinnar og hafi verið eins og höndin væri teygð fram að bifreiðinni. Hann kvaðst hafa séð höndina aðeins augnablik, því að hún hafi verið fyrir aftan sæti hans, en rétt um leið og hann hafi séð höndina, þá hafi hann heyrt, að eitthvað skall utan í hægri hlið vörupallsins rétt aftan við stýrishúsið. Um leið og hann hafi heyrt þetta, hafi hann rekið upp óp og í sömu andrá hafi verið barið í þak stýrishússins. Ökumanninum hafi auðsjáanlega komið þetta mjög á óvart, en hann hafi hemlað og beygt til vinstri og stöðvað bifreiðina við vinstri gangstéttarbrún. Er bifreiðin var stöðvuð, hafi hann farið út úr henni og séð, að ung telpa lá á bakinu á götunni, ca. 6—10 metra fyrir aftan bifreiðina. Hann kvaðst ekki hafa orðið þess var, að hjól bifreiðarinnar hafi farið yfir neina ójöfnu á götunni, eftir að hann sá höndina né eftir að hann heyrði höggið. Vitnið kvaðst oft hafa ekið með umræddum ökumanni og hafi sér virzt hann gætinn og góður ökumaður.

Vitnið Gunnar Jónsson, starfsmaður stefnda, kvaðst hafa staðið á vörupallinum við stýrishúsið vinstra megin. Hafi bifreiðinni verið ekið eftir miðri akbrautinni, svo sem venja sé á einstefnu-

akstursgötum, og hafi hraðinn verið ca. 15—20 km. Á hægri vegjaðri akbrautarinnar við stykkið, sem skilur akbrautirnar, hafi staðið nokkrar bifreiðar og á móts við húsið nr. 74 hafi tvær þeirra staðið þannig, að á milli þeirra hafi verið nokkurt bil. Er framendi bifreiðarinnar hafi verið kominn á hlið við sundið, þá hafi það engum togum skipt, að hann hafi séð veru í rauðri flík koma að hægri hlið bifreiðarinnar og um leið hafi hann heyrt, að eitthvað skall utan í hægri hlið vörupallsins. Hafi hann þá þótzt vita, að hér væri um barn að ræða. Hann kvaðst ekki geta um það sagt, hvar barnið hafi lent á pallinum eða hvort það hafi verið fyrir framan eða aftan hægra afturhjólið. Um leið og hann hafi séð barnið hverfa niður með pallinum, hafi hann barið í þak stýrishússins. Stjórnandi bifreiðarinnar hafi þá beygt til vinstri og stöðvað við vinstri gangstéttina. Hann kvað telpuna hafa legið á götunni ca. 6 metra aftan við bifreiðina og að því er honum virtist, mjög nálægt hægri hjólförum bifreiðarinnar. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við, að hjól bifreiðarinnar hafi farið yfir neina ójöfnu á götunni, eftir að hann heyrði höggið, er telpan lenti á bifreiðinni. Þó að hann hafi ekki séð það, þá taldi hann engan vafa vera á því, að telpan hafi komið hlaupandi út á götuna á milli bifreiðanna.

Níu dögum eftir slysið var tekin skýrsla af stefnanda. Hún kvaðst hafa verið að koma frá húsinu nr. 81 við Hringbraut, en í því húsi hafi hún verið í skóla. Hún kvaðst hafa hlaupið yfir syðri akbrautina og yfir stykkið á milli akbrautanna. Er hún hafi hlaupið í nyrðri akbrautina, hafi hún ekki séð til ferða R 1880. Hún kvaðst hafa hlaupið út í þá akbraut á milli tveggja bifreiða, sem staðið hafi kyrrar við syðri vegjaðarinn. Hún kvaðst hafa hlaupið á vörupall bifreiðarinnar og fallið aftur yfir sig á götuna, en bifreiðin hafi hvergi lent á henni. Bifreiðin hafi síðan stöðvazt, rétt um leið og þetta hafi skeð.

Stefnandi byggir kröfu sína í málinu á því, að ökumaður bifreiðarinnar hefði getað forðast slysið, ef hann hefði sýnt fyllstu aðgæzlu og bifreið hans hefði verið í fullkomnu lagi. Samkvæmt uppdrætti af vettvangi, sem gerður var af lögreglunni og ekki sætt andmælum ökumanns eða vitna, hefur bifreiðin stöðvazt um 10 metra frá slysstaðnum. Bifreiðaeftirlitsmenn reyndu bifreiðina, og samkvæmt prófunum þeirra stöðvaðist bifreiðin á 5 metra vegalengd, ef henni var ekið með 25 km hraða. Megi því af þessu tvennu ætla, að hraði bifreiðarinnar hafi í umrætt sinn verið allnokkru meiri en ökumaður og vitni hafa skýrt frá. Þá

bendi og allt til þess, að stefnandi hafi lent á bifreiðinni framan við stýrishúsið. Vitni það, sem sat í bifreiðinni, sá hönd hennar út um hliðarrúðu bifreiðarinnar. Eitt vitnanna telur bifreiðina hafa farið yfir einhverja ójöfnu með hægra afturhjól. Með það í huga svo og hin miklu meiðsl stefnanda benda allar líkur til þess, að hún hafi orðið undir hjólinu. Því hefði ökumaðurinn átt að geta forðað, ef hann hefði hemlað, strax og stefnandi lenti á bifreiðinni. Einnig komi í ljós við prófun á bifreiðinni, að sá galli hafi verið á henni, að hemilsfetillinn gekk alveg niður að gólfi, þegar fullu átaki var beitt, en það bendi til þess, að hemlun verði minni en ella. Hins vegar er viðurkennt, að stefnandi hafi sýnt verulega óvarkárni í umrætt sinn og eigi af þeim sökum að bera hluta af tjóninu. Telur stefnandi hæfilegt að skipta sök á tjóninu þannig, að stefndi beri ⅓ hluta þess. Er fjárkrafa hennar í málinu við það miðuð.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að orsök slyssins eigi að öllu leyti rætur að rekja til óaðgæzlu stefnanda. Ökumaður bifreiðarinnar hafi sýnt fyllstu aðgæzlu og varkárni við akstur hennar. Hann hafi ekið á hægri ferð og beint allri athygli sinni að akstrinum. Ekki hafi verið aðfinnsluvert að aka á miðri akbrautinni, en hún er einstefnuakstursbraut. Bifreiðin hafi verið komin með stýrishúsið fram fyrir sundið milli hinna kyrrstæðu bifreiða, er stefnandi hljóp þar í milli og á vörubifreiðina. Ökumaðurinn hafi því ekki getað séð til ferða hennar. Hann hafi og beitt hemlum þegar í stað, er slysið skeði, og þeir hafi verið í fullkomnu lagi, svo sem prófun beri með sér. Engin líkindi séu og til þess, að hjól bifreiðarinnar hafi farið yfir stefnanda.

Í málinu liggur fyrir vottorð frá Bifreiðaeftirlitinu, en það lét prófa bifreiðina sama daginn og slysið skeði. Þar segir m. a., að hún hafi verið „reynd í akstri á ca. 25 km hraða (hraðamælir ekki virkur) á láréttri malborinni götu, þar sem snjólaust var, og stöðvaðist bifreiðin á 5 metra færi, þegar fóthemlum var beitt. Greinileg hemlaför sáust eftir öll hjólin, enda verkuðu hemlarnir jafnt og vel. En þar sem hemilsfetillinn gekk alveg að gólfi, þegar fullu átaki var beitt á fóthemla, var fyrirskipuð lagfæring á því, að öðru leyti virtist bifreiðin vera í lagi".

Af skýrslum þeim, sem hér að framan hafa verið raktar, er ljóst, að stefnandi hafi í umrætt skipti hlaupið út á milli hinna kyrrstæðu bifreiða og lent á hlið R 1880. Enn fremur er ljóst, að bifreiðinni hafi verið ekið fremur hægt og hemlar og annar útbúnaður hennar hafi verið í lagi. Þá er ósannað, að hjól bifreiðar-

innar hafi farið yfir stefnanda. Að þessu athuguðu svo og atvikum að öðru leyti þykir verða talið í ljós leitt, að ökumaður bifreiðarinnar hefði eigi getað afstýrt slysinu, ef hann hefði sýnt fulla aðgæzlu og bifreiðin hefði verið í lagi, sbr. 1. mgr. 34. gr. laga nr. 23/1941. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Bernhard Petersen h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Helgu Hafsteinsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 31. janúar 1969.

Nr. 184/1967: **Sigurður Ingvar Hannesson og Sigríður Friðriksdóttir**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Dánar- og félagsbúi Hannesar Sigurðssonar og Ingunnar Ívarsdóttur, Valdemar, Stefáni og Ívari Hannessonum og Freyju Rögnu Gamalíelsdóttur f. h. barna hennar, Sigrúnar Heiðu Ragnarsdóttur og Hannesar Ragnarssonar og ófjárráða dóttursona, Ragnars og Sigurðar Magnússona
(Kristinn Gunnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skipti. Krafa í dánar- og félagsbú.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. nóvember 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 31. október s. á.

Dómkröfur áfrýjanda Sigurðar Ingvars Hannessonar eru þær, að hann fái greidda skuld að fjárhæð kr. 120.451.44 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. desember 1964 til greiðsludags, af eignum dánar- og félagsbús Hannesar Sigurðssonar og Ingunnar Ívarsdóttur.

Af hálfu beggja áfrýjenda er þess krafizt, að öllum hinum stefndu, öðrum en dánarbúinu, verði dæmt að greiða óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en að öðru leyti krefjast áfrýjendur staðfestingar úrskurðar skiptadóms.

Stefndu krefjast staðfestingar úrskurðar skiptadóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Samkvæmt þessum kröfugerðum aðilja er aðeins ágreiningur um kröfu Sigurðar Ingvars Hannessonar á hendur dánarbúinu að fjárhæð kr. 138.361.44, en upp í hana hafa verið greiddar kr. 17.907.00 (52.200.00 ÷ 34.293.00). Eftir öllum atvikum þykir mega fallast á úrlausn skiptadóms og taka kr. 30.000.00 af kröfunni til greina. Skal því greiða Sigurði Ingvari Hannessyni kr. 12.093.00 af eignum dánarbúsins. Að öðru leyti verður hinn áfrýjaði úrskurður staðfestur.

Rétt þykir að taka til greina kröfu áfrýjanda Sigurðar Ingvars um málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 12.000.00, en að öðru leyti fellur málskostnaður þar niður.

Dómsorð:

Greiða skal áfrýjanda Sigurði Ingvari Hannessyni kr. 12.093.00 með 7% ársvöxtum frá 8. júlí 1965 til greiðsludags af eignum dánar- og félagsbús Hannesar Sigurðssonar og Ingunnar Ívarsdóttur. Að öðru leyti er hinn áfrýjaði úrskurður skiptadóms staðfestur.

Stefndu, Valdemar, Stefán og Ívar Hannessyni og Freyja Ragna Gamalíelsdóttir f. h. barna hennar, Sigrúnar Heiðu Ragnarsdóttur og Hannesar Ragnarssonar, og ófjárráða dóttursona, Ragnars og Sigurðar Magnús-

sona, greiði áfrýjanda Sigurði Ingvari Hannessyni kr. 12.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 1. nóvember 1966.

Af hálfu sóknaraðiljans Sigríðar Friðriksdóttur, Ánanausti E hér í borg, eru þær réttarkröfur gerðar, að viðurkenndur verði gagnvart búinu eignarréttur hennar að ⅕ hluta húseignarinnar Ánanaust E ásamt meðfylgjandi lóð að tiltölu, en að undanskilinni viðbyggingu, eign sóknaraðiljans Sigurðar Ingvars Hannessonar.

Af hálfu sóknaraðiljans Sigurðar Ingvars Hannessonar, Ánanausti E, eru þessar réttarkröfur gerðar: *Að* viðurkenndur verði gagnvart búinu eignarréttur hans að viðbyggingu við húsið Ánanaust E, *að* viðurkenndur verði eignarréttur hans að ¼ hluta búsins alls og *að* hann fái greiddar úr búinu kr. 120.454.44 með 7% ársvöxtum frá 31. desember 1964 til greiðsludags.

Þá er þess krafizt, að varnaraðiljum Valdemar Hannessyni, Stefáni Hannessyni, Ívari Hannessyni og Freyju Rögnu Gamalíelsdóttur f. h. barna hennar, Sigrúnar Heiðu og Hannesar, og dótturssona hennar, Ragnars og Sigurðar Magnússona, verði in solidum gert að greiða sóknaraðiljum málskostnað að skaðlausu.

Varnaraðiljarnir hafa gert þessar réttarkröfur: *Að* hafnað verði með öllu kröfum sóknaraðiljans Sigurðar I. Hannessonar fram yfir hans lögmæta arfahluta, *að* hafnað verði kröfum sóknaraðiljans Sigríðar Friðriksdóttur að öðru leyti en við kemur eignarrétti hennar að móðurarfahluta varnaraðiljans Stefáns Hannessonar og loks *að* sóknaraðiljum verði in solidum gert að greiða málskostnað.

Skiptaréttarmál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram 18. október s.l.

Hinn 16. apríl 1929 andaðist hér í borg Ingunn Ívarsdóttir, Ánanausti E. Eiginmaður hennar, Hannes Sigurðsson, andaðist 20. júlí 1957. Félagsbúi þeirra hjónanna var ekki skipt að Ingunni látinni, en viðurkennt er í málinu, að Hannes aflaði ekki leyfis til setu í óskiptu búi.

Uppskrift á eignum dánar- og félagsbús þessa fór fram 27. nóvember 1959. Þar var upplýst, að erfingjarnir væru þessir: Fjárráða synir hinna látnu, Sigurður Ingvar Hannesson, Ána-

nausti E, Valdimar Hannesson, Garðaholti í Garðahreppi, Stefán Hannesson, Arabæ í Gaulverjabæjarhreppi, og Ívar Hannesson, Granaskjóli 11, enn fremur ófjárráða börn Ragnars, sonar hinnar látnu, María Katrín, Sigrún Heiða og Hannes, þá öll búsett að Kaplaskjólsvegi 62 á vegum móður sinar, Freyju Rögnu Gamalíelsdóttur. María Katrín Ragnarsdóttir er nú látin og lætur eftir sig 2 ólögráða börn, Ragnar og Sigurð Magnússyni.

Við uppskriftina var bent á sem eignir búsins húseignina Ánanaust E, hús og tilheyrandi eignarlóð, samtals að fasteignamati kr. 81.500.00. Erfinginn Sigurður Ingvar Hannesson mótmælti því, að búið ætti eign þessa, og hefði sambýliskona hans, Sigríður Friðriksdóttir, keypt eignina af föður hans, Hannesi Sigurðssyni, árið 1937 fyrir 7.000.00 kr. og greitt eitthvað af kaupverðinu til Stefáns Hannessonar. Þessari yfirlýsingu var mótmælt við uppskriftina.

Þá komu fram við uppskrift þessa sem eignir búsins 2 sparisjóðsbækur með innstæðum samtals kr. 249.57. Á aðrar eignir var ekki bent. Bókað er í uppskriftargerð, að búið sé skuldlaust, og var það síðan tekið til opinberra skipta.

Á skiptafundi í búinu hinn 6. desember 1962 lét Sigurður I. Hannesson bóka, að hann teldi Sigríði Friðriksdóttur eiganda allrar eignarinnar Ánanausts E. Var þeirri staðhæfingu enn mótmælt af öðrum erfingjum, og var ákveðið, að sérstakt skiptaréttarmál skyldi rekið um þennan ágreining. Í skiptaréttarmálinu var, eins og að framan getur, að miklu leyti fallið frá þessari staðhæfingu af hálfu Sigríðar Friðriksdóttur.

Sóknaraðilinn Sigríður Friðriksdóttir vísar fyrst og fremst til yfirlýsingar varnaraðiljans Stefáns Hannessonar, sem lögð er fram í málinu sem rskj. 1 og er á þessa leið:

„Ég undirritaður viðurkenni, að hafa fengið greiddan minn hluta í eigninni Ánanaust E, Rvk., af kaupanda Sigríði Friðriksdóttur, Árnanaustum E, með krónum fimm þúsund 5.000.00 kr.

Reykjavík, 15/9 1948.
Stefán Hannesson,
Arabæ".

Telur sóknaraðilinn Sigríður Friðriksdóttir sig hafa með þessum gerningi eignast allan þann hluta, sem Stefán Hannesson mundi hafa erft af fasteign þessari við skipti alls dánar- og félagsbúsins. En þá sé um leið tekið tillit til þess, að búið eigi ekki viðbótarbyggingu þá, er Sigurður I. Hannesson hafi reist.

Sigurður Ingvar Hannesson skýrir svo frá, að faðir hans hafi á árinu 1928 og aftur árið 1935 gefið sér leyfi til að byggja við húsið Ánanaust E, þar á meðal leyfi til að byggja vandaðan kjallara undir húsinu. Kveðst Sigurður hafa kostað verkið, keypt timbur, miðstöðvarefni, glugga og rafleiðslur og unnið raflögn sjálfur. Þannig eigi hann langsamlega meiri part hússins.

Þá heldur Sigurður I. Hannesson því fram, að með því að Stefán Hannesson hafi með gerningi sínum á rskj. 1 afsalað sér hvers konar tilkalli til húseignarhluta þess, sem búið á, en engar eignir til í búinu utan þess hluta, verði erfingjar búsins aðeins 4. Á þessu sjónarmiði byggir hann kröfu sína um það, að viðurkennt verði tilkall hans til ¼ hluta búsins fyrir arf.

Þá hefur Sigurður lagt fram reikning til búsins, sjá rskj. 2 í málinu. Telur hann sér þar kr. 172.654.44, en kveður kr. 52.200.00 hafa greiðzt upp í kröfurnar, svo að niðurstaðan verður skuld að upphæð kr. 120.454.44. Um er að ræða fasteigna- og brunabótagjöld fyrir Ánanaust E árin 1957—65, samtals kr. 17.072.00, þinggjöld árin 1959—64, samtals kr. 13.786.00, fæði og þjónustu fyrir Hannes Sigurðsson árin 1956—57, samtals kr. 138.361.44, og loks jarðarfararkostnað, kr. 3.435.00.

Sóknaraðili telur, að ekki sé þörf rökstuðnings fyrir því, að búinu beri að endurgreiða sér þau opinber gjöld, sem hann hafi innt af hendi eftir dauða föður hans, enda hafi það verið gert beinlínis í þágu búsins. Hann hefur lagt fram fylgiskjöl með reikningum hér að lútandi, sjá rskj. 4—18, sem eru kvittaðir reikningar.

Hann skýrir svo frá, að faðir hans hafi síðustu æviárin fengið fæði og þjónustu á heimili þeirra sóknaraðiljanna. Bendir hann á, að Hannes Sigurðsson varð 73 ára árið 1945, er þessi kostnaður er fyrst talinn á reikningnum á rskj. 2, og hafi hann ekki getað lifað sæmilegu lífi á ellistyrk sínum og því litla, sem hann hafi getað unnið. Hefur sóknaraðili lagt fram til hliðsjónar hér að lútandi vistgjaldartaxta Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar, sjá rskj. 19 og 20.

Loks krefst sóknaraðili endurgreiðslu á jarðarfararkostnaði, kr. 3.435.00, og vísar þar til reikninga á rskj. 2.

Eins og áður segir, ber reikningurinn á rskj. 2 með sér, að upp í hann hafa greiðzt kr. 52.200.00. Svo er skýrt frá af hálfu sóknaraðilja, að sonur hans Geir hafi þegið þessa fjárhæð að láni af Hannesi Sigurðssyni til bílkaupa og hafi Geir síðan endur-

greitt lánsfé til föður síns og að því er Geir hefur skýrt frá, annað hvort árið 1957 eða 1958.

Varnaraðiljar mótmæla því, að Stefán Hannesson hafi með yfirlýsingu sinni á rskj. 1 verið að afsala sér öðru og meiru en arfahlut þeim, sem þá var fallinn, sem sé móðurarfahlut sínum í dánar- og félagsbúinu. Öðru og meiru hafi hann ekki getað ráðstafað lögum og eðli málsins samkvæmt en arfi, sem fallinn var, enda aldrei látið annað í veðri vaka.

Þeir mótmæla því, að Sigurður Ingvar Hannesson hafi kostað viðbyggingu við húsið Ánanaust E. Sú viðbygging hafi verið gerð að tilhlutan Hannesar Sigurðssonar og fyrir hans fé, en synir hans, sem þá voru í heimahúsum, hafi aðstoðað hann við bygginguna.

Öllum fjárkröfum Sigurðar er mótmælt með öllu. Því er haldið fram, að Hannes Sigurðsson hafi allt til dauðadags kostað uppihald sitt. Hann hafi lengst af starfað hjá Reykjavíkurborg og hann hafi notið ellilífeyris og þar eð hann bjó í eigin húsi, hafi hann getað lifað lífi sínu af eigin rammleik. Hafi hann og enga hjúkrun fengið þar á heimilinu. Aftur á móti megi segja, að Sigurður hafi frekar verið þiggjandi af honum fyrir sig og fólk sitt, enda lengst af vinnulítill. Varnaraðiljarnir benda á það, að sóknaraðiljar hafi notað húseign búsins til íbúðar fyrir sig sjálf allt frá andláti Hannesar, og fyrir það skuldi þau búinu leigu og Sigurður hafi ekki síður haft not af lóðinni, sem hann hafi fyllt af alls konar rusli.

Gegn mótmælum varnaraðiljanna þykir Sigurður Ingvar Hannesson ekki hafa gert grein fyrir því, að hann hafi kostað eða eignazt viðbyggingu þá, er gerð hefur verið við húsið Ánanaust E. Verður krafa hans um það, að sá hluti húseignarinnar verði talinn búinu óviðkomandi, þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina.

Því hefur ekki verið mótmælt, að Sigurður Ingvar hafi innt af hendi þau opinber gjöld, fasteignaskatta og þinggjöld, sem hann hefur krafizt endurgreiðslu á, enda hefur hann lagt fram kvittanir fyrir þeim, og ber þeim saman við reikninginn. Þessar greiðslur hans nema samtals kr. 30.858.00, og ber að úrskurða, að hann fái þær fjárhæðir endurgreiddar.

Þá þykir verða að úrskurða, að sóknaraðili fái endurgreiðslu á útfararkostnaði, kr. 3.435.00.

Varnaraðiljar hafa fastlega mótmælt því, að Hannes Sigurðsson

hafi þurft eða fengið þjónustu þá og fæði, er sóknaraðili nú gerir búinu reikning fyrir. Þó verður að telja eftir öllum atvikum, að svo miklar líkur séu fyrir því, að Hannes hafi fengið þjónustu og aðra fyrirgreiðslu á heimili sóknaraðiljanna síðustu æviár sín, að rétt sé að úrskurða Sigurði Ingvari nokkra fjárhæð úr búinu, enda verður ekki talið, að hann hafi eftir atvikum vangeymt rétt til að heimta slíka greiðslu. Telja má sanngjarnt, að sú fjárhæð verði ákveðin kr. 30.000.00.

Samtals fær Sigurður I. Hannesson af óskiptu búinu samkvæmt framansögðu kr. 54.293.00, en eins og áður getur, hefur hann tekið við greiðslu á skuld þeirri, er Hannes Sigurðsson átti að heimta úr hendi Geirs Sigurðssonar, kr. 52.200.00. Sú fjárhæð hefur ekki komið fram við uppskrift á búinu né heldur vextir af henni og hefði þó verið rétt að benda á þessa eign. Skiptaréttur þykir ekki hafa vald til að úrskurða, að upphæð þessi og vextir skuli greidd inn í búið, en við uppgjör á því ber að taka tillit til þess, að sóknaraðili hefur fengið nefnda upphæð upp í kröfur sínar. Með tilliti til þessa þykir ekki rétt að úrskurða, að fjárhæð sú, sem sóknaraðili fær úr búinu, skuli bera vexti, nema af því sem hún fer fram úr kr. 52.200.00 og þá frá 8. júlí 1965, er reikningurinn á rskj. 2 kom fram.

Sigurður Ingvar Hannesson fær þannig greiddar úr búinu kr. 54.293.00 ÷ 52.200.00, eða kr. 2.093.00, með 7% ársvöxtum frá 8. júlí 1965.

Yfirlýsing Stefáns Hannessonar á rskj. 1 segir, að Sigríður Friðriksdóttir hafi keypt „hluta“ hans í Ánanausti E. Stefán hefur skýrt svo frá, að með gerningi þessum hafi hann aðeins verið að ráðstafa þeim hluta, sem falla mundi til hans í arf eftir móður hans. Með tillititil þess, að frekari arfur úr búinu var ekki fallinn á þessum tíma og sóknaraðili þykir ekki hafa gert fullnægjandi grein fyrir öðrum skilningi á yfirlýsingu þessari, ber að líta svo á, að Stefán hafi afsalað í hendur sóknaraðilja Sigríði Friðriksdóttur rétti til þess hluta fasteignarinnar aðeins, sem til hans mundi falla sem móðurarfur við skipti á dánar- og félagsbúi foreldra hans.

Af þessu leiðir jafnframt, að vísað verður á bug þeirri kröfu sóknaraðiljans Sigurðar Ingvars, að eignarréttur hans að ¼ hluta alls búsins verði viðurkenndur.

Rétt þykir, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Sóknaraðili Sigurður Ingvar Hannesson fær greiddar úr dánar- og félagsbúi þessu óskiptu kr. 2.093.00 með 7% ársvxtum frá 8. júlí 1965 til greiðsludags.

Hafnað er kröfum hans um, að viðurkenndur verði eignarréttur hans að ¼ hluta dánar- og félagsbúsins og að viðbyggingu við húsið Ánanaust E verði sem hans eign haldið fyrir utan búskiptin.

Sigríður Friðriksdóttir telst eigandi að hálfum þeim hluta fasteignarinnar Ánanaust E, sem við skiptin kann að falla til erfingjans Stefáns Hannessonar.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 31. janúar 1969.

Nr. 27/1968. **Einar Björnsson**
(Sigurður Sigurðsson hrl.)
gegn
Prentverki Odds Björnssonar h/f og gagnsök
(Friðrik Magnússon hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. febrúar 1968. Hann gerir þær dómkröfur, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 14.132.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 31.132.00 frá 30. janúar 1966 til 1. apríl 1966, en frá þeim degi af kr. 14.132.00 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 26. febrúar 1968. Hann krefst sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í dómi héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum samdómendum, eru atvik máls þessa rakin. Þar er og lýst ann-

mörkum á gerð og festingu þakhluta þess, er fauk af húsi gagnáfrýjanda hinn 30. janúar 1966 og olli spjöllum þeim á bifreið aðaláfrýjanda, A 2494, sem bóta er krafizt fyrir. Þykir við það eiga að miða, að fok þaksins hafi átt rót sína að rekja til nefnds vanbúnaðar, sem braut í bága við 23. gr. byggingarsamþykktar fyrir Akureyri nr. 6/1928. Samkvæmt þessu þykir rétt, eins og gögnum málsins að öðru leyti er háttað, að gagnáfrýjandi bæti tjón aðaláfrýjanda.

Hinn 8. febrúar 1966 nefndi bæjarfógeti Akureyrar bifvélavirkjameistarana Magnús Jónsson og Svanlaug Ólafsson til þess að framkvæma mat á skemmdum bifreiðarinnar A 2494. Í matsgerð 2. marz 1966, sem matsmenn hafa staðfest fyrir dómi, telja þeir kostnað af viðgerð bifreiðarinnar hæfilega ákveðinn kr. 31.139.00. Þar af greiddi vátryggingafélagið Samvinnutryggingar hinn 1. apríl 1966 kr. 17.000.00, og nemur óbætt tjón aðaláfrýjanda því kr. 14.139.00. Samkvæmt kröfu aðaláfrýjanda verður gagnáfrýjanda því dæmt að greiða honum kr. 14.132.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 31.932.00 frá 30. janúar 1966 til 1. apríl 1966, en frá þeim degi af kr. 14.132.00 til greiðsludags.

Með bréfi dómsmálaráðherra 13. janúar 1967 var aðaláfrýjanda veitt gjafsókn fyrir héraðsdómi. Laun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda í héraði, kr. 25.000.00, og annan kostnað aðaláfrýjanda þar, kr. 9.338.00, á því að greiða úr ríkissjóði.

Eftir úrslitum málsins er rétt, að gagnáfrýjandi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 50.338.00. Þar af hljóti ríkissjóður kr. 34.338.00, en gagnáfrýjandi kr. 16.000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Prentverk Odds Björnssonar h/f, greiði aðaláfrýjanda, Einari Björnssyni, kr. 14.132.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 31.932.00 frá 30. janúar 1966 til 1. apríl 1966, en frá þeim degi af kr. 14.132.00 til greiðsludags.

Laun talsmanns aðaláfrýjanda fyrir héraðsdómi, Ásmundar S. Jóhannssonar héraðsdómslögmanns, kr. 25.000.00, og annar kostnaður aðaláfrýjanda í héraði, kr. 9.338.00, greiðist úr ríkissjóði.

Gagnáfrýjandi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 50.338.00, þar af ríkissjóði kr. 34.338.00, en aðaláfrýjanda kr. 16.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Einars Arnalds hæstaréttardómara.

Í héraðsdómi er rækilega lýst veðurfarinu á Akureyri, þegar atburður sá átti sér stað, sem mál þetta fjallar um. Var veðrahamurinn ekki meiri en jafnan má búast við hér á landi. Verður fébótaábyrgð gagnáfrýjanda ekki felld niður af þeim sökum, að um vis major hafi verið að ræða. Eins og atvikum var háttað, tel ég eðlilegt og rétt, að húseigandi, gagnáfrýjandi, beri fébótaábyrgð á tjóni aðaláfrýjanda án tillits til þess, hvort um sök húseiganda eða annarra, sem hann bar ábyrgð á um vanbúnað þaksins, var að tefla eða ekki. Með þessari athugasemd er ég samþykkur forsendum og dómsorði meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Akureyrar 4. desember 1967.

Mál þetta hefur Einar Björnsson, Hafnarstræti 88, Akureyri, höfðað með stefnu, dags. 8. júní 1966, fyrir bæjarþingi Akureyrar á hendur Prentverki Odds Björnssonar h/f, Akureyri. Málið var þingfest 13. s. m. af þáverandi reglulegum dómara, Friðjóni Skarphéðinssyni, sem tók við dómsskjölum 1—31, en veik síðan í sama þinghaldi úr dómarasæti með úrskurði. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 28. september s. á., var Björn Halldórsson bóndi, Syðra-Brennihóli, Glæsibæjarhreppi, skipaður til þess sem „setudómari" á Akureyri að fara með og dæma mál þetta. Hinn 22. maí s.l. tóku sæti í dóminum sem meðdómendur eftir tilnefningu dómara þeir Páll Friðfinnsson húsasmíðameistari og Pétur Pálma-

son verkfræðingur, báðir heimilisfastir á Akureyri. Í því sama þinghaldi lýstu málflytjendur beggja aðilja yfir því, að gagnasöfnun væri lokið. Málið var þá tekið til flutnings, var flutt hinn 8. júní s.l. og samdægurs tekið til dóms. Síðan leið sumarið til ofanverðs októbermánaðar, án þess að dómendum auðnaðist að ljúka verkefni sínu. Að svo komnu þótti hæfa, að málið yrði flutt af nýju, og hinn 20. f. m. var málið flutt og lagt í dóm öðru sinni.

Síðan gerðist það, að dómsformaður tekur málið aftur upp, og nú samkvæmt 120. gr. einkamálalaga, og bendir málflytjendum, einkum umboðsmanni stefnanda, á nokkur atriði, er horfa þóttu til umbóta á framsetningu málsins. Var nú enn af þessu tilefni þingað í málinu hinn 6. nóvember og málflytjendum m. a. gefinn kostur á að flytja málið um af nýju. Ábendingum dómsformanns var að nokkru sinnt, og síðan var málið flutt hinn 14. nóvember í 3. sinn. Meðal þess, er gerðist í þessari síðustu atrennu, var það, að umboðsmaður stefnanda kom nýrri skipan á kröfugerð sína, þannig að hann nam kr. 6.200.00 burt úr aðalstefnukröfunni (kr. 20.332.00) og færði á dskj. 64, þ. e. málskostnaðarreikning, er enginn hafði áður verið. Með þessu lækkaði hann aðalkröfu sína niður í kr. 14.132.00. Áður hafði hann lækkað vaxtakröfu sína af aðalkröfunni úr 1% pr. mánuð niður í 7% p. a. Að svo komnu virðist vaxtakrafa stefnanda vera sú, að hann krefst 7% p. a. af kr. 31.132.00 frá 30. janúar 1966 til 1. apríl s. á. og síðan af kr. 14.132.00 til greiðsludags. Þá hefur umboðsmaður stefnanda krafizt málskostnaðar eftir reikningi eða mati dómara, sbr. stefnu, greinargerð og gjafsóknarbréf. Á fyrrgreindum málskostnaðarreikningi umboðsmanns stefnanda eru ekki tilfærð nein ómakslaun honum til handa, en í málflutningi sínum hefur hann jafnan krafizt málflutningslauna eftir mati dómenda, svo sem honum ber að gera samkvæmt dskj. 43. Virðist í þessu sambandi enginn gaumur gefandi kröfu umboðsmanns stefnanda í greinargerð dskj. 5 um „þóknun" honum til handa að upphæð kr. 2.634.00, heldur sé ákvörðun málflutningslauna hans komin undir frjálsu mati dómenda.

Umboðsmaður stefnda hefur hins vegar andmælt sök umbjóðanda síns sem og ábyrgð hans á verkum annarra manna og krafizt sýku af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómara, en til vara lækkunar á kröfunni eftir mati dómara.

Eftir framkomnum gögnum og skýrslum eru málavextir þessir: Hinn 30. janúar 1966 að morgni gerði hér á Akureyri svo sem

víða um land mikið hvassviðri af norðaustri, sem olli verulegum skemmdum á verðmætum hér í bæ. Meðal annars fauk um kl. 1030 þak af prentsmiðjuhúsi stefnda að Hafnarstræti 88 B og féll niður í tætlum, stærri og minni, aðallega í sundið milli fyrrnefnds húss og Hafnarstrætis 88, sem stendur beint vestan við hitt í nokkurra metra fjarlægð. Fokið skemmdi þarna a. m. k. tvo bíla, annan eign stefnda, en hinn eign stefnanda.

Bíll stefnanda stóð á lóð Hafnarstrætis 88, sem stefndi og faðir stefnanda áttu hvor sinn hlut í án staðarmarka. Stefnandi telur sig hafa átt heima í húsporti föður síns í Hafnarstræti 88. Þessi bíll stefnanda var af Volkswagen-gerð, árgerð 1955. Hann skemmdist mjög mikið, en hlaut þó viðgerð. Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands, dskj. 52, mældist vindhraðinn á vestanverðri Oddeyri, lögreglustöðinni, kl. 1030 9 vindstig, en vindátt ekki greind, en af öðrum gögnum og ummerkjum má ráða, að þá hefur áttin verið nærri austri á sjávarbakkanum við Hafnarstræti, en þar stendur prentsmiðjuhúsið, mjög áveðurs gegn austanátt. Í þessu sambandi er athugunarverð vitnaskýrsla *Þorsteins Stefánssonar,* þáverandi hafnarvarðar og fyrrverandi skipstjóra. Hann kveður veðrið hafa aukizt mjög um kl. hálf níu um morguninn og hafi hann þá tekið til að sinna skyldustarfi sínu að tryggja öryggi skipa, sem lágu við Torfunesbryggju og í kvínni. Mun þetta starf hafa tekið talsvert langan tíma, en ekki kveðst vitnið hafa litið á klukku, meðan á því stóð. Að því búnu kveðst vitnið hafa gengið upp bryggjuna og staldrað við sunnan undir suðausturhorni tollstöðvarinnar, sem er fremsta hús á uppfyllingunni, sem bryggjurnar ganga út frá. Þarna sunnanundir húsveggnum kveður vitnið, að rokið hafi mætt á því svo til óbrotið, 10—11 vindstig að þess mati eftir sjómennskureynslu sinni. Vitnið kveður hvassviðrið hafa gengið á með hörðum byljum og eitt sinn, er það horfði yfir Pollinn, sá það á sjórokinu, að hviða var í aðsigi, og varð það þá að grípa um húshornið sér til stuðnings. Hviða þessi varð mjög hörð, og um leið og hún gekk yfir, varð vitninu litið í suðurátt og sá þá, að stór fylla fauk af þaki prentsmiðjuhússins Hafnarstræti 88 B (fjarlægð ca. 100 m, ekkert ber í milli). Vitnið kveðst oft hafa haft samband við lögreglustöðina, þar sem veðurathuganir fara fram, og hafi það myndað sér þá skoðun, að mælirinn þar á stöðinni sýni a. m. k. stundum minni vindstyrk en vitninu virðist vera í það og það skiptið. Vitnið kveðst ekki vera visst um, hvort það muni eftir jafn hvössu veðri á 15 ára starfstíma sínum sem hafnarvörður. Um veður þetta er ritað í

Morgunblaðinu 1. febrúar 1966 af fregnritara þess hér í bæ, Sverri Pálssyni gagnfræðaskólastjóra. Þar segir m. a.: „Um kl. 1030 á sunnudagsmorguninn rauk hann upp aftur hálfu hvassari en nokkru sinni áður, og var þá gersamlega óstætt veður víða í bænum, þessi hrina hélzt fram yfir hádegi, og á tæpum 3 tímum olli fárviðrið gífurlegu tjóni á húsum og bílum. Var stórhættulegt að vera á ferli úti við, þar sem járnplötur, tættlur af húsþökum og margs konar lauslegt dót var eins og fjaðrafok víðs vegar o. s. frv.".

Í Akureyrarblaðinu Degi 2. febrúar, dskj. 34, segir svo: „Um síðustu helgi geisaði fárviðri af norðri um allt land. Á Norðurlandi var stórhríð, veðurofsi svo mikill, að mönnum var naumlega stætt ... Akureyri, á sunnudagsmorguninn náði rokið hámarki. Þá fauk hluti af þaki Prentverks Odds Björnssonar h.f., og þeyttist brak úr því upp á Hafnarstræti, braut rúður og skemmdi þrjá bíla. Á sama tíma fuku 70—80 þakplötur af nýbyggingu Gagnfræðaskólans, og einnig fauk nokkuð af þakplötum hér og hvar í bænum ... Við höfnina var sjógangur og austan rok". Blöð þessi birta einnig fréttir víðar af landinu um meiri háttar fok, m. a. Morgunblaðið frásögn með mynd af foknu þaki af nýbyggðu stórhýsi Heildverzlunarinnar Heklu í Reykjavík. Tekið er fram, að menn hefðu undrazt það, „hvernig slíkt gæti átt sér stað með svo stórt og nýbyggt hús, þó að veðurhæðin væri vissulega mikil". Af myndinni má sjá, að þakhalli þessa húss hefur verið mjög lítill, sízt meiri en á prentsmiðjuhúsinu.

Oddur Kristjánsson húsameistari hefur vottað um þakplötufokið af nýbyggingu Gagnfræðaskólans á Akureyri, dskj. 50, og komið fyrir dóm. Kveður vitni þetta, að þakið hafi verið nýlega smíðað (sumarið 1965) og gerð þess og frágangur verið samkvæmt byggingarreglum. Hafi þakið verið þilklætt með 1″ borðum og pappalagt undir járnið, sperrur voru festar niður í steypu með járnbeygjum, en járnsaumurinn verið óhnykktur. Ekki fuku þakplötur af eldri hluta hússins, og þakkar vitnið það því, að þar hafi verið notaðir hrufóttir naglar, sem hafi sérstaklega gott hald. Þá getur vitnið þess, að þakið á eldra húspartinum hafi verið mun flatara en hitt, sem fauk, að því er virðist af sambandinu („auk þess") í þeirri veru, að hallalítið þak standist að öðru jöfnu betur veður en rismikið.

Af dskj. 35, sbr. dskj. 63, verður ráðið, að húshluti sá, sem þakið fauk af 30. janúar 1966, var í smíðum hinn 27. október 1944, þó svo, að samkvæmt dskj. 37, dags. 4. apríl 1945, sbr. dskj. 36, dags.

26. marz s. á., er efri hæð þess þá enn óreist, en ætla verður, að 2. hæðin (þ. e. aðalhlutinn) hafi verið reist á árinu 1945, enda upplýsti umboðsmaður stefnda við málflutninginn, að þakhlutinn, sem fauk, hefði verið lagður fyrir um það bil 21 ári, er fokið varð. Þó var innskot í efri hæðina, sunnan til að vestan, sbr. dskj. 63, sem ekki var fyllt upp í fyrr en 1962 eða 1963, sbr. dskj. 23 og 39. Af ljósmynd, dskj. 49, er sjáanlegt, að sá hluti þaksins fauk ekki. Stefnandi reisir málssókn þessa á því, að gerð eldra hluta þaksins, þ. e. þess hluta, sem fauk, hafi ekki verið samkvæmt byggingarsamþykkt fyrir Akureyri frá 1. febrúar 1928, 23. gr. Þótt ekki sé nákvæmlega upplýst, hvenær fokna þakið var lagt, virðist vafalaust, að það hafi gerzt í tíð fyrr téðrar byggingarsamþykktar og fyrir gildistöku núgildandi byggingarsamþykktar frá 1. marz 1947. Aðgerðir af hálfu stefnanda í máli þessu hefjast samkvæmt dskj. 22 hinn 7. febrúar 1966 með fyrirtöku dómkvaðningarbeiðni í bæjarþingi Akureyrar að tilkvöddum umboðsmanni væntanlegs gagnaðilja. Hinir dómkvöddu skoðunar- og matsmenn, Bjarni Sveinsson og Jón Sigurjónsson, skyldu skoða og lýsa gerð fokna þaksins, og er árangur þessarar framkvæmdar birtur í dskj. 7 og í þinghaldi í máli þessu hinn 21. nóvember 1966. Þegar skoðunarmenn komu á staðinn hinn 10. febrúar 1966, stóð yfir hreinsun timburs af plötunni. Skoðunarmenn minnast á nýviðgert þak og hlýtur að vera um að ræða þakhlutann, sem ekki fauk og áður greinir, sbr. dskj. 54. Í skýrslunni dskj. 7 taka skoðunarmenn m. a. fram: 1) Að þakið hafi hvílt á steyptri plötu. 2) Sperrur hafi verið úr 2″×4″ furu og styttur úr sams konar efni, negldar í sperrur. Þeir fundu tvö langbönd, sem sýndu 135 og 154 cm milli sperra. 3) Langbönd úr sams konar efni og sperrurnar hafa verið negld flöt ofan á sperrur með 34—48 cm bili. 4) Festingar fyrir þakið inni á plötunni hafi þeir ekki séð nema á 4 stöðum á suðurhluta hússins. Sver saulujárn (4 í stað) hafi verið beygð yfir sperrukjálka (mynd 5, dskj. 13). Á suðurstafni hafi verið 10 skotnaglar með ójöfnu millibili, fastir í steinplötunni, enn fremur í steypustyrktarjárn (mynd 6, dskj. 14). Viðir af suðurstafni fundust engir. Á austurbrún hafi langbandið verið sett á röð á plötubrúnina og það fest niður með galvaníseruðum vír á 11 stöðum á „allri plötulengdinni“, þar af 8 sunnan útskots (sbr. myndir), en 3 norðan þess. Á öllum þessum stöðum sáu skoðunarmenn merki þess, að tvöfaldur vír hafi verið notaður til festingar langbanda við steypuplötuna. Þeim „fannst“, að vírinn á festingunum þrem-

ur hafi verið úr öðru og verra efni en vírarnir á suðurhlutanum, sbr. mynd 9 (dskj. 17), enda mikið ryðgaðir. Hinir (8) vírarnir hafi verið að mestu óryðgaðir. Á *norðurstafni* hafi verið sjáanlegar 3 festingar úr galvaníseruðum vír, að mestu óryðgaðar. Á vesturbrún plötunnar „virtist" skoðunarmönnum hafa verið 4 festingar, vírar í járnkróka, hvort tveggja tætt og brotið, sbr. sýnishorn. *Þakhalla* telja skoðunarmenn sem næst 1 : 8 (mynd 10, dskj. 18). Skoðunarmönnum var (sbr. dskj. 22) aðeins falin hlutleg skoðun, en engin álitsgerð. Þeir staðfestu dskj. 7 í bæjarþingi 21. nóvember 1966. Annar þeirra, Bjarni Sveinsson, var þá spurður um nokkur atriði til aukins skilnings á skýrslunni. Kemur þá fram m. a., að hann telur festingar á þakbrúnum ekki vera „múrankeri". Þá lýsti hann yfir því að gefnu tilefni frá umboðsmanni stefnanda, að hann telji gerð þaksins ekki fullnægja byggingarsamþykkt Akureyrar með skírskotun til dskj. 7, einkum um festingar við plötuna. Jón Sigurjónsson staðfestir dskj. 7, sem áður greinir, en var einskis spurður að öðru leyti, enda þótt málefnið tilheyrði hans iðngrein, en síður Bjarna. Jón G. Ágústsson, núverandi byggingarfulltrúi Akureyrar, kom fyrir dóm. Kveðst hann samkvæmt tilmælum Sigurðar M. Helgasonar, þáverandi fulltrúa bæjarfógeta Akureyrar, hafa komið á fokstaðinn einhvern næstu daga eftir fokið til athugunar.

Af myndum þeim, er hann tók á staðnum, dskj. 46—49, virðist hann hafa verið fyrr á ferðinni en framangreindir skoðunarmenn. Vitnið kveðst hafa snúið sér að því að gera sér grein fyrir gerð þaksins, og virðist lýsing þess af stærð viða og bila milli þeirra mjög á sömu leið og á fyrrgreindri skýrslu skoðunarmanna. Af myndum þess er sjáanlegt, að reim á þakbrún hefur ekki fokið, a. m. k. ekki öllu, en eins og vitnið tekur fram, var vinna við hreinsun á plötunni hafin, þegar það kom á staðinn og tók myndirnar. Þá tekur vitnið fram, að reimin hafi verið fest utarlega á þakbrún, en kvaðst að öðru leyti ekki hafa getað gert sér grein fyrir frágangi á þakbrún. Að gefnu tilefni tók vitnið fram, að algengur praxis nú sé að festa reimar við steinsteyptar loftplötur með múrboltum (ankerum) með 80—120 cm millibili. Vitnið Þórður Friðbjarnarson húsasmíðameistari minnist þess, að það ynni við neglingu platnanna (asbestplatna), en við þakstólinn hafi það unnið lítið eða ekkert. Vitnið kveðst ekkert sérstakt muna um festinguna á sperruendum, en gerir ráð fyrir, að sperruendar hafi verið festir á brúnir, eins og venja var til, með múrboltum. Vitnið kveðst hafa unnið undir yfirstjórn Snorra

Guðmundssonar, en múrarameistari hafi verið Stefán Halldórsson.

Vitnið Snorri Guðmundsson kveðst hafa verið byggingameistari í þjónustu Kaupfélags Eyfirðinga á þeim tíma, sem margumrætt hús var byggt, en hafi ekkert starfað að smíði þess húss né sinnt þar verkstjórn. Vitnið telur, að húsið hafi verið þakið á árinu, eftir að það var steypt. Gerir vitnið ráð fyrir, að fullgildir smiðir hafi starfað að smíði þaksins, þ. e. a. s. smiðir frá Kaupfélagi Eyfirðinga, m. a. Þórður Friðbjarnarson. Þá staðhæfir vitnið, að sér hafi aldrei verið falið af Kaupfélagi Eyfirðinga að stjórna smíði þessa húss, enda þótt vera kunni, að forráðamenn félagsins hafi ætlazt til þess af því. Kveðst vitnið hafa á þessum tíma starfað mikið utanbæjar.

Vitnið Stefán Halldórsson múrarameistari kom fyrir dóm og kvaðst hafa séð um járnalögn og steypu við prentsmiðjuhúsið. Ekkert kveðst það hafa unnið við þakstólinn. Það kveður það hafa verið venju á þeim tíma, að járn hafi verið látið standa upp úr plötunni til þess að festa þakstólinn. Það kveður, að á myndunum, dskj. 13, 14, 17, 19 og 15, komi fram þær aðferðir, er á þeim tíma hafi tíðkazt við festing þakstóla.

Aðaleigandi hins stefnda fyrirtækis, Sigurður O. Björnsson, kom fyrir dóm og lýsti yfir að gefnu tilefni frá umboðsmanni stefnanda, að Kaupféiag Eyfirðinga hefði að öllu leyti séð um byggingu prentsmiðjuhússins, útvegað mannafla og efni, en síðan krafið POB h/f um tilkostnaðinn eftir reikningi, lóðina hafi hlutafélagið átt fyrir. Sigurður kveður Stefán Halldórsson hafa verið múrarameistara og heldur, að Snorri Guðmundsson hafi verið yfirsmiður að húsinu. Tilætlunin hafi verið að byggja 3. hæðina ofan á húsið.

Af því, sem hér að framan hefur verið rakið, virðist ljóst, að gerð þaksins, sem fauk, hafi verið annmörkum háð frá upphafi. Festingum þakviða hafi verið áfátt og ekki um viðhald eða endurbætur að ræða. Þakviðir voru ekki í samræmi við byggingarsamþykktina. Ekki verður fallizt á, að fokið hafi skeð fyrir óviðráðanlegar náttúruhamfarir (fors major).

Umboðsmaður stefnanda hefur stutt kröfu sína með almennum skaðabótareglum. Þessar reglur eru, eins og kunnugt er, að litlu leyti formlega lögfestar, enda greinir fræðimenn á um mörg atriði í túlkun þeirra. Reglur þessar hafa þróazt fyrir þörf á aðhaldi gagnvart viljandi skaðavöldum fyrst og fremst, en nýtast síður í sambandi við vanrækslu-„syndir". Þessum reglum er þannig

ætlað það hlutverk að auka þjóðfélagslegt öryggi og réttlæti, en þó eru einnig ýmis önnur úrræði meira notuð til að ná þeim tilgangi.

Í máli þessu er um að ræða kröfu um bætur fyrir tjón, er stafaði frá húseign stefnda. Segja má, að hús í bæjum séu hvort tveggja í senn eign húseiganda og hluti af bænum, þ. e. húsin eru háð bæjarfélaginu með ýmsum hætti. M. a. er lögboðið, að bær eins og Akureyri hafi byggingarsamþykkt, er geymir ýmsar reglur um smíði húsa. Samþykktin fyrir Akureyri, staðfest 1. febrúar 1928, geymir ýmsar reglur um gerð húsa, en þó eru þessar reglur hvorki nákvæmar né tæmandi, enda er byggingarfagið mjög margbrotið viðfangsefni og síbreytilegt á síðustu áratugum.

Byggingarsamþykktin mælir fyrir um yfirumsjón byggingarnefndar og byggingarfulltrúa með húsbyggingum og fullgilding meistara úr iðnaðarstéttum, til að þeir megi veita húsbyggingum forstöðu. Hvergi í byggingarsamþykkt finnst dæmi um, að gert sé ráð fyrir fokhættu sérstaklega. Afstaða húsa og útlitsprýði virðist sitja í fyrirrúmi sem og almennur styrkleiki. Dæmi um grandaleysi reglugerðar höfunda gagnvart fokhættu er það, að hvergi er varað við flötum (hallalitlum) þökum. Hins vegar er hámarksbratti á þökum ákveðinn. Af orðum Odds Kristjánssonar húsameistara (hann mun raunar hafa oftitlað sig) má ráða, að hann telur rislág þök öruggari gagnvart stormi en hin rishærri. Og Reykvíkingar, sbr. Morgunblaðið, undrast, að þakið skyldi fjúka af Hekluhúsinu. Öll þessi 3 mestu þakfok, sem urðu í veðrinu 30. janúar, bitnuðu á næsta hallalitlum þökum, og kemur þetta ekki kunnandi mönnum á óvart. Sogkraftur stormsins nær sterkari tökum á flötu en hallandi þaki.

Fyrirsvarsmaður stefnda og aðaleigandi POB h/f, Sigurður O. Björnsson, lýsti því fyrir dómi, að tiltekið fyrirtæki, Kaupfélag Eyfirðinga, eitt meðal traustustu og stærstu fyrirtækja hérlendis, hefði að öllu leyti séð um byggingu hússins, útvegað allan mannafla og efni og greitt út kostnaðinn, en síðan endurkrafið POB, sem greiddi samkvæmt reikningum. Hann kveðst enn fremur halda, að Snorri Guðmundsson hafi verið þarna yfirsmiður, en þessu neitar Snorri, með nokkrum fyrirvara þó. Í máli þessu er ekkert upplýst um afskipti byggingarfulltrúa Akureyrar né byggingarnefndar í sambandi við húsbygginguna, en full ástæða er til að ætla, að ekki hafi mikið farið fyrir þeim afskiptum, a. m. k. að því leyti sem gerð þaksins varðar. Stórfelldar bótakröfur af því tagi, sem hér um ræðir, geta komið mjög illa við og reynzt

hæpnar til innheimtu hjá misjafnlega fjáðum aðiljum og skapa því í mörgum tilfellum ekki réttaröryggi innan þjóðfélagsins, heldur hið gagnstæða. Þá virðist það heldur ekki koma vel heim við eðli og tilgang almennra bótareglna, að smávægilegar og máske óbeinar vanrækslur, svo sem léleg negling á einni þakplötu, geti bakað húseigendum gífurleg útlát, en því er þetta dæmi tekið, að plötufokið eitt getur valdið mannsbana, ef ólukkan er með.

Slíkt „réttlæti" mundi ekki miða að réttaröryggi innan þjóðfélagsins, heldur hinu gagnstæða. Sterkt og öruggt eftirlit af hálfu yfirvalda með húsagerð ásamt staðgóðri kunnáttu húsagerðarmanna í víðri merkingu virðist rétta leiðin í þessu efni ásamt vátryggingum eftir atvikum.

Samkvæmt ofanrituðu hlýtur máli þessu að ljúka hér fyrir dómi með sýknu stefnda. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður. Málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Ásmundar S. Jóhannssonar héraðsdómslögmanns, ákveðast kr. 25.000.00 og greiðast úr ríkissjóði ásamt útlögðum kostnaði samkvæmt reikningi, kr. 9.338.00.

Dómsorð:

Stefndi, Prentverk Odds Björnssonar h/f, á að vera sýkn af kröfu stefnanda, Einars Björnssonar. Málskostnaður fellur niður. Málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Ásmundar S. Jóhannssonar héraðsdómslögmanns, kr. 25.000.00, greiðast úr ríkissjóði ásamt útlögðum kostnaði, kr. 9.338.00.

Mánudaginn 3. febrúar 1969.

Nr. 211/1968. **Ragnar Kristjánsson**
gegn
Kristjáni Júlíussyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ragnar Kristjánsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Kristjáni Júlíussyni, sem látið hefur sækja þing og krafizt ómaksbóta, kr. 2.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. febrúar 1969.

Nr. 217/1968. **Karl Ó. Jónsson**
gegn
Oddvita Kjalarneshrepps f. h. hreppsins, Jóni Trausta Karlssyni og Áka Jakobssyni til réttargæzlu.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Karl Ó. Jónsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, oddvita Kjalarneshrepps f. h. hreppsins, sem látið hefur sækja þing og krafizt ómaksbóta, kr. 2.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. febrúar 1969.

Nr. 69/1968. **Fjöliðjan h/f**
(Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
Margeiri Guðmundssyni Gísli Ísleifsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn kvað upp Jóhann Gunnar Ólafsson, bæjarfógeti á Ísafirði.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. apríl 1968 og krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt gögnum málsins var stefndi starfsmaður áfrýjanda. Telur stefndi, að framkvæmdastjóri áfrýjanda hafi vikið honum frá störfum án saka 11. desember 1967. Kröfur sínar í málinu hefur stefndi sundurliðað þannig:

1. Vangoldin laun fyrir nóvembermánuð 1967 kr. 15.000.00
2. Vangoldið orlofsfé fyrir tímabilið frá 1. júní til 30. nóvember 1967 .. .. — 6.000.00
3. Bætur vegna óheimillrar uppsagnar .. .. .. — 40.214.35

Kr. 61.214.35

Um 1. Áfrýjandi, sem hefur viðurkennt, að stefndi hafi eigi fengið að fullu greidd laun fyrir vinnu unna í nóvembermánuði 1967, hefur hér fyrir dómi lagt fram yfirlit um laun stefnda í þeim mánuði og telur, að þau hafi átt að nema alls kr. 14.191.90. Frá þeirri fjárhæð beri að draga greiðslur, sem inntar hafi verið af höndum vegna stefnda, upp í útsvar kr. 1.500.00, upp í skatta kr. 1.012.00 og upp í vörukaup stefnda kr. 1.000.00. Samtals nemi fé þetta kr. 3.512.00. Telur áfrýjandi, að vangoldin laun stefnda að þessu leyti nemi því aðeins kr. 10.679.90. Stefndi hefur engin rökstudd andmæli haft uppi gegn þessum gögnum, sem verður því að leggja til grundvallar að þessu leyti. Verður því þessi kröfuliður stefnda aðeins tekinn til greina með kr. 10.679.90.

Um 2. Af hendi áfrýjanda er viðurkennt, að stefndi eigi inni orlofsfé, 7% af kr. 79.473.00, eða alls kr. 5.563.00. Stefndi hefur engin rökstudd andmæli haft uppi gegn reikningum áfrýjanda að þessu leyti, og verður því þessi kröfuliður tekinn til greina með kr. 5.563.00.

Um 3. Stefndi telur, að honum hafi verið vísað úr starfi af framkvæmdastjóra áfrýjanda 11. desember 1967. Beri honum því laun fyrir ⅔ hluta desembermánaðar og auk þess laun fyrir samningsbundinn uppsagnarfrest í tvo mánuði.

Af hendi áfrýjanda hefur því verið algerlega mótmælt, að stefnda hafi verið vísað úr starfi, hann hafi hætt störfum án nokkurrar ástæðu.

Hvorki stefndi né framkvæmdastjóri áfrýjanda hafa gefið skýrslur fyrir dómi í máli þessu. Til stuðnings máli sínu hefur stefndi lagt fram hér fyrir dómi vottorð manns eins, sem kveðst hafa hlýtt á, er framkvæmdastjóri áfrýjanda vísaði stefnda úr starfi. Gegn andmælum af hendi áfrýjanda verður eigi talið, að stefndi hafi sannað, að honum hafi verið vísað úr starfi, og verður áfrýjandi því sýknaður af kröfu stefnda að þessu leyti.

Samkvæmt þessum málalokum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda kr. 16.242.90 með 7% ársvöxtum frá 1. desember 1967 til greiðsludags.

Eftir þessari niðurstöðu ber áfrýjanda, sem eigi sótti þing í héraði, að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Fjöliðjan h/f, greiði stefnda, Margeiri Guðmundssyni, kr. 16.242.90 með 7% ársvöxtum frá 1. desember 1967 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 21. marz 1968.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 12. marz 1968 af Kristni Einarssyni héraðsdómslögmanni, Hverfisgötu 50, Reykjavík, f. h. Margeirs Guðmundssonar, Grundargötu 6, Ísafirði, gegn Fjöliðjunni h/f, Ísafirði, til greiðslu vinnulauna og orlofsfjár, samtals kr. 61.214.35 ásamt 1% vanskilavöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. desember 1967 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefnandi hefur skýrt frá því, að stefnukrafan sé vangoldin vinnulaun fyrir nóvember, kr. 15.000.00, orlofsfé 1. júní til 30.

nóvember 1967, kr. 6.000.00, og kr. 40.214.35 bætur fyrir 2ja mánaða uppsagnarfrest, sem hann kveðst eiga rétt á. Stefnandi hefur sundurliðað og gert nákvæma grein fyrir kröfum sínum.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnukröfurnar.

Stefndi mætti ekki í málinu og enginn af hans hálfu, og er honum þó löglega stefnt.

Málatilbúnaði stefnanda þykir í engu áfátt, og ber því að dæma málið samkvæmt skjölum og skilríkjum eftir 118. gr. laga nr. 85/1936.

Ber að dæma stefnda til að greiða stefnukröfurnar.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn 9.100.00 krónur, og ber að dæma stefnda til að greiða hann.

Dómsorð:

Stefndi, Fjöliðjan h/f, greiði stefnanda, Kristni Einarssyni f. h. Margeirs Guðmundssonar, kr. 61.214.35 ásamt 1% vanskilavöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. desember 1967 til greiðsludags og 9.100.00 krónur í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. febrúar 1969.

Nr. 114/1968. **Theodór Árnason**
(Sigurður Baldursson hrl.)
gegn
Ásgeiri Sigurðssyni
(Jóhannes Lárusson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Víxilmál. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. júní 1968, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. s. m. Krefst hann þess, *að* honum verði dæmd sýkna af kröfum stefnda, *að* löghaldsgerð sú, sem fram fór á hendur honum 14. des-

ember 1967, verði úr gildi felld, *að* fjárnámsgerð sú, sem gerð var í eignum hans hinn 15. marz 1968, verði felld úr gildi og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur og hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum fjárnámskostnað og málskostnað fyrir Hæstarétti.

Réttarstefna í máli þessu í héraði, útgefin 16. desember 1967, var birt 6. janúar 1968. Voru þá meira en þrjú ár liðin frá gjalddaga víxilsins. Var víxilkrafan þá því fyrnd samkvæmt skýlausum ákvæðum 70. gr. og 71. gr. víxillaga nr. 93/1933, en nefnd 71. gr. er um riftun fyrningar í samræmi við aðalreglu 11. og 12. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjanda sýknu af kröfum stefnda og fella hina áfrýjuðu löghaldsgerð og svo hina áfrýjuðu fjárnámsgerð úr gildi.

Þar sem þingsókn féll niður af hendi áfrýjanda fyrir héraðsdómi, er rétt að fella niður málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Theodór Árnason, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Ásgeirs Sigurðssonar, í máli þessu.

Hin áfrýjaða löghaldsgerð og hin áfrýjaða fjárnámsgerð eru úr gildi felldar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. febrúar 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. janúar s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 6. janúar 1968, af Ásgeiri Sigurðssyni, Hávallagötu 7, Reykjavík, gegn Theodór Árnasyni, Sólvallagötu 25, Reykjavík, til greiðslu víxils að fjárhæð samtals krónur 100.000.00, útgefins 20. ágúst 1964 af stefnanda og samþykkts af stefnda til greiðslu í Samvinnubanka Íslands h/f hér í bæ 20. desember 1964, en á víxli þessum er stefnandi ábekingur.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða fjárhæð víxilsins, kr. 100.000.00, með 9% ársvöxtum frá 20. desember 1964 til 12. júní 1965, en með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, kr. 240.00 í stimpilkostnað og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., þar af kr. 3.187.00 í löghaldskostnað. Jafnframt hefur stefnandi krafizt staðfestingar á löghaldi, sem gert hafi verið í húseign stefnda að Álfhólsvegi 101, Kópavogi, en löghald þetta hafi verið framkvæmt af fógetarétti Kópavogs þann 14. desember 1967.

Stefndi hefur látið sækja þing, en þingsókn féll niður, án þess að varnir kæmu fram.

Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem stefnandi hefur lagt fram frumrit víxilsins með löglegri heimild, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti. Það athugast, að gjalddagi víxilsins var 20. desember 1964, en stefna í máli þessu var birt 6. janúar 1968. Samkvæmt 1. mgr. 77. gr. laga nr. 93 frá 1933 hefði því víxillinn verið fyrndur. Nú er hins vegar á það að líta, að löghald var gert út af hinum umstefnda víxli, og var það löghaldsmál tekið fyrir í fógetaréttinum 14. desember 1967, eins og áður er minnzt á. Það er skoðun dómarans, að fyrirtekt málsins í fógetaréttinum megi öldungis jafna til þeirra réttargerða, sem nefnd 1. mgr. 77. gr. fjallar um, sbr. C. Rasting i Den danske veksel og schecklovgivning, 1928, bls. 218. A. Helper i Veksel og checkloven, bls. 261, og P. Lyngsö í Check og vekselloven 1967, bls. 262. Ber því að líta svo á, að fyrirtekt málsins í fógetarétti hafi slitið fyrningu. Vextir ákveðast 9% frá 20. desember 1964 til 1. janúar 1965, en 8% ársvextir frá þeim degi til 12. júní 1965. Málskostnaður ákveðst kr. 16.000.00.

Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreint löghald er staðfest.

Stefndi, Theodór Árnason, greiði stefnanda, Ásgeiri Sigurðssyni, kr. 100.000.00 með 9% ársvöxtum frá 20. desember 1964 til 1. janúar 1965, 8% frá þeim degi til 12. júní 1965, en með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, kr. 240.00 í stimpilkostnað og

kr. 16.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Löghaldsgerð fógetadóms Kópavogs 14. desember 1967.

Ár 1967, fimmtudaginn 14. desember, var fógetaréttur Kópavogs settur að Álfhólsvegi 101 og haldinn þar af fulltrúa bæjarfógeta, Jóni Eysteinssyni, með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið: Málið Ásgeir Sigurðsson gegn Theodór Árnasyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 víxil.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jóhannes Lárusson hæstaréttarlögmaður og krefst löghalds fyrir kr. 100.000.00 með 9% ársvöxtum frá gjalddaga víxilsins til 12. júní 1965 og 1% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags, ⅓% í þóknun, kr. 240.00 í afsagnarkostnað, kr. ... (sic) í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, staðfestingarmál, innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, en á kostnað gerðarþola.

Gerðarþoli á þessa eign, og fyrir hann mætir Ísleifur Pétursson, sem er hér staddur. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki greiða.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir löghaldi í eignarhluta gerðarþola, Álfhólsvegi 101. Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mættum að skýra gerðarþola frá löghaldinu.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni, sem að nokkru reyndist árangurslaus, lokið.

Fjárnámsgerð fógetadóms Kópavogs 15. marz 1968.

Ár 1968, föstudaginn 15. marz, var fógetaréttur Kópavogs settur að Álfhólsvegi 101 og haldinn þar af fulltrúa bæjarfógeta, Jóni Eysteinssyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið Ásgeir Sigurðsson gegn Theodór Árnasyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjarþings Reykjavíkur, mál nr. 5036/1968.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jóhannes Lárusson hæstaréttarlögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 100.000.00 með 9% ársvöxtum frá 21. desember 1964 til 1. janúar 1965 og 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1965 til 12. júní 1965 og 1% mánaðarvöxtum frá 12.

júní 1965, kr. 430.00 í birtingar-, endurrits- og stimpilkostnað, kr. 16.000.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, en á kostnað gerðarþola.

Gerðarþoli er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir Ásgerður Ásgeirsdóttir, sem býr hér. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, Álfhólsvegi 101, vesturhelmingi.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá fjárnáminu. Upplesið, játað rétt bókað.

Gerðinni, sem að nokkru reyndist árangurslaus, lokið.

Miðvikudaginn 5. febrúar 1969.

Nr. 48/1968. **Vestmannaeyjakaupstaður**
(Björn Sveinbjörnsson hrl.)
gegn
Sigurlaugu Sigurjónsdóttur og gagnsök
(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Heimvísun. Fjárnámsgerð felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Pétur Gautur Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. marz 1968. Gerir hann þær dómkröfur, að hann verði einungis dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda kr. 88.510.00 með 7% ársvöxtum frá 10. október 1967 til greiðsludags. Þá krefst hann þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi. Loks krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda og að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 14. marz 1968. Krefst hún þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 130.510.00 með 8% ársvöxtum frá 24. júní 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Hún krefst og staðfestingar fjárnámsgerðar, sem fór fram hinn 13. janúar 1968.

Svo sem lýst er í héraðsdómi, var nokkur hluti lóðar gagnáfrýjanda tekinn undir götu. Gerir hún af þeim sökum meðal annars fébótakröfu á hendur aðaláfrýjanda vegna verðrýrnunar íbúðarhúss hennar, sem á lóðinni stendur. Í sambandi við gatnagerðina voru reistar nýjar tröppur við húsið og girðing um lóðina. Samkvæmt kröfugerð aðaláfrýjanda féllst hann á að greiða kostnað við þessa tröppugerð og girðingu. Hins vegar heldur hann því fram, að þessi mannvirki séu verðmætari þeim fyrri. Þá hafi og malbikun götu og gangstéttarhellur aukið verðgildi hússins. Telur hann alla þessa mannvirkjagerð vega upp lóðarskerðinguna. Í málinu hefur verið lögð fram matsgerð dómkvaddra kunnáttumanna um rýrnun á verðmæti hússins.

Samkvæmt framansögðu er málinu því svo háttað, að rétt var, að héraðsdómari kveddi sérfróða menn til að dæma það með sér, sbr. 3. tölulið 200. gr. laga nr. 85/1936. Þá skortir og ótvíræð gögn um stærð þess hluta lóðarinnar, sem tekin var undir götu, en ágreiningur er um stærðina. Þykir því verða að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju. Samkvæmt þessu verður að fella hina áfrýjuðu fjárnámsgerð úr gildi.

Eftir atvikum verður málskostnaður fyrir Hæstarétti látinn falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju. Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er felld úr gildi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 15. desember 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun sáttamanna 9. október s.l., af Sigurlaugu Sigurjónsdóttur ekkjufrú, Kirkjuvegi 64 hér í bæ, með stefnu, útgefinni 10. október s.l. og birtri sama dag, á hendur Vestmannaeyjakaupstað, þ. e. bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum f. h. hans, til heimtu skaðabóta vegna lóðarskerðingar o. fl. að fjárhæð kr. 130.510.00 með 8% ársvöxtum frá 24. júní 1966 til greiðsludags auk alls málskostnaðar að skaðlausu, með áskilnaði um hækkun bótakröfu með framhaldsstefnu eða í sjálfstæðu máli og um framkvæmd eignarnámsmats.

Máli sömu aðilja vegna sömu lögskipta var upphaflega stefnt fyrir bæjarþingið með stefnu, útgefinni 5. júní s.l., en er fram kom frávísunarkrafa í greinargerð stefnda, vegna þess að gengið hafi verið fram hjá sáttanefnd, var það mál hafið hér fyrir dómi hinn 5. október s.l., og er því mál þetta höfðað.

Málavexti kveður stefnandi þá, að þegar stefndi lagði götuna Birkihlíð og ákvað götulínu hússins Kirkjuvegar 64, eign stefnanda, við Hvítingaveg og Kirkjuveg fyrir nokkrum árum vegna malbikunarundirbúnings, hafi stefndi tekið af lóð stefnanda verulegan hluta undir götu án þess að greiða né bjóða greiðslu fyrir. Hafi vegna þessara framkvæmda orðið að breyta inngangi í húsið, fjarlægðar hafi verið girðingar og snúrustaurar og eyðilögð garðblóm o. fl. Þá hafi við gröft myndazt sprunga á austurhlið og þar um gengið rotta. Hafi stefnandi leitað bóta við bæjarvöld munnlega og jafnan vel í tekið, en efndir engar orðið. Þá ritaði stefnandi bæjarráði bréf hinn 24. júní 1966 og bauð stefnda húseignina til kaups, en ekki er að sjá af skjölum málsins, að undirtektir hafi orðið nokkrar. Með beiðni, dags. 6. janúar s.l., beiddist stefnandi þess, að bæjarfógeti dómkveddi matsmenn til að meta tjón hennar af lóðartökunni og annarri röskun. Hinn 17. s. m. fór svo umrædd dómkvaðning fram, og voru tilkvaddir húsasmíðameistararnir Ólafur Á. Kristjánsson og Guðlaugur Guðjónsson.

Dómkröfur kveður stefnandi allar byggðar á mati hinna dómkvöddu matsmanna, en matsgerðin fór fram hinn 25. janúar s.l., og sundurliðast kröfurnar svo: I) Kostnaður við tröppugerð, kr. 48.000.00; II) Steinsteypt girðing við Hvítingaveg, kr. 18.000.00; III) Verðrýrnun húss vegna fjórðungsskerðingar lóðar, 5% af

áætluðu matsverði (1.200 þús.), kr. 60.000.00; IV) Kostnaður matsmálsins, kr. 510.00; V) Þóknun matsmanna, kr. 4.000.00.

Stefnandi telur sig hafa orðið fyrir verulegu tjóni og meiru en matsmenn mátu, svo sem vegna fjarlægingar girðingar við Kirkjuveg, fjarlægingar snúrustaura og eyðileggingar ýmissa garðblóma og nytjajurta. Þá hafi hún orðið fyrir tjóni vegna áðurnefndrar sprungumyndunar á austurvegg við undirstöðuröskun þar við gröft og þar af jafnframt tilkomins rottugangs.

Stefnandi telur bótafjárhæðir matsgerðar of lágar og hefur áskilið sér rétt til yfirmats. Telur stefnandi verðrýrnun húss, sem svipt er fjórðungi jafnlítillar lóðar (240 m^2), er því var ætlað með lóðarleigusamningi, svo tilfinnanlega og stórkostlega, að jafngildi eignarnámi.

Er hér enn áskilnaður til þess að framhaldsstefna til þess að skylda stefnda til að kaupa fasteignina, sem séu raunar hinar einu bætur, er telja megi fullar vegna margtéðrar röskunar, enda hafi við röskun þessa í upphafi verið vanrækt að fara eftir ákvæðum skipulagslaga nr. 55/1921 (sbr. nú lög nr. 19/1964) og greiða fullar bætur, þ. e. eignarnámsbætur. Samkvæmt 26. gr. nefndra laga (sbr. nú 3. mgr. i.f. 29. gr. laga nr. 19/1964) sé stefnda því skylt að kaupa eignina alla.

Þá kveðst stefnandi að eigin rammleik hafa orðið að hefja framkvæmdir við inngangsbreytingar og girðingu lóðar og hafi stefndi ekki fengizt til þess að greiða upp í bætur.

Engar af ofangreindum áskilnaðarkröfum stefnanda, sem öllum er mótmælt af stefnda, hafa verið gerðar að dómkröfum í máli þessu, og verður því eigi um þær fjölyrt.

Í þinghaldi hinn 20. janúar s.l. lagði stefndi fram greinargerð. Kom þar fram aðallega krafa um frávísun á þeim grundvelli, að ákvæði 4. gr. lóðarsamnings téðs húss, er kveður á um greiðslu gjalda fyrir land, sem látið sé undir veg og ákveðið skuli af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, fæli í sér gerðardómsákvæði, þannig að málið heyrði eigi undir úrlausn dómstóla.

Með úrskurði, uppkveðnum hinn 1. nóvember s.l., var frávísunarkröfu þessari hrundið.

Upphaflega krafðist stefndi þess efnislega, að hann yrði einungis dæmdur til að greiða kr. 66.000.00 með venjulegum bankavöxtum frá stefnudegi hins höfðaða máls, en að málskostnaður yrði látinn niður falla, enda kvað stefnandi matsmenn hafa byggt mat sitt á röngum forsendum, en bótaskylda er viðurkennd.

Síðan breytti stefndi kröfum sínum svo, að til viðbótar téðum krónum 66.000.00, er samsvari kröfuliðum nr. I og II, komi kr. 18.000.00, er sé áætluð fjárhæð til girðingar við Kirkjuveg, og teldust fjárhæðir þessar fullnaðarbætur. Kvað stefndi þetta „tilboð" miðað við venju hér í kaupstað: að bæta lóðarhöfum skerðingu vegna skipulagsbreytinga með því að setja upp á sinn kostnað steinsteyptar girðingar við húsin í stað eldri girðinga, svo sem í þessu tilfelli. Þá hafi verið lagfærðar skemmdir á húsum og mannvirkjum og nauðsynlegar breytingar gerðar á kostnað bæjarsjóðs.

Við munnlegan málflutning breytti stefndi enn kröfum sínum og krafðist þess nú, að hann yrði einungis dæmdur til að greiða kr. 88.510.00, er sundurliðaðist svo, að kr. 48.000.00 væru samkvæmt kröfulið nr. I í stefnu, kr. 18.000.00 samkvæmt kröfulið nr. II, kr. 510.00 samkvæmt kröfulið nr. IV, kr. 4.000.00 samkvæmt kröfulið nr. V, en þær kr. 18.000.00, sem þá væru umfram, kæmu upp í kröfulið nr. III, þó þannig, að samkvæmt kröfu stefnda væri liðurinn byggður á öðrum grundvelli en í matsgerð, þ. e. að raunveruleg spjöll væru bætt, þ. m. t. girðing við Kirkjuveg. Þá krafðist stefndi þess og, að auk þess sem málskostnaður félli niður, yrði stefndi einungis dæmdur til að greiða venjulega bankavexti frá útgáfudegi stefnu þessa (síðara) máls.

Stefndi hefur þegar viðurkennt bótaskyldu sína í þessu máli. Jafnframt hefur stefndi fallizt á, að hann verði dæmdur til að greiða stefnukröfu samkvæmt kröfuliðunum nr. I, II, IV og V.

Ber þegar af þeirri ástæðu að taka liði þessa til greina.

Um kröfulið nr. III.

Frammi í máli þessu liggur matsgerð dómkvaddra matsmanna, er eigi hefur verið hnekkt, hvorki með yfirmati né með rökum sýnt fram á, að réttra sjónarmiða hafi eigi verið gætt við gerðina. Ber því að leggja matsgerð þessa til grundvallar við úrlausn málsins, og með því að dómkrafa stefnanda er, einnig að því er kröfulið þennan varðar, í samræmi við téða matsgerð, ber að taka hana til greina.

Dæma ber stefnda til að greiða stefnanda vexti af hinum tildæmdu fjárhæðum til greiðsludags, og ákveðst vaxtahæðin 7%.

Vexti þykir sanngjarnt að reikna frá dagsetningu dómkvaðningarbeiðni.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, er þykir eftir atvikum hæfilega metinn kr. 20.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Vestmannaeyjakaupstaður, greiði Sigurlaugu Sigurjónsdóttur kr. 130.510.00 með 7% ársvöxtum frá 6. janúar 1967 til greiðsludags og kr. 20.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Vestmannaeyja 13. janúar 1968.

Í fógetarétti í fyrradag benti umboðsmaður gerðarþola á fasteignina Njarðarstíg 10 til fjárnáms til tryggingar dómskuld sinni við gerðarbeiðanda.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda kvaðst eigi þurfa að sætta sig við fjárnám í fasteign, þar sem gerðarþoli ætti nægilegt lausafé til að benda á til fjárnáms. Vísaði umboðsmaðurinn í þessu sambandi á 2. mgr. 24. gr. aðfararlaga.

Umboðsmaður gerðarþola krafðist úrskurðar um þetta atriði. Hann benti á, að öll líkindi væru fyrir því, að bæjarþingsdóminum yrði vísað til Hæstaréttar, og þess vegna sé nægilegt fyrir gerðarbeiðanda að fá tryggingu í fasteign, á meðan málið verði útkljáð.

Ákvæðin í 2. mgr. 24. gr. laga um aðför taka af öll tvímæli um það, að gerðarbeiðandi á rétt á að fá fjárnám í lausafé, ef það er fyrir hendi, áður en bent er á fasteign. Óumdeilt er, að gerðarþoli í þessu máli hefur yfir að ráða nægilegu lausafé til tryggingar fjárnámskröfunni.

Með tilvísun til framanritaðs verður að fallast á þá kröfu gerðarbeiðanda, að hann eigi rétt á að fá fjárnám í lausafé gerðarþola.

Eftir þessum úrslitum ber gerðarþola, Vestmannaeyjakaupstað, að greiða gerðarbeiðanda, Sigurlaugu Sigurjónsdóttur, kr. 3.000.00 í málskostnað.

Jón P. Emils fulltrúi bæjarfógeta kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Gerðarbeiðandi, Sigurlaug Sigurjónsdóttir, á rétt til að fá fjárnám í lausafé gerðarþola, Vestmannaeyjakaupstaðar.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 3.000.00 í málskostnað.

Úrskurði þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudagur 7. febrúar 1969.

Nr. 193/1968. **Björn Pálsson**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Jóni Jónssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vanhæfi dómara. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Ísberg, sýslumaður Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. október 1968, krefst þess, að honum verði með innsetningargerð „afhent hin brúnskjótta hryssa, sem um ræðir í málinu".

Hinn 3. desember 1967 ritaði stefndi héraðsdómaranum m. a. á þessa leið:

„Þar sem eigi ber saman markadómunum og því óútkljáð, hver eigandi hryssunnar er, leyfi ég mér, hr. sýslumaður, að fara þess á leit við yður, að þér við fyrstu hentugleika skipið yfirmarkadóm til að skoða margnefnda hryssu, svo úr því verði skorið, hver réttur eigandi hennar skal teljast".

Hinn 12. janúar 1968 er skráð í þingbók, að fógeti hafi „tilnefnt fjóra menn til þess að segja álit sitt á marki á umræddri hryssu", og síðar í sama þinghaldi er í þingbókina skráð þetta: „Skoðunarmenn ásamt fógeta skoðuðu mark hryssunnar mjög vel, en hryssan var mjög róleg og gott að skoða eyru hennar". Þá segir svo í forsendum hins áfrýjaða úrskurðar: „Markadóminn skipuðu með fógeta dýralæknar Vestur- og Austur-Húnavatnssýslu og tveir valinkunnir menn, þaulvanir mörkum". Því næst er í hinum áfrýjaða úrskurði lýst niðurstöðu hins svokallaða markadóms.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, hefur héraðsdómari ásamt fjórum mönnum, er hann hafði kvatt til þess, framkvæmt skoðun og mat í málinu á byrjunarstig þess. Að svo komnu mátti hann ekki fara með málið og dæma það, sbr. 4. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936, og bar honum að víkja úr dómarasæti í því. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð ásamt málsmeðferð í héraði og heimvísa málinu til löglegrar meðferðar.

Hvor aðilja hefur krafizt málskostnaðar úr hendi hins. En málskostnaður hér fyrir dómi þykir eiga að falla niður.

Dómsorð:

Hinn reglulegi héraðsdómari, Jón Ísberg, víkur sæti í máli þessu.

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur ásamt meðferð málsins í héraði, og er málinu heimvísað til löglegrar meðferðar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Húnavatnssýslu 14. ágúst 1968.

Gerðarbeiðandi, Björn Pálsson alþingismaður, Ytri-Löngumýri, óskar eftir því með bréfi, dags. 27. nóvember s.l., að hryssa, sem dregin var gerðarþola, Jóni Jónssyni, fyrrverandi bónda í Öxl í Sveinsstaðahreppi, verði tekin úr vörzlu hans og fengin honum, gerðarbeiðanda, í hendur.

Forsaga þessa máls er sú, að í stóðrétt í Auðkúlurétt 1. október s.l. var brúnskjótt hryssa dregin Jóni Jónssyni, fyrrverandi bónda í Öxl, gerðarþola, eftir að markaskoðun hafði farið fram á henni. Þegar heim kom, taldi gerðarþoli sig ekki eiga þessa hryssu og bað um, að markaskoðun færi aftur fram heima, og var það gert, en sama niðurstaða varð. Mark hans var á hryssunni, blaðstýft framan og vaglskora aftan vinstra.

Gerðarþoli taldi sig ekki eiga þessa hryssu og auglýsti því í dagblaðinu Tímanum eftir hugsanlegum eiganda. Enginn gaf sig fram samkvæmt þessari auglýsingu, en kvisast fór, að hryssan mundi hafa verið í vörzlu Björns Pálssonar alþingismanns, gerðarbeiðanda.

Gerðarbeiðandi sendi þrjá menn til að markaskoða hryssuna, og töldu þeir sig finna markaleysu aftan hægra og að vaglskoran væri greinilega fjöður, sem dottið hefði ofan af. Samkvæmt þessari markalýsingu hefði hryssan verið með nokkuð sæmilegu marki gerðarbeiðanda. Þegar hér var komið sögu, biður gerðarbeiðandi, eins og fyrr segir, um innsetningagerð, og gerðarþoli biður um, að markadómur fjalli um mark hryssunnar.

Vegna fjarveru gerðarbeiðanda á Alþingi og erfiðs tíðarfars varð ekki úr markaskoðun fyrr en 12. janúar. Markadóminn skipuðu með fógeta dýralæknar Vestur- og Austur-Húnavatnssýslu og tveir valinkunnir menn, þaulvanir mörkum.

Úrskurður markadóms var á þann veg, að hægra eyra sé heilt, ekki sé hægt að finna ummerki eftir mark og hafi biti verið markaður á hægra eyra, hefði brjóskið ekki verið sært, þ. e. hægra eyra sé óskert. Á vinstra eyra er glögg blaðstýfing að framan, að aftan er vaglskora, og ber markið ekki þess merki, að fjöður hafi kalið eða skemmzt af mývargi, þ. e. sárið virðist hreint. Samkvæmt þessu er glöggt mark gerðarþola, Jóns Jónssonar, fyrrverandi bónda í Öxl, á hryssunni.

Þegar gerðarþoli sat uppi með hryssuna, rifjaðist upp fyrir honum, að hann hafði tapað brúnskjóttu mertryppi upp úr 1950, en það haust, sem tryppið kom ekki af fjalli, hafði hann heyrt um brúnskjótt hross, sem hafði farið ofan í fram af Sauðadal. Ekki var athugað — enda ekki hægt — hver ætti, og taldi gerðarþoli, að það væri sitt brúnskjótta tryppi. Gerðarbeiðandi vefengdi að vísu, að slíkt minni gæti átt sér stað, en samkomulag varð um það með aðiljum að kanna í framtölum gerðarþola, hvort hann hefði tapað mertryppi um þetta leyti. Upplýst er samkvæmt símskeyti frá ríkisskattstjóra, að árið 1952 tapaði gerðarþoli hryssu þriggja vetra, sem engar nytjar voru af. Má því telja nokkurn veginn sannað með hliðsjón af þessu vottorði svo og öðrum vottorðum, að gerðarþoli hafi átt brúnskjótt tryppi um þetta leyti.

Af gerðarþola hálfu hefur ekki verið gefið í skyn, að gerðarbeiðandi hafi komizt yfir hryssuna á ólöglegan hátt, heldur taldi umboðsmaður gerðarþola sennilegast, að tryppi gerðarbeiðanda hefði farizt þetta sama sumar og þar sem liturinn var líkur og á tryppi gerðarþola og það sennilega komið fyrir í Auðkúlurétt, hefði gerðarbeiðandi talið það vera sitt tryppi og aldrei markaskoðað það, sem ekki er óeðlilegt, því að algengt er, að stóðhrossaeigendur gangi hross sín úr að haustinu, án þess að þau

séu rekin til réttar, og telja sig þekkja þau, þetta gera velflestir, og er það látið óátalið.

Samkvæmt fjallskilareglugerð Austur-Húnavatnssýslu nr. 19 frá 23. janúar 1961 helgar mark markeiganda kind og hross. Þessi ákvæði eru í 45. gr. 1. mgr. og 7. mgr. Ef ekkert annað kæmi til, ætti að synja um hina umbeðnu innsetningagerð þegar af þessari ástæðu.

Þar sem nú eru liðin 16 ár, frá því að gerðarþoli taldi sig vanta brúnskjótt tryppi, og telja má sannað, að gerðarbeiðandi hafi haft umráð fyrir margnefndri brúnskjóttri hryssu allan þennan tíma átölulaust og í þeirri trú, að þar hafi verið um að ræða hans eigin brúnskjóttu hryssu, getur komið til greina, að gerðarbeiðandi hafi unnið hefð á brúnskjónu samkvæmt lögum um hefð nr. 46 frá 10. nóvember 1905.

Ef um venjulegan lausafjármun væri að ræða, væri hefð ótvíræð, en hér er um að ræða lifandi skepnu, sem mörkuð er ákveðnum eiganda, en taka hryssunnar af hendi þess, sem hefðina vill gera gildandi, kemur í veg fyrir, að hinn rétti eigandi marksins geti tekið eign sína til sín. Hér er gengið út frá því, að markið hafi ætíð verið eins og því er lýst í markadómi. Hafi markið hins vegar skaddazt og gróið eða bitinn aftan á hægra eyra aldrei verið markaður, hefði slíkt átt að koma fram við markaskoðun.

Hrossa og fjáreigendur eiga sjálfir að ganga úr skugga um, að ekkert ókunnugt sé hjá þeim og allar þeirra skepnur með réttu marki, enda er ekki til siðs að markaskoða hjá mönnum, nema að þjófkenna þá um leið.

Þess vegna verður að gera þá kröfu, að hver og einn gangi úr skugga um, að eingöngu hans peningur sé í hans vörzlu, og — af þeirri ástæðu — getur eðli málsins vegna ekki unnizt hefð á markaðri kind eða hrossi, enda sennilegast, að höfundar hefðarlaganna hefðu ekki getað látið sér til hugar koma þann möguleika, að fjár- og hrossaeigendur markaskoðuðu ekki allan pening sinn svo mjög sem það var litið alvarlegum augum að eigna sér eða hagnýta kind, sem annar átti.

Af framangreindum forsendum þykir ekki rétt að viðurkenna, að gerðarbeiðandi hafi unnið eignarrétt með hefð yfir umræddri hryssu, og á því hin umbeðna innsetningargerð ekki að fara fram. Vegna málsatvika þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ályktunarorð:
Hin umbeðna innsetningargerð á ekki að fara fram.
Málskostnaður falli inður.

Mánudaginn 10. febrúar 1969.

Nr. 141/1968. **Gjaldheimtan í Reykjavík**
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)
gegn
Tómasi Ó. Tómassyni
(Guðmundur Skaftason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skattamál. Synjað lögtaks.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 19. ágúst 1968. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt fyrir fógeta að framkvæma lögtak hjá stefnda til tryggingar opinberum gjöldum álögðum 1966, samtals að fjárhæð kr. 83.707.00, með 12% ársvöxtum frá 8. febrúar 1968 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er rækilega lýst í hinum áfrýjaða úrskurði. Eins og þar er rakið, reisti stefndi ásamt öðrum manni iðnaðarhús að Súðarvogi 50 hér í borg. Hluta þess húss seldu stefndi og sameigandi hans 15. júlí 1965 og höfðu þá eigi átt það í fimm ár. Nam söluhagnaður stefnda vegna þessara viðskipta kr. 151.990.00, en til þess hagnaðar eiga rót sína að rekja gjöld þau, sem lögtaks er krafizt fyrir í máli þessu. Stefndi keypti síðan íbúð í fjölbýlishúsi að Álfaskeiði 98, Hafnarfirði, með kaupsamningi 19. apríl 1966. Íbúð þessa

kveðst stefndi hafa tekið til notkunar 1. október 1966, en eigi fengið afsal fyrir henni fyrr en 20. apríl 1967.

Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. E-liðs 7. gr. laga nr. 90/1965, sbr. 1. tl. 1. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 245/1963, er hagnaður af sölu fasteignar, sem seljandi hefur eigi átt í fimm ár, ekki skattskyldur, ef hann innan árs kaupir aðra fasteign, sem er jöfn eða hærri að fasteignamati en hin selda. Telja verður, að regla þessi gildi einnig, þegar um er að tefla hluta fasteigna. Umræddur söluhagnaður stefnda er því eigi skattskyldur, enda er því eigi haldið fram í málinu, að viðskipti þessi geti talizt atvinnurekstur stefnda eða gerð í sérstöku hagnaðarskyni, og hin keypta íbúð er talin jöfn eða hærri að fasteignamati en hinn seldi húshluti.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Áfrýjandi, Gjaldheimtan í Reykjavík, greiði stefnda, Tómasi Ó. Tómassyni, kr. 15.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Hafnarfjarðar 30. júlí 1968.

Í máli þessu, sem þingfest var hinn 8. febrúar s.l. og tekið var til úrskurðar hinn 25. þ. m., hefur gerðarbeiðandinn, Gjaldheimtan í Reykjavík, krafizt þess, að lögtak verði heimilað hjá gerðarþola, Tómasi Ó. Tómassyni, Álfaskeiði 98, Hafnarfirði, áður til heimilis að Bárugötu 40, Reykjavík, til tryggingar eftirstöðvum opinberra gjalda, álagðra 1966, að fjárhæð kr. 83.707.00 ásamt 12% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þingfestingardegi til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins.

Gerðarþoli, Tómas Ó. Tómasson, hefur mótmælt lögtakskröfunni sem rangri og gert þær dómkröfur, að synjað verði um framkvæmd umbeðins lögtaks og sér tildæmdur málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda.

Upphaflega beiddist gerðarbeiðandi lögtaks fyrir hærri fjárhæð, eða kr. 169.766.00 ásamt 12% ársvöxtum af kr. 143.993.00 frá 15. október 1966 og af kr. 169.766.00 frá þingfestingardegi, hvort tveggja til greiðsludags, auk málskostnaðar að mati dómsins.

Gerðarþoli krafðist þess þar á móti upphaflega, að einungis yrði heimilað lögtak fyrir kr. 86.059.00, og málskostnaðar að mati réttarins, en til vara, að hann yrði felldur niður.

Við munnlegan málflutning breyttu svo aðiljar kröfum sínum í það horf, er fyrr greinir, þar eð gerðarþoli hefði undir rekstri málsins greitt kr. 86.059.00, en um skyldu gerðarþola til að greiða þá fjárhæð var aldrei deilt.

Höfuðstóll þeirrar kröfu, sem lögtaks er beiðzt fyrir, sundurliðast þannig:

Tekjuskattur	kr. 39.741.00
Tekjuútsvar	— 43.317.00
Kirkjugarðsgjald	— 649.00
	Kr. 83.707.00

Eru þessi gjöld öll fyrir gjaldárið 1966.

Mótmæli sín og kröfur reisir gerðarþoli á því, að gjöld þau, sem hér um ræðir, hafi verið lögð á hagnað að fjárhæð kr. 151.990.00, er hann hafi haft af sölu eignarhluta síns í fyrstu hæð fasteignarinnar að Súðarvogi 50, Reykjavík.

Hann hafi hins vegar innan árs keypt íbúð að Álfaskeiði 98, Hafnarfirði, sem sé mun verðmætari eign en hinn seldi eignarhluti.

Hann hafi því eigi verið skattskyldur vegna hagnaðar af þessari sölu, enda falli umræddur söluhagnaður undir undanþáguákvæði E-liðs 7. gr. laga nr. 90/1965 um tekju- og eignarskatt, en í 2. mgr. E-liðs nefndrar lagagreinar segir m. a. svo:

„Nú selur skattþegn fasteign, sem verið hefur í eigu hans skemur en 5 ár, en kaupir aðra innan árs eða byggir hús, áður en 3 ár eru liðin frá söludegi, og skal sölugróði þá ekki skattskyldur, ef hin keypta fasteign eða hið nýreista hús er að fasteignamati jafnhátt eða hærra hinu selda“.

Um málavexti segir umboðsmaður gerðarþola m. a. eftirfarandi:

„Á árunum um og fyrir 1960 rak gerðarþoli trésmíðaverkstæði í félagi við Kristján Pálsson, Miðbraut 26, Seltjarnarnesi. Var verkstæðið til húsa að Nesvegi 14 hér í borginni. Á árinu 1960 eða 1961 var þeim sagt upp afnotum af húsnæðinu, þar sem ríða

átti húsið. Sóttu þeir þá um lóð undir iðnaðarhúsnæði til borgaryfirvalda, og var þeim úthlutuð lóðin nr. 50 við Súðarvog. Er leigusamningur um lóðina dagsettur 15. febrúar 1963. Á lóðinni skyldi byggja iðnaðarhús allt að 3 hæðir. Þeir hófu bygginguna á árinu 1961 og munu hafa verið langt komnir með að byggja aðra hæð á miðju ári 1963. Var húsið í óskiptri sameign þeirra og ætlað til nota fyrir rekstur trésmíðaverkstæðisins. Um þetta leyti veiktist Kristján. Ágerðust síðan veikindi hans svo, að hann andaðist í marzbyrjun 1964. Þegar svo var komið, treysti gerðarþoli sér ekki að eiga húsið framvegis, og varð því að ráði með honum og ekkju Kristjáns heitins, Helgu Sæmundsdóttur, að selja allt húsið. Var það gert fokhelt og selt síðan. Með afsali, dags. 15. júlí 1965, er fyrsta hæð hússins seld Járniðjunni s/f fyrir kr. 750.000.00. Stærð fyrstu hæðar er talin 516 m^3, sbr. dskj. nr. 17. Er því hluti gerðarþola af hæðinni 258 m^3 og hans hluti af söluverðinu kr. 375.000.00. Kostnaðarverð eignarhluta gerðarþola að meðtalinni þóknun fyrir sölu húshlutans var kr. 223.010.00. Mismunur söluverðsins og kostnaðarverðsins er kr. 151.990.00, og er það sú fjárhæð, sem um er deilt í málinu. Sala á 2. og 3. hæð fór ekki fram fyrr en á árinu 1966 og skiptir því ekki máli hér.

Í aprílmánuði 1966 kaupir gerðarþoli 5 herbergja íbúð við Álfaskeið 98 í Hafnarfirði. Íbúð þessi var tilbúin undir tréverk og málningu, þegar gerðarþoli keypti hana, og var verð hennar kr. 825.000.00. Afsal fyrir þessari eign fékk gerðarþoli 20. 4. 1967. Íbúðin er 393 m^3 og fasteignamatsverð kr. 72.300.00. Fasteignamatsverð mun ekki vera til á Súðarvogi 50, en mat á ½ 1. hæð húss þess hlýtur að vera lægra en áðurgreint matsverð íbúðarinnar".

Við álagningu 1966 færði skattstjórinn í Reykjavík gerðarþola til tekna umræddan söluhagnað af Súðarvogi 50.

Gerðarþoli kærði álagninguna bæði til skattstjóra og síðan til ríkisskattanefndar, en án árangurs, hvað við kom þessu atriði.

Í úrskurði ríkisskattanefndar segir m. a.:

„Eins og að framan greinir, seldi kærandi á árinu 1965 sinn hluta í 1. hæð húseignarinnar Súðarvogur 50. Byggingu þessarar húseignar virðist kærandi hafa hafið að einhverju leyti á árinu 1961 og fram haldið framkvæmdum, og er húseignin enn í byggingu, þegar seldur var hluti hennar, þ. e. 1. hæð, á árinu 1965. Meðeigandi kæranda var Kristján Pálsson og síðar Helga Sæmundsdóttir, ekkja Kristjáns. Skv. þeim upplýsingum, sem ríkis-

skattanefnd hefir aflað sér, er hér um iðnaðarhúsnæði að ræða að öllu leyti og húseignin í allt 3 hæðir. Þessar upplýsingar eru staðfestar af kæranda í viðtali hans við skrifstofustjóra ríkisskattstjóra hinn 11. sept. s.l.

Skv. því, sem fram hefir komið, er eigi deilt um fjárhæð söluhagnaðar, enda ákvarðaður af kæranda sjálfum, sbr. upplýsingar í D-lið framtals 1966.

Skv. húsbyggingarskýrslu með framtali kæranda 1966 er byggingarframkvæmdum að Súðarvogi 50 framhaldið af kæranda og meðeiganda hans, eftir að greindur eignarhluti hafði verið seldur.

Í svarbréfi sínu og kæru til skattstjóra gerir kærandi kröfu til þess, að umræddur söluhagnaður verði ekki talinn til skattskyldra tekna, þar sem hann hafi þegar keypt aðra húseign, sem er 5 herbergja íbúð að Álfaskeiði 98, Hafnarfirði. Virðist kærandi skv. því telja, að skattfrelsi söluhagnaðar af Súðarvogi 50 falli undir undanþáguákvæði 2. mgr. E-liðar 7. gr. laga nr. 90, 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Þegar litið er til þess, sem fram hefur komið af hálfu kæranda um ástæður fyrir sölu hluta húseignarinnar, og þess, að álíta má, að söluhagnaði hafi verið varið til áframhaldandi framkvæmda við sömu fasteign, verður að álíta, að söluhagnaður þessa eignarhluta falli ekki undir undanþáguákvæði 2. mgr. E-liðar 7. gr. laga nr. 90, 1965 og sé því skattskyldur.

Með hliðsjón af framangreindu þykir því verða að synja kröfu kæranda þess efnis, að greindur söluhagnaður teljist ekki til skattskyldra tekna".

Gerðarbeiðandi rökstyður kröfur sínar, auk þess að vísa til forsendna í tilvitnuðum úrskurði ríkisskattanefndar, einkum með eftirfarandi atriðum, er hann telur leiða til þess, að ákvæði 2. mgr. E-liðs 7. gr. laga nr. 90/1965 um undanþágu sölugróða frá skattskyldu eigi ekki við.

1. Andvirði hins selda verði að renna beint til kaupa eða nýbyggingar á annarri fasteign.

Í því tilviki, sem hér um ræðir, hafi andvirði hins selda farið til að byggja upp sömu fasteign, þ. e. efri hæðirnar að Súðarvogi 50. Það megi sjá af gögnum í málinu, að fé, er fékkst fyrir 1. hæð Súðarvogs 50, hafi verið notað til að byggja upp efri hæðirnar í sama húsi, en gerðarþoli hafi aflað fjár til kaupa á íbúðinni með öðrum hætti, m. a. með lánum, svo sem sjá megi af skattframtölum hans.

Undanþága frá skattskyldu komi því aðeins til greina, að

hagnaðinum sé varið strax til kaupa á annarri íbúð, en fjármagnið sé ekki notað í brask áður.

2. Gerðarþoli uppfylli ekki það skilyrði að hafa keypt innan árs, en það telur gerðarbeiðandi, að hann hefði orðið að gera til að njóta undanþágu frá skattskyldu af söluhagnaðinum, því að bygging hinnar keyptu íbúðar hafi verið það langt komin, að ekki verði talið, að um byggingu hússins hafi verið að ræða, heldur kaup fullgerðrar fasteignar.

Kaup fasteignar miðist við afsalsdag, en í þessu tilviki hafi 1. hæð Súðarvogs verið seld með afsali, dags. 15. júlí 1965, en afsal fyrir Álfaskeiði 98 hafi ekki verið gefið út fyrr en 20. apríl 1967, þótt kaupsamningur sé dagsettur 19. apríl 1966.

Til rökstuðnings þeirri skoðun, að miða beri kaup og sölu fasteignar við afsalsdag, vitnar gerðarbeiðandi til 15. greinar reglugerðar nr. 245 frá 1963, en þar segir, að sölugróði sé skattskyldur það ár, sem afsal er gefið út fyrir hinni seldu eign. Bendi það ótvírætt til þess, að löggjafinn vilji miða sölu fasteignar við afsalsdag.

3. Sölugróði geti því aðeins verið undanþeginn skattskyldu, að um skipti á íbúðum sé að ræða.

Meining löggjafans hafi aðeins verið sú að heimila skattfrelsi að öðrum skilyrðum fullnægðum, ef um íbúðarhúsnæði væri að ræða.

Það falli utan við anda og tilgang laganna að viðurkenna skattfrelsi, ef skipt sé á iðnaðar- og íbúðarhúsnæði.

Í umræðum á Alþingi um margnefnda lagagrein hafi glögglega komið í ljós, að þingmenn hafi haft í huga skipti á íbúðum. Tilgangur löggjafans sé því augljós, enda í samræmi við eðli máls.

Þá hafi skattayfirvöld um áratuga skeið skilið og beitt margnefndri 2. mgr. E-liðs 7. gr. laga nr. 90/1965 á þann veg, að með orðinu fasteign væri eingöngu átt við íbúðir, en hliðstætt ákvæði hafi verið í tekjuskattslögunum frá upphafi, þ. e. síðan 1921.

4. Þá miðist undanþágan við, að keypt sé eða seld heil fasteign, en ekki hluti fasteignar, eins og í þessu tilviki.

Einnig verði söluhagnaðinum að vera varið til kaupa eða byggingar á annarri fasteign, en ekki sömu fasteign.

Það hafi aldrei verið til þess ætlazt, að maður gæti t. d. fengið sér lóð, slegið upp fyrir kjallara, selt hann og byggt næstu hæð og síðan koll af kolli, unz hann ætti risíbúðina eftir sem hreinan sölugróða, skattfrjálsan.

5. Loks er á það bent af hálfu gerðarbeiðanda, að umrædda

lagagrein beri að skýra þröngt, hvað snertir nefnda undanþágu frá skattskyldu.

Hún sé undantekning frá þeirri aðalreglu, að sölugróði af fasteign, sem hefur verið skemur en fimm ár í eigu skattgreiðanda, sé skattskyldur.

Af hálfu gerðarþola er því haldið fram, að hann uppfylli öll þau skilyrði, sem talin eru í margnefndri lagagrein, til að njóta undanþágu frá skattskyldu af söluhagnaði af Súðarvogi 50.

Ákvæði laganna séu augljós og auðskýrð og skattayfirvöld hafi enga heimild til að auka við þau nýjum efnisatriðum. Þannig sé heimildarlaust að þrengja hugtakið fasteign og skýra það á þann veg, að um skipti á íbúðum eða a. m. k. samkynja fasteignum verði að vera að ræða.

Ekki sé það skilyrði heldur í lögunum, að andvirði hins selda verði að ganga beint til kaupa á viðkomandi fasteign: Það skipti ekki máli, hvort peningarnir séu geymdir og ávaxtaðir með því að leggja þá í bankastofnanir, verðbréf, lausafé, fasteignir eða fasteignahluta eða önnur algeng verðmæti, aðeins ef þeir séu innan tilskilins tíma lagðir í kaup á annarri fasteign eða byggingu húss.

Kröfur gerðarþola séu því á því byggðar og því sé haldið fram af hans hálfu, að hann uppfylli öll þau skilyrði, sem tilvitnuð lagagrein mæli fyrir um, enda sé hún skýrð eftir eðlilegum og venjulegum lögskýringarsjónarmiðum.

Útilokað sé að telja, að salan á Súðarvogi 50 falli undir atvinnurekstur gerðarþola, enda hafi skattayfirvöld viðurkennt í verki, að svo væri ekki, þar sem þau hafi fellt niður aðstöðugjald, er lagt hafði verið á gerðarþola sama ár, vegna byggingarinnar í Súðarvogi.

Engin atvik hafi komið fram í málinu, er bendi til þess, að gerðarþoli hafi byggt húsið Súðarvog 50 í því skyni að selja það aftur með hagnaði, hann hafi þvert á móti neyðzt til að selja það vegna fráfalls sameiganda síns.

Hvað snerti 1—3ja ára tímamörkin, þá sé því skilyrði af fleiri en einni ástæðu fullnægt af gerðarþola.

Eðlilegast sé að miða við 3ja ára mörkin: Gerðarþoli hafi keypt íbúðina tilbúna undir tréverk og málningu, eins og fram komi í kaupsamningi, er lagður hefur verið fram í málinu. Það sé venja, m. a. ríkisskattanefndar, að telja, að kaup húsa á því byggingarstigi falli undir 3ja ára markið.

Þetta skipti þó í þessu tilviki ekki máli, þar eð gerðarþoli hafi

selt í Súðarvogi 15. júlí 1965, en keypt á Álftaskeiði í apríl árið eftir, því að raunveruleg eigendaskipti að fasteign fari fram, er kaupsamningur komist á.

Álit réttarins.

Því er ekki haldið fram í málinu, að salan á 1. hæð í Súðarvogi 50 falli undir atvinnurekstur gerðarþola, og ósannað, að eignarinnar hafi verið aflað í því skyni að selja hana aftur með ágóða.

Ekki verður séð, að tilgangur löggjafans, réttarvenja eða andi laganna geri þá lögskýringarleið færa að telja, að hugtakið fasteign í því lagaákvæði, sem á reynir í máli þessu, beri að þrengja svo, að það eigi aðeins við íbúðir, eða að telja, að í ákvæðinu felist áskilnaður um, að um samkynja fasteignir sé að ræða.

Gerðarþoli seldi hluta fasteignar að Súðarvogi 50.

Ekki verður talið, að máli skipti, hvort seldur var hluti fasteignar eða heil fasteign, enda óvefengt, að einstakar íbúðir, t. d. í sambýlishúsum, falli undir ákvæðið, og eru þær þó hlutar fasteigna.

Það atvik, að eignarréttur gerðarþola náði einnig til annarra hluta þeirrar fasteignar, sem selt var af, skiptir heldur ekki máli um úrslit málsins.

Í íslenzkum rétti hefur sá skilningur á sambandi kaupsamnings og afsals verið ríkjandi, að kaupsamningur geri kaupanda að eiganda hinnar seldu eignar.

Sá eignarréttur er að vísu oft skilorðsbundinn, þ. e. bundinn því skilyrði, að kaupandi fullnægi skilmálum kaupsamningsins.

Afsalið, sem að öllum jafnaði er einhliða yfirlýsing seljandans og undirritað af honum einum, er eðlilegast að skilja sem viðurkenningu seljandans á því, að kaupandinn hafi fullnægt skyldum sínum samkvæmt kaupsamningnum, þ. e. kvittun seljanda til kaupanda fyrir efndum kaupsamningsins og þá um leið yfirlýsingu hans um, að eignarréttur kaupandans sé ekki lengur skilorðsbundinn.

Það hefur þannig verið talið, að þýðing afsals sé ekki sú, að það yfirfæri eignarréttinn, heldur hin, að það geri eignarrétt kaupanda, sem áður var skilorðsbundinn, óskilyrtan.

Því þykir verða að miða kaupin að Álfaskeiði 98 við dagsetningu kaupsamnings.

Rétturinn lítur því svo á, að gerðarþoli hafi uppfyllt skilyrði laganna um sölu fasteignar og kaup annarrar innan árs.

Að öðrum skilyrðum fullnægðum, þar á meðal því, að eignar-

innar hafi ekki verið aflað í því skyni að selja hana aftur með ágóða, verður það ekki talið ráða úrslitum málsins, hvernig gerðarþoli varði andvirði hins selda né hvernig hann aflaði kaupverðs hins keypta.

Það er því niðurstaða réttarins, að margnefndur söluhagnaður gerðarþola af 1. hæð í Súðarvogi 50 sé ekki lögmætur gjaldstofn fyrir álagningu tekjuskatts.

Af því leiðir, að eigi er heldur heimilt að leggja á hann útsvar, sbr. 1. mgr. 31. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Söm verður niðurstaðan varðandi kirkjugarðsgjald, þar sem það er miðað við álagt tekjuútsvar.

Fyrir því þykir bera að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Málskostnaður ákveðst kr. 19.000.00.

Már Pétursson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal ekki ná fram að ganga.

Gerðarbeiðandi, Gjaldheimtan í Reykjavík, greiði gerðarþola, Tómasi Ó. Tómassyni, kr. 19.000.00 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 10. febrúar 1969.

Nr. 11/1969. **Stefán Sigmundsson**
(Guðmundur Skaftason hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skattamál. Synjað lögtaks.

Dómur Hæstaréttar.

Halldór S. Rafnar, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 17. janúar

1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. s. m. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað um framkvæmd hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og að stefnda verði dæmt að greiða málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi átti íbúð að Guðrúnargötu 6 hér í borg, en seldi hana 17. maí 1963. Íbúð þessa virðist hann hafa keypt á árinu 1961. Hann fékk 14. júlí 1964 loforð fyrir leigulóð hjá Reykjavíkurborg að Sæviðarsundi 26 og hóf þar byggingarframkvæmdir á næsta ári. Á skattframtali sínu 1966 taldi áfrýjandi, að á árinu 1965 hefði hann unnið sjálfur við bygginguna 1.269 vinnustundir, sem hann taldi kr. 107.865.00 að verðmæti. Þá taldi áfrýjandi á skattframtali sínu 1967, að á árinu 1966 hefði hann sjálfur unnið við bygginguna 753 vinnustundir, sem hann taldi kr. 67.770.00 að verðmæti. Telur áfrýjandi, að hér sé um skattfrjálsa eigin vinnu að ræða. Skattayfirvöld töldu hins vegar, að verðmæti eigin vinnu þessarar væri einungis skattfrjálst að því marki sem íbúðin að Sæviðarsundi 50 væri stærri en íbúðin að Guðrúnargötu 6. Væru því skattskyld 80.55% af verðmæti eigin vinnu þeirrar, sem framan er getið, og bæri að meta áfrýjanda það fé til tekna. Til þessarar ákvörðunar eiga rót sína að rekja gjöld þau, sem krafið er um í máli þessu.

Reglur um skattfrelsi eignaauka, sem stafar af aukavinnu íbúðarbyggjanda, eru í E-lið 10. gr., sbr. niðurlagsákvæði E-liðs 7. gr. laga nr. 90/1965. Þar segir, að til tekna teljist ekki eignaauki, „sem stafar af aukavinnu, sem einstaklingar leggja fram utan reglulegs vinnutíma við byggingu íbúða til eigin nota". Þá segir, að ívilnun þessi falli þó burt, „að því leyti sem vinnan kann að fást endurgreidd með söluhagnaði af íbúðinni samkv. E-lið 7. gr.". Í lagareglu þessari kemur ekki fram, að það skuli skerða ívilnun þessa, að skattþegn hefur áður átt íbúðarhúsnæði. Verður eigi talið, að fjármálaráðherra hafi með niðurlagsákvæðum E-liðs 10.

gr. öðlazt heimild til að bjóða með reglugerð skerðingu á ívilnun þessari. Samkvæmt þessu og atvikum málsins verður því verðmæti framangreindrar eigin vinnu áfrýjanda við íbúð hans að Sæviðarsundi 26 eigi talið skattskylt, enda er því eigi mótmælt, að vinna þessi hafi að öðru leyti fullnægt skilyrðum laga til að njóta þessa hagræðis. Verður hinn áfrýjaði úrskurður því úr gildi felldur og synjað um framgang lögtaksins.

Samkvæmt þessum úrslitum verður stefnda dæmt að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 35.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað lögtaks.

Stefndi, Gjaldheimtan í Reykjavík, greiði áfrýjanda, Stefáni Sigmundssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 35.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 30. október 1968.

Tildrög máls þessa eru sem hér segir:

Gerðarþoli í máli þessu, Stefán Sigmundsson, nafnnr. 8361-1138, átti íbúð að Guðrúnargötu 6 hér í borg, sem hann seldi á árinu 1963 og byggir sér síðar aðra íbúð að Sæviðarsundi 26.

Hinn 1. nóvember 1967 sendi skattstjórinn í Reykjavík gerðarþola bréf, þar sem hann spyr um, hve margir rúmmetrar íbúð sú hafi verið, sem gerðarþoli átti að Guðrúnargötu 6, og hve margir rúmmetrar íbúð sú sé, sem hann eigi í smíðum að Sæviðarsundi 26.

Á húsbyggingarskýrslu fyrir Sæviðarsund 26, sem fylgdi framtali gerðarþola 1967, telur gerðarþoli sig hafa í aukavinnu unnið 753 klst. við Sæviðarsund 26 á árinu 1966 og metur hverja vinnustund á kr. 90.00, eða eigin vinnu samtals á kr. 67.770.00. Samkvæmt húsbyggingarskýrslu, sem fylgdi framtali gerðarþola 1966, telur gerðarþoli sig hafa unnið 1.269 klst. í aukavinnu að Sæviðarsundi 26 á árinu 1965 og metur hverja klst. á 85.00 kr., eða eigin vinnu samtals kr. 107.865.00.

Hinn 23. nóvember 1967 sendi skattstjórinn í Reykjavík gerðarþola bréf, þar sem hann tilkynnir honum, að tekjur hans fyrir árið 1966 hafi verið hækkaðar um kr. 54.588.00 og á árinu 1965 um kr. 85.885.00 og sé þetta skattskyld eigin vinna við húsbyggingu, þar sem hann hafi átt íbúð áður.

Þessari tekjuhækkun var mótmælt með bréfi, dagsettu 28. nóvember 1967.

Með skattbreytingarseðlum frá 23. febrúar s.l. eru þinggjöld gerðarþola hækkuð, svo sem hér segir: Fyrir skattárið 1966, tekjuskattur um kr. 23.698.00, kirkjugarðsgjald um kr. 371.00 og tekjuútsvar um kr. 24.750.00, eða samtals kr. 48.819.00, og fyrir skattárið 1967, tekjuskattur um kr. 14.862.00, kirkjugarðsgjald um kr. 231.00 og tekjuútsvar um kr. 15.440.00 að frádreginni lækkun ríkisskattanefndar, kr. 44.00, eða hækkun alls kr. 30.493.00.

Með bréfi umboðsmanns gerðarþola til Gjaldheimtunnar í Reykjavík, dagsettu 21. marz s.l., tilkynnir hann, að skattahækkun þessi muni ekki verða greidd án undangengis úrskurðar dómstóla.

Gerðarþoli kærir skattahækkun þessa til ríkisskattanefndar 2. apríl s.l., er hann hafði árangurslaust kært hana til skattstjórans í Reykjavík. Ríkisskattanefnd kveður síðan upp úrskurð sinn 14. júní s.l. og synjar þar um lækkun á þessum skattahækkunum.

Í úrskurði ríkisskattanefndar er meðal annars bent á, að gerðarþoli hafi selt eignarhluta sinn í Guðrúnargötu 6 á árinu 1963 og samkvæmt framtölum gerðarþola hefji hann þegar byggingarframkvæmdir eða undirbúning byggingarframkvæmda að Sæviðarsundi 26 og sé kostnaður við þær talinn kr. 80.425.00 pr. 31. desember 1963 (timbur, járn og fl.). Verði því ekki annað séð en bygging kæranda á Sæviðarsundi 26 sé í beinu framhaldi af sölu hans á eignarhluta hans í Guðrúnargötu 6.

Gjaldheimtustjórinn í Reykjavík krefst þá lögtaks fyrir hinum vangoldnu skattahækkunum, og var málið þingfest hér fyrir fógetaréttinum hinn 18. júlí s.l.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda gerir þær réttarkröfur í málinu, að fógeti heimili lögtak hjá gerðarþola, Stefáni Sigmundssyni, Sæviðarsundi 26 hér í borg, til tryggingar vangreiddum opinberum gjöldum vegna gjaldáranna 1966 og 1967, samtals að fjárhæð kr. 79.312.00, auk 12% ársvaxta frá þingfestingardegi máls þessa til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins. Í málflutningi sínum rakti hann ítarlega aðdraganda og gang ofannefndrar skattahækkunar. Benti hann meðal annars á, að ekki væri deilt um stærðarhlutföll áðurnefndra íbúða, enn fremur væri

ekki deilt um þann tímafjölda, sem gerðarþoli teldi sig hafa unnið við íbúð sína að Sæviðarsundi 26, né mat hans á hverri vinnustund.

Hann leggur á það megináherzlu, að skattahækkanir þessar séu í fyllsta samræmi við lög og reglugerðir, er gildi um skattaákvarðanir vegna eigin vinnu við íbúðarbyggingar. Er löggjafi hafi á sínum tíma lögfest ákvæði um skattfríðindi við byggingu eigin húsnæðis, hafi það verið meginsjónarmið hans að aðstoða efnalitla borgara við að koma upp húsnæði yfir sig og fjölskyldu sína, en mörgum þeirra hafi reynzt um megn að halda íbúðarhúsnæði sínu, sem þeir höfðu byggt með því að leggja á sig mikla aukavinnu, og þurfa síðan að greiða fulla skattálagningu af öllu þessu erfiði sínu.

Tilgangurinn hafi frá upphafi verið sá, að skattfríðindi þessi kæmu eingöngu slíkum mönnum til góða, og beri því að túlka þau þröngt, enda hafi skattayfirvöld jafnan gert það í úrskurðum sínum.

Þá liggi það ljóst fyrir af gögnum málsins, að beint framhald sé milli sölu gerðarþola á húsnæði hans að Guðrúnargötu 6 og síðari húsbyggingarframkvæmdum hans að Sæviðarsundi 26.

Umboðsmaður gerðarþola gerir þær réttarkröfur, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og honum dæmdur málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda eftir mati réttarins.

Í málflutningi sínum leggur hann á það megináherzlu, að gerðarþoli í máli þessu hafi selt íbúð sína að Guðrúnargötu 6 samkvæmt afsali 17. maí 1963, og síðan hafi hann ekki fengið úthlutun fyrir lóðinni Sæviðarsundi 26 fyrr en 14. júlí 1964 og loks hafi samkvæmt vottorði byggingarfulltrúans í Reykjavík ræsi við þá lóð ekki verið tekið út fyrr en 26. maí 1965.

Megi því öllum vera fullljóst, að gerðarþoli hafi ekki átt íbúðarhúsnæði, er hann hóf umræddar byggingarframkvæmdir, þar sem um það bil tvö ár líði milli sölu og upphafs nýrra byggingarframkvæmda.

Engin ákvæði séu í lögum um tekju- og eignarskatt né reglugerð þeirra, sem firri mann rétti til að fá vinnu sína við eigin íbúð skattfrjálsa, þó að viðkomandi hafi einhvern tíma áður átt íbúð, ef hann hafi ekki lagt fram eigin vinnu við þá íbúð. En þannig sé einmitt ástatt í máli þessu.

Hann benti á, að skattálagning sú, sem um sé deilt í máli þessu, sé talin gerð með heimild í 1. málslið 6. mgr., 10. tl., 20. gr. reglu-

gerðar nr. 245/1963 um tekju- og eignarskatt og sé því ljóst, að áðurgreint reglugerðarákvæði nái ekki til þess tilviks, sem hér sé um að ræða. Enn fremur hélt hann því fram, að umrætt reglugerðarákvæði hafi ekki stoð í lögum, þar sem í lögum um tekjuskatt og eignarskatt segi, að til tekna teljist ekki eignarauki, sem stafi af aukavinnu, sem einstaklingar leggi fram utan reglulegs vinnutíma við byggingar íbúða til eigin afnota, sbr. 10. gr. e. Umboðsmaður gerðarþola hélt því fram, að ákvæði þetta væri alveg skýrt og fortakslaust og að ekki yrði séð, að ráðherra hefði neina heimild til að binda þessa undanþágu frá skattskyldunni neinum skilyrðum á þá lund, sem gert sé í 20. gr. reglugerðarinnar, og breyta með því verulega efni laðaákvæðisins.

Fógeti reyndi sættir í málinu, en án árangurs.

Lagaákvæði þau, er varða skattálagningu þessa, er nú að finna í lögum um tekju- og eignarskatt nr. 90 frá 7. október 1965, en þar segir í upphafi 10. gr.:

„Til tekna telst ekki . . .", og í E-lið sömu greinar segir svo: „Eignarauki, sem stafar af aukavinnu, sem einstaklingar leggja fram utan reglulegs vinnutíma við byggingu íbúðar til eigin afnota. Þessi ívilnun fellur þó burt að því leyti sem vinnan kann að fást endurgreidd með söluhagnaði af íbúðinni samkv. E-lið 7. gr. Fjármálaráðherra setur um þetta nánari reglur".

Í reglugerð um tekjuskatt og eignarskatt nr. 245 frá 1963, 20. gr., 10. tl., segir m. a. í 1. málslið 6. mgr.: „Nú á maður íbúð og byggir sér aðra stærri til eigin nota, skal þá telja þann hluta eigin aukavinnu hans við nýju íbúðina skattfrjálsan, sem svarar til stærðarmunarins, miðað við rúmmetrafjölda".

Eins og fram kemur í flutningi máls þessa, er hér ekki deilt um stærðarhlutföll ofannefndra íbúða, þann vinnustundafjölda, er gerðarþoli telur sig hafa unnið við hina nýju íbúð sína, né mat það, er hann leggur á hverja unna vinustund. Hér er einungis krafizt úrskurðar um það, hvort öll eigin vinna hans skuli vera skattfrjáls eða einungis sá hluti hennar, er miðast við stærðarmismun íbúðanna.

Elztu ákvæði um skattívilnun vegna eigin vinnu við byggingu íbúðar til eigin afnota er að finna í lögum nr. 16 frá 16. marz 1949 um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935 um tekjuskatt og eignarskatt.

Rétturinn verður að líta svo á, að tilgangur löggjafans með þessari lagabreytingu hafi verið sá að hjálpa efnalitlum borgurum, sem ekki höfðu bolmagn til að koma upp íbúðarhúsnæði yfir

sig og fjölskyldu sína, nema með því að leggja á sig aukavinnu við það að koma upp og eignast eigin íbúðarhúsnæði. Þeir, sem þegar höfðu getað eignazt eigið íbúðarhúsnæði án þess að leggja fram við það eigin vinnu, og einnig þeir, sem síðar gátu eignazt eigið húsnæði án þess að leggja til eigin vinnu, hvort sem það stafaði af vangetu þeirra til þess eða öðrum ástæðum, virðast ekki hafa átt að njóta slíkra skattfríðinda.

Í lögum nr. 16 frá 1949 og einnig í lögum nr. 90/1965 er svo kveðið á, að fjármálaráðherra skuli setja nánari reglur um áðurnefnd skattívilnunarákvæði. Ekki fær rétturinn séð, að fjármálaráðherra hafi farið yfir valdsvið sitt í þeim reglugerðum, er settar hafa verið um þetta ákvæði.

Á skattframtali gerðarþola 1964, sem miðað er við 31. desember 1963, stendur orðrétt undir lið nr. 11 — Aðrar eignir. Hverjar? „Timbur, járn og fl. v/væntanlegrar húsbygg. kr. 80.423.00". Rskj. nr. 8.

Rétturinn verður að líta svo á, að beint samband sé milli sölu gerðarþola á eldra húsnæði og væntanlegrar nýbyggingar.

Samkvæmt framangreindu þykir verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar fyrir kr. 79.312.00 ásamt 12% ársvöxtum frá 12. júlí 1968 til greiðsludags. Eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað niður falla.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga fyrir kr. 79.312.00 ásamt 12% ársvöxtum frá 18. júlí 1968 til greiðsludags.

Allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 14. febrúar 1969.

Nr. 71/1967. **Ágúst Fjeldsted f. h. Roberts Bechsgaards**
(Ágúst Fjeldsted hrl.)
gegn
Póst- og símamálastjórninni og gagnsök
(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Tilboð. Gagntilboð. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. maí 1967 og gert þessar dómkröfur:

Aðalkrafa, að dæmt verði, að gagnáfrýjandi sé skaðabótaskyldur gagnvart honum á tjóni hans vegna vanefnda á loforði um sölu og afhendingu á 50.000 samstæðum af Evrópufrímerkjum þeim, sem gagnáfrýjandi gaf út hinn 18. september 1961.

Varakrafa, að gagnáfrýjanda verði dæmd á hendur skaðabótaábyrgð vegna vanefnda á afhendingu hlutfallslegs magns af þeim 600.000 samstæðum af Evrópufrímerkinu 1961, sem seldar voru af „Frímerkjasölunni".

Þrautakrafa, að gagnáfrýjanda verði dæmd bótaskylda vegna vanefnda á afhendingu á 19.000 samstæðum af nefndum merkjum.

Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 3. maí 1967. Krefst hann sýknu og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hinn 12. júlí 1961 sendi Frímerkjasala gagnáfrýjanda aðaláfrýjanda umburðarbréf, þar sem frá því er skýrt, að hinn 18. september 1961 verði gefin út „Evrópufrímerki 1961". Frímerkjunum var lýst, getið verðs þeirra og sagt, að pöntun

á fyrsta dags umslögum skuli berast fjórtán dögum fyrir útgáfudag. Hinn 19. ágúst 1961 ritaði aðaláfrýjandi Frímerkjasölunni bréf, þar sem segir m. a., að hann þurfi af þessari útgáfu „á að halda mun meiri eintakafjölda en af öðrum útgáfum“ og að hann „geri ráð fyrir“, að hann „þurfi að nota milli 30.000 og 50.000 samstæður“. Jafnframt spurðist hann fyrir, hvort hann gæti „fengið minni háttar afslátt, t. a. m. 5—10%, við kaup á ofangreindum eintakafjölda“. Þá fór aðaláfrýjandi þess á leit í bréfinu, að Frímerkjasalan sendi frímerkin til Sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn, þannig að aðaláfrýjandi „gæti vitjað merkjanna á sjálfum útgáfudeginum“. Loks bauðst aðaláfrýjandi til að greiða merkin fyrirfram. Í svarbréfi Frímerkjasölunnar frá 25. ágúst 1961 segir: „Vér höfum móttekið heiðrað bréf yðar, dags. 19. ágúst s.l., varðandi Evrópuútgáfu þessa árs. Vér höfum skráð pöntun yðar á henni, allt að 50.000 samstæður. Vér veitum engan afslátt. Vér getum ekki afgreitt merkin fyrr en á útgáfudeginum“. Leið nú og beið, unz aðaláfrýjandi sendi Frímerkjasölunni með bréfi 15. september 1961, sem henni barst að morgni þess 18. s. m., tvær ávísanir að fjárhæð kr. 576.000.00. Frímerkjasalan svaraði með símskeyti 18. september, þar sem segir m. a.: „Pöntun yðar á 50.000 samstæðum Evrópufrímerkja er ekki hægt að afgreiða. Frímerkjabirgðir búnar“. Með bréfi sama dag endursendi Frímerkjasalan aðaláfrýjanda nefndar tvær ávísanir.

Í málaleitun aðaláfrýjanda 19. ágúst 1961 er frímerkjamagn það, sem hann kveðst þurfa, eigi fastákveðið, heldur er greint einungis lágmark og hámark þess. Í svarbréfi Frímerkjasölunnar frá 25. ágúst 1961 er sagt, að skráð hafi verið hámarksmagn það, sem greinir í málaleitun aðaláfrýjanda, og hafnað er tilmælum hans um afslátt af kaupverði, afgreiðslustað og afgreiðslutíma. Þar sem slíkt ósamræmi var milli málaleitunar aðaláfrýjanda frá 19. ágúst 1961 og svars Frímerkjasölunnar frá 25. ágúst 1961, var aðaláfrýjanda nauðsynlegt, ef hann vildi skuldbinda gagnáfrýjanda áfram samkvæmt bréfi Frímerkjasölunnar frá 25. ágúst 1961, að tilkynna henni það, svo fljótt sem kostur var.

Þetta gerði aðaláfrýjandi ekki, heldur dró tilkynningu sína, svo sem áður sagði. Leiðir af þessum tilkynningardrætti aðaláfrýjanda, að gagnáfrýjandi varð laus mála í skiptum þeirra. Ber af þessum sökum að staðfesta héraðsdóminn.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 27. apríl 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. apríl 1967, hefur stefnandi, Robert Bechsgaard, Jul Thomsensgade 7, Kaupmannahöfn, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 7. október 1962, á hendur póst- og símamálastjórninni í Reykjavík til greiðslu skaðabóta að fjárhæð danskar kr. 591.600.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1962 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að upphæð sú, sem krafizt er, verði lækkuð að mati réttarins og vextir aðeins dæmdir frá þeim degi, er stefnandi sannar, að hann hafi getað selt frímerkin, sem mál þetta snýst um. Í báðum föllum er þess krafizt, að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað að mati réttarins.

Við munnlegan flutning málsins óskuðu lögmenn aðilja og með vísan til 71. greinar, 5. mgr., einkamálalaganna að skipta sakarefninu að svo stöddu þannig, að málið verði nú aðeins sótt og varið um skaðabótaskyldu stefnda að áskildum rétti til að ræða síðar fjárhæð bótakröfunnar og annað, er hana varðar. Varð dómurinn við þeim tilmælum.

Dómkröfur stefnanda í þessum þætti málsins eru: Að viðurkennt verði með dómi, að stefndi, póst- og símamálastjórnin, beri fébótaábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni hans vegna vanefnda á loforði stefnda um sölu og afhendingu á 50.000 samstæðum af Evrópumerkjum þeim, sem stefndi gaf út 18. september 1961, eða til vara minna magni að mati dómsins. Þá krefst hann hæfilegs málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndi krefst í þessum þætti málsins algerrar sýknu og málskostnaðar að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 12. júlí 1961 sendi Frímerkjasalan, sem rekin er af póst- og símamálastjórninni, frá sér prentaða orðsendingu, þar sem m. a. er tilkynnt, að 18. september verði gefin út Evrópufrímerki 1961. Verðgildi frímerkjanna var kr. 5.50 og kr. 6.00. Frímerkjasalan sendi stefnanda eina af orðsendingum þessum ritaða á dönsku.

Í tilkynningunni er getið útgáfudags frímerkjanna, verðgildis þeirra, myndar (mótívs), prentaðferðar, stærðar, fjölda frímerkja í hverri örk, teiknara merkjanna, fjölda útgefinna merkja og prentsmiðju þeirrar, sem prentaði frímerkin. Síðan segir í orðsendingunni: „Evrópufrímerkin 1961 eru gefin út af mörgum aðildarríkja Evrópusambands pósts- og síma til að kynna hugmyndina um sameinaða Evrópu.

Opinber fyrstadagsumslög eru seld á kr. 2.00, en óáprentuð umslög á kr. 1.00. Pantanir á fyrstadagsumslögum skulu hafa borizt fjórtán dögum fyrir útgáfudaginn. Sérstakt gjald skal greiða fyrir álímingu frímerkja á umslög, sem einstaklingar senda, 50 aura fyrir hvert umslag, ef send eru fleiri en fimm. Sérstaklega skal greiða 50 aura fyrir að rita heimilisfang á hvert fyrstadagsumslag umfram fyrstu fimm umslögin.

Greiðslur á pöntunum, burðargjaldi og skrásetningargjaldi annaðhvort sendar með alþjóðapóstávísun eða ávísun til greiðslu í banka í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Bandaríkjum Norður-Ameríku, Englandi eða Þýzkalandi". Í tilkynningunni eru svo tilgreindir sex bankar í þessum löndum, sem hægt er að greiða til beint á reikning stefnda.

Þann 19. ágúst 1961 skrifar stefnandi Frímerkjasölunni bréf, sem er á þessa leið í þýðingu löggilts skjalaþýðanda:

„Varðandi: Ísland Evrópa 1961. 2 gildi ísl. 11.50.

Þakka dreifibréf yðar varðandi útgáfu þessa. Af þessari útgáfu þarf ég á að halda mun meiri eintakafjölda en að öðrum útgáfum. Mér berast daglega pantanir frá samböndum mínum úti um heim, og geri ég ráð fyrir, að ég þurfi að nota milli 30.000 og 50.000 samstæður.

Með því að hér er um að ræða þjónustu á sviði nýjunga, en ég verð oft að láta af hendi merki á kostnaðarverði án umboðsþóknunar, leyfi ég mér að spyrjast fyrir um það, hvort ég geti fengið minni háttar afslátt, t. a. m. 5—10%, við kaup á ofangreindum eintakafjölda.

Jafnframt vil ég mega spyrjast fyrir um það, hvort afhending

á merkjunum gæti af hagkvæmnisástæðum átt sér stað á þann hátt, að þér sendið þau til sendiráðs yðar hér, þannig að ég gæti vitjað merkjanna á sjálfum útgáfudeginum. Greiðsla getur farið fram fyrirfram með ávísun í ísl. krónum eða jafnvirði greitt hér í reikning yðar við Privatbanken á daggengi, og bið ég yður að veita mér upplýsingar um gengið.

Til upplýsingar fyrir yður skal þess getið, að ég fæ afgreidd merki frá Sviss og Austurríki á þann hátt, að ég hefi þau í hendi á sjálfum útgáfudeginum. Ég vona, að þér getið einnig af hagkvæmnisástæðum komið því þannig fyrir, enda hefur það í för með sér allmikla vinnu að pakka merkjunum til hinna fjölmörgu viðskiptavina minna, vinnu, sem þér losnið við, þar sem ég geri ráð fyrir, að ef til kæmi, gæti ég látið yður í té skrá og beðið yður að afgreiða sendingarnar beint til kaupenda minna.

Ég væri þakklátur að fá svar yðar þegar, en jafnframt vonast ég eftir velviljaðri athugun á tillögu minni.

Með beztu kveðju,

Robert Bechsgaard".

Þessu bréfi svarar Frímerkjasalan með bréfi, dags. 21. ágúst 1961, sem er þannig í þýðingu löggilts skjalaþýðanda:

„Vér höfum móttekið heiðrað bréf yðar, dags. 19. ágúst s.l., varðandi Evrópuútgáfu þessa árs.

Vér höfum skráð pöntun yðar á henni, allt að 50.000 samstæður. Vér veitum engan afslátt. Vér getum ekki afgreitt merkin fyrr en á útgáfudeginum".

Næst skeður það, að með bréfi, dags. 15. september 1961, sendir stefnandi stefnda tvær ávísanir að upphæð kr. 576.000.00. Bréf þetta var sent með express-loftpósti.

Þann 19. september fékk stefnandi svohljóðandi símskeyti, sem sent var frá Reykjavík kl. 1951 þann 18. september.

„Pöntun yðar á 50.000 samstæðum Evrópufrímerkja er ekki hægt að afgreiða. Frímerkjabirgðir búnar. Greiðsla móttekin. Bíðum eftir frekari fyrirmælum".

Stefnandi svaraði þessu skeyti þegar í stað þannig:

„Ég krefst afhendingar á 50.000 samstæðum Evrópufrímerkja samkvæmt loforði yðar í bréfi, dags. 25. ágúst. Þarf að afhendast samstundis. Verði það ekki gert, mun skaðabóta krafizt".

Þessu símskeyti svaraði Frímerkjasalan þannig 20. september:

„Varðandi símskeyti yðar og bréf 19. 9. verður engin pöntun móttekin hér í Reykjavík eftir 4. 9. tekin til greina. Pöntun því aðeins gild, að greiðsla fylgi. Óskir yðar í bréfi 19. 8. voru

skráðar, samanber bréf vort 25. 8., en þar sem greiðsla, sem skilyrði var fyrir gildi pöntunarinnar, kom of seint, var því miður ómögulegt að verða við óskum yðar. Mótmælum hvers konar skaðabótakröfum".

Með bréfi, dags. 18. september, endursendir Frímerkjasalan stefnanda tékkana að upphæð kr. 576.000.00. Í bréfinu er tekið fram, að frímerkin séu uppseld.

Þann 19. september skrifar stefnandi Frímerkjasölunni bréf, þar sem hann ítrekar kröfu sína um að fá Evrópufrímerkin afhent. Jafnframt getur hann þess, að hann hafi treyst á loforð hennar og haldið áfram að taka á móti pöntunum viðskiptavina sinna, muni hann því halda til streitu rétti sínum til skaðabóta, með málssókn, ef nauðsyn krefji.

Eftir að bréfaviðskipti þessi höfðu farið fram, gerði stefnandi sér ferð til Íslands í þeim tilgangi að fá leiðréttingu mála sinna. Átti hann tal við forráðamenn póst- og símamálastjórnarinnar, en þær viðræður leiddu ekki til neinnar niðurstöðu.

Stefnandi kveðst í trausti þess, að pöntun hans yrði afgreidd, eins og lofað hafði verið, tekið við pötunum frá viðskiptavinum víðs vegar um heim á 24.300 seríum af Evrópumerkjum. Þegar hann fékk ekki pöntunina afgreidda, neyddist hann til þess að kaupa svo sem hægt var af merkjum á frjálsum markaði til þess að geta staðið við skuldbindingar sínar.

Tókst honum að losa sig undan þeim skuldbindingum með því að afhenda 21.500 seríur til viðskiptavina sinna fyrir meðalverð kr. 16 danskar fyrir seríuna, en markaðsverð var þá ca. 22 danskar krónur pr. seríu. Á þessum 21.500 telur stefnandi sig því hafa tapað 6.00 dönskum krónum á seríu, eða samtals 129.000 dönskum krónum.

Af þeim 50.000 seríum, sem stefnandi pantaði, ætlaði hann sjálfum sér til síðari sölu 25.700 seríur. Verð póststjórnarinnar var 1.55 danskar kr. á seríu, en markaðsverðið komst fljótlega upp í danskar kr. 22.00. Reiknað með kostnaði í sambandi við kaupin, ca. 10%, telur stefnandi tjón sitt danskar kr. 18.00 fyrir seríuna, eða samtals danskar kr. 462.600. Nemi því heildartjón sitt samtals dönskum kr. 591.600, og er það stefnukrafan í málinu.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að bindandi samningur milli hans og stefnda hafi verið kominn á um afhendingu 30.000 til 50.000 samstæða af Evrópufrímerkjum 1961. Þeim samningi geti stefndi ekki riftað einhliða án þess að baka sér skaðabótaskyldu.

Stefndi hafi gefið út tvö dreifibréf, annað á dönsku en hitt á ensku. Þessi dreifibréf séu samhljóða að öðru leyti en því, að í danska dreifibréfinu sé ekki setning, sem standi í enska dreifibréfinu, þess efnis, að greiðsla skuli fylgja pöntun. Allir þeir, sem pantað hafi eftir enska dreifibréfinu, hafi fengið pantanir sínar að fullu afgreiddar, enda sent greiðslur með pöntuninni.

Þá hafi stefnda borið að tilkynna þeim, sem pantað höfðu frímerki, þegar í stað þá ákvörðun, að yrði greiðsla ekki send fyrir 4. september, mundi pöntunin ekki verða tekin til greina og hefði þá verið rétt að skipta pöntununum niður hlutfallslega þannig, að allir fengju eitthvað.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á eftirfarandi rökum: Stefndi hafi á venjulegan hátt tilkynnt viðskiptavinum sínum með auglýsingum og dreifibréfi útkomu frímerkjanna. Bæði stefnanda og stefnda hafi þá verið fullljóst, að ómögulegt var að segja um það fyrirfram, hvort unnt yrði að fullnægja öllum þeim pöntunum, sem fram kynnu að koma á grundvelli auglýsinganna.

Bréf stefnanda frá 19. ágúst 1961 hafi engin pöntun verið, heldur aðeins frásögn um það, hve væntanleg pöntun hans kynni að verða há. Í bréfinu fari hann fram á breytta skilmála frá því, er greinir í dreifibréfinu, þar sem hann biðji um afslátt og breytingu á greiðslustað. Þetta sýni, að um raunverulegt tilboð var ekki að ræða, heldur öllu fremur undirbúning undir tilboð. Þar sem stefnandi hafi ekki svarað bréfi stefnda frá 21. ágúst, þar sem synjað var tilmælum hans um afslátt og breytingu á greiðslustað, hafi stefndi hlotið að líta svo á, að endanleg pöntun væri ekki fram komin fyrr en með bréfi hans frá 15. september. Það hafi styrkt stefnda í þeirri trú, að stefnandi væri ekki fullráðinn með pöntun sína, að í millitíðinni hafi stefnandi sent pöntun á fyrsta dags umslögum og greitt fyrir þau. Pöntun og greiðsla hafi borizt fyrir 4. september og í sambandi við þá pöntun hafi stefnandi ekkert minnzt á hér umdeilda frímerkjapöntun. Framkoma stefnda hafi því í öllu verið í samræmi við eðli þessara viðskipta.

Samkvæmt dskj. nr. 35 er Frímerkjasölu pósts og síma ætlað það hlutverk að annast sölu frímerkja til safnara innanlands og utan. Auk þessa er Frímerkjasölunni ætlað að svara bréfum, annast útsendingu tilkynninga um ný frímerki og annað, sem frímerkjasafnarar kynnu að hafa áhuga á, enn fremur að gefa upplýsingar um íslenzk frímerki. Sölu- og afgreiðsluskilmálar Frímerkjasölunnar eru birtir á hinum prentuðu eyðublöðum hennar og að því er ný frímerki snertir á sérstökum tilkynn-

ingum. Gert er ráð fyrir staðgreiðslu, þ. e. að greiðsla fylgi pöntun. Þó er unnt að hafa sérstakan reikning með innstæðu, og innanlands eru pantanir sendar gegn póstkröfu, ef óskað er. Frímerkjasalan fær frímerki á sama hátt og pósthús landsins frá aðalfrímerkjaverzluninni. Hún sér um, að ný frímerki séu jafnan fyrir hendi í öllum póststöðum og póstafgreiðslum á útgáfudegi.

Eins og að framan greinir, snýst mál þetta um það, hvort komizt hafi á bindandi samningar milli stefnanda og stefnda um afhendingu á allt að 50.000 samstæðum af hinum umdeildu frímerkjum, og skírskotar stefnandi þar einkum til dskj. nr. 5, orðanna: „Vi har noteret Deres bestilling af den op til 50.000 sæt".

Leitað hefur verið álits Verzlunarráðs Íslands, hvað orðalag þetta tákni samkvæmt íslenzkri verzlunarvenju. Umsögn Verzlunarráðsins liggur fyrir á dskj. nr. 27. Þar segir: „Verzlunarráðið er þeirrar skoðunar, að orðatiltækið „Vi har noteret Deres bestilling" tákni, að pöntun hafi verið skráð, og þar með viðurkennt, að pöntunin hafi komizt til hlutaðeigandi aðila".

Dómurinn er sammála um, að hér á landi hafi ekki skapazt neinar viðteknar verzlunarvenjur í sambandi við kaup og sölu íslenzkra frímerkja. Verður því að leita úrlausnar þessa máls til ríkjandi viðskiptareglna og með hliðsjón af þjónustu þeirri, sem póststjórninni er ætlað að leysa af hendi með útgáfu frímerkja.

Eftir efni orðsendingar þeirrar, sem Frímerkjasala pósts og síma sendi frá sér 12. júlí 1961, dskj. nr. 3, verður ekki talið, að í henni felist tilboð til sölu ónotaðra frímerkja af þessum útgáfum né heldur áskorun um að gera tilboð í slík merki, heldur einungis tilkynning um útgáfu þeirra. Breytir engu þar um, þótt í tilkynningunni sé mönnum boðin þjónusta gegn ákveðnu gjaldi, sem almennt tíðkast við útgáfu nýrra frímerkja, þ. e. að hægt sé að fá þau límd á umslög og síðan stimpluð með sérstökum stimpli, fyrsta dags umslög.

Upplýst er í málinu, að stefnandi er gamall og reyndur frímerkjakaupmaður. Honum mátti því vera ljóst, er hann ritaði bréf sitt 19. ágúst og móttók bréf stefnda frá 25. ágúst, að ómögulegt var að vita, hvort Frímerkjasalan gæti afgreitt allar þær pantanir, sem kynnu að berast. Einnig mátti honum vera ljóst, að stefnda var heimilt, hvenær sem var, að takmarka afgreiðslu á pöntuðum frímerkjum fyrir útgáfudag þeirra, svo að hægt væri að dreifa þeim til sölu á pósthúsum landsins, svo sem lög og

reglur mæla fyrir. Ekkert er heldur fram komið í málinu, sem bendir til þess, að stefndi hafi gefið honum neitt það í skyn, sem vekti hjá honum hugmynd um, að hann nyti neinna sérréttinda fram yfir aðra. Stefnanda bar því með tilliti til, að hér var ekki um viðskipti að ræða, sem í öllu gátu lotið venjulegum viðskiptareglum, að ítreka pöntun sína, eftir að stefndi hafnaði tilmælum hans um afslátt, og kynna sér greiðslutíma og fyrirkomulag. Í stað þessa hefst hann ekkert að, fyrr en hann sendir greiðslu með bréfi, dags. 15. september 1961.

Þegar litið er yfir málavexti, eins og þeim hefur verið lýst hér að framan, lítur dómurinn svo á, að með orðunum: „Vi har noteret Deres bestilling af den op til 50.000 sæt", hafi stefndi, eins og málum er háttað, ekki gefið stefnanda bindandi loforð eða vakið hjá honum réttmætt traust um afhendingu frímerkjanna, er réttlætt geti aðgerðarleysi hans til 15. september.

Ber því þegar af þessum ástæðum að sýkna stefnda af kröfum stefnanda. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dóminn skipuðu Kristján Jónsson borgardómari ásamt Guðmundi Skaptasyni viðskiptafræðingi og Jóhanni J. Ólafssyni kaupmanni.

Dómsorð:

Stefni, póst- og símamálastjórnin, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Roberts Bechsgaards, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Sératkvæði

Jóhanns J. Ólafssonar kaupmanns.

Ég er samþykkur niðurstöðu dómsins, en byggi hann á eftirfarandi rökstuðningi:

Telja verður dreifibréf Frímerkjasölunnar, dagsett 12. júlí 1961, á dskj. nr. 3 áskorun um að gera tilboð þess efnis, sem í því stendur. Bréf stefnanda á dskj. nr. 4 er ekki tilboð. Til þess er það of óákveðið. Ber því að líta svo á, að svar stefnanda á dskj. nr. 4 sé fyrirspurn. Svar Frímerkjasölunnar við þessari fyrirspurn er á dskj. nr. 5, dagsettu 25. ágúst 1961, og er því haldið fram, að með því sé kominn á bindandi samningur milli aðilja um kaup á fimmtíu þúsund settum af umdeildum frímerkjum með tilvísun til orðanna „Vi har noteret Deres bestilling". Þetta orðalag er í sjálfu sér ekki skuldbindandi, heldur aðeins viðurkenning á móttöku dskj. nr. 4. Á dskj. nr. 5 er tveimur veiga-

miklum atriðum í umleitan stefnanda á dskj. nr. 4 hafnað, þ. e. afslætti, afhendingarstað og afhendingartíma, og er því ekki hægt að skilja bréf stefnda á dskj. nr. 5 sem samþykki á tilmælum stefnanda, heldur sem nýtt tilboð á fimmtíu þúsund settum af Evrópufrímerkjum, að öðru leyti samhljóða dreifibréfinu frá 12. júlí 1961 á dskj. nr. 3, sem krafðist samþykkis stefnanda, er bindandi samningur átti að komast á. Þetta samþykki sendi stefnandi með bréfi sínu, dagsettu 15. september 1961, á dskj. nr. 6, en þá var það orðið of seint, og var stefnanda skýrt frá því með símskeyti og bréfi, samanber dskj. nr. 7 og 8, og í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 7/1936.

Telja verður, að tilboð stefnda hafi takmarkazt af því magni, sem um getur í dreifibréfinu á dskj. nr. 3, þ. e. innan við eina milljón frímerkja af hvorri tegund, og hann hafi ekki viljað skuldbinda sig lengur en birgðir entust. Þetta mátti stefnanda vera ljóst, og bar honum að senda samþykki sitt tímanlega, ef hann vildi tryggja sér hluta af birgðunum, en hann sendir það á síðustu stundu, þegar birgðir eru uppseldar. Vegna mistaka stefnda, þar sem niður féll í dönsku útgáfu dreifibréfsins á dskj. nr. 3 það skilyrði, að greiðsla skyldi fylgja pöntun, verður að líta svo á, að skilyrði þetta sé ekki bildandi gagnvart stefnanda. Þessi mistök leiddu til ósamræmis í þeim kjörum, er viðskiptavinum stefnda var boðið upp á, en ekki verður séð, að stefndi beri neina ábyrgð gagnvart stefnanda þess vegna í máli þessu.

Föstudaginn 14. febrúar 1969.

Nr. 139/1968. **Sigurjón Sigurbjörnsson** (sjálfur)
gegn
Magnúsi Magnússyni
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. ágúst 1968. Krefst hann þess, að stefnda verði

dæmt að greiða honum kr. 23.338.80 ásamt 8% ársvöxtum frá 27. júní 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurjón Sigurbjörnsson, greiði stefnda, Magnúsi Magnússyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. júní 1968.

Mál þetta var tekið til dóms í dag. Það var höfðað með stefnu, sem birt var 27. júní 1966 og þingfest 30. sama mánaðar. Stefnandi málsins er Sigurjón Sigurbjörnsson, Lindarhvammi 7, Kópavogi. Hann stefnir Magnúsi Magnússyni, Einholti 7, Reykjavík, og krefst greiðslu á skaðabótum að fjárhæð kr. 23.338.80 með 8% vöxtum p. a. frá 27. júní 1966 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar að skaðlausu. Af hálfu Magnúsar Magnússonar er aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara lækkunar á kröfu stefnanda og þess, að málskostnaður verði látinn falla niður. Stefnandi hefur stefnt Vátryggingafélaginu h/f, Reykjavík, til réttargæzlu. Ekki eru gerðar kröfur á hendur félaginu, og það hefur engar kröfur sett fram. Þess er að geta, að í stefnu gerði stefnandi kröfu um kr. 25.838.00, en sú fjárhæð hefur verið lækkuð í kr. 23.338.80 vegna reikningsvillu.

Málavextir eru þeir, að árekstur varð um kl. 1300 fimmtudaginn 16. desember 1965 á mótum Þvervegar og Shellvegar í Reykjavík milli bifreiða aðilja. Bifreiðarnar skullu saman á mótum gatnanna, eins og sjá má á lögregluuppdrætti.

Þorsteinn J. Jónsson lögreglumaður gerði uppdráttinn.

Hörður Valdimarsson lögreglumaður, sem fór á staðinn ásamt Þorsteini, ritaði skýrslu um atburðinn, þar sem segir m. a.:

„Árekstur þessi mun hafa skeð með þeim hætti, að bifr. Y 307 var ekið austur Þverveg og beygt suður Shellveg, en bifr. R 762 var ekið norður Shellveg og beygt vestur Þverveg. Eins og sjá má á meðf. teikningu var bifr. Y 307 allmikið rangstæð á akbrautinni til hægri, er hún beygði. Ökumaður bifr. Y 307 kvaðst hafa verið að aka austur Þverveg og beygt til hægri niður Shellveg. Hann sagðist ekki hafa séð neitt til ferða bifr. R 762, fyrr en á sömu stundu og áreksturinn varð. Ökumaður bifr. R 762 kvaðst hafa verið að aka norður Shellveg og ætlað að beygja vestur Þverveg, hann sagðist hafa ekið eins mikið til vinstri og mögulegt hafi verið til þess að forðast árekstur við bifr. Y 307. Það skal tekið fram, að þarna var mikil hálka af ísingu á akbrautinni og akbrautin, þarna á beygjunni, hallar nokkuð til vesturs ...“.

Stefnandi gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni 21. desember 1965, og var þá m. a. bókað:

„Mætti segir framanritaða lögregluskýrslu og uppdrátt rétt með þeirri athugasemd, að hann hafi ekki verið farinn að beygja, er áreksturinn varð. Mætti skýrir enn fremur svo frá: Ég ók eftir miðjum veginum, er ég kom að umræddri beygju, og var þá ekki kominn nógu langt til að taka beygjuna, er ég sá til ferða R 762, sem ég tel, að hafi verið ekið hraðara en ég ók. Veginum hallar á beygjunni til hægri frá mér séð, eða miðað við þá stefnu, sem var á mínum bíl. Því taldi ég ekki gott að vera úti á vinstri brún hans í beygjunni, þar sem mikil hálka var á henni. Ég var ekki með snjókeðjur eða snjódekk á bíl mínum, en dekk hans voru góð og lítið slitin. Er ég sá bílinn, hemlaði ég, en rétt á því augnabliki skall framendi R 762 á hægra frambretti og hægri hurð bifreiðar minnar, og eyðilagðist hvort tveggja við það. Höggið kom ekki á framenda bifreiðar minnar, enda eru báðar ljósluktir heilar á henni. Ég vil svo taka það fram, að þarna er ekki um blindbeygju að ræða, vel sést yfir beygjuna, og einnig tel ég, að ökumaður R 762 hefði getað beygt til vinstri út af í beygjukverkinni án þess að stofna bíl sínum eða sér sjálfum í hættu með því. Ég tel því, að hann hefði getað forðast árekstur-inn á þann veg, en ég átti enga undankomuleið, er ég sá til ferða bílsins“.

Stefndi gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni sama dag og stefnandi. Var þá m. a. bókað:

„Mættum er birt skýrsla lögreglu og sýndur uppdráttur af vettvangi, og segir hann það allt rétt, nema að á uppdrætti sé

bifreiðin Y 307 sýnd frá bifreið mætta, en þannig hafi bifreiðin ekki verið eftir áreksturinn, ökumaður hinnar bifreiðarinnar hafi fært bifreiðina til, meðan beðið var eftir lögreglu.

Mætti sagðist hafa verið kominn í beygju þá, er hér um ræðir, er hann hafi séð til ferða hinnar bifreiðarinnar, sem hafi verið ekið alveg á vegarhelmingi hans, það er á hægri vegarhelmingi Y 307, miðað við stefnu Y 307.

Mætti sagðist hafa hemlað og getað stöðvað bifreiðina strax, þar sem snjóhjólbarðar og auk þess negldir hafi verið undir bifreiðinni. Mætti sagði, að bifreið hans hafi verið kyrrstæð, er snertingin varð, og við höggið hafi bifreið hans snúizt til hægri í líka stöðu og uppdrátturinn sýnir. Mætti segir, að ökumaður hinnar bifreiðarinnar hafi fært bifreið sína eftir áreksturinn og sýni því uppdrátturinn ekki rétta stöðu bifreiðarinnar, eins og hún var eftir áreksturinn.

Mætti sagði, að ökumaður Y 307 hafi ekki virzt ráða við bifreið sína, en þarna hafi verið fljúgandi hálka á veginum og bifreiðin Y 307 hafi ekki verið með neitt á hjólum til aksturs í hálku".

Aðiljar gáfu báðir skýrslur á bæjarþingi í dag. Stefnandi kvað ísingu og hálku hafa verið, en þó hafi verið braut á miðri götunni, þar sem ekki hafi verið hálka. Hann taldi sig hafa ekið með 35 km hraða miðað við klukkustund og stefnda hafa ekið með töluverðum hraða. Hann sagðist hafa hemlað og stöðvað bifreið sína á stuttum tíma. Hann hefði ekki getað sveigt til hliðar vegna hálku á vinstri vegarhluta og girðingar, sem þar sé skammt hjá.

Magnús Magnússon sagðist hafa ekið á sáralítilli ferð á vinstri vegarbrún. Hann kvaðst hafa séð bifreið stefnanda, er skammt var á milli bifreiðanna, og þá hafa stigið á hemlana. Hefði hann stöðvað bifreið sína á stuttu færi, enda hefði hún verið búin nýjum snjóhjólbörðum með nöglum. Bifreið stefnanda kvað hann hafa runnið beint áfram. Magnús sagði bifreið sína alls ekkert eða mjög lítið hafa færzt inn á götuna við hemlunina og alls ekki út af sínum vegarhelmingi. Hann taldi bifreið sína hafa stöðvazt í sama mund og áreksturinn varð. Þegar Magnúsi var á það bent, að um þetta gætti ekki fulls samræmis við skýrslu þá, sem hann gaf skömmu eftir áreksturinn hjá rannsóknarlögreglunni, sagðist hann nú ekki muna þetta með vissu, en telja, að bifreiðin hefði stöðvazt í sama mund og áreksturinn varð. Magnús sagðist ekki hafa fært sína bifreið neitt til, meðan beðið var komu lögregl-

unnar, en hann kvað stefnanda hafa fært sína bifreið lítið eitt.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi heldur því fram, að hann hafi ekið með þeim hætti sem eðlilegt hafi verið eftir aðstæðum. Hálka hafi verið á götunni, en þó lítil sem engin á henni miðri, og að auki hafi henni hallað út frá miðju til beggja hliða. Hafi því verið eðlilegt að fara eftir miðjunni. Þá hafi ekki verið til neins að hafa útbúnað til aksturs í snjó, þar sem snjór hafi nær enginn verið á jörðu, heldur aðeins ísing. Stefnandi kveðst hafa farið rólega og haft fullkomna stjórn á bifreið sinni. Hann heldur því fram, að stefndi hafi getað forðast árekstur með því að víkja til vinstri á autt svæði, sem þarna sé, og með því að fara hægar. Stefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ljóst megi vera, að stefnandi eigi sjálfur alla sök á tjóni sínu. Hann hafi engan umbúnað haft á hjólum til varnar gegn hættum af akstri í hálku, þó að flughálka hafi verið. Þá hafi stefnandi ekið á röngum helmingi götunnar, sem jafnan sé næsta alvarlegt brot, en þó sérstaklega í þeim aðstæðum, er voru við beygjuna, þar sem árekstur-inn varð. Þá sé ljóst, að stefnandi hafi ekki veitt bifreið stefnda athygli, fyrr en árekstur-inn varð, þó að hann hefði góðar aðstæður til að fylgjast með ferðum hennar. Loks hafi stefnandi stigið á hemla bifreiðar sinnar, þó að ljóst sé, að það hefði þær afleiðingar, að hann mundi missa stjórn á henni, sem og hafi orðið. Af hálfu stefnda hefur ýmsu, er varðar einstaka liði í kröfum stefnanda, verið mótmælt.

Niðurstaða.

Fallast verður á það með stefnda, að stefnandi hafi átt að hafa búnað til aksturs í hálku, að hann hafi átt að halda sig vinstra megin á götunni og veita bifreið stefnda fyrr athygli á beygjunni. Ekki er hins vegar nægilega fram komið, að rangt hafi verið af stefnanda að stíga á hemla bifreiðar sinnar.

Ekki verður talið sannað í máli þessu, að stefndi hafi brugðizt þannig við aðstæðum, að saknæmt verði kallað. Ekki er í ljós leitt, að hann hafi ekið hraðar en rétt var, og vegna hinnar óvenjulegu stöðu bifreiðar stefnanda á götunni verður ekki talið fram komið, að stefnda verði gefið að sök, að hann sveigði ekki til vinstri út af götunni. Byggja verður á, að báðar bifreiðarnar hafi verið á ferð, er þær skullu saman, en akstur stefnanda var svo sérstæður og andstæður því, er rétt var, að ekki þykir unnt að líta svo á, að það verði metið stefnda Magnúsi til sakar, að honum

auðnaðist ekki að stöðva bifreið sína, áður en áreksturinn varð.

Samkvæmt því, er nú hefur verið sagt, ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu. Samkvæmt 1. mgr. 177. greinar laga nr. 85/1936 þykir eiga að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.500.00.

Þór Vilhjálmsson, dómari samkvæmt sérstakri umboðsskrá, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Magnús Magnússon, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurjóns Sigurbjörnssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 2.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. febrúar 1969.

Nr. 17/1968. **Norðurleið h/f**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl)
gegn
Magnúsi Guðlaugssyni og gagnsök
(Árni Gunnlaugsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 7. febrúar 1968. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 14. maí 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. apríl s. á. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 35.191.00 með 6% ársvöxtum frá 30. október 1965 til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er rækilega lýst í héraðsdómi. Eins og þar er rakið, var frambrún umræddrar klukku í lóðléttri línu miðað við gangstéttarbrún, og hæð hennar yfir götuyfirborð var 2.90 m. Þessi staðsetning klukkunnar var óforsvaranleg, þegar þess er gætt, að vænta mátti, að um götuna færu ökutæki allt að 3.80 m á hæð. Samkvæmt þessu og þar sem eigi er í ljós leitt, að ökumaður R 4721 hafi sýnt af sér ógætni í akstri sínum í umrætt sinn, er aðaláfrýjandi eigi fébótaskyldur vegna skemmda þeirra, sem á klukkunni urðu. Ber því að sýkna hann af kröfum gagnáfrýjanda.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Norðurleið h/f, skal vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Magnúsar Guðlaugssonar, í máli þessu.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. nóvember 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. október 1967, hefur stefnandi, Magnús Guðlaugsson úrsmiður, Mánagötu 3, Hafnarfirði, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 2. apríl 1966, á hendur Norðurleið h/f, Reykjavík, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 35.209.00 auk 1% vaxta á mánuði eða broti úr mánuði frá 30. október 1965 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu eftir mati réttarins. Á hendur réttargæzlustefnda eru ekki gerðar sjálfstæðar dómkröfur.

Stefndi krefst sýknu og að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða málskostnað að skaðlausu eftir mati dómara. Til vara er krafizt lækkunar á fjárhæð stefnukröfunnar og að málskostnaður falli niður. Að tilhlutan dómsins var málið endurupptekið þann 23. október 1967. Voru þá ýmis ný skjöl lögð fram. Við munnlegan málflutning lækkaði stefnandi kröfu sína niður í kr.

35.191.00, en aðrar kröfur hans voru óbreyttar. Stefndi lýsti því yfir, að hann vefengdi ekki kröfu stefnanda tölulega, en mótmælti skaðabótaskyldu stefnda. Að öðru leyti voru kröfur hans óbreyttar.

Málsatvikum er þannig lýst í stefnu og greinargerð:

Laugardaginn 10. apríl 1965 um kl. 1245 ók langferðabifreiðin R 4721 austur Strandgötu í Hafnarfirði. Ökumaður bifreiðarinnar var Jón Gestsson, Lækjarkinn 10, Hafnarfirði. Þegar bifreiðin kom á móts við verzlun stefnanda, mætti hún stórri kranabifreið og sveigði þá alveg upp að gangstéttinni. Um leið og bifreiðin rann fram með verzluninni, rakst yfirbygging hennar í strætisklukku, er fest var utan á húsið nr. 19 við Strandgötu. Við höggið eygðilagðist klukkan algerlega.

Umrædd klukka var eign Alpina Union Horlogere SA, og kveðst stefnandi vera ábyrgur fyrir henni og skyldur til þess að setja upp nýja klukku á sinn kostnað, þar sem klukkan gegndi auglýsingarhlutverki fyrir hið erlenda firma. Stefnukrafan er kostnaðarverð nýrrar klukku, er kaupa varð í stað þeirrar, sem eyðilagðist.

Í skýrslu hjá lögreglunni í Hafnarfirði skýrir stefnandi þannig frá atvikum: Laugardaginn 10. apríl 1965 kl. 1245 var hann staddur í verzlun sinni í Strandgötu 19. Heyrði hann þá brothljóð fyrir utan húsið og leit út. Kom þá í ljós, að klukka, sem er utan á húsinu, hafði brotnað, og sá hann á eftir langferðabifreið, sem nam staðar þar skammt frá. Hann kveðst hafa haft tal af ökumanni hennar, sem viðurkenndi að hafa ekið á klukkuna og kvaðst mundu gefa tryggingafélagi bifreiðarinnar skýrslu um atburðinn. Nokkru seinna kom svo skoðunarmaður frá Vátryggingafélaginu h/f og skoðaði skemmdirnar. Þegar stefnandi svo síðar framvísaði reikningi fyrir skemmdunum, neitaði félagið greiðslu.

Ökumaður bifreiðarinnar, Jón Gestsson, hefur skýrt svo frá atvikum í skýrslu til Vátryggingafélagsins h/f. Hann kveðst hafa ekið upp Linnetsstíg að Strandgötu. Er að gatnamótunum kom, stöðvaði hann bifreiðina, er stór kranabifreið kom á móti honum. Kranabifreiðin nam einnig staðar, og gaf ökumaður hennar honum merki um að halda áfram. Þar sem þröngt var á götunni, varð hann að aka alveg að gangstéttarbrún. Er hann ók meðfram húsinu Strandgötu 19, rakst afturendi bifreiðarinnar í klukku, sem fest var á horn hússins. Hann staðhæfir að hafa ekki ekið upp á gangstéttarbrúnina.

Stefnandi reisir bótakröfu sína á 1. mgr. 69. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, sbr. 1. mgr. 67. gr. þeirra laga. Hann bendir á, að klukka sú, sem hér um ræðir, hafi verið sett upp fyrir ca. ári. Lögreglan hafi aldrei fundið að staðsetningu hennar og í lögreglusamþykkt bæjarins séu engin ákvæði, er banni staðsetningu hennar. Allan þann tíma, sem klukkan hafi verið uppi, hafi aldrei borizt nein kvörtun út af því, að hún truflaði umferð eða hindraði, og ekki hafi hún heldur orðið fyrir neinu hnjaski af völdum umferðar á akbrautinni. Þetta sýni, að staðsetning klukkunnar sé ekki aðfinnsluverð.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að klukka sú, sem hér um ræðir, hafi ekki verið í nægilegri hæð frá götu. Óhjákvæmilega verði að gera þær kröfur til þeirra, sem hengja slíka hluti utan á hús, að þeir séu í hæfilegri hæð frá götu, sérstaklega þar sem um miklar umferðargötur er að ræða, svo sem Strandgötuna í Hafnarfirði, sem er aðalumferðargata þess kaupstaðar. Vísar hann í þessu sambandi til 66. gr., 5. mgr., umferðarlaga nr. 26/1958. Þá bendir hann á, að bifreiðarstjórinn hafi verið knúður til þess að aka alveg upp að gangstéttinni, þar sem hann var að mæta öðru farartæki, en við það kom nokkur halli á bifreiðina, svo að yfirbygging hennar snerti klukkuna. Bifreiðarstjórinn hafi ekki ekið upp á gangstéttina, en engin fyrirmæli séu til í umferðarlögum eða reglugerðum, sem banni akstur fast að gangstéttarbrún, ef nauðsyn ber til. Enn fremur bendir stefndi á, að ekki liggi fyrir í málinu leyfi réttra aðilja til staðsetningar klukkunnar.

Varakröfu sína reisir stefndi á því, að stefnufjárhæðin eigi að lækka verulega. Í fyrsta lagi sökum þess að ósannað sé, að klukkan hafi ónýtzt. Telur hann, að unnt hefði verið að gera við klukkuna og eigi því stefnandi aðeins rétt til að fá greiddan viðgerðarkostnaðinn. Í öðru lagi hljóti það að valda lækkun stefnufjárhæðarinnar, að ný klukka kemur í stað gamallar.

Lagt hefur verið fram vottorð bæjarverkfræðings Hafnarfjarðar, þar sem fram kemur, að umrædd klukka sé í 2.90 m hæð yfir götuyfirborði, þar sem kantsteinn og gata mætast, en halli götuyfirborðs sé 1% frá miðju að kantsteini. Fremsta brún klukkunnar reyndist vera lóðrétt yfir neðri brún kantsteins, þegar hún var í sinni eðlilegu stöðu. Þá hefur verið lögð fram útlitsteikning af framhlið hússins Strandgötu 19. Dómarar ásamt málflutningsmönnum hafa farið á vettvang og skoðað allar aðstæður. Með-

fram gangstétt er rennusteinn ca. 23 cm á breidd, 4 cm á dýpt við götu og 7 cm við gangstéttarbrún.

Svo sem sjá má af uppdrætti og ljósmyndum, er húsið Strandgata 19 hornskakkt við götuna. Stefnandi hefur valið klukkunni stað á suðausturhorni hússins, sem nær lengst fram í gangstéttina.

Leggja verður til grundvallar mælingar bæjarverkfræðings Hafnarfjarðar, en samkvæmt þeim er klukkan í 2.90 m hæð yfir götuyfirborði, þar sem kantsteinn og gata mætast. Í 3. mgr. 55. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 er hámarkshæð ökutækja ákveðin 3.8 m. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Árnessýslu var hæð bifreiðarinnar 3.23 m. Ekki var með merkjum eða á annan hátt gefin nein sérstök fyrirmæli um hámarkshæð ökutækja, er fara mættu um Strandgötuna í Hafnarfirði, framar en segir í umferðarlögum. Stefnandi mátti því gera ráð fyrir umferð ökutækja, sem næðu þeirri hámarkshæð, sem leyfð er. Hann mátti einnig gera ráð fyrir, að þau atvik gætu skapazt, að ökutækjum yrði nauðsyn að aka alveg að gangstéttarbrún.

Var því nauðsynlegt að staðsetja klukkuna, sem var í lóðréttri línu frá gangstéttarbrún, í þeirri hæð, að undir hana kæmust lögleyfð ökutæki, þótt þau yrðu að aka að gangstéttarbrún. Ekki voru sjáanleg nein tormerki á því að staðsetja klukkuna ofar. Þar sem stefnandi staðsetti klukkuna aðeins 2.90 m frá götu, verður að telja, að hann beri að nokkru leyti áhættuna, sem því var samfara. Er hann því meðábyrgur á tjóni því, sem hann beið. Ekki verður talið, að máli skipti um ábyrgð stefnanda, hvort hann hafi fengið leyfi réttra aðilja til staðsetningar klukkunnar.

Hins vegar verður ekki talið, að ökumaður bifreiðarinnar R 4721 hafi gætt þeirrar varúðar, sem honum bar, eins og á stóð. Ekki er nægilega í ljós leitt, að honum hafi borið nauðsyn til þess að aka fast að gangstéttarbrún, en þótt svo hefði verið, bar honum að sýna sérstaka varkárni, er hann ók fram hjá klukkunni, þar sem honum mátti vera ljóst, að hún var í hættu vegna hinnar háu yfirbyggingar bifreiðarinnar.

Með hliðsjón af því, hvernig málsatvik liggja fyrir, þykir hæfilegt, að stefnandi beri sjálfur tjón sitt að $\frac{2}{5}$ hlutum, en stefndi bæti honum það að $\frac{3}{5}$ hlutum.

Að beiðni stefnanda voru þeir August Håkansson málarameistari og Eyjólfur Sveinsson úrsmíðameistari dómkvaddir þann 9. nóvember 1966 til þess að meta skemmdir á umræddri klukku. August Håkansson gat vegna forfalla ekki framkvæmt matið, og

var þá Daníel Þorkelsson málarameistari dómkvaddur í hans stað. Mat þeirra er dags. 3. febrúar 1967. Þar lýsa þeir yfir því, að viðgerð á klukkunni, þannig að hún verði sú sama og fyrir skemmdirnar, sé óframkvæmanleg hér á landi og að verðmæti klukkunnar í núverandi ástandi sé ekkert.

Hinn sérfróði dómari hefur kynnt sér ásigkomulag klukkunnar eftir skemmdirnar og telur viðgerð óframkvæmanlega og verðmæti hennar ekkert.

Stefnandi hefur lagt fram aðflutningsskýrslur og önnur skjöl til sönnunar innkaupsverði nýrrar klukku. Hefur lögmaður stefnda lýst því yfir, að hann vefengi ekki kröfu stefnanda tölulega. Þá er það skoðun hins sérfróða dómara, að verðmunur hinnar eyðilögðu klukku, sem aðeins var ársgömul, og nýrrar klukku hafi engin áhrif til lækkunar kröfu stefnanda.

Samkvæmt þessu ber að leggja kröfu stefnanda til grundvallar í málinu, svo sem hún var fram sett í síðari flutningi málsins, eða kr. 35.191.00. Ekki þykja efni standa til að taka til greina kröfu stefnanda um vanskilavexti.

Niðurstaða málsins verður því sú, að dæma ber stefnda til þess að greiða stefnanda kr. 21.114.60 ásamt 6% ársvöxtum frá 30. október 1965 til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags og kr. 4.900.00 í málskostnað.

Dóm þennan kvað upp Kristján Jónsson borgardómari ásamt meðdómendum Hirti Björnssyni úrsmíðameistara og Guðmundi Skaptasyni viðskiptafræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Norðurleið h/f, greiði stefnanda, Magnúsi Guðlaugssyni, kr. 21.114.60 ásamt 6% ársvöxtum frá 30. október 1965 til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags og kr. 4.900.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. febrúar 1969.

Nr. 132/1968. **Ólafur Bachmann Haraldsson**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Hrólfi Smára Jónassyni
(Gunnar M. Guðmundsson hrl).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 24. júlí 1968. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 125.260.00 með 8% ársvöxtum frá 5. ágúst 1965 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ólafur Bachmann Haraldsson, greiði stefnda, Hrólfi Smára Jónassyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júlí 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., hefur Haraldur Bachmann, Fagurgerði 9, Selfossi, f. h. ólögráða sonar síns, Ólafs Bachmanns Haraldssonar, Fagurgerði 9, Selfossi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 3. janúar 1968, á hendur Hrólfi Smára Jónassyni, Bjargi, Vík í Mýrdal, Vestur-Skaftafells-

sýslu, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 125.260.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 5. ágúst 1965 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega gert þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaðar úr hans hendi að mati dómara. Til vara krefst stefndi þess, að stefnufjárhæðin verði stórlækkuð og málskostnaður látinn niður falla.

Samvinnutryggingum g/t hefur verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu. Á hendur réttargæzlustefnda eru engar kröfur gerðar, og hann hefur heldur engar kröfur gert.

Leitazt hefur verið við að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þeir, að fimmtudaginn 5. ágúst 1965, klukkan tæplega 6 að morgni, ók stefndi bifreið sinni, Z 329, á brúarstólpa við Víkurá í Vík í Mýrdal. Með stefnda í bifreiðinni var einn farþegi, sóknaraðili málsins, Ólafur Bachmann Haraldsson. Sat hann við hlið stefnda. Við áreksturinn skemmdist bifreiðin verulega, og báðir mennirnir, sem í bifreiðinni voru, slösuðust, þó einkum bifreiðarstjórinn. Héraðslæknirinn í Vík í Mýrdal var þegar kvaddur á vettvang. Skoðaði hann mennina, veitti þeim fyrstu hjálp, en síðan voru þeir báðir fluttir í sjúkraflugvél til Reykjavíkur og lagðir inn á handlækningadeild Landspítalans.

Slysið var rannsakað aðallega í sakadómi Skaftafellssýslu, en einnig að nokkru í sakadómi Árnessýslu. Verður nú rakið það helzta, sem fram hefur komið við rannsókn málsins.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að kvöldið fyrir slysið hafi hann ekið bifreið sinni um götur Víkurkauptúns. Fimm farþegar hafi þá verið í bifreiðinni, þau Elín Tómasdóttir, Kristín Rútsdóttir, Ólafur Bachmann Haraldsson, Sigríður Kristín Einarsdóttir og Tómas Pálsson. Um kl. 2315 hafi verið tekin upp rommflaska, sem stefndi og Tómas Pálsson áttu. Hafi innihaldinu verið blandað í þrjár Coca-Cola flöskur, og hafi verið blandað um það bil til helminga með rommi og Coca-Cola. Áður en þetta varð, hafi Sigríður Kristín Einarsdóttir tekið við stjórn bifreiðarinnar. Stefndi sagði, að þau hin fimm í bifreiðinni hafi síðan drukkið áfengið úr hinum fyrrnefndu Coca-Cola flöskum, en hins vegar gat stefndi ekki sagt frekar um, hve mikils magns hann hafi neytt. Um kl. 0030 kvaðst stefndi hafa sofnað og sofið í bifreiðinni þar til kl. rúmlega 0400. Áður en hann hafi sofnað, kveðst hann hafa fundið til lítilla áfengisáhrifa, en engra, er hann vaknaði. Hafi áfengið þá verið þrotið, en einhver gosdrykkur verið

kominn á flöskuna. Er stefndi vaknaði, segir hann, að Sigríður Kristín Einarsdóttir hafi ein verið með sér í bílnum. Hafi hún ekið bílnum til heimilis síns, Gamla spítalans í Vík, þar sem hún hafi farið úr, en stefndi tekið við stjórn bifreiðarinnar. Stefndi kvaðst síðan hafa ekið vestur eftir aðalgötunni í Vík. Þar hafi hann mætt Ólafi Bachmann Haraldssyni, sem þá hafi verið undir töluverðum áhrifum áfengis. Síðan kveðst stefndi hafa ekið nokkra hringi um Víkurkauptún. Þá hafi þeir Ólafur verið orðnir vindlingalausir og drepið á dyr hjá Runólfi Sæmundssyni bifreiðarstjóra þeirra erinda að fá þar vindlinga. Kona Runólfs, Sigríður Karlsdóttir, hafi komið til dyra og látið stefnda hafa pakka af vindlingum. Síðan kveðst stefndi aftur hafa tekið til við að aka um Víkurkauptún og eina ferð austur að Fagradalsvegi og til baka. Síðan hafi þeir Ólafur drepið á dyr í húsinu Skuld í Vík, þar sem Björn Sigurjónsson hafi búið, og þar hafi þeir dvalið um stund. Um áfengisneyzlu þar hafi ekki verið að ræða. Þaðan hafi þeir Ólafur farið aftur út í bifreiðina og enn á ný tekið til við að aka um kauptúnið. Í þeirri ökuferð kveðst stefndi hafa séð mjólkurbílstjórana Garðar Bergendal Bjarnason og Magnús Kristjánsson. Tók stefndi þá upp í bíl sinn og ók þeim til stæðis mjólkurbílanna. Síðan kveðst stefndi hafa ekið austur götuna og á fyrrnefndan brúarstöpul. Orsök árekstrarins kveður stefndi hafa verið þá, að plötuspilari, sem í bifreiðinni var, fór úr sambandi. Kvaðst stefndi þá hafa beygt sig niður til að lagfæra þetta, en er hann hafi litið upp, hafi árekstur inn orðið. Gizkaði stefndi á, að ökuhraðinn hafi þá verið 50—55 km miðað við klukkustund. Stefndi neitaði alveg, að hann hefði neytt nokkurs áfengis eftir svefn sinn í bifreiðinni um nóttina, en hann kvaðst hafa verið þreyttur, enda hefði hann lítið sofið næturnar áður.

Stefnandi, Ólafur Bachmann Haraldsson, kveðst hafa slegizt í för með ökumanni Z 329 í bifreið hans milli kl. 2100 og 2200, kvöldið áður en umrætt slys varð. Það hafi komið til tals að útvega áfengi og fljótlega hafi rommflaska verið komin í bifreiðina. Hafi Sigríður K. Einarsdóttir þá tekið við stjórn bifreiðarinnar, en hinir, sem í bifreiðinni voru, hafi byrjað að drekka. Kvaðst Ólafur Bachmann hafa drukkið mest og fljótlega orðið ölvaður. Skömmu eftir miðnætti hafi hann farið út úr bifreiðinni og haldið áfram víndrykkju annars staðar í Víkurkauptúni, en undir morgun hafi hann hitt Hrólf Smára Jónasson aftur og stigið upp í bifreið hans. Hafi þá einhver dreitill verið eftir á rommflöskunni

frá kvöldinu áður. Stefnandi kvaðst ekki muna, hvað síðan gerðist. Hann kvað Hrólf Smára Jónasson hafa drukkið eitthvað úr rommflöskunni, en kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir því, hvort hann hafi komizt undir áfengisáhrif. Stefnandi minnist ekki, að Hrólfur Smári hafi drukkið, eftir að stefnandi kom í bifreiðina í seinna skiptið. Stefnandi kvaðst ekkert muna um heimsóknir í hús um morguninn né heldur að aðrir farþegar kæmu í bifreiðina. Stefnandi vissi ekki til þess, að annað áfengi hefði verið haft um hönd í bifreiðinni en úr umræddri rommflösku.

Sigríður Karlsdóttir húsfreyja kveður þá Hrólf Smára Jónasson og Ólaf Bachmann Haraldsson hafa kvatt hjá sér dyra um kl. 0500 umræddan morgun og falazt eftir vindlingum. Vitnið kvaðst halda, að Hrólfur Smári hafi verið undir áhrifum áfengis, en ekki mikið drukkinn. Um ástand Ólafs Bachmanns að þessu leyti gat vitnið ekki borið.

Vitnið Elín Tómasdóttir var farþegi í bifreiðinni Z 329 kvöldið fyrir slysið. Laust fyrir kl. 2330 hafi einhver í bifreiðinni dregið upp rommflösku, sem allir í bifreiðinni hafi tekið að drekka úr nema Sigríður K. Einarsdóttir, sem þá hafi tekið við stjórn bifreiðarinnar. Um kl. 0030 hafi Hrólfur Smári sofnað í bifreiðinni. Virtist vitninu, að hann væri undir áhrifum áfengis, en ekki mikið ölvaður. Er vitnið fór út úr bifreiðinni kl. 0230, hafi Hrólfur Smári enn verið sofandi.

Vitnið Sigríður Kristín Einarsdóttir kveðst hafa komið í bifreið stefnda um kl. 2300 fyrrnefnt kvöld. Hálftíma síðar kveðst vitnið hafa tekið við stjórn bifreiðarinnar að beiðni Hrólfs Smára, þar sem þá hafi verið hafin víndrykkja í bifreiðinni og Hrólfur Smári verið þátttakandi í henni. Um kl. 0030 hafi Hrólfur Smári sofnað og vaknað aftur um kl. 0300. Þá kvaðst vitnið ekki hafa getað merkt áfengisáhrif á honum. Vitnið kvaðst hafa hætt að aka bifreiðinni kl. 0400, en þá hafi Hrólfur Smári tekið við. Vitnið kvaðst ekki hafa séð Hrólf Smára neyta áfengis, eftir að hann vaknaði.

Vitnið Björn Sigurjónsson kveður þá Hrólf Smára og Ólaf Bachmann hafa komið í heimsókn til sín klukkan að byrja að ganga 6 umræddan morgun. Kveðst vitnið ekki hafa getað merkt áfengisáhrif á þeim, en bætti því við, að áfengi hefði getað verið í þeim, án þess að vitnið vissi um það. Vitnið kvaðst hafa verið ódrukkið og vín hafi ekki verið haft um hönd. Mennirnir hafi farið frá sér klukkan tæplega 0600 um morguninn.

Vitnið Rútur Skæringsson kveðst hafa orðið var við ferðir þeirra Hrólfs Smára og Ólafs Bachmanns í og við hús vitnisins umgetinn morgun um kl. 0500. Vitnið kvaðst hafa átt orðaskipti við Ólaf Bachmann og hafa séð, að hann var undir áfengisáhrifum. Hins vegar gat vitnið ekki borið um ástand Hrólfs Smára að þessu leyti, þar sem það ræddi ekki við hann, heldur sá hann álengdar, er Hrólfur Smári var að koma út úr kjallaranum á húsi vitnisins.

Vitnið Magnús Kristjánsson var annar þeirra mjólkurbílstjóra, sem tóku sér far með stefnda í bifreið hans, Z 329, skömmu áður en slysið varð. Vitninu virtust líkur benda til, að Hrólfur Smári og Ólafur Bachmann hafi verið drukknir. Þeir hafi verið með áfengisflösku, en vitnið mundi ekki, hvort þeir drukku úr henni. Vitnið var komið úr bifreiðinni, er slysið varð. Vitnið var sjónarvottur af því, þegar bifreiðinni var ekið á brúarstólpann. Hins vegar gat vitnið ekki borið um hraða bifreiðarinnar fyrir slysið. Vitnið segir, að eftir verksummerkjum á slysstaðnum hafi bifreiðinni verið ekið beint austur aðalgötuna í kauptúninu og á hægri brúarstöpulinn. Hafi bifreiðin verið hálf út af veginum og hallazt, en verið á hjólunum. Vitnið kvaðst ekki hafa séð þá hafa áfengi um hönd, svo að öruggt sé, en hins vegar kvað vitnið, að þeir hefðu verið með áfengisflösku, en mundi ekki, hvort þeir hafi sopið úr henni. Vitnið mundi ekki orðaskipti, sem fram fóru á milli þeirra, en sagði, að þeir hefðu verið gamansamir.

Vitnið Garðar Bergendal Bjarnason var annar fyrrgreindra mjólkurbílstjóra, sem far tóku sér með bifreið stefnda, Z 329, skömmu fyrir slysið. Vitninu virtust þeir Hrólfur Smári og Ólafur Bachmann vera undir áhrifum áfengis, en Ólafur öllu meira. Áfengisflaska hafi verið í framsætinu milli þeirra, en vitnið kvaðst ekki muna, hvort þeir supu úr flöskunni.

Svo sem fyrr er getið, voru þeir Hrólfur Smári og Ólafur Bachmann fluttir á handlækningadeild Landspítalans eftir slysið. Komið var með þá á spítalann kl. 1010 5. ágúst 1965. Í vottorði Hannesar Finnbogasonar læknis, dags. 15. október 1965, segir m. a. svo um ástand Hrólfs Smára við komu hans á handlækningadeildina: „Við komuna hingað er sjúkl. við fulla meðvitund, en greinilega undir áhrifum áfengis. Hann hafði ekki einkenni um lost. Við skoðun kom í ljós, að vinstri mjaðmarliður hafði gengið úr augnkarlinum. Auk þess hafði hann hlotið brot á fjórum rifjum vinstra megin og 10 cm langt sár til vinstri ofar-

lega á brjóstkassa. Þá hafði og greinilega skaddazt lungað, þar sem mikil blæðing var í brjóstholi vinstra megin".

Í vottorði sama læknis, dags. 15. október 1965, segir svo um ástand Ólafs Bachmanns við komu hans á handlækningadeildina: „Við komuna hingað á deildina var hann rólegur og dasaður. Kvartaði hann ekki um nein veruleg óþægindi, en var mjög þyrstur, og við fyrstu skoðun þóttu einkenni benda til þess, að hann væri líklega undir áhrifum áfengis. Svaraði þó öllu eðlilega, þegar við hann var rætt, og var samvinnuþýður. Hann hafði nokkur smásár á andliti. Voru þau öll grunn nema sár á neðri vör, en það sár var í gegnum vörina. Framtennur í neðri góm höfðu brotnað og ýtzt aftur á við. Þá hafði og brotnað úr framtönnum efri góms. Hann hafði og greinilega fengið heilahristing. Skömmu eftir komuna voru sárin saumuð og framtennur neðri góms réttar. Honum heilsaðist vel, sárin á andliti höfðust vel við, kvartaði hvorki um höfuðverk né svima, og fékk hann að fara af sjúkrahúsinu þ. 9. 8. Var ráðlögð hvíld frá vinnu næstu 3 vikurnar eftir útskrift".

Eigi verður séð af gögnum málsins, að blóðsýnishorn hafi verið tekin úr mönnunum til alkóhólrannsóknar.

Stefnandi sundurliðar dómkröfur sínar þannig:

1. Atvinnutjón	kr.	9.990.00
2. Læknishjálp	—	13.770.00
3. Fataskemmdir	—	2.500.00
4. Þjáninga- og lýtabætur	—	100.000.00
	Samtals kr.	125.260.00

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að stefndi hafi átt alla sök á slysinu með óvarlegum akstri undir áhrifum áfengis. Beri stefnanda því fébótaábyrgð samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins á slysi stefnda, sbr. 3. mgr. 69. gr. laga nr. 26 frá 1958. Kröfum sínum til frekari áréttingar bendir stefnandi á, að hann hafi verið það ölvaður, þegar hann settist upp í bifreið stefnda framangreindan morgun, að hann hafi ekki veitt því eftirtekt, að stefndi var þá undir áhrifum áfengis.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að atvik að umræddu slysi hafi verið þannig vaxin, að tjón stefnanda af völdum slyssins varði stefnda eigi bótaskyldu. Það sé að fullu leitt í ljós með þeim upplýsingum, sem áður hafa verið raktar hér í dóminum,

að stefndi hafi verið ófær um að aka bifreið sinni vegna undanfarandi neyzlu áfengis, svefnleysis, þreytu og sljóleika, sbr. 24. gr. og 25. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 1958. Megi rekja slysið beinlínis til þessa. Það framferði stefnda að aka bifreið svo algerlega vanhæfur til slíks, sem raun beri vitni um, hafi að sjálfsögðu verið mjög ámælisvert og hættulegt. Í þessu hafi stefnandi verið honum algerlega samsekur. Þeir hafi báðir verið í bifreiðinni, kvöldið áður en slysið varð, og tekið þátt í víndrykkjum með öðrum farþegum. Þegar stefnandi tók sér far með bifreiðinni nokkrum klukkustundum seinna, hafi hann vitað fullvel um augljóst vanhæfi stefnda til aksturs. Mótmælir stefndi því sérstaklega sem röngu, að stefnandi hafi eigi vitað um áfengisneyzlu stefnda, enda hljóti sú fullyrðing að vera borin fram gegn betri vitund, þar sem stefnandi hafi verið viðstaddur í bifreiðinni, er áfengisneyzlan í henni hófst fyrrgreint kvöld. Því sé borið við af hálfu stefnanda, að vegna ölvunar hafi dómgreind hans verið skert, og jafnframt sé því haldið fram, að stefndi hafi verið betur á sig kominn. Framangreind læknisvottorð svo og vætti mjólkurbílstjóranna tveggja, sem rakin hafa verið hér að framan, gefi þó gleggstan vitnisburð um þetta. Það sé því hvort tveggja staðreyndir í málinu, að stefnanda hafi verið fullkunnugt um vanhæfi stefnda til akusturs, er hann tók sér far með bifreiðinni í seinna skiptið, og að hann hafi haft næga dómgreind til þess að gera sér fulla grein fyrir þeirri miklu hættu, sem hann stofnaði sér í með því að gerast farþegi í bifreiðinni við þessar aðstæður.

Það geti því ekki farið á milli mála, að stefnandi hafi verið fullkomlega meðábyrgur fyrir tjóni sínu af völdum slyssins. Að svo vöxnu máli telur stefndi það vafalaust, að stefnandi eigi engan bótarétt á hendur stefnda vegna þess tjóns, er hann kunni að hafa beðið af völdum slyssins. Vísar stefndi hér um til 3. mgr. 67. gr. umferðarlaganna, enda sé hér um dæmigert tilvik að ræða, er falli undir bótalausnarákvæði þetta.

Stefndi bendir enn fremur á máli sínu til frekari stuðnings, að umferðarlögin leggi mjög víðtæka fébótaábyrgð á bifreiðaeigendur. Að baki þeirrar ábyrgðar sé tryggingarskylda, sem ætlað sé að tryggja, að tjónþoli fái fullnustu bótaréttar síns. Tilgangurinn með þessum ströngu reglum, sem lengi hafi verið við lýði í löggjöf, sé að tryggja sem bezt hagsmuni þriðja manns og grundvallist á þeirri hættu, sem ávallt hafi verið talin samfara notum bifreiða. Þegar þriðji maður hins vegar vísvitandi og af fúsum vilja, svo sem stefnandi þessa máls, stofni öryggi sínu í bráða og

yfirvofandi hættu með því að vera farþegi í bifreið við þess konar aðstæður og hér um ræðir og gerist þá jafnframt hlutdeildarmaður í alvarlegu broti bifreiðarstjórans, þá hljóti hann þar með að fyrirgera að öllu þeim hlunnindum, sem felist í hinum víðtæku bótareglum umferðarlaganna. Ástæðurnar, sem liggi til grundvallar hinni ríku bótaábyrgð, séu þá eigi lengur fyrir hendi. Þessi niðurstaða sé ekki aðeins í samræmi við lagabókstafinn, heldur sé hún einnig í fullu samræmi við tilgang og rök laganna, sanngirnissjónarmið og réttarvitund.

Samkvæmt áðurgreindum vitnisburðum mjólkurbílstjóranna, Garðars Bergendals Bjarnasonar og Magnúsar Kristjánssonar, svo og læknisvottorði Hannesar Finnbogasonar verður að telja sannað, að stefndi hafi verið undir áhrifum áfengis, er framangreint slys vildi til. Þykir mega rekja orsakir slyssins til gálauslegs aksturs stefnda undir þessum kringumstæðum.

Stefnandi vissi, að stefndi hafði tekið þátt í víndrykkjunni nóttina fyrir slysið. Stefnandi mátti því gera ráð fyrir, að stefndi væri óhæfur til að aka bifreið árla morguninn eftir. Úr því að stefnandi allt að einu settist af frjálsum vilja upp í bifreið stefnda við þessar aðstæður, gerði hann það á eigin ábættu og hefur með því fyrirgert rétti sínum til bóta. Það breytir eigi þessari niðurstöðu, þótt dómgreind stefnanda kunni í umrætt sinn að hafa verið skert sakir ölvunar.

Úrslit málsins verða því þau, að sýkna ber stefnda af dómkröfum stefnanda, en eftir atvikum öllum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hrólfur Smári Jónasson, á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Haralds Bachmanns f. h. ófjárráða sonar síns, Ólafs Bachmanns Haraldssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 21. febrúar 1969.

Nr. 153/1968. **Trygging h/f**
(Kristján Eiríksson hrl.)
gegn
Síldarútvegsnefnd f. h. Guðrúnar Gunnars
(Benedikt Blöndal hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Slysatrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. september 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s. m., krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar hér fyrir dómi úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 100.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Áfrýjandi, Trygging h/f, greiði stefnda, Síldarútvegsnefnd f. h. Guðrúnar Gunnars, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 100.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. maí 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 19. f. m., hefur Síldarútvegsnefnd höfðað vegna frú Guðrúnar Gunnars, Kleppsvegi 46 hér í borg, með stefnu, útgefinni hinn 22. marz 1965, á hendur Tryggingu h/f hér í borg til greiðslu tryggingarfjár að fjárhæð kr. 1.000.000.00 auk 7.5% ársvaxta frá 25. júlí 1964 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins. Við munnlegan flutning

málsins var þess krafizt, að stefnda verði gert að greiða 7½% ársvexti frá 24. júlí 1964 til 31. desember 1965 og 8½% ársvexti frá 1. janúar 1966 til greiðsludags.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Síldarútvegsnefnd hafði frá því á árinu 1954 keypt hjá stefnda slysatryggingu fyrir sig og starfsmenn sína. Hafði Síldarútvegsnefnd boðið tryggingu þessa út og síðan tekið tilboði stefnda. Hinn 10. marz 1964 gaf stefndi út tryggingarskírteini til endurnýjunar fyrra skírteini um þessa tryggingu. Samkvæmt hinu nýja skírteini skyldi tryggingin gilda frá 25. marz 1964 til 24. marz 1965 að báðum dögum meðtöldum. Var trygging þessi tekin fyrir nefndarmenn Síldarútvegsnefndar og starfsmenn hennar. Voru nöfn einstaklinga þeirra, sem tryggðir voru samkvæmt þessu, skráð á skírteinið. Var heildartryggingarfjárhæðin samkvæmt skírteininu ákveðin kr. 20.000.000.00 og þar af fyrir dauðaslys kr. 1.000.000.00 fyrir hvern mann. Í meginmáli skírteinisins er þess getið, að tryggingin nemi allt að kr. 1.000.000.00 fyrir hvert dauðaslys. Samkvæmt sérstökum ákvæðum skírteinisins skyldi tryggingin gilda sem persónuleg trygging fyrir sérhvern þeirra manna, sem þar voru skráðir, hvort heldur þeir yrðu fyrir slysi við störf í þágu Síldarútvegsnefndar eða við aðrar aðstæður, og reiknast allt að kr. 500.000.00. Í hinum almennu skilmálum tryggingarskírteinisins er svofellt ákvæði um áhættur þær, sem stefndi hafði undanskilið ábyrgð sinni:

„UNDANSKILDAR ÁHÆTTUR: Félagið greiðir ekki bætur fyrir slys, sem stafa af:

a) sjúkdómum (sjá nánar 1. gr.) og læknisaðgerðum, nema þær séu framkvæmdar í því skyni að ráða bót á afleiðingum slyss.
b) þungun konu eða barnsburði.
c) persónulegri þátttöku tryggða í hernaðarátökum.
d) sjálfsmorði, tilraun til sjálfsmorðs, eða ef tryggði viljandi veldur sjálfum sér slysi eða áverka.
e) geðbilun eða við að fremja glæpi".

Sams konar fyrirvari hafði verið í tryggingarskírteinum þeim, sem gefin höfðu verið út um þessa tryggingu Síldarútvegsnefndar og gilt höfðu til 24. marz 1962. Síðasta tryggingarskírteinið á þessu tímabili hafði verið gefið út hinn 27. marz 1961, og hafði gildistími þess verið frá 25. marz 1961 til 24. marz 1962 að báðum

dögum meðtöldum. Hinn 12. marz 1963 hafði stefndi gefið út tryggingarskírteini um tryggingu þessa, og skyldi það gilda frá 25. marz 1963 til 24. marz 1964 að báðum dögum meðtöldum. Í hinum almennu skilmálum skírteinis þessa var svofellt ákvæði um áhættur þær, sem stefndi undanskildi ábyrgð sinni:

„UNDANSKILDAR ÁHÆTTUR: Félagið greiðir ekki bætur fyrir slys, sem stafa af:

a) sjúkdómum (sjá nánar 1. gr.) og læknisaðgerðum, nema þær séu framkvæmdar í því skyni að ráða bót á afleiðingum slyss.
b) þungun konu eða barnsburði.
c) persónulegri þátttöku tryggða í hernaðarátökum.
d) sjálfsmorði, tilraun til sjálfsmorðs, eða valdi tryggði sjálfum sér af ásettu ráði eða stórkostlegu gáleysi dauða eða áverka.
e) geðbilun eða við að fremja glæpi".

Gísli Jóhannsson, eiginmaður frú Guðrúnar Gunnars, hafði um árabil verið starfsmaður Síldarútvegsnefndar, og er hann skráður starfsmaður nefndarinnar á framangreindum tryggingarskírteinum og því einn hinna tryggðu.

Síðdegis föstudaginn 24. júlí 1964 fór Gísli til veiða í Ölfusá. Keypti hann þar veiðileyfi um kvöldið þann sama dag. Var Gísla saknað næsta morgun, og var leit hafin að honum skömmu síðar. Um kl. 1800 sunnudaginn 26. júlí fundu leitarmenn lík Gísla í Ölfusá. Eiginkona Gísla heitins kveður hann hafa farið til vinnu sinnar á venjulegum tíma um morguninn hinn 24. júlí, eða um kl. 0900. Er hann kom heim um hádegið, kveður hún hann hafa skýrt sér frá því, að hann væri að hugsa um að fara austur að Ölfusá til veiða síðari hluta dagsins eða um kvöldið. Kveður hún hann síðan hafa farið til vinnu sinnar um kl. 1300. Um kl. 1500 kveður hún Gísla hafa hringt heim. Hann hafi þá verið ákveðinn í að fara í veiðiferðina og beðið sig um að taka til nesti og fatnað. Milli kl. 1700 og 1800 kveður Guðrún Gísla hafa komið heim, haft fataskipti og tekið veiðiáhöld sín. Kveður hún hann hafa gert ráð fyrir að koma heim milli kl. 2300 og 2400. Guðrún kveðst alls ekki hafa getað merkt áfengisáhrif á Gísla þennan dag og kveðst aldrei hafa samþykkt, að hann færi þessa ferð, ef hún hefði haft grun um slíkt. Guðrún kveður Gísla hafa stundað nokkuð veiðar og hafi hann m. a. farið alloft austur að Ölfusá til veiða.

Við rannsókn þá, sem lögreglan á Selfossi framkvæmdi út af hvarfi Gísla, kom fram, að Jörundur Brynjólfsson, bóndi í Kald-

aðarnesi, hefði um morguninn hinn 25. júlí tilkynnt lögreglunni, að hann óttaðist, að Gísli hefði drukkað í Ölfusá sunnan við Kaldaðarnes. Nánar skýrði Jörundur svo frá við rannsókn þessa, að hann leigði út veiði í Ölfusá fyrir landi Kaldaðarness. Föstudagskvöldið 24. júlí milli kl. 1900 og 2000 hefði Gísli Jóhannsson komið einn í bifreiðinni R 12525 og fengið hjá sér veiðileyfi. Taldi Jörundur ekkert hafa verið athugavert við Gísla og kvaðst alls ekki hafa greint nein einkenni um áfengisneyzlu hjá honum. Um kl. 2100 um kvöldið kvaðst Jörundur hafa selt tveimur mönnum veiðileyfi, sem komið hafi þarna í bifreiðinni R 1224, hafi það verið tæplega miðaldra maður og unglingspiltur með honum. Þeir hafi ætlað að stunda veiðar daginn eftir og hafi þeir tjaldað um nóttina. Ekki kvað Jörundur sér hafa verið kunnugt um aðra þarna niður frá um nóttina. Jörundur kvað eiginkonu Gísla hafa hringt í sig um kl. 0900 á laugardagsmorguninn og hafi hún verið farin að undrast um Gísla, þar eð ætlun hans hafi verið að koma heim um nóttina. Kvaðst Jörundur hafa farið að svipast um eftir Gísla og kvaðst hafa fundið bifreið hans, R 12525, niðri undir svonefndu Straumnesi og veiðitösku hans opna á árbakkanum, en engin merki um það, hvað af Gísla hafði orðið. Jörundur kvað næsta mann, sem hann seldi veiðileyfi, hafa ekið fram á veiðisvæðið, skömmu áður en hann fór að huga að Gísla.

Löggæzlumenn fóru á vettvang, og leiddi rannsókn þeirra eftirfarandi í ljós: Allgreiðfært var suður Ölfusárbakkann frá Kaldaðarnesi nokkra kílómetra suður fyrir bæinn. Bifreiðinni R 12525 hafði verið ekið eins langt og hægt var á slíkri bifreið. Um 100 m sunnan við bifreiðina var veiðitaska Gísla opin á árbakkanum og maðkadós hjá. Löggæzlumennirnir kveða stað þennan nefndan Straumnes, enda liggi stríður strengur árinnar þar við bakkann. Nokkrum metrum sunnan við þann stað, er taskan fannst, er efsti afrennslisskurður Flóaáveitunnar. Ekki sáu lögreglumennirnir nein merki, sem bent gætu til afdrifa Gísla. Höfðu þeir nú tal af mönnum þeim, sem voru við veiðar þarna við ána. Maður sá og piltur, sem áður eru greindir, höfðu tjaldað um 500 m norðan við bifreiðina R 12525. Kváðust þeir hafa komið þarna að ánni á föstudagskvöldið milli kl. 2100 og 2200, en gátu ekki gefið frekari upplýsingar. Maður, er þarna var við veiðar milli bifreiðarinnar R 12525 og fyrrgreindra manna, kvaðst hafa komið þarna um kl. 0830 á laugardagsmorguninn. Hann gat heldur engar upplýsingar gefið. Fáeinir veiðimenn voru allmiklu ofar

við ána en þeir, sem hér hefur verið getið. Höfðu löggæzlumennirnir ekki tal af þeim. Var nú hafin leit. Fannst þá húfa, sem talin var vera húfa Gísla, rekin við bakka árinnar nokkru neðan við Straumnes. Skammt þar frá fannst whiskyflaska í viki á árbakkanum, og var í henni rúmlega ¼ af innihaldi. Á sunnudaginn var leit haldið áfram. Um kl. 1800 þann dag fannst svo lík Gísla í álnum 200 m neðan við veiðitöskuna, en um 100 m neðan við flöskuna.

Níels Dungal prófessor framkvæmdi krufningu á líki Gísla heitins. Í skýrslu prófessorsins af því tilefni segir m. a. svo:

„... Líkið kemur hingað í öllum fötum, sem eru rennandi blaut. Það er fært úr fötunum, og sést ekkert sérstaklega athugavert við þau. Undir fötunum, milli þeirra og húðarinnar, var töluvert af sandi og einnig dálítið af slýi. ...

Brjóst og kviðarhol opnað: Vinstra lunga var dálítið vaxið við ofanverðan framanverðan brjóstvegginn og einnig vaxið dálítið við pericardium. Hægra lunga var fastvaxið í toppnum og einnig aftur við hrygg á parti í neðstu löbus. Enginn vökvi var í brjóstholinu.

Hjartað vó 450 gr. Gollurshúsblöðin voru fastvaxin saman, en ekki þó fastara en svo, að unnt væri að losa þau í sundur, og sáust greinilega merki þess, að þarna hafði verið fibrinsbólga, og rifnuðu fibrintægjurnar í sundur, þegar gollurshúsið var flegið frá hjartanu. Þegar vinstri ventriculus var opnaður, sást, að hann var þykkur, allt að 2 cm á þykkt, rauðbrúnn og ekkert flekkóttur, elastiskur. Ekkert athugavert við endacardium eða lokur. Þegar kransæðarnar voru klipptar upp, fannst töluverður vottur af athercmatosis í vinstri kransæð, sérstaklega ramus descendens, en einnig dálítið í umfeðmingsgreininni og í hægri kransæð. Hvergi voru þó nein þrengsli. Á einum stað um 7 cm frá upptökum á v. kransæð, ramus descendens, fannst athermon blettur, sem þrengdi þó dálítið af æðinni þar. Þegar hjartað var athugað að utan, sást, að atriumveggirnir voru dálítið þykknaðir af fibrinexudati, sem var utan á hjartanu, en annars var hjartað allt dálítið tægjótt eftir samvextina.

Hægra lunga vó 1060 gr. og vinstra lunga 860 gr. Bæði lungu voru svipuð að útliti: Bæði mjög stór og fyrirferðarmikil, en elastisk og þung. Hvergi sást interstitiellt emphysem á lungunum, sem voru frekar ljósrauðbláleit á litinn, sums staðar bleik eða bleikbláflekkótt. Á gegnskurði voru lungun mjög vökvamikil, og freyddi úr þeim, þegar í var skorið, en hvergi fannst nein con-

solidation. Í hægra lungnatoppi fannst ysting, sem var á stærð við rúsínu, og var það frekar linur ostur, sem ekkert kalk fannst í, en þessi ostur var í holu, sem var klædd sléttum gráleitum vegg, og fyllti osturinn alveg út í holuna. Ekki sáust annars staðar neinar slíkar breytingar. Ekki fundust neinar breytingar í hilus-eitlum lungnanna. ...

Hálslíffæri: Þegar brjóstholið var opnað fundust töluverðar blæðingar í umsculus pectoralis bæði vinstra og hægra megin, en þó meira hægra megin. Í hægra musculus sternocleidomastoideus fundust einnig töluverðar blæðingar, og í vöðvunum framan á hálsinum, sérstaklega fyrir ofan glandulae thyreoideus, fundust einnig blæðingar, aðallega í musculus hyo-thyreoideus, sem liggur utan á skjaldarbrjóskinu.

Í munninum sást áberandi mikill lymphatiskur vefur á tungurótinni, og tonsillurnar voru stórar. Á hálsinum fundust greinilega leifar af thymus, ca. 20 gr. á þyngd. ...

Kviðarhol: Enginn vökvi í peritoneum, sem var spegilslétt. Í maganum var mikið af vatnskenndu, þunnu innihaldi, og virðist greinilegt, að maðurinn hafi drukkið töluvert vatn. Magaslímhúðin var fellingarík og eðlileg, bleik á litinn, ekkert sérlega blóðrík.

Í görnunum fannst slímhúðin blóðhlaupin, og úr því fór að nálgast valvula ilecoecalis og þar fyrir ofan á um meters löngu svæði var slímhúðin öll dökkrauðleit og innihaldið allt blóðlitað. Í efri hluta garnanna, í jejunum sást ekkert áberandi athugavert. Í colon sást ekkert áberandi athugavert. ...

Þvagblaðran var tóm, slímhúðin bleik, en eðlileg. ...

Þegar kviðarholið var opnað, fannst greinilegur vottur af alcohollykt upp úr líkinu.

Heilabúið opnað: Ekkert athugavert við höfuðsvörð eða höfuðbein. Ekkert að sjá á heilabastinu. Heili var tekinn út og vó 1580 gr. Ekkert sást athugavert við heilaæðarnar á basis. Enginn conus var á litla heilanum. Þegar heilinn var skorinn í sundur fannst hvergi neitt áberandi athugavert við hann.

Alcohol í blóði: 2.4‰.

ÁLYKTUN: Við krufninguna fundust greinileg einkenni þess, að maðurinn hefur komið lifandi í vatnið og drukknað. Auk þess fundust blæðingar í brjóstvöðvum báðum megin og einnig í hálsvöðvum, sem gæti bent til þess, að hann hafi lent í einhverri viðureign, áður en hann dó. Maðurinn hefur verið mjög ölvaður, er hann lézt".

Í dánarvottorði því, sem prófessorinn gaf, er dánarorsök tilgreind „Submersio“, þ. e. drukknun, og undanfarandi orsök „Alchoholismus acutus (2.4‰ í blóði)“, þ. e. bráð alchoholeitrun. Í þeim hluta vottorðsins, þar sem gera skal nánari grein fyrir slysfaradauða, er síðan þetta skráð: „Fannst á botni Ölfusár, daginn eftir að hann hafði verið að veiða þar. Greinileg drukknunareinkenni“. Í dánarvottorðinu er dánardægur skráð 25. júlí 1964.

Í framhaldi af þessu var að frumkvæði lögmanns stefnanda aflað frekari upplýsinga um rannsókn á alkóhólmagni í blóði Gísla heitins. Í svari dr. med. Ólafs Bjarnasonar, yfirlæknis í Rannsóknarstofu Háskólans, við fyrirspurn lögmannsins kemur fram, að blóð til rannsóknar alkóhólmagnsins hafi verið hjartablóð og hafi rannsókn á vínandamagninu verið gerð í Rannsóknarstofu Jóns Steffensens, en ekki verði séð af krufningarskýrslunni, að efnainnihald í maga hafi verið rannsakað. Varðandi þá spurningu lögmannsins, ef miðað sé við það, að Gísli heitinn hafi drukknað kl. 2150 hinn 24. júlí 1964 og líkið hafi legið í vatni til kl. 1800 hinn 27. júlí s. á., hvort talið sé, að slíkt hafi áhrif á vínandamagn í blóði, tók yfirlæknirinn fram, að æskilegt væri að fá úrskurð dómkvaddra manna eða Læknaráðs um það efni. Sem svar við frekari fyrirspurn lögmanns stefnanda um blóðsýnishorn það, sem notað var til ákvörðunar vínandamagns í blóði Gísla heitins, skýrir dr. med. Ólafur Bjarnason svo frá í bréfi, dags. 3. júní 1965:

„... Samkvæmt venju mun blóðmagn það, sem tekið var og sent, hafa verið um 35 ml. Blóðið var sent í glasi, sem merkt var: Section 225/64.

Vottorð um greinda rannsókn er ekki fyrir hendi hér, en endurrit af niðurstöðum rannsóknarinnar ætti að vera unnt að fá í Rannsóknarstofu prófessors Jóns Steffensen.

Blóðið mun hafa verið sent í glerglasi með skrúfuðu loki. Umbúðirnar munu hafa verið þvegnar í sápuvatni og skolaðar í ómenguðu vatni og síðan þurrkaðar“.

Lögmaður stefnanda óskaði nú eftir, að prófessor Níels Dungal gerði frekari grein fyrir því, af hverju hann byggði þá skoðun sína, að orsakasamband hefði verið milli drukknunar og ölvunar Gísla heitins Jóhannssonar. Í svari prófessorsins við fyrirspurn þessari, dags. 1. september 1965, segir svo:

„... Maður, sem hefir 2.4‰ alkóhól í blóði sínu, er svo drukk-

inn, að hann stendur ekki öruggur á fótum sínum. Ef hann fer út í á í streymandi vatn, er honum miklu hættara við en öðrum að detta, sérstaklega ef hann veður djúpt, svo að mikill vatnsþungi hvíli á honum af straumnum. Þá er mjög hætt við, að drukkinn maður detti og geti ekki komið fótunum undir sig aftur, svo að hann drukknar. Þetta virðist hafa gerzt, er Gísli fór út í ána eftir að hafa drukkið flösku af brennivíni. Þannig hefir vafalaust verið samband hjá honum á milli ölvunar og drukknunar ...".

Lögmaður stefnanda óskaði nú eftir upplýsingum frá Rannsóknarstofu prófessors Jóns Steffensens um meðferð hennar á blóðsýnishorni frá Rannsóknarstofu Háskólans, merktu „Section 255/1964". Í svari forstöðumanns rannsóknarstofunnar, prófessors Jóns Steffensens, dags. 18. júní 1965, segir m. a. svo:

„... Rannsókn á blóði merktu „section 255/1964" var gerð á rannsóknarstofu próf. Jóns Steffensen 28/7 '64 af mér undirrituðum.

Rannsóknarniðurstaðan mun samkvæmt venju liggja með málsskjölunum, og mun yður sem sakaraðila frjáls aðgangur að henni þar. Ef svo skyldi vilja til, að svarið hafi glatazt, þá vil ég taka fram, að í umræddu blóði fundust reducerandi efni, er samsvara 2.40‰ af alkóhóli. Tvær rannsóknir voru gerðar á blóðinu, og kom út úr þeim 2.44‰ og 2.37‰.

Blóðsýnishorni, magni þess og umbúnaði, er því aðeins nánar lýst í svari og plöggum rannsóknarstofunnar, að því hafi verið í einhverju áfátt, t. d. ónóg blóð til rannsóknarinnar eða umbúnaður þannig, að hugsast gæti, að hann hafi haft áhrif á rannsóknarniðurstöðu, tappi lekur, glas óhreint, annarleg lykt af blóðinu o. þ. u. l. Við blóðsýnishorn merkt „section 255/1964" er engin athugasemd gerð í bók rannsóknarstofunnar, sem táknar, að því hafi ekki verið áfátt í ofangreindum atriðum".

Í bréfi til lögmannsins, dags. hinn 3. september 1965, gerði prófessor Jón Steffensen nánari grein fyrir rannsóknaraðferð þeirri, sem beitt hafði verið til að ákvarða vínandamagn blóðsýnishornsins. Segir þar m. a. svo:

„... Vegna þess að þér talið enn um rannsóknaraðferðir, vil ég taka það fram, að aðeins er um eina aðferð að ræða, sem rannsóknarstofan notar við áfengismagnsmælingar og sem notuð var við blóðsýnishorn merkt „section 255/1964".

Aðferðin byggist á hæfileika alkóhóls til að reducera kalium

dikromat á sterkari brennisteinssýru upplausn (0.214K_2 Cr_2 07 er leyst upp í 1 ml. H_20 dest. og síðan þynnt upp í 100 ml. með H_2S0_4 cone.).

Oxyderandi máttur þessarar upplausnar er mældur með 0,0IN-natrium thiosulfat upplausn, þannig að 3 ml. af kromatupplausninni er þynnt með um 25 ml. af vatni, síðan er bætt í 1 ml. af 10% kalium jodid upplausn, og myndast þá frítt joð svarandi til oxydations getu dikromatsins. Magn fría joðsins er fundið með 0,0IN-natrium thiosulfat titration og sterkju upplausn notuð sem indikator.

Alkóhólmælingin fer fram á þann hátt, að á botninn á víðu tilraunaglasi er látinn uppvafningur úr filterpappír og hann síðan látinn drekka í sig ½ ml. af blóðinu, sem á að rannsaka. Ofan á uppvafninginn er nú látið smáglas með 3 ml. af dikromat upplausn í, og því næst er tilraunaglasinu vandlega lokað með gúmmítappa. Annað tilraunaglas er útbúið á sama hátt, nema í stað blóðsins er látinn ½ ml. af aq.d. í filterpappírinn, og er þetta nefnd blindprufa. Bæði tilraunaglösin eru síðan höfð í sjóðandi vatnsbaði í eina klukkustund til þess að eima rokgjörn efni eins og alkóhól yfir í dikromat upplausnina, sem þá reducerast að því skapi sem alkóhólið er mikið, en oxyderandi máttur hennar þverrar tilsvarandi. Hve miklu það nemur, er mælt með thiosulfat titration á dikromat upplausnunum úr báðum tilraunaglösunum á þann hátt, sem að ofan er lýst, og draga titrationstölu blóðsins frá gildi blindprufunnar.

Með því að rannsaka alkóhólupplausnir af þekktum styrkleika, hefur fundizt, að ½ ml. af 1‰ upplausn reducerar dikromat upplausnina, sem samsvarar 4.36 ml. af 0.0IN-natrium thiosulfat upplausn, og út frá því er reiknað út, hve mikið alkóhólmagn hafi verið í blóðinu.

Að lokum vil ég vekja athygli á því, að aðferð sú, er hér hefur verið lýst, mælir ekki eingöngu alkóhólið í blóðinu, heldur heildarmagn rokgjarnra, reducerandi efna í því. Í blóði heilbrigðra manna er aðeins óverulegt magn af rokgjörnum, reducerandi efnum (um 0.3‰), sem enga raunhæfa þýðingu hafa fyrir ölvunarmál, en við nokkra sjúkdóma, s. s. sykursýki og lifrarskemmdir, geta reducerandi efni aukizt svo mjög í blóðinu, að þau hafi verulega þýðingu fyrir mat á alkóhólmagni í því".

Hinn 8. apríl 1965 dómkvaddi yfirborgardómarinn í Reykjavík að beiðni lögmanns stefnda matsmenn til að taka afstöðu til eftirfarandi spurninga:

„a. Er það réttmæt ályktun af hendi lögmanns sóknaraðila, að áfengismagn það, 2,4 pro mille, er um getur í fyrrgreindri krufningarskýrslu Níelsar Dungals, verði dregin í efa.

b. Er það réttmæt ályktun, að blóð tekið úr líki, er legið hefur í vatni í ca. 3 sólarhringa, gefi aðra svörun við reducerandi efnum en blóð tekið úr lifandi manni? Ef svo er, hver er þá munurinn?

c. Ef höfð er í huga fyrrgreind ályktun prófessors Dungals, að maðurinn hafi verið mjög ölvaður, er hann lézt, hvað er þá sennilegasta áfengismagn í blóði hans á dánardægri, ef það skyldi reynast rétt, að blóð tekið úr líki og lifandi manni gefi aðra svörun við reducerandi efnum en blóð tekið úr lifandi manni?

d. Er það réttmæt ályktun af hendi lögmanns sóknaraðila frá sjónarmið læknisfræðinnar, ef höfð er í huga krufningarskýrsla prófessors Dungals, að eigi hafi verið um að ræða undanfarandi áfengisneyzlu af hendi Gísla heitins, er hann drukknaði?"

Hinir dómkvöddu matsmenn, Davíð Davíðsson prófessor og Þorkell Jóhannesson læknir, skiluðu sameiginlegri matsgerð og einnig hvor fyrir sig séráliti. Er matsgerð og sérálit matsmannanna, dags. 22. marz 1966, svohljóðandi:

„Etýlalkóhól er reducerandi efni, og er sá eiginleiki oft nýttur til þess að ákvarða magn þess í blóði eða þvagi. Aðferð þessi er venjulega kennd við Widmark. Geta má þó í þessu sambandi, að til er önnur og sérhæfðari aðferð til ákvörðunar á etýlalkóhóli en aðferð Widmarks. Er það svokölluð alkóhóldehydrógenasa-aðferð, sem oftast er nefnd ADH-aðferð. Hefur sú aðferð verulega kosti umfram aðferð Widmarks.

Etýlalkóhól er rokgjarnt efni. Með aðferð Widmarks má þannig ákvarða önnur rokgjörn, reducerandi efni sem etýlalkóhól væri. Þessi efni geta því eðlilega truflað ákvarðanir á etýlalkóhóli. Slík efni geta myndazt *in vivo* í líkama manna með sykursýki eða fyrir eituráhrif vissra efna, t. d. metýlalkóhóls og metýlklóríds. Metýlalkóhól sjálft getur einnig truflað ákvarðanir á etýlalkóhóli. Í þessu sambandi má geta, að samkvæmt Stolman and Stewart (Toxicology, vol. II p. 126, Academic Press, 1961) veldur jafnvel sykursýki á mjög háu stigi (acetonemi) hverfandi litlum truflunum á etýlalkóhólákvörðunum í blóði.

Líkami manna rotnar eftir dauðann. Ýmsir gerlar valda rotnuninni. Rotnun á sér stað bæði þar, sem loft leikur um (erób rotnun), og eins þar, sem loft er ekki til staðar (anerób rotnun). Rotnun er háð ytra hitastigi. Reynslan staðfestir óvefengjanlega,

að rotnun er mjög lítil fyrstu dagana eftir andlás, ef lík eru geymd við + 4° C.

Hinn látni lá, að því er virðist, í mesta lagi 3 daga í vatni, sem að mestu leyti er jökulvatn. Var þetta að sumarlagi og því erfitt að áætla hitastig vatnsins. Ef að líkum lætur, sbr. meðallofthita á sumrum og hinn stutta tíma, er hinn látni lá í vatninu, hefur hann ekki verið rotinn að marki, er blóð var tekið við krufninguna. Um þetta atriði skortir þó nánari upplýsingar.

Enda þótt hinn látni hafi ekki neytt áfengra drykkja í lifanda lífi, girðir það ekki fyrir, að etýlalkóhól geti fundizt í litlu magni í líkama hans. Vafalítið má skýra þetta fyrirbæri á þann veg, að etýlalkóhól myndist í vefjunum við rotnun eftir andlát, enda virðist magnið þá standa í hlutfalli við rotnunina. Þannig myndast mjög lítið etýlalkóhól í blóði, sem geymt er í opnum glösum í kæliskáp við venjulegt hitastig (ca. + 4° C.). Ætla má, að etýlalkóhól hafi verið ákvarðað fljótlega í blóði hins látna, eftir að hann var krufinn. Engar upplýsingar er þó að finna um þetta atriði í meðfylgjandi gögnum né heldur um geymslu blóðsýnisins. Enn skortir heimildir um það, hve margar ákvarðanir voru gerðar eða hver var meðalskekkja á tölugildum ákvarðananna (standard error of the mean).

Ef maður hefur neytt etýlalkóhóls skömmu fyrir dauða sinn, eru við venjulegar aðstæður líkur til þess, að etýlalkóhólmagnið í vefjunum minnki eftir dauðann. Virðist minnkunin vera háð eróbri rotnun. Þannig breytist alkóhólmagnið mjög lítið við + 4° fyrstu 7 dagana eftir andlát, en lækkar verulega við stofuhita (ca. + 22° C.) á sama tímabili (um helming eða meira). Hins vegar virðist nefnd þverrun ekki verða að sama marki í vefjum drukkinna manna, er drukknað hafa og lengi legið á kafi í vatni eða sjó. Í slíkum tilfellum virðist svo sem etýlalkóhólmagnið sé með ólíkindum mikið í vefjum hinna látnu, og er þá vitanlega miðað við sem sannastar upplýsingar um áfengisneyzlu hinna drukknuðu í lifanda lífi. Engum getur þó dulizt, að slíkar upplýsingar eru oft ónákvæmar. Í þessu sambandi má ennfremur geta þess, að sennilega myndast mun meira etýlalkóhól við aneróba rotnun undir vatni en við eróba rotnun. Því fer þó fjarri, að þetta atriði sé nægilega rannsakað, né heldur hitt, hvern þátt önnur rokgjörn reducerandi efni, er myndast *post mortem* við rotnun, kunna að eiga í alkóhólákvörðunum með aðferð Widmarks.

Hinn látni hefur, ef að líkum lætur, ekki verið rotinn að marki,

er hann var krufinn (sbr. að framan). Líffæri manna rotna þó misfljótt, og er talið, að heilinn rotni síðast allra líffæra. Í tilfellum sem þessum ber því að ákvarða etýlalkóhól í heila, og jafnvel í fleiri líffærum, og bera saman við niðurstöðutölur ákvarðana á etýlalkóhóli í blóði og þvagi (sjá síðar). Sé þetta gert, og einungis þannig, má gera sér grein fyrir því, hvort og hversu mikils magns hinir látnu kunni að hafa neytt og hver áhrif breytingar *post mortem* kunni að hafa haft á ákvarðanir etýlalkóhóls.

Við mat málsgagna ber að minnast þess, að etýlalkóhólmagnið í blóði hins látna var mikið (2.4‰). Í þessu sambandi ber að geta, að við klíniskt mat á 2438 mönnum (mest megnis ökumenn), er höfðu drukkið áfenga drykki, voru liðlega 90% þeirra, er höfðu 2.5‰ af etýlalkóhóli í blóði, taldir ölvaðir. Þessi rannsókn leiddi ennfremur í ljós, að 75% þeirra, er höfðu 1.5‰ af etýlalkóhóli í blóði, töldust ölvaðir. (Andresen, P. H.: Juristen 1939, 21. 577.).

Aðalheimild: T. A. Gonzales, M. Vance, M. Helpern & C. J. Umberger: Legal Medicine, Pathology & Toxicology.

Sérálit Davíðs Davíðssonar.

Með tilliti til framanskráðs og síðar getinnar heimildar, verður svar mit eftirfarandi:

Að, a. Já.

Að, b. Já. Ekki er hægt að segja fyrir um muninn.

Að, c. Að svo miklu leyti sem ályktun próf. Dungals er byggð á alkóhólákvörðun í blóði hins látna hlýt ég að draga hana í efa, sbr. (svar við a og b).

Að, d. Nei. Ég finn ekkert í krufningarskýrslu próf. Dungals, sem útilokar möguleika á undanfarandi áfengisneyslu af hendi Gísla heitins, er hann drukknaði.

Heimildir: Bonnichsen, Halström, Möller & Theorell: Acta pharmacologica et toxicologica 1953, 9 p. 352—361.

Sérálit Þorkels Jóhannessonar.

Sé tekið tillit til þess, hve mikið etýlalkóhól mældist í blóði, verður þannig að áliti undirritaðs að öllu jöfnu að teljast líklegt, að hinn látni hafi neytt áfengra drykkja í lifanda lífi og verið ölvaður, er hann lézt. Ógerlegt er þó að kveða nánar á um, eins og gögn málsins liggja fyrir, hve mikils magns hann kann að hafa neytt, þar eð etýlalkóhól var ekki ákvarðað í þvagi (útskilið etýlalkóhól) eða hver áhrif breytingar *post mortem* kunni að hafa haft á magn etýlalkóhóls í blóði og vefjum hins látna (sjá

að framan). Ólíklegt er þó, að breytingar *post mortem* hafi verið miklar, þar eð maðurinn lá stutt í vatninu (í mesta lagi 3 sólarhringa). Þá er þess enn að gæta, að jafnvel þótt breytingar *post mortem* hafi verið svo miklar á þann veg, að innihald blóðsins mældist 1.0‰ meira en rétt væri, myndu líkur þó engu að síður styðja þá ályktun, að maðurinn hafi verið ölvaður, er hann lézt, sbr. niðurstöðutölur Andresens, er áður getur um".

Með úrskurði, uppkveðnum hinn 30. júní 1966, var málið lagt fyrir Læknaráð og óskað eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

„1. Fellst Læknaráð á ákvörðun Níelsar heitins Dungals prófessors í krufningarskýrslunni á dskj. nr. 6, þegar virt eru gögn málsins? Ef svo er ekki, óskast álit Læknaráðs á þeim atriðum, er þar greinir.
2. Fellst Læknaráð á ákvörðun Níelsar heitins Dungals prófessors á dánarvottorðinu á dskj. nr. 10, sbr. dskj. nr. 19 og 20, að því er varðar dánarorsakir, sérstaklega að því er varðar undanfarandi orsakir? Ef svo er ekki, óskast sérstök ákvörðun Læknaráðs.
3. Telur Læknaráð, að rannsóknir Jóns Steffensens prófessors samkvæmt dskj. nr. 22 og 23 á blóðsýnishorni því, er þar um ræðir, sýni örugglega innihald þess af vínanda (etýlalkóhóli)?
4. Fellst Læknaráð á álit Davíðs Davíðssonar prófessors, álit Þorkels Jóhannessonar læknis eða hvorugt? Ef Læknaráð fellst á hvorugt álit þessara, er óskað umsagnar Læknaráðs um atriði þau, er þar koma fram.
5. Telur Læknaráð, að við athugun á gögnum málsins verði fullyrt um, hvort Gísli heitinn Jóhannsson var ölvaður, er hann lézt, og ef svo verður talið, þá að hve miklu marki?
6. Álit Læknaráðs um önnur þau atriði, sem fram koma í skjölum málsins, er það telur hér máli skipta".

Ályktun Læknaráðs varðandi spurningar þessar er svohljóðandi:

„Ad. 1. Læknaráð fellst á þá ályktun prófessors Níelsar Dungal, að dánarorsök Gísla Jóhannssonar hafi verið drukknun, en telur, að ekki verði fullyrt um, hversu ölvaður hann hafi verið, er hann lézt.

Ad. 2. Með vísan til liðs 1 fellst læknaráð á, að dánarorsökin hafi verið drukknun. Hins vegar verður ekkert fullyrt um, hvort eða hve mikinn þátt ölvun Gísla heitins hafi átt í dauða hans.

Ad. 3. Eins og fram kemur í bréfi prófessors Jóns Steffensen, dagsettu 3. september 1965, mælir aðferð sú, er hann notar við ákvörðun alkóhóls í blóði, „ekki eingöngu alkóhólið í blóðinu, heldur heildarmagn rokgjarnra reducerandi efna í því“ — „en við nokkra sjúkdóma, svo sem sykursýki og lifrarskemmdir, geta reducerandi efni aukizt svo mjög í blóðinu, að þau hafi verulega þýðingu við mat á alkóhólmagni í því“. Í líkum, einkum þeim, sem legið hafa í vatni og farin eru að rotna, má einnig búast við auknu magni af reducerandi efnum.

Ad. 4. Læknaráð fellst á álit Þorkels Jóhannessonar læknis.

Ad. 5. Af gögnum málsins má ráða, að Gísli heitinn hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann lézt, sbr. hér að framan“.

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að samkvæmt vátryggingarsamningi Síldarútvegsnefndar og stefnda hafi Síldarútvegsnefnd keypt slysatryggingu fyrir nefndarmenn og starfsmenn nefndarinnar. Samkvæmt vátryggingarskírteini því, sem gefið var út í því sambandi af stefnda hinn 10. marz 1964 og gilti frá 25. marz 1964 til 24. marz 1965, hafi einn hinna tryggðu verið Gísli Jóhannsson. Hinn 24. júlí 1964 hafi Gísli látizt af slysförum og beri stefnda því að greiða hina umstefndu fjárhæð, sem sé tryggingarfjárhæð hvers einstaklings við dauðaslys. Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að skilmálar umrædds vátryggingarskírteinis séu með nokkuð öðrum hætti en venja sé um slíka skilmála hér á landi og tryggingarsvið tryggingar þessarar mun víðara en annarra tryggingafélaga. Hér sé hvorki undanþegið bótaskyldu stórkostlegt vítavert gáleysi hins tryggða né slys, sem verða, er tryggði er undir áhrifum eiturlyfja eða áfengis, svo sem gert sé í hinum almennu skilmálum fyrir slysatryggingar Sambands slysatryggenda. Því muni stefndi hafa safnað miklum slysatryggingum beint sökum þess, hve tryggingarsvið slysatrygginga hans var miklu víðara en flestra annarra tryggingafélaga. Er því haldið fram, að jafnvel þótt svo yrði litið á, að stefndi hefði breytt vátryggingarskilmálunum með skírteini því, sem út var gefið hinn 12. marz 1963, þá hafi að nýju verið horfið að hinum fyrri skilmálum með skírteini því, sem gefið var út hinn 10. marz 1964. Er því haldið fram í þessu sambandi, að ósannað sé með öllu, að um mistök hafi verið að ræða hjá fyrirsvarsmönnum eða starfsfólki stefnda við útgáfu þess skírteinis, enda sé fram komið, að þetta sé ekki eina skírteinið, sem gefið hafi verið út með þessum skilmálum á þessum tíma. Er því einnig haldið fram af hálfu stefnanda, að jafnvel þótt hér hafi

verið um að ræða mistök af hálfu fyrirsvarsmanna eða starfsmanna stefnda, þá verði stefndi að bera ábyrgð á þeim mistökum og sé hann því við skilmálana bundinn. Þá er því einnig mótmælt af hálfu stefnanda, að Gísli heitinn hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi, er hann lézt, eða hafi verið undir áhrifum áfengis, en jafnframt er því haldið fram, að jafnvel þótt svo væri, þá skipti það ekki máli, því að í skilmálum vátryggingarskírteinis þess, sem í gildi var, hafi stefndi ekki undanþegið sig bótaskyldu á tjónum við slíkar aðstæður. Er því og mótmælt af hálfu stefnanda, að Gísli heitinn hafi neytt áfengis í umrætt sinn og að hann hafi átt vínflösku þá, sem löggæzlumenn fundu. Er því mótmælt, að áfengismagn það, sem tilgreint er í krufningarskýrslunni, sé rétt.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að í máli þessu verði ekki byggt á skilmálum tryggingarskírteinis þess, sem út var gefið hinn 10. marz 1964, heldur beri að byggja á skilmálum skírteinis þess, sem út var gefið hinn 12. marz 1963, og þá beita fyrirvörum þeim, sem 4. gr. þeirra hefur að geyma. Er því haldið fram, að á stjórnarfundi stefnda hinn 28. júlí 1961 hafi skilyrðum fyrir slysatryggingarábyrgð stefnda verið breytt og svið hennar takmarkað frá því, sem áður var, í það horf, sem fram kemur á skírteini því, sem út var gefið hinn 12. marz 1963. Er á það bent, að í 17. gr. hinna almennu skilmála þess skírteinis sé þessa getið á eftirfarandi hátt: „Þessir skilmálar voru samþykktir á stjórnarfundi í Tryggingu h/f hinn 28. júlí 1961, og gilda fyrir öll slysatryggingarskírteini Tryggingar h/f, útgefin eftir þann dag, þar með talin framlengingarskírteini". Hins vegar hafi fyrirsvarsmönnum stefnda orðið á þau mistök við útgáfu tryggingarskírteinis til Síldarútvegsnefndar hinn 10. marz 1964 að nota gamalt eyðublað með tryggingarskilmálum, sem felldir höfðu verið úr gildi hinn 28. júlí 1961, en slík eyðublöð hafi fyrir löngu átt að vera búið að eyðileggja. Er því haldið fram, að hér hafi orðið veruleg mistök, sem eigi hafi verið uppgötvuð, fyrr en krafið var um bætur þær, sem fjallað er um í máli þessu, en þessi mistök beri stefndi fyrir sig. Í þessu sambandi er á það bent af hálfu stefnda, að fyrirsvarsmenn Síldarútvegsnefndar hafi áður verið búnir að fá í hendur tryggingarskírteini, þar sem stefndi hafi undanþegið sig ábyrgð, ef tryggði ylli sjálfum sér dauða eða áverka af stórkostlegu gáleysi. Því hafi fyrirsvarsmenn Síldarútvegsnefndar vitað eða mátt vita um þessi mistök fyrirsvarsmanna stefnda. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að

samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 7/1936 sé stefndi því eigi bundinn við þessi ákvæði skilmála tryggingarskírteinis þess, sem út var gefið hinn 10. marz 1964. Við munnlegan flutning málsins var á það bent, að einnig hafi í skírteininu orðið ósamræmi varðandi tryggingarfjárhæð hvers einstaklings, eins og hún er skráð í meginmáli skírteinisins, kr. 1.000.000.00, og í hinum sérstöku ákvæðum þess, kr. 500.000.00. Hljóti þetta að styðja þá niðurstöðu, að við útgáfu skírteinisins hinn 10. marz 1964 hafi starfsfólki stefnda orðið á mistök, sem hann sé ekki bundinn af.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi byggð á því, að dauðdaga Gísla heitins hafi borið að vegna stórfellds gáleysis hans sjálfs, en á slíkum verknaði hafi stefndi undanþegið sig ábyrgð samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið. Er því haldið fram í þessu sambandi, að Gísli hafi vegna undanfarandi bráðrar áfengiseitrunar eða ölæðis komið sér í það hættuástand, sem leitt hafi til drukknunar. Þá er því og haldið fram, að Gísli heitinn hafi af stórfelldu gáleysi látið hjá líða að gera þær ráðstafanir, sem sanngjarnt hafi verið að ætlazt til, að hann eftir atvikum gerði til þess að varna því, að vátryggingaratburðurinn gerðist, og því sé stefndi samkvæmt ákvæði 124. gr. laga nr. 20/1954 ekki bótaskyldur.

Eins og fram er komið, hafði stefndi slysatryggt starfsmenn Síldarútvegsnefndar allt frá því á árinu 1954. Hafði Síldarútvegsnefnd leitað tilboða í vátryggingu þessa og tilboð stefnda verið hagstæðast. Lögmenn aðilja lýstu því yfir við rekstur málsins, að bréfaskipti hafi farið fram milli Síldarútvegsnefndar og stefnda um þessi viðskipti, en eftir að þeir höfðu athugað bréfaskipti þessi, lýstu þeir yfir, að þau hefðu ekki að geyma neitt það, sem þýðingu hefði fyrir úrslit máls þessa. Það verður að fallast á það með stefnanda, að skilmálar þeir, sem gilt höfðu um tryggingu þessa og m. a. fylgdu skírteini því, sem út var gefið hinn 10. marz 1964, hafi verið viðtækari en skilmálar annarra tryggingafélaga. Má ætla, að það hafi m. a. átt þátt í því, að Síldarútvegsnefnd í upphafi tók tilboði stefnda. Það kom fram af hálfu stefnda við munnlegan flutning málsins, að ákvörðun stjórnar stefnda hinn 28. júlí 1961 um breytingar á tryggingarskilmálunum hafi ekki verið kynnt fyrirsvarsmönnum Síldarútvegsnefndar með sérstakri tilkynningu. Verður þó að telja, að það hafi fyrirsvarsmönnum stefnda borið að gera, þar sem ætlunin var að breyta þætti í tryggingarsamningi aðiljanna. Það er eigi komið fram, að fyrirsvarsmenn Síldarútvegsnefndar hafi haft ástæðu til

að kynna sér sérstaklega tryggingarskilmála þá, sem fylgdu tryggingarskírteinum þeim, sem út voru gefin eftir hinn 28. júlí 1961, enda máttu þeir ætla, að skilmálarnir væru óbreyttir frá því, sem áður var.

Það er fram komið, að fleiri tryggingarskírteini hafi verið gefin út af stefnda eftir umrædda samþykkt aðalfundarins hinn 28. júlí 1961, sem hafi haft að geyma sömu skilmála og þá, sem fylgdu skírteini því, sem gefið var út til Síldarútvegsnefndar hinn 10. marz 1964, m. a. annað skírteini til stefnanda, útgefið hinn 13. marz 1964. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, þykir ákvæði 1. mgr. 31. gr. laga nr. 7/1936 ekki verða beitt um útgáfu tryggingarskírteinis þess, sem út var gefið til Síldarútvegsnefndar hinn 10. marz 1964. Verður því að telja, að stefndi sé í vátryggingarsamningi sínum við Síldarútvegsnefnd bundinn við þá takmörkun áhættu sinnar, sem gerð var í 4. gr. þeirra skilmála og áður eru raktir. Þykir í því sambandi ekki skipta máli ósamræmi það, sem orðið hefur á skráningu tryggingarfjárhæðarinnar fyrir hvert dauðaslys í meginmáli skírteinisins og hinum sérstöku ákvæðum þess, enda er því út af fyrir sig ekki andmælt, að heildartryggingarfjárhæðin hafi numið kr. 20.000.000.00 fyrir 20 nefndarmenn Síldarútvegsnefndar og starfsmenn hennar, þar af fyrir hvert dauðaslys kr. 1.000.000.00.

Krufningarskýrsla prófessors Níelsar Dungals getur um sjúklegar breytingar á lungum og hjarta. Sjúk líffæri rotna fyrr en heilbrigð og gefa því frá sér meira af rokgjörnum reducerandi efnum. Þessi staðreynd og lýsing krufningarskýrslunnar á hjarta leiðir til þess, að búast má við auknu magni af rokgjörnum, reducerandi efnum í hjartablóði hins látna en ella hefði verið, einnig sökum diffusionar. Lýsingar á blæðingum í vöðvum og hálsi benda til þess, að hinn látni hafi lent í átökum. Næst hendi er að álíta, að þær stafi af átökum, sem hann hafi átt við straumþungann, eftir að hann féll í ána, enda eru engir áverkar á húð né skemmdir á fötum, sem stutt gætu þá ályktun, að þær væru af mannavöldum. Fagbækur í meinafræði og lyflækningum eru samhljóða um, að ekki séu fyrir hendi einhlítar meinafræðilegar breytingar, sem alltaf séu til staðar hjá þeim, sem deyja af langvarandi ofdrykkju. Séu þær fyrir hendi, eru þrjár helztar: Bjúgur í heila, bjúgur í lungum og bólga og aukin blóðsókn til maga og efri hluta smágirnis. Í krufningarskýrslunni er heila lýst eðlilegum. Lungun með tilliti til þessara breytinga eru ekki til umræðu vegna drukknunar. Breytingar á efri hluta meltingar-

færa eru eigi heldur fyrir hendi. Þvert á móti er aukin blóðsókn og blóðlitað innihald í neðri hluta smágirnis, og verður það ekki skýrt sem áhrif bráðrar alkóhóleitrunar, og er orsaka að leita annars staðar. Þessar staðreyndir styðja því ekki ályktunina um bráða alkóhóleitrun, en afsanna hana heldur ekki. Hið eina úr krufningarskýrslunni, sem styður keninguna um bráða alkóhóleitrun, er því það magn, sem fannst af rokgjörnum, reducerandi efnum í hjartablóði hins látna, þ. e. 2.4‰. Við rannsókn þá, sem fram fór út af hvarfi Gísla heitins, var ekki rannsakað, hvert var innihald flöskunnar, sem fannst á árbakkanum. Um stærð hennar er ekki getið, og ekki var það rannsakað, hvort Gísli hafi handleikið hana. Er það því ósannað, hvort hann hafi eða hafi ekki snert flöskuna, og engar líkur færðar fyrir því, hvort hann hafi eða hafi ekki neytt af innihaldi hennar. Enga ályktun er því hægt að draga af flöskunni um hugsanlega vínneyzlu Gísla.

Líkur benda til þess, að Gísli hafi drukknað í Ölfusá að kvöldi hins 24. júlí. Lík hans var slætt upp úr ánni laust fyrir kl. 1800 á sunnudegi 26. júlí (í skýrslu lögreglunnar stendur 27. júlí). Krufning var gerð á líkinu 27. júlí, á mánudegi, og þá tekið blóð úr hjarta og sent í alkóhólmælingu, sem gerð var 28. júlí. Í blóðinu mældust 2.4‰ af alkóhóli samkvæmt aðferð Widmarks.

Samkvæmt þessari mælingarniðurstöðu einni var ályktað, að Gísli hefði verið mjög ölvaður, þegar hann drukknaði.

Ölvun er metin ýmist með mælingu á alkóhólmagni í blóði eða með kliniskri skoðun. Við stjórn ökutækja, skipa, flugvéla o. s. frv. er mæling á alkóhólmagni í blóði höfð sem mælikvarði og einstaklingur talinn ölvaður, fari alkóhólmagn í blóði upp fyrir ákveðin mörk. Þessi mörk eru sett við það lágmark (0.5‰) alkóhóls í blóði, sem þarf til þess, að alkóhóláhrifa fari að gæta á akstursháefni, og við hámark (1.0‰ hérlendis, sums staðar erlendis 1.5‰), þar sem alkóhóláhrifa á hæfni gætir alltaf, enda þótt um verulegan áhrifamun geti verið að ræða milli einstaklinga. (Progress in Chemical Toxicology I bindi, 1963, Academic Press, New York, bls. 105—107, bls. 64—65).

Rannsóknir sýna, að klinisku mati á ölvun ber ekki í öllum tilfellum saman við niðurstöður alkóhólmælinga. Samkvæmt athugunum í Þýzkalandi á 450 einstaklingum, sem athugaðir voru við löggæzlu, kom í ljós, að af þeim voru 105 ekki ölvaðir við kliniska skoðun. Úr þeim hópi voru þó 35% með alkóhólmagn milli 1.1 og 1.8‰, 12% með alkóhólmagn milli 1.9 og 2.5‰, og 2% höfðu meira en 2.5‰ alkóhól í blóði. (Handbuch der ge-

samten Arbeitsmedicin I. bindi, 1961, Urban & Schwarzenberg, München, bls. 533). Einnig kom í ljós, að af 35 mönnum, sem við kliniska skoðun voru allir taldir vera mjög ölvaðir, reyndust 6% hafa undir 1‰ af alkóhóli í blóði. Ber þessum rannsóknum saman við aðrar sams konar rannsóknir sem og í dskj. nr. 25, matsgerð Davíðs Davíðssonar prófessors og dr. med. Þorkels Jóhannessonar. Af þessu verður að ályktа, að það sé mjög varhugavert að dæma um ölvun einstaklings, sé ekkert vitað um hann nema alkóhólmagn í blóði og hafi hann ekki gerzt brotlegur við lagaákvæði, sem skilgreina ölvun samkvæmt mældu alkóhólmagni eingöngu.

Mæling á alkóhólmagni í blóði Gísla var gerð með aðferð Widmarks, sbr. dskj. nr. 23 og dskj. nr. 25. Í báðum þessum skjölum er gerð grein fyrir aðferðinni og tekið fram, að með henni séu mæld öll reducerandi, rokgjörn efni í blóði, en ekki eingöngu etýlalkóhól.

Lík Gísla heitins lá í Ölfusá á annan sólarhring, eða sennilega nær tveimur sólarhringum. Það var síðan flutt í líkhús og krufið, er liðið var á þriðja sólarhring frá drukknun hans. Þau skilyrði voru því fyrir hendi, að við rotnun gætu myndazt rokgjörn, reducerandi efni í líkinu. Þess er ekki getið í dómsskjölum, hvort í blóðsýnið, sem rannsakað var daginn eftir krufningu, hafi verið látin efni til hindrunar á myndun reducerandi, rokgjarnra efna í sjálfu sýninu, og ekki er getið geymslumáta á því (kæling). Af þessu leiðir, að ekki verður neitt fullyrt um, hvort eða að hve miklum hluta rokgjörn, reducerandi efni kunni að hafa mælzt sem alkóhól í umgetinni alkóhólmælingu.

Svo sem fram kemur í dskj. nr. 25, eru líkur fyrir því, að venjulega lækki alkóhólmagn í blóði úr líki manns, sem neytti alkóhóls skömmu fyrir andlátið. Slíkrar lækkunar verður ekki vart, hafi viðkomandi drukknað stuttu eftir alkóhólneyzlu, heldur virðist hið gagnstæða oft koma fyrir, að alkóhólmagn mælist með ólíkindum mikið. Mörg atrið þetta varðandi og um mat á alkóhólmælingum í blóði úr líkum eru ekki fullrannsökuð.

Rannsóknir hafa verið gerðar til samanburðar á mælingarniðurstöðum á alkóhóli í líkum með mismunandi aðferðum. Þegar aðferð Widmarks hefur verið borin saman við ADH aðferðina, kemur í ljós, að mælingarniðurstöður verða yfirleitt hærri með Widmarks-aðferð en ADH-aðferð í blóði úr líkum, en slíks munar gætir ekki í blóði úr lifandi fólki. Munur getur orðið mikill á niðurstöðum, einkum ef lík eru tekin að rotna og í líkum, sem

legið hafa í vatni. Þannig er þess getið, að Widmarks-aðferð hafi gefið 0.71—0.80‰ hærri mælingarniðurstöðu en ADH-aðferð í líkum, sem legið höfðu í vatni. Jafnvel er getið meiri munar í mikið rotnuðum líkum. (Elbel, H. og Schleyer, F, Blutalkohol, 2. útgáfa, 1956, G. Thieme, Stuttgart, bls. 125—126 og 117 og 121).

Þess er getið, að alkóhólmælingar í hjartablóði úr líkum verði hærri (0.5‰ munur, Huber, 1943) en í periferblóði (venjulega átt við æðar á handleggjum eða fótum). Tilgátur eru um það, en rannsóknum ber ekki saman, að alkóhól úr maga geti síazt yfir í hjarta að einstaklingum látnum. (Elbel, H., og Schleyer F. Blutalkohol, 2. útgáfa, 1956, G. Thieme, Stuttgart, bls. 125—126 og 117—121). Fleira getur valdið mun, svo sem atvik við dauða (Progress in Chemical Toxicology, I. bindi, 1963, Academic Press, New York, bls. 105—107, bls. 64—65), rotnun og gerjun í alkóhóli (Elbel, H., og Schleyer, F., Blutalkohol, 2. útgáfa, 1956, G. Thieme, Stuttgart, bls. 125—126 og 117—121).

Af framansögðu leiðir: Að niðurstöðumælingar á alkóhóli í blóði úr hjarta úr líki Gísla er ekki hægt að nota sem mælikvarða á hugsanlega áfengisneyzlu hans og ölvun kvöldið, sem hann drukknaði. Það verður að skoðast ósannað, hvort hann hafi neytt áfengis, en þó að fallast á, að líkur bendi til þess. Engum getum verður leitt að því, hver hugsanleg áhrif þeirrar áfengisneyzlu hafi verið, en vísa verður til þess, að jafnvel þó að raunverulegt alkóhólmagn í blóði sé 2.5‰ eða meira í lifandi manni, þá eru líkur fyrir því, að hann mundi ekki talinn undir áhrifum áfengis við kliniska skoðun.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður að telja, að andlát Gísla Jóhannssonar hafi borið að með þeim hætti, að það falli undir tryggingarsvið tryggingar þeirrar, sem Síldarútvegsnefnd keypti fyrir starfsmenn sína hjá stefnda. Jafnframt verður eigi talið í ljós leitt, að þau atvik hafi verið fyrir hendi við andlát Gísla heitins, sem leysi stefnda undan greiðsluskyldu samkvæmt þeim tryggingarskilmálum, sem í gildi voru, er vátryggingaratburðurinn varð, eða samkvæmt ákvæði 124. gr. laga nr. 20/1954.

Verður því stefndi dæmdur til að greiða stefnanda hina umstefndu fjárhæð, kr. 1.000.000.00, sem ekki hefur sætt tölulegum andmælum. Af hálfu stefnda var mótmælt þeirri hækkun vaxta, sem höfð var uppi við munnlegan flutning málsins. Samkvæmt því verður stefnda með hliðsjón af ákvæði 3. mgr. 24. gr. laga

nr. 20/1954 gert að greiða vexti af hinni dæmdu fjárhæð þannig: 7½% ársvexti frá 25. júlí 1964 til 1. janúar 1965, 7% ársvexti frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7½% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags. Þá verður stefnda og gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 100.000.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum dr. med. Eggert Jóhannssyni og Einari Helgasyni lækni.

Dómsorð:

Stefndi, Trygging h/f, greiði stefnanda, Síldarútvegsnefnd f. h. Guðrúnar Gunnars, kr. 1.000.000.00 með 7½% ársvöxtum frá 25. júlí 1964 til 1. janúar 1965, með 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7½% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 100.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 24. febrúar 1969.

Nr. 180/1968. **Sparisjóður Hafnarfjarðar**
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegn
Birni Pálssyni
Birni Pálssyni f. h. Húna h/f og
Hákoni Magnússyni
(Kristinn Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Víxilmál. Afsögn. Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. október 1968 og krafizt þess, að stefndu verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 120.000.00 ásamt „1% vaxta fyrir hvern byrjaðan mánuð“ frá 30. apríl 1968 til

greiðsludags, kr. 170.00 í afsagnarkostnað og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi Björn Pálsson f. h. sjálfs sín og Húna h/f krefst frávísunar málsins, en til vara sýknu.

Stefndi Hákon Magnússon krefst sýknu.

Stefndu krefjast allir málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómsstefna í máli þessu á hendur Birni Pálssyni vegna sjálfs sín og Húna h/f var birt hinn 7. júní 1968 í húsinu nr. 39 við Njarðargötu, Reykjavík, fyrir dóttur Bjarnar, Áslaugu. Þar sem Björn Pálsson átti samkvæmt vottorði Hagstofu Íslands heima á Ytri-Löngumýri, Svínavatnshreppi, Austur-Húnavatnssýslu, og heimili Húna h/f er talið á sama stað, var nefnd stefnubirting eigi fullnægjandi að lögum, sbr. 95. og 96. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð og frávísa málinu frá héraðsdómi, að því er varðar kröfur á hendur stefnda Birni Pálssyni f. h. sjálfs sín og Húna h/f.

Lagt hefur verið fram í Hæstarétti bréf, dags. 23. september 1968, frá bæjarfógetafulltrúa þeim, sem framkvæmdi afsagnargerð víxils þess, sem í máli þessu greinir. Kveðst hann hafa afsagt víxilinn hinn 3. maí 1968, en misritazt hafi í afsagnargerðinni, að hún hafi farið fram „Ár 1968 þann 3/4". Var misritun þessi svo stórvægileg mistök, að nefnd réttarhöfn fulltrúans verður eigi talin hafa réttarverkanir lögmætrar afsagnargerðar. Leiðir af þessu, að víxilhafi hefur glatað víxilrétti sínum á hendur úgefanda og ábekingum nefnds víxils, sbr. 53. gr. víxillaga nr. 93/1933. Ber af þessum sökum að sýkna stefnda Hákon Magnússon af kröfum áfrýjanda í málinu.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í máli áfrýjanda, Sparisjóðs Hafnarfjarðar, á hendur stefnda Birni Pálssyni f. h. sjálfs sín og Húna h/f eiga að vera ómerk, og er máli þessara aðilja frávísað frá héraðsdómi.

Stefndi Hákon Magnússon á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 15. júlí 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 25. júní s.l., hefur Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður, Hafnarfirði, f. h. Sparisjóðs Hafnarfjarðar höfðað fyrir dóminum með stefnu gegn Kristjáni Gíslasyni, birtri 10. júní s.l., Húna h/f og Birni Pálssyni, Löngu-Mýri, persónulega, birtri 7. júní s.l., og Hákoni Magnússyni, Hofteigi 19, Reykjavík, birtri sama dag, til greiðslu víxils að fjárhæð kr. 120.000.00, sem er útgefinn 20. febrúar 1968 af Húna h/f og samþykktur til greiðslu af Kristjáni Gíslasyni hinn 30. apríl 1968 í Sparisjóði Hafnarfjarðar. Auk útgefanda hafa Björn Pálsson, Hákon Magnússon og Lýsi & Mjöl h/f ábekt víxilinn.

Víxillinn er afsagður sökum greiðslufalls 3. apríl s.l.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða fjárhæð víxilsins, kr. 120.000.00, með 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð frá 30. apríl 1968 til greiðsludags, að þeim verði gert að greiða kr. 170.00 í afsagnarkostnað, að þeim verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu og að þeim verði gert að greiða allar fjárhæðir in solidum.

Stefndu hafa hvorki sótt þing né sækja látið, og er þeim þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Stefnandi hefur lagt fram frumrit víxilsins með eyðuframsali til sín svo og afsagnargerð, er framkvæmd var hinn 3. apríl s.l.

Gjalddagi víxilsins var hins vegar, eins og áður segir, eigi fyrr en hinn 30. apríl 1968.

3. mgr. 44. gr. laga nr. 93 frá 1933 hljóðar svo:

„Afsögn vegna greiðslufalls á víxli, er greiðast á á tilteknum degi, eða tilteknum tíma eftir útgáfudag eða sýningu, skal gerð á öðrum þeirra tveggja virku daga, sem næstir koma á eftir gjalddaga".

Þar sem afsögn víxilsins fór eigi fram innan þeirra tímamarka, er lögin setja, hafði hún eigi réttar verkanir afsagnar. Ber því að sýkna útgefanda og ábekinga af kröfum stefnanda.

Málskostnaður ákveðst kr. 15.000.00.

Jón Ingvarsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi Kristján Gíslason, Svalbarða, Vestmannaeyjum, greiði stefnanda, Sparisjóði Hafnarfjarðar, kr. 120.000.00 með 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð frá 30. apríl 1968, kr. 170.00 í afsagnarkostnað og kr. 15.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefndu Húni h/f, Björn Pálsson og Hákon Magnússon skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Sparisjóðs Hafnarfjarðar, í máli þessu.

Mánudaginn 24. febrúar 1969.

Nr. 228/1968. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Sveini Jónassyni
(Ágúst Fjeldsted hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Freyr Ófeigsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa vitni staðfest vætti sín fyrir dómi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun verjanda hans fyrir Hæstarétti, sem ákveðast kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sveinn Jónasson, greiði allan áfrýjunarkostn-

að sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun verjanda hans fyrir Hæstarétti, Ágústs Fjeldsteds hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 23. september 1968.

Mál þetta hefur saksóknari ríkisins höfðað með ákæru, útgefinni 30. október 1967, á hendur Sveini Jónassyni sjómanni, Bandagerði 2, Akureyri, fyrir að aka miðvikudaginn 5. júlí 1967 undir áhrifum áfengis bifreiðinni A 1468 heiman að frá sér að húsi Útgerðarfélags Akureyringa á Akureyri.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 15. maí 1924 að Lynghóli, Glæsibæjarhreppi, og hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1943 23/11 á Akureyri: Dómur: 1 mánaðar fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1947 31/7 á Akureyri: Dómur: 10 daga varðhald og sviptur ökuréttindum í 3 mánuði fyrir brot gegn umferðarlögum, bifreiðalögum, áfengislögum og lögreglusamþykkt Akureyrar.

1948 18/5 á Akureyri: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun og ryskingar.

1952 12/2 á Akureyri: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1955 26/5 á Akureyri: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1957 14/2 á Akureyri: Sátt, 200 kr. sekt fyrir tolllagabrot.

1967 30/1 á Akureyri: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 37. gr. og 1. og 2. mgr. 49. gr. umferðarlaga.

Málsatvik eru þessi:

Miðvikudaginn 5. júlí 1967, kl. 1320, var lögreglunni á Akureyri tilkynnt um, að ákærði hefði verið að koma að húsi Út-

gerðarfélags Akureyringa og væri hann ölvaður. Lögreglumenn fóru þegar á staðinn og handtóku ákærða, sem þá var inni á skrifstofu Útgerðarfélags Akureyringa.

Bifreið ákærða, A 1468, stóð úti fyrir húsinu, og var vél hennar í gangi.

Tekið var blóðsýnishorn úr ákærða, sem við rannsókn reyndist innihalda 1.93‰ alkóhóls.

Vitnið Halldór Jónsson verkamaður skýrði svo frá: Vitnið kvaðst hafa verið statt fyrir utan við frystihús Ú. A. rétt eftir kl. 1300 greindan dag og þá séð bifreiðina A 1468, þar sem henni var ekið fram hjá vitninu, sem stóð nyrzt við húsið, en bifreiðin var síðan stöðvuð syðst við húsið.

Vitnið kvaðst hafa séð, að ökumaður var ákærði, og þótti vitninu hann undarlegur við stýrið, en hann var hálf stjarfur og lá hálfgert fram á stýrið. Vitnið kvaðst hafa séð ákærða fara út úr bifreiðinni og ganga inn á skrifstofur Ú. A., sem eru syðst í húsinu. Vitnið kvað ákærða hafa verið greinilega mjög ölvaðan og reikað í spori. Vitnið kvað lögregluna hafa komið skömmu síðar og handtekið ákærða.

Vitnið Gunnar Björnsson Aspar verkamaður kvaðst hafa komið út úr frystihúsi Ú. A. í greint sinn, og stóð þá bifreið ákærða framan við dyr þær, er vitnið kom út um, og var hún í gangi, og sat ákærði undir stýri. Ákærði fór síðan út úr bifreiðinni þarna, og virtist vitninu hann nokkuð ölvaður. Vitnið kvað ákærða hafa reikað í spori, er hann gekk frá bifreiðinni og upp tröppurnar inn í húsið.

Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða aka að húsinu. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða neyta víns, þar sem hann sat í bifreiðinni.

Vitnið Bjarni Baldursson verkamaður kvaðst hafa verið statt við nyrztu dyr frystihúss Ú. A. í greint sinn og séð bifreiðina A 1468 koma að frystihúsinu áleiðis frá Slippnum. Bifreiðinni var ekið rétt fram hjá vitninu og að syðstu dyrum hússins, þar sem hún var stöðvuð. Vitnið kvaðst hafa þekkt ákærða við stjórn bifreiðarinnar, er hann ók fram hjá því. Vitnið sagði, að því hefði strax fundizt ákærði vera ölvaður, þegar það kom auga á hann við aksturinn. Vitnið kvað ákærða hafa „sikksakkað" á götunni. Þegar ákærði ók fram hjá vitninu, sá vitnið, að hann hallaðist óeðlilega mikið fram á stýrið. Vitnið kvað ákærða hafa farið út úr bifreiðinni, er hann hafði stöðvað hana, og sá vitnið, að hann

var greinilega ölvaður, þar sem hann slagaði, er hann gekk frá bifreiðinni.

Vitnið Guðmundur Ingi Gestsson skýrði svo frá við yfirheyrzlu hjá lögreglunni: Það kvaðst hafa verið statt úti fyrir vélasal frystihúss Ú. A. laust eftir hádegi greindan dag ásamt nokkrum starfsmönnum frystihússins, er það veitti athygli jeppabifreiðinni A 1468, sem þá stóð fyrir framan skrifstofudyr Ú. A. og sneri til suðurs. Það kvað einn mann hafa verið í bifreiðinni, undir stýri, sem síðan opnaði hurðina og steig út úr bifreiðinni. Vitnið kvaðst hafa þekkt, að það var ákærði. Vitnið kvað ákærða síðan hafa gengið frá bifreiðinni og inn í húsið og slangrað til, er hann gekk frá bifreiðinni. Vitninu virtist hann greinilega ölvaður eftir göngulagi hans að dæma.

Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði ekið bifreiðinni A 1468 í greint sinn heiman að frá sér og beina leið að Útgerðarfélagshúsinu, þar sem hann stanzaði og tók vínflösku og teygaði úr henni og gekk síðan upp á skrifstofur Ú. A., en þar kom lögreglan og handtók hann.

Ákærði kvaðst hafa skilið bifreiðina eftir í gangi, vegna þess að startræsir væri bilaður, og kvaðst hann hafa ætlað að fá einhvern til að aka bifreiðinni fyrir sig. Ákærði neitaði að hafa neytt víns, fyrr en að framan greinir, en þá hafa drukkið upp undir hálfa flösku þarna í einum teyg, en ákærði kvað venju sína að drekka þannig. Ákærði kvaðst hafa verið við drykkju nóttina áður og verið timbraður við aksturinn.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, þykir brot ákærða nægilega sannað, eins og því er í ákæru lýst, og varðar það við þar greind lagaákvæði, sbr. nú lög nr. 40/1968, og samkvæmt þar töldum refsiákvæðum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 15 daga.

Með vísun til 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dómsins.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Sveinn Jónasson, sæti varðhaldi í 15 daga. Ákærði er sviptur ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 24. febrúar 1969.

Nr. 6/1969. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Erni Geirdal Gíslasyni
(Benedikt Blöndal hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa lögreglumennirnir Hafsteinn Bergmann Sigurðsson og Stefán Steinar Tryggvason, sem handtóku ákærða, borið um málsatvik fyrir dómi, staðfest vætti sín og lögregluskýrslu, en efni hennar og málsatvik að öðru leyti eru rakin í hinum áfrýjaða dómi.

Hefur ákærði með háttsemi sinni gerzt brotlegur við lagaákvæði þau, er í ákæru getur, en gangsetning bifreiðar er þáttur í akstri hennar.

Eins og sakavottorð ákærða ber með sér, var hann hinn 23. apríl 1963 með dómi sakadóms Barðastrandarsýslu dæmdur í 10 daga varðhald og sviptur ökuréttindum eitt ár frá 25. júlí 1962. Með náðun var refsivist þessari hinn 18. júlí 1963 breytt í sekt, er ákærði greiddi að fullu hinn 30. ágúst 1963. Samkvæmt 3. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. mgr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, hefur sá dómur ítrekunarverkun á mat refsingar og ökuleyfissviptingar í máli því, sem hér er fjallað um.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald 15 daga.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954 ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans í héraði, kr. 5.000.00, málssóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Örn Geirdal Gíslason, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans í héraði, Benedikts Sveinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 5.000.00, saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, Benedikts Blöndals hæstréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 26. nóvember 1968.

Ár 1968, þriðjudaginn 26. nóvember, var í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem háður var á skrifstofu réttarins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Jóni Ingvarssyni, fulltrúa sýslumanns, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 485/1968: Ákæruvaldið gegn Erni Geirdal Gíslasyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Erni Geirdal Gíslasyni, Fiskimjölsverksmiðjunni, Innri-Njarðvík, fyrir að hafa sunnudagsnóttina 30. júní 1968 undir áhrifum áfengis ekið eða reynt að aka bifreiðinni G 4445 á Hótel Íslands planinu í Reykjavík með því að setjast undir stýri bifreiðarinnar og gangsetja vél hennar, en ákærði var sofnaður í bifreiðinni, er lögreglumenn bar að.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 30. september 1940 í Hrísey, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1957 15/7 á Siglufirði: Áminning fyrir brot á umferðarlögum.
1962 í Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 16. 10. 1962.
1963 23/4 í Barðastrandarsýslu: Dómur: 10 daga varðhald, sviptur ökuréttindum í 1 ár frá 25. 7. 1962 fyrir brot á

áfengislögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt Siglufjarðar.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 30. júní 1968, kl. 0545, er tveir lögreglumenn voru á varðgöngu á Lækjargötu í Reykjavík, var þeim tilkynnt, að ölvaður maður hefði komið út frá Hótel Vík og farið inn í bifreiðina G 4445, er væri í gangi og stæði á bifreiðastæðinu fyrir framan Hótel Vík. Hröðuðu þeir sér á vettvang, og er þangað kom, var þar fyrir hin fyrrnefnda bifreið, og var maður sofandi undir stýri hennar, sem reyndist vera ákærði í mál þessu. Er lögreglumennirnir opnuðu bifreiðina, lagði á móti þeim sterkan áfengisþef, og virtist þeim ákærði vera mjög ölvaður. Færðu þeir ákærða á lögreglustöðina og fyrir varðstjóra. Aðspurður af varðstjóra kvaðst ákærði eigi hafa ætlað að aka bifreiðinni, heldur hafi honum sinnazt við félaga sína, er voru með honum á Hótel Vík, og hann hefði því ætlað að sofa í bifreiðinni og gangsett hana til þess að hita hana upp. Ákærði kvaðst hafa drukkið nokkur glös af áfengi fyrr um nóttina. Var ákærði síðan færður á slysavarðstofuna til blóðtöku, og reyndist vera í blóðsýnishorni úr ákærða reducerandi efni, sem samsvara 1.56‰ af alkóhóli.

Ákærði hefur hér fyrir dómi lýst málavöxtum svo, að aðfaranótt sunnudagsins 30. júní 1968 hafi hann verið ásamt kunningjum sínum á dansleik í Klúbbnum við Borgartún og hafi hann drukkið talsvert magn af áfengi þar. Að dansleiknum loknum hafi hann farið í leigubíl að Hótel Vík, þar sem hann hafði herbergi á leigu til næsta dags. Bifreið sína, G 4445, kvað ákærði hafa staðið á bifreiðastæðinu fyrir framan Hótel Vík. Kvaðst ákærði hafa beðið næturvörðinn á Hótel Vík að líta eftir bifreið sinni, meðan hann væri á dansleiknum. Er ákærði hafi verið kominn á Hótel Vík að loknum dansleiknum, hafi hann hitt fyrir tvo kunningja sína, er setið hafi við drykkju í næsta herbergi. Aðspurður kvaðst ákærði ekki muna nöfn þeirra, en kvaðst halda, að þeir væru hásetar á b/v Neptúnusi. Ákærði kvaðst aðspurður hafa setzt að drykkju með þeim, fyrst í herbergi þeirra, en síðan hafi þeir allir farið í herbergi ákærða. Ekki kvaðst ákærði muna, hversu lengi þeir hafi setið að drykkju þar, en kvaðst hafa verið orðinn þreyttur og syfjaður. Ákærði kvað þá félaga sína ekki hafa verið á því að hætta drykkju og yfirgefa herbergi mætta. Hafi þá kastazt í kekki með þeim og ákærða, sem þó hafi ekki viljað hringja á aðstoð sér til handa til þess að vísa mönnunum út úr herberginu. Ákærði kvaðst þá hafa tekið það til bragðs að

fara út í bifreið sína og sofa þar um nóttina, þar eð hann hafi verið orðinn mjög þreyttur og slæptur. Kvaðst ákærði hafa sofnað mjög fljótlega, en vaknað eftir skamma stund og hafi sér þá verið mjög kalt. Kvaðst þá ákærði hafa gangsett bifreiðina til þess að hita hana upp nokkra stund, en síðan hafi hann ætlað að drepa á henni aftur. Kvaðst ákærði hafa síðan sofnað fljótlega aftur án þess að drepa á bifreiðinni.

Gangsetning bifreiðar er að vísu í flestum tilvikum þáttur í akstri hennar, en gegn neitun ákærða í máli þessu verður eigi talið sannað, að ákærði hafi með gangsetningu bifreiðarinnar G 4445 í umrætt sinn ekið eða reynt að aka bifreiðinni og gerzt með því brotlegur við þau refsiákvæði, sem í ákæruskjali greinir og honum eru gefin að sök. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan sakarkostnað á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Benedikts Sveinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Örn Geirdal Gíslason, skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Benedikts Sveinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 5.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 24. febrúar 1969.

Nr. 13/1969. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Gunnari Víkingi Guðnasyni
(Ingi R. Helgason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Í hinum áfrýjaða dómi er rekstur málsins í héraði rakinn. Í Hæstarétti hefur verið lagt fram siglingavottorð ákærða, sem ber með sér, að hann var lögskráður skipverji á m/s Önnu Borg frá 21. október 1965 til 28. september 1968 að undanskildu tímabilinu frá 16. september 1966 til 6. apríl 1967 og 8. október 1967 til 8. apríl 1968. Þá hefur verið lagt fram í Hæstarétti vottorð Skipaleiða h/f um viðkomudag skipsins í Reykjavík, Hafnarfirði og Keflavík á tímabilinu frá 20. október 1965 til 1. október 1968. Ber vottorð þetta með sér, að á þessu tímabili hefur skipið mjög oft verið í höfn í Reykjavík, allt frá 2 að 9 dögum í einu.

Ber að víta hinn óhæfilega drátt á rekstri máls þessa í héraði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Gunnar Víkingur Guðnason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verj-

anda síns fyrir Hæstarétti, Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. nóvember 1968.

Ár 1968, fimmtudaginn 28. nóvember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 550/1968: Ákæruvaldið gegn Gunnari Víkingi Guðnasyni, sem tekið var til dóms 22. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 25. marz s.l., gegn ákærða, „Gunnari Víkingi Guðnasyni sjómanni, Moshvoli, Hvolhreppi í Rangárvallasýslu, fæddum 2. maí 1945 að Moshvoli, Hvolhreppi í Rangárvallasýslu, fyrir að aka mánudagsnóttina 2. ágúst 1965 undir áhrifum áfengis og án ökuréttinda bifreiðinni L 278 nokkurn spöl um Húsadal í Þórsmörk.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, sbr. 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Samkvæmt vottorði frá sakaskrá ríkisins hefur ákærði hvorki sætt kæru né refsingu.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt mánudagsins 2. ágúst 1965, um kl. 0300, voru tveir lögreglumenn, er voru við löggæzlu í Þórsmörk, á gangi um Húsadal. Veittu þeir athygli jeppabifreiðinni L 278, sem var ekið eftir götuslóða sunnan við dansflötina á staðnum. Var þar fjölmargt fólk á gangi og þröng mikil og aksturskilyrði því erfið. Það vakti sérstaka athygli lögreglumannanna, að farþegi í bifreiðinni, er sat við hlið ökumanns, var sofandi vegna ölvunar og slóst í hliðarrúðuna. Lögreglumennirnir stöðvuðu bifreiðina og höfðu tal af ökumanni, sem var Gunnar Víkingur Guðnason, ákærði í máli þessu. Virtist þeim hann greinilega með áfengisáhrifum. Ákærði var færður til yfirheyrslu hjá Greipi Kristjánssyni lögregluvarðstjóra, er var á staðnum, en að því búnu tók læknir, er þar var staddur, blóðsýnishorn úr ákærða til alkóhólrannsóknar. Ákærði kvaðst ekki hafa öðlazt ökuleyfi.

Við yfirheyrslu hjá Greipi Kristjánssyni lögregluvarðstjóra

viðurkenndi ákærði að hafa verið að aka bifreiðinni, en kvað óákveðið, hvert ferðinni hefði verið heitið. Ákærði kvaðst hafa drukkið alls heila flösku af whisky svo og hvítvín frá því kl. 1400 daginn áður, unz hann var handtekinn, og viðurkenndi að hafa fundið lítils háttar til áfengisáhrifa við aksturinn. Í skýrslu varðstjóra segir, að talsverður áfengisþefur hafi verið af andardrætti ákærða, hann hafi verið æstur, augu hans verið vot og dauf, en jafnvægi stöðugt og málfar skýrt.

Ákærði hefur skýrt frá því, að faðir sinn hafi átt bifreiðina L 278. Kveðst hann hafa farið frá Moshvoli inn í Þórsmörk á bifreiðinni laugardaginn 31. júlí ásamt Jóhannesi Halldóri Péturssyni og hafi Jóhannes Halldór ekið. Gistu þeir þar í tvær nætur. Kvöldið áður en ákærði var handtekinn, kveðst hann hafa neytt áfengis og gerir ráð fyrir, að hann hafi verið eitthvað undir áfengisáhrifum, er hann fór að sofa. Ákærði kveður bifreiðina hafa staðið við tjald þeirra félaga í gilskorningi. Vöknuðu þeir um nóttina og var kalt. Settust þeir því inn í bifreiðina. Kveðst ákærði hafa ræst vélina til að fá miðstöðina í gang. Ákærði vill ekki kannast við að hafa verið beinlínis að aka innan um fólksfjöldann, en vera kunni, að hann hafi ekið eitthvað aftur á bak eða hreyft bifreiðina, þar sem hún hafi staðið illa. Ákærði kveðst telja, að hann hafi verið eitthvað með áfengisáhrifum, þegar lögreglan hafði afskipti af honum. Ákærði las í dóminum skýrslu lögregluvarðstjóra. Var hann jafnframt að því spurður, hvort hann vildi vefengja hana, en samkvæmt skýrslu þessari játar hann að hafa ekið bifreiðinni. Kvaðst ákærði ekkert geta um þetta sagt.

Við þingfestingu máls þessa tók ákærði fram, að hann mótmælti því að hafa verið að aka bifreiðinni L 278 í umrætt sinn, en annars kvaðst hann ómögulega muna um þetta.

Vitnið Jóhannes Halldór Pétursson verkamaður, Hamrahlíð 5, er að framan greinir, kveðst hafa unnið með ákærða við brúargerð umrætt sumar og vart séð hann síðan. Vitnið kveður þá hafa átt frí um verzlunarmannahelgina og hafi þeir farið austur á Hvolsvöll sunnudaginn 1. ágúst, að það minnir. Heima hjá ákærða fengu þeir lánaða bifreið föður hans með því skilyrði, að vitnið æki, þar sem ákærði var próflaus. Vitnið ók bifreiðinni inn í Þórsmörk. Lagði það bifreiðinni í brekku og slógu þeir félagar upp tjaldi þar skammt frá. Þeir tóku síðan að neyta áfengis og rangluðu eitthvað þarna um. Vitnið man síðan, að það vaknaði einhvern tíma í bifreiðinni, og var hún þá annars

staðar en það hafði lagt henni, að því er það minnir. Vitnið kveðst hafa verið eitt í bifreiðinni, er það vaknaði þar. Hélt það að tjaldi þeirra, og var ákærði þar. Sagði hann því, að lögreglan hefði haft afskipti af sér. Vitnið kveðst ekkert muna eftir því atviki, en fengið lykla bifreiðarinnar hjá lögreglunni daginn eftir og ekið bifreiðinni að Moshvoli.

Vitnið Sigurður Þórhallsson, fyrrverandi lögreglumaður, var annar þeirra lögregluþjóna, er handtóku ákærða í umrætt sinn, og undirritar það lögregluskýrsluna. Vitnið las skýrslu sína í dómi og kvaðst staðfesta hana, en um málsatvik kvaðst það muna óljóst.

Vitnið Ármann Jakob Lárusson, fyrrverandi lögreglumaður, var með Sigurði Þórhallssyni í Þórsmörk í framangreint skipti. Vitnið kveðst minnast þess, að þeir hafi séð jeppabifreið ekið þar eftir troðningi, þar sem mikið var af gangandi fólki. Stöðvuðu þeir bifreiðina, og kom í ljós, að ökumaðurinn var ölvaður.

Í blóðsýnishorninu, sem tekið var úr ákærða, fundust reducerandi efni, er samsvara 2.58‰ af alkóhóli.

Með framburði vitnanna í máli þessu svo og þegar virtur er framburður ákærða sjálfs, telst sannað, að hann hafi ekið bifreiðinni L 278 í umrætt skipti, en hann var með áfengisáhrifum samkvæmt eigin játningu, sem studd er niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar á blóðsýnishorninu úr honum og öðrum gögnum í máli þessu. Þegar framangreindur akstur fór fram, hafði ákærði ekki öðlazt ökuréttindi.

Atferli ákærða varðar við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, sbr. 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Verjandi ákærða í máli þessu, Ingi R. Helgason hæstaréttarlögmaður, hefur krafizt þess í málsvörn sinni, að ákærði verði sýknaður af atferli því, er í ákæru greinir, vegna þess að sök ákærða sé fyrnd. Segir hann í málsvörninni á þessa leið: „Hinn 3. júlí 1967 kom að vísu skjólstæðingur minn ekki fyrir dómarann, en dómþing sakadóms er sett, lagt fram eins árs gamalt fyrirskipunarbréf frá saksóknara, lögregluskýrslur og önnur gögn. Eitt vitni mætir í þessu réttarhaldi, en það er lögreglumaðurinn, sem gaf hina upprunalegu skýrslu í málinu 2. ágúst 1965.

Nokkru síðar kemur skjólstæðingur minn fyrir rannsóknardómarann, eða 25. júlí 1967. Gefur hann skýrslu eftir beztu samvizku og minni.

Síðan skeður ekkert í málinu í rúmlega sjö mánuði. Við réttar-

rannsókn er gersamlega hætt, og málið liggur í sjö mánuði. Hinn 28. febrúar 1968 er þingað í málinu að nýju fyrir rétti, tvö vitni yfirheyrð og málið sent saksóknara, sem gefur út ákæru hinn 25. marz 1968".

Vegna þessarar kröfu lögmannsins þykir verða að rekja sögu máls þessa í höfuðdráttum.

Samkvæmt gögnum málsins sendi sakadómur Reykjavíkur sýslumanni Rangárvallasýslu niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar á blóðsýnishorninu úr ákærða með bréfi, dags. 24. júní 1966.

Með bréfi, dagsettu 29. sama mánaðar, sendi sýslumaðurinn saksóknara ríkisins skjöl málsins. Segir í bréfi þessu, að ákærði sé farinn á brott úr héraði fyrir löngu, þótt hann sé skráður á manntali heimilisfastur á Moshvoli. Starf hans sé farmennska og muni hann vera skráður skipverji á m/s Önnu Borg. Fyrir því sé óskað fyrirgreiðslu saksóknara um frekari afgreiðslu málsins.

Saksóknari ríkisins ritaði dóminum bréf, dags. 5. júlí 1966, er fylgdu skjöl máls þessa. Er í bréfi þessu krafizt þess, að mál þetta verði tekið til rannsóknar hér í borg, þar sem ákærði sé talinn skipverji á Önnu Borg, sem hingað muni koma öðru hverju.

Jón A. Ólafsson fulltrúi fékk málið til rannsóknar, eftir að bréfið barst frá saksóknara. Þingaði hann í því hinn 3. júlí 1967, og kom Sigurður Þórhallsson þá fyrir dóm. Hefur rannsóknardómarinn bókað í þingbók framangreindan dag sem hér segir:

„Dómarinn lætur þess getið, að hann hafi fyrir alllöngu falið boðunardeild rannsóknarlögreglunnar að boða kærða Gunnar, sem er skipverji á m/s Önnu Borg. Skip þetta kemur sjaldan til landsins og þá iðulega aðeins á hafnir úti á landi. Rannsókn málsins verður haldið áfram, strax og næst til kærða".

Næst var þingað í málinu hinn 25. sama mánaðar, og kom ákærði þá fyrir.

Með kvaðningu, dags. 16. október, var maður sá, sem var með ákærða í bifreiðinni, boðaður fyrir dóm miðvikudaginn 18. sama mánaðar, en ákærði hafði gefið upp nafn hans, Halldór Pétursson, sennilega til heimilis í Hamrahlíð 8. Maður þessi fannst ekki á þessum stað, og er skráð á kvaðninguna, að hann sé ekki til þar. Við nánari eftirgrennslanir kom í ljós, að maður þessi heitir fullu nafni Jóhannes Halldór Pétursson og býr í Hamrahlíð 5. Mætti hann í sakadómi hinn 28. febrúar 1968 og einnig vitnið Ármann Jakob Lárusson.

Málið var sent saksóknara til ákvörðunar með bréfi, dags. 20.

marz. Gaf saksóknari út ákæru í málinu hinn 25. sama mánaðar. Í bréfi, dags. sama dag, er fylgdi ákærunni, gerir saksóknari kröfu til þess, að lokið verði rannsókn málsins og það síðan tekið til dómsálagningar samkvæmt ákærunni.

Dómari máls þessa fékk það fyrst í hendur eftir útgáfu ákæru. Hefur hann frá þeim tíma í nokkur skipti falið lögreglunni að reyna að hafa upp á ákærða. Það tókst ekki fyrr en 3. f. m., en þá kom ákærði fyrir dóm, og málið var þingfest. Skýrði ákærði frá því, að hann hefði verið í siglingum frá í apríl s.l.

Ingi R. Helgason hæstaréttarlögmaður var skipaður verjandi ákærða með bréfi, dags. 8. október s.l. Átti hann að skila málsvörn hinn 14. sama mánaðar. Vörnin barst ekki frá lögmanninum, og hinn 15. þ. m. ritaði dómurinn honum annað bréf og gaf honum frest á að skila vörn í málinu til 22. þ. m. Mætti verjandinn þá, skilaði vörn og lagði málið í dóm.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er eigi unnt að fallast á þá skoðun verjanda ákærða, að sök í máli þessu sé fyrnd. Dráttur sá, sem orðið hefur á málinu, stafar fyrst og fremst af fjarveru ákærða, en hann er skráður búsettur í Rangárvallasýslu og hefur verið meira og minna í siglingum til útlanda. Með réttarrannsókn, er hófst hinn 3. júlí 1967, var fyrningarfrestur málsins rofinn, og síðan er rannsóknninni haldið áfram að kröfu saksóknara, unz henni lýkur hinn 28. febrúar s.l. Er því eigi um það að ræða, að rannsókn máls þessa hafi verið hætt um óákveðinn tíma.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 10 daga varðhald.

Ákærði hefur öðlazt ökuleyfi, eftir að framangreint atferli gerðist. Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga ber að svipta hann ökuleyfi, og þykir ökuleyfissviptingin hæfilega ákveðin í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Víkingur Guðnason, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. febrúar 1969.

Nr. 161/1968. **Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs**
(Ármann Jónsson hrl.)
gegn
Timburverzluninni Skógi h/f og gagnsök
(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dómendur:
Jónatan Hallvarðsson hæstaréttardómari, Ármann Snævarr prófessor, Bjarni K. Bjarnason borgardómari, Emil Ágústsson borgardómari og Halldór Þorbjörnsson sakadómari.

Stóreignaskattur. Uppboð. Um fyrningu.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason borgarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. september 1968. Hann gerir þær dómkröfur, að heimilað verði „uppboð á Hildibrand timburþurrkofni, eign gagnáfrýjanda, sem tekinn var lögtaki 2. maí 1961 fyrir skatti á stóreignir, er gagnáfrýjanda var gert að greiða" samkvæmt lögum nr. 44/1957, að fjárhæð kr. 53.210.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1964 til greiðsludags, lögtakskostnaði, kr. 760.00, og uppboðskostnaði. Þá krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 26. september 1968. Hann krefst þess, að synjað verði um framgang uppboðs og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hinn 2. maí 1961 framkvæmdi fógeti lögtak hjá gagnáfrýjanda í Hildibrand timburþurrkofni í þurrkskýli við Klapparstíg 1 í Reykjavík til tryggingar skattskuld gagnáfrýjanda, er í málinu greinir, ásamt vöxtum og kostnaði. Dómveð það, sem þannig skapaðist í nefndum þurrkofni, hefur haldizt, hvað sem líður fyrningu skattkröfunnar almennt, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 14/1905, sem kveður svo

á, að veðréttur ónýtist ekki, þótt krafa fyrnist, en undantekningarákvæði nefndrar málsgreinar og svo 4. málsgreinar sömu lagagreinar um fyrningu sjálfsvörzluveðréttar tekur eigi til dómveðs. Aðaláfrýjanda er því rétt að leita fullnustu skattkröfu sinnar ásamt vöxtum og kostnaði, eins og krafizt er, með sölu greinds þurrkofns á nauðungaruppboði.

Eftir þessum málalokum þykir gagnáfrýjandi eiga að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Framangreint uppboð skal fram fara.

Gagnáfrýjandi, Timburverzlunin Skógur h/f, greiði aðaláfrýjanda, tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 30.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsdóms Reykjavíkur 10. september 1968.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 27. f. m., hefur uppboðsbeiðandi, tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, höfðað hér fyrir dómi og krefst uppboðs hjá varnaraðilja, Timburverzluninni Skógi h/f, Klapparstíg 1, Reykjavík, á timburþurrkofni af Hildibrand gerð, eign uppboðsþola, fyrir stóreignaskatti að upphæð kr. 53.210.00 ásamt vöxtum og kostnaði samkvæmt lögtaksgerð frá 2. maí 1961. Einnig krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili hefur krafizt þess, að synjað verði um framgang hins umbeðna uppboðs og að honum verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi gagnaðilja.

Með bréfi, dags. 15. marz 1968, til borgarfógetaembættisins í Reykjavík bað tollstjórinn í Reykjavík um, að timburþurrkofn af Hildibrand gerð yrði seldur á opinberu uppboði, eign varnaraðilja í máli þessu, Timburverzlunarinnar Skógar h/f, Reykjavík, og tekinn hafði verið lögtaki 2. maí 1961 fyrir eftirgreindum gjöldum:

1. Skatti á stóreignir, nr. 689 .. kr. 53.210.00
2. Vöxtum til 1. apríl 1968 .. .. — 13.568.00
3. Lögtakskostnaði .. .. — 760.00

Samtals kr. 67.538.00

auk áfallandi kostnaðar, ½% á mánuði frá 1. apríl 1968.

Málið var þingfest í uppboðsréttinum 12. júní s.l., og mótmælti uppboðsþoli framgangi uppboðsins, og hefur málið síðan verið sótt og varið hér fyrir uppboðsréttinum og dómtekið 27. f. m., eins og áður greinir, að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili málsins hefur lagt fram í réttinum endurrit af lögtaksgerð frá 2. maí 1961, þar sem framangreindur timburþurrkari er tekinn lögtaki, að því er virðist eftir framvísun lögmanns gerðarþola, fyrir stóreignaskatti nr. 689, kr. 53.210.00, auk dráttarvaxta og kostnaðar. Þá hefur sóknaraðili lagt fram ljósrit af kröfubréfi tollstjóra, dags. 28. desember s.l., þar sem skorað er á varnaraðilja að ganga frá greiðslu skattsins með peningagreiðslu eða útgáfu skuldabréfs, og er veittur frestur til þess til 1. marz s.l., en ella yrði krafizt uppboðs. Einnig hefur sami aðili lagt fram ljósrit af bréfi fjármálaráðuneytisins, dags. 26. febrúar s.l., sem er eins konar staðfesting á innheimtuaðgerðum innheimtumanna ríkissjóðs, þó er frestur til greiðslu framlengdur til 1. apríl s.l. Þá tekur ráðuneytið þar fram, að því sé kunnugt um, að nokkrir gjaldendur muni halda uppi vörnum fyrir uppboðsrétti, og tekur fram, að ef málefni breyti einhverju um álagningu eða innheimtu skattsins, muni ráðuneytið láta það sama gilda um þá, sem nú gangi frá greiðslu skattsins.

Sóknaraðili hefur einkum byggt kröfur sínar á eftirfarandi atriðum: Skatturinn er lagður á eftir lögum nr. 44/1957 um skatt á stóreignir og gjalddagi hans hafi verið 16. ágúst 1958. Lögtak hafi verið gert fyrir skattinum 2. maí 1961, sbr. dskj. nr. 2, en upphaflega hafi málið verið fyrir tekið í fógetaréttinum 5. ágúst 1960, en frestir hafi verið veittir í málinu, þar til lögtakið var gert. Áður hafi verið búið að birta almennan lögtaksúrskurð lögum samkvæmt og lögtaksheimild sé fyrir skattinum í 2. mgr. 10. gr. nefndra laga og 6. mgr. 24. gr. reglugerðar nr. 95/1957 og 1. mgr. 45. gr. laga nr. 46/1954 auk hinnar almennu heimildar í 1. gr. lögtakslaganna nr. 29 frá 1885. Við lögtakið hafi verið mætt af hálfu beggja aðilja (uppboðsbeiðanda og uppboðsþola) og séu engir sjáanlegir formgallar á lögtaksgerðinni og henni hafi ekki verið áfrýjað til æðri réttar. Gerðin sé því fullgild uppboðs-

heimild. Einnig hefur sóknaraðili bent á, að varnaraðili hafi ekki neytt réttar síns til að skjóta málinu til dómstólanna samkvæmt 10. gr. stóreignaskattslaganna og 23. gr. reglugerðar um sama efni.

Sóknaraðili hefur bent á, að alllangur dráttur hafi orðið á, að gengið væri að hinni lögteknu eign. Kveður hann það einkum stafa af því, að fyrir dómstólunum hafi verið á þessum tíma rekin nokkur mál út af sams konar skatti og um sé að tefla í máli þessu. Hafi í sumum þeirra m. a. verið deilt um nokkur almenn atriði, sem gátu haft meiri eða minni verkanir á skattgreiðslu annarra gjaldenda og hugsanlegt, að dómstólarnir mætu sumt á annan veg en skattayfirvöldin höfðu gert og hafi síðasti dómurinn í slíku máli gengið 30. janúar s.l. í Hæstarétti. Muni ekki hafa verið talið rétt að ganga almennt til uppboðs lögtekinna muna, meðan atriði, sem gátu haft almenna og víðtæka þýðingu, voru enn óútkljáð hjá dómstólum. En eftir að sýnt hafi verið, að ekki yrðu frekari breytingar gerðar hjá dómstólunum, sem gætu skipt máli fyrir fjölda gjaldenda, hafi þegar verið hafizt handa um að ganga til uppboðs hjá þeim, sem enn áttu ógreidda skatta. Innheimta skattsins hafi hins vegar hafizt þegar á árinu 1958, sbr. auglýsingu fjármálaráðuneytisins nr. 194 8. desember 1958, enda muni meiri hluti gjaldenda hafa greitt skattinn á næstu 2 árum og ýmsir síðar.

Andmæli varnaraðilja við því, að uppboðið megi fram fara, eru einkum byggð á eftirfarandi atriðum: Hann bendir á, að hann hafi í öðrum málum út af sams konar skatti andmælt gildi laganna nr. 44/1957 með breytingum, sem á þeim hafa orðið, bæði fyrir héraðsdómum og Hæstarétti, svo og reglugerð, sem sett hafi verið samkvæmt þeim. Þá hafi Hæstiréttur með tveimur dómum sínum numið úr gildi mikilvæg atriði laganna, sem sé með dómi nr. 116/1958 frá 29. nóvember 1958 og í málinu nr. 129/1959, sem var uppkveðinn 7. desember 1959. Fyrri dómurinn hafi numið úr gildi 1. mgr. 4. gr. laganna um mat á hlutabréfum og síðari dómurinn hafi numið úr gildi reglur síðustu málsgreinar 2. gr. laganna um mat á fyrirfram greiddum arfi. Eftir alla þessa meðferð hafi þurft að margumreikna skatt gjaldenda og hafi skatturinn hrapað niður um meira en helming. Muni slíkt einsdæmi á Íslandi um skattheimtu. Sé óhæfa að framfylgja slíkum lögum, þótt ekki kæmi til annað, enda séu engar líkur til, að lögin séu í samræmi við vilja Alþingis 1957, hvað þá nú.

Önnur meginástæða varnaraðilja er, að fyrning skattsins

standi fyrir uppboði. Bent er á, að gjalddagi skattsins sé 16. ágúst 1958 og að skatturinn fyrnist á 4 árum, sbr. 3. tl. 3. gr. laga um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14 20. október 1905. Lögtaks hafi verið beiðzt 5. ágúst 1960 og hafi það verið framkvæmt 2. maí 1961. Samkvæmt því telur varnaraðili kröfuna hafa verið fyrnda 16. ágúst 1962 og í síðasta lagi 2. maí 1965. Telur varnaraðili það ekki vafa undirorpið, að ekki megi framkvæma nauðungarsölu á lögteknum munum, ef fyrnt er gjald það, er ljúka skal. Ætlar hann, að þetta muni gilda um allar eignir og um lögtak í lausafé leiði þetta af 3. mgr. 1. gr. laga nr. 14/1905. Þá hefur varnaraðili borið fyrir sig ákvæði 2. gr. lögtakslaganna um, að lögtaksréttur fyrnist á 2 árum frá gjalddaga, þó sé það nóg, að lögtaks hafi verið beiðzt, áður en frestur inn sé liðinn, enda fylgi beiðandi fram lögtakinu með hæfilegum hraða. Hér sé meginregla, er hljóti að gilda um alla innheimtu gjalda. Lögtak sé heimilað til hagræðis fyrir gerðarbeiðanda, en hæfilegur hraði skuli á hafður og sé það ákvæði til hagsmuna fyrir gjaldanda, þ. e., hann eigi rétt á úrslitum málsins án óþarfs dráttar. Þótt fjárnám sé sérstök réttargerð og uppboð önnur, þá sé hvort tveggja þáttur í sömu innheimtunni. Það geti ekki talizt að framfylgja slíkum innheimtum með hæfilegum hraða, þegar fyrst sé beðið um auðungaruppboð, nærri sjö árum eftir að lögtak fór fram og nærri tíu árum eftir gjalddaga kröfunnar.

Loks hefur varnaraðili vakið athygli á, að með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 80/1960: Soffía E. Haraldsdóttir gegn fjármálaráðherra og tollstjóranum í Reykjavík fyrir ríkissjóð sé frú Soffía E. Haraldsdóttir sýknuð af kröfu um greiðslu stóreignaskatts hennar. En það sjáist nú af dskj. nr. 8, að hluti af gjaldi því, er hér sé beiðzt uppboðs fyrir, þ. e. kr. 53.094.00, sé hluti af stóreignaskatti frú Soffíu E. Haraldsdóttur. Sé því úr því skorið með greindum dómi, að þar greind innheimta sé fyrnd, enda segi það sig sjálft, að ekki megi krefja félag, in casu varnaraðilja, um gjald hluthafa í félaginu, það sem fyrnt sé gagnvart honum sjálfum.

Lögmaður sóknaraðilja hefur eindregið mótmælt þeirri röksemd gagnaðilja, að álagning stóreignaskattsins væri ólögleg og hefur þar um vísað til ýmissa hæstaréttardóma. Þá hefur sami aðili mótmælt því, að skattkrafan væri niður fallin vegna fyrningar. Sérstaklega hefur hann mótmælt því, að lögtakið hafi ekki verið rekið með hæfilegum hraða, og hefur þar um vísað til hæstaréttardóms nr. 80/1965 og framlagðra endurrita úr fó-

getabók Reykjavíkur um fresti í lögtaksmálinu. Einnig hefur sami lögmaður andmælt því, að dómur í máli Soffíu E. Haraldsdóttur út af persónulegum sköttum hennar geti ráðið neinu um úrslit þessa máls, þar sem gjaldið hafi fyrnzt fyrir vangæzlu á að halda réttinum við. Loks hefur sóknaraðili mótmælt því, að skattkrafan sé fallin niður samkvæmt 3. gr., 3. tl., fyrningarlaganna, vegna þess að með lögtakinu sé ótvírætt slitið fyrningu, sbr. 12. gr. fyrningarlaganna. Jafnframt heldur hann því fram, að með lögtaksgerðinni hefjist 10 ára fyrningarfrestur, sbr. 4. gr. fyrningarlaganna. Telur hann, að lögtaksgerð í þessu sambandi sé dómsígildi og hafi því hafizt 10 ára fyrningarfrestur við lögtakið.

Fyrst er að athuga þá mótbáru varnaraðilja, hvort skattlagningin sé lögleg. Með tilliti til dóma, sem gengið hafa út af stóreignaskattslögunum nr. 44/1957, og þá einkum hæstaréttardóma, verða lögin ásamt reglugerð, sem sett hefur verið samkvæmt þeim, að teljast lögleg heimild til álagningarinnar, og þar sem ekki hefur verið með rökum fundið að framkvæmd álagningarinnar, verður þessi mótbára ekki tekin til greina, og þykir ekki vera efni til að rökræða þetta efni frekar.

Þá er úrlausnarefnið, hvort skattkrafan í máli þessu sé fyrnd, svo að uppboð megi ekki fram fara til fullnustu hennar.

Skattur samkvæmt lögum nr. 44/1957 fyrnist á fjórum árum samkvæmt 3. tl. 3. gr. fyrningarlaganna nr. 14/1905, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1885. Skattkrafa sú, er hér um ræðir, féll í gjalddaga 16. ágúst 1958 og hefði því fyrnzt 16. ágúst 1962, ef lögtaksgerðir þær, er hófust 5. ágúst 1960 og enduðu með framkvæmd lögtaksins 2. maí 1961, hefðu ekki slitið fyrningu, sbr. 12. gr. fyrningarlaganna. En þá er úrlausnarefni það, hvað sá frestur er langur. Þess er ekki getið í 12. gr. fyrningarlaganna, hvað hinn nýi fyrningarfrestur verður langur, né annars staðar í þeim lögum, en tekið er fram í 6. gr. fyrningarlaganna, að hafi skuldabréf verið útgefið, dómur gengið eða sátt gerð um kröfuna, þá fyrnist hún samkvæmt 4. gr., sbr. 5. gr., þ. e. á 10 árum. Þó má ráða það af 6. gr. fyrningarlaganna, að aðalreglan sé, að nýr fyrningarfrestur verði jafnlangur hinum fyrri. Í 4. gr. síðastgreindra laga er ekkert vikið að lögtaksgerðum né heldur í niðurlagi 6. gr. sömu laga, og í 12. gr. er sérstaklega fjallað um lögtaks-, fjárnáms- og uppboðsgerðir, en í 11. gr. er fjallað um venjulega lögsókn. Það verður því með engu móti fundið út úr lögunum, að lögtak jafngildi dómi í þessu sambandi, enda er

fjallað um þýðingu þessara dómsathafna í sambandi hvort fyrir sig. Í 1. gr., 3. málsgr., fyrningarlaganna segir svo: „Haldsréttur og veðréttur ónýtist ekki, þótt skuldin fyrnist, nema sjálfsvörzluveðréttur í lausafé; hann fellur úr gildi um leið og krafan fyrnist, nema að því er snertir lausafé, sem er löglegt fylgifé með veðsettri fasteign . . .". En hér er um að ræða sjálfsvörzluveð í lausafé eftir lögtaksgerð, og verður að álíta, að ákvæðið gildi um það beint eða með lögjöfnun. Ekki verður á það fallizt með sóknaraðilja, að málaferli þau, er verið hafa fyrir dómstólum um stóreignaskatt, hafi áhrif á fyrningu á þessum skatti, þar sem ekkert liggur fyrir um það í málinu, að um neitt slíkt hafi verið um samið eða gerðarbeiðandi hafi á öðrum grundvelli mátt treysta því, að varnaraðili beitti ekki fyrningarástæðu fyrir sig. Samkvæmt því, er nú hefur verið sagt, verður að telja, að krafa sú, er hér um ræðir, hafi fyrnzt, þegar 4 ár voru liðin frá framangreindum lögtaksaðgerðum, eða 5. ágúst 1964, og jafnframt veðréttur sá, er til varð við framkvæmd lögtaksins. Ber því að synja um framgang þessa uppboðs. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Framangreint uppboð á ekki að fara fram.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 26. febrúar 1969.

Nr. 24/1969. **Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs**
(Ármann Jónsson hrl.)
gegn
Jóhannesi G. Helgasyni og gagnsök
(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dómendur:
Jónatan Hallvarðsson hæstaréttardómari, Ármann Snævarr prófessor, Bjarni K. Bjarnason borgardómari, Emil Ágústsson borgardómari og Halldór Þorbjörnsson sakadómari.

Stóreignaskattur. Uppboð. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. febrúar 1969. Hann gerir þær dómkröfur, að heim-

ilað verði „uppboð á eignarhluta gagnáfrýjanda í fasteigninni Stórageröi 26“ í Reykjavík, „þ. e. *íbúð á 3. hæð til hægri,* samkvæmt lögtaki, er gert var 2. maí 1961, og yfirlýsingu fjármálaráðuneytisins og gagnáfrýjanda 17. jan. 1967“ til fullnustu skatti á stóreignir samkvæmt lögum nr. 44/1957, kr. 183.882.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1964 til greiðsludags, lögtakskostnaði, kr. 2.060.00, og svo uppboðskostnaði. Þá krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 13. febrúar 1969, krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, að synjað verði uppboðs þess, sem krafizt er, og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hinn 2. maí 1961 var í fógetadómi Reykjavíkur samkvæmt kröfu aðaláfrýjanda framkvæmt lögtak til tryggingar greindri stóreignaskattsskulds gagnáfrýjanda, kr. 183.882.00, ásamt vöxtum og kostnaði í *íbúð hans á 1. hæð til vinstri í húsinu nr. 26 við Stórageröi í Reykjavík.* Lögtaksgerð þessari var þinglýst hinn 15. júní 1961.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð yfirlýsing fjármálaráðuneytisins, dags. 17. janúar 1967 og samþykkt af gagnáfrýjanda með undirskrift hans, svohljóðandi:

„Með lögtaki 2. maí 1961 tók ríkissjóður veð í (4 herb.) íbúð á 1. hæð t. v. í húsinu nr. 26 við Stórageröi hér í bæ, fyrir stóreignaskatti, að fjárhæð kr. 183.882.00. Hefir ráðuneytið nú samþykkt að leysa téða veðsetningu af íbúðinni, enda færist lögtakið á sama tíma yfir á sams konar íbúð í húsinu á 3. hæð til hægri, en þinglesinn eigandi beggja íbúðanna er Jóhannes G. Helgason, Stórageröi 26, sem undirritar yfirlýsingu þessa til staðfestu umræddri yfirfærslu veðréttarins. Hefur ríkissjóður hér eftir 3. veðrétt í téðri íbúð, 3. hæð t. h. í Stórageröi 26, með uppfærslurétti næst á eftir upphafl. kr. 125 þús. láni í Sparisjóði Reykjavíkur, skv. veðbr. 25/6 1962, og upphafl. 220 þús. kr. láni á vegum Bsfél. starfsm. S.V.R., skv. veðbr. 12/8 '63, enda er réttarstaða

ríkissjóðs óbreytt að öllu öðru leyti en því, sem leiðir af hér-greindri tilfærslu veðréttarins.

Fjármálaráðuneytið, 17. jan. 1967
Guðlaugur Þorvaldsson
Samþykkur:
Jóhannes G. Helgason".

Yfirlýsingu þessari var þinglýst 18. janúar 1967.

Í héraði krafðist aðaláfrýjandi uppboðs á íbúð þeirri á 1. hæð til vinstri í húsinu nr. 26 við Stóragerði í Reykjavík, sem lögtak var gert í 2. maí 1961, eins og áður greinir. Fyrir Hæstarétti krefst aðaláfrýjandi hins vegar þess, að seld verði á uppboði íbúð á 3. hæð til hægri í sama húsi, sem getið er í yfirlýsingu fjármálaráðuneytis og gagnáfrýjanda. Uppboðsdómur hefur því ekki fjallað um efni það, sem dómkrafa aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti tekur til.

Hinn 1. nóvember 1968 var í uppboðsdómi lagt fram veðbókarvottorð, dagsett sama dag, þar sem m. a. segir svo:

„Samkvæmt afsals- og veðmálabókum Reykjavíkur vottast:

1. að 4ra herb. íbúð á 3. hæð t. h. í húsinu nr. 26 við Stóragerði með tilheyrandi leigulóðarréttindum er eign Jóhannesar G. Helgasonar samkvæmt heimildarbréfi, dags. 27/4 '61.
2. að á eigninni hvíla engar aðrar þinglýstar veðskuldir né önnur eignarbönd en þau, er hér greinir ... Með 3. veðrétti kr. 183.882.00 til tollstjórans í Reykjavík samkv. lögtaki, dags. 2/5 '61 og 17/1 '67".

Ljóst mátti vera, að lögtakskrafa aðaláfrýjanda, sem samkvæmt greindu veðbókarvottorði hvíldi á íbúð gagnáfrýjanda á 3. hæð til hægri í húsinu nr. 26 við Stóragerði „samkv. lögtaki, dags. 2/5 '61 og 17/1 '67", var sú hin sama skattkrafa, sem þinglýst hafði verið með dómveði í íbúð gagnáfrýjanda á 1. hæð til vinstri í sama húsi, samkvæmt lögtaki 2. maí 1961. Atvik að þessu voru ekki reifuð af hendi málsaðilja. Bar uppboðshaldara því að krefjast um þau skýrslna, áður en hann lauk úrskurði á sakarefni. Þar sem uppboðs-

haldari lét þetta undir höfuð leggjast, þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti þykir eiga að falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður uppboðsdóms Reykjavíkur 23. janúar 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., er þannig til komið, að tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs krafðist uppboðs hjá varnaraðilja, Jóhannesi G. Helgasyni, Stórageröi 26, Reykjavík, á fasteigninni Stórageröi 26, Reykjavík, fyrir stóreignaskatti að fjárhæð kr. 183.882.00 ásamt vöxtum, ½% á mánuði frá 1. apríl 1968 til greiðsludags, kostnaði samkvæmt lögtaksgerð frá 2. maí 1961. Einnig krefst uppboðsbeiðandi málskostnaðar úr hendi uppboðsþola.

Varnaraðili hefur krafizt þess, að synjað verði um framgang hins umbeðna uppboðs og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi sóknaraðilja.

Uppboðs var einnig krafizt vegna sams konar skatts hjá Mófelli h/f, Hafnarstræti 16, Reykjavík, í sömu fasteign, en samkomulag varð með aðiljum við meðferð málsins um að láta þann þátt málsins hvíla, og verður því ekki fjallað um það efni í úrskurði þessum.

Með bréfi, dags. 13. marz 1968, til borgarfógetaembættisins bað tollstjórinn í Reykjavík sem innheimtumaður ríkisins um, að fasteignin Stórageröi nr. 26 í Reykjavík, talin eign uppboðsþola, Jóhannesar G. Helgasonar, og tekin hafði verið lögtaki 2. maí 1961, fyrir eftirtöldum fjárhæðum:

1. Skatti á stóreignir nr. 143	kr.	183.882.00
2. Vöxtum til 1. apríl 1968	—	46.889.00
3. Lögtakskostnaði	—	2.060.00
Samtals	kr.	232.831.00

auk áfallandi vaxta ½% pr. mánuð frá 1. apríl 1968 svo og áfallandi kostnaði.

Málið var þingfest í uppboðsréttinum 1. nóvember 1968, og

var þá ákveðið að hafa frekari málflutning í málinu, og hefur það síðan verið sótt og varið hér fyrir dómi og lagt í úrskurð 6. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili hefur lagt fram í málinu endurrit af lögtaksgerð, sem framkvæmd var 2. maí 1961, þar sem framangreind fasteign er tekin lögtaki eftir ábendingu lögmanns varnaraðilja, að því er virðist fyrir stóreignaskatti að upphæð kr. 183.882.00 auk dráttarvaxta og kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboðs, ef til kæmi. Einnig hefur sami aðili lagt fram edurrit úr fógetabók Reykjavíkur frá 5. ágúst 1960, þar sem lögtaksmálið var þingfest og frestað með samkomulagi aðilja til 1. nóvember s. á., og munu frestir hafa verið veittir til 2. maí 1961, en þá fór lögtakið fram.

Þá liggur fyrir í málinu Lögbirtingablað, útgefið 30. september 1968, þar sem auglýst er uppboð á framangreindri fasteign fyrir stóreignaskatti að fjárhæð kr. 183.882.00 auk vaxta og kostnaðar, er fram skyldi fara 1. nóvember s.l.

Einnig hefur sóknaraðili lagt fram ljósrit af kröfubréfi tollstjóra, dags. 28. desember 1967, þar sem skorað er á varnaraðilja að ganga frá greiðslu skattsins með peningagreiðslu eða útgáfu skuldabréfs, og er veittur frestur til þess til 1. marz 1968, en ella verði krafizt uppboðs.

Þá hefur sóknaraðili lagt fram ljósrit af bréfi fjármálaráðuneytisins, dags. 26. febrúar 1968, sem er eins konar staðfesting á innheimtuaðgerðum innheimtumanna ríkissjóðs. Þó er frestur til greiðslu framlengdur til 1. apríl 1968. Þá tekur ráðuneytið fram, að því sé kunnugt um, að nokkrir gjaldendur muni halda uppi vörnum fyrir uppboðsrétti, og tekur fram, að ef málaferli breyti einhverju um álagningu eða innheimtu skattsins, muni ráðuneytið láta það sama gilda um þá, sem nú gangi frá greiðslu skattsins.

Uppboðsbeiðandi hefur einkum byggt kröfur sínar á eftirfarandi atriðum: Skatturinn er lagður á eftir lögum nr. 44 frá 1957 um skatt á stóreignir, 2. mgr. 10. gr., sbr. 6. mgr. 24. gr. reglugerðar nr. 95/1957, og 1. mgr. 15. gr. laga nr. 46/1954 auk hinnar almennu heimildar í 1. gr. lögtakslaganna nr. 29/1885.

Gjalddagi skattsins hafi verið 16. ágúst 1958 og lögtaksúrskurður hafi verið útgefinn og birtur lögum samkvæmt.

Lögtak hafi verið gert í ofangreindri fasteign 2. maí 1961, sbr. dskj. 2, en upphaflega hafi það verið fyrir tekið í fógetarétti 5. ágúst 1960, en frestir hafi verið veittir í málinu, þar til lögtakið

hafi verið framkvæmt 2. maí 1961. Lögtaksheimild fyrir skattinum sé í 2. mgr. 10. gr. laga nr. 44/1957 og 6. mgr. 24. gr. reglugerðar, sem sett hafi verið samkvæmt þeim lögum, nr. 95/1957 og 1. mgr. 45. gr. laga nr. 46/1954 auk hinnar almennu heimildar í 1. gr. lögtakslaganna nr. 29/1885.

Við lögtakið hafi verið mætt af hálfu beggja aðilja (uppboðsbeiðanda og uppboðsþola) og séu engir sjáanlegir formgallar á lögtaksgerðinni og henni hafi ekki verið áfrýjað til æðri réttar. Gerðin sé því fullgild uppboðsheimild. Þá bendir sóknaraðili á, að varnaraðili hafi ekki neytt réttar síns til að skjóta málinu til dómstólanna samkvæmt 12. gr. lögtakslaganna um höfðun máls í héraði um lögmæti lögtaksgerðarinnar né heldur samkvæmt 10. gr. stóreignaskattslaganna nr. 44/1957 og 23. gr. reglugerðar um sama efni nr. 95/1957.

Sóknaraðili hefur bent á, að alllangur dráttur hafi verið á, að gengið væri að hinni lögteknu eign. Kveður hann það einkum stafa af því, að fyrir dómstólum hafi verið á þessum tíma rekin nokkur mál út af sams konar skatti og um sé að tefla í máli þessu. Hafi í sumum þeirra m. a. verið deilt um nokkur almenn atriði, sem gátu hafa haft meiri eða minni verkanir á skattgreiðslur annarra gjaldenda, og hugsanlegt, að dómstólar mætu þær á annan veg en skattayfirvöld höfðu gert og hafi síðast dómur í slíku máli gengið í Hæstarétti 30. janúar s.l. Mun ekki hafa verið talið rétt að ganga almennt til uppboðs lögtekinna eigna, meðan atriði, sem gátu haft almenna og víðtæka þýðingu, var óútkljáð hjá dómstólum. En eftir að sýnt hafi verið, að ekki yrðu frekari breytingar gerðar hjá dómstólum, sem gætu skipt fjölda gjaldenda máli, hafi þegar verið hafizt handa um að ganga til uppboðs hjá þeim, sem enn áttu ógreidda skatta. Innheimta skattsins hafi hins vegar hafizt þegar á árinu 1958, sbr. auglýsingu fjármálaráðuneytisins nr. 194 8. desember 1958, enda muni meiri hluti gjaldenda hafa greitt skatta á næstu 2 árum og ýmsir síðar.

Gagnvart þeirri mótbáru gerðarþola, að krafan sé fyrnd, heldur sóknaraðili því fram, að lögtaksgerð sé dómsígildi og fyrnist því á 10 árum samkvæmt 4. gr. fyrningarlaganna nr. 14/1905, og í öðru lagi, að veðréttur á fasteign fyrnist ekki, þótt krafa sem slík fyrnist.

Andmæli varnaraðilja gegn því, að uppboðið megi fara fram, eru byggð á eftirfarandi atriðum:

Hann bendir á, að hann hafi í öðru máli út af sams konar skatti andmælt gildi laga nr. 44/1957 með breytingum, sem á þeim

hafi orðið bæði fyrir héraðsdómum og Hæstarétti, svo og reglugerðum, er settar hafa verið samkvæmt þeim. Þá hafi Hæstiréttur með tveimur dómum sínum numið úr gildi mikilvæg atriði laganna, sem sé með dómi nr. 116/1958 frá 29. nóvember 1958 og í málinu nr. 129/1959, uppkveðnum 7. desember 1959. Fyrri dómurinn nemi úr gildi 1. mgr. 4. gr. laganna um mat á hlutabréfum og síðari dómurinn nemi úr gildi reglur síðustu mgr. 2. gr. laganna um mat á fyrifram greiddum arfi.

Eftir alla þessa meðferð hafi orðið að margreikna skatt gjaldenda og hafi skatturinn hrapað niður um meira en helming. Muni slíkt einsdæmi á Íslandi um skattalög og skattheimtu. Sé óhæfa að fylgja fram slíkum lögum, þótt ekkert kæmi til annað, enda séu engar líkur til, að lögin séu í samræmi við vilja Alþingis 1957, hvað þá nú. Það nái því engri átt að leyfa uppboð á eign eftir lögtaki, framkvæmdu á þeim grundvelli, sem hér hefur verið rakið.

Önnur meginástæða varnaraðilja er, að fyrning skattsins standi fyrir uppboði. Bent er á, að gjalddagi skattsins sé 16. ágúst 1958 samkvæmt auglýsingu fjármálaráðuneytisins nr. 194/1958 og að skatturinn fyrnist á 4 árum, sbr. 3. tl. 3. gr. laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14 20. október 1905. Lögtaks hafi verið beiðzt 5. ágúst 1960, og hafi það verið framkvæmt 2. maí 1961. Samkvæmt því telur varnaraðili kröfuna vera fyrnda 5. ágúst 1964 og í síðasta lagi 2. maí 1965.

Varðandi þá málsástæðu sóknaraðilja, að lögtaksgerð sé dómsígildi og fyrnist því ekki fyrr en eftir 10 ár, hefur varnaraðili staðhæft, að það væri alrangt, og hefur fært fram fyrir því eftirfarandi rök: Hann bendir á, að samkvæmt 3. tl. 3. gr. fyrningarlaganna fyrnist á 4 árum „kröfur, er lögtaksrétt hafa", þ. á m. skattkröfur, enda séu þetta í eðli sínu tímabundnar (periodiskar) greiðslur alveg eins og vextir og aðrar greiðslur samkvæmt 2. tl. 3. gr. sömu laga, sem fyrnast á 4 árum, enda sé það útkljáð með dómi Hæstaréttar (Hrd. XXXII, bls. 591), að svokallaður stóreignaskattur fyrnist á 4 árum. Varnaraðili bendir á, að álagning skatts ásamt birtingu lögtaksúrskurðar sé aðfararheimild og ýmsar aðrar reglur gildi um dóma en lögtak, það sé skýrt tekið fram um dóma í 1. mgr. 4. gr. fyrningarlaganna, að þeir fyrnist á 10 árum og teljist fyrningarfresturinn „frá dómsuppsögu án tillits til fjárnámsfrests", 1. mgr. 5. gr. Hins vegar séu lögákveðnir gjalddagar eftir hvern gjalddaga og sé gjalddagi hér umrædds gjalds talinn 16. ágúst 1958, en samkvæmt 1. mgr. 5. gr. fyrn-

ingarlaganna teljist fyrningarfrestur „frá þeim degi, er krafa varð gjaldkræf", eða í þessu tilfelli frá 16. ágúst 1958. Sé þetta aðalregla, en ákvæðin í 5.—12. gr. sömu laga valdi lengingu fyrningarfrestsins í sumum tilfellum, en það sé aðeins hagkvæmisreglur. Þá hefur varnaraðili vísað til ákvæða 12. gr. fyrningarlaganna, sem sé eingöngu til að tryggja framgang lögtaks, sem byrjað sé fyrir fyrningarfrestinn.

Þá bendir varnaraðili á, að samkvæmt 4. gr. fyrningarlaganna fyrnist á 10 árum: Kröfur samkvæmt skuldabréfi, dómi eða opinberri sátt, er ekki falla undir ákvæði 2. gr., svo og allar aðrar kröfur, sem ekki er settur annar fyrningarfrestur fyrir í 2. og 3. gr. Ljóst sé, að þetta síðastnefnda ákvæði 4. gr. komi hér ekki til greina, þar sem opinber gjöld fyrnist eftir ákvæði 3. tl. 3. gr. Hvergi sé heldur innt að því, að lögtak skapi 10 ára fyrningarfrest. Þvert á móti, atriðin í 1. mgr. 4. gr. séu talin tæmandi upp og algerlega sé óheimilt að lögjafna frá þeim.

Varnaraðili hefur talið það vafalaust, að ekki megi framkvæma nauðungaruppboð á lögtekinni eign, ef fyrnt sé gjald það, er ljúka skal, og ætlar, að þetta muni gilda um allar eignir, og sé þetta leitt af lögjöfnun 3. mgr. 1. gr. laga nr. 14/1905 um lausafé, en sama hljóti að gilda um lögtekna fasteign. Þá hefur varnaraðili skírskotað til þess, að veð sé að jafnaði stofnað með viljayfirlýsingum eða frjálsum samningi tveggja aðilja. Við aðför stofnist sérstakur réttur gerðarbeiðanda yfir fjárnuminni eða lögtekinni eign og tali menn þá um aðfararveð, þetta sé þó í rauninni rangnefni, þar sem veðsetning sé réttskoðað aðeins frjáls gerningur.

Fjárnám byggist að vísu á fjárkröfu, sem maður hefur eignazt á hendur öðrum manni. Slík krafa geti þó orðið til með allt öðrum hætti en í frjálsum viðskiptum manna á milli. Það nái því engri átt, að aðfararveð standi lengur en krafa sú, sem með aðför er tryggð, jafnvel þótt rétt væri, að fasteignaveð fyrir venjulegri skuldakröfu gæti staðið lengur en krafan sjálf. Einnig skírskotar varnaraðili til þess, að löggjafinn hafi ákveðið, að fjárnám falli niður, þótt krafa sé í fullu gildi, sjá t. d. 2. mgr. 50. gr. laga um aðför nr. 19 4. nóvember 1887. Þá hefur gerðarþoli borið það fyrir sig, að ósamræmi yrði í innheimtunni, þegar veðrétturinn fellur niður í lausafé, en ætti að haldast, ef svo hefur viljað til, að fasteign hefur verið lögtekin. Loks hefur varnaraðili skírskotað til þess, að árstíðarbundnar greiðslur samkvæmt 2. tl. 3. gr. fyrningarlaganna fyrnist á fjórum árum og með þeim sjálfs-

vörzluveðréttur í lausafé, er fyrir þeim hefur verið settur, sbr. 4. mgr. 1. gr. sömu laga.

Þá hefur varnaraðili borið fyrir sig ákvæði 2. gr. lögtakslaganna, þar sem segir, að lögtaksrétturinn fyrnist á 2 árum frá gjalddaga, þó sé nóg, að lögtaks hafi verið beiðzt, áður en frestur sé liðinn, enda fylgi beiðandi fram lögtakinu með hæfilegum hraða.

Hér sé meginregla, er hljóti að gilda um alla innheimtu gjalda. Lögtak er heimilað til hagræðis fyrir gerðarbeiðanda, en hæfilegur hraði skuli á hafður og sé það ákvæði til hagsmuna gerðarþola, þ. e. hann eigi kost á úrslitum málsins án óþarfs dráttar þar á, þótt fjárnám sé sérstök réttargerð og uppboð önnur, þá sé hvort tveggja þáttur í sömu innheimtunni.

Það geti ekki talizt að framfylgja slíkri innheimtu með hæfilegum hraða, þegar fyrst sé beðið um nauðungaruppboð, nærri sjö árum eftir að lögtak fór fram og nærri tíu árum eftir gjalddaga kröfunnar. Eigi þetta að valda því út af fyrir sig, að synja eigi um uppboðið.

Fyrst ber að athuga þá mótbáru varnaraðilja, að skattálagningin sé ekki lögleg. Með tilliti til dóma, sem gengið hafa um svokallaðan stóreignaskatt, sbr. lögin nr. 44/1957, og þá einkum dóma Hæstaréttar, verða nefnd lög ásamt reglugerð, sem sett hefur verið samkvæmt þeim, nr. 95/1957 að teljast lögleg heimild til álagningar nefnds skatts, og þar sem ekki hefur með rökum verið fundið að álagningunni að öðru leyti, verður þessi varnarástæða ekki tekin til greina.

Þá skal athugað um, hvort fyrningarfresturinn sé liðinn.

Skattar samkvæmt lögum nr. 44/1957 fyrnast á 4 árum samkvæmt 3. tl. 3. gr. fyrningarlaganna nr. 14/1905, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1885. Skattkrafa sú, er hér um ræðir, féll í gjalddaga 16. ágúst 1958 og hafði því fyrnzt 16. ágúst 1962, ef lögtaksaðgerðir þær, er hófust 5. ágúst 1960 og lauk með lögtaki 2. maí 1961, hefðu ekki slitið fyrningu, sbr. 12. gr. fyrningarlaganna. En þá er úrlausnarefnið það, hvað sá frestur er langur. Þess er ekki getið í 12. gr. fyrningarlaganna, hversu hinn nýi fyrningarfrestur verður langur, né annars staðar í þeim lögum, en tekið er fram í niðurlagi 6. gr. laganna, að hafi skuldabréf verið útgefið, dómur gengið eða sátt gerð um kröfuna, þá fyrnist hún samkvæmt ákvæðum 4. gr., sbr. 5. gr., þ. e. á 10 árum. Þó má ráða það af 6. gr. fyrningarlaganna, að aðalreglan sé, að nýr fyrningarfrestur verði jafnlangur hinum fyrri.

Í 4. gr. fyrningarlaganna er ekki vitað, að lögtaksgerðin, né heldur í niðurlagi 6. gr. sömu laga (sic), og í 12. gr. er sérstaklega fjallað um lögtaks-, fjárnáms- og uppboðsgerðir, en í 11. gr. er fjallað um venjulega málssókn til að afla dóms. Það verður því með engu móti fengið út úr lögum, að lögtak jafngildi dómi í þessu sambandi, enda er fjallað um lögtak, fjárnám og uppboð sérstaklega í þessu sambandi í fræðiritum og málssókn sérstaklega.

Það verður því að telja, að fyrningarfrestur skattkröfu þeirrar, er hér um ræðir, hafi runnið út, þegar fjögur ár voru liðin, frá því lögtaksaðgerðir byrjuðu, eða 5. ágúst 1964. En í 1. gr., 3. mgr., fyrningarlaganna segir svo: „Haldsréttur og veðréttur ónýtist ekki, þótt skuldin fyrnist, nema sjálfsvörzluveðréttur í lausafé; hann fellur úr gildi um leið og krafan fyrnist, nema að því er snertir lausafé með veðsettri fasteign ...“.

Hér er hins vegar um að tefla veð í fasteign.

Gerðarþoli virðist halda því fram, að „lögtaksveð“ sé ekki með í merkingu fyrningarlaganna. Þetta fær þó ekki staðizt. Við fjárnám og lögtaksgerð er talið lögum samkvæmt, að svokallað aðfararveð stofnist, sbr. t. d. 34. gr. og 90. gr. skiptalaganna, 50. gr. aðfararlaganna og 22. gr. gjaldþrotaskiptalaga, og verða ekki fundin rök fyrir því, að þessi skilningur nái ekki einnig til aðfararveðs með tilliti til ákvæða fyrningarlaga. Það verður því ekki á það fallizt, að aðfararveð sé óæðra öðrum veðrétti í þessu sambandi. Það er talin meginregla, að veðréttur falli ekki niður, þótt krafan, sem tryggja átti, fyrnist, og er þetta beint tekið fram í 3. mgr. 1. gr. fyrningarlaganna. Þó eru vissar undantekningar frá þeirri reglu í lögum. Í síðastgreindri lagagrein segir svo: „Haldsréttur og veðréttur ónýtist ekki, þótt skuldin fyrnist, nema sjálfsvörzluveðréttur í lausafé; hann fellur úr gildi um leið og krafan fyrnist, nema að því er snertir lausafé, sem er löglegt fylgifé með veðsettri fasteign. ... Ennfremur fellur úr gildi sjálfsvörzluveðréttur fyrir vöxtum og öðrum kröfum, er ræðir um í 2. tl. 3. gr., þegar krafan fyrnist“. Eins og ljóst er af fyrri tilvitnaðri málsgrein, er það aðeins haldsréttur og sjálfsvörzluveðréttur í lausafé, sem fellur niður við fyrningu skuldarinnar, en í máli því, sem hér er um fjallað, er fasteign lögtekin, og nær undantekningin því ekki til þessa tilviks, hvað aðalkröfuna snertir, og ekki eru til önnur lagaákvæði, sem ná til þessa atriðis. Ekki verður heldur á það fallizt með varnaraðilja, að það sé svo óeðlilegt að láta það ráða úrslitum í slíkum tilfellum, hvort lausafé

eða fasteign hafi verið lögtekin, enda er beinlínis út frá því gengið í lögunum. Ekki verður heldur á það fallizt með gerðarþola, að dráttur sá, er hefur orðið á því að biðja um uppboðið, eigi að valda synjun uppboðsins. Niðurstaðan verður þá sú, að uppboðið megi fara fram fyrir aðalkröfunni.

Varnaraðili hefur krafizt þess sérstaklega, að ekki verði veitt heimild fyrir uppboði vegna vaxtakröfunnar, og hefur þar um vitnað til ákvæða 4. mgr. 1. gr. fyrningarlaganna, sem að ofan er til vitnuð. Talið er, að þetta ákvæði nái jafnt til sjálfsvörzluveðréttar í fasteign sem lausafjár, og verður því fallizt á sjónarmið varnaraðilja um þetta efni. Niðurstaðan verður þá sú, að heimilt sé að láta uppboðið fara fram fyrir skattkröfunni ásamt kostnaði. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Sigurður M. Helgason borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Framangreint uppboð skal fara fram til lúkningar skattkröfunni, kr. 183.882.00, ásamt kostnaði.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 28. febrúar 1969.

Nr. 185/1967. **Reynir Böðvarsson**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Eiríki Ásbjörnssyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. nóvember 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. s. m. Gerir hann þessar dómkröfur:

1. Að stefnda verði dæmt að hlíta því, að kaupum á m/s

Emmu, VE 1, nú Emmu, ÁR 19, ásamt fylgifé samkvæmt afsali, dags. 1. september 1964, verði riftað.

2. Að stefnda verði dæmt að endurgreiða honum kr. 100.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. nóvember 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags.
3. Að stefnda verði dæmt að greiða honum þinglestrar- og stimpilkostnað kaupskjala, að fjárhæð kr. 34.525.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 6. nóvember 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim tíma til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags.
4. Að stefnda verði dæmt að skila honum þremur veðskuldabréfum, hverju að fjárhæð kr. 200.000.00, og fjórum veðskuldabréfum, hverju að fjárhæð kr. 100.000.00, sem áfrýjandi gaf út vegna kaupanna.
5. Að stefnda verði gert að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Hinn 23. apríl 1968 dómkvaddi sýslumaðurinn í Árnessýslu þá dr. phil. Sigurð Pétursson gerlafræðing og Ingimar Óskarsson grasafræðing „til þess að skoða bátinn Emmu, VE 1, er nú er í slipp á Eyrarbakka“ og kveða upp álit um, „hvort maðkur sá, sem er í viðum bátsins, þrífist í ósöltu vatni, hvort líkur séu til þess, að maðkurinn hafi lífs- og vaxtarskilyrði í viðum báta, er gerðir eru út frá Eyrarbakka, þar sem sjórinn þar er lítt saltur, ... hvort umræddur maðkur geti hafa skemmt viði bátsins á því tímabili, frá því hann var afhentur“ áfrýjanda „hinn 1. september 1964 til 28. janúar 1965, er skoðun Skipaskoðunar ríkisins fór fram“. Matsmennirnir kváðu upp mat sitt hinn 14. maí 1968, og eru ályktarorð þeirra þessi: „Við teljum fullvíst, að stærri maðksmugurnar í byrðing v/b Emmu hafi verið þar, þegar báturinn var tekinn í slipp í nóvember 1963. Síðari maðksmitunin í byrðingnum hefur í síðasta lagi farið fram

sumarið 1964, og teljum við sennilegt, að það hafi gerzt, áður en báturinn kom til Eyrarbakka. Ber hvort tveggja til, að tíminn, sem báturinn lá á Eyrarbakka, var stuttur og sjávarhiti þá lækkandi, og að engin merki þess fundust í hafnarmannvirkjunum á Eyrarbakka, að trémaðkur hafi verið þar s.l. 5 ár, enda þótt sjávarselta þar sé nægileg til þess að hann gæti lifað".

Í máli þessu liggja eigi fyrir viðhlítandi gögn eða fullgilt mat um það, hvort eða að hvaða marki áfrýjandi er fær um að skila stefnda hinum seldu hlutum, skipinu Emmu, VE 1, nú ÁR 19, ásamt búnaði þess og veiðarfærum svo á sig komnum og förnum sem þeir voru, þá er áfrýjandi varð þess var, að nefnt skip var haldið leyndum löstum, og ef áfrýjandi er eigi megnugur að skila fjárhlutum þessum í áminnztu horfi, hversu mikilli fjárhæð nemur rýrnun þeirra í vörzlum hans á þessu tímabili, sbr. 57. og 58. gr. laga nr. 39/1922. Um þessi atriði brestur matsgerð, sem sameina má nauðsynlegri skoðunargerð samkvæmt 2. gr. siglingalaga nr. 66/1963 um það, hvort skipið var, þá er ágallarnir komu í ljós, talið þess vert, að við það væri gert. Í slíkri matsgerð hefði átt að greina út af fyrir sig, hvað viðgerð á hinum leynda fúa og leyndu maðkskemmdum hefði kostað. Ef metið er, að svarað hefði kostnaði að gera við skipið, þegar er hinir leyndu lestir fundust, þyrfti matsgerð að liggja fyrir um, hvort skipið sé nú þess vert, að viðgerð á því borgi sig fjárhagslega. En í þessu sambandi er þess að geta, að matsgerð þeirra Hjálmars Árnasonar og Egils Þorfinssonar frá 9. janúar 1966 er eigi fullnægjandi bæði sökum þess, að stefndi var eigi til hennar kvaddur og hún svarar eigi spurningum um öll þau atriði, sem kanna þarf.

Kröfugerð áfrýjanda í málinu, þar sem eigi eru boðin fram lögmæt skil hinna keyptu hluta, gagnasöfnun og málflutningur eru enn eigi svo rækileg, að málið hafi komizt á dómhæft stig. Verður því að ómerkja alla meðferð málsins fyrir héraðsdómi og svo héraðsdóminn og frávísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt er, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Meðferð máls þessa í héraði og hinn áfrýjaði dómur eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 30. desember 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 19. þ. m., er höfðað af Braga Björnssyni héraðsdómslögmanni, Vestmannaeyjum, f. h. Reynis Böðvarssonar, Sandi, Eyrarbakka, Árnessýslu, með stefnu, útgefinni 14. október 1965, birtri 19. s. m., á hendur Eiríki Ásbjörnssyni útgerðarmanni, Urðavegi 41, Vestmannaeyjum, til riftingar á kaupum á m/b Emmu, VE 1.

Stefnandi gerði í upphafi þær réttarkröfur:

I) Að stefndi verði dæmdur til að þola, að kaupum á m/b Emmu, VE 1, ásamt fylgifé samkvæmt afsali, útgefnu 1. september 1964, verði riftað með dómi.

II) Að stefndi verði dæmdur til að endurgreiða stefnanda greiðslu upp í kaupverð bátsins, kr. 100.000.00, með 7% ársvöxtum frá 1. nóvember 1964 til 31. desember s. á. og með 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

III) Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda þinglestrar- og stimpilkostnað kaupskjala vegna kaupanna, kr. 34.525.00, með 7% ársvöxtum frá 6. nóvember 1964 til 31. desember s. á. og með 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

IV) Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda endurbóta- og viðgerðarkostnað á vél bátsins, kr. 25.000.00, með 6% ársvöxtum frá 1. febrúar 1965 til greiðsludags.

V) Að stefndi verði dæmdur til að skila stefnanda þremur veðskuldabréfum, hverju að fjárhæð kr. 200.000.00, og fjórum veðskuldabréfum, hverju að fjárhæð kr. 100.000.00, er gefin voru út í sambandi við kaupin.

VI) Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda hæfilegan málskostnað að mati réttarins.

Í lok málsins féll stefnandi frá kröfu sinni í IV. lið og hækkaði vaxtarkröfur sínar samkvæmt II. og III. lið upp í 7% frá 1. janúar 1966 til greiðsludags, en að öðru leyti voru vaxtakröfur hans óbreyttar svo og aðrar kröfur.

Stefndi mætti í málinu og gerði þær réttarkröfur, að hann yrði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og verði stefnanda

gert að greiða honum hæfilegan og þó ríflegan málskostnað eftir mati réttarins.

Með afsali, útgefnu 1. september 1964, seldi stefndi stefnanda mótorbát sinn, Emmu, VE 1, ásamt 4 þorskanetjatrossum með tilheyrandi (kúlum, steinum, drekum og baujum), 4 dragnótum og einni þorskanót, tveim humartrollum og öllum togútbúnaði. Einnig fylgdu með í kaupunum öll varastykki í vél, sem bátnum tilheyrðu, svo og annað, sem bátnum fylgdi eða fylgja bar.

Söluverð bátsins var kr. 700.000.00, en söluverð veiðarfæra og annars fylgifjár kr. 400.000.00, eða samtals kr. 1.100.000.00. Greiðslu var hagað þannig, að kaupandi gaf út víxil að fjárhæð kr. 100.000.00 með gjalddaga 1. nóvember 1964. Fyrir eftirstöðvunum gaf hann út 7 veðskuldabréf, sem greiðast áttu á næstu 10 árum með 7% ársvöxtum — þrjú að fjárhæð kr. 200.000.00 hvert, en fjögur að fjárhæð kr. 100.000.00 hvert. Tekið var fram í afsalinu, að báturinn væri seldur í því ástandi, sem hann þá var í og kaupandi hefði kynnt sér og sætt sig við að öllu leyti. Seljandi ábyrgðist, að engar veðskuldir hvíldu á bátnum og engar sjóveðkröfur mundu á hann falla. Svo er sagt, að seljandi hafi lagt fram haffærisskírteini fyrir bátinn og kaupandi hafi gengið úr skugga um, að það væri í fullu gildi. Að lokum er tekið fram, að kaupandi taki við bátnum í Reykjavíkurhöfn ásamt fylgifé, allt í því ástandi, sem það er í.

Eins og fram kemur í afsalinu, fylgdi haffærisskírteini bátnum. Haffærisskírteinið var byggt á vottorði skipaskoðunarmanna í Vestmannaeyjum um aðalskoðun, sem fram fór 24. júní 1964. Við skoðunina reyndist bátur og búnaður í lagi að undanskildum nokkrum atriðum, sem lutu að búnaði hans. Að því tilskyldu, að úr því yrði bætt, mæltu skipaskoðunarmenn með haffærisskírteini til ársloka 1964. Við vitnaleiðslu í máli þessu upplýsti aðalskipaskoðunarmaðurinn hér, að eftir að mælt var fyrir, að aðalskoðun skyldi fara fram árlega, hafi aðeins verið mælt með haffærisskírteini til næstu áramóta. Þeirri reglu hafi verið fylgt, er báturinn var skoðaður í umrætt sinn.

Stefnandi veitti bátnum móttöku, um leið og afsal var gefið, og gerði bátinn síðan út frá Eyrarbakka fram eftir haustinu 1964. Síðan lá báturinn á legunni á Eyrarbakka til 18. janúar 1965, en var þá dreginn á land og tekinn upp í slipp. Stefnandi varð þess þá var, að maðkur var í súð bátsins, og sneri sér til Skipaskoðunar ríkisins og óskaði eftir, að skipaskoðunin léti framkvæma skoðun á bátnum. Magnús Guðmundsson skipaskoðunarmaður kom þá

austur og skoðaði bátinn 28. janúar 1965. Gaf hann skýrslu um athugun sína, og er hún á þessa leið:

„Við skoðun kom í ljós, að ytri súð skipsins er orðin maðksmogin um sjólínu báðum megin í afturskipinu, svo endurnýja verður talsvert magn ytri súðar (10—18 pl.) þess vegna. Skoðun leiddi enn fremur í ljós, að öll upprunaleg ytri súð skipsins er orðin meira og minna fúin. Þverskeyti halda ekki hampi, og feyra er mjög mikil í innhlið ytri súðar. Gera verður þær kröfur að endurnýja alla ytri súð skipsins. Dekkgrind undir lestarlúgu er mjög léleg, og verður að endurnýja hana. Innviðir skipsins (bjálkasúð og húfsýjur) voru skoðaðar í lest og reyndust svartir og stökkir, og verður að endurnýja þá. Skoðun á böndum var ekki framkvæmd og ekkert rifið frá til skoðunar".

Stefnandi tilkynnti stefnda í símtali hinn 20. janúar 1965, að hann hefði fundið sjávarmaðk í bátnum, og er ofanrituð skýrsla lá fyrir, skrifaði lögfræðingur hans bréf til stefnda, dags. 15. febrúar 1965, og kvað skoðun af hálfu ríkisskoðunarstjóra hafa leitt í ljós, að báturinn væri óbætanlegur og gerónýtur og um stórfellda leynda galla hafi verið að ræða, þegar sala fór fram. Kvað hann því stefnanda krefjast riftingar á kaupunum að öllu leyti og setti fram sömu kröfur eða svipaðar og gerðar eru í máli þessu. Stefndi svaraði með bréfi, dags. 18. febrúar 1965, og mótmælti því harðlega, að báturinn hefði verið með leynda galla, er stefnandi fékk afsal fyrir honum, og riftunarkröfunni mótmælti hann sem fjarstæðu. Maðk kvað hann ekki hafa verið í bátnum, meðan báturinn var í hans eigu, og aldrei hefði hann fengið maðk í bát í þau 40 ár, sem hann gerði út, enda hafði hann alltaf botnhreinsað báta sína reglulega. Hann kvaðst hafa sagt stefnanda, er hann tók við bátnum, að kominn væri tími til að botnhreinsa bátinn, en stefnandi hafi þá svarað, að báturinn væri hreinn og það væri ekki svo aðkallandi. Kveðst stefndi þá hafa sagt honum, að hann yrði að botnhreinsa bátinn í októberlok, er hann hætti dragnótinni, en þá hafi verið fyrirhugað, að báturinn færi í slipp hjá Dráttarbraut Vestmannaeyjar h/f, og kveðst stefndi hafa pantað pláss fyrir hann þar að beiðni stefnanda. Síðan hafi stefnandi afþakkað slippplássið og sagzt mundu taka bátinn upp á Eyrarbakka. Hélt stefndi því fram, að það væri stefnanda sjálfum að kenna, ef maðkur hefði komið í bátinn, þar eð hann hefði látið hjá líða of lengi að botnhreinsa bátinn. Skýrslu skipaskoðunarmannsins kvað stefndi bæði ónákvæma og ranga og ástand bátsins hefði stefnandi sjálfur kynnt sér, er kaupin fóru fram.

Hinn 5. marz 1965 skrifaði lögfræðingur stefnanda bréf til Magnúsar Guðmundssonar skipaskoðunarmanns og spurðist fyrir um, hvort efni skýrslu hans væri rétt skilið á þann veg, að hann teldi bátinn óviðgerðarhæfan, þ. e. ónýtan. Magnús Guðmundsson svaraði með bréfi, dags. 9. marz 1965, og benti á, að í skýrslu sinni væri þess getið, að bönd hefðu ekki verið skoðuð og ekkert rifið frá til skoðunar. Væri því ekki í skýrslunni um neina ákvörðun á viðgerðarhæfni skipsins að ræða, heldur væri hér aðeins skýrsla um skoðun, sem afhent var eiganda, svo að hann gæti tekið ákvörðun um framhaldsskoðun og fúarannsókn.

Hinn 11. marz 1965 skrifaði lögmaður stefnanda svo skipaskoðunarstjóra og sendi honum endurrit af skoðunarskýrslu skipaeftirlitsmannanna í Vestmannaeyjum 24. júní 1965. Óskaði hann eftir áliti og umsögn skipaskoðunarstjóra um skýrslur þessar, sem bæri svo mjög á milli. Jafnframt mæltist hann til, að skipaskoðunarstjóri léti 2 skoðunarmenn framkvæma ítarlega endurskoðun á bátnum, þar sem hann stæði uppi í dráttarbraut á Eyrarbakka.

Skipaskoðunarstjóri sendi tvo skipaskoðunarmenn austur, þá Hafliða J. Hafliðason og Magnús Guðmundsson, og framkvæmdu þeir skoðun á bátnum 1. apríl 1965. Skýrslu þeirra sendi skipaskoðunarstjóri lögmanni stefnanda með bréfi, dags. 8. apríl s. á. Tók hann þar meðal annars fram, að ekki væri hægt að ætlast til þess, að eftirlitsbækur almennt gefi glögga hugmynd um ástand skipa, því að þar væri yfirleitt einungis fært inn ágrip af skoðunargerðum og oft ekki annað en yfirlýsing um haffæri skipa. Hann kvað Magnús Guðmundsson hafa skoðað bátinn mjög gaumgæfilega, vegna þess að eigandi bátsins hringdi til skrifstofunnar og kvaðst hafa grun um, að maðkur væri kominn í byrðing. Skipaskoðunarstjóri gat þess að lokum, að væntanlegir kaupendur báta væru alltaf velkomnir á skrifstofuna til þess að afla sér upplýsinga um báta, sem þeir hugðust kaupa, og væri um gamla báta að ræða, væri það föst regla skipaskoðunarinnar að ráðleggja þeim að láta fram fara gagngera skoðun á bátunum, áður en þeir festa kaup á þeim.

Skýrsla Hafliða J. Hafliðasonar og Magnúsar Guðmundssonar um skoðun þeirra hinn 1. apríl 1965 er á þessa leið:

„Fimmtudaginn 1. apríl þ. á. skoðuðum við undirritaðir m.b. „Emmu II", VE 1 (ex Hrönn), þar sem hún stóð í slipp á Eyrarbakka. Báturinn er smíðaður í Nýborg á Fjóni árið 1916 og er

því 49 ára á þessu ári. Það má telja nokkuð háan aldur á fiskibát, þar sem telja má mikið af efni bátsins frá fyrstu tíð.

Kjölur: Kjölurinn er smíðaður úr beyki og er í einni lengd, sennilega frá fyrstu tíð. Ekki fundum við teljandi galla á kjölnum, hann er að vísu sponsaður á nokkrum stöðum, en þar sem við gátum rifið spons af, voru ekki hættulegir gallar undir sponsinu. Hins vegar má gera ráð fyrir, að kjalboltar séu tærðir milli bands og kjalar, og er brýn þörf á að reka úr nokkra kjalbolta til athugunar á því atriði, verði gert við bátinn.

Stefni: Afturstefni virðist vera nýlegt, eða síðan afturenda bátsins var breytt. Og virðist ekkert athugavert við það.

Framstefni lítur ekki illa út að utan að sjá, en innra stefnið er rifið að sjá eftir stefnisboltana. Má búast við, að það verði að endurnýjast, þegar byrðingsendar eru rifnir frá.

Böndin: Böndin er smíðuð úr eik. Annað hvort band tvöfalt úr 5″ þykkri eik, saman boltað með 2″—2¼″ lofti milli stykkjanna. Bandið á milli er einfalt úr 5″ þykkri eik, fría bilið milli banda er 5″ til 6″. Þetta má heita mjög sterk bandgrind í ekki stærri bát. Þar sem við gátum komizt að til að athuga ástand bandanna, sem aðallega var í lestinni, var ásigkomulag þeirra alls ekki slæmt, miðað við aldur. Að vísu var komin feyra eða fúahúð utan á böndin, sem alltaf er eðlileg á þetta gömlum eikarböndum, en fúa urðum við ekki varir við nema í bandendum efst uppi við þrömina, sem mun stafa af þilfarsleka og leka með skjólborðsstoðum og þröm. Þá má búast við, að fúi komi í ljós í böndum, þegar meira er rifið frá, einkum fremst og aftast.

Byrðingur: Byrðingur undir vatnslínu er úr beyki, en yfir vatnslínu úr eik. Víða er komin fúahúð innan á byrðinginn bæði yfir og undir vatnslínu, einnig milli banda og byrðings. Þegar svo er komið, má gera ráð fyrir, að allur byrðingssaumur sé meira og minna tærður og ónýtur. Við þessu er ekkert að gera annað en rífa allan gamla byrðinginn af, skafa alla fúahúð af böndunum og endurnýja byrðinginn. Byrðingur er víða maðkétinn, sérstaklega um sjólínu.

Bjálkasúð: Bjálkasúð er úr eik. Víða eru komnir fúablettir í bjálkasúðina.

Þilfarsbitar og langstykki: Þilfarsbitar og langstykki er úr eik, bitaendar eru fúnir á pörtum. Sérstaklega eru bitar og langstykki við lestarop mjög lélegt, einnig láréttu eikarbitahnén, þau sem séð verða í lestinni.

Innsúð: Innsúð er úr eik og furu, er orðin mjög léleg og fúablettir víða í lestinni, þar sem séð verður.

Þilfar: Þilfar úr furu, er orðið rúmlega 20 ára, nokkuð slitið á köflum, en annars ekki illa útlítandi".

Hinn 23. maí 1965 fór stefnandi þess á leit, að sýslumaðurinn í Árnessýslu dómkveddi tvo skipasmíðameistara til þess að gera endanlega rannsókn á bátnum í því skyni að fá úr því skorið, hvort um leynda galla hafi verið að ræða vegna maðkskemmda, er báturinn var seldur. Benti hann jafnframt á sem líklega til þess að framkvæma þetta verk með trúmennsku og samvizkusemi þá Egil Þorfinnsson skipasmíðameistara, Keflavík, og Hjálmar Árnason skipasmíðameistara, Reykjavík. Sýslumaður varð við þessum tilmælum og dómkvaddi nefnda menn í þessu skyni. Framkvæmdu þeir svo skoðun á bátnum að viðstöddum aðiljum málsins og skiluðu álitsgerð, dags. 25. júní 1965. Er hún á þessa leið:

„Samkvæmt dómkvaðningu sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 25. maí s.l., höfum við undirritaðir skoðað maðkskemmdir í byrðing m/b Emmu, VE 1, þar sem skipið stendur uppi í slippnum á Eyrarbakka.

Í bréfi Reynis Böðvarssonar, dmsk. nr. 1, er sérstaklega óskað eftir að fá úr því skorið, hvort um leynda galla hafi verið að ræða, þegar skipið var selt, þ. e. hvort maðkskemmdir hafi verið í skipinu, þegar afhending fór fram til Reynis Böðvarssonar 10/9 1964.

Við athugun kom í ljós, að byrðingur er maðksmoginn á aftanverðu skipinu um sjólínu sem næst þrjár plankaraðir á hvorri síðu tvær plankalengdir fram, þ. e. í allt 12 plankar af mismunandi lengdum.

Mestar eru maðkskemmdirnar stb. um sjómál á móts við stýrishús aftanvert, þar er byrðingurinn alveg gegnsmoginn á parti.

Að athuguðu máli teljum við ekki hægt að ákvarða nákvæmlega þann tíma, sem báturinn hefur maðksmogið, til þess er m. a. of langur tími liðinn, frá því báturinn var tekinn á land og þar til við skoðuðum hann. Við viljum þó benda á eftirfarandi:

Báturinn stóð í slipp í Vestmannaeyjum frá því í nóvember 1963 til aprílloka 1964. Síðan er báturinn seldur til Reykjavíkur 27/6 s. á. og þá nýskoðaður af skoðunarmanni í Vestmannaeyjum. Báturinn er gerður út frá Reykjavík í ca. tvo mánuði og er seldur Reyni Böðvarssyni á Eyrarbakka 10/9 s. á. og gerður þaðan út til 18/10 s. á. Síðan liggur báturinn á legunni á Eyrarbakka til

18/1 1965, en þá er hann tekinn í slipp á Eyrarbakka, og þá finnast í honum maðkskemmdirnar. Nú er mjög ólíklegt, að báturinn hafi fengið maðk í sig, meðan hann var gerður út, og útilokast þá tímabilið frá júlíbyrjun til 18. okt. þ. á. Þá er um að ræða tímabilið, frá því hann fer úr slipp í Vestmannaeyjum og þar til hann er seldur til Reykjavíkur, sem er 57 dagar, og tímabilið, sem hann liggur á legunni á Eyrarbakka, sem er þrír mánuðir. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að mjög sjaldgæft er, að bátar maðksmjúgi á Eyrarbakka, við þekkjum þess engin dæmi, aftur á móti er það til í Vestmannaeyjum, að bátar verði fyrir maðkskemmdum. Eins teljum við vafasamt með hliðsjón af hinum miklu maðkskemmdum, sem eru í stb. á Emmu og áður hefur verið getið, að það hefði getað skeð á síðustu þremur mánuðum, sem báturinn lá í sjó.

Að síðustu viljum við benda á, að á maðksmognu timbri ber mjög lítið á götunum eftir maðkinn yzt í timbrinu. Það er fyrst, þegar fjarlægt hefur verið yzta lag viðarins, sem götin koma í ljós í fullri stærð. Þess vegna verður að skoða báta, þar sem hætta er á maðki í sjónum, sérstaklega vandlega".

Eftir að mál þetta hófst, fór lögfræðingur stefnanda þess á leit við oddvita Eyarbakkahrepps, að hann fengi tvo sérfróða menn til að meta, hvað kosta muni að gera við m/b Emmu, VE 1, þannig að hún yrði í fullkomnu lagi samkvæmt kröfum Skipaskoðunar ríkisins. Oddvitinn óskaði þá eftir dómkvaðningu í þessu skyni með bréfi, dags. 26. nóvember 1965, og benti á sömu menn og áður höfðu verið dómkvaddir vegna málsins, þá Egil Þorfinnsson og Hjálmar Árnason. Sýslumaðurinn í Árnessýslu dómkvaddi síðan menn þessa hinn 29. nóvember 1965 til þess að framkvæma umbeðið mat. Skoðuðu þeir bátinn 18. desember 1965 að stefnanda viðstöddum og enn fremur að viðstöddum Eiríki Guðmundssyni skipaskoðunarmanni svo og oddvita Eyrarbakkahrepps, sem raunar var ekki viðstaddur nema skamma stund. Stefndi var ekki viðstaddur og virðist ekki hafa verið boðaður. Matsmennirnir skiluðu matsgerð, dags. 9. janúar 1966, og er hún á þessa leið:

„Samkvæmt skoðunarvottorði frá Skipaskoðun ríkisins, dags. 1/4 1965, verður að skipta um mikinn hluta byrðingsins á bátnum, bæði vegna maðkskemmda og vegna fúa í köntum byrðingsplankanna og eins vegna fúa á innhlið þeirra. Þá er saumur mjög tærður í elzta hluta byrðingsins, og er talið í skýrslunni

nauðsynlegt að skipta um allan elzta byrðinginn, m. a. af þessum sökum.

Við höfum því lagt til grundvallar í matsgerðinni, að allur elzti byrðingurinn yrði endurnýjaður og að sjálfsögðu allur maðksmoginn byrðingur, þá höfum við reiknað með, að endurnýjaður yrði sá annar byrðingur, sem eitthvað sér á að ráði. Alls höfum við reiknað með, að endurnýja þurfi 1.420 fet að byrðing. Gert er ráð fyrir, að hampþétta þurfi allan byrðing bátsins og þilfarsumgerð og fara yfir hampþéttingu á þilfari eftir þörfum.

Kjalarhællinn er nokkuð slitinn, og teljum við, að setja þurfi á hann járnhlífar, sem nái 2 m fram og ca. 80 cm upp á stefnið. Þá er gert ráð fyrir, að athuga þurfi kjalarboltana á 3—5 stöðum, og er slitkjölurinn þá endurnýjaður um leið. Öll brot á skjólborðsklæðningu eru meðreiknuð og eins að endurnýjuð séu ca. 20 fet af öldustokk á hvorri hlið að aftan. Hnísan að framan er nudduð og skemmd, og reiknum við með að setja járnhlíf á hana ca. 2 m langa. Vantar og stagur á frammastri eru ónýtir, stagbolti í framstafni er ónýtur, og er þetta tekið með í matið. Slit er undan keðjulásnum á stýrissveif, sem verður að gera við. Nálarbekkur bb megin við forvant er brotinn. Hattur á reykröri er ónýtur. Gert er ráð fyrir að skipta um innra stefni í bátnum og endurnýja hluta af bjálkasúð í lúkar stb. Til þess að komast að þessum hlutum verður að losa hluta af innréttingu í lúkar og setja upp aftur að lokinni endurnýjun innra st. og bjálkas. Reiknað er með, að taka þurfi báða vatnstankana, sem eru aftan við lúkarsþilið, yfirfara þá, mála og sementsbera innan. Að okkar áliti er garnering og gólf ónýtt í fiskilestinni, ef ekki af fúa þá vegna kolsýru, sem er í viðnum og gerir lestina óhæfa til notkunar. Við reiknum með því að endurnýja alla garneringu í lestinni og lestargólf, en það leiðir af sér, að rífa verður bæði þilin aftan og framan, til þess að hægt sé að skeyta garneringuna rétt. Losa þarf af sömu orsökum fremri olíutanka í vélarrúmi. Lestarkarmur og langstykki eru að okkar áliti ónýtt. Bæði er karmurinn of lágur skv. reglugerð, og svo er hann og langstykkin mjög slitin, og lestarhlerarnir eru of þunnir og verða að endurnýjast. Setja verður upp að nýju fiskveiðiljósin í frammastur. Þar sem báturinn hefur verið svo lengi án notkunar, verður að yfirfara alla raflögnina, setja nýja ljósageyma, þar sem þeir gömlu eru ónýtir, yfirfara töflurnar o. fl. Mersansegl er ónýtt, fali og blakkir í lausum reiða þarf að yfirfara. 12 manna gúmmíbátur er ónýtur.

Loftnet frá talstöð er slitið niður. Meiri hluta af ýmsum búnaði þarf að endurnýja, s. s. bjargb., bjarghr., slökkvit., rakettur, meðalakassa o. m. fl. Ljósavélina þarf að hreinsa upp og eins aðalvélina. Reimar og keðjur við dælur og rafala þarf að endurnýja. Dýptarmæli þarf að gera við. Þá þarf að sjálfsögðu að mála allan bátinn utan og innan og merkja.

Hvað böndum viðvíkur, munum við ekki í þessari matsgerð reikna með neinni viðgerð á þeim, þar sem ekki verður ákveðið um, hvað þurfi að endurnýja af þeim, fyrr en byrðingur hefur verið rifinn burt. Við viljum þó benda á, að mjög er líklegt, að eitthvað af böndum þurfi að endurnýja, og styðjumst við þar við reynslu okkar af viðgerðum af þetta gömlum bátum, en báturinn er byggður 1916 og er því 50 ára gamall, og þó að miklar viðgerðir hafi farið fram á honum, þá munu böndin flestöll vera frá fyrstu tíð.

Að okkar áliti er mjög hæpið, að hægt sé að framkvæma viðgerðina á Eyrarbakka, bæði sökum manneklu og slæmrar aðstöðu til svona stórviðgerðar. Við höfum því áætlað og tekið með í matið kostnað við að koma bátnum til Vestmannaeyja eða Faxaflóa, og er reikað með bráðabirgðaþéttingu á honum. Kostnað þennan teljum við kr. 62.000.00. Innifalið í matsgerðinni er slippleiga í 150 daga, sem er að okkar áliti skemmsti tími, sem viðgerðin tekur.

Að síðustu viljum við taka fram, að þessi greinargerð lýsir stærstu atriðum, sem liggja til grundvallar matsupphæðinni, en ýmsir smærri liðir eru innifaldir í henni, enda gert ráð fyrir, að báturinn fái haffærisskírteini kvaðalaust að lokinni viðgerð þeirri, sem hér hefur verið áætluð og metin til peningaverðs sem hér segir:

Efni	kr.	415.918.00
Vélav., rafsuða	—	34.238.00
Vinnulaun	—	1.247.800.00
Slippleiga	—	63.102.00
	Samtals kr.	1.761.058.00“

Báðir skoðunar- og matsmennirnir, Egill Þorfinnsson og Hjálmar Árnason, mættu fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 28. febrúar 1966. Kváðu þeir matsgerðir sínar framkvæmdar eftir beztu vitund og þekkingu. Við fyrri skoðunar- og matsgerðina hafi þeir einungis skoðað maðkskemmdir í byrðingum bátsins og reynt að gera sér

grein fyrir, hvenær þær hefðu myndazt, enda hafði ekki verið farið fram á annað í beiðninni. Í sambandi við seinni skoðunar- og matsgerðina hafi þeir skoðað bátinn sjálfstætt, en haft þó hliðsjón af skýrslu Skipaskoðunar ríkisins frá 1. apríl 1965. Kváðust þeir hafa lagt til grundvallar, að allar þær viðgerðir þyrftu að fara fram, sem rætt er um í skýrslunni, og hafi þeir því ekki tekið þau atriði sérstaklega til skoðunar. Hafi þeir m. a. lagt til grundvallar óbreytt, að allan gamla byrðinginn þurfi að rífa burt, eins og í skýrslunni segir. Einnig hafi þeir ekki skoðað sérstaklega fúa í bátnum, sem rætt er um í skýrslunni. Í því sambandi og af gefnu tilefni tók Egill Þorfinnsson fram, að fúi í garneringu og kolsýra í fiskilest, sem þeir ræða um í matsgerð sinni, hafi verið augljós við skoðun. Hann kvaðst álíta, að það mundi kosta um kr. 100.000.00 að endurnýja þá planka, sem maðksmognir voru, og væri það byggt á mjög lauslegri áætlun.

Stefnandi gaf aðiljaskýrslu fyrir aukadómþingi Árnessýslu 15. júní 1966. Áður en gengið var frá kaupum á bátnum, kvaðst hann hafa séð skýrslu skipaeftirlitsmanna í Vestmannaeyjum um aðalskoðun 24. júní 1964 svo og haffærisskírteini og eftirlitsbók bátsins. Hann kvaðst hafa vitað um aldur hans. Hann kvaðst hafa látið spyrja skipasmið um bátinn, áður en hann gekk frá kaupum, og fékk þau svör, að skipasmiðurinn vissi ekki annað en treysta mætti því, að báturinn væri í toppstandi. Hann kvaðst ekki hafa leitað upplýsinga um bátinn hjá skipaskoðunarstjóra. Hann kvaðst hafa skoðað bátinn í Reykjavíkurhöfn án þess að hafa nokkra sérfræðiaðstoð. Hann hafi litið ofan í lestina, en ekki skoðað hana nánar. Hann kvaðst ekki hafa orðið þess var, að neitt sérstakt væri að lestinni, eftir að hann fór að nota bátinn, eða henni ábótavant. Ekki hafi heldur komið fram neinir gallar á veiðarfærum, sem bátnum fylgdu og hann notaði, en það voru dragnóta- og togveiðarfæri. Hann sagði, að báturinn hefði farið á veiðar 6. september 1964 og farið nokkra róðra með dragnót til októberloka. Hinn 12. desember 1964 fór hann svo einn róður með troll. Eftir það hafi báturinn legið í Eyrarbakkahöfn, þar til hann var tekinn í land 18. janúar 1965. Stefnandi kvaðst minnast þess, að stefndi hafi sagt við hann í september 1964, að komið væri að því, að botnhreinsa þyrfti bátinn. Hann kvaðst hafa svarað því til, að það kæmi að því, að hann léti gera það, en báturinn væri ekki það óhreinn, að það væri bráðaðkallandi. Um sumarið 1965 lét hann setja striga á austurhlið bátsins. Hafði hann þá skömmu áður fengið símskeyti frá stefnda, þar

sem hann benti honum á, að nauðsyn bæri til að verja bátinn fyrir vindum og sól, eins og hann hefði þegar hinn 9. júní bent honum á. Endurrit af símskeytinu liggur fyrir, og er það dagsett 6. júlí 1965. Enn fremur kvaðst stefnandi hafa málað stýrishúsið að utan um vorið 1965. Annað en þetta, sem nú hefur verið greint, kvaðst stefnandi ekki hafa gert til varnar bátnum eða til viðhalds honum.

Skipaeftirlitsmennirnir í Vestmannaeyjum mættu sem vitni. Runólfur Jóhannsson skipaeftirlitsmaður kvaðst hafa framkvæmt aðalskoðun á bátnum 15. febrúar 1951 og eftir það hafi hann framkvæmt allar lögskipaðar skoðanir á bátnum fram á vor 1964. En starfandi vélaeftirlitsmaður á hverjum tíma hafi framkvæmt skoðun á vél. Runólfur Jóhannsson kvaðst telja allar skoðunargerðir sínar réttar og sömuleiðis skoðunargerðir frá 27. júní 1964. Hann sagði raunar, að nákvæm rannsókn hefði ekki farið fram á bátnum í það sinn, en báturinn hefði áreiðanlega verið í sjófæru ástandi, og ekki varð hann þess var, að byrðingur væri maðksmoginn. Hann gat þess, að viðgerðir hefðu farið fram á byrðingi, og mun þar átt við viðgerðir, sem fóru fram á árunum 1958 og 1959. Kvað hann þetta hafa atvikazt þannig, að skipstjóri og útgerðarmaður ætluðu að láta styrkja bátinn, en þegar byrðingur var rifinn upp, varð vart við fúa eða feyru í innri brúnum ytri súðarplanka. Þeir plankar voru teknir burt, þar sem fúa eða feyru varð vart, og ný eik sett í staðinn. Hann tók einnig fram, að á árinu 1953 hefðu verið settir nýir kjalsíðuplankar úr eik, og árið 1952 var afturendinn klæddur með eik frá kili upp að vatnslínu. Þá var sett nýtt stefni og kjölurinn styttur og lag bátsins breyttist. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við fúa í bátnum við skoðunina 1964. Áður hafði orðið vart fúa, eins og áður er að vikið, en hann kvaðst hafa haldið, að komizt hefði verið fyrir fúann eða feyruna. Hann tók jafnframt fram, að ganga megi út frá, að í gömlum bátum finnist fúablettir við rannsókn, án þess að um hættu sé að ræða. Hann sagði, að fúi eða feyra myndist á mörgum árum, en maðkur geti komið í skip og valdið skemmdum á einu ári. Hann sagði, að bátnum hefði verið mjög vel við haldið. Einar Jóhannes Gíslason vélaeftirlitsmaður kvaðst hafa undirritað skoðunargerðir bátsins árin 1961, 1962, 1963 og 1964 og væru þær réttar. Hann kvaðst jafnan hafa skoðað bátinn ásamt skipaeftirlitsmanninum Runólfi Jóhannssyni, enda hafi þeir jafnan hagað störfum sínum á þann veg. Hann skoðaði ekki innsúðir nema í mótorhúsi undir palla, og var þar allt í góðu ástandi.

Hann kvaðst ekki hafa vitað til, að neinn fúi hafi verið í bátnum, er hann skoðaði hann síðast, enda hefði hann þá ekki fengið skoðunarvottorð. Hann sagði, að bátnum hefði jafnan verið vel við haldið í Vestmannaeyjum og eigandinn kunnur fyrir hirðusemi. Hann sagði í tilefni skýrslunnar frá Skipaskoðun ríkisins í Reykjavík, að ekki þyrfti 10 mánuði til að byrðingur yrði maðkétinn. Kvaðst hann hafa orðið þess var, að maðkur komst í bát hans sjálfs á tveim mánuðum. Einnig taldi hann, að fúi gæti fljótt komið í tré.

Eins og áður er getið, var m/b Emma II smíðuð í Nýborg árið 1916. Samkvæmt skipaskrá er báturinn 40.93 rúmlestir brúttó, en 13.10 rúmlestir nettó. Báturinn var um langt skeið skráður á Akureyri undir nafninu Hrönn, EA 395, en var fluttur til Vestmannaeyja um áramótin 1950—1951, enda hafði Hrönn h/f í Vestmannaeyjum eignazt bátinn með afsali, útgefnu 22. desember 1950. Stefndi var stjórnarformaður og prókúruhafi þess félags, en fyrstu hluthafar voru auk hans kona hans og börn og tengdadóttir. Hinn 10. júní 1964 selur hlutafélagið Karli V. Guðbrandssyni í Hafnarfirði bátinn, en hinn 25. júlí 1964 selur Karl stefnda. Hinn 1. september s. á. selur svo stefndi stefnanda bátinn, eins og fyrr segir.

Á þeim tíma, sem Hrönn h/f var eigandi bátsins, voru ýmsar viðgerðir og endurbætur framkvæmdar á bol og vél. Endurrit úr eftirlitsbókum bátsins liggja fyrir. Báturinn var tekinn upp í dráttarbraut í Vestmannaeyjum í febrúar 1951 til botnskoðunar, og reyndist botn og bolur í lagi. Áður en báturinn var tekinn niður úr dráttarbrautinni, var botn hans brenndur, síðan tjargaður og þar yfir áborinn með botnfarfa. Ýmsar endurbætur og viðgerðir fóru fram í það sinn á vél, rafkerfi og búnaði bátsins. Upp úr áramótunum 1951—1952 var báturinn enn tekinn upp í dráttarbraut, og fór þá fram meiri háttar viðgerð og endurbót, og var hún í aðalatriðum þessi: Nýtt afturstefni úr eik og fært fram um einn metra, stýrinu var áður komið fyrir aftan á stefninu og tók sem næst öldustokk upp, en er nú komið fyrir undir hekkinu með stýrislegg úr stáli, 76 mm gildl. Ný vélarreisn færð fram um eitt bitabil. Fyrir vetrarvertíðarúthaldið 1953 var báturinn enn í dráttarbraut til standsetningar og endurbóta. Endurnýjað var. Nýjar kjalsíður látnar í, 30 boltar 7/8 og 1″ voru látnir í kjölinn, sem lítið eitt var farinn að losna frá böndum, en náðist við boltun þessa alveg aftur að þeim. Þilfarið var hækkað upp að framan um 17½″. Lengd upphækkunarinnar var

20 fet. Látnir voru nýir þilfarsbitar og lúkar innréttaður að nýju með 10 hvílum. Haustið 1957 var báturinn tekinn upp í dráttarbraut til standsetningar, og var þá m. a. styrktur botninn um vélina. Eikarstykki voru látin báðum megin með vélarundirstykkjunum og fram í lestarrúm. Endurnýjaðir voru plankar í ytri súð stjórnborðsmegin um sjómál, s.m.l. lengd 17.5 m. Haustið 1958 var báturinn einnig tekinn upp í dráttarbraut, og voru þá gerðar þessar endurbætur: Ytri súð í kinnungum báðum megin og neðan sjólínu var endurnýjuð, 270—300 fet. Var þetta fyrst og fremst gert af öryggisráðstöfunum, þar sem um gamlan bát var að ræða, og einnig með tilliti til þess að jafna plankaskeytum á þessu svæði og einnig saumstyrking. Skipaeftirlitsmennirnir tóku fram, að þetta hefði verið gert samkvæmt framtaki og ákvörðunum frá skipstjóra bátsins og eigendum, en ekki af neinni kvöð frá skipaskoðuninni. Vélarhúsþak var að mestu endurnýjað og nýtt stýrishús byggt með klefa aftan við. Það var úr eik og furu og klætt innan með harðviði. Öll var þessi vinna vönduð og vel frá öllu gengið og einnig allar endurbætur á bátnum samkvæmt því, sem skipaeftirlitsmenn hafa fært inn í eftirlitsbók bátsins. Í október 1959 var báturinn enn tekinn upp í dráttarbraut, og voru þá nokkrir plankar endurnýjaðir í ytri súð bakborðsmegin um sjómál. Í skipaeftirlitsbókinni er ekki rætt um fúa, en í skýrslu frá Skipaskoðun ríkisins er fram tekið, að endurnýjun á útsúð á árunum 1958 og 1959 hafi farið fram vegna fúa. Einnig er þar fram tekið, að fúi væri ekki í böndum, sem til sást, en feyruskán. Svo er enn fremur fram tekið í skýrslu, að því er virðist fyrir árið 1959, að framvegis þurfi að fylgjast með útsúðinni. Haustið 1960 var báturinn í dráttarbraut til standsetningar, og var þá járnskúffa sett í framstefni, öldustokkur á skut ásamt fleiru, sem lagfært var.

Stefndi hefur aflað umsagnar og vitnisburðar ýmissa manna um viðhald og umhirðu bátsins, meðan hann var í eigu Hrannar h/f. Virðingarmenn Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja, þeir Guðmundur Jónsson, Karl Guðmundsson og Eggert Ólafsson, gáfu skriflega yfirlýsingu og mættu síðan fyrir réttinum. Sögðu þeir, að viðhald og umhirða bátsins hafi í alla staði verið góð, meðan hann var í eigu stefnda og Hrannar h/f. Guðmundur Jónsson, sem er skipasmiður og hafði unnið í bátnum fyrir á að gizka 7 árum, kvaðst aldrei hafa orðið var við maðk eða fúa í honum. Karl Guðmundsson kvaðst aldrei hafa orðið þess var eða heyrt um það talað, að fúi eða maðkur væri í bátnum, er hann

fór héðan. Eggert Ólafsson tók fram, að virðingarmenn Bátaábyrgðarfélagsins komi jafnan á hverju ári í bátana og athugi, hvort fargögn séu í lagi og hvort eitthvað nýtt hafi bætzt við, sem virða þurfi. Bol og vél athugi þeir lítið, ef báturinn hefur fengið skoðunarvottorð. Láta þeir það yfirleitt nægja. Honum var sýnd skýrsla Hafliða Hafliðasonar og Magnúsar Guðmundssonar frá 1. apríl 1965 og hann spurður um, hvort þeir ágallar, sem þar er rætt um, hafi getað myndazt á 9 mánuðum. Hann svaraði, að fúi hljóti að hafa lengri aðdraganda, ef um fúa eitthvað að ráði er að ræða. Hins vegar gæti maðkur gert drjúgt tjón á 9 mánuðum, ef skip er bert fyrir og ekkert á það borið á heitasta tíma ársins. Hafsteinn Stefánsson skipasmíðameistari kvaðst hafa hampþétt bátinn öðru hverju. Fyrir síðustu vertíðina, sem báturinn var gerður út frá Vestmannaeyjum, kvaðst hann hafa sett ca. 20 feta planka á efsta borðið á bakborðssíðu. Síðan hampþétti hann meðfram plankanum og eitthvað fleira eftir því sem þurfti. Kvaðst hann aldrei hafa orðið var við sjómaðk eða fúa og hafi hann álitið ástand bátsins í góðu lagi og hirðu. Á sömu lund voru framburðir Torfa Torfasonar og Jóhanns B. Sigurðssonar, sem báðir höfðu unnið að hampþéttingu bátsins, en lengra virtist umliðið. Hvorugur hafði orðið var við maðk eða fúa og töldu ástand bátsins í góðu lagi og hirðu. Ólafur Jónsson skipasmíðameistari og Bárður Auðunsson skipasmíðameistari kváðust hafa unnið við bátinn meira og minna, frá því að hann kom til Vestmannaeyja og framundir það, að hann var fluttur þaðan. Kváðust þeir aldrei hafa orðið varir við sjávarmaðk í bátnum og ekki heldur neina sérstaka galla. Guðni Pétur Sigurðsson skipstjóri kvaðst hafa ráðizt skipstjóri á bátinn í maímánuði 1963 og tók þá strax við standsetningu á honum, þar sem hann stóð uppi í Dráttarbraut Vestmannaeyja. Kvaðst hann hafa athugað bátinn vel, áður en hann var málaður, og ekkert séð athugavert, hvorki sjávarmaðk né aðra galla. Stundaði hann síðan veiðar um sumarið með humartrolli og dragnót, og reyndist báturinn traustur og þéttur. Í lok október var svo báturinn tekinn upp í Dráttarbraut Vestmanaeyja og stóð þar til aprílloka 1964. Gunnar Marel Jónsson skipasmíðameistari gerði grein fyrir viðgerðum og endurbótum á bátnum, sem framkvæmdar voru í dráttarbraut hans, Dráttarbraut Vestmannaeyja, á árunum 1952—1959 og vikið er að hér að framan. M. a. voru teknir tveir plankar hvorum megin á kinnung, mjög langir, til að skoða byrðing, og fannst þar ekkert athugavert. Um bátinn almennt tók hann

fram, að eftir aldri virtist honum ástand bátsins og hirða mjög góð, og kvaðst hann hafa orðið furðu lostinn, er hann frétti veturinn 1965, að báturinn væri orðinn maðksmoginn, þar eð hann hefði ekki vitað betur en báturinn hefði gengið á hverri vertíð, vetur og sumar, nema þegar hann var í hreinsun í dráttarbraut hans, að undanskildri vertíðinni 1964, en þá hefði hann staðið uppi í dráttarbraut hans frá októberlokum 1963 til aprílloka 1964. Kvaðst hann þá oft hafa gengið hjá bátnum og ýmsir aðrir og aldrei orðið var við maðk í honum. Kvaðst hann ekki geta skilið, að þá hafi verið maðkur í honum. Hann upplýsti, að haustið 1964 hefðu tveir bátar frá Stokkseyri verið í viðgerð í dráttarbraut hans vegna sjávarmaðks. Annar var Hásteinn, ÁR 193, sem var í dráttarbrautinni frá 25. okótber til 5. nóvember 1964, en hinn var Hólmsteinn, ÁR 27, sem var þar frá 1. október 1964 og var þar enn í desember 1965. Fjarlægðir voru 3 plakar úr ytri súð þessarra báta undir sjólínu vegna sjávarmaðks. Eggert Gunnarsson skipasmíðameistari skýrði á sama veg frá og faðir hans, Gunnar Marel, um öll þau atriði, sem nú hafa verið rakin. Hann tók fram, að jafnan komi í ljós, tveim til þrem vikum eftir að bátur er tekinn í land, hvort maðkur sé í honum. Komi þá hvítir taumar út frá nálaraugunum, sem maðkurinn hefur smogið inn um. Hann áleit, að bátar gætu fengið í sig maðk úti á rúmsjó og þó að þeir væru stöðugt í notkun. Hilmar Sæberg Björnsson, Suðurgötu 75, Hafnarfirði, hefur gefið skriflega umsögn, sem liggur fyrir í málinu. Kvaðst hann hafa verið skipstjóri á bátnum frá 24. júlí 1964 og þar til Reynir Böðvarsson keypti bátinn. Kvað hann bátinn hafa verið í fyllsta standi á þessum tíma, og eigi varð hann var við neina galla á bátnum. Á sömu lund er skriflegt vottorð frá Stíg Guðjónssyni vélstjóra, Blönduhlíð 2, Reykjavík. Kvaðst hann hafa verið 1. vélstjóri á bátnum hjá Karli Guðbrandssyni frá 5. júlí 1964 og til 18. s. m. og síðan aftur, er stefndi var orðinn eigandi, frá 4. ágúst og þar til stefnandi keypti bátinn. Hann fór einnig á bátnum með stefnanda til Eyrarbakka sem 1. vélstjóri til þess að kynna þeim, sem við átti að taka, aðalvél bátsins. Hann kvaðst aldrei hafa orðið var við neina galla á bát eða vél, og ekki varð vart leka. Fleiri en þeir, sem nú hafa verið nefndir, hafa gefið vottorð og mætt sem vitni og borið um ástand og hirðu bátsins, meðan hann var í eigu Hrannar h/f eða stefnda, og hnígur umsögn þeirra í sömu átt. Virðist ekki ástæða til að rekja það nánar.

Stefnandi heldur því fram, að ekki komi til, að maðkur hafi komið í bátinn, eftir að hann kom til Eyrarbakka. Maðkurinn hljóti að hafa verið kominn áður. Leidd hafa verið tvö vitni frá Eyrarbakka, Jón Helgason, fyrrverandi skipstjóri, Bergi, 80 ára, og Jóhannes Sigurjónsson, skipasmiður og fyrrverandi skipaeftirlitsmaður, Breiðabóli, 75 ára. Lýstu þeir því báðir yfir, að þeir hefðu aldrei orðið þess varir á sinni löngu starfsævi, að maðkur hafi komið í skip eða báta á Eyrarbakka. Iðulega hafi komið fyrir, að bátar hafi legið þar á legunni sumarlangt og þeir hafi nokkrum sinnum legið þar yfir veturinn, en aldrei hafi orðið vart við skemmdir af maðki. Ekki heldur í bryggjustaurum, sem þar voru þó svo áratugum skipti, í framlengingu bátabryggjunnar. Með tilliti til þessarar reynslu sinnar töldu þeir sig geta fullyrt, að maðkskemmdirnar, sem komu fram í m/b Emmu, hafi ekki komið í bátinn, eftir að hann var keyptur til Eyrarbakka. Jón Helgason kvaðst hafa átt bát súðbyrtan, en eftir 10 ár var skipt um byrðing og báturinn sléttsúðaður. Fannst þá ekki vottur af maðki í byrðingnum. Báturinn hafi þó stundum legið allt sumarið á legunni á Eyrarbakka og jafnvel hafi komið fyrir, að hann lægi allan veturinn. Hann sagði, að báturinn hefði alltaf verið botnhreinsaður á haustin og stundum einnig á vorin. Hann kvað sér ekki kunnugt um, hvort maðkur hafi komið í báta á Stokkseyri. Hann kvaðst hafa heyrt um það talað, að uppskipunarbátar frá Lefoliverzlun á Eyrarbakka hefðu aldrei fengið í sig maðk, þótt þeir lægju langtímum saman á lóninu á Eyrarbakka. Það fylgdi með, að sjórinn væri svo vatnsblandaður, að maðkur lifði þar ekki. Jóhannes Sigurjónsson kvaðst hafa starfað við bátasmíðar og viðgerðir allt frá árinu 1915. Aldrei varð hann var við maðk í heimasmíðuðum bátum á Eyrarbakka og aðeins einu sinni orðið var við maðk í bát á Eyrarbakka. Þetta var bátur, sem var nýkeyptur frá Siglufirði, og hafði seljandi látið uppi, að hann væri ekki öruggur um, að báturinn væri maðklaus. Hann hafði ekki heyrt um maðkskemmdir á Stokkseyri. Hann sagði, að venja hafi verið að botnhreinsa báta einu sinni á hverju sumri.

Í álitsgerð Egils Þorfinnssonar og Hjálmars Árnasonar kemur fram, að þeir telja mjög ólíklegt, að bátar fái í sig maðk, meðan þeir eru gerðir út. Eggert Gunnarsson áleit hins vegar, að bátar gætu fengið í sig maðk úti á rúmsjó og þó að þeir væru stöðugt í notkun, eins og áður er getið. Í sömu átt gekk vitnisburður Ingvars Gíslasonar, skipstjóra og útgerðarmanns. Hann sagði, að

fyrir síðustu aðalskoðun hefði orðið vart við maðk í byrðing í bát hans, Magnúsi Magnússyni, og hafði báturinn þá undanfarið verið í stöðugri notkun bæði vetur og sumar.

Stefnandi heldur því fram, að báturinn hafi verið með leynda galla, er kaupin fóru fram. Í fyrsta lagi hafi byrðingurinn verið gegnsmoginn af maðki á stóru svæði og í öðru lagi hafi báturinn verið stórskemmdur af fúa. Af báðum þessum sökum sé honum heimilt að rifta kaupunum og séu allar kröfur hans í máli þessu réttmætar. Stefndi heldur því hins vegar fram, að báturinn hafi verið maðklaus og ekki skemmdur af fúa, er kaupin gerðust, og engu hafi hann leynt stefnanda um ástand bátsins, heldur sagt honum það eitt, er hann vissi sannast og réttast. Hann mótmælti skoðunargerðum Magnúsar Guðmundssonar og Hafliða Hafliðasonar sem röngum og óstaðfestum og enn fremur vegna þess, að honum var ekki gefinn kostur á að vera viðstaddur, er skoðunin fór fram. Hann mótmælti einnig skoðunar- og álitsgerð þeirra Egils Þorfinnssonar og Hjálmars Árnasonar frá 25. júní 1965 og matsgerð þeirra frá 9. janúar 1966, og kvað hann sér óviðkomandi með öllu. Hann taldi, að maðkskemmdir, sem vart varð í bátnum í janúar 1965, hafi hlotizt fyrir vanrækslu stefnanda, sem hefði látið undir höfuð leggjast að botnhreinsa bátinn þrátt fyrir ábendingu þar um, og sé fúi kominn í bátinn, megi stefnandi sér sjálfum um kenna, þar eð hann hafi vanrækt eðlilegt viðhald á bátnum. Svo hafi stefnandi kynnt sér sjálfur ástand bátsins, áður en kaupin gerðust, og sætt sig við það að öllu leyti, eins og fram er tekið í afsali.

Framanritað leiðir í ljós, að upp úr miðjum janúar 1965 verður þess vart, að maðkur var kominn í bátinn og hafði valdið allmiklum skemmdum á byrðing um sjólínu. Rúmir fjórir mánuðir voru þá liðnir, frá því að stefnandi varð eigandi hans. Ástæða er til að ætla og virðist mega ganga út frá samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, að báturinn hafi verið maðklaus og án maðkskemmda, er hann var tekinn niður úr dráttarbraut í Vestmannaeyjum í apríl 1964. Eftir þann tíma hefur því maðkur komizt í bátinn. Hins vegar er ekki upplýst, hvenær það gerðist. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum virðist heimilt að líta svo á, að það hafi getað gerzt bæði áður og eftir að kaupin fóru fram, en öll óvissa um þetta atriði er stefnanda til óhags, þar eð sönnunarbyrðin hvílir á honum. Svo er og á það að líta, að samkvæmt framburði stefnanda sjálfs hefur hann látið undir höfuð leggjast, eftir að hann eignaðist bátinn, að gera eðlilegar og nauðsynlegar

ráðstafanir til að fyrirbyggja, að báturinn skemmdist af maðki. Með tilvísun til þess, er nú hefur verið tekið fram, verður ekki talið, að stefnandi hafi fært að því nægilegar sannanir, að báturinn hafi verið skemmdur af maðki, er afsal var gefið út, og verður því sú riftunarástæða ekki tekin til greina.

Skoðunargerð Magnúsar Guðmundssonar frá 28. janúar 1965 og skoðunargerð hans og Hafliða Hafliðasonar frá 1. apríl 1965 eru raktar hér að framan. Samkvæmt hinni fyrri var öll upprunaleg ytri súð skipsins meira og minna fúin, þverskeyti héldu ekki hampi og feyra mjög mikil í innhlið ytri súðar, innviðir skipsins í lest voru svartir og stökkir. Í síðari skoðunargerðinni er fúaskemmdum lýst nánar. Segir þar m. a., að komin sé feyra eða fúahúð utan á böndin, en fúa urðu skoðunarmenn ekki varir nema í bandaendunum efst uppi við þrömina, sem stafaði sennilega af þilfarsleka. Innan á byrðinginn væri víða komin fúahúð, bæði yfir og undir vatnslínu, einnig milli banda og byrðings. Í bjálkasúð væru víða komnir fúablettir. Er þilfarsbitar og langstykki voru athuguð, reyndust bitaendar fúnir á pörtum, og í lestinni voru víða fúablettir. Stefndi var ekki viðstaddur, er skoðunargerðir þessar fóru fram, og að því er virðist, var algerlega látið undir höfuð leggjast að gera honum viðvart, þótt nota ætti skoðunargerðir þessar sem grundvöll undir kröfum á hendur honum. Skoðunargerðirnar svo og fleiri gögn í málinu leiða þó í ljós, að allmikill fúi og feyra hafi verið í bátnum á þessum tíma. Gera má ráð fyrir, að fúinn og feyran hafi átt sér alllangan aðdraganda og verið að einhverju leyti til komin, áður en stefnandi eignaðist bátinn. Ekkert hefur þó komið fram, sem bendi til, að stefndi hafi haft í frammi blekkingar við söluna eða leynt stefnanda göllum, sem hann vissi um. Ástæða er til að ætla, að umhirðu og viðhaldi bátsins hafi verið allmikið ábótavant af hálfu stefnanda, og varla getur hjá því farið, að margt það, sem upp er talið í matsgerðinni frá 9. janúar 1966, m. a. það, sem lýtur að búnaði bátsins, hafi verulega gengið úr sér, meðan stefnandi átti bátinn. Er afsal var gefið, vissi stefnandi um aldur bátsins, og með hliðsjón af kaupverði, sem var lágt miðað við gangverð á bátum af líkri stærð, hlaut stefnanda að vera ljóst, að búast mætti við, að ýmissa endurbóta kynni að vera þörf, áður en langt um liði. Af gögnum málsins virðist ekki heimilt að ályktа, að ástandi bátsins, er kaupin gerðust, hafi verið svo verulega áfátt umfram það, er gera mátti ráð fyrir, að stefnandi eigi rétt til að rifta kaupunum, enda lýsti hann því yfir í afsali, að hann

hefði kynnt sér ástand bátsins og sætti sig við það að öllu leyti. Sú riftunarástæða, að báturinn hafi haft leynda galla vegna fúa og feyru, er afsal var gefið, verður því ekki heldur tekin til greina.

Aðrar riftunarástæður liggja ekki fyrir, og þar sem allar kröfur stefnanda í málinu eru leiddar af riftunarkröfu hans, verður niðurstaða málsins, að stefndi verður sýknaður að öllu leyti.

Rétt þykir að ákveða, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Eiríkur Ásbjörnsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Reynis Böðvarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 3. marz 1969.

Nr. 13/1968. **Ásdís Ástþórsdóttir og Helgi Scheving**
gegn
Útvegsbanka Íslands, Akureyri.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Ásdís Ástþórsdóttir og Helgi Scheving, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. marz 1969.

Nr. 81/1968. **Ásdís Ástþórsdóttir og Helgi Scheving**
gegn
Fötum h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Ásdís Ástþórsdóttir og Helgi Scheving, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. marz 1969.

Nr. 82/1968. **Ásdís Ástþórsdóttir og Helgi Scheving**
gegn
Innheimtumanni ríkissjóðs á Sauðárkróki, Jóhanni Salberg Guðmundssyni bæjarfógeta, og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Ásdís Ástþórsdóttir og Helgi Scheving, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. marz 1969.

Nr. 83/1968. **Ásdís Ástþórsdóttir og Helgi Scheving**
gegn
Póst- og símamálastjóra f. h. Landssíma Íslands.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Ásdís Ástþórsdóttir og Helgi Scheving, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. marz 1969.

Nr. 146/1968. **Kristján Pétursson**
gegn
Helga Hjálmssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristján Pétursson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. marz 1969.

Nr. 32/1969. **Verkamannafélagið Dagsbrún og Sjómannafélag Reykjavíkur**
gegn
Málningarvörum h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Verkamannafélagið Dagsbrún og Sjómannafélag Reykjavíkur, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. marz 1969.

Nr. 33/1969. **Sigurgeir Sigurjónsson**
f. h. Steinige & Weilig
gegn
Páli Pálmasyni
f. h. The Coca-Cola Company.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Trygging fyrir málskostnaði.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með heimild í 21. gr., 1, g, laga nr. 57/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. febrúar 1969, er barst dóminum 21. s. m., og krafizt lækkunar tryggingarfjárhæðar samkvæmt hinum kærða úrskurði héraðsdóms.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Sigurgeir Sigurjónsson f. h. Steinige & Weilig, greiði varnaraðilja, Páli Pálmasyni f. h. The Coca-Cola Company, kærumálskostnað, kr. 5.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 22. janúar 1969.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar í gær, hefur Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður höfðað f. h. Steinige & Weilig, iðjurekstur og verzlun, Hamburg-Hamburg, Seehavenstrasse 17, Þýzkalandi, fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, sem er með ódagsettri uppáskrift um birtingu, gegn Páli Pálma-

syni lögfræðingi, Þingholtsstræti 29, Reykjavík, f. h. The Coca-Cola Company, iðjurekstur, 515 Madison Avenue, New York, N. Y., U. S. A.

Málavöxtum lýsir stefnandi á þá leið, að hinn 10. júní 1965 hafi firmað Steinige & Weilig tilkynnt til skráningar hér á landi vörumerkið „Frisco", sem síðan hafi verið skráð hér þann 29. desember 1965 sem nr. 265/1965. Vörumerki þetta hafi verið skráð fyrir ávaxtafreyðivín, ölkelduvatn, óáfenga drykki, aldinlög og óáfenga ávaxtadrykki (sjá B-deild Stjórnartíðinda 1965, bls. 654).

Þann 12. desember 1966 hafi The Coca-Cola Company tilkynnt annað vörumerki til skráningar á Íslandi, þ. e. vörumerkið „Fresca", sem síðan hafi verið skráð þann 20. nóvember 1967 sem nr. 246/1967. Þetta vörumerki hafi verið skráð fyrir meltingarbætandi gosdrykki með ávaxtabragði.

Svo sem nú hafi verið lýst, taki vörumerkið „Fresca" nr. 246/1967 til sams konar vara og vörumerkið „Frisco" og séu þessi tvö vörumerki svo lík, að villast megi á. Skráning hins síðara vörumerkis, „Fresca", brjóti því í bága við vörumerki stefnanda nr. 265/1965, „Frisco", sbr. 14. gr. laga um vörumerki nr. 47/1968, 6. lið. Skráning þessa merkis brjóti einnig gegn ákvæðum laga nr. 102/1961 um staðfestingu á Parísarsamþykktinni um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, sjá einkum 6. gr. Þá brjóti hin margnefnda skráning gegn ákvæðum laga nr. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum, sjá einkum 9. gr., 2. mgr.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmt skylt að láta afmá framangreint vörumerki „Fresca" nr. 246/1967 úr íslenzku vörumerkjaskránni svo og að stefnda verði dæmt óheimilt að nota vörumerki þetta og bjóða til sölu þær vörur, sem merkið er skráð fyrir hér með merkinu „Fresca". Þá er og krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda að mati réttarins.

Mál þetta var þingfest 10. janúar s.l., og var þá bókað af hálfu umboðsmanns stefnda, að hann gerði þá kröfu, sbr. lög nr. 85/1936, 183. gr., að stefnandi setji kr. 50.000.00 sem tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar, sem stefndi, The Coca-Cola Company, kunni að hafa vegna málsins. Óskaði umboðsmaður stefnda úrskurðar réttarins um kröfuna og upphæðina.

Í dag var mál þetta tekið fyrir að tilhlutan dómsins til þess að gefa lögmönnum aðilja kost á að tjá sig um þessa kröfu umboðsmanns stefnda, og fór fram munnlegur málflutningur um

þetta atriði. Lögmaður stefnda ítrekaði kröfu sína og rökstuddi. Lögmaður stefnanda mótmælti ekki kröfu umboðsmanns stefnda um tryggingu, en mótmælti framkominni kröfu sem of hárri og óskaði eftir því, að fjárhæðin yrði lækkuð. Rökstuddi lögmaðurinn kröfu sína og lagði atriðið í úrskurð dómsins.

Þegar litið er á fyrirmæli 183. gr. laga nr. 85/1936, þá eru þau svo skýlaus, að taka verður kröfu umboðsmanns stefnda um tryggingu til greina, enda hefur kröfunni sem slíkri ekki verið mótmælt, heldur einungis fjárhæð tryggingarinnar. Ekki verður fallizt á það með lögmanni stefnanda, að krafa umboðsmanns stefnda um kr. 50.000.00 sé of há, og verður krafa umboðsmanns stefnda um kr. 50.000.00 tekin til greina, og ber lögmanni stefnanda að setja hana fyrir 21. febrúar n. k., en þá verður mál þetta tekið fyrir að nýju á reglulegu dómþingi.

Úrskurð þennan kváðu upp Auður Þorbergsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, og meðdómendurnir Jóhann J. Ólafsson kaupmaður og Gaukur Jörundsson lektor.

Úrskurðarorð:

Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður f. h. Steinige & Weilig setji Páli Pálmasyni lögfræðingi f. h. The Coca-Cola Company kr. 50.000.00 tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar fyrir hinn 21. febrúar n. k., en þá verður mál þetta tekið fyrir á reglulegu dómþingi.

Miðvikudaginn 5. marz 1969.

Nr. 105/1968. **Helgi Benediktsson** (Jón Hjaltason hrl.)
gegn
Erlingi h/f (Benedikt Blöndal hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Pétur Gautur Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Angantýr Elíasson og

Páll Þorbjörnsson skipstjórar hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 5. júní 1968 og krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og dæmdur málskostnaður úr hans hendi bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt gögnum málsins fékk skipstjórinn á v/b Hringver, VE 333, sem var eign áfrýjanda, að láni akkerisfesti þá, sem um er fjallað í málinu, í desembermánuði 1963 til að nota hana sem kjölfestu. Var festin logskorin í búta, áður en hún var sett um borð í bátinn. V/b Hringver fórst í janúarmánuði 1964. Ósannað er, að samráð hafi verið haft við stefnda um skipti þessi, en sonur hans, sem virðist hafa farið með útgerðarstjórn af hans hendi, hefur borið fyrir dómi, að hann hafi að beiðni skipstjórans fengið mann til að logskera festina í sundur og séð það verk unnið. Festin hafi bæði verið ryðguð og tærð, en verið geti, að hún hafi verið einhvers virði sem brotajárn. Þegar litið er til þessa, má á það fallast, að nefndur útgerðarstjóri hafi mátt treysta því, að verðmæti festarinnar væri eigi meira en verðmæti hennar sem brotajárns. Stefndi hefur engra gagna um það aflað, hvert hafi verið raunverulegt verðmæti akkerisfestarinnar, þegar hún var lánuð, né hvert hafi verið verð á brotajárni í Vestmannaeyjum á þeim tíma.

Þar sem mál þetta er svo vanreifað, verður eigi dómur á það lagður, og ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð alla og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilegur samtals kr. 13.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Erlingur h/f, greiði áfrýjanda, Helga Benediktssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 13.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 22. marz 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var í fyrradag, er höfðað hér fyrir dómi með utanréttarstefnu, útgefinni 12. maí f. á., en birtri 16. s. m., í nafni stefnanda, Sighvats Bjarnasonar, Ási hér í bæ, á hendur Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Heiðarvegi 20 hér í bæ, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 33.600.00 með 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1964 til greiðsludags auk málskostnaðar.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að hinn 1. október 1963 hafi verið lánuð sem ballest stokkakeðja, 1.680 kg. að þyngd, í m/b Hringver, VE 393, en báturinn hafi verið eign stefnda. Keðjan hafi verið eign stefnanda og verið fengin að láni af þáverandi skipstjóra m/b Hringvers, Richard Sighvatssyni, með fullu samþykki útgerðarstjóra bátsins, Stefáns Helgasonar, Boðaslóð 23 hér í bæ, sonar stefnda. Hinn 13. janúar 1964 hafi m/b Hringver sokkið og keðjan með honum. Keðjan hafi verið 1", 1.680 kg. að þyngd, og er hvert kílógramm reiknað á kr. 20.00. Hafi stefndi ekki þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir fengizt til að greiða andvirði keðjunnar.

Mál milli sömu aðilja um sömu lögskipti hafi tvívegis áður verið rekin fyrir héraðsdómi hér í umdæmi.

Með dómi bæjarþings Vestmannaeyja, uppkveðnum hinn 21. nóvember 1966, er máli, höfðuðu með stefnu, útgefinni 25. febrúar 1964 og birtri s. d., vísað frá dómi, með því að gengið hafði verið fram hjá sáttanefnd.

Með dómi sama dóms, uppkveðnum hinn 8. apríl f. á., er máli, höfðuðu með stefnu, útgefinni 2. desember 1966, birtri 6. s. m., vísað frá bæjarþinginu.

Stefndi hefur í máli þessu krafizt algerrar sýknu og að stefnda verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Skipstjórinn á umræddu skipi, Richard Sighvatsson, hefur ásamt stýrimanni og öðrum skipsmanni gefið vottorð þess efnis, að sér hefði verið ráðlagt af fyrrverandi skipstjóra að fá aukna ballest í bátinn, og í því skyni fengið téða keðju lánaða með fullu samþykki útgerðarstjóra. Eftir að keðjunni hafði verið komið fyrir, hafi skipaeftirlitsmanni verið falið að líta á fyrir-

komulag ballestarinnar, er hann hafi talið til mikilla bóta (með tilkomu keðjunnar), en hefði hún þó mátt vera meiri að hans áliti. Richard kom síðan fyrir dóm (bæjarþing) hinn 14. október 1965 og kvað hann vottorð þetta satt og rétt, en eigi var framburður hans tekinn gildur sem eiðfestur og honum mótmælt sem röngum. Í vitnisburði sínum kveðst Richard hafa gengizt í að fá umrædda keðju lánaða sem ballest í bátinn í samráði við Stefán Helgason, útgerðarstjóra skipsins. Hafi þeir báðir gengið upp að Erlingshúsi og skoðað hana. Hafi keðjan verið flutt niður á bryggju á bifreið tilheyrandi útgerð stefnda. Hafi Stefán síðan náð í mann til þess að logskera hana, áður en hún yrði sett í bátinn. Hafi ekki verið minnzt á neitt verð eða greiðslu fyrir keðjuna. Hún hafi upphaflega verið lánuð, og gerði skipstjóri ráð fyrir því, að henni yrði skilað seinna, eða þegar hann hætti á skipinu. Richard kvað keðjuna hafa verið í 1. flokks standi og engin tæring hafi verið í henni. Aftur á móti hafi hún verið ryðguð, en ekki til skaða. Richard kvaðst ekki með vissu vita, úr hvaða bát hún hafi verið, en hún hafi tilheyrt „Erlingunum", en eigandi þeirra er stefnandi, og aðaleigandi, forstjóri og stjórnarformaður stefnanda, er Sighvatur Bjarnason, faðir Richards. Richard kvað Stefán útgerðarstjóra hafa verið viðstaddan, er skipaeftirlitsmaður skoðaði keðjuna um borð og benti á, að auka þyrfti ballest.

Í bréfi til lögmanns stefnanda, dags. 3. febrúar 1964, kveðst stefndi ekki hafa þann heiður að þekkja fyrirtækið Erling, hvað þá átt við það viðskipti, hvorki um keðjukaup né annað. Hafi Hringver haft fyllsta búnað bæði að því er legufæri og annað snerti og verið í IAI + hjá Norsk Veritas og styrktur til siglinga í ís m. m. Ekki hafi heldur vantað kjölfestu og hafi stefndi spurt syni sína, þá, er með útgerðarstjórn fara af hans hálfu, og kveði þeir sig hvorki hafa keypt né fengið lánaða neina keðju, en í heimahöfn geti enginn nema útgerðarstjórn bundið útgerð. Hins vegar hafi stefndi heyrt minnzt á gamla keðju, sem ekki hafi verið nýtandi nema sem brotajárn og „tryggingafélag hafi borgað á s.l. ári í tryggingu skips, sem fórst og keðjan mun hafa tilheyrt, en verið í landi, er skipið sökk".

Í „aðildarskýrslu", dags. 28. febrúar 1964 endurtekur stefndi meginefni bréfsins, og kveður hann þar Stefán, son sinn, fyrst hafa vitað um keðjuna, er Richard var kominn niður á bryggju og farinn að taka hana um borð, og er til þess hafi komið, að

skipstjóri lét logskera keðjuna í búta, hafi Stefán spurt, hvort þetta væri ekki eyðilegging á keðjunni, en skipstjóri svarað því til, að aldrei kæmi til, að keðjan yrði tekin í land, enda væri hún ónýt. Þá kveður stefndi það liggja fyrir, að keðjan væri frá m/b Erlingi IV, er farizt hafi síðastliðinn vetur með manntjóni, en verið tekin í land, áður en báturinn sökk, og lætur stefndi að því liggja, að keðjan hafi verið tekin í land, áður en báturinn sökk, án vitundar Skipaeftirlits ríkisins og þá væntanlega án þess, að annað kæmi í staðinn. Þá staðhæfir stefndi, að Erlingur hafi verið „borgaður út af Bátaábyrgðarfélaginu Samábyrgðinni og ríkissjóði, án þess til frádráttar kæmi vegna legufæranna, sem í landi voru". Þá leggur stefndi í skýrslunni áherzlu á, að aðaleigandi Erlings sé einn af stjórnendum Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja. Stefndi kveður enga kröfu hafa legið fyrir af hendi ábyrgra aðilja um aukna kjölfestu í Hringver. Hann kveður og, að þar sem vottorðsgjafinn „á dskj. nr. 3" (dskj. nr. 8 í þessu máli) kveði sig hafa fengið keðjuna lánaða, þá hafi það verið af persónulegum ástæðum hans án nokkurrar fjárhagsskuldbindingar á hendur útgerðinni, enda henni með öllu óviðkomandi og skipti engu máli, þótt Stefán Helgason léti það afskiptalaust, enda hafi hann ekkert um keðjuna vitað, fyrr en hún var komin að skipinu. Þá kveður stefndi allt óvíst um magn keðjunnar, en hitt ljóst, að um verðmæti væri ekki að ræða „til notagildis", í mesta lagi þá um brotajárnsverðmæti að ræða, sem engu máli skipti fyrir útgerð Hringvers. Hann ítrekar síðan, að keðjan sé útgerð hans með öllu óviðkomandi, hvorki keypt né fengin að láni af útgerðinni. Hann kveður það og liggja fyrir, að Erlingur h/f gæti ekki átt keðjuna, þar sem það fyrirtæki hafi verið búið að fá keðjuna greidda með tryggingarbótum fyrir Erling IV. Hann kveður og skipstjóra aldrei hafa minnzt á keðjuna við sig og að það fyrsta, sem hann heyri um hana, sé kröfubréf „Útvegsbankalögfræðingsins", þ. e. lögmanns stefnanda. Keðjan hafi þannig verið allt í senn verðlaus eign annars aðilja, en fylgifé skipstjóra og á hans persónulegum vegum í skipinu. Skipstjóri hafi fengið greiddar að fullu hámark bóta fyrir muni þá, er útgerðin tryggði hans vegna um borð í skipinu, og kveður stefndi, að keðjan mundi falla undir þá tryggingu og hafi skipstjóri kvittað fyrir öllum kröfum sínum á hendur útgerð Hringvers.

Séð hefur verið ástæða til að leggja fram sönnunargagn fyrir þessari kvittun skipstjóra, sbr. dskj. nr. 12.

Í greinargerð stefnda, dskj. nr. 22, sem er að mestu leyti samhljóða efnishlið greinargerða bæjarþingsmálanna, er einnig liggja frammi í máli þessu (dskj. nr. 10 og 20), segir svo m. a.:

Að málið snúist um ábyrgð útgerðarmanns á hlut, sem skipstjóri hafi fært um borð í heimahöfn án vitundar útgerðarmanns, en skipið síðan farizt með þessu um borð, og í málinu séu engar sönnur færðar á, að hér hafi verið um nokkurt verðmæti að tefla. Lögð er áherzla á, að þáverandi skipstjóri Hringvers sé sonur stjórnarformanns og meðstjórnanda, þ. e. meiri hluta stjórnar stefnanda.

Þá er í greinargerð vikið að framburði Stefáns Helgasonar, útgerðarstjóra stefnda, er var yfirheyrður fyrir dómi (í bæjarþingsmálinu) sama dag og Richard, og þó á undan, og liggur endurrit þeirrar vitnaleiðslu frammi í máli þessu, dskj. nr. 18.

Stefán var látinn hlýða á „aðildarskýrslu" föður síns, er hann kvað rétta, að því bezt hann vissi.

Sjálfur kom stefndi hins vegar aldrei fyrir dóm.

Enginn af stjórnarmönnum stefnda hefur og gefið aðiljaskýrslu, enda sýnilega þarflaust.

Stefán kvaðst í fyrstu ekki hafa vitað annað um téða keðju en það, sem í „aðildarskýrslunni" greinir, en segir síðar, að hann hafi ekki „gengizt í það sjálfur að fá lánaða keðjuna", en verið áhorfandi að, er skipstjóri lét logskera keðjuna með það fyrir augum að nota hana sem kjölfestu í Hringver. Nánar aðspurður kvaðst Stefán hafa náð í manninn, sem logskar, og hafi hann gert það eftir beiðni skipstjóra. Hann kvaðst ekki hafa flutt keðjuna niður á bryggju. Hann kveðst minna, að keðjan væri úr Erlingi IV. Hann kvaðst álíta keðjuna kunna að hafa haft verðgildi sem brotajárn, en ekki sem akkeriskeðja, og í því ástandi, sem hún var, bæði ryðguð og tærð. Hann kvaðst loks ekki vita til þess, að Skipaskoðun ríkisins hafi gert kröfu um aukna ballest í bátinn. Eigi kvað hann hafa verið minnzt á greiðslu fyrir keðjuna og ekki hafi hann reikað með, að reikningur kæmi fram á hendur útgerðinni hennar vegna.

Í framburði sínum sama dag segir Richard skipstjóri hins vegar, að Stefán hafi verið viðstaddur, er Runólfur Jóhannsson skipaeftirlitsmaður hafi komið um borð og sagt, að mikil bót væri að þessari aukningu ballestarinnar, en þó mætti ballestin vera meiri. Hafi Runólfur komið um borð til að skoða skipið vegna væntanlegrar utanlandssiglingar. Hafi Runólfur ekki vakið athygli skipstjóra á þörf fyrir aukningu kjölfestunnar, heldur fyrrverandi skipstjóri, sem áður greinir. Richard kvað ekki verðmætismat

hafa farið fram á keðjunni, en „hún hafi alveg staðið fyrir sínu". Richard taldi og, að unnt hafi verið, þrátt fyrir logskurð keðjunnar í búta, að nota hana í legufæri. Keðjan hafi verið lásuð saman í liði og hafi verið unnt að lása hana saman aftur, enda hafi hún ekki verið logskorin smátt sundur. Keðjuna kvað Richard ekki hafa verið vegna, enda óþarft, þar eð liðirnir segi alveg til um þunga á keðjum af þessum gildleika.

Vitnisburður Stefáns var tekinn upphaflega sem eiðfestur væri, en vitnisburður Richards (er gefinn var á eftir) ekki og honum mótmælt sem röngum. Þá var framburði Stefáns einnig mótmælt sem röngum, en engum þáttum vitnisburðanna mótmælt sérstaklega.

Í greinargerð er því haldið fram, að Stefán hafi aldrei samþykkt lán keðjunnar, þar eð hann hafi aldrei verið um það spurður, einungis verið áhorfandi og náð í logskurðarmanninn eftir beiðni skipstjórans.

Þá er lögð áherzla á, að aldrei hafi verið gerður neinn samningur við stefnda um greiðslu fyrir umdeilda keðju, enginn kaupsamningur, leigusamningur né flutningssamningur. Hafi og engin eignaryfirfærsla átt sér stað. Það hafi fyrst verið, eftir að Hringver fórst, að stefnda verði kunnugt um, að „keðjubútarnir" hafi verið um borð. Hafi stefndi þannig ekki með neinum samningum tekið að sér að greiða andvirði keðjuhlutanna. Úrlausnaratriði verði því eftir atvikum, hvort stefndi sem útgerðarmaður og eigandi Hringvers beri að lögum ábyrgð á greiðslu fyrir þess háttar hluti, ef og að svo miklu leyti þeir væru taldir hafa verðmæti, sem séu um borð í skipinu og farizt með því án þess að vera komnir þangað með samþykki eða fyrir atbeina útgerðarmanns né með vitneskju hans.

Þá segir í greinargerðinni, að í 251. gr. laga nr. 56/1914 hafi verið ákvæði þess efnis, að krafa, sem kröfuhafi gat ekki leitað sér fullnustu fyrir í öðrum munum en þeim, sem hann á sjóveðrétt í (takmörkuð ábyrgð útgerðarmanns) missist hver um sig, sé henni ekki fylgt með lögsókn innan þeirra tímamarka, sem þar greinir, í 1.—6. tl., og fjalli 2. tl. um kröfur til skaðabóta *fyrir glataðan* eða skemmdan farm, áður en ár sé liðið frá því, er affermt var samkvæmt 205. gr. laga nr. 66/1963, beri útgerðarmaður takmarkaða ábyrgð á kröfum, sem þar eru taldar upp í 8 töluliðum. Í 1. tl. séu m. a. taldar *„bótakröfur fyrir glataða* eða skemmda vöru, *sem skipstjóri hafi tekið við til flutnings, og hvers konar muni, sem á skipi eru"*. Krafa í máli þessu sé þess eðlis,

að útgerðarmaður ábyrgðist hana aðeins með skipi og farmi að svo miklu leyti sem um verðmæti sé að tefla, en því er mjög fram haldið, að óvíst sé, að svo hafi verið, er keðjan var sett í bátinn, alls staðar sé hægt að fá brotajárn hér í Eyjum fyrir ekki neitt, en hafi verið þörf fyrir skipstjóra að auka kjölfestu í bátnum, hafi ekki verið vit að taka til þess verðmætan hlut, heldur hafi átt að afla þess, sem ekkert kostaði. Þá segir í greinargerð, að þar sem ekkert vigtarvottorð liggi fyrir, sé málið vanreifað að þessu leyti, og loks segir, að með því að útgerðarmaður hafi aðeins ábyrgzt hugsanlega kröfu með skipi og farmi, en það allt horfið í hafsins djúp hinn 13. janúar 1964, sem áður greinir, séu þá ekki eftir neinir hlutir, er tryggðu kröfuna eða gátu verið andlag aðfarar. Beri því að sýkna útgerðarmann.

Enn er á það minnzt í greinargerð, að staðhæft sé af stefnda, að umrædd keðja hafi áður tilheyrt Erlingi IV, sem sokkið hafi „veturinn 1963". Hafi keðjan verið úr téðu skipi, beri að sýkna útgerðarmann vegna aðildarskorts, þar sem Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja væri þá eigandi keðjunnar.

Að lyktum áréttar lögmaður stefnda „aðildarskýrslu" stefnda, dskj. nr. 11.

Við munnlegan flutning kvað lögmaður stefnda skipstjóra enn fremur hafa farið út fyrir valdamörk sín í heimahöfn, en það skipti þó engu máli. Hafi útgerðarmaður átt að ábyrgjast umrædda kröfu, hafi sú ábyrgð verið takmörkuð og fallið niður samkvæmt ákvæðum siglingalaga, er skipið fórst. Enn fremur taldi lögmaður óupplýst, að keðjan hafi verið eign stefnanda, en andmælti því eigi og lagði áherzlu á, að skipstjóri hefði kvittað fyrir greiðslu bóta fyrir allt sitt um borð í skipinu. Kvað lögmaður stefnda engin lögskipti hafa átt sér stað milli aðilja í máli þessu. Sé málið höfðað af röngum aðilja. Kvað hann við aðgerðir skipstjóra ekkert kröfuréttarsamband hafa skapazt milli stefnanda og stefnda, hins vegar aftur á móti milli stefnanda og Richards Sighvatssonar og milli Richards og stefnda.

Hins vegar kvað lögmaður þau lögskipti, er skapazt höfðu fyrir aðgerðir skipstjóra, vera lán til afnota, en að því ætti stefndi enga aðild.

Taka ber fram, að staðhæfingar stefnda um tryggingarmisferli stefnanda eru með öllu ósannaðar. Lagt hefur verið fram vottorð Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja þess efnis, að Erlingur IV. hafi verið virtur til tryggingar í Bátaábyrgðarfélaginu frá 1. janúar 1963, þá með fullkomnum legufærum. Hvorki Bátaábyrgð-

arfélagið né önnur tryggingafélög hafa gert tilkall til eignarréttar yfir umræddri keðju og hafa hvergi verið með rökum bornar brigður á, að stefnandi hafi verið eigandi keðjunnar, er hún fór niður með v/s Hringver, hvort heldur sem hún hefur áður verið notuð í m/b Erlingi IV., öðru skipi eða jafnvel fleiri skipum en einu.

Verður því hér lagt til grundvallar, að stefnandi hafi verið lögmætur eigandi keðjunnar.

Jafnframt því sem ekkert bendir til þess, að keðjan hafi fengizt bætt af tryggingarfé Erlings IV., er á hinn bóginn jafn lítt hugsandi, að stefndi hafi fengið hana bætta af tryggingarfé v/s Hringvers, en á því imprar lögmaður stefnanda í hinu upphaflega innheimtubréfi sínu, dags. 30. janúar 1964.

Þeir Stefán útgerðarstjóri og Richard skipstjóri hafa aldrei verið samprófaðir um það atriði, hvort keðjan hafi verið fengin í samráði við Stefán og hvort Stefán hefði gengið með Richard upp að Erlingshúsi og skoðað hana, enda verður að telja algert aukaatriði, á hvaða stigi afskipti Stefáns af keðjunni hefjast svo og hvenær honum barst vitneskja um áform skipstjóra í þessu sambandi.

Þá hafa Stefán og Richard ekki verið samprófaðir um það, hvort Stefán hafi verið viðstaddur, er Runólfur skipaeftirlitsmaður leit á keðjuna sem kjölfestu, né heldur hefur skipaeftirlitsmaðurinn verið kallaður fyrir dóm ellegar fyrrverandi skipstjóri, enda teljast þessi atriði engu máli skipta, þar eð dómurinn lítur svo á, að það sé skipstjóri einn, sem taki ákvörðun um kjölfestu í skipi sínu og því með öllu óþarft að deila um kjölfestuþörfina.

Dómurinn lítur og svo á, að umrædd keðja hafi komið að verulegum notum sem kjölfesta.

Þá hafa Stefán og Richard ekki verið samprófaðir um, hvort keðjan hafi verið tærð eða ekki, en það atriði skiptir þó litlu, þar eð dómurinn lítur svo á, að keðjan hafi á þessu stigi ekki lengur haft gildi sem legufæri.

Dómurinn er sammála lögmanni stefnda um, að eigi hafi verið gerður fullkominn formlegur samningur um umdeilda keðju í eina átt né aðra milli stefnanda og stefnda.

Hins vegar lítur dómurinn svo á, að skipstjóri hafi hvergi farið út fyrir valdmörk sín í þessu sambandi og komi sérreglur siglingalaganna um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanns ekki til álita í þessu máli.

Þá telur dómurinn fráleitt að telja umrædda keðju persónulegt

fylgifé skipstjóra, er hann hafi fegið bætt samkvæmt dskj. nr. 12.

Þess ber að gæta, að auk áðurraktrar vitneskju, ef ekki þegjandi samþykkis, útgerðarstjóra og aðstoðar hans við skipstjóra um útvegun logskurðarmanns hefur því hvergi verið mótmælt, að keðjan hafi verið flutt að borði v/s Hringvers með bifreið útgerðar stefnda. Útgerðarstjóri segir aðeins, að *hann* hafi ekki *flutt* hana um borð.

Eigi velta úrslit málsins þó á þessu atriði, en með ákvörðun skipstjóra um notkun keðjunnar í umræddum báti og með vitneskju og aðstoð útgerðarstjóra stefnda álítur dómurinn, að stofnazt hafi til beinna lögskipta milli eiganda keðjunnar, stefnanda í máli þessu, Erlings h/f, annars vegar, og útgerðarmanns og eiganda v/s Hringvers, stefnda í máli þessu, Helga Benediktssonar, hins vegar.

Lögskipti þau, er hér hefur til stofnazt, eru tvímælalaust lán til afnota, þ. e. endurgjaldslaust lán um ótiltekinn tíma eða þar til lánveitandi krefst skila. Eru aðiljar raunar sammála um þá skýringu, enda þótt deilt sé um aðildir.

Höfuðreglan um lögskipti af þessu tagi eru samkvæmt íslenzkum rétti þau, að láni skuli heilu heim koma, en gjalda ella verði eiganda, sbr. ákvæði Jónsbókar frá 1281, þjófabálk, kap. 16.

Samkvæmt greindri reglu hvílir skilaskylda andvirðis jafnt á lánþegum, þótt hlutur farizt vegna slyss eða tilviljunar, er hann á enga sök á, enda þótt hann ábyrgist ekki eðlilegt slit.

Samkvæmt framansögðu ber því að dæma stefnda til að greiða stefnanda andvirði keðjunnar í því ástandi, sem hún var, er henni var komið fyrir í v/s Hringver sem kjölfestu, en telja verður eftir atvikum, að skipstjóri hafi haft heimild stefnanda, eiganda keðjunnar, til greindra aðgerða, þ. e. logskurðar í búta etc., enda hefur forsvarsmaður stefnanda, faðir skipstjóra, hvergi mótmælt því athæfi.

Samkvæmt Jónsbók, þjófabálki, kap. 16, skulu skynsamir menn meta til verðgildis glataðs hlutar, er svo stendur á sem hér. Matsgerð hefur ekki farið fram, enda illa við komið eftir atvikum.

Ber dóminum því sjálfum að meta verðgildi keðjunnar.

Dómurinn vísar með öllu á bug verðreikningi stefnanda, dskj. nr. 9 (hvert kg. á 20.00), og metur að engu, að reikningurinn er viðurkenndur réttur af skipstjóra, sem hafa verður í huga, að er sonur forsvarsmanns stefnanda.

Þá telur dómurinn að engu hafandi vottorð frá Guðlaugi Stef-

ánssyni, sem vera mun umboðsmaður fyrir eitthvert keðjufirma. Vottorðið er dagsett 7. desember 1966, eða nær þrem árum eftir að Hringver fórst (en ekki er að fullu upplýst, hvenær keðjan var sett í skipið). Auk þess virðist hér miðað við nýja stokkakeðju. Samkvæmt vottorðinu kostar hver liður á 1″ keðju (en ágreiningslaust er, að umdeild keðja hafi haft þann gildleika) kr. 9.130.00, en ágreiningslaust er, að umdeild keðja hafi verið fjórliða. Fjórliða 1″ ný stokkakeðja ætti samkvæmt vottorðinu að kosta kr. 36.520.00 í árslok 1966, en þess er þó getið í vottorðinu, dskj. nr. 17, að verð sé lítið eitt breytilegt eftir lögun keðjunnar. Samkvæmt vottorðinu er hins vegar miðað við 384 kg. liði, en umdeild keðja er talin hafa 420 kg. þyngd pr. lið, alls 1.680 kg. á móti 1.536 kg. vottorðskeðjunnar. Vottorði þessu er réttilega mótmælt sem villandi og málinu með öllu óviðkomandi í greinargerð stefnanda, þar sem því er enn fremur mótmælt sem röngu. Dómurinn telur vottorðið, sem lagt er fram af stefnanda, þó hafa visst gildi stefnanda í óhag. Samkvæmt vottorðinu kostar ný keðja að svipaðri þyngd og umdeild keðja í árslok 1966 kr. 36.520.00, en keðja, sem þegar er orðin gömul, ryðguð og e. t. v. tærð, logskorin og bútuð niður a. m. k. þrem árum fyrr, er samkvæmt reikningi stefnanda talin 33.600.00 króna virði. Með öðrum orðum: ný keðja í árslok 1966 kostar um kr. 23.78 hvert kg., en stefnandi reiknar gamla, ryðgaða og sundurbútaða keðju, sem búið er að taka úr umferð, a. m. k. í bili, og að öllum líkindum fyrir fullt og allt, um þrem árum fyrr á kr. 20.00 hvert kg.

Dómurinn er sammála um, að eins og málum var komið, hafi umdeild keðja ekki haft gildi sem legufæri.

Hins vegar hafnar dómurinn þeirri fullyrðingu stefnda, að keðjan hafi aðeins haft brotajárnsgildi, sem í stefnda augum jafngildir því, að keðjan hafi verið verðlaus.

Dómurinn álítur, að keðajn hafi haft visst gildi, t. d. í sambandi við baujur o. þ. h., í því ástandi sem hún var, er Hringver sökk.

Dómurinn hefur orðið sammála um að meta keðjuna til peningaverðs með hliðsjón af öllum aðstæðum á kr. 10.00 hvert kg.

Vigtarvottorð liggur ekki fyrir og jafnframt því sem dómurinn álítur fráleitt að líta á það atriði sem vanreifun máls, eins og málum er háttað, þykir dóminum rétt að leggja uppgefna þyngd stefnanda til grundvallar, með því að sú þyngd er ekki ósennileg og henni hefur ekki verið mótmælt sérstaklega sem slíkri.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 16.800.00 í stað kr. 33.600.00, svo sem krafizt er.

Vexti þykir einungis eftir atvikum bera að dæma 7% í stað 8%, svo sem krafizt er.

Þá þykir og með hliðsjón af allri meðferð málsins einungis bera að reikna vexti frá birtingardegi sjó- og verzlunardómsstefnunnar í stað frá 1. janúar 1964.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, er þykir eftir atvikum hæfilega metinn kr. 4.500.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði stefnanda, Erlingi h/f, kr. 16.800.00 með 7% ársvöxtum frá 16. maí 1967 til greiðsludags og kr. 4.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 7. marz 1969.

Nr. 45/1967. **Sigurbjörn Eiríksson**
(Hjörtur Torfason hrl.)
gegn
Ragnari Þórðarsyni og gagnsök
(Magnús Thorlacius hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Skuldamál. Samningar. Kaup og sala.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. marz 1967 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. apríl 1967 og gert þær dómkröfur, að aðaláfrýj-

anda verði dæmt að greiða honum kr. 1.800.000.00 ásamt 9½% ársvöxtum frá 15. maí 1963 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, allt gegn afsali fyrir veitingahúsinu Glaumbæ, þ. e. firmunum Glaumbæ, Næturklúbbnum og Káetunni, ásamt öllu, sem téðu veitingahúsi fylgir, svo sem innanbúnaði og munum.

Saga máls þessa er skilmerkilega sögð í hinum áfrýjaða dómi. Með leigumála, dags. 1. september 1961, tók Ragnar Þórðarson & Co. h/f á leigu Framsóknarhúsið nr. 7 við Fríkirkjuveg í Reykjavík, og hóf gagnáfrýjandi þar rekstur veitingahússins Glaumbæjar undir firmunum Glaumbæ, Næturklúbbnum og Káetunni. Með samningi 13. og 15. maí 1963 keypti aðaláfrýjandi af gagnáfrýjanda téðan veitingastað ásamt greindum starfsheitum, tilfæringum þeim og innanstokksmunum, sem gagnáfrýjandi hafði notað við rekstur staðarins, svo og leiguréttindum til Framsóknarhússins. Skyldi gagnáfrýjandi sjá um, að leiguréttur aðaláfrýjanda héldist til 1. júní 1968. Kaupverðið var kr. 3.200.000.00. Kr. 500.000.00 áttu að greiðast út í hönd, en aðaláfrýjandi greiddi þannig einungis kr. 440.000.00. Kr. 1.000.000.00 voru greiddar með víxlum á þeim tímamörkum, sem í samningi sagði. Kr. 1.700.000.00 áttu að greiðast með jöfnum afborgunum 15. október á ári hverju, í fyrsta skipti 15. október 1964. Hefur fjárhæð þessi ekki verið greidd. Þá skyldu rekstrarvörubirgðir þær, sem gagnáfrýjandi átti á staðnum við afhendingu veitingahússins, greiddar honum sérstaklega. Telur gagnáfrýjandi andvirði þeirra nema kr. 40.000.00, en aðaláfrýjandi viðurkennir einungis kr. 20.000.00 af þeirri kröfu.

Gagnáfrýjandi afhenti aðaláfrýjanda veitingastaðinn hinn 15. maí 1963, og hóf aðaláfrýjandi þegar veitingarekstur þar.

Ekki gaf gagnáfrýjandi út afsal til handa aðaláfrýjanda fyrir hinum seldu verðmætum, og eigi gerði aðaláfrýjandi veðbréf til tryggingar téðrar kr. 1.700.000.00 skuldar, svo sem áskilið var í kaupsamningi. Fyrir atbeina gagnáfrýjanda gaf stjórn Húsbyggingasjóðs Framsóknarflokksins út yfirlýsingu hinn 15. maí 1963, þar sem hún samþykkti, að gagnáfrýjandi framseldi leigurétt sinn til Framsóknarhússins til aðal-

áfrýjanda, og skyldi leigutíminn vera til 15. maí 1968, en leigumálinn þó uppsegjanlegur með tilgreindum uppsagnarfresti frá 30. september 1966. Leigugreiðsla var hækkuð úr kr. 40.000.00 í kr. 46.000.00 á mánuði. Aðaláfrýjandi ritaði aldrei samþykki sitt á yfirlýsingu þessa. Með bréfi 25. október 1963 lýsti gagnáfrýjandi riftun á kaupsamningi aðilja um Glaumbæ og Næturklúbbinn frá 15. maí 1963. Lögmaður aðaláfrýjanda mótmælti riftun í bréfi 3. janúar 1964. Þar segir m. a.: „Eftirstöðvar kaupverðsins mun umbjóðandi okkar greiða á næstu fimm árum, svo sem um var samið".

Hinn 8. ágúst 1964 kvað fógetadómur Reykjavíkur upp úrskurð, þar sem tekin var til greina krafa stjórnar Húsbyggingasjóðs Framsóknarfélaganna um útburð á hendur aðiljum máls þessa úr Framsóknarhúsinu við Fríkirkjuveg vegna vangreiddrar leiguskuldar, að fjárhæð kr. 600.959.58. Af þeirri skuld var ógreidd leiga frá rekstrartíma gagnáfrýjanda kr. 200.356.00 og kr. 400.603.58 vangoldin leiga frá rekstrartíma aðaláfrýjanda. Útburðurinn fór eigi fram, enda tókust sættir með aðaláfrýjanda og húseiganda. Rak aðaláfrýjandi síðan veitingahúsið áfram og veðsetti innanstokksmuni, sem kaupsamningur aðilja frá 15. maí 1963 tók til, fyrir skuld, að fjárhæð kr. 700.000.00, hinn 31. janúar 1964. Með yfirlýsingu í október 1966 tókst aðaláfrýjandi á hendur að „greiða Húsbyggingasjóði Framsóknarfélaganna í Reykjavík eftir kröfu húseiganda eftirstöðvar húsaleiguskuldar Ragnars Þórðarsonar, að fjárhæð kr. 200.356.00, ásamt vöxtum frá 15. maí 1963". Í sömu yfirlýsingu segir aðaláfrýjandi: „ég afsala í hendur Húsbyggingasjóði Framsóknarfélaganna í Reykjavík öllum múr- og naglföstum innréttingum, gólfteppum, lömpum í loftum og á veggjum, sem ég hef eignazt skv. framansögðu með kaupum frá Ragnari Þórðarsyni, gegn því, að gerður verði leigusamningur við Gróu Bæringsdóttur v/fasteignarinnar Fríkirkjuvegur 7, Reykjavík, til ekki skemmri tíma en mér hafði á sínum tíma verið lofað af Ragnari Þórðarsyni, er ég keypti Glaumbæ af honum". Stjórn Húsbyggingasjóðs Framsóknarflokksins gerði síðan hinn 25. nóvember 1966 skriflegan leigumála við Gróu Bæringsdóttur.

Er leigutíminn frá og með 1. október 1966 og lýkur án uppsagnar hinn 1. október 1971, þó getur leigusali sagt samningnum upp með sex mánaða fyrirvara eftir 1. apríl 1968, ef húsið er selt.

Matsmennirnir Halldór Gröndal framkvæmdastjóri, Jón Pétursson húsgagnameistari og Þorsteinn Hjálmarsson húsgagnameistari, dómkvaddir á bæjarþingi Reykjavíkur 4. júní og 10. október 1968 samkvæmt úrskurði Hæstaréttar 29. maí s. á., kváðu upp hinn 13. desember 1968 það mat:

1. Að verðmæti innanbúnaðar þess í Glaumbæ, Næturklúbbnum og Káetunni, sem kaupsamningur aðilja tók yfir, hafi numið hinn 15. maí 1963 kr. 2.750.000.00.
2. Að verðmæti téðs innanbúnaðar fyrir áframhaldandi rekstur aðaláfrýjanda og réttartaka hans á Glaumbæ, Næturklúbbnum og Káetunni hafi numið, þegar eftir uppsögu útburðarúrskurðarins frá 8. ágúst 1964, kr. 3.190.000.00 og
3. Að hagsmunir aðaláfrýjanda og réttartaka hans af áframhaldandi notkun starfsheitanna Glaumbæjar, Næturklúbbsins og Káetunnar eftir 8. ágúst 1964 og svo ágóði þeirra af viðskiptavild (good will), tengdri nefndum starfsheitum, hafi numið kr. 100.000.00.

Matsmenn staðfestu mat sitt fyrir bæjarþingi Reykjavíkur hinn 20. janúar 1969 og gerðu nánari grein fyrir því.

Samkvæmt beiðni aðaláfrýjanda kváðu hinir sömu matsmenn hinn 4. marz 1969 upp mat um „það verðmæti í veitingahúsinu Glaumbæ hér í borg, sem um ræðir í 1. lið matsgerðarinnar, og þá þannig, að það verði metið til þess verðs, sem ætla má, að það hefði haft á þeim tíma, sem þar um ræðir, ef átt hefði að leggja niður veitingarekstur á staðnum og selja innbú hans utanaðkomandi aðiljum, þ. e. öðrum en viðtakanda á staðnum". Voru niðurstöður matsmanna, að verðmæti innanbúnaðarins til brottnáms hinn 15. maí 1963 hafi verið kr. 1.201.000.00. Þessa matsgerð staðfestu matsmenn fyrir dómi sama dag.

Svo sem lýst hefur verið, lét aðaláfrýjandi undir höfuð leggjast að inna af hendi kr. 60.000.00 af fé því, sem greiðast

átti út í hönd. Hann lét og undan fallast að gefa út til handa gagnáfrýjanda veðskuldabréf, að fjárhæð kr. 1.700.000.00, með veði í hinum seldu munum. Í þess stað veðsetti hann hinn 31. janúar 1964 muni þessa til tryggingar víxilskuld við þriðja aðilja, að fjárhæð kr. 700.000.00. Samkvæmt hinum óáfrýjaða úrskurði frá 8. ágúst 1964 voru báðir aðiljar í vanskilum með greiðslu húsaleigu fyrir húsnæði veitingahússins. Átti aðaláfrýjandi mikla sök á því, að húseigandinn hófst handa um útburðarmálið, en gagnáfrýjandi, sem eigi tók til varna í málinu, stendur einnig ábyrgur fyrir niðurlagi úrskurðarins. Eftir uppsögu úrskurðarins samdi aðaláfrýjandi við húseiganda um framhaldandi veitingarekstur í húsnæðinu. Jafnframt fór hann áfram með hin umsömdu verðmæti sem sína eign, en synjaði gagnáfrýjanda um frekari greiðslu, þar sem hann taldi þegar greiddar kr. 1.440.000.00 fullnaðargreiðslu. Að svo vöxnu máli mátti gagnáfrýjandi krefja aðaláfrýjanda lokaskila, er honum varð ljóst, að aðaláfrýjandi taldi viðskiptum þeirra lokið. Þykir eðlilegt að setja þetta tímamark hinn 15. október 1964, þá er aðaláfrýjandi átti samkvæmt samningi aðilja að greiða fyrstu afborgun af 1.700.000.00 króna samningsskuldinni. Við ákvörðun fullnaðarskila verður að líta annars vegar á það, hvernig hin seldu verðmæti hafa nýtzt aðaláfrýjanda, og hins vegar á það, að aðaláfrýjandi varð að taka á sig útburðarskuld gagnáfrýjanda við húseiganda til að ná samkomulagi við hann. Að öllu athuguðu þykir hæfilegt að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda alls kr. 1.350.000.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 80.000.00 (þ. e. kr. 60.000.00, umsaminni reiðugreiðslu, og kr. 20.000.00, andvirði vörubirgða) frá 15. maí 1963 til 15. október 1964, 7% ársvöxtum af kr. 1.350.000.00 frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 250.000.00, allt gegn afsali þeirra verðmæta, sem í kröfugerð segir.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Sigurbjörn Eiríksson, greiði gagnáfrýjanda, Ragnari Þórðarsyni, kr. 1.350.000.00 með 7% ársvöxtum af kr. 80.000.00 frá 15. maí 1963 til 15. október 1964, 7% ársvöxtum frá þeim degi af kr. 1.350.000.00 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 250.000, allt gegn afhendingu afsals fyrir veitingahúsinu Glaumbæ, þ. e. firmunum Glaumbæ, Næturklúbbnum og Káetunni, ásamt öllu, er téðu veitingahúsi fylgir, svo sem innanbúnaði og munum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 20. janúar 1967.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 19. þ. m., hefur Ragnar Þórðarson, Öldugötu 2 hér í borg, höfðað með stefnu, birtri 11. marz 1965, fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur gegn Sigurbirni Eiríkssyni veitingamanni, Skálholtsstíg 2 A hér í borg, „til greiðslu á skuld, að fjárhæð kr. 1.760.000.00, með 9½% ársvöxtum af kr. 60.000 frá 15. maí 1963 til 15. okt. 1964 og af stefnufjárhæðinni frá þeim degi til 31. des. 1964, en 8½% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu, allt gegn afhendingu afsalt fyrir Veitingahúsinu Glaumbæ, þ. e. firmunum Glaumbæ, Næturklúbbnum og Káetunni, ásamt öllu, er téðu veitingahúsi fylgir, s. s. innanbúnaði og munum samkvæmt skrá".

Með framhaldsstefnu, birtri 22. desember 1965, jók stefnandi kröfur sínar í málinu, og varð aðalkrafa hans þá, „*að* viðurkenndur verði eignarréttur minn að Veitingahúsinu Glaumbæ, þ. e. firmunum Glaumbæ, Næturklúbbnum og Káetunni, ásamt öllu, er téðu veitingahúsi fylgir, s. s. innanbúnaði og munum samkvæmt skrá, unz fjárkröfur mínar eru greiddar að fullu, og *að* stefndum verði dæmt að greiða mér samtals kr. 1.800.000.00 með 9½% ársvöxtum frá 15. maí 1963 til greiðsludags auk málskostn-

aðar að skaðlausu, allt gegn afhendingu afsals fyrir Veitingahúsinu Glaumbæ, þ. e. firmunum Glaumbæ, Næturklúbbnum og Káetunni, ásamt öllu, er téðu veitingahúsi fylgir, s. s. innanbúnaði og munum samkvæmt skrá".

Við hinn munnlega flutning málsins, er fram fór 19. þ. m., breytti stefnandi dómkröfum sínum enn, og eru dómkröfur stefnanda nú þær *aðallega,* að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda kr. 1.800.000.00 með 9½% ársvöxtum frá 15. maí 1963 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu, allt gegn afhendingu afsals fyrir veitingahúsinu Glaumbæ, þ. e. firmunum Glaumbæ, Næturklúbbnum og Káetunni, ásamt öllu, er téðu veitingahúsi fylgir, svo sem innanbúnaði og munum, en *til vara,* að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda kr. 1.120.000.00 með 9½% ársvöxtum af kr. 100.000.00 frá 15. október 1963 til 15. október 1964, af kr. 440.000.00 frá þeim degi til 15. október 1965 og af kr. 780.000.00 frá þeim degi til 15. október 1966 og af kr. 1.120.000.00 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu svo og að stefnda verði dæmt að gefa út skuldabréf að fjárhæð kr. 680.000.00, sem greiðist í tvennu lagi, 15. október 1967 og 15. október 1968, og beri 9½% ársvexti, allt gegn afhendingu afsals, eins og segir í niðurlagi aðalkröfu.

Dómkröfur af hálfu stefnda eru nú þær *aðallega,* að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði dæmt að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu, en *til vara,* að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að stefnanda verði dæmt að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, að þann 1. september 1961 seldi Húsbyggingasjóður Framsóknarfélaganna í Reykjavík Framsóknarhúsið við Fríkirkjuveg á leigu til Ragnars Þórðarsonar og Co. h/f sem leigutaka, en stefnandi, Ragnar Þórðarson, undirritaði leigusamninginn jafnframt persónulega sem ábyrgðarmaður. Samkvæmt leigusamningnum keypti leigutaki ýmsar innréttingar í húsinu og fékk leyfi til að láta framkvæma ýmsar breytingar á því, hvað hann og gerði. Þá tiltekur leigusamningurinn, að standi leigutaki ekki í skilum með leigugreiðslur eða rjúfi samninginn að einhverju leyti, þá skuli hann hafa fyrirgert rétti sínum til leigunnar. Á næstu árum á eftir rak stefnandi, Ragnar Þórðarson, veitingastarfsemi í Framsóknarhúsinu undir nöfnunum Glaumbær, Næturklúbburinn og Káetan, en samkvæmt upplýsingum frá firmaskrárritara tilkynnti stefnandi með bréfi, dagsettu 20. september 1961, að hann ræki veitingastarfsemi hér í borg með

ótakmarkaðri ábyrgð undir áðurgreindum nöfnum, og voru firmu þessi skráð í firmaskrána 25. sama mánaðar.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að Ragnar Þórðarson & Co. h/f hafi aldrei verið aðili í verki að leigutöku á húsnæðinu eða rekstri veitinga í húsinu. Það hafi verið valkvætt, hvort hann (Ragnar Þórðarson) persónulega eða hlutafélagið yrði leigutaki. En áður en rekstur hófst, hafi orðið að samkomulagi, að hann persónulega hefði þennan rekstur og allar opinberar skrásetningar rekstrinum viðkomandi, en ekki hlutafélagið, og þetta hafi þannig verið haft með vitund og vilja húseiganda og stjórnar hlutafélagsins.

Með bréfi, dagsettu 3. maí 1963, ritaði stefndi, Sigurbjörn Eiríksson, stefnanda tilboð. Þar greinir m. a. svo frá: „Ég undirritaður leyfi mér hér með að gera eftirfarandi tilboð í veitingahúsið Glaumbæ, Næturklúbbinn og Káetuna, eða með öðrum orðum alla veitingastarfsemi, sem rekin er í Framsóknarhúsinu.

I. Ég býðst til að kaupa allt inventar, hverju nafni sem það nefnist, þar í innifalið *alla* þá muni, sem um ræðir á lista, sem þér hafið látið mér í té og ég hef merkt x-y og að engu undanskildu skv. þessum lista. Einnig skal og fylgja allt annað ótalið, sem í ofangreindu veitingahúsi er og tilheyrir því og eða yður, þó ekki það, sem núverandi leigusalar eiga. ...

III. Leigutilboð þetta er háð því skilyrði, að leigusali samþykki, að núverandi leigusamningur og leigukjör fái að standa, að viðbættri framlengingu á leigutímanum um 5 ár frá og með 30. september 1966.

IV. Tilboð þetta er og bundið því, að núverandi leigusali og eigandi veiti mér forleigurétt og forkaupsrétt, er leigusamningur rennur út, ef húsið verður leigt eða selt.

V. Ég býðst til að greiða kr. 2.800.000.00 ... fyrir framanritað ...“.

Stefnandi gerði stefnda gagntilboð með bréfi, dagsettu 9. maí 1963. Í gagntilboðinu undanskilur stefnandi ýmsa muni í veitingahúsinu, en hækkar söluverðið í kr. 3.200.000.00. Lokaákvæði gagntilboðs stefnanda hljóðar þannig: „Tilboð þetta er því skilyrði háð, að húseigandi samþykki kaupin og aðalviðskiptabankar samþykki tryggingar og greiðslukjör“.

Stefndi ritaði stefnanda á ný þann 10. maí 1963. Í bréfi þessu, sem er gagntilboð af hálfu stefnda, segir m. a.:

„Ég vísa til tilboðs míns frá 3. maí s.l. svo og gagntilboðs yðar frá 9. maí s.l.

Hér með geri ég yður neðangreint gagntilboð, og miða ég þá

við, að tilboð mitt frá 3. maí s.l. standi með neðangreindum breytingum:

Liður I. Helzt óbreyttur með þessum undantekningum. ...

Liður III. Þessi liður helzt með þeirri breytingu, að leigutíminn skal renna út 1. júní 1968, enda verði um það gerður nýr húsaleigusamningur.

Liður IV. Helzt óbreyttur.

Liður V. Kaupverðið verði kr. 3.200.000.00 ... er greiðist þannig:

a. Við undirskrift samnings	kr.	500.000.00
b. Þrem mánuðum eftir undirskrift	—	500.000.00
c. Sex mánuðum eftir undirskrift	—	250.000.00
d. Fyrir árslok 1963	—	250.000.00
e. Eftirstöðvar greiðist á 5 árum með jöfnum afborgunum 15. okt. ár hvert, í fyrsta skipti 15. okt. 1964	—	1.700.000.00
	Alls kr.	3.200.000.00

Til tryggingar lið e verði sett að veði þeir munir, sem ég kaupi, og verði gerður sérstakur listi í því skyni. ...

Að sjálfsögðu fylgir með í kaupunum nöfnin Glaumbær, Næturklúbburinn og Káetan, sbr. skrásetningu í firmaskrá Reykjavíkur.

Nákvæm úttekt verður að fara fram á munum þeim og áhöldum, sem leigusalar Húsbyggingarsjóðs Framsóknarfélaganna afhentu leigusala Ragnari Þórðarsyni & Co. h/f, og skuldbindur Ragnar Þórðarson sig til þess að bæta við eða sjá um, að bætt verði við þá muni, sem á kann að vanta ...".

Þann 13. maí 1963 ritaði stefndi á síðastgreint gagntilboð sitt m. a. eftirfarandi:

„Til samkomulags fellst ég á eftirfarandi breytingar á þessu tilboði mínu:

1. Liður III verði eins og segir í gagntilboði yðar, þ. e. að leigutími verði 5 ár frá afsalsdegi með 6 mán. uppsagnarfresti eftir 30. september 1966 ...".

Þann 15. maí 1963 ritaði Haukur Þorleifsson aðalbókari samþykki sitt f. h. seljanda á gagntilboð stefnda, en óvefengt er af aðiljum málsins, að nefndur Haukur hafi haft fullt og ótakmarkað umboð til að ganga frá kaupunum af hálfu stefnanda.

Í málinu liggja frammi tvær yfirlýsingar frá stjórnum Ragnars Þórðarsonar & Co. h/f, svohljóðandi:

„Við undirrituð, Ragnar Þórðarson, Thor R. Thors og Ruth Guðmundsdóttir, er vorum í stjórn félagsins Ragnar Þórðarson & Co. h.f. frá 12. okt. 1961 til 6. nóv. 1963, lýsum hér með yfir því, að það var með vitund og vilja stjórnarinnar, að Ragnar Þórðarson gerði persónulega kaupsamning við Sigurbjörn Eiríksson um veitingahúsið Glaumbæ og muni þá og réttindi, þar á meðal leigurétt til húsnæðis, er þar um ræðir.

Enda þótt Ragnar Þórðarson & Co. h.f. væri að formi til leigutaki að húsnæðinu, þá rak Ragnar veitingahúsið persónulega og fyrir eigin reikning og hafði félagsins vegna fulla heimild til þess og þeirra ráðstafana, er hann gerði.

Reykjavík, 29. desember 1966.

Ruth Guðmundsdóttir.

Ragnar Þórðarson.

Thor R. Thors".

„Við undirrituð, Ragnar Þórðarson, Halldór Rafnar og Ruth Guðmundsdóttir, sem erum í stjórn félagsins Ragnar Þórðarson & Co. h.f., lýsum því hér með yfir, að við erum algerlega samþykk yfirlýsingu fyrrverandi stjórnar um heimild Ragnars Þórðarsonar til sölu veitingahússins Glaumbæjar til Sigurbjarnar Eiríkssonar og allra ráðstafana í því sambandi.

Ragnar gaf stjórninni kost á að fylgjast með málaferlunum við Sigurbjörn Eiríksson út af eftirstöðvum kaupverðs.

Reykjavík, 29. dec. 1966.

Ruth Guðmundsdóttir.

Halldór Rafnar.

Ragnar Þórðarson".

Stefndi virðist hafa tekið við rekstri veitingahússins þann 15. maí 1963 og rekið það til 1. október 1966. Greiddi hann kr. 440.000.00 við afhendingu og samþykkti víxla samtals að fjárhæð kr. 1.000.000.00 fyrir greiðslum samkvæmt lið V. b., c. og d. Þá víxla greiddi stefndi á réttum gjalddögum. Stefndi hefur hins vegar ekki greitt kr. 60.000.00 af þeim kr. 500.000.00, sem honum bar að greiða við undirskrift samningsins, og ekkert af þeim kr. 1.700.000.00, sem honum bar að greiða samkvæmt V. lið e, og ekki gaf hann út veðbréf til tryggingar þeirri greiðslu. Auk þess telur stefnandi, að stefndi skuldi honum kr. 40.000.00 fyrir rekstrarvörur, sem stefndi hafi tekið við með veitingahúsinu og hafi átt að greiða sérstaklega.

Stefnandi sundurliðar aðalkröfu sína því þannig:

1. Eftirstöðvar af greiðslu samkvæmt V. lið a kr. 60.000.00

2. Greiðsla samkvæmt V. lið e . . . . . kr. 1.700.000.00
3. Rekstrarvörur . . . . . — 40.000.00

Kr. 1.800.000.00

Ekki fékk stefndi afsal fyrir veitingahúsinu, þegar hann tók við því, og firmun Glaumbær, Næturklúbburinn og Káetan voru heldur ekki færð á nafn hans. Þá var ekki gengið frá framleigusamningi við stefnda. Stefnandi fékk hins vegar yfirlýsingu, dagsetta 15. maí 1963, frá stjórn Húsbyggingasjóð Framsóknarfélaganna í Reykjavík um framleigu á veitingahúsinu til stefnda, dómsskjal nr. 28. Þar segir m. a.: „Með samningi, dags. 1. september 1961, hefur Húsbyggingarsjóður Framsóknarfélaganna í Reykjavík leigt Ragnari Þórðarsyni & Co. h.f. og Ragnari Þórðarsyni, lögf. (sem ábyrgðarmanni) Framsóknarhúsið við Fríkirkjuveg 7 í Reykjavík.

Stjórn Húsbyggingarsjóðsins samþykkir hér með, að núverandi leigutaki framselji rétt sinn skv. samningi þessum til hr. Sigurbjörns Eiríkssonar, Álfsnesi, Kjalarnesi, með eftirtöldum skilmálum:

Leigutíminn er til 15. maí 1968, en frá 30. september 1966 er leigusamningurinn uppsegjanlegur með sex mánaða fyrirvara af hálfu leigusala, enda hafi leigutaki forkaupsrétt, ef húsið verður selt. Leigugreiðsla skal vera 46.000.00 á mánuði (miðað við 1. nóvember 1961) til 30. sept. 1966, enda eru eigi undanskilin skrifstofuherbergi þau á efri hæð, er um ræðir í 1. grein. Húsnæðið er leigt til veitingareksturs og skal rekið sem 1. flokks veitingahús, enda hafi það vínveitingaleyfi. Sé skilyrðum þessum eigi fullnægt, er samningur þessi þegar úr gildi fallinn. . . .

Sigurbjörn Eiríksson gefi út víxil að fjárhæð kr. 300.000.00 til tryggingar skuldbindingum sínum við leigusala, ennfremur setji hann fasteignaveð, sem leigusali metur gilt, fyrir upphæðinni.

Að öðru leyti gilda ákvæði ofangreinds samnings . . .“.

Stjórn Húsbyggingasjóðs Framsóknarfélaganna gerði ráð fyrir, að stefndi ritaði samþykki sitt á ofangreinda yfirlýsingu sem nýr leigutaki. Af því varð þó ekki, þar sem stefnandi lét þetta atriði ekki til sín taka.

Síðla sumars 1963 bar það til, að stefndi var kærður af Landsbanka Íslands fyrir brot á almennum hegningarlögum vegna misnotkunar á tékkaviðskiptum. Vakti mál þetta mikið umtal, og virðist stefnandi hafa óttazt mjög, að stefndi mundi missa vín-

veitingaleyfi sitt og gæti ekki efnt samninginn. Hvernig sem þessu var annars háttað, þá ritaði stefnandi stefnda bréf, svohljóðandi, dagsett 25. október 1963:

„Hér með leyfi ég mér að segja upp og rifta kaupsamningi um Glaumbæ og Næturklúbbinn frá 15. maí 1963.

Ástæður til riftunar eru þær, að ég tel, að þér hafið þegar vanefnt samninginn í verulegum atriðum og að þeir atburðir hafi gerzt, að verulegar forsendur séu brostnar fyrir því, að þér getið rekið nefnt veitingahús og staðið í skilum samkvæmt kaupsamningnum.

Í sambandi við riftun þessa áskil ég mér fullan rétt til skaðabóta úr yðar hendi".

Ofangreindu bréfi stefnanda svaraði lögmaður stefnda með bréfi, dagsettu 3. janúar 1964. Þar segir m. a.:

„Umbjóðandi okkar hefur þegar staðgreitt yður þá fjárhæð, sem til var ætlazt, að undanskildum kr. 100.000.00, er sumpart gengu til greiðslu á eldri skuldum fyrirtækisins og sumpart var haldið eftir skv. beiðni stjórnar Framsóknarhússins vegna viðskipta yðar við þann aðila. Hefur réttmæti þeirrar ráðstöfunar aldrei verið véfengt.

Umbjóðandi okkar hefur og greitt yður með víxlum þann hluta kaupverðsins, er þannig skyldi greiddur, með þeirri sjálfskuldarábyrgð, er þér mátuð gilda á sínum tíma.

Eftirstöðvar kaupverðsins mun umbjóðandi okkar greiða á næstu fimm árum, svo sem um var samið. Er hann sem áður reiðubúinn til að ganga frá þeirri veðsetningu, sem áskilin var til tryggingar þessum hluta greiðslunnar. Hefur hingað til staðið á yður og umboðsmanni yðar að segja til um form veðsetningarinnar og nákvæma tilgreiningu þeirra muna, sem hún á að ná til. Við beinum því hér með til yðar f. h. umbjóðanda okkar að gefa honum slíka fyrirsögn um gerð veðbréfsins hið fyrsta. Áskilur hann sér rétt til að fullnægja gerðum samningum með því að gefa út veðskuldabréf í einu lagi fyrir eftirstöðvum kaupverðsins með þeim formála, sem lýst er í e-lið V. greinar kaupsamningsins, og til að setja yður tiltekinn frest til að taka við slíku veðbréfi, ef með þarf.

Umbjóðandi okkar óskar sérstaklega að mótmæla staðhæfingu yðar um brostnar forsendur fyrir umræddum kaupum. Svo virðist sem þér hafið í huga þann atburð frá s.l. sumri, sem varð til þess, að umbjóðandi okkar hefur nú verið ákærður fyrir brot á almennum hegningarlögum. Atburður þessi stóð ekki í sambandi

við kaupin né rekstur veitingastaðarins, og telur umbjóðandi okkar, að hann muni ekki hafa áhrif á getu sína til að standa í skilum við yður, sbr. þar sem fyrr var ritað um þau efni.

Með vísun til framanritaðs leyfum við okkur að vísa riftunarkröfu yðar á bug. ...

Jafnframt skorum við á yður að hlutast til um það, að umskráning fari fram á firma veitingastaðarins svo fljótt sem kostur er. ...

Umbjóðandi okkar vill að lokum taka fram, að viðskilnaði yðar við staðinn hafi verið áfátt í ýmsum efnum ...".

Með bréfi, dagsettu 3. apríl 1964, ritaði Húsbyggingasjóður Framsóknarfélaganna í Reykjavík borgarfógetaembættinu bréf, þar sem þess var óskað, að félagið Ragnar Þórðarson & Co. h/f og þeir aðrir, er rétt sinn leiddu frá félaginu, yrðu bornir út úr húsinu Fríkirkjuvegi 7, þ. e. umræddu veitingahúsi, vegna vanskila á leiguskuld. Var útburðarbeiðnin tekin til úrskurðar í fógetarétti 21. júlí 1964, og kvað gerðarbeiðandi húsaleiguskuldina þá nema kr. 600.959.58, þar af áfallin á leigutíma stefnda kr. 400.633.58. Ragnar Þórðarson og Co. h/f og stefnandi létu mæta í útburðarmálinu, en höfðu ekki uppi réttarkröfur í málinu. Stefndi tók til varnar í málinu og krafðist þess, að synjað yrði um hina umbeðnu útburðargerð. Borgarfógeti kvað upp úrskurð í málinu þann 9. ágúst þess efnis, að umbeðin útburðargerð skyldi fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda. Ekki neytti gerðarbeiðandi réttar síns um útburð, en útburði var frestað æ ofan í æ með samkomulagi gerðarbeiðanda og stefnda. Síðast var málið tekið fyrir í fógetaréttinum þann 14. febrúar 1966, og var málinu þá frestað enn um óákveðinn tíma.

Samkvæmt upplýsingum frá stefnda hefur nú komizt á samningur milli Húsbyggingasjóðs Framsóknarfélaganna og Gróu Herdísar Bæringsdóttur, sambýliskonu stefnda, um leigu á Framsóknarhúsinu til veitingarekstrar frá og með 1. október 1966, og heldur stefndi því fram, að aðgerðum húseiganda til útburðar á Ragnari Þórðarsyni & Co. h/f og þeim, sem rétt sinn leiði frá því félagi, sé þar með lokið, en húsaleiguskuld félagsins miðað við 15. maí 1963, kr. 200.356.00, sé enn ógreidd. Síðastgreindur samningur sé gerður með fyrirvara um betri rétt stefnanda út af hugsanlegum veðrétti í þeim munum, sem stefndi hefur fengið hjá stefnanda.

Stefnandi hefur eindregið mótmælt því, að hann skuldi nokkra húsaleigu frá þeim tíma, sem hann rak veitingahúsið. Kveðst

stefnandi hafa átt gagnkröfu á húseiganda og hafi gagnkrafan numið hærri fjárhæð en kr. 200.356.00, enda hafi Húsbyggingasjóður Framsóknarfélaganna engar kröfur gert á hendur honum út af reikningsuppgjöri þessu.

Þann 31. janúar 1964 gaf stefndi út tryggingarbréf til handhafa víxils að fjárhæð kr. 700.000.00 og veðsetur þar „með 1. — fyrsta — veðrétti — allt „inventar", hverju nafni sem nefnist, tilheyrandi veitingarekstri mínum í veitingahúsinu: Glaumbær, Næturklúbburinn og Káetan, að Fríkirkjuvegi 7 hér í borg, samkvæmt tilboðum og gagntilboðum, endanlega samþykktum (kaupsamningi), dags. 3., 9., 10., 13. og 15. maí árið 1963 og sem fylgir tryggingarbréfi þessu í afritum. Meðfylgjandi er og listi yfir muni þá, er getur á tilboði mínu til Ragnars Þórðarsonar, dags. 3. maí 1963, I. lið, og hér að ofan greinir m. a.".

Með bréfi, dagsettu 6. febrúar 1964, kærði stefnandi stefnda fyrir skilasvik vegna útgáfu tryggingarbréfs þessa og vitnaði til 250. gr., 2. töluliðar, hegningarlaga nr. 19/1940. Kom málið til kasta saksóknara ríkisins, sem fyrirskipaði rannsókn í málinu. Að henni lokinni ákvað hann, að ekki skyldi ákært í málinu.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 2. marz 1964, í málinu nr. 137/1964: Jón Þórarinsson gegn Sigurbirni Eiríkssyni er veðréttur þessi staðfestur og stefnda gert að greiða fjárhæð þá, sem tryggingarbréfið hljóðar um. Ekki mun enn vera búið að aflýsa veðinu.

Með dómi, uppkveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur 20. október 1964, var Ragnari Þórðarsyni dæmt að greiða Þorvaldi Lúðvíkssyni hæstaréttarlögmanni kr. 80.000.00 ásamt vöxtum og kostnaði. Dómhafinn, Þorvaldur Lúðvíksson, krafðist þess, að borgarfógeti framkvæmdi fjárnám í eigum dómþolans, Ragnars Þórðarsonar, til tryggingar á dómskuldinni. Fógeti tók fjárnámsbeiðnina fyrir 8. janúar 1965. Fyrir fógetadóminn kom gerðarbeiðandi sjálfur og Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður af hendi gerðarþolandans. Hann kvaðst ekki greiða, en vísaði til fjárnáms á ísvél og 130 stóla í Næturklúbbnum og kæliskáp í Káetu. Fógeti lýsti fjárnámi í framangreindum munum til tryggingar kröfum gerðarbeiðanda. Stefndi, Sigurbjörn Eiríksson, skaut fjárnámsgerð þessari til Hæstaréttar með stefnu 25. janúar 1965 og gerði þær dómkröfur, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð yrði úr gildi felld. Áður en dómur gekk í Hæstarétti, var málið tekið fyrir að nýju í fógetaréttinum. Var þá mættur Þorvaldur Lúðvíksson hæstaréttarlögmaður, og af hálfu Ragnars Þórðarsonar mætti Magnús

Thorlacius hæstaréttarlögmaður. Þeir voru sammála um að óska lausnargerðar, þar sem fjárnámskröfurnar hefðu verið gerðar upp, og aflétti fógetinn fjárnáminu, sem lagt var á 8. janúar 1965. Dómur Hæstaréttar í fógetamálinu var kveðinn upp 25. febrúar 1966, og var málinu vísað frá Hæstarétti. Í dóminum segir m. a.: „Þar sem fjárnámi því, sem lagt var hinn 8. janúar 1965 á framangreinda muni, er nú aflétt, og mál er rekið fyrir sjó- og verzlunardómi milli stefnda Ragnars Þórðarsonar og áfrýjanda um réttinn til munanna, á mál þetta eigi lengur heima fyrir Hæstarétti. Ber því að vísa því frá dómi".

Í öðru fjárnámsmáli gegn stefnanda vísaði lögmaður stefnanda þann 13. janúar 1965 á til fjárnáms ísgeymslu í veitingahúsinu Glaumbæ. Umboðsmaður gerðarbeiðanda vefengdi rétt gerðarþola til þess að benda á þennan hlut, þar eð þriðji maður mundi eiga réttindi yfir honum. Fógeti úrskurðaði atriði þetta 12. febrúar 1965 með þessari niðurstöðu: „Ábendingu gerðarþola um fjárnám í ísgeymslu í veitingahúsinu Glaumbæ (Næturklúbbnum) er hafnað".

Stefnandi hefur lagt fram aðiljaskýrslu sína, dagsetta 18. desember 1965. Þar segir m. a.: „Vorið 1963 vildi ég selja veitingahúsið Glaumbæ, og leitað var hófanna um þau viðskipti við ýmsa aðila. Tveir aðilar gerðu ákveðin kauptilboð, Sigurbjörn var annar þeirra, þótt tilboð hans væri ca. kr. 1.000.000.00 — einni milljón króna — lægra en tilboð hins aðilans, þótti rétt að semja við Sigurbjörn, þar sem hann taldi sig geta borgað meiri part kaupverðsins í reiðu fé, og bankar töldu Sigurbjörn einn öruggasta og traustasta manninn í viðskiptalífinu í Reykjavík og allar hans yfirlýsingar og fjárskuldbindingar væru gulls í gildi, og ég ætti því að vera öruggur um að koma pappírum frá honum í peninga strax. Þetta sjónarmið reið baggamuninn, þar sem ég var þá í greiðsluvandræðum og þurfti mjög á reiðu fé að halda þá þegar, enda var það megin ástæðan til þess, að ég vildi selja Glaumbæ.

Hvaða rök gátu þá legið að því, að ég neitaði að taka á móti verðmætum úr hendi Sigurbjörns?

Sannleikurinn er, að það dróst hjá Sigurbirni að greiða umsamda útborgun, og fékkst hún aðeins með eftirgangsmunum, enda ekki fullgreidd enn þann dag í dag. Þá átti Sigurbjörn að skila umboðsmanni mínum undirskrifuðum skrám og listum yfir húsbúnað, sem hann átti að veðsetja mér, svo og skuldabréfi. Um þetta leyti fór ég til útlanda, og þegar ég kom aftur til landsins,

hafði Sigurbjörn ekki ennþá gengið frá þessum greiðslum og skuldabréfa afhendingum til umboðsmanns míns, þannig að hægt væri að afsala honum hinum umsömdu eignum. Þá höfðu og skeð þau atvik, sem breyttu mjög mati margra, einkum bankastofnana, á fjárhagslegu trausti því, er Sigurbjörn hafði notið í svo ríkum mæli.

Þá voru umrædd atvik þess eðlis, að telja mátti fulla vissu fyrir því, að Sigurbjörn gæti ekki haldið áfram vínveitingarekstri, og að hann hefði því ekki lengur möguleika á að standa við þessa samninga. Þá leituðu og aðrir aðilar mjög fullnægingar á skuldakröfum, sem þeir áttu á hendur Sigurbirni, og mátti jafnvel búast við, að hann yrði gjaldþrota af þeim ástæðum. Þá var leitað fyrir sér um riftingu og sölu, með samkomulagi, til annarra, m. a. til konu Sigurbjörns. Gengu þessar umleitanir fram og aftur án endanlegs árangurs.

Ekki gerði Sigurbjörn enn á þessu tímabili neina tilraun til að fullnægja ákvæðum sölusamnings.

Eitt algengasta form tryggingar, þegar um sölu lausafjármuna er að ræða, er, að seljandi áskilur sér eignarrétt, þ. e. selur með eignarréttarfyrirvara, eða gefur ekki afsal fyrir hinu selda, þ. e. fyrirbyggir, að eignarréttar yfirfærsla fari fram, fyrr en hið selda er að fullu greitt eða einhverjum öðrum ákveðnum skilyrðum fullnægt, t. d. önnur trygging sett. Án þess að í upphafi hafi verið um nokkurt vantraust á Sigurbjörn eða greiðslugetu hans að ræða, þótti rétt, enda ákveðið í samningi, að afsal, þ. e. eignarréttar yfirfærsla, færi ekki fram, fyrr en hann hafi fullnægt ákvæðum samningsins, þ. e. greiðslu fyrstu útborgunar, afhendingu vissra víxla og útgáfu skuldabréfs með veðsetningu. Þetta var auðvitað gert til að tryggja, að Sigurbjörn yrði ekki eigandi hins selda og gæti því ekki selt eða veðsett það eða ráðstafað á annan hátt nema í samráði við mig og með samþykki mínu.

Nú skeður það, að Sigurbjörn veðsetur (þ. e. gerir tilraun til að veðsetja umræddar eignir — þar sem veðsetning er auðvitað ólögleg, hann er ekki ennþá orðinn eigandi umræddra eigna, afsal hefur ekki farið fram) húsbúnað Glaumbæjar án þess að hafa áður gengið frá eða gert tilraun til að ganga frá því, sem nauðsynlegt var, til þess að hann yrði eigandi, og án þess að leita samþykkis míns fyrir þeirri ráðstöfun. Þegar hér var komið, þótti mér tímabært að óska bréflega eftir riftun, þar sem ekki virtist lengur nein geta eða vilji af Sigurbjörns hálfu til þess að fullnægja ákvæðum sölusamnings. Þessari skriflegu umleitan svar-

aði stefndi neitandi og taldi sig fúsan og færan um að standa við samninginn, enda mundi hann óefað gera það. Í þessu bréfi bendir stefndi á, að ekki hafi enn orðið verulegar vanefndir af sinni hálfu, en þegar komi að afborgunardegi samkvæmt samningi, þ. e. október 1964, muni hann greiða sem sér beri. Gat ég sætt mig við þessa lausn. (Riftingin var fyrst og fremst hugsuð til að tryggja mér, að ég fengi andvirði eigna minna, en Sigurbjörn virtist ekki hafa neinn áhuga fyrir slíku, eftir að hann fékk staðinn afhentan og gat notið arðs af honum).

Enn var leitað um ráðstöfun staðarins til annarra aðila með samkomulagi. Enn hafði Sigurbjörn ekki gert neinar tilraunir til að standa við þau ákvæði samningsins, sem ennþá er ófullnægt.

Sigurbjörn gaf mér aldrei á þessu tímabili tækifæri til að ná sambandi við sig. Þá gerði lögfræðingur minn, Magnús Thorlacius, og umboðsmaður minn, Haukur Þorleifsson, ítrekaðar, árangurslausar tilraunir til að ná sambandi við Sigurbjörn. Var mér þá sá einn kostur mögulegur að fela Magnúsi Thorlacius að innheimta hjá Sigurbirni þær kröfur, sem ég á á hendur honum. Innheimtubréfum var ekki svarað, og var ég því neyddur til að fara í þetta mál, sem hér liggur fyrir. Verður að telja, að ég hafi sýnt eins mikið langlundargeð og vænta má með nokkurri sanngirni".

Stefnandi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að viðskiptabankar hans hafi viljað hafa samráð og hönd í bagga með sölu veitingahússins og hvernig því fé, sem inn kæmi, yrði varið. Kveðst stefnandi því hafa fengið Hauk Þorleifsson, aðalbókara Búnaðarbankans, til þess að ganga frá samningum af sinni hálfu og hafi verið um það rætt, að Haukur fylgdist jafnframt með samningunum af bankanna hálfu og gengi endanlega frá samningunum á þann hátt, að bankarnir gætu sætt sig við greiðsluform, útborganir og vaxtakjör.

Stefnandi kveðst jafnan hafa litið á listann, sem lagður hefur verið fram í málinu sem dómsskjal nr. 20, sem rétta upptalningu á þeim lausafjármunum, sem stefndi keypti af stefnanda með veitingahúsinu. Listinn sé undirritaður af Sólrúnu Helgadóttur, sem hafi verið fulltrúi stefnda við talninguna, og af Lovísu Jónsdóttur, sem hafi verið trúnaðarmaður hans (stefnanda), þegar talning fór fram. Stefnandi segir, að listi þessi hafi verið tilbúinn mjög fljótlega eftir 15. maí 1963. Hafi stefndi ekki þurft annað en að undirskrifa listann og skuldaviðurkenningu í einhverju

formi, veðskuldabréf eða tryggingarbréf með víxlum, en það hafi stefndi aldrei fengizt til að gera. Stefnandi kveðst aldrei hafa neitað að taka við greiðslum frá stefnda. Stefnandi segir, að annað hafi ekki hvarflað að honum en að stefndi greiddi fulla vexti af skuldinni, eins og hún væri á hverjum tíma, frá afhendingardegi að telja, enda hafi báðum aðiljum verið kunnugt um, að aðalviðskiptabankar stefnanda áttu að samþykkja tryggingar og greiðslukjör.

Stefnandi segir, að áfengis- og tóbaksbirgðir hafi verið í veitingahúsinu, þegar stefndi tók við rekstrinum. Hafi stefndi yfirtekið vörur þessar samkvæmt talningu, sem framkvæmd hafi verið af starfsmönnum Á. T. V. R. Að lokinni talningu hafi andvirði vara þessara verið millifært í reikningum Á. T. V. R. Á sama hátt hafi verið gengið frá gosdrykkja- og flöskubirgðum hússins við viðkomandi verksmiðjur.

Stefnandi kveðst hins vegar hafa gert munnlegt samkomulag við stefnda þess efnis, að stefndi keypti vissar rekstrarvörubirgðir gegn staðgreiðslu. Hafi stefndi átt að greiða vörurnar, um leið og hann tæki við rekstrinum. Kveðst stefnandi hafa samþykkt, að sambýliskona stefnda, Gróa Herdís Bæringsdóttir, sæi um talningu og verðlagningu birgðanna, og hafi stefndi átt að skila Jóni Magnússyni, lögmanni stefnda, lista yfir birgðirnar, um leið og skilað yrði listum yfir „inventarið". Enginn listi hafi þó borizt yfir vörubirgðirnar, en Gróa Herdís hafi tjáð stefnanda munnlega, að andvirði birgðanna hafi numið um það bil kr. 40.000.00. Kveðst stefnandi þó ekki þora að vinna eið að því, hvaða upphæð hún nefndi. Í þinghaldi 18. febrúar 1966 lýsti stefnandi, hvaða vörur það hafi verið, sem Gróa Herdís átti að gera lista yfir og voru í húsinu:

1. Vörur í kæli: Kjötvörur, feitisvörur, fiskur, mjólkurafurðir og grænmeti. Telur stefnandi, að allar ofangreindar vörur í kæli geti varla hafa verið að verðmæti undir 20—30 þúsund krónum, þar af kjötvörur að andvirði 15—20 þúsund krónur.

2. Niðursuðuvörur: Sveppir, ávextir, grænmeti og ýmsar pakkavörur, svo sem súpur, kjötkraftur o. fl. Enn fremur nýlenduvörur, t. d. kaffi. Stefnandi áætlar, án þess að geta staðhæft nokkuð um magn, að verðmæti birgðanna af niðursuðuvörum hafi verið minnst kr. 20.000.00, en geti hafa verið miklu meira.

3. Hreinlætisvörur: Bón, hreinsilögur, þvottaefni og fleira. Stefnandi áætlar andvirði þeirra birgða um tvö til þrjú þúsund krónur.

Í þessu sambandi hefur stefnandi skýrt svo frá, að umrætt veitingahús, eins og það var, þegar stefndi tók við rekstrinum, hafi tekið í sæti um fjögur til fimm hundruð manns. Algengt hafi verið, að tvö til þrjú hundruð manns hafi borðað þar um helgar. Til þess að geta rekið slíkt veitingahús sé nauðsynlegt að hafa töluverðar vörubirgðir. Vörubirgðir upp á 40—60 þúsund krónur verði að teljast óverulegar í þessu sambandi.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að hann hafi litið svo á, að allar rekstrarvörur, sem væru í húsinu, fylgdu með í kaupunum, þó að ekkert væri um þær rætt í samningaviðræðum hans (stefnda) og Hauks Þorleifssonar. Eftir að búið var að undirskrifa tilboðin, hafi stefnandi farið að hafa afskipti af málinu og m. a. lýst því yfir, að það hafi alls ekki verið sín meining, að rekstrarvörur hússins, þ. á m. tóbak, öl, áfengi og matarbirgðir, fylgdu með í kaupunum. Haukur Þorleifsson hafi þá lýst því yfir við stefnda, að leið mistök hafi orðið að taka ekki skýrt fram í samningnum, að rekstrarvörur á lager fylgdu ekki með í kaupunum. Hafi Haukur farið fram á það, að hann (stefndi) greiddi vörubirgðirnar. Stefndi kveðst þá hafa samþykkt, að matvörubirgðir í útigeymslum yrðu taldar sérstaklega upp og þær síðan gerðar upp, er fullnaðaruppgjör færi fram, þ. e. við útgáfu afsals og umskráningu. Hins vegar hafi fullt samkomulag verið með þeim Hauki, að vörubirgðirnar, sem komnar voru í ísskáp eða aðrar geymslur inni í húsinu, skyldu fylgja með í kaupunum. Þá hafi einnig náðst samkomulag um, að Gróa Herdís Bæringsdóttir og matsveinninn, Magnús Árnason, sæju um talninguna og gerðu skrá yfir birgðirnar. Minnir stefnda, að Gróa Herdís og Magnús hafi farið út í matvælageymslurnar og litið yfir birgðirnar. Að því búnu hafi þau komið aftur án þess að semja sérstakan lista yfir birgðirnar. Stefnda minnir fastlega, að þau hafi lýst því yfir, að samkomulag hafi orðið milli þeirra um að áætla verð birgðanna 15—20 þúsund krónur. Tekur stefndi fram í þessu sambandi, að ekki hafi verið lögð mikil áherzla á talningu þessara vörubirgða, þar sem stefndi hafi gefið eftir, að vörubirgðirnar almennt fylgdu með í kaupunum.

Stefndi skýrir svo frá, að honum hafi ekki verið kunnugt um, að stefnandi væri í vanskilum við Húsbyggingasjóð Framsóknarfélaganna, þegar hann (stefndi) undirritaði samningana. Í júnímánuði 1963 kveðst stefndi hafa átt tal við Guðjón Styrkársson, formann Húsbyggingasjóð Framsóknarfélaganna. Hafi Guðjón þá lýst því yfir, að Ragnar Þórðarson skuldaði um það bil kr.

200.000.00 í áfallna húsaleigu. Kveðst stefndi þá fyrst hafa vitað, að stefnandi hafði ekki gert full skil við húseigandann og með hinni miklu húsaleiguskuld fyrirgert leigurétti sínum, sbr. 8. gr. upphaflega leigusamningsins, dómsskjal nr. 18. Eftir samtalið við Guðjón kveðst stefndi hafa farið á fund Hauks Þorleifssonar og hafi Haukur þá sagt, að það væri rétt, að stefnandi skuldaði húsaleigu og að hann, þ. e. Haukur, hefði lofað stjórn húsbyggingasjóðsins, að húsaleiguskuldin yrði greidd, um leið og stefnandi fengi peninga frá stefnda. Haukur hafi jafnframt lýst því yfir, að hann hefði góða von um að geta selt víxlana, sem stefndi afhenti. Fengjust þá peningar, sem notaðir yrðu til þess að greiða húsaleiguskuld stefnanda við húseiganda. Er þetta samtal hafi átt sér stað, hafi stefnandi verið erlendis. Hafi Haukur sagt, að bezt væri að fara eftir ósk stefnanda og ganga ekki endanlega frá samningum, fyrr en stefnandi kæmi aftur til landsins, en þá mundi Haukur setja sig í samband við skrifstofu lögmanna í Tryggvagötu 8, sem hafði með mál stefnda að gera. Stefndi segir, að hvorki Haukur Þorleifsson, stefnandi né nokkur annar af stefnanda hálfu hafi snúið sér til hans (stefnda) til þess að ganga endanlega frá samningunum. Stefndi kveðst hins vegar hafa farið margar ferðir ásamt Hirti Torfasyni hæstaréttarlögmanni á fund stefnanda og borið fram tilmæli um, að gengið yrði frá samningunum, en stefnandi hafi þá verið ófáanlegur til þess. Aftur á móti hafi stefnandi krafizt riftunar og sagt, að hann (stefnandi) væri að leita eftir nýjum kaupendum, og komið hafi fram í yfirlýsingu stefnanda, að hann vildi vera meðeigandi að veitingarekstrinum, en komið gæti til mála, að Gróa Herdís fengi að vera hluthafi í fyrirtækinu með nýju eigendunum.

Vitnið Gróa Herdís Bæringsdóttir, sem er sambýliskona stefnda og hefur átt með honum börn, hefur skýrt svo frá, að stefnandi hafi beðið Magnús Árnason, yfirmatreiðslumann hjá stefnanda, að telja rekstrarvörubirgðir í útigeymslum. Kveðst vitnið hafa farið með Magnúsi og verið viðstatt, meðan Magnús skrifaði niður lista yfir vörubirgðirnar. Vitnið neitar því eindregið, að stefnandi hafi falið því að sjá um talningu og verðlagningu varanna. Í því sambandi tekur vitnið fram, að það hafi þá ekki haft þekkingu á rekstri matsölu og það hafi verið ókunnugt allri skipan á vörugeymslum á staðnum. Vitnið segir, að það hafi ekki tekið við listanum, sem Magnús skráði yfir vörurnar. Hafi Magnús farið inn í eldhús veitingastaðarins að talningu lokinni, og kveðst vitnið enga hugmynd hafa um, hvað af listanum varð. Vitnið

segir, að þau hafi verið mjög fljót að telja vörurnar, enda hafi verið litlar birgðir í geymslunum. Lítið sem ekkert kjöt, dálítið af dósamat, en vitnið kveðst nú ekki muna magn birgðanna. Síðar kveðst vitnið hafa heyrt talað um, að verðmæti varanna hefði verið 15—20 þúsund krónur. Vitnið kveðst ekki minnast þess að hafa nokkurn tíma rætt við stefnda um vörubirgðirnar og þvertekur fyrir að hafa nokkurn tíma minnzt á 40 þúsund krónur í því sambandi, enda kveðst vitnið ekki hafa getað gert sér grein fyrir verðmæti varanna. Vitnið segir, að ofangreind talning hafi átt sér stað sama daginn og stefndi tók við rekstri veitingahússins. Vitnið segir, að Magnús Árnason hafi starfað áfram í veitingahúsinu, eftir að stefndi tók við því, en man ekki, hve lengi hann vann eftir það.

Þrátt fyrir ábendingar dómsins hefur Magnús Árnason ekki gefið vitnaskýrslu fyrir dóminum um þetta atriði.

Vitnið Haukur Þorleifsson aðalbókari kveðst hafa fengið skriflegt umboð frá stefnanda til þess að ganga frá sölu á veitingahúsinu til stefnda, og jafnframt kveðst vitnið hafa átt að gæta hagsmuna Búnaðarbankans og Útvegsbankans í sambandi við söluna. Vitnið segir, að það og stefndi hafi rætt um vaxtagreiðslur af eftirstöðvum kaupverðsins. Stefndi hafi í því sambandi sett fram það álit sitt, að sanngjarnt væri, að hann greiddi 7% ársvexti af skuldinni, eins og hún væri á hverjum tíma. Vitnið kveðst hafa svarað stefnda því, að það væri tómt mál að ræða um svo lága vexti, því að það yrði aldrei samþykkt. Vitnið kveðst hafa gert kröfu um það, að stefndi greiddi hæstu löglega vexti, eins og þeir væru á hverjum tíma, en hæstu lögleyfðir vextir á þeim tíma hafi verið 9½% af lánum sem þessum. Vitnið staðhæfir, að stefndi hafi gefið afdráttarlaust samþykki sitt á því að greiða þessa vexti. Þessa yfirlýsingu hafi stefndi gefið vitninu munnlega, en engin skrifleg yfirlýsing muni hafa verið gerð um það, enda hafi þessi vaxtakjör verið skilyrði fyrir kaupunum af hendi stefnanda og aðalviðskiptabanka hans, sbr. niðurlagsákvæði gagntilboðs stefnanda frá 9. maí 1963. Vitnið segir, að upphafstími vaxtanna hafi átt að reiknast frá 15. maí 1963. Vitnið segir, að ekki hafi verið búið að ræða til fulls við aðalviðskiptabanka stefnanda, hvort stefndi gæfi út veðskuldabréf fyrir eftirstöðvunum eða samþykkti víxla með tryggingarbréfi. Vitnið kveðst hafa tekið við yfirlýsingu stjórnar Húsbyggingasjóðs Framsóknarfélaganna frá 15. maí 1963, þar sem stjórnin hafi samþykkt framleigu húsnæðisins til stefnda, dómsskjal nr. 28. Kveðst vitnið

hafa ætlað að láta stefnda undirrita skjalið og afhenda honum eintak af því. Vitnið segir, að stefndi hafi hvorki fyrr né síðar eftir 20. maí 1963 borið fram við vitnið greiðslur vegna samninganna umfram kr. 40.000.00, sem vitnið tók á móti 12. júní 1963. Vitnið kveðst oft á tímabilinu 20. maí 1963 til 1. september 1963 hafa átt tal við stefnda og krafið hann um eftirstöðvar á útborgun og að ganga frá skuldayfirlýsingu og veðtryggingu fyrir kr. 1.700.000.00. Stefndi hafi jafnan haft góð orð um að ganga frá þessu, en þó sagt, að hann ætti gagnkröfur á hendur stefnanda. Vitnið kveðst hafa óskað eftir að fá að sjá gagnkröfurnar, svo að hægt væri að athuga þær. Stefndi hafi einnig lofað að gera grein fyrir gagnkröfunum, en engar efndir hafi orðið á því. Vitnið kveðst hafa rætt við stefnda um rekstrarvörubirgðirnar, sem voru í veitingahúsinu, þegar stefndi tók við því. Stefnandi hafi hins vegar verið búinn að segja vitninu, að stefndi ætti að greiða vörubirgðirnar sérstaklega og að stefnandi hefði trúað frú Gróu Herdísi fyrir því að telja vörubirgðirnar.

Stefnandi styður aðalkröfu sína í málinu þeim rökum, að vanefndir stefnda á að fullnægja af sinni hálfu kaupsamningi aðiljanna um veitingahúsið hafi verið svo verulegar, að eftirstöðvar kaupverðsins séu allar í gjalddaga fallnar. Í fyrsta lagi hafi stefndi vanrækt að greiða kr. 60.000.00 af fjárhæð þeirri, sem greiða átti út. Einnig hafi stefndi látið hjá líða að greiða andvirði rekstrarvörubirgða, kr. 40.000.00, sem hann hafi átt að standa skil á við afhendingu. Þá hafi stefndi ekki sett tryggingu fyrir eftirstöðvum kaupverðsins, kr. 1.700.000.00, eins og um hafi verið samið, heldur þvert á móti veðsett öðrum aðilja verðmæti þau, sem stefnandi hafi átt að fá veðrétt í, og ekkert af fjárhæðinni, kr. 1.7000.000.00, hafi stefndi greitt þrátt fyrir ákvæði V. liðs e. gagntilboðsins. Áður en gengið hafi verið endanlega frá kaupunum hafi stefndi vanrækt stórkostlega að greiða húsaleigu til húseiganda. Sú vanefnd hafi verið svo veruleg, að húseigandi hafi fengið dæmt í fógetarétti, að stefndi skyldi borinn út úr húsnæðinu, en stefnandi telur, að hann hafi verið ábyrgur fyrir húsaleiguskuldinni, ef stefndi hefði ekki síðar greitt hana.

Stefndi byggir kröfu sína um sýknu á því, að stefnandi hafi vanefnt svo verulega kaupsamninginn um afhendingu á leiguréttindum að veitingahúsinu og því, sem þeim átti að fylgja, að stefnandi geti nú ekki krafizt frekari greiðslna úr hendi hans (stefnda), enda telur stefndi sig þegar hafa greitt meir en sannvirði hins selda miðað við verðmæti þess án leiguréttinda. Van-

efndir stefnanda séu fyrst og fremst fólgnar í því, að stefnandi hafi látið hjá líða að tryggja stefnda framhaldandi leigurétt á eigninni, og meira segja spillt fyrir því beint og óbeint, að stefndi næði rétti sínum, eins og gert hafi verið ráð fyrir í samningnum, og ekki sé sjáanlegt, að hann geti nú uppfyllt þessa skyldu sína. Stefnandi hafi að vísu fengið framleiguheimild hjá húseiganda, Húsbyggingasjóði Framsóknarfélaganna, dómsskjal 28, en ekki gert framleiguheimildina fullgilda með því að láta hann (stefnda) rita nafn sitt á skjalið. Stefndi kveðst þannig hafa verið í mikilli óvissu um réttarstöðu sína og hafi því ekki verið hægt að ætlast til þess, að hann (stefndi) gæfi út veðskuldabréf fyrir kr. 1.700.000.00, á meðan hann hafði ekki í höndum skjalfestan samning sjálfur við Húsbyggingasjóð Framsóknarfélaganna. Í dómkröfum stefnanda sé leigusamningur ekki boðinn fram, enda geti stefnandi ekki fullnægt því aðalatriði kaupsamningsins, þar sem fyrir liggi úrskurður borgarfógeta um útburð úr leiguhúsnæðinu. Stefndi mótmælir riftunaryfirlýsingu stefnanda sem rangri og þýðingarlausri. Stefndi kveðst ekki hafa vanefnt samninginn af sinni hálfu. Auk þess hafi stefnandi alls ekki fylgt málinu eftir með kröfu um, að hvor aðili skilaði aftur þeim verðmætum, sem hann tók við. Þvert á móti hafi stefnandi krafizt efnda á kaupsamningnum.

Stefndi hefur undir rekstri málsins haldið því fram, að auk þess sem nú hefur verið rakið, hafi stefnandi vanefnt samninginn verulega á annan hátt. Stefndi hefur ekki haft uppi gagnkröfur í málinu um þau atriði, en hefur áskilið sér rétt til að höfða sjálfstætt mál til heimtu þeirra krafna, ef aðalkrafa hans um sýknu verður ekki tekin til greina. Þau atriði, sem stefndi hefur sérstaklega bent á í þessu sambandi, eru:

1. Áætlað verð þeirra hluta, sem stefnandi hafi vanrækt að afhenda sem fylgifé með veitingahúsinu samkvæmt ákvæðum samningsins, sbr. dskj. nr. 4 og dskj. nr. 20 . . . . . kr. 77.500.00
2. Verð þeirra hluta í eigu húseiganda, sem taldir eru á dskj. nr. 21 og vantaði á staðnum, er stefnandi afhenti hann, sbr. 9. gr. samnings á dskj. nr. 18 og 6. mgr. V. liðs tilboðs stefnda, dagsett 10. maí 1963 . . . . . — 100.000.00
3. Kostnaður stefnda við að fullnægja kröfum borgarlæknis um viðgerðir og endurbætur á

húsnæði veitingastaðarins í sambandi við yfirtöku stefnda á staðnum	kr.	321.327.67
4. Andvirði peningakassa frá Einari Skúlasyni, er stefndi hafi sjálfur þurft að greiða, sbr. dskj. 4	—	72.178.00
5. Viðgerðarreikningur vegna nefnds peningakassa, er stefndi hafi þurft að greiða fyrir stefnanda	—	1.431.00
6. Auglýsingareikningur á Glaumbæ frá Þjóðviljanum frá 31. marz 1963, greiddur af stefnda	—	9.417.60
7. Skuldir stefnanda við Samband veitinga- og gistihúsaeigenda, yfirteknar af stefnda:		
A) árgjald 1962 og ½ árgjald fyrir árið 1963 .. .. kr. 7.800.00		
B) auglýsingareikningur frá New York Herald Tribune .. .. .. — 3.566.00	—	11.366.00
8. Skaðabætur stefnda til handa fyrir tjón, er stefnandi hefur valdið honum við rekstur veitingahússins og annars með tilraunum sínum til riftunar, þ. á m. með því að dylja fyrir honum samninginn á dskj. 28, og hvers konar aðgerðum sínum á þeim grundvelli	—	800.000.00
	Kr.	1.393.220.27

Stefnandi hefur mótmælt öllum síðastgreindum atriðum sem röngum og ósönnuðum.

Að því er varðar þær kr. 60.000.00, er getið er um í kröfum stefnanda, tekur stefndi fram, að þessari upphæð hafi hann haldið eftir vorið 1963 fyrir bein tilmæli fyrirsvarsmanna Húsbyggingasjóðs Framsóknarfélaganna vegna leiguskuldar stefnanda og annarra viðskipta við þann aðilja. Hafi þessi ráðstöfun aldrei verið vefengd fyrr en í máli þessu.

Eins og fyrr er rakið, hefur stefnandi krafið stefnda í máli þessu um kr. 40.000.00 sem andvirði rekstrarvörubirgða. Í Þinghaldi 9. desember 1966 var þessi kröfuliður viðurkenndur tölulega af hálfu stefnda með kr. 20 þúsundum, en að öðru leyti mótmælt sem röngum og ósönnuðum.

Að lokum hefur stefndi haldið því fram, að vaxtakrafa stefnanda sé út í hött, þar sem um enga vexti hafi verið samið, auk þess sem hinir umstefndu vextir séu mun hærri en almennir vextir í landinu á sama tíma. Telur stefndi, að stefnandi geti ekki

undir nokkrum kringumstæðum átt rétt á öðru en venjulegum vöxtum, og þá að sjálfsögðu ekki frá 15. maí 1963 né heldur frá 15. október 1964, nema ef til vill að því er varði afborganir þær, sem fallnar séu í gjalddaga. Er í þessu sambandi því haldið fram af hálfu stefnda, að af fjárhæð þeirri, er hann fékk gjaldfrest á, kr. 1.700.000.00, hafi ekki verið tilteknir neinir vextir fremur en af fjárhæð þeirri, kr. 1.000.000.00, sem greidd hafi verið með víxlum, enda hafi vextir verið innifaldir í verðinu.

Varakrafa stefnda er studd þeim rökum, að ef ekki verði fallizt á það með honum, að stefnandi hafi þegar fengið greitt meir en sannvirði hins selda, þá hljóti hann (stefndi) að eiga rétt á afslætti af söluverðinu án tillits til krafna þeirra, sem felast í fjárhæðinni kr. 1.393.220.27, sem lýst er hér að framan.

Fallast verður á það með stefnanda, að með tilboði stefnda og gagntilboðum aðiljanna hafi komizt á kaupsamningur milli þeirra. Verður að líta svo á, að með kaupsamningnum og afhendingu á veitingahúsinu til stefnda hafi eignarréttur að veitingastarfseminni og þeim innanstokksmunum, sem henni fylgdu, svo og eignarréttur að firmunum Glaumbæ, Næturklúbbnum og Káetunni yfirfærzt til stefnda, enda hafi stefnandi fengið heimild húseiganda til að framleigja rétt sinn með yfirlýsingunni á dómsskjali nr. 28. Er stefnandi ritaði stefnda 25. október 1963 bréfið með yfirlýsingu þess efnis, að hann riftaði kaupunum, hafði stefndi ekki vanefnt svo skyldur sínar samkvæmt kaupsamningnum, að þær vanefndir heimiluðu stefnanda að rifta. Fallast verður á það með stefnanda, að það hafi verið forsenda fyrir kaupunum, að hann fengi 1. veðrétt í munum þeim, sem hann seldi stefnda, til tryggingar kr. 1.700.000.00. Eins og fyrr er lýst, veðsetti stefndi með tréggingarbréfi, dagsettu 31. janúar 1964, allt „inventar", hverju nafni sem nefnist, tilheyrandi veitingarekstri sínum í veitingahúsinu Glaumbæ, Næturklúbbnum og Káetunni, til tryggingar víxilskuld að fjárhæð kr. 700.000.00, eins og áður er lýst. Þessi háttsemi stefnda svo og það að greiða ekki fyrstu afborgun, kr. 340.000.00, sem í gjalddaga féll 15. október 1964, svo og að standa ekki í skilum um greiðslu leigugjalds til húseiganda, áður en endanlega var gengið frá afsali, verður að telja verulegar vanefndir af hálfu stefnda, enda er ósannað gegn mótmælum stefnanda, að stefnandi hafi verið í óbættum sökum við húseigandann, Húsbyggingasjóð Framsóknarfélaganna. Verður að telja, að vanefndir stefnda hafi verið svo verulegar, þegar stefnandi höfðaði mál þetta 11. marz 1965, að þær heimiluðu stefnanda að krefj-

ast eftirstöðva af andvirði hins selda, enda verður ekki fallizt á það með stefnda, að neitun stefnanda að afhenda dómsskjal 28 stefnda til áritunar og samþykkis hafi, eins og málum var háttað, verið veruleg vanefnd af stefnanda hálfu, og er þá haft í huga, að stefndi fékk afnot veitingahússins og að telja verður ósannað, að stefnanda verði kennt um útburðarkröfu húseiganda. Er þá einnig á það að líta, að ósannað er, að stefndi, sem fékk tímabundið vínveitingaleyfi, sem gilti til 24. desember 1966, hafi afhent sambýliskonu sinni, Gróu Herdísi, veitingastarfsemina fyrir ástæðu, sem stefnandi ber ábyrgð á. Þá er og haft í huga, að fjárkröfur þær, samtals að upphæð kr. 1.393.220.27, sem stefndi telur sig eiga á hendur stefnanda, eru að ýmsu leyti lítt reifaðar og órökstuddar, enda hefur málflutningurinn lítið um þær snúizt, svo að þær koma ekki frekar til álita í máli þessu.

Verður aðalkrafa stefnda um sýknu því ekki tekin til greina. Varakrafa stefnda um afslátt á heldur ekki við, en að því leyti sem stefnandi kann að eiga að standa stefnda skil á kröfum þeim, sem felast í fjárhæðinni kr. 1.393.220.27, þá verður ekki um þær kröfur fjallað í þessu máli, eins og fyrr er lýst.

Það er óumdeilt í málinu, að stefndi hefur ekki greitt kr. 60.000.00 af þeim kr. 500.000.00, er hann átti að greiða í upphafi, og ekkert af kr. 1.700.000.00 samkvæmt V. lið e. Verða þessir kröfuliðir því báðir teknir til greina. Gegn mótmælum stefnda hefur stefnandi ekki sannað, að andvirði rekstrarvörubirgða, sem stefndi lofaði að greiða, hafi numið hærri fjárhæð en kr. 20.000.00, sem stefndi hefur viðurkennt tölulega. Verður sú fjárhæð því lögð til grundvallar þeim kröfulið.

Samkvæmt þessu verður stefnda dæmt að greiða stefnanda kr. 1.780.000.00 (60.000.00 + 1.700.000.00 + 20.000.00). Eins og kröfugerð og málflutningi stefnanda er háttað, þykir varakrafa stefnanda því ekki koma til álita í málinu.

Það er óumdeilt í málinu, að stefndi hefur ekki greitt vexti af fjárhæðunum samkvæmt V. lið b, c og d. Það eru að vísu líkur fyrir því, að stefndi hafi átt að greiða vexti af kr. 1.700.000.00 frá 15. maí 1963, og styður vætti vitnisins Hauks Þorleifssonar það. Gegn eindregnum mótmælum stefnda verður þetta þó ekki talið nægjanlega sannað. Verður vaxtakrafa stefnanda því tekin til greina þannig, að stefnda verður dæmt að greiða stefnanda 7% ársvexti af kr. 80.000.00 frá 15. maí 1963 til 15. október 1964 og af kr. 420.000.00 frá þeim degi til 1. janúar 1965, en 6% ársvexti af sömu fjárhæð frá þeim degi til 11. marz 1965 og 6%

ársvexti af kr. 1.780.000.00 frá þeim degi til 1. janúar 1966, en 7% ársvexti af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 100.000.00 í málskostnað.

Ofangreindar fjárhæðir ber stefnda að greiða gegn afhendingu afsals, eins og í kröfugerð stefnanda greinir.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Eggert Kristjánssyni og Guðmundi Skaptasyni lögfræðingum og löggiltum endurskoðendum.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurbjörn Eiríksson, greiði stefnanda, Ragnari Þórðarsyni, kr. 1.780.000.00 með 7% ársvöxtum af kr. 80.000.00 frá 15. maí 1963 til 15. október 1964 og af kr. 420.000.00 frá þeim degi til 1. janúar 1965, en 6% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 11. marz 1965 og 6% ársvöxtum af kr. 1.780.000.00 frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 100.000.00 í málskostnað, allt gegn afhendingu afsals fyrir veitingahúsinu Glaumbæ, þ. e. firmunum Glaumbæ, Næturklúbbnum og Káetunni, ásamt öllu, er téðu veitingahúsi fylgir, svo sem innanbúnaði og munum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 10. marz 1969.

Nr. 129/1968. **Bæjarstjórinn í Kópavogi f. h. bæjarsjóðs**
(Árni Guðjónsson hrl.)
gegn
Ingólfi Finnbjörnssyni og gagnsök
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Kaupgjaldsmál. Fébætur. Opinberir starfsmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. júlí 1968. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 27. september 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s. m. Dómkröfur hans eru þær, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 359.449.00 með 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Það athugast, að gildi 4. gr. laga nr. 38/1954 takmarkast af ákvæðum 20. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 18.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Aðaláfrýjandi, bæjarstjórinn í Kópavogi f. h. bæjarsjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Ingólfi Finnbjörnssyni, kr. 18.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. maí 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. marz 1968, hefur Ingólfur Finnbjörnsson, Hávegi 7, Kópavogi, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 3. nóvember 1967, á hendur Hjálmari Ólafssyni bæjarstjóra f. h. bæjarsjóðs Kópavogs til greiðslu á fébótum að upphæð kr. 386.425.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1966 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati réttarins.

Stefndi krefst algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og að hann verði dæmdur til þess að greiða honum hæfilegan málskostnað að mati réttarins. Málið var endurupptekið þann 28. marz og dómtekið aftur sama dag. Aðiljar gera sömu dómkröfur og áður.

Málavöxtum hefur stefnandi lýst þannig í stefnu og greinargerð: Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 22. maí 1957 var bæjarfógetanum í Kópavogi heimilað að ráða til starfa í umdæmi sínu einn ríkislögregluþjón frá 1. júlí 1957 að telja með launum samkvæmt lögum, enda verði hann jafnframt skuldbundinn til þess að annast tollgæzlustörf, eftir því sem óskað yrði eftir og aðstæður leyfðu.

Bæjarfógeti auglýsti eftir lögreglumönnum, og bárust sjö umsóknir, og var stefnandi þessa máls einn af umsækjendunum. Bæjarfógeti lagði til að stefnandi yrði ráðinn til starfans. „Hann hefur fengið beztu meðmæli frá yfirmanni sínum í mörg ár, Hannesi Pálssyni, fyrrverandi skipstjóra á Gylli og Ingólfi Arnarsyni", segir í bréfi bæjarfógeta. „Leyfi ég mér að óska eftir, að ráðning þessa manns fari fram hið allra fyrsta", segir svo í bréfinu.

Í bréfi bæjarfógeta Kópavogs, dags. 12. desember 1963, til bæjarstjóra Kópavogs, segir svo: „Samkvæmt lögreglumannalögum hættir ríkissjóður að launa einstaka lögreglumenn utan Reykjavíkur, en greiðir hins vegar mjög aukinn hluta kostnaðar af löggæzlu í sveitarfélögum, svo sem yður, hr. bæjarstjóri, er kunnugt.

Hér starfar einn ríkislögreglumaður, Ingólfur Finnbjörnsson aðalvarðstjóri. Ríkissjóður hefur greitt honum laun og hættir því um næst komandi áramót. Ég leyfi mér því að óska þess, að Ingólfur Finnbjörnsson fái frá 1. janúar 1964 greidd laun úr bæjarsjóði Kópavogs samkvæmt 18. flokki launasamnings með þeim aldurshækkunum, sem þér eða bæjarráð kynnuð að ákveða.

Ingólfur mun óska eftir að vera áfram í lífeyrissjóði starfs-

manna ríkisins, og leyfi ég mér að óska eftir, að þér gerið í því sambandi viðeigandi ráðstafanir.

Laun Ingólfs fyrir 1963 munu verða dregin frá hluta ríkissjóðs af löggæzlukostnaði 1963".

Í svarbréfi bæjarstjóra, dagsettu 23. desember 1963, til bæjarfógetans segir svo: „Samkvæmt óskum yðar hr. bæjarfógeti í bréfum, dagsettum 12. þ. m., verða þeir Ingólfur Finnbjörnsson, aðalvarðstjóri, og Svanberg Skafti Ólafsson, lögregluþjónn, teknir inn á launaskrá Kópavogskaupstaðar frá 1. janúar 1964 að telja".

Hinn 10. september 1965 ritar svo bæjarfógeti Ingólfi Finnbjörnssyni svofellt bréf: „Hér með leyfi ég mér að tilkynna yður, hr. lögregluvarðstjóri, að ég hefi í dag sent sakadómi Kópavogs beiðni um að halda dómsrannsókn út af meintum ávirðingum yðar sem lögregluvarðstjóri. Hef ég samstundis vikið sæti sem sakadómari og sent málið dóms- og kirkjumálaráðuneytinu með beiðni um skipun setudómara.

Jafnframt leyfi ég mér að tilkynna yður, að frávikning yðar úr starfi um stundarsakir framlengist þar til rannsókn málsins í sakadómi er lokið og dómur genginn eða ákvörðun tekin á grundvelli niðurstaðna rannsóknar.

Bæjarstjórn Kópavogs tekur ákvörðun um, hvort yður verða greidd laun á meðan að einhverju eða öllu leyti".

Þessu bréfi bæjarfógetans svaraði bæjarstjórn Kópavogs á þessa leið samkvæmt bréfi bæjarstjóra, dagsettu 22. september 1965, til bæjarfógeta:

„Á fundi bæjarráðs Kópavogs 21. þessa mánaðar var lagt fram bréf yðar, dags. 10. 9. 1965, varðandi lausn varðstjóra frá störfum um stundarsakir og um ákvörðun launa, meðan á dómsrannsókn stendur.

Bæjarráð lítur svo á, að þar sem þér hafið farið með mál þetta samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954, þá beri samkvæmt 9. gr. þeirra laga að greiða varðstjóranum hálf föst laun, meðan á dómsrannsókn stendur. Þetta tilkynnist yður hér með".

Stefnandi mótmælti strax þessari brottvikningu.

„Í tilefni þess, að þér hafið veitt mér undirrituðum lausn frá störfum sem aðalvarðstjóri í lögreglu Kópavogs frá og með 6. 9. til 20. s. m., ber ég hér með fram eindregin mótmæli mín. Þér hafið borið mig sökum, sem ég viðurkenni ekki, og eru þær lagðar til grundvallar þessari aðgerð yðar. Ég áskil mér fullan rétt til málshöfðunar vegna ofangreinds, hvenær sem mér hentar".

Hinn 29. marz 1966 skrifaði svo bæjarfógeti stefnanda svohljóðandi bréf:

„Hér með eru þér, hr. aðalvarðstjóri, leystur frá störfum sem aðalvarðstjóri í lögregluliði Kópavogs samkvæmt heimild í 1. gr. laga um lögreglumenn nr. 56/1963 og í samræmi við ákvæði 2. mgr., sbr. 1. mgr. 8. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38, 14. apríl 1954.

Í rannsókn þeirri, sem hófst í september 1965, út af kærum á hendur yður um nokkrar ávirðingar í starfi, tel ég hafa komið fram upplýsingar, sem sýni, að þér eruð ekki fallinn til að gegna starfi aðalvarðstjóra í lögregluliði Kópavogs. Samkvæmt því þykir óhjákvæmilegt vegna hagsmuna lögregluliðsins — og þar með almanna hagsmuna — að leysa yður frá starfi yðar. Ég hefi borið framangreint álit mitt undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið, og hefur það fallizt á skoðanir mínar og fyrirfram samþykkt lausnina".

Saksóknari ríkisins felldi svo málarekstur þennan gegn stefnanda niður með svofelldu bréfi, dags. 31. marz 1966:

„Eftir viðtöku bréfs yðar, hr. sakadómari, dagsettu 14. janúar s.l., sem með fylgdi endurrit dómsrannsóknar, sem þér framkvæmduð sem setudómari í Kópavogi, út af meintum ávirðingum Ingólfs Finnbjörnssonar, lögregluvarðstjóra í Kópavogi, í starfi sínu, skal hér með fram tekið, að m. a. með tilliti til þess, að kærða hefur nú vegna atvika þeirra, sem rannsóknin snýst um, verið vikið úr starfi, skv. meðfylgjandi ljósriti af bréfi dómsmálaráðuneytisins til þessa embættis, dags. í gær, er eigi af ákæruvaldsins hálfu krafizt frekari aðgerða í máli þessu".

Þann 10. apríl 1967 skrifaði lögmaður stefnanda bæjarstjóra Kópavogs svohljóðandi bréf:

„Hér með leyfi ég mér að skrifa yður, hr. bæjarstjóri, vegna frávikningar Ingólfs Finnbjörnssonar úr starfi hinn 1. apríl 1966.

Á fundi bæjarráðs Kópavogskaupstaðar hinn 21. september 1965 var lagt fram bréf bæjarfógetans í Kópavogi varðandi lausn Ingólfs Finnbjörnssonar frá störfum um stundarsakir, meðan á dómsrannsókn stæði í máli hans.

Rannsókn þessi fór síðan fram, og voru skjöl málsins send saksóknara ríkisins með bréfi, dags. 31. marz 1966. Ákvað saksóknari, að ekki skyldi frekari aðgerðir fyrirskipaðar gegn Ingólfi í málinu.

Meðan á rannsókn stóð, eða frá 1. september 1965 til 31. marz 1966, voru Ingólfi greidd hálf föst laun.

Ingólfur Finnbjörnsson telur fyrirvarlausa brottvikningu sína úr starfi ólögmæta og hefur ákveðið að krefjast bóta fyrir það fjártjón, miska og röskun á stöðu og högum, sem hann hefur orðið fyrir.

Mun hann gera kröfu um fullt kaup fyrir tímabilið 1. september 1965 til 1. apríl og síðan sem svarar 12 mánaðakaupi eftir þann tíma.

Leyfi ég mér að spyrjast fyrir um, hvort möguleikar séu, af yðar hendi, um samkomulag í máli þessu. Vænti ég að heyra svar yðar hið fyrsta".

Þessu bréfi svaraði lögmaður Kópavogs með bréfi, dags. 28. apríl 1967 á þessa leið:

„Sem svar við fyrirspurn yðar við bréfi til bæjarstjórans í Kópavogi frá 6. þ. m. leyfi ég mér að tjá yður, að það er skoðun bæjaryfirvalda, að umbjóðanda yðar, Ingólfi Finnbjörnssyni, fyrrverandi lögregluvarðstjóra, hafi nú þegar verið greidd laun samkvæmt fyrirmælum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954, 9. gr. Með vísan til bréfs bæjarfógetans í Kópavogi til dómsmálaráðuneytisins, dags. 23. marz 1966, og svarbréfs ráðuneytisins, dags. 28. 3. 1966, er bótakröfu umbjóðanda yðar vísað á bug".

Eftir að hafa móttekið þetta bréf, taldi stefnandi óhjákvæmilegt, að til málssóknar hlyti að koma og hefur því höfðað mál þetta, sem hér liggur fyrir.

Þann 10. september 1965 ritar Sigurgeir Jónsson, bæjarfógeti í Kópavogi, sakadómi Kópavogs svohljóðandi bréf:

„Jafnframt því hér með að senda sakadómi Kópavogs skýrslu mína um athugun innan embættisins á því, hvort Ingólfur Finnbjörnsson lögregluvarðstjóri hefði brotið starfsskyldur sínar ásamt þargreindum viðfestum fylgiskjölum, leyfi ég mér að óska eftir því, að mál það, sem gögn þessi fjalla um, verði tekið til dómsrannsóknar, þ. e. meintar ávirðingar lögregluvarðstjóra í starfi. Ég tel fyrst og fremst ástæðu til að rannsaka eftirgreindar ávirðingar, sem ég tel að athugun minni lokinni, að lögregluvarðstjórinn hafi gerzt sekur um:

1. Haldið uppi áróðri við undirmenn sína gegn nauðsyn þýðingarmikils hluta löggæzlu, þ. e. fastrar löggæzlu á Reykjanesbraut, en störf þau eru erfið og unnin við slæmar aðstæður og því frekar óvinsæl af lögreglumönnum. Tel ég því mjög skemmandi fyrir starfsemina, að ábyrgir yfirmenn rísi gegn þeim með áróðri. Ákvörðun um varðgæzlu þessa var

tekin af dómsmálaráðuneytinu eftir ósk bæjarstjóra Kópavogs.

2. Haldið uppi við undirmenn sína áróðri um yfirmann sinn og þeirra, bæjarfógetann í Kópavogi, tel ég úti um allan aga í lögregluliði, ef yfirmanni helzt uppi slíkt tal um stjórnanda, en sum ummæli þess eðlis, að hegningalagabrot væru, ef sönn reyndust.
3. Óeðlileg framkoma við undirmann.
4. Önnur þau brot á starfsskyldum, sem meðfylgjandi gögn eða dómsrannsókn gefur tilefni til".

Þann 22. september 1965 var Halldór Þorbjörnsson sakadómari skipaður til þess sem setudómari í Kópavogi að fara með og rannsaka mál út af meintum ávirðingum Ingólfs Finnbjörnssonar lögregluvarðstjóra í starfi, með því að hinn reglulegi bæjarfógeti, Sigurgeir Jónsson, hafði vikið sæti í málinu. Liggur dómsrannsókn hans fyrir á dskj. nr. 18 í málinu, og þykir rétt að rekja hana eftir því sem efni standa til.

Stefnandi hefur fyrir dómi neitað því algerlega að hafa haft uppi nokkurn áróður gegn þeirri ákvörðun að halda uppi vöktum á Reykjanesbraut. Hann kveðst yfirleitt aldrei hafa látið uppi neitt álit á þeirri ákvörðun við undirmenn sína. Þó minnist hann þess, að eftir sumarfrí 1965 áttu varðstjórarnir og nýskipaðir varavarðstjórar viðtal við bæjarfógeta að ósk hans. Bar þá varðstöðurnar á góma, og kveðst stefnandi hafa vikið að því, að þær mundi ekki nauðsynlegar á öllum tímum. Hann kveðst hafa látið þetta í ljós, þar sem bæjarfógetinn hafi leitað álits allra viðstaddra. Hann hafi hins vegar heyrt það á ýmsum lögregluþjónum, að þeir teldu vaktirnar ekki nauðsynlegar og voru að ýmsu óánægðir með þær. Þessar varðstöður hafi verið óvinsælar meðal lögreglumanna og mikið um þær talað. Sjálfur kveðst stefnandi ekki hafa staðið þessar vaktir. Stefnandi neitar því með öllu að hafa nokkurn tíma haft uppi meiðandi ummæli um bæjarfógetann og hafi ásakanir í þá átt ekki við nein rök að styðjast. Um óviðeigandi framkomu við undirmenn sína segir stefnandi, að hann viti ekki betur en að samstarf sitt við þá hafi verið eðlilegt, þótt það stundum kunni að hlaupa smáhnökrar á samstarfið, eins og alltaf gerist, þegar um stóran hóp starfsmanna sé að ræða.

Ingibergur Sæmundsson lögregluvarðstjóri hefur komið fyrir dóm. Vitnið var ráðinn lögregluþjónn 1. janúar 1958 og var einn af fyrstu lögreglumönnum þar. Stefnandi máls þessa réðst lögregluþjónn nokkru síðar. Eftir að lögreglan varð fjölmennari, voru

stefnandi og vitnið samtímis skipaðir varðstjórar og síðan aðalvarðstjórar.

Vitnið Ingibergur skýrði frá því, að hann hefði ekki átt ýkja mikið samstarf við stefnanda, þeir hafi átt hvor sína vakt og lítið unnið saman samtímis. Vitnið segir, að það hafi ekki mikið rætt við stefnanda umfram það, sem nauðsynlegt var starfs þeirra vegna, og það kveðst aldrei hafa heyrt stefnanda tala við undirmenn sína um stöðuvaktir á Reykjanesbraut. Hins vegar kveðst vitnið hafa heyrt lögreglumenn tala um, að stefnanda væri tíðrætt um, hve nauðsynjalausar umræddar vaktir væru. Ekki fannst vitninu neitt tilefni til að skipta sér af þessu, fyrr en Ingólfur Ingvarsson, sem þá var orðinn varavarðstjóri, kom að máli við það og skýrði því frá ýmsum ummælum stefnanda, er honum höfðu borizt til eyrna og lutu bæði að afstöðu hans til stöðuvaktanna, og sum ummæli voru meiðandi fyrir bæjarfógeta. Vitnið segir, að því hafi fundizt eins og einhver urgur væri í lögregluþjónunum á vakt þess út af því, að það framfylgdi fastara, að fyrirmælunum um stöðuvaktir væri hlýtt heldur en stefnandi gerði á sinni vakt. Vitnið kveðst svo hafa rætt þessi mál einslega við bæjarfógeta. Þá segir vitnið, að það viti ekki til, að stefnandi hafi sýnt undirmönnum sínum ótilhlýðilega framkomu.

Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti hefur komið fyrir dóm. Vitnið ítrekaði þær ásakanir á hendur stefnanda sem fram komu í bréfi þess, sem áður greinir. Vitnið kveðst hafa fengið þær upplýsingar, sem þar greinir, frá ýmsum starfsmönnum sínum, en ekki kveðst það sjálft hafa heyrt kærða hafa uppi áróður við undirmenn sína í sambandi við varðgæzlu á Reykjanesbraut. Þá segir vitnið, að stefnandi hafi aldrei viðhaft illmæli við það sjálft. Það hafi heldur ekki af eigin raun heyrt eða skynjað óviðurkvæmilega framkomu stefnanda við Guðmund Óskarsson, en við hann mun einkum vera átt með ásökuninni um óeðlilega framkomu við undirmenn. Þá segir vitnið, að í grein, sem stefnandi skrifaði í dagblaðið Tímann 25. september 1965, hafi komið fram mjög annarlegur skilningur á hlutverki og starfsskyldum lögregluvarðstjóra, en í greininni hafi stefnandi sagzt hafa gert tillögur um vaktaskiptingu með þau sjónarmið í huga, að lögreglumenn næðu sem mestu fé út úr kaupgreiðanda. Þá segir vitnið, að það hafi haft vitneskju um, að stefnandi vanrækti að halda uppi varðgæzlu á Reykjanesbraut og þannig ekki farið eftir fyrirmælum, sem hann hafi fengið. Vitnið segir, að á síðastliðnum vetri hafi verið ákveðið að taka upp þessar vaktir og hafi undir-

búningur undir það staðið yfir í nokkra mánuði. Í desember gerði stefnandi að beiðni vitnisins tillögur um fyrirkomulag á væntanlegum vöktum með tilliti til fjölgunar lögreglumanna og miðað við, að næturvakt yrði tekin upp. Þessar tillögur stefnanda hafi að mestu leyti verið lagðar til grundvallar við þá starfshögun, sem gilt hafi. Stöðuvaktirnar komu svo til framkvæmda síðari hluta vetrar, en 3. maí hófust næturvaktir.

Í upphafi var stöðuvöktunum ætlað að standa yfir frá morgni til miðnættis, en þegar það kom til að taka upp næturvaktir, reyndist nauðsynlegt að draga úr þeim. Var þetta til umræðu á nokkrum fundum með varðstjórunum, og á síðasta fundi, sem vitnið hélt með þeim og bæjarritara nálægt mánaðamótunum marz og apríl, var endanlega ákveðið, að stöðuvaktir skyldu standa yfir frá kl. 0730 til kl. 1930. Hafi stefnanda verið fyllilega ljóst, hvernig stöðuvöktunum skyldi háttað.

Í maí kveðst vitnið sjálft hafa orðið vart við, að misbrestur var á því, að umræddum vöktum væri haldið uppi, eins og mælt var fyrir. Tók vitnið eftir því, að lögreglumenn voru ekki á tilskyldum stöðum, þegar stefnandi hafði dagvakt. Af þessu tilefni kallaði vitnið varðstjórana báða fyrir sig og brýndi fyrir þeim að gæta þess, að starfsvöktunum væri haldið uppi, og afhenti skrifleg fyrirmæli. Viðstaddur þetta samtal hafi verið Ólafur Sigurðsson fulltrúi.

Í júní var vitnið enn vart við, að misbrestur var á varðgæzlunni, og fékk það að minnsta kosti tvær ábendingar utan úr bæ um það. Þetta leiddi til þess, að vitnið gaf út ný skrifleg fyrirmæli til varðstjóranna. Vitnið kvaðst ekki vita til, að síðan hafi verið vanrækt að halda uppi þessum vöktum, að minnsta kosti ekki svo að orð sé á gerandi, þótt svo geti verið, án þess að það hafi komið til vitundar vitnisins. Vitnið skýrði svo frá, að bæjarstjórn Kópavogs hafi átt frumkvæðið að því, að föst varðgæzla væri tekin upp við Reykjanesbraut. Fékk bæjarstjórnin því til leiðar komið, að ¾ hlutar kostnaðar á þeirri ráðstöfun eða öllu heldur ¾ hlutar kostnaðar við fimm manna aukningu lögregluliðsins yrðu greiddir úr ríkissjóði. Átti vitnið þannig á engan hátt uppástungu að þessari ráðstöfun, en það hafði haft uppi aðrar tillögur um aðgerðir í sambandi við umferð við Reykjanesbraut.

Vitnið kveður stefnanda ekki hafa beitt sér á neinn hátt gegn því, að umræddar vaktir yrðu upp teknar né andmælt þeim einu orði, svo að vitnið muni. Þvert á móti tók stefnandi fullan þátt í að undirbúa aðgerðir þessar. Í ágústmánuði síðastliðnum

átti vitnið fund með varðstjórunum og varavarðstjórum, sem nýlega höfðu verið skipaðir. Á fundi þessum komst stefnandi svo að orði, að sér væri ánægja að sjá um, að vöktum væri haldið uppi á Reykjanesbraut, eftir að hann hafði fengið skrifleg fyrirmæli í þá átt, en jafnframt viðhafði hann einhver ummæli á þá leið, að varðgæzla þessa staðar væri að hans áliti ekki nauðsynleg í jafnríkum mæli, eins og þá var gert. Vitnið man ekki nákvæmlega, hvernig orðalagið var, en segir, að þetta hafi verið í fyrsta skipti, sem það heyrði stefnanda segja nokkuð, sem benti til þess, að hann hefði eitthvað við umrædda varðgæzlu að athuga.

Vitnið segir, að því hafi borizt til eyrna, að stefnandi vanrækti að leiðbeina nýliðum í lögreglunni og í því tilefni kveðst það hafa brýnt þetta atriði sérstaklega fyrir varðstjórunum. En eftir því sem vitnið frétti, varð engin breyting á háttum stefnanda þrátt fyrir fyrirmælin.

Lögreglan í Kópavogi hefur tvær bifreiðar til afnota, búnar talstöðvum. Vitnið segir, að til þess hafi verið ætlazt, að yfirleitt væri önnur bifreiðin úti til eftirlits, enda hægt að ná í hana gegnum talstöð, ef þörf þótti. Vitnið segir, að sér hafi borizt til eyrna, að stefnandi vanrækti þetta. Hann hafi verið sagður kalla inn undirmenn sína, fljótlega eftir að þeir fóru af stað í eftirlitsferðir, án þess að ástæða væri til. Vitnið kveðst hafa áminnt hann um þetta atriði, en þær áminningar hafi ekki borið árangur.

Vorið 1965 var að tilhlutan heilbrigðisnefndar ákveðið, að lögreglan skyldi gefa skýrslur og taka myndir af því, sem áfátt var á almannafæri. Töluvert af skýrslum þess efnis hafi borizt frá vakt Ingibergs Sæmundssonar, en vitnið minnist ekki, að neitt slíkt hafi komið af vakt stefnanda. Vitnið telur, að skrifleg fyrirmæli um þetta efni hafi legið í varðstjóraherberginu.

Þá segir vitnið, að Einar Blandon hafi sagt sér frá undarlegum viðbrögðum stefnanda í sambandi við útkall vegna bruna að Nýbýlavegi.

Hinn 8. apríl s.l. hvarf stúlka, sem átti heima í starfsmannahúsi við Sæból, og fannst hún síðar um daginn örend í Fossvogi. Vitnið segir, að Ingólfur Ingvarsson hafi um hádegi þann dag hringt til sín og skýrt sér frá hvarfi stúlkunnar, og ákvað það þegar að gera ráðstafanir til þess að leitað yrði að henni. Síðan hefur Ingólfur Ingvarsson sagt vitninu, að stefnandi, sem var varðstjóri þennan dag, hafi fengið tilkynningu um hvarf stúlkunnar snemma um morguninn, en ekki gert þegar í stað ráðstafanir til þess, að að henni yrði leitað.

Lögreglunni ber að hafa eftirlit með því, að bifreiðar séu færðar til skoðunar, og segir vitnið, að vakt Ingibergs hafi sérstaklega verið falið það hlutverk að leita uppi óskoðaðar bifreiðar og taka af þeim númer. Ingibergur hafi sagt vitninu, að hann hafi orðið var við óánægju í liði sínu vegna þess, að stefnandi hafi sagt sínum mönnum, að þeir þyrftu ekki að skipta sér af óskoðuðum bifreiðum.

Ásmundur Guðmundsson lögregluþjónn hefur skýrt svo frá fyrir dómi: Vitnið kveðst hafa verið á vakt með Ingibergi Sæmundssyni. Vitnið var að því spurt, hvort því væri kunnugt um afskipti stefnanda af stöðuvakt á Reykjanesbraut og hvort hann hefði vanrækt að halda uppi varðstöðu, þegar varðsveit hans hafði þar dagvakt. Vitnið kvaðst aldrei hafa heyrt stefnanda tala um varðstöður þessar. Aftur á móti kvaðst vitnið hafa heyrt um það talað innan lögreglunnar, að stefnandi hafi verið að hnjóða í þessa starfsemi, en ekki kveðst vitnið hafa verið áheyrandi að því. Vitnið kvaðst ekki vita til þess, að stefnandi hafi vanrækt að láta sína menn standa varðstöðu.

Þá kveðst vitnið ekki sjálft hafa heyrt stefnanda viðhafa illmæli eða háðsyrði um bæjarfógetann, það hafi hins vegar heyrt orðróm um það innan lögreglunnar. Vitnið kveðst ekki oft hafa hitt stefnanda að máli, það hafi verið helzt á vaktaskiptum og lítill tími verið þá til viðræðna.

Ekki kveðst vitnið neitt geta borið um framkomu stefnanda við Guðmund Óskarsson, þó minnist vitnið þess að hafa heyrt hann einhvern tíma hafa orð á því, að sér þætti Guðmundur frekar þungur í störfum.

Vitnið segir, að þegar það sjálft var nýliði í lögreglunni, hafi stefnandi verið mjög fús að leiðbeina því í starfi og gætt þess hlutverks ágætlega. Varðandi það starf lögreglunnar að hafa eftirlit með þrifnaði í bæjarlandinu, kveðst vitnið ekkert geta sagt um þátt stefnanda í því. Þá segir vitnið, að því sé allsókunnugt um afskipti stefnanda af útkalli vegna eldsvoða á Nýbýlavegi og aðgerðum hans í sambandi við hvarf stúlku úr bænum 8. apríl s.l.

Vitnið Sæmundur Guðmundsson lögregluþjónn hefur borið eftirfarandi:

Vitnið kveðst hafa verið á vakt Ingibergs Sæmundssonar. Það kveðst því lítið þekkja til stefnanda og lítið vita um starf hans. Það kveðst aldrei hafa heyrt hann viðhafa nein ummæli um varðstöðurnar á Reykjanesbraut. Ekki kveðst það heldur geta neitt um það borið, hvernig hann gætti þess að halda uppi þessari

varðstöðu. Vitnið kveðst aldrei hafa heyrt stefnanda viðhafa háðs- né hnjóðsyrði um bæjarfógetann. Vitnið kveðst ekki geta neitt um það borið, hvernig stefnandi rækti störf sín sem lögregluvarðstjóri.

Vitnið Guðjón Ásberg Jónsson varavarðstjóri hefur borið eftirfarandi fyrir dómi:

Vitnið hafði starfað í lögreglunni í rúm 2½ ár og varð varavarstjóri í júlí s.l. Það starfar á vakt Ingibergs Sæmundssonar, en fyrir hefur einnig komið, að það hefur starfað í varðsveit stefnanda. Það kveðst því hafa nokkuð takmarkaða vitneskju um það, hvernig stefnandi stjórnaði varðsveit sinni.

Vitnið kveðst ekki minnast þess að hafa heyrt stefnanda ræða um varðgæzluna á Reykjanesbraut. Hins vegar hafi vitnið heyrt það frá undirmönnum hans, að hann hafi haft orð á því, að varðgæzlan væri óþörf á vissum tímum.

Vitnið kveðst hafa vitað til þess í vor, að þegar varðsveit stefnanda hafði dagvakt, hafi a. m. k. oft ekki verið hirt um að hafa menn á verði á Reykjanesbraut. Það kveðst vitnið hafa horft á með eigin augum, er það átti leið um Reykjanesbrautina. Einnig hafi fljótt komið upp tal um þetta innan lögregluliðsins og valdið nokkurri óánægju. Vitnið vissi, að skrifleg fyrirmæli komu til varðstjóranna um þessi efni og önnur. Það kveðst telja, að fyrstu fyrirmælin hafi í engu breytt um hátt þann, er stefnandi hafði á varðgæzlunni, en eftir að þessi fyrirmæli voru ítrekuð, muni stefnandi hafa bætt úr þessu og haldið uppi varðgæzlu á Reykjanesbrautinni. Ekki segir vitnið, að stefnandi hafi, svo að það hafi heyrt, viðhaft illmæli eða háðsyrði um bæjarfógetann. Vitnið kveðst ekki af eigin raun geta borið neitt um, hvernig framkoma stefnada var við Guðmund Óskarsson, en hafði heyrt, að samvinna þeirra hafi verið heldur stirð. Vitnið tók fram, að það hefði yfir engu að kvarta út af framkomu stefnanda við sig í þau fáu skipti, er það starfaði á vakt hjá honum. Það kveðst ekki geta sagt um, hvernig hann rækti það hlutverk að leiðbeina nýliðum, sem undir hans stjórn voru.

Vitnið kvaðst hafa tekið eftir því, að stefnandi hirti ekki eins vel um að hafa bifreiðar úti til eftirlits eins og vakt Ingibergs gerði. Þá telur vitnið, að vakt stefnanda hafi ekki eins vel hirt um að hafa eftirlit með þrifnaði í bænum eins og vakt Ingibergs og hafi þetta misræmi í störfum valdið leiðindum meðal lögregluliðsins. Þá kveðst vitnið hafa heyrt eftir mönnum stefnanda, að þeim hafi verið sagt, að þeir þyrftu ekki sérstaklega að skipta

sér af óskoðuðum bifreiðum í bænum. Þetta hafi einnig valdið nokkurri óánægju innan lögregluliðsins.

Vitnið kveðst ekki af eigin raun geta sagt um viðbrögð stefnanda í sambandi við brunann á Nýbýlavegi og hvarf stúlkunnar úr Fossvogi, en um síðara tilfellið man vitnið þó, að það var kvatt á aukavakt á hádegi þann dag, er stúlkan hvarf, og að Ingólfur Ingvarsson hafi sagt vitninu, að stefnandi hafi ekki sinnt tilkynningu um hvarfið og hafi því Ingólfur hringt til bæjarfógeta, sem hafi strax skipað svo fyrir, að gripið yrði til skjótra aðgerða í sambandi við hvarfið.

Vitnið Ingólfur Ingvarsson varavarðstjóri hefur borið eftirfarandi fyrir dómi:

Vitnið kvaðst hafa verið í lögreglunni í Kópavogi síðan í febrúar 1963. Eftir að vaktaskiptingu var komið á, var vitnið í varðsveit stefnanda. Varavarðstjóri varð það svo í júlí 1965. Er vitnið var spurt um sakargiftir á hendur stefnanda, sem lúta að varðgæzlu á Reykjanesbraut, skýrði það svo frá:

Varðgæzla þessi var undirbúin í fyrravetur, og vitnið vissi til, að stefnandi átti mikinn hlut í skipulagningu hennar. Vann stefnandi að tillögum sínum í lögregluvarðstofunni, og áttu lögregluþjónarnir kost á að fylgjast með þessu starfi, og var mikið um þetta rætt manna í milli. Ekki heyrði vitnið, að stefnandi hefði neitt við þessar fyrirætlanir að athuga.

Varðgæzlan hófst svo í apríl. Brátt tók að bera á því, að stefnandi gætti ekki strengilega að halda henni uppi. Kom það fyrir, að varðgæzla féll niður með köflum, ein eða tvær stöður í senn. Vitnið vissi, að skýr fyrirmæli voru um, að varðgæzlu þessari væri haldið uppi, enda hafði fjölgun lögreglumanna fengizt fram beinlínis með þessu skilyrði. Fannst vitninu stefnandi sýna mikið hirðuleysi í framkvæmd varðgæzlunnar. Það kveðst hafa haft orð á þessu við hann. Stefnandi eyddi þessu og gerði lítið úr því. Vitnið vissi, að 1. júní voru gefin út skrifleg fyrirmæli um þetta efni. Það kveðst svo hafa farið í sumarfrí í júní, en leit þó alltaf öðru hverju inn á lögregluvarðstofuna. Einhvern tíma um eða upp úr 20. júní kom vitnið á stöðina. Þá hafði sveit Ingibergs vakt. Heyrði vitnið þá á tal manna, að varðgæzlan hefði fallið niður í vikunni á undan, er sveit stefnanda hafði vakt. Var kurr og ólund í mönnum yfir því, að menn hans slyppu miklu betur við gæzluna.

Vitnið var trúnaðarmaður starfsmannafélags Kópavogs. Það kveðst hafa séð ástæðu til þess að skýra bæjarfógeta frá þessum

kurr lögreglumannanna, enda þótt þeir bæru ekki sjálfir fram ósk um það. Eftir það vissi vitnið um það, að bæjarfógeti ítrekaði fyrirmælin skriflega. Þrátt fyrir það mun hafa komið fyrir, að varðgæzla félli niður stund og stund.

Vitnið var að því spurt, hvort það hefði heyrt stefnanda viðhafa illyrði eða háðsyrði um bæjarfógeta. Vitnið svaraði því til, að er það byrjaði í lögreglunni, hafi stefnanda legið mjög vel orð til bæjarfógeta, en vitninu fannst eins og viðhorf hans færu helzt að breytast í sambandi við svokallað kjörbúðarvagnsmál í fyrrahaust. Stefnandi var þar á öndverðum meiði við aðgerðir fógeta í því máli og var þá ekki myrkur í máli um skoðanir sínar. Einhverju sinni hafi vitnið verið statt á stöðinni ásamt stefnanda, Erlendi Tryggvasyni og Guðmundi Óskarssyni. Sagði stefnandi þá sem svo, að vagninn hefði verið bannaður til þess að þóknast kaupmönnum úti á nesinu. Vitninu var skýrt frá því, hvað stefnandi segði um þetta atriði, og fullyrti vitnið, að það hefði efnislega rétt eftir það, sem stefnandi hafði sagt. Man vitnið, að það komst svo að orði, að þótt það væri svo vitlaust að hugsa þetta, mundi það aldrei hafa látið það út úr sér.

Vitnið kveðst annars ekki hafa heyrt stefnanda beinlínis hafa móðgunarorð um bæjarfógetann. Það man, að það hafði heyrt stefnanda láta orð falla í þá átt, að varðgæzlan væri „sýndarmennska og sett á svið fyrir bæjarbúa". Þótti vitninu liggja í orðum stefnanda, að hér ætti hann við bæjarfógeta, er hann taldi frumkvöðul varðgæzlunnar.

Þá minnist vitnið þess, að það hafi heyrt stefnanda nota orðið „almætti" um bæjarfógeta, og fannst vitninu, að það ætti að vera eins konar fyndni.

Vitnið sagði, að áberandi hefði verið, að stefnandi hefði ekki sinnt fyrirmælum um að láta lögreglubifreiðar vera úti í eftirliti. Kom að vísu fyrir, að hann sendi út í slíkar eftirlitsferðir, oft með þeim formála, hvort menn nenntu að skreppa út í eftirlit, en þetta hafi verið sjaldan. Oft kom fyrir, að menn báðu um að fara út í eftirlitsferðir, og var þá algengt, að menn væru kallaðir inn skömmu síðar. Stefnandi gætti þess þó að sjá um, að eftirlit væri við Kópavogsbíó að loknum bíótíma. Vitnið segir, að á sínum tíma, er það var nýliði, hafi það fengið leiðbeiningar hjá stefnanda eftir því sem með þurfti. Það hafi fengið lánaðar hjá honum bækur og fengið ábendingar um, hvað það ætti helzt að lesa. Aftur á móti hafi afleysingarmenn á sumrin talið sig fá heldur litlar leiðbeiningar hjá stefnanda. Vitnið var að því spurt, hvort

það hefði fengið fyrirmæli frá stefnanda um að gefa skýrslur um það, sem áfátt væri um þrifnað og umgengni í bænum. Vitnið man, að einhvern tíma, er stefnandi var í fríi, hafi það að gefnu tilefni athugað eða látið athuga umgengni við sælgætisgerð hér í bænum.

Vitnið segir, að stefnandi hafi aldrei sagt við það að skipta sér ekki af óskoðuðum bifreiðum, en hann hafi þó litið svo á, að eftirlit með slíkum bifreiðum væri fyrst og fremst verk vaktar Ingibergs.

Í apríl s.l. hvarf stúlka, sem átti heima í starfsmannahúsi við Sæból. Móðir stúlkunnar tilkynnti hvarfið á lögreglustöðina um morguninn. Stefnandi hafði átt tal við hana. Nokkru síðar hafi verið hringt á ný. Vitnið varð þá fyrir svörum, og var þetta móðir stúlkunnar og kvartaði yfir því, að lögreglan gerði ekki neitt. Vitnið gaf henni símasamband við stefnanda. Hann ræddi lengi við hana. Man vitnið, að hann sagði, að stúlkan væri drykkjuaumingi, og gat þess til, að hún væri á fylliríi. Ekki man vitnið til, að stefnandi hefðist neitt að í tilefni af tilkynningu þessari. Um hádegi, eftir að stefnandi hafði farið í mat, hringdi faðir stúlkunnar og sagði, að hún hefði farið út um nóttina á náttklæðum einum og kápu utan yfir, og taldi allar líkur til, að hún hefði farið sér að voða. Vitnið gerði þá bæjarfógetanum aðvart, en hann mælti svo fyrir, að leit skyldi þegar hafin og aukavakt kölluð út.

Í vetur fyrir áramót hringdi einhverju sinni að næturlagi bifreiðarstjóri, sem taldi sig hafa orðið fyrir árás. Bifreiðarstjóri þessi kom næsta morgun til að kvarta yfir viðbrögðum stefnanda við málaleitan hans. Stefnandi gaf þá skýringu, að hann hefði verið svo syfjaður um nóttina, að hann rétt rámaði í þetta. Vitnið staðfesti þennan framburð sinn með eiði.

Vitnið Guðmundur Einarsson Vestmann lögregluþjónn hefur borið eftirfarandi:

Vitnið hafði verið í lögregluliði Kópavogs frá því 15. febrúar 1965 og jafnan á vakt Ingibergs Sæmundssonar. Þó var vitnið einu sinni eða tvisvar á vakt með varðsveit stefnanda. Vitnið kveðst þekkja hann fremur lítið.

Vitnið kveðst ekki muna til þess að hafa orðið áheyrandi að því, að stefnandi talaði um þarfleysi varðgæzlu á Reykjanesbraut. Vitnið segist þó hafa orðið þess vart, að starfsfélögum sínum hafi fundizt vakt stefnanda sleppa betur við varðgæzluna heldur en sveit sú, sem það var í. Vitnið minnist þess ekki að

hafa heyrt stefnanda viðhafa háðsyrði eða illyrði um bæjarfógeta. Vitnið kvaðst ekkert geta borið um hegðun stefnanda gagnvart Guðmundi Óskarssyni. Þá sagði vitnið, að sér væri alls ókunnugt um vinnubrögð stefnanda gagnvart nýliðum. Einnig segir vitnið, að sér hafi verið ókunnugt um, hvernig stefnandi lét varðsveit sína haga vinnubrögðum í sambandi við óskoðaðar bifreiðar og í sambandi við eftirlit með umgengni á lóðum og götustæðum.

Kjartan Sigurjónsson kennari hefur komið fyrir dóm og borið eftirfarandi: Vitnið gegndi lögregluþjónsstarfi í Kópavogi frá 1. júní til 1. september 1965 og var í varðsveit stefnanda. Þegar varðsveitin hóf fyrstu dagvakt, eftir að vitnið tók við störfum, var haldin varðgæzla á Reykjanesbraut, a. m. k. nokkurn veginn. Það mun hafa verið, þegar sveitin hafi hætt dagvakt, sem stefnandi hirti ekki um að halda uppi varðgæzlu. Má segja, að hún hafi að miklu leyti fallið niður þá viku.

Vitnið vissi til, að einhvers konar áminning hafði verið gefin. Talaði stefnandi þá mikið um, hversu mikill óþarfi væri að halda uppi þessum vöktum, og virtist allgramur. Kvaðst hann hafa haldið, að fógetinn mundi setja (kíkinn fyrir blinda augað). Stefnandi breytti þó svo háttum sínum eftir aðvörunina, að síðan má segja, að hann hafi yfirleitt látið halda varðgæzlu uppi, þótt dæmi kunni að hafa verið til þess, að hún félli niður, svo sem á sunnudagsmorgnum, þegar umferð var lítil.

Stefnandi fór í sumarleyfi nærri miðjum júlí og mun hafa komið aftur skömmu eftir miðjan ágúst. Þótti vitninu magnast mjög umtal hans um varðgæzluna. Þótti vitninu furðulegt og næstum óviðfelldið, hvernig hann talaði. Hann hafi haft ýmiss konar hæðnisyrði og illyrði um bæjarfógeta.

Vitnið kveðst muna, að stefnandi lýsti honum svo, að hann væri „loddari, sem ætti heima á leiksviði", og að þeir væru góðir saman Björn Einarsson og hann, en Björn þessi er maður, sem er framarlega í leikstarfsemi í Kópavogi. Stefnandi sagði einhvern tíma, að bæjarfógetinn hefði verið nokkuð góður, þangað til kjörbúðarmálið kom upp. Tíðum kallaði stefnandi fógetann „almættið", þegar hann talaði um hann. Virtist honum vera mjög kalt til hans og allt tal hans um hann í óvirðingartón, og þótti vitninu óþægilegt á það að hlýða.

Í sama skipti, sem stefnandi kallaði bæjarfógetann loddara, kvaðst hann geta sagt vitninu meira um hann. Þegar kviknað hefði í hjá Gunnari á Álfhólsveginum, hefði bæjarfógetinn hneppt hann strax í varðhald, áður en Gunnar hefði borið fram neina

kröfu um tryggingarbætur. Þetta hefði hann bara gert, af því að hann hefði verið hluthafi í tryggingarfélaginu, sem hlut átti að máli.

Sagði stefnandi vitninu þetta svo sem staðreynd væri. Þetta samtal stefnanda og vitnisins fór fram, nokkru áður en vitnið hætti, þ. e. a. s. eftir að stefnandi kom úr sumarleyfi. Þetta samtal hafi farið fram í matartíma, er þeir voru tveir einir á stöðinni.

Vitnið telur, að stefnandi hafi ekki leiðbeint sér nógu vel í starfi og varla verið nógu afgerandi og ákveðinn í stjórn. Hann hafi þó fengið bæklinga, sérprentun á lögum, og sagt vitninu, að gott væri að athuga þá.

Vitnið segir, að stefnandi hafi lítið gert af því að senda lögreglumenn út í almennt eftirlit í lögreglubifreiðum. Það hafi fremur verið lögreglumennirnir, sem tóku það upp hjá sjálfum sér að fara í slíkar eftirlitsferðir. Ekki minnist vitnið þess, að stefnandi bæði menn sína að athuga um þrifnað og umgengni á lóðum og götustæðum.

Vitnið man, að stefnandi sagði, að það væri vaktar Ingibergs að sjá um óskoðaðar bifreiðar og að vakt sín hefði ekkert með slíkt að gera. Vitnið tók þó fram, að það hefði ekki neitt við framkomu stefnanda að athuga í sinn garð, meðan það var í lögreglunni.

Þennan framburð hefur vitnið staðfest með eiði.

Jóhann Tómas Kristjánsson lögregluþjónn hefur borið eftirfarandi fyrir dómi:

Vitnið kveðst hafa verið í lögregluliði Kópavogs síðan í maí 1964. Það vann í varðsveit stefnanda. Vitnið segir, að sér hafi þótt stefnandi ekki gæta sem skyldi, að vaktir væru staðnar á Reykjanesbraut. Borið hafi nokkuð á því, að þær hafi ekki hafizt á réttum tíma á morgnana. Vitnið segir, að stefnandi hafi haft orð á því, að varðgæzla þessi væri óþörf, og taldi hann hana vera algerlega verk bæjarfógeta. Ekki man vitnið til að hafa heyrt stefnanda viðhafa illmæli um fógetann í því sambandi. Það man heldur ekki eftir því að hafa heyrt stefnanda tala illa um bæjarfógetann í önnur skipti, en man til þess, að það hafi heyrt hann nota orðið „almættið".

Vitnið kveðst ekki geta sagt, að það hafi haft undan neinu að kvarta í sambandi við fyrirmæli eða leiðbeiningar af hálfu stefnanda, er það var nýliði. Þá segir vitnið, að stefnandi hafi ekki gert mikla gangskör að því að halda mönnum úti í eftirlitsferðum

á lögreglubifreiðunum. Menn hafi að vísu stundum verið sendir út í slíkar eftirlitsferðir, en oft fljótlega kallaðir inn aftur. Fannst vitninu nokkur misbrestur á því, að eftirliti væri haldið uppi sem skyldi.

Vitnið kveðst aldrei hafa fengið fyrirmæli um það frá stefnanda að fylgjast með þrifnaði og umgengni í bænum eða gefa skýrslur um þau efni. Þá segir vitnið, að það viti ekki til, að vakt stefnanda hafi haft nein afskipti af óskoðuðum bifreiðum.

Vitnið segir, að 23. apríl hafi komið tilkynning á lögregluvarðstofuna kl. 1552 um, að kviknað hefði í að Nýbýlavegi 52. Vitnið og Einar Blandon voru að fá sér kaffi, en stefnandi tók við tilkynningunni. Hann sagði við þá félaga, að kviknað væri í, en það væri víst bara í hænsnahúsi. Þegar vitnið og Einar gerðu sig líklega til þess að fara af stað strax, sagði stefnandi við þá, að þeir skyldu ljúka við að drekka kaffið, það lægi víst ekki svo mikið á. Engu að síður fóru þeir strax út og á staðinn. Var um að ræða eld í íbúðarhúsi og var ein gömul kona, og var henni bjargað.

Vitnið segir, að sér hafi þótt stefnandi í meira lagi sinnulaus í starfi sínu. Vitnið kveðst í því sambandi vilja nefna eitt dæmi. Einhverju sinni síðastliðinn vetur kom bifreiðarstjóri á stöðina. Hann kvaðst hafa verið á leið um Skúlagötu og séð þá stúlku, sem var komin út í sjó. Honum tókst að fá hana til að koma til lands og tók hana upp í bifreið sína. Stúlkan sagðist vera úr Hafnarfirði, og ók bílstjórinn suður á leið. Er komið var í Kópavog, sagðist stúlkan vera úr Reykjavík. Leitaði maðurinn því aðstoðar hér út af stúlkunni, sem mun hafa verið mikið drukkin. Stefnandi vildi ekki sinna þessu og sagði sér ekki koma þetta við. Skyldi bílstjórinn fara með stúlkuna til Reykjavíkur. Stóð í nokkru stappi um þetta milli stefnanda og bílstjórans, og á meðan hljóp stúlkan burt úr bílnum. Síðar um nóttina tók stefnandi og Ellert Tryggvason stúlkuna upp í bifreið hér í bænum og fóru með hana til Reykjavíkur. Vitnið vann síðan eið að þessum framburði sínum.

Þorbjörn Ásgeirsson lögregluþjónn hefur borið fyrir dómi eftirfarandi:

Vitnið hóf störf í lögreglunni í júní 1965. Það var á vakt stefnanda. Vitnið kveðst eiga erfitt að segja um, hvort einhverjir misbrestir hafi orðið á varðgæzlu á Reykjanesbraut, en þeir hafi þó ekki komizt hjá að standa vakt þar. Vitnið segir, að þó geti verið, að einstaka sinnum hafi verið sleppt vöktum á sunnudagsmorgn-

um. Að öðru leyti kveðst vitnið ekki hafa heyrt stefnanda tala um stöðuvaktir.

Vitnið kveðst ekki hafa heyrt stefnanda tala illa um bæjarfógetann. Vitið segir, að stefnandi hafi leiðbeint sér í starfi. Vitnið segir, að þegar það var nýkomið, hafi stefnandi ekið með það um bæjarlandið og sýnt því það og sagt vitninu til um götur og staðhætti. Vitnið segir, að að öðru leyti hafi það fengið litlar leiðbeiningar hjá stefnanda. Vitnið segir, að því hafi farið fjarri, að illa færi á milli sín og stefnanda. Þá segir vitnið, að nokkuð hafi verið um það, að lögreglumenn væru úti í eftirlitsferðum á lögreglubifreiðum. Sjálft var vitnið stundum úti í slíkum eftirlitsferðum. Ekki man vitnið til þess, að lögreglumenn hafi verið kallaðir inn á stöðina af tilefnislausu, það hafi hins vegar heyrt, að eitthvað í þá átt hefði gerzt áður. Vitnið vann eið að þessum framburði sínum.

Guðmundur Óskarsson lögregluþjónn hefur borið eftirfarandi fyrir dómi:

Vitnið kvaðst hafa verið í lögreglunni í 4 ár og verið í varðsveit stefnanda, síðan vöktum var skipt. Vitnið segir, að eftir að varðstöður voru teknar upp á Reykjanesbraut, hafi fljótlega farið að bera á því, að stefnandi hirti ekki um að halda þeim strengilega uppi. Kom það fyrir, að vaktir hófust talsvert síðar á morgnana en til var ætlazt. Sérstaklega hafi mikið á þessu borið eina viku nálægt miðjum júní, féllu þá varðstöður að talsverðu leyti niður. Var t. d. mikið um, að vörður væri aðeins staðsettur á annarri varðstöðunni. Þó munu vaktir hafa verið á báðum stöðum um helgar. Vitnið kveðst hafa heyrt á stefnanda, að honum kæmi á óvart, hve stranglega bæjarfógeti vildi halda vöktunum uppi. Vitnið kveðst einnig hafa heyrt stefnanda í önnur skipti hafa orð á því, að hann teldi varðstöðurnar óþarfar á mörgum tímum. Þá hafi það heyrt stefnanda tala um, að varðstöðurnar væru uppátæki bæjarfógeta.

Vitnið var spurt um, hvort það hefði heyrt stefnanda viðhafa móðgandi eða meiðandi ummæli um bæjarfógetann. Vitnið kvaðst muna eftir einu tlfelli. Gerðist það á lögreglustöðinni í fyrrahaust. Viðstaddir voru auk vitnisins og stefnanda þeir Ellert Tryggvason og Ingólfur Ingvarsson. Stefnandi og Ingólfur Ingvarsson voru þá eitthvað að þræta um „kjörbúðarvagnsmálið“ og voru á öndverðum meiði. Ellert var á sama máli og stefnandi. Vitnið kveðst hafa lagt lítið til málanna, en fullyrðir, að það

hafi heyrt stefnanda viðhafa ummæli í þá átt, að bæjarfógeti hefði látið loka kjörbúðarvagninum til þess að þóknast einhverjum mönnum úti á nesi. Vitnið man, að Ingólfur Ingvarsson sagði, að þótt hann hefði hugsað þetta, hefði hann aldrei látið það út úr sér. Þá var vitnið að því spurt, hvort stefnandi hefði sýnt því ruddaskap og óviðeigandi framkomu. Vitnið kvaðst ekki telja ástæðu til að gera mikið úr því, en þó hafi því fundizt stundum, að stefnanda væri eitthvað í nöp við sig og nefnir í því sambandi tvö tilvik: Vitnið kveðst einhverju sinni hafa haft orð á því við stefnanda, að varðstöðum yrði að jafna niður eftir því sem hægt væri, og rauk stefnandi þá upp með skömmum og sagði vitninu að vera ekkert að þenja sig, það gæti klagað fyrir frænda sínum uppi. Í annað skipti var vitnið að gæta í möppu með kaupútreikningum, sem lá frammi á varðstofunni, kom stefnandi þá inn og rauk upp og skipaði vitninu að hætta að skipta sér af þessari möppu. Var hann þá mjög reiður. Stefnandi hafði aldrei bannað mönnum að líta á þessa möppu, og vissi vitnið ekki, að kaupútreikningar væru neitt launungarmál.

Vitnið kveðst ekki geta borið um, hvernig stefnandi leiðbeindi nýliðum, þó hafi það vitað til, að hann hafi farið út með nýliðum og léð þeim einhverja bæklinga til lesturs.

Vitnið segist hafa vitað til þess, að lögreglan átti að vera úti í eftirliti á bílum, og reyndar hafi það einnig verið gert á vakt stefnanda, en mjög bar á því, að stefnandi kallaði menn fljótlega inn, eftir að þeir fóru út. Telur vitnið, að umrætt eftirlit hafi verið illa rækt hjá stefnanda.

Vitnið segir, að stefnandi hafi aldrei gefið nein fyrirmæli varðandi eftirlit um umgengni og þrifnað á lóðum og götustæðum. Stefnandi hafi sagt mönnum sínum, að vakt Ingibergs hefði alveg að gera með óskoðaðar bifreiðar. Þá segist vitnið hafa verið statt á lögregluvarðstofunni morguninn, sem móðir Sigfrid Thorlacius hringdi og tilkynnti hvarf Sigfrid. Var þetta allsnemma morguns. Vitnið segir, að stefnandi hafi sagt í símann, að stúlkan væri óreglusöm og kynni að vera einhvers staðar í óreiðu. Vildi stefnandi sem minnst úr þessu gera og gerði að sinni engar ráðstafanir út af þessu hvarfi. Framburð þennan hefur vitnið staðfest með eiði.

Vitnið Stefán Bryngeir Einarsson lögregluþjónn hefur borið eftirfarandi:

Vitnið kvaðst hafa starfað í lögreglunni síðan 23. febrúar s.l.

og verið í varðsveit stefnanda. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við það, að stefnandi vanrækti að senda menn sína út til varðgæzlu á Reykjanesbraut. Vitnið varð að minnsta kosti ekki vart við, að því væri sleppt við þessar varðstöður. Vitnið kveðst þó hafa heyrt, að einhver misbrestur hafi orðið á stöðuvöktunum á tímabilinu 20.—26. júní, en veit ekki sjálft sönnur á því. Vitnið kveðst hafa heyrt stefnanda tala um, að honum fyndist óþarft að hafa umrædda varðgæzlu á öllum tímum og muni hann hafa viðhaft ummæli eins og „sjónarspil" og „loddaraskapur" eða eitthvað í þá átt í því sambandi. Vitnið kveðst þó ekki geta fullyrt, að stefnandi hafi beint þeim ummælum sérstaklega að bæjarfógeta.

Vitnið kveðst muna eftir því, að er stefnandi kom úr sumarfríi, hafi það eitt sinn vikið talinu að varðgæzlu. Sagði stefnandi þá, að vaktir þessar bæri að standa og þýddi ekkert um það að tala.

Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt stefnanda viðhafa móðganir eða aðdróttanir um bæjarfógeta, nema ef til vill að því leyti er að framan greinir í sambandi við umtal um varðgæzlurnar. Vitnið kvaðst hafa notið leiðbeininga stefnanda í starfinu, svo sem skýrslugerðir o. fl., og hefur það undan engu að kvarta í því efni. Vitnið sagði aðspurt, að það hefði ekki orðið þess vart, að stefnandi gerði mikið að því að kalla varðgæzlumenn, er voru úti í eftirlitsferðum, inn á stöðina aftur að ástæðulausu. Segir vitnið, að sér hafi fundizt eftirlitsstarf lögreglunnar fara fram með eðlilegum hætti. Vitnið kveðst sjaldan hafa verið á hinni vaktinni, en þó hafi það komið fyrir. Tók vitnið ekki eftir, að þessu eftirliti væri hagað öðruvísi þar.

Vitnið kvaðst muna eftir afskiptum lögreglunnar í sambandi við hvarf Sigfrid Thorlacius. Það var inni á lögregluvarðstofunni, er tilkynnt var um hvarf hennar. Stefnandi mun eftir þetta samtal hafa hringt í fangageymsluna í Síðumúla og spurzt fyrir um stúlkuna. Nokkru síðar hringdi móðir hennar aftur, og eftir það bað stefnandi vitnið að fara í bíl og aka meðfram fjörunni og athuga með sjónauka, hvort nokkuð sæist. Gerði vitnið þetta rétt fyrir eða um hádegi. Eftir hádegi var svo hafin leit og lögreglumenn kvaddir á aukavakt.

Vitnið segir, að varðsveit stefnanda hafi ekki fengið bein fyrirmæli frá honum um að fylgjast með umgengni og þrifnaði í bænum. Vitnið kveðst hafa vitað, að varðsveit Ingibergs vann það verkefni. Stefnandi sagði mönnum sínum frá þessu verkefni, en lítið mun hafa verið um aðgerðir hans í þá átt. Vitnið

segir, að eftir því sem það bezt viti, hafi eftirlit með óskoðuðum bílum algerlega verið í höndum varðsveitar Ingibergs. Vitnið vann síðan eið að framburði sínum.

Þetta vitni kom svo aftur fyrir dóm til samprófunar, og verður vikið að því síðar.

Vitnið Skafti Ólafsson prentari hefur borið eftirfarandi fyrir dómi. Vitnið var lögregluþjónn í Kópavogi frá áramótum 1963—64 til 28. ágúst 1965. Það var allan tímann í varðsveit Ingibergs Sæmundssonar.

Vitnið kveðst ekki geta sagt um, hvort misbrestur hafi verið á því, að sveit stefnanda hafi haldið uppi varðgæzlu á Reykjanesbraut. Það kveðst vita til þess, að stefnandi hafi verið óánægður með fyrirkomulag á varðgæzlunni, og kveðst vita, að hann hafi gagnrýnt það. Vitnið kveðst stundum hafa staðið vakt með varðsveit stefnanda í forföllum. Þótt vitnið vissi til, að stefnandi gagnrýndi varðgæzluna óspart, kveðst það ekki hafa heyrt hann viðhafa í því sambandi illmæli um bæjarfógeta. Hins vegar var svo á honum að heyra, að skipulag það, sem hann var að gagnrýna, væri aðallega verk bæjarfógeta. Vitnið var spurt um, hvort stefnandi hefði ekki hirt um að halda uppi almennu eftirliti í bifreiðum, og svaraði vitnið því til, að það gæti ekki borið um það atriði, nema meðan það var í varðsveit stefnanda og stóð þar á vakt. Vitninu fannst minni áherzla lögð á þennan þátt starfsins en í varðsveit Ingibergs. Þá tekur vitnið fram, að eftirlit með óskoðuðum bifreiðum hafi eingöngu verið haft á vakt Ingibergs og hafi sér þótt þetta einkennilegt og gagnrýnt það. Vitnið kvaðst ekki vita til þess, að á vakt stefnanda hafi verið haft neitt eftirlit með umgengni og þrifnaði í bæjarlandinu eða gefnar skýrslur um það, sem áfátt var í því efni.

Vitnið Garðar Sigfússon lögregluþjónn hefur borið eftirfarandi fyrir dómi.

Vitnið kvaðst hafa verið í lögregluliði Kópavogs síðan 1. febrúar og verið allan tímann í varðsveit Ingibergs Sæmundssonar. Vitnið kveðst því lítið vera kunnugt starfsháttum stefnanda í lögregluliðinu. Það hafi örsjaldan, einu sinni eða tvisvar, verið á vakt með varðsveit hans. Vitnið kveðst ekki vita af eigin raun, hvernig stefnandi hagaði varðstöðum á Reykjanesbraut, en tekur þó fram, að á sunnudagsmorgnum hafi Ingibergur stundum sleppt að láta standa vörð á Reykjanesbrautinni, en vitninu skildist það af mönnum stefnanda, að hann léti þá einnig standa vörð.

Vitnið man ekki til þess að hafa heyrt stefnanda tala um

varðgæzlu á Reykjanesbraut og gagnrýna hana. Þá kveðst vitnið ekki hafa heyrt hann viðhafa móðgunar- eða skammaryrði um bæjarfógeta. Vitnið kveðst ekki vita af eigin raun, hvernig stefnandi rækti þann þátt lögreglustarfsins að láta lögreglumenn vera á ferli í bifreiðum til almenns eftirlits. Það hafi heyrt frá einhverjum af mönnum hans, að þeir teldu, að stefnandi hefði átt að sinna meira þessum þætti starfsins.

Einar Blandon lögregluþjónn hefur komið fyrir dóm sem vitni.

Vitnið kvaðst hafa verið lögreglumaður í Kópavogi síðan í febrúarbyrjun 1965 og verið í varðsveit stefnanda. Vitnið segir, að stefnandi hafi látið standa vaktir á Reykjanesbraut yfirleitt. Það veit ekki til þess, að varðstöðurnar hafi fallið niður nema í undantekningartilfellum og þá af þeim orsökum, að ekki var nægilegur mannafli fyrir hendi. Vitnið segir, að verið geti, að stefnandi hafi ekki haft nægilegt eftirlit með því, að varðstöður væru staðnar, en veit þó ekki með vissu til þess, að þær hafi fallið niður, nema eðlilegar ástæður væru fyrir hendi. Vitnið segir, að talsvert umtal hafi verið um varðstöðurnar milli manna og sumir talið þær óþarfar á sumum tímum. Vitnið minnist þess, að það heyrði stefnanda viðhafa ummæli í þá átt. Vitnið kveðst ekki hafa heyrt stefnanda viðhafa móðgandi ummæli um bæjarfógetann, hvorki í þessu sambandi né öðru.

Vitnið kveðst hafa fengið leiðsögn og leiðbeiningar hjá stefnanda í starfi og ekki hafa undan neinu að kvarta í því sambandi. Hins vegar vissi það til, að Þorbjörn Ásgeirsson, mágur vitnisins, fékk ónóga tilsögn hjá stefnanda, er hann hóf starf sitt, og telur stefnanda hafa sýnt kæruleysi að því leyti. Þá segir vitnið, að stefnandi hafi gert lítið af því að láta menn sína vera úti í eftirliti í lögreglubifreiðum. Vitnið kveðst raunar hafa farið slíkar eftirlitsferðir, en hafa þá yfirleitt haft frumkvæðið að því sjálft, þannig að það spurði stefnanda, hvort það ætti ekki að fara út. Algengt hafi verið, að stefnandi kallaði menn sína inn á stöðina aftur, án þess að tilefni væri til þess. Vitnið kveðst ekkert hafa unnið að eftirliti með þrifnaði og hreinlæti í bænum, en hin vaktin hafi verið athafnasöm á því sviði. Þá kveðst vitnið hafa einhvern tíma spurt stefnanda að því, hvort ekki ætti að taka númer af óskoðuðum bifreiðum, en fékk það svar, að hin vaktin sæi um það.

Yfirleitt þótti vitninu stefnandi vera sinnulaus í starfi og lélegur stjórnandi. Hann hafi oft tekið dauflega undir kærur og

kvartanir. Einhvern tíma hafi maður komið og tilkynnt þjófnað, en stefnandi vísaði á hina vaktina og sagði, að þar væri maður, sem væri sérhæfur í slíku.

Í fyrravetur tók stefnandi til dæmis einhverju sinni við tilkynningu um eldsvoða á Nýbýlavegi 52. Vitnið og Jóhann lögregluþjónn voru nýkomnir inn á stöðina og voru að drekka kaffi. Stefnandi sagði þeim frá brunakallinu, en tók fram, að ekkert lægi á, þeir skyldu bara drekka kaffið. Sennilega væri aðeins hænsnahús, sem hefði kviknað í. Sem betur fór fór vitnið og lögregluþjónninn ekki eftir þessu, heldur flýttu sér á staðinn. Var þá eldur í íbúðarhúsi og gömul kona þar inni, en þeim lögreglumönnunum tókst að ná henni út. Vitnið vann síðan eið að þessum framburði sínum.

Erlendur Tryggvason lögregluþjónn hefur komið fyrir dóm sem vitni og borið eftirfarandi:

Vitnið var í lögregluliði Kópavogs í tæp 4 ár, en lét af störfum 8. f. m. Síðan vöktum var skipt á þann hátt, sem nú er, var vitnið í varðsveit stefnanda. Vitnið segir það algerlega rangt, að stefnandi hafi vanrækt að láta standa varðstöður á Reykjanesbraut, a. m. k. sé það öruggt, að síðan skrifleg fyrirmæli komu um varðstöðurnar, hafi stefnandi gætt þeirra mjög vel, og fram til þess tíma hafi varðsveit stefnanda staðið þessar vaktir, a. m. k. ekki síður en hinar vaktirnar.

Vitnið kannast ekki við það að hafa heyrt stefnanda tala um nauðsynjaleysi þessara vakta. Annað mál sé það, að mikið umtal hafi verið um þetta meðal lögreglumanna, og sögðu menn þá yfirleitt sínar skoðanir. Vitnið kveðst einhverju sinni hafa talað um þetta mál við stefnanda og haft orð á því, að það væri fráleitt að þurfa að standa þessar vaktir eins og á þeim tímum, þegar umferð er engin um brautina. Stefnandi hafi svarað því einu, að ekkert þýddi að fást um þetta, þar sem bein fyrirmæli væru í þessa átt.

Vitnið neitar því að hafa heyrt stefnanda viðhafa niðrandi ummæli um bæjarfógetann. Vitnið kannast ekki við það, að stefnandi hafi vanrækt að láta menn sína vera í eftirliti í bænum. Það hafi verið gert, eftir því sem tök voru á. Það hafi komið fyrir, að stefnandi hafi kallað lögreglumenn inn, sem voru í eftirliti úti um bæinn, og sjái það ekki neitt við það að athuga. Aðrir menn hafi þá stundum farið út í þeirra stað. Þá kannast vitnið ekki við, að stefnandi hafi vanrækt að láta menn sína fylgjast með þrifnaði og umgengni í bænum, a. m. k. kveðst vitnið sjálft

hafa tekið myndir af bílhræjum og gefið skýrslur. Vitnið segir, að Ingibergi Sæmundssyni hafi verið falið að gera gangskör að því, að bílar færu til skoðunar. Hitt telur vitnið ljóst, að lögreglan sé almennt skyld að láta þar til sín taka, ef óskoðuð bifreið verður á vegi lögreglunnar, og veit ekki annað en þessar skyldur hafi verið ræktar á vakt stefnanda. Þá man vitnið eftir, að þjark var um „kjörbúðarvagnsmálið" á lögregluvarðstöðinni. Var þar deilt á réttmæti aðgerða bæjarfógeta. Vitnið kveðst ekki hafa heyrt stefnanda viðhafa ummæli í þá átt, að bæjarfógeti væri að reyna að þóknast kaupmönnum. Hins vegar minnir vitnið, að Ingólfur Ingvarsson hafi reynt að gera stefnanda upp einhver ummæli, sem hann átti að hafa sagt, en stefnandi bar á móti. Þó tekur vitnið fram, að það geti ekki farið nákvæmlega með þetta eftir svo langan tíma. Vitnið kveðst ekki muna til þess, að stefnandi hafi sagt neitt neikvætt um bæjarfógetann, nema ef vera skyldi, að hann hafi sagt, að aðgerðir bæjarfógeta mundu ekki verða vinsælar hjá fólkinu. Vitnið tók fram, að það hefði ætlað að segja upp starfi sínu í vor, en hætt við það að beiðni stefnanda. Vitninu þótti andrúmsloftið í lögreglunni vera orðið óþægilegt.

Þá hafa vitnin Guðlaugur Einarsson bifreiðarstjóri, Magnús B. Kristjánsson skólastjóri og Ólafur St. Sigurðsson fulltrúi komið fyrir dóm, en þar sem framburðir þeirra þykja ekki hafa nein úrslitaáhrif á sakarefni málsins, verða þeir ekki raktir í heild, en vísað til þeirra síðar, eftir því sem ástæða þykir til.

Í hinni ítarlegu sakadómsrannsókn, sem fram hefur farið í sambandi við mál þetta, hafa margir lögregluþjónar komið aftur fyrir dóm og sumir oftar en einu sinni, og þykir rétt að víkja aðeins stuttlega að framburði þeirra, að því leyti er sakaratriði á hendur stefnanda varða.

Vitnið Stefán Bryngeir Einarsson hefur komið aftur fyrir dóm 29. nóvember 1965. Vitnið var þá nánara spurt um afskipti lögreglunnar af hvarfi Sigfrid Thorlacius.

Vitnið tók þá fram, að það hefði ekki heyrt stefnanda sjálfan hringja til fangageymslunnar í Síðumúla, heldur muni stefnandi hafa sagt sér það sjálfur, að hann hefði gert svo. Sama vitni sagði síðar í samprófun með Sigurgeiri Jónssyni bæjarfógeta 30. nóvember, að það væri ekki visst um að hafa verið sent út fyrir hádegi til þess að leita að stúlkunni meðfram sjónum, en sig minni þó frekar, að svo hafi verið, en viðurkennir, að það komi ekki heim við þann tíma, sem það var á vakt.

Vitnið Ásmundur Guðmundsson lögregluþjónn hefur komið aftur fyrir dóm 9. nóvember og staðfest þar fyrri framburð sinn að öllu leyti, og kemur þar ekki annað nýtt fram en að vitnið varð vart við óánægju út af því, að varðsveit stefnanda aðhafðist ekkert í þá átt að taka úr umferð óskoðaðar bifreiðar. Man vitnið, að Skafti Ólafsson lét í ljós gremju sína út af því.

Vitnið Guðjón Ásberg Jónsson hefur komið aftur fyrir dóm 29. nóvember. Vitnið kvaðst minnast þess að hafa verið statt á lögreglustöðinni að kvöldlagi, er varðsveit stefnanda hafði vakt. Kom þá á stöðina bílstjóri og beiddist aðstoðar og var mikið niðri fyrir. Kvaðst hann vera með stúlku í bílnum, sem hann hefði tekið í bílinn á Skúlagötu, en hún ætlaði að fyrirfara sér. Eitthvað hafði verið á reiki með heimilisfang stúlkunnar. Vitnið man, að stefnandi tók manninum ókurteislega og vildi ekkert gera fyrir hann og spurði hann, hvers vegna hann hefði ekki snúið sér til lögreglunnar í Reykjavík. Stóð í einhverju stappi milli þeirra nokkra stund, og minnir vitnið, að bílstjórinn færi þá út og kæmi aftur með þær fregnir, að stúlkan væri farin úr bílnum.

Vitnið Ingólfur Ingvarsson hefur fyrir dómi 11. nóvember lýst því yfir, að það geti ekki verið, að stefnandi hafi sent Stefán Einarsson lögregluþjón út til að svipast um eftir stúlku þeirri, sem hvarf og áður hefur verið um rætt, því að vitnið hafi sjálft hlotið að verða vart við það, því að það hafi verið á varðstofunni frá því kl. 1000 og fram til kl. 1300 um daginn.

Vitnið Jóhann Tómas Kristjánsson lögregluþjónn hefur komið fyrir dóm aftur 11. nóvember. Vitnið man eftir hvarfi Sigfrid Thorlacius. Það telur, að það hafi þá verið á verði á Reykjanesbraut frá því kl. 0730 til kl. 0930. Eftir að vitnið kom á stöðina, frétti það um hvarf stúlkunnar, enda heyrði það á tal stefnanda við móður hennar í síma. Vitnið man ekki, hvað stefnandi sagði í því símtali. Vitnið veit ekki til þess, að stefnandi hafi sent Stefán Einarsson lögregluþjón út til þess að svipast um eftir Sigfrid né gera aðrar ráðstafanir í sambandi við hvarf hennar.

Vitnið Þorbjörn Ásgeirsson hefur komið aftur fyrir dóm 11. nóvember. Vitnið ítrekaði þar, að það minntist ekki, að stefnandi gæfi mönnum sínum nein fyrirmæli um að hafa eftirlit með óskoðuðum bifreiðum og ekki heldur að láta það afskiptalaust. Vitnið man ekki eftir því, að varðsveit stefnanda skipti sér neitt af óskoðuðum bifreiðum. Þá kveðst vitnið að öðru leyti ekki vita til þess, að stefnandi héldi uppi eftirliti með heilbrigðis-

samþykkt bæjarins, og ekki muna eftir því, að sér hafi verið gefin nein almenn fyrirmæli frá honum í þá átt.

Einar Blandon lögregluþjónn hefur komið aftur fyrir dóm 9. nóvember 1965.

Vitnið tók þá fram, að það myndi eftir einu tilfelli, þar sem það var á verði á Reykjanesbraut og stefnandi sótti það á vörðinn án þess að setja annan mann í stað þess og án þess að neitt tilefni virtist til. Þegar undan er skilið þetta tilfelli, man vitnið ekki eftir öðru en það hafi verið látið standa vörð reglulega. Þó tekur vitnið fram, að algengt hafi verið, að varðgæzla hafi ekki hafizt á tilskyldum tíma á morgnana, þ. e. kl. 0730. Hafi það oft dregizt klukkutíma eða svo, og man vitnið, að stefnandi hafði orð á, að óþarft væri að byrja svo snemma, meðan engin umferð væri.

Þá er vitnið nánar spurt um, hvort varðstöður hafi fallið niður vegna skorts á mannafla, og kvaðst þá vitnið ekki geta munað eftir neinu sérstöku tilfelli í þá átt. Í sambandi við brunann á Nýbýlavegi 52 tekur vitnið fram, að er þeir Jóhann komu á staðinn, hafi gamla konan, Fanney Pétursdóttir, verið inni í húsinu og þeir fengið hana til að koma út, en hún hafi verið ófús til þess. Hins vegar hafi eldurinn ekki verið orðinn svo magnaður, að hún hafi verið í bráðri lífshættu.

Framburði annarra lögreglumanna, sem fyrir dóm hafa komið aftur, þykir ekki ástæða til að rekja frekar.

Stefnandi hefur komið aftur fyrir dóm 11. október 1965. Hann neitar því eindregið að hafa vanrækt að láta menn sína standa vörð á Reykjanesbraut og kannast ekki við, að neinn misbrestur hafi orðið á því í vikunni kringum miðjan júní. Hann segir, að ef til vill hafi einhvern tíma komið fyrir, að vakt félli niður, en þá hafi með vissu verið um lögmæt forföll að ræða, svo sem veikindi, snöggt útkall og fleira. Þá bendir hann á, að menn, sem um brautina fari, hafi ófullkomna aðstöðu til að sannreyna, hvort lögreglumaður sé á verði. Þá geti hann ekki ábyrgzt að fullu, að vörðurinn hafi staðið í stöðu sinni. Honum sé þó ekki kunnugt um slíkt, en bendir á það sem möguleika.

Hann neitar eindregið að hafa haft í frammi nokkurn andróður gegn varðgæzlunni. Honum var þá kynntur framburður vitna um þetta atriði, en hann kvað það í engu breyta framburði sínum. Stefnandi kveðst hafa gert uppkast að fyrirkomulagi að varðgæzlu á Reykjanesbraut og eftir tillögum hans hafi verið farið. Þá neitar hann því eindregið að hafa gert tillögur sínar

með það fyrir augum að ná sem mestum launum handa starfsmönnum lögreglunnar. Varðgæzla á Reykjanesbraut hlaut óhjákvæmilega að lengja vinnutíma lögreglumanna, þannig að í föstum varðtíma þeirra hlaut að vera nokkur aukavinna. Stefnandi bendir á, að bæjarfógeti hafi fallizt á tillögur hans og auðvelt sé að kanna þetta kerfi, sem stefnandi hafi sjálfur búið til, og finna út, hvort nokkur sé hlunnfarinn í því. Þá kveðst stefnandi hafa leiðbeint nýliðum eftir föngum, meira að segja hafi hann reynt að kynna nýliðum reglur um meðferð opinberra mála og hegningarlög.

Stefnandi kveðst hafa reynt að halda mönnum sínum úti í almennu eftirliti og eftir því sem framast var unnt, þ. e. a. s. ef lögreglumennirnir höfðu ekki öðrum brýnum verkefnum að sinna. Hann kveðst sjálfur oft hafa verið í slíkum eftirlitsferðum á kvöldin. Stefnanda var kynntur vitnaframburður um þetta atriði, og mótmælir hann því, sem þar kom fram, að svo miklu leyti sem það gekk á móti því, sem hann hefur um þetta atriði borið.

Stefnandi var spurður um ummæli sín um bæjarfógeta í sambandi við kjörbúðarmálið. Hann heldur þar að öllu leyti við fyrri framburð sinn um þetta efni og sagði framburð Ingólfs Ingvarssonar og Guðmundar Óskarssonar rangan. Sér hafi legið afstaða bæjarfógeta til þessa máls í léttu rúmi.

Þá mótmælir stefnandi eindregið framburði Kjartans Sigurjónssonar. Hann kveðst aldrei hafa haft nein illmæli um bæjarfógeta í viðurvist hans, enda lítið eða aldrei minnzt á bæjarfógeta við hann. Stefnandi kvaðst minnast þess, að skrifleg fyrirmæli hefðu komið á lögreglustöðina í sambandi við eftirlit með þrifnaði í bænum. Hann heldur því fram, að hann hafi í því sambandi staðið fyllilega í stöðu sinni. Hann man ekki betur en að skýrslur væru gefnar af lögreglumönnum á hans vakt um þetta efni, eftir því sem ástæður voru til.

Hann kveðst aldrei hafa mælt svo fyrir, að varðmenn hans skyldu ekki skipta sér af óskoðuðum bifreiðum. Hins vegar hafi verkum verið skipt þannig, að stefnandi annaðist færslu sakaskrár, en Ingibergur hafði bílaskrána og sá um að eltast við óskoðaðar bifreiðar. Þá kveðst stefnandi ekki muna eftir brunakalli vegna Nýbýlavegar 52 23. apríl og kveður fráleitt, að hann hafi brugðizt við því eins og Einar Blandon og Jóhann Kristjánsson segja. Hann neitar því eindregið að hafa nokkurn tíma staðið fyrir því, að menn sínir sinntu útkalli. Þá kveðst stefnandi muna eftir tilkynnigu um hvarf Sigfrid Thorlacius. Móðir stúlkunnar

hafi hringt til sín og sagt, að Sigfrid hefði farið út um nóttina og væri hún hálf hrædd um hana. Ráðgaðist hún um, hvað gera skyldi, hvort rétt væri að leita. Stefnandi segir, að sér hafi verið kunnugt um óreglu stúlkunnar og hafi sagt móðurinni, að sjálfsagt væri að hefja leit að henni, en vakið athygli hennar á, hvort ekki væri rétt, að hún spyrðist fyrst um hana og hringdi síðar. Konan hafi svo hringt aftur, og man stefnandi ekki betur en að gerðar væru ráðstafanir til að leita að henni.

Stefnanda var kynntur framburður Ingólfs Ingvarssonar um þetta atriði. Hann tók fram, að þar sem svo langt væri frá liðið, myndi hann þetta ekki alveg nákvæmlega, en vísar til skýrslna og lögreglubókar.

Hafa nú verið raktir vitnaframburðir, eins og atvik málsins gefa tilefni til.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að honum hafi verið vikið ólöglega úr starfi sem lögregluvarðstjóra í Kópavogi. Hann hafi ekkert brotið af sér í starfi sínu né einkalífi, sem réttlætt geti brottvikningu úr starfinu á þann hátt, sem hér sé gert.

Sakadómsrannsókn sú, sem fram hafi farið, hafi sýnt, að hann hafi ekki brotið neitt af sér í starfi, þar sem af hálfu ákæruvaldsins séu engar frekari aðgerðir fyrirskipaðar.

Þá megi ráða af framburðum vitna, sem leidd hafi verið í málinu, að sakargiftir þær, sem bornar eru á hann fyrir ávirðingar í starfi, hafi ekki við nein rök að styðjast. Hann hafi rækt starf sitt sem lögregluvarðstjóri óaðfinnanlega og mátt því gera ráð fyrir að halda starfinu áfram, svo lengi sem sér entist heilsa, enda væri það ekki lagt niður. Uppsögnin sé því að öllu leyti ólögmæt og eigi hann því rétt til fjárbóta úr hendi stefnda fyrir allt það tjón og röskun á stöðu og högum, sem þessi ólögmæta brottvikning hefur valdið honum.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að dómsrannsókn sú, sem fram fór síðla árs 1965 og stóð fram í marz 1966, hafi leitt í ljós, að stefnandi máls þessa var óhæfur til þess að gegna starfi sínu í lögregluliði Kópavogs. Til stuðnings þessari skoðun sinni vísar stefndi til bréfs dómsmálaráðuneytisins, dags. 28. marz 1966, þar sem segir svo:

„Með vísun til þess, sem upplýst er í rannsókninni um hátterni stefnanda í starfinu, svo og með tilliti til almennra hagsmuna lögregluliðsins, en sýnt er, að framhald starfa hans sem yfirmanns í lögregluliðinu mundi hafa í för með sér alvarlega röskun á starfsemi þess, telur ráðuneytið því rétt, að Ingólfur

Finnbjörnsson verði leystur frá starfi sem lögregluvarðstjóri í lögregluliði Kópavogs".

Þá segir svo í bréfi saksóknara ríkisins, dags. 31. marz 1966:

„Að m. a. með tilliti til þess, að kærða hefur nú vegna atvika þeirra, er rannsóknin snýst um, verið vikið úr starfi, samkv. meðfylgjandi ljósriti af bréfi dómsmálaráðuneytisins til þessa embættis, dags. í gær, er eigi af ákæruvaldsins hálfu krafizt frekari aðgerða í máli þessu".

Þarna komi berlega fram, að frekari aðgerða í máli stefnanda hafi ekki verið krafizt, meðal annars með tilliti til þess, að kærða hafi þá verið vikið úr starfi. Slíkt sé auðvitað allþungbært þeim, sem fyrir verður, og hafi saksóknari samkvæmt framansögðu talið það allnokkra refsingu og réttlæti það, að eigi væru gerðar frekari refsikröfur á hendur stefnanda.

Stefndi hafi greitt stefnanda kaup fyrir þann tíma, meðan dómsrannsókn stóð yfir, svo sem lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins mæla fyrir um. Hafi verið algerlega óheimilt að inna af hendi til stefnanda frekari greiðslur en þessi skýru lagafyrirmæli segja um.

Skal nú vikið að þeim ávirðingum, sem stefnandi er talinn hafa gerzt sekur um í starfi sínu og sakamálsrannsóknin hefur einkum snúizt um, og skal þá fyrst komið að því, að stefnandi hafi haft uppi áróður við undirmenn sína gegn nauðsyn fastrar löggæzlu á Reykjanesbraut.

Ljóst er af framburði vitna í málinu, að stefnandi hefur verið andvígur framkvæmd þessarar löggæzlu á þann hátt, sem lagt var fyrir hann. Hins vegar kemur hvergi fram, að hann hafi neitað að hlýða fyrirmælum yfirmanns síns um framkvæmd hennar. Þá ber vitnum saman um, að eftir að lögreglustjóri gaf varðstjórunum skrifleg fyrirmæli að framfylgja varðgæzlunni stranglega, hafi stefnandi orðið við þeirri skipun.

Þá hefur sakamálsrannsóknin ekki leitt í ljós gegn eindregnum mótmælum stefnanda, að hann hafi haldið uppi við undirmenn sína óhróðri eða illmælum um yfirmann sinn, lögreglustjórann í Kópavogi. Enn fremur er það ósannað í málinu, að framkoma stefnanda við undirmenn sína hafi verið aðfinnsluverð. Aftur á móti hafa tvö vitni borið og staðfest framburði sína með eiði, að stefnandi hafi ekki brugðið skjótt við, er tilkynntur var eldsboði að Nýbýlavegi 52 þann 23. apríl 1965. Þá kemur það fram í sakamálsrannsókninni, að stefnandi hefur ekki

sýnt sjálfsagðan viðbragðsflýti í sambandi við hvarf stúlkunnar Sigfrid Thorlacius.

Þessar ávirðingar þykja þó ekki slíkar, að þær réttlæti fyrirvaralausa brott vikningu úr starfi, enda hafði stefnanda ekki verið veitt áminning og honum gefinn kostur á að bæta ráð sitt, áður en honum var vikið frá störfum.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, þykir hin fyrirvaralausa brottvikning stefnanda úr störfum ekki hafa verið studd nægilegum rökum og þar af leiðandi ólögmæt.

Hins vegar er þess að gæta, að þegar virtir eru vitnisburðir framangreindra manna, sem allir þekktu stefnanda og höfðu meira eða minna unnið með honum, er ljóst, að hann hefur ekki sýnt þá háttsemi í starfi sínu, sem ákjósanleg er, þegar um lögregluvarðstjóra er að ræða. Með tilliti til þessa hefur stefnandi átt þátt í því, að starfi hans sem lögregluvarðstjóra lauk fyrr en ella, og ber að hafa það í huga, þegar bætur eru ákveðnar.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar þannig:

1. Eftirstöðvar kaups fyrir tímabilið 1. september 1965 til 1. apríl 1966, þ. e. kr. 242.523.00 að frádregnum kr. 53.978.00, innborgað á tímabilinu, kr. 188.545.00
2. Fébætur vegna fyrirvaralausrar brottvikningar 29. marz 1966, miska og röskunar á stöðu og högum, þ. á m. missi lífeyrisréttinda, og er tjón þetta metið hér til tólf mánaða kaups, þ. e. kr. 14.242.00 sinnum tólf .. .. — 170.904.00
3. 7% orlof af kr. 242.523.00 .. .. — 16.976.00
4. Fatapeningar .. .. — 10.000.00

Samtals kr. 386.425.00

Skal nú vikið að kröfum stefnanda.

Rétt þykir að taka til meðferðar sameiginlega lið 1 og 2.

Það er óumdeilt í málinu, að fastakaup stefnanda var sem næst kr. 14.000.00 á mánuði.

Þegar litið er til starfsaldurs stefnanda og þess, að honum voru greidd hálf laun, meðan rannsókn málsins stóð yfir, þykir með hliðsjón af öllum atvikum bætur til hans hæfilega ákveðnar samkvæmt ofangreindum liðum kr. 98.000.00. Engar upplýsingar liggja fyrir í málinu, hvort stefnandi hefur haft tekjur frá öðrum á því tímabili, sem hér um ræðir.

Um lið 3. Undir þessum lið krefst stefnandi orlofs, 7% af kr. 242.523.00, eða samtals kr. 16.976.00. Þessari kröfu hefur

stefndi algerlega mótmælt. Stefnandi var fastráðinn starfsmaður og hafði tekið sumarleyfi, áður en til brottvikningar kom. Á hann því ekki rétt á orlofsgreiðslu, og verður því þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Um lið 4. Stefnandi krefst fatapeninga að upphæð kr. 10.000.00. Þessum lið hefur stefndi mótmælt. Fatapeningar teljast ekki til fastra launa, og verður því þessi liður ekki tekinn til greina.

Niðurstaða málsins verður því sú, að dæma ber stefnda til þess að greiða stefnanda kr. 98.000.00 ásamt vöxtum, svo sem krafizt er.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 18.000.00.

Dóm þennan kvað upp Kristján Jónsson borgardómari, en dómsuppsaga hefur dregizt venju fremur sökum brottveru dómarans úr bænum.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórinn í Kópavogi f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnanda, Ingólfi Finnbjörnssyni, kr. 98.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1966 til greiðsludags og kr. 18.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. marz 1969.

Nr. 30/1968. **Hitavirkjun h/f**
(Sigurður Sigurðsson hrl.)
gegn
Sigurjóni Guðmundssyni og gagnsök
(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Verksamningar.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 21. febrúar 1968. Krefst hann sýknu af kröfu gagnáfrýjanda

og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 27. febrúar 1968. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 76.868.29 með 6% ársvöxtum af kr. 85.400.00 frá 24. marz 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 14. júlí 1960, 9% ársvöxtum af kr. 76.868.29 frá þeim degi til 29. desember 1960, 7% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms og þar sem krafa gagnáfrýjanda verður eigi talin ósanngjörn, sbr. grunnrök 5. gr. laga nr. 39/1922, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilegur kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Hitavirkjun h/f, greiði gagnáfrýjanda, Sigurjóni Guðmundssyni, kr. 12.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. desember 1967.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 18. f. m., hefur Sigurjón Guðmundsson pípulagningameistari, Brekkustíg 7 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 12. marz 1963, á hendur Hitavirkjun h/f, Hafnahreppi í Gullbringusýslu, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 76.868.29 með 6% ársvöxtum af kr. 85.400.00 frá 24. marz 1959 til 22. febrúar 1960, með 9% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 16. júlí 1960, en af kr. 76.868.29 frá þeim degi til 29. desember 1960 og með 7%

ársvöxtum af kr. 76.868.29 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum jafnframt dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, en til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefnandi kveður málavexti þá, að það hafi verið haustið 1958, sem hann og verkstjórar stefnda, þeir Jóhann Valdimarsson og Gunnar Gestsson, hófu að ræða um ákvæðisvinnu við blikklögn að blásarasamstæðum í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli, Air Force Hangar. Kveður stefnandi verkið hafa verið boðið út af Íslenzkum Aðalverktökum til þriggja aðilja og hafi stefndi gert lægsta tilboð í verkið, eða kr. 35.000.00. Stefnandi kveður starfsmenn varnarliðsins hafa áætlað efnisþunga til verksins um 20.000 lbs. Í framhaldi af þessu kveðst svo stefnandi hafa gert tilboð í ákvæðisvinnu við uppsetningu lagnarinnar miðað við fyrrgreint efnismagn og hafi tilboð sitt numið um kr. 25.000.00—30.000.00. Kveðst stefnandi á þessum tíma hafa starfað sem pípulagningameistari hjá stefnda, en hann kveður fyrirtækið hafa annazt bæði pípulagnir fyrir Íslenzka Aðalverktaka svo og uppsetningu á blikklögnum. Þegar hér var komið, kveður stefnandi Íslenzka Aðalverktaka hafa umreiknað efnismagn og hafi þá efnisþunginn aukizt og verið kominn í 40.000 lbs. Í framhaldi af þessu kveður svo stefnandi Íslenzka Aðalverktaka hafa samið við stefnda um að taka að sér umrætt verk fyrir kr. 70.000.00, eða kr. 1.75 fyrir hvert pund. Er hér var komið, kveðst stefnandi hafa samið munnlega við Jóhann Valdimarsson, með fullri vitund Gunnars Gestssonar, um að taka að sér verkið fyrir kr. 50.000.00 með áætluðum efnisþunga 40.000 lbs. Kveður stefnandi tilskilið hafa verið, að allt efni og verkfæri væru á staðnum, en sjálfa lögnina kveður hann hafa verið smíðaða á blikksmíðaverkstæði Íslenzkra Aðalverktaka. Stefnandi kveðst svo hafa ráðið Jóhannes Einarsson sér til aðstoðar og kveður svo hafa verið um samið, að hann fengi kr. 5.000.00 meir af tilboðsfjárhæðinni en Jóhannes. Stefnandi kveður þá Jóhannes hafa byrjað að vinna við verkið hinn 16. desember 1958 og hafi þeir unnið við það að staðaldri, en þó hafi þeir hjálpað stefnda við önnur verk, þegar með þurfti, enda hafi þeir verið á föstu kaupi hjá stefnanda, en hafi átt að fá greitt fyrir ákvæðisvinnuna þar fyrir utan. Kveður stefnandi þá Jóhann Valdimarsson

og Gunnar Gestsson, verkstjóra stefnda, hafa ráðið því, hvenær þeir hafi unnið við ákvæðisvinnuverkið og hvenær þeir hafi unnið að öðrum störfum fyrir stefnda. Stefnandi kveður þá Jóhannes ekki hafa unnið lengi við verkið, er í ljós hafi komið, að ekki hafi verið hægt að framkvæma verkið eftir uppdrætti þeim, sem upphaflega hafði verið gerður. Kveður hann síðan ýmis frávik hafa verið gerð frá uppdrættinum, jafnóðum og verkið var unnið. Hann kveður nýjan uppdrátt ekki hafa verið gerðan, heldur hafi verið gerðar vinnuteikningar af hverjum hlut fyrir sig með nauðsynlegum breytingum. Stefnandi kveður breytingar þessar hafa aukið efnisþungann svo, að hann hafi aukizt úr 40.000 lbs. í 68.328 lbs. Stefnandi kveður stefnda hafa fengið uppbót frá Íslenzkum Aðalverktökum, sem numið hafi kr. 49.573.00. Stefnandi kveður sér hafa verið orðið ljóst, áður en verkinu lauk, að efnismagnið yrði langtum meira en áætlað hafði verið. Kveðst hann hafa fært þetta í tal við Einar Eyfells verkfræðing, sem verið hafi eftirlitsmaður við verkið, og sagzt vilja leggja niður vinnu, á meðan athugun færi fram á þessu atriði. Kveður stefnandi Einar hafa talið það óþarft, því að hann mundi fylgjast með þessu, og hafi hann sagzt mundu ábyrgjast réttláta uppbót fyrir hinn aukna efnisþunga. Stefnandi kveður þá Jóhannes hafa lokið verkinu hinn 24. marz 1959. Kveðst hann, nokkru eftir að verkinu lauk, hafa farið á blikksmíðaverkstæði Íslenzkra Aðalverktaka og fengið vottorð um, að efnisþunginn væri 71.664 lbs. Hann kveður þó síðar hafa komið í ljós, að þetta var ekki alveg rétt tala. Þegar að loknu verkinu kveðst stefnandi hafa tilkynnt Gunnari Gestssyni og síðar Jóhanni Valdimarssyni um hið aukna efnismagn og gert kröfu um uppbót á tilboðsfjárhæðina í hlutfalli við aukningu efnismagnsins. Kveðst hann síðan hafa farið fram á, að athugun yrði gerð á þessu atriði og endanlega frá því gengið. Hann kveður þá athugun hafa farið fram hinn 4. ágúst 1959 og hafi auk sín unnið að athugun þessari þeir Einar Eyfells og Gunnar Gestsson. Að lokinni athugun þessari kveður stefnandi í ljós hafa komið, að efnisþunginn hafi aukizt um 28.328 lbs. í stað 31.664, eins og áður hafi verið talið. Stefnandi gerði nú kröfu um uppbót á verklaunin að fjárhæð kr. 35.400.00, eða samtals fyrir verkið í heild kr. 85.400.00. Kveðst stefnandi hafa gert ítrekaðar tilraunir til að fá viðunandi lausn á þessu máli, en án árangurs. Stefnandi kveðst, á meðan á ákvæðisvinnunni stóð, hafa fengið greitt hið fasta vikukaup sitt svo og eftirvinnu og næturvinnu,

sem hann hafi unnið á sama tímabili, að undanskildri fjárhæð, sem nemur mismun á sveinakaupi og meistarakaupi. Ekki kveðst hann hafa getað gert sér grein fyrir því, hvort greiðslur þær, sem hann fékk greiddar, á meðan hann vann að ákvæðisvinnuverkinu, hafi verið greiðslur upp í það verk, þar sem greiðslurnar, sem hann fékk, hafi ekki verið sundurliðaðar, og hafi hann því ekki getað gert sér grein fyrir því, fyrir hvað var greitt hverju sinni. Stefnandi kveðst hafa skilað vinnulistum til stefnda, á meðan hann vann að ákvæðisvinnuverkinu. Ekki kveðst hann geta fullyrt, hvað hann hafi fært á vinnulista þessa, en telur, að þar komi fram öll sú vinna, sem hann hafi unnið.

Vitnið Einar Eyfells verkfræðingur hefur skýrt svo frá, að í samningum Íslenzkra Aðalverktaka og stefnda hafi í upphafi verið gert ráð fyrir 40.000 lbs. efnismagni, en þetta hafi breytzt vegna óumflýjanlegra breytinga í 68.328 lbs. Kveður vitnið stefnda hafa fengið hækkun frá hinu upphaflega samningsverði sem þessu svaraði. Vitnið kveður það rétt, að stefnandi, sem stjórnaði framkvæmd verksins á vinnustað, hafi fært í tal við sig, að breytingar hefðu orðið á efnismagni, og kveðst hafa unnið að útreikningi á efnismagninu af þessu tilefni. Vitnið kveður stefnda hafa verið samningsaðilja Íslenzkra Aðalverktaka um framkvæmd verksins og hafi það því verið Íslenzkum Aðalverktökum óviðkomandi, hvernig stefndi lét framkvæma verkið. Kveðst vitnið því í samtölum sínum við stefnanda aðeins hafa ábyrgzt stefnda hlutfallslega hækkun fyrir verkið.

Jóhann Valdimarsson, hluthafi í hinu stefnda félagi og einn af stjórnarmönnum þess, hefur skýrt svo frá, að stefndi hafi tekið að sér framkvæmdir við blikklögn í flugskýli ameríska flughersins á Keflavíkurflugvelli. Jóhann kveður stefnda hafa gert tilboð í framkvæmd verksins og hafi það verið miðað við ákveðna fjárhæð miðað við hvert enskt pund af efni, sem til verksins fór. Kveðst Jóhann síðan hafa samið við stefnda um það, að hann tæki að sér í ákvæðisvinnu framkvæmdir við verkið. Kveður hann þetta trúlega hafa verið haustið 1958. Jóhann kveður stefnanda hafa verið búinn að leggja blikklögn í kvikmyndahúsið á Keflavíkurflugvelli og hafi hann því verið orðinn kunnugur slíkum lögnum. Þegar svo að því kom, að stefndi var búinn að taka að sér blikklögn í flugskýlið samkvæmt tilboði, hafi komið fram hjá stefnanda, að hann vildi taka verkið að sér. Ekki kveður Jóhann þá hafa rætt um væntanlegt endurgjald fyrir verkið, er hann og stefnandi ræddu um

það í upphafi, en er að því leið, að byrja þurfti á verkinu, kveður hann stefnanda ekki hafa viljað taka það að sér fyrir minna en kr. 50.000.00. Kveðst Jóhann hafa orðið að ganga að því. Ekki kveður Jóhann hafa verið minnzt á efnisþyngd, er til verksins skyldi fara, er þeir ræddust við. Kveður hann í samningnum við stefnanda ekki hafa verið miðað við ákveðna efnisþyngd, heldur fastákveðið verð fyrir framkvæmd verksins, kr. 50.000.00. Jóhann kveður stefnanda hafa fengið greidd vikuleg laun sín upp í ákvæðisvinnuna og er verkinu hafi verið lokið, hafi sézt, hver mismunur hafi verið á greiddu og ákveðnu kaupi samkvæmt samningunum. Jóhann kveður það hafa komið fyrir, að stefnandi hafi unnið að öðrum verkum fyrir stefnda á því tímabili, er hann vann að ákvæðisvinnuverkinu, en það hafi verið greitt sérstaklega og hafi þá þar að lútandi vinnuseðlar verið merktir „tímavinna". Jóhann kveður það ekki rétt, að stefnandi hafi verið á föstu kaupi hjá stefnda og hafi átt að hafa ákvæðisvinnuna þar fyrir utan. Jóhann kveður miðað hafa verið við það í útboði Íslenzkra Aðalverktaka, að efnisþyngd, sem til verksins færi, væri 40.000 ensk pund. Ekki kveðst Jóhann muna eftir því, hvort breytingar hafi verið gerðar á framkvæmd verksins miðað við teikningar. Ekki kveðst Jóhann efast um, að upplýsingar þær, sem fram koma hjá Einari Eyfells um framkvæmd verksins séu réttar.

Gunnar Gestsson, sem var hluthafi í hinu stefna félagi og einn af stjórnarmönnum þess á árinu 1958, hefur skýrt svo frá, að gerður hafi verið samningur milli aðilja máls þessa um það, að stefnandi tæki að sér framkvæmd blikkvinnu við flugskýli á Keflavíkurflugvelli, Air Force Hangar. Kveðst Gunnar hafa staðið að þessum samningi við stefnanda fyrir hönd stefnda ásamt Jóhanni Valdimarssyni. Kveður Gunnar svo hafa verið um samið, að stefnandi tæki að sér framkvæmd verksins fyrir ákveðna fjárhæð. Gunnar kveður Íslenzka Aðalverktaka hafa reiknað út efnisþyngd þá, sem til verksins skyldi fara, áður en verkið hófst, og hafi þá komið í ljós, að útreikningar Bandaríkjamanna þeirra, sem reiknað höfðu þetta í upphafi, hafi verið rangir. Kveður Gunnar sig minna, að hin útreiknaða efnisþyngd hafi hér um bil tvöfaldazt. Gunnar kveður það raunverulega hafa verið sama verkið, sem aðiljar hafi samið um, að stefnandi tæki að sér fyrir kr. 50.000.00, og verk það, sem stefnandi hafi áður verið búinn að bjóða í kr. 25.000.00—30.000.00. Kveður Gunnar þarna hafa verið um sömu verk að ræða samkvæmt teikningu, en munurinn

hafi aðeins legið í því, að efnisþunginn hafi verið vitlaust reiknaður í upphafi. Gunnar kveður það kunna að vera, að í samningunum við stefnanda hafi verið rætt um efnisþunga þann, sem fara skyldi til verksins, en hann kveður efnisþungann ekki hafa verið grundvöll endurgjalds þess, sem stefnandi hafi átt að fá fyrir framkvæmd verksins. Gunnar kveður teikningu og verklýsingu hafa legið fyrir, þegar samið var um framkvæmd verksins. Kveðst Gunnar telja víst, að han hafi kynnt stefnanda verklýsingu fyrir umrætt verk, áður en það hófst og á meðan á því stóð. Gunnar kveðst hafa fylgzt með framkvæmd verksins og kveður fljótlega hafa komið í ljós, að óframkvæmanlegt hafi verið að vinna verkið að öllu leyti, eins og gert hafi verið ráð fyrir á teikningum. Er þetta kom í ljós, kveður hann teikningum hafa verið breytt og hafi verkið svo verið unnið áfram eftir hinum nýju teikningum. Gunnar kveður sér kunnugt um það, að breyting hafi orðið á efnisþunga, sem til verksins fór, vegna lengingar á stokkum. Kveðst hann að verkinu loknu hafa farið yfir hinar breyttu teikningar ásamt Einari Eyfells og kveðst hafa séð, að verkið hafi verið endanlega unnið samkvæmt þeim. Hins vegar kveðst hann ekki hafa unnið að útreikningi á efnisþunganum. Gunnar kveður stefnda hafa fengið uppbót hjá Íslenzkum Aðalverktökum vegna hins aukna efnismagns, sem til verksins fór, en ekki kveðst hann nú muna, hversu hárri fjárhæð sú uppbót nam.

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að stefnandi hafi verið fastur starfsmaður stefnda og hafi hann átt rétt á föstum vikulegum launum sem meistari í iðngrein sinni. Auk þess hafi hann svo átt að fá greitt fyrir ákvæðisvinnu þá, sem hann tók að sér við flugskýlið (Air Force Hanger), kr. 50.000.00 miðað við efnisþyngd 40.000 lbs., eða kr. 1.25 fyrir hvert enskt pund. Vegna breytinga þeirra, sem á verkinu urðu, og aukins efnisþunga, sem til verksins fór, eigi stefnandi rétt á hlutfallslegri hækkun verklauna fyrir ákvæðisvinnuna samkvæmt reglum um rangar og brestandi forsendur. Er því haldið fram, að þessi hlutfallslega hækkun nemi kr. 35.400.00 og nemi því heildarendurgjald fyrir ákvæðisvinnuna kr. 85.400.00. Frá þessari fjárhæð hefur svo verið dregin greiðsla sú, sem stefndi greiddi inn á nafn stefnanda í Landsbanka Íslands hinn 16. júlí 1960, kr. 10.146.71.

Kröfur stefnda eru byggðar á því, að stefnanda og samstarfsmanni hans, Jóhannesi Einarssyni, hafi þegar verið greitt allt það, sem þeim hafi borið fyrir umrædda ákvæðisvinnu. Er því

haldið fram, að stefnandi hafi tekið að sér umrædda ákvæðisvinnu fyrir ákveðið verð, kr. 45.000.00, auk kr. 5.000.00 aukagreiðslu til hans sjálfs fyrir að standa fyrir verkinu. Stefnandi og samstarfsmaður hans, Jóhannes Einarsson, hafi svo, meðan á framkvæmdum stóð, skilað vinnulistum yfir þá vinnu og aðra, sem þeir inntu af hendi fyrir stefnda, og hafi þeir fengið vikulega greidd vinnulaun sín samkvæmt því. Er ákvæðisvinnu lauk, hafi þeir svo átt að fá greiddan mismun verklaunanna fyrir ákvæðisvinnuna, kr. 50.000.00, og þeirra fjárhæða, sem þeir samanlagt höfðu fengið greiddar vikulega, meðan á verkinu stóð, fyrir þá vinnu, sem þeir höfðu innt af hendi við það. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að er ákvæðisvinnunni lauk, hafi stefnandi verið búinn að fá greitt upp í verklaun sín við það kr. 17.945.71, en Jóhannes Einarsson kr. 17.085.53 samkvæmt vikulegum vinnulistum. Hafi stefnandi því átt eftir að fá greitt fyrir verkið kr. 5.146.71 auk þeirra kr. 5.000.00, sem hann hafði átt að fá fyrir að standa fyrir verkinu, eða samtals kr. 10.146.71. Þessa fjárhæð hafi stefndi lagt á nafn stefnanda í Landsbanka Íslands hinn 14. júlí 1960, enda hafi stefnandi neitað að taka við lokagreiðslunni, er hún var boðin fram hinn 30. júlí 1959. Þá er því og haldið fram, að Jóhannes Einarsson hafi, er verkinu lauk, verið búinn að fá greitt fyrir vinnu sína við það kr. 17.085.53 og hafi hann þá átt eftir að fá greitt fyrir þá vinnu kr. 4.822.22, en sú fjárhæð hafi verið greidd Jóhannesi hinn 15. ágúst 1959 sem fullnaðargreiðsla til hans og hafi hann kvittað fyrir athugasemdalaust. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að stefnandi og samstarfsmaður hans, Jóhannes Einarsson, hafi fengið greitt það, sem þeim hafi borið fyrir verkið. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að efnisþungi, sem til verksins skyldi fara, hafi aldrei komið til tals við samningsgerð aðiljanna og hafi því efnisþungi ekki verið forsenda fyrir ákvörðun endurgjalds fyrir verkið. Er því haldið fram í þessu sambandi, að aukning efnisþungans hafi stafað af ónákvæmni í áætlunargerð. Er því og haldið fram, að eigi sé óhjákvæmilegt, að aukning efnisþungans hafi haft í för með sér aukna vinnu.

Samkvæmt því, sem fram er komið um samning aðiljanna um verk það, sem stefnandi tók að sér að framkvæma í ákvæðisvinnu, þá þykir verða að skýra það þannig, að stefndi skyldi greiða ákveðna fjárhæð fyrir framkvæmd verksins, kr. 50.000.00, en stefnandi og Jóhannes Einarsson skyldu vikulega fá greidd laun samkvæmt vinnulistum, sem þeir skiluðu yfir vinnu sína

við verkið svo og önnur störf utan þess, sem þeir framkvæmdu á sama tímabili. Að lokinni framkvæmd verksins fengi síðan stefnandi það, sem á vantaði, að það, sem greitt hafði verið fyrir verkið samkvæmt vinnulistum, næði samningsfjárhæðinni, kr. 50.000.00.

Það er þó ágreiningslaust, að af fjárhæð þessari hafi stefnandi átt að fá sérstaklega kr. 5.000.00 fyrir að standa fyrir framkvæmd verksins. Þykir stefnandi ekki hafa fært nægileg rök að því, að hann hafi auk vikulegra greiðslna samkvæmt vinnulistum fyrir ákvæðisvinnuna átt að fá ákvæðisvinnulaunin óskert, þótt hann væri fastur starfsmaður stefnda. Það verður að telja, að það hafi verið forsenda fyrir launum fyrir ákvæðisvinnuna, sem samið var um, kr. 50.000.00, að ekki yrði veruleg breyting á framkvæmd verksins frá því, sem gert var ráð fyrir, að aðiljarnir sömdu. Af skýrslu stefnanda, sem studd er framburði Einars Eyfells, og með hliðsjón af framburði Gunnars Gestssonar þá verður að telja fram komið, að orðið hafi verulegar breytingar á framkvæmd verksins, eftir að aðiljarnir sömdu um framkvæmd þess. Verður að telja, að breytingar þessar hafi verið svo verulegar, að brostnar hafi verið forsendur fyrir verklaunum þeim, sem aðiljarnir höfðu samið um, kr. 50.000.00, og eigi stefnandi rétt á að krefja stefnda um hækkun verklaunanna. Samkvæmt því, sem fram er komið, verður að miða við það, að efnismagn það, sem gert hafi verið ráð fyrir, að færi til verksins, næmi 40.000 lbs., en efnismagn það, sem endanlega fór til verksins, 68.328 lbs. Þykir þessi hlutfallslega hækkun réttilega reiknuð í kröfugerð stefnanda kr. 35.400.00 og heildarverklaunin kr. 85.400.00.

Í málinu hefur verið lagt fram allmikið af vinnulistum stefnanda og Jóhannesar Einarssonar fyrir tímabil það, sem ákvæðisvinnan var framkvæmd á, og einnig hefur verið lagt fram nokkuð af launamiðum fyrir sama tímabil. Ekki þykja gögn þessi svo samfelld, að rétt þyki að byggja á þeim. Hefur og komið fram af hálfu stefnanda, að ekki liggi fyrir allir vinnulistar og launamiðar fyrir greint tímabil. Hins vegar hefur verið lagt fram uppgjör, sem stefndi hafði sent stefnanda. Kemur þar fram sundurliðun á vinnustundafjölda þeirra stefnanda og Jóhannesar Einarssonar, sem til ákvæðisvinnunnar fóru, og tilgreindar þær fjárhæðir, sem stefndi telur, að þeir hafi fengið greiddar vikulega upp í verklaunin, stefnandi kr. 17.945.54 og Jóhannes Einarsson kr. 17.085.22. Kemur fram á uppgjöri þessu, að stefnandi hafi þá átt eftir að fá greiddar kr. 10.146.71 og Jóhannes Einarsson

kr. 4.822.22. Er í uppgjöri þessu við það miðað, að verklaunin fyrir ákvæðisvinnuna hafi numið kr. 50.000.00. Þykir verða að leggja uppgjör þetta til grundvallar við úrlausn málsins, enda hefur eigi verið mótmælt sérstaklega vinnustundafjölda þeim, sem þar er talið, að farið hafi til verksins. Eins og áður segir, átti stefnandi eftir að fá greiddar kr. 10.146.71 af hluta sínum af verklaununum fyrir ákvæðisvinnuna samkvæmt uppgjöri þessu, en Jóhannes Einarsson kr. 4.822.22. Stefndi greiddi Jóhannesi fjárhæð þessa gegn kvittun hans hinn 13. júlí 1959, en fjárhæð stefnanda lagði stefndi sem geymslufé á nafn stefnanda á reikning í Landsbanka Íslands hinn 14. júlí 1960, og var það tilkynnt stefnanda samdægurs með bréfi. Hinn 10. september 1959 hafði lögmaður stefnanda ritað stefnda kröfubréf til heimtu á kr. 44.503.84. Í þessu sambandi er því haldið fram, að stefnanda hafi verið boðin greiðsla á framangreindum eftirstöðvum, kr. 10.146.71, hinn 30. júlí 1959, en stefnandi hafi synjað viðtöku fjárins. Einnig er því haldið fram, að fyrirvaralaus kvittun Jóhannesar Einarssonar fyrir fé því, sem hann veitti viðtöku, leiði til þess, að ekki sé frekari grundvöllur fyrir frekari kröfum vegna ákvæðisvinnu Jóhannesar. Stefndi samdi við stefnanda um framkvæmd ákvæðisvinnunnar, en hann fékk síðan Jóhannes Einarsson til að vinna verkið með sér. Þykja greiðslur þær, sem Jóhannes tók við og kvittun sú, sem hann gaf fyrir síðustu greiðslunni, því ekki firra stefnanda rétti til að hafa uppi frekari kröfur á hendur stefnda í máli þessu. Jóhannes Einarsson hefur og framselt stefnanda þær kröfur, sem hann kann að hafa átt á hendur stefnda af þessum sökum. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, hafa stefnandi og Jóhannes Einarsson fengið greiddar samtals kr. 50.000.00 fyrir ákvæðisvinnuna. Stendur þá eftir hækkun sú, sem stefnandi á rétt á vegna breytinga þeirra, sem á verkinu urðu, kr. 35.400.00, eins og áður er rakið. Verður stefndi dæmdur til að greiða þá fjárhæð ásamt vöxtum frá 24. marz 1959. Stefnandi hefur og krafizt vaxta af fjárhæð þeirri, sem stefndi lagði á nafn hans í Landsbanka Íslands, kr. 10.146.71. Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði einnig vexti af þeirri fjárhæð frá 24. marz 1959, enda er eigi í ljós leitt, að fjárhæð þessi hafi verið boðin fram á fullnægjandi hátt. Er og á það að líta, að stefndi gat þá þegar komið fjárhæðinni í löggeymslu í Landsbanka Íslands.

Niðurstaða málsins verður því, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 35.400.00 með 6% ársvöxtum af kr.

45.546.71 frá 24. marz 1959 til 22. febrúar 1960, með 9% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 14. júlí 1960, af kr. 35.400.00 frá þeim degi til 29. desember 1960, með 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965, með 6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 11.000.00 í málskostnað. Er þá tekið tillit til greiðslu þeirrar, sem greidd var, eftir að innheimtutilraunir hófust.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Pétri Pálssyni verkfræðingi og Sveini A. Sæmundssyni blikksmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Hitavirkjun h/f, greiði stefnanda, Sigurjóni Guðmundssyni, kr. 35.400.00 með 6% ársvöxtum af kr. 45.546.71 frá 24. marz 1959 til 22. febrúar 1960, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júlí 1960, af kr. 35.400.00 frá þeim degi til 29. desember 1960, með 7% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1965, með 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 11.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. marz 1969.

Nr. 170/1968. **Sigurður Baldursson f. h. Hermanns Haraldssonar** (Sigurður Baldursson hrl.)
gegn
Sigtryggi Eyþórssyni og Þóreyju Eyþórsdóttur (Páll S. Pálsson hrl.)
og Friðjóni Skarphéðinssyni, yfirborgarfógeta í Reykjavík, til réttargæzlu.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík í bréfi 26. apríl 1967 tók Kristján Kristjánsson yfirborgarfógeti hinn

9. ágúst 1967 í uppboðsdómi Reykjavíkur fyrir að selja á nauðungaruppboði íbúð áfrýjanda í húsinu nr. 4 við Hátún í Reykjavík til lúkningar opinberum gjöldum ásamt dráttarvöxtum og kostnaði, samtals að fjárhæð kr. 19.366.00. Hinn 31. ágúst 1967 voru boð gerð í eignina, og hinn 21. nóvember 1967 gaf uppboðshaldari út uppboðsafsal fyrir eigninni til handa stefndu. Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 24. september 1968 og gjafsóknarleyfi 2. október 1968, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. október 1968 og gert þær dómkröfur, að uppboðsgerðin ásamt uppboðsafsali verði úr gildi felld og að stefndu og réttargæzlustefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, og svo málssóknarlaun skipaðs talsmanns hans.

Stefndu krefjast staðfestingar hinna áfrýjuðu dómsathafna og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962, er áfrýjunarfrestur uppboðsgerðar 4 vikur frá lokum gerðar, en dómsmálaráðherra má þó leyfa áfrýjun næstu 3 mánuði frá sama tíma, ef sérstaklega stendur á. Áfrýjunarfrestur var því liðinn, er áfrýjunarstefna var út gefin, og lagaheimild brast til útgáfu áfrýjunarleyfis, þegar það var veitt. Verður málinu af þessum sökum vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00. Málssóknarlaun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Sigurður Baldursson f. h. Hermanns Haraldssonar, greiði stefndu, Sigtryggi Eyþórssyni og Þóreyju Eyþórsdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Málssóknarlaun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti,

Sigurðar Baldurssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Uppboðsgerð uppboðsdóms Reykjavíkur 31. ágúst 1967.

Ár 1967, fimmtudaginn 31. ágúst, var uppboðsréttur Reykjavíkur settur í Hátúni 4 og haldinn af yfirborgarfógeta, Kristjáni Kristjánssyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Að halda áfram nauðungaruppboði á hluta í Hátúni 4, eigandi Hermann Haraldsson.

Nauðungaruppboð á eign þessari var auglýst í 40., 41. og 43. tölublaði Lögbirtingablaðsins, síðan einu sinni í Morgunblaðinu og síðan í öllum dagblöðum borgarinnar.

Í réttinum eru mættir Kristinn Kristjánsson fyrir Gjaldheimtuna í Reykjavík, fyrir húsfélagið Hátún 4 er mættur Sigurður Baldursson hæstaréttarlögmaður.

Eigandi eignarinnar er sjálfur mættur.

Lesnir uppboðsskilmálar.

Þessi boð komu í eignina:

Kr. 30.000.00 Kr. Kristjánsson fyrir Gjaldheimtuna í Rvík.
— 50.000.00 Gísli Stefánsson.
— 60.000.00 Eyþór Bæringsson f. h. barna sinna.
— 70.000.00 Gísli Stefánsson.
— 80.000.00 Eyþór Bæringsson f. h. barna sinna.
— 95.000.00 Gísli Stefánsson.
— 110.000.00 Hermann Haraldsson.
— 120.000.00 Gísli Stefánsson.
— 130.000.00 Eyþór Bæringsson f. h. barna sinna.
— 145.000.00 Gísli Stefánsson.
— 155.000.00 Hermann Haraldsson.
— 175.000.00 Eyþór Bæringsson f. h. barna sinna.
— 195.000.00 Gísli Stefánsson.
— 205.000.00 Hermann Haraldsson.
— 210.000.00 Eyþór Bæringsson f. h. barna sinna, Sigtryggs og Þóreyjar.
— 215.000.00 Hermann Haraldsson.

Fleiri boð komu ekki í eignina.

Uppboðshaldari tók sér 14 daga frest til að taka ákvarðanir um boðin.

Uppboðshaldari tilkynnti, að Hermanni bæri að mæta á skrifstofu borgarfógeta þann 8. n. m. kl. 1100 f. h. og gera upp.

Uppboðsafsal uppboðsdóms Reykjavíkur 21. nóvember 1967.

Ár 1967, þriðjudaginn 21. nóvember, var uppboðsréttur Reykjavíkur settur í Austurstræti 17 og haldinn af setuuppboðshaldara, Kristjáni Kristjánssyni, samkvæmt sérstöku umboði ...

Fyrir var tekið: Að gefa út uppboðsafsal til Sigtryggs Eyþórssonar og Þóreyjar Eyþórsdóttur fyrir hluta í Hátúni 4, áður þinglesinni eign Hermanns Haraldssonar.

Nauðungaruppboð á eign þessari fór fram dagana 23. og 31. ágúst 1967. Hæstbjóðandi í eignina var þáverandi eigandi Hermann Haraldsson, næstbjóðandi í eignina var Eyþór Magnús Bæringsson f. h. barna sinna, Sigtryggs og Þóreyjar, og var hans boð, kr. 210.000.00, tekið gilt með bókun 21. september 1967, þar sem Hermann Haraldsson hafði ekki gert skil á uppboðsverðinu.

Í réttinum er mættur Eyþór M. Bæringsson vegna barna sinna, Sigtryggs og Þóreyjar, og óskar þess að fá uppboðsafsal fyrir eigninni.

Eftir að mættur hafði greitt allan kostnað uppboðsins og uppboðsverðið að fullu, lýsti uppboðshaldari því yfir, að hann afsalaði börnum hans, Sigtryggi Eyþórssyni, Vesturgötu 53 C, og Þóreyju Eyþórsdóttur, s. st., hluta í húseigninni nr. 4 við Hátún hér í borg með sama rétti og fyrri eigandi átti eignina.

Miðvikudaginn 12. marz 1969.

Nr. 183/1967. **Y** (Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
X (Rannveig Þorsteinsdóttir hrl.)
og Z (Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Barnsfaðernismál. Synjunareiður.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 16. nóvember 1967. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda X, en til vara, að honum verði

dæmdur synjunareiður í málinu. Þá krefst hann málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi X krefst þess aðallega, að áfrýjandi verði dæmdur faðir sveinbarns þess, er hún ól hinn 4. febrúar 1959, og að honum verði dæmt að greiða meðlag með drengnum frá fæðingu hans til fullnaðs 16 ára aldurs hans svo og fæðingarstyrk og tryggingariðgjald hennar árið 1959, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Til vara krefst hún þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Þá krefst hún málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi Z krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur, að því er hann varðar, og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Eins og í héraðsdómi greinir, reyndist við blóðrannsókn loku skotið fyrir faðerni stefnda Z að barni stefnda X, er í máli þessu greinir. Ber því þegar af þeirri ástæðu að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um sýknu stefnda Z af faðerni barnsins. Einnig ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar af aðild stefnda Z í máli þessu, enda hefur málinu ekki verið áfrýjað að þessu leyti. Þá ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda Z málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

II.

Stefndi X lýsti í fyrstu á bæjarþingi Reykjavíkur 27. maí 1959 stefnda Z föður að greindu sveinbarni sínu og staðhæfði, að hún hefði ekki haft samfarir við nokkurn annan mann en hann á mögulegum getnaðartíma barnsins og raunar ekki heldur á því tveggja til þriggja ára tímabili, er kunningsskapur þeirra, hennar og stefnda Z, entist. Neitaði hún því og þá að hafa nokkurn tíma haft samfarir við áfrýjanda.

Er henni var kunngert á bæjarþingi Reykjavíkur 28. júlí 1959, að samkvæmt blóðrannsókn gæti stefndi Z eigi verið faðir barnsins, felldi hún málið gegn honum niður. Gerir hún svo engan reka að höfðun máls til viðurkenningar á

faðerni barnsins fyrr en með bréfi, dags. 28. janúar 1965, til bæjarfógetans í Hafnarfirði, og með bréfi, dags. 6. júlí 1965, sækir hún til dómsmálaráðuneytisins um leyfi til að höfða barnsfaðernismál á hendur áfrýjanda, en leyfi þetta var henni veitt samkvæmt 6. mgr. 211. gr. laga nr. 85/1936 hinn 8. s. m., og hinn 12. júlí 1967 var henni veitt heimild til að stefna stefnda Z inn í málið.

Á bæjarþingi Hafnarfjarðar 17. september 1965 lýsir hún svo áfrýjanda föður barnsins og skýrir frá því, að hún hafi í eitt skipti, sunnudaginn 25. maí 1958, haft samfarir við áfrýjanda í herbergi hans við Ránargötu hér í borg, eftir að þau höfðu farið saman til Keflavíkur, eins og nánar er rakið í héraðsdómi. Áfrýjandi hefur aftur á móti eindregið neitað því að hafa nokkurn tíma haft samfarir við stefnda X, enda hafi þau aldrei þekkzt náið. Hann kveðst ráma í að hafa farið með stefnda X til Keflavíkur, en segir för þessa að öðru leyti sér úr minni liðna. Þá hefur vitnið D ekki getað borið frekar um samskipti þeirra stefnda X og áfrýjanda, eftir að þau komu úr Keflavíkurförinni, en að hún hafi komið inn í herbergi áfrýjanda, svo sem nánar í hinum áfrýjaða dómi greinir.

Þar sem áfrýjandi hefur eindregið neitað því að hafa nokkurn tíma haft samfarir við stefnda X og þegar það að öðru leyti er virt, sem að framan er rakið, þykir rétt að láta úrslit máls þessa velta á synjunareiði áfrýjanda, þannig að eiðstafurinn taki til þess, að áfrýjandi hafi ekki haft samfarir við hana á mögulegum getnaðartíma barnsins, þ. e. á tímabilinu 10. apríl til 10. júní 1958.

Samkvæmt framangreindu verða málsúrslit þau, að synji áfrýjandi þess með eiði sínum á löglegu varnarþingi innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við stefnda X á tímabilinu 10. apríl til 10. júní 1958, skal hann vera sýkn af kröfum stefnda X, og fellur þá málskostnaður niður bæði í héraði og hér fyrir dómi, en málssóknarlaun skipaðs talsmanns hennar í héraði, Rannveigar Þorsteinsdóttur hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Fallist áfrýjandi á eiðnum, skal hann talinn faðir sveinbarns þess, er stefndi X ól hinn 4. febrúar 1959, enda greiði hann þá eftir yfirvaldsúrskurði meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, en af hálfu áfrýjanda hefur fyrningarreglum laga um meðlög eigi verið hreyft. Þá greiði áfrýjandi og eftir yfirvaldsúrskurði stefnda X fæðingarstyrk, barnsfararkostnað, og almennt tryggingariðgjald fyrir árið 1959. Dæma ber áfrýjanda í þessu tilviki, ef hann fellst á eiðnum, til að greiða stefnda X málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 18.000.00, þar með talin málssóknarlaun talsmanns hennar í héraði, Rannveigar Þorsteinsdóttur hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sýknu stefnda Z af faðerni sveinbarns stefnda X, fædds 4. febrúar 1959, og um greiðslu málskostnaðar í þeim þætti málsins eiga að vera óröskuð.

Áfrýjandi, Y, greiði stefnda Z málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Ef áfrýjandi synjar þess með eiði sínum á löglegu varnarþingi innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við stefnda X á tímabilinu 10. apríl til 10. júní 1958, skal hann vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu, og fellur þá málskostnaður niður bæði í héraði og hér fyrir dómi, en málssóknarlaun skipaðs talsmanns hennar í héraði, Rannveigar Þorsteinsdóttur hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Fallist áfrýjandi á eiðnum, skal hann talinn faðir sveinbarns þess, er stefndi X ól hinn 4. febrúar 1959, enda greiði hann þá meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk, barnsfararkostnað, og almennt tryggingariðgjald fyrir árið 1959,

allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði, og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 18.000.00, þar með talin málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnda X í héraði, Rannveigar Þorsteinsdóttur hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 17. ágúst 1967.

Ár 1967, fimmtudaginn 17. ágúst, var á bæjarþingi Hafnarfjarðar, sem háð var á skrifstofu embættisins í Hafnarfirði af Einari Ingimundarsyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 1/1967: X gegn Y og Z, sem tekið var til dóms þann 14. s. m.

Mál þetta hefur sóknaraðili, X, skrifstofustúlka, ..., Reykjavík, fædd ..., höfðað gegn þeim Z bifreiðarstjóra, ..., Reykjavík, fæddum ..., og Y kennara, ..., Hafnarfirði, fæddum ..., og gert þær kröfur, að annar hvor þeirra verði dæmdur faðir að óskilgetnum syni hennar, sem fæddur er 4. febrúar 1959 og enn mun ekki hafa verið skírður, en er kallaður B, og að því búnu verði sá, sem dæmdur verður faðir barnsins, skyldaður til að greiða meðlag með því, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald fyrir árið 1959 lögum samkvæmt. Hann verði og dæmdur til greiðslu alls málskostnaðar samkvæmt mati dómsins. Til vara krefst sóknaraðili fyllingareiðs.

Varnaraðiljar mótmæla hvor um sig kröfum sóknaraðilja og krefjast sýknu af þeim. Þá krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Atvik máls þessa eru þau sem nú verður rakið:

I.

Þann 27. maí 1959 mætti sóknaraðili fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og kvaðst vilja höfða barnsfaðernismál gegn varnaraðilja Z og gerði þá þær kröfur á hendur honum, sem áður er lýst. Kvaðst sóknaraðili hafa þekkt varnaraðilja Z í 2—3 ár áður og oft á því tímabili haft við hann samfarir. Síðustu samfarir þeirra segir hún hafa átt sér stað aðfaranótt 11. maí 1958. Þá um kvöldið hefðu þau bæði verið á dansleik í Sjálfstæðishúsinu í Reykjavík og hafi sóknaraðili farið heim til varnaraðilja Z að honum lokn-

um. Hafi þau þá engar varúðarráðstafanir gert til að hindra getnað. Sóknaraðili kvaðst hafa haft á klæðum í apríllok 1958 og ekki síðan fyrr en eftir barnsburðinn. Fullyrti hún í þessu réttarhaldi, að getnaður hefði átt sér stað við áðurnefndar samfarir. Þá lýsti hún yfir því í framburði sínum fyrir bæjarþingi Reykjavíkur þann 27. maí 1959, að hún hefði ekki verið með neinum öðrum karlmanni en varnaraðilja Z á hugsanlegum getnaðartíma barnsins og raunar ekki meðan samband hennar og hans stóð.

Þegar sóknaraðili var orðin viss um, að hún væri barnshafandi, sagði hún varnaraðilja Z frá því, en hann neitaði því þegar, að hann væri faðirinn. Hafi hann raunar viðurkennt, að hann hefði lagzt með sóknaraðilja aðfaranótt 11. maí 1958, en hann hafi borið fyrir sig, að sóknaraðili hefði haft samfarir við annan karlmann á getnaðartíma barnsins.

Tilnefndi hann í því sambandi varnaraðilja Y, sem þau sóknaraðili og varnaraðili þekktu bæði. Hélt sóknaraðili því fram í þessu þinghaldi, að hún hefði hvorki fyrr né síðar haft samfarir við þann mann (þ. e. varnaraðilja Y).

Varnaraðili Z kannaðist í áframhaldi af framangreindum framburði sóknaraðilja við, að hann hefði þekkt sóknaraðilja um alllangt skeið og haft nokkrum sinnum samfarir við hana, síðast aðfaranótt 11. maí 1958. Taldi hann þó útilokað, að sóknaraðili hefði orðið þunguð af hans völdum í það skipti, því að hvort tveggja hefði verið, að hann hefði notað getnaðarverjur og auk þess hefðu samfarirnar ekki verið fullkomnar. Sagði hann hafa verið alllangt liðið frá næstu samförum þeirra á undan þeim, sem hér um ræðir, ef til vill í janúar 1958, en síðan alls ekki fyrr en áðurnefndan 11. maí.

Varnaraðili Z kveðst ekki vita með neinni vissu um það, hvort sóknaraðili hafi verið með öðrum karlmönnum á huganlegum getnaðartíma barnsins. Kveðst hann hafa slegið þessu fram í viðtali við sóknaraðilja, þar eð honum hafi verið kunnugt um, að sóknaraðili og varnaraðili Y hafi oft verið saman úti á opinberum skemmtistöðum á þeim tíma, sem hér skiptir máli, og hafi sóknaraðili farið heim með honum (varnaraðilja Y) í „partý“ á eftir. Þetta kveðst varnaraðili Z hafa frétt hjá sameiginlegum kunningja, A, ... í Reykjavík, svo og það, að sóknaraðili hafi verið heima hjá varnaraðilja Y (sem bjó á Ránargötu í Reykjavík) um helgina, áður en þunginn kom undir hjá sóknaraðilja, sem varnaraðilja Z var fyrst í stað eignaður.

Blóðflokkarannsókn fór fram á málsaðiljunum X og Z og barninu, en sú rannsókn útilokaði varnaraðilja Z sem hugsanlegan föður barnsins. Varð niðurstaða rannsóknarinnar annars þessi:

	Aðalfl.	Undirfl.	C	D	E	c
X	A_1	M	+	+	—	—
Óskírt sveinbarn, fætt 4/2 1959	O	MN	+	+	+	+
Z	O	MN	+	+	—	+

Ítrekuð blóðflokkarannsókn leiddi til sömu niðurstöðu.

Er sóknaraðilja hafði verið kunngerð þessi niðurstaða, lýsti hún yfir því, að hún óskaði ekki eftir, að dómur yrði látinn ganga í máli því, sem hún hafði áður óskað eftir, að höfðað yrði gegn varnaraðilja Z.

Við lok rannsóknar máls þessa breytti hún þó eftir ábendingu dómarans þeirri afstöðu sinni og ítrekaði fyrri ósk sína um málshöfðun gegn varnaraðilja Z ásamt varnaraðilja Y.

II.

Með bréfi, dags. 8. júlí 1965, var sóknaraðilja veitt heimild til þess af dómsmálaráðuneytinu að höfða barnsfaðernismál gegn varnaraðilja Y, þótt liðinn væri þá lögákveðinn frestur til höfðunar barnsfaðernismáls. Kom sóknaraðili fyrir bæjarþing Hafnarfjarðar 17. september s. á. og skýrði þá frá samskiptum sínum við varnaraðilja Y á þessa leið, sbr. einnig bréf sóknaraðilja til bæjarfógetans í Hafnarfirði, dags. 28. janúar 1965:

Hún segir þau varnaraðilja Y hafa kynnzt á samkomum í Reykjavík á árunum 1956—1958. Ekki hafi þó kunningsskapur þeirra orðið náinn, en þau hafi á þessu tímabili m. a. farið saman á skemmtanir með fleira fólki.

Þann 21. maí 1958 segir sóknaraðili gifta vinkonu sína í Keflavík hafa alið barn, og sunnudaginn næsta á eftir, sem muni hafa verið hvítasunnudagur 25. maí, bað sóknaraðili varnaraðilja Y, sem þá átti bifreið, um að aka sér til Keflavíkur til að heimsækja konuna á sængina. Hafi varnaraðili Y orðið við þessari beiðni og ekið sóknaraðilja til Keflavíkur, en með í þá för hafi slegizt kunningi varnaraðilja Y, D að nafni. Þegar heimsókninni til sængurkonunnar var lokið, hafi verið ekið á flugvallargistihúsið, en þar hafi verið að störfum kunningi þeirra varnaraðilja Y og D, E að nafni. Hjá manni þessum dvöldu þau öll 3 um stund. Veitti hann þeim sóknaraðilja og varnaraðilja Y áfengi að sögn sóknaraðilja

og gaf þeim að skilnaði áfengi í nestið. Hafi síðan verið ekið til Reykjavíkur og hafi þau sóknaraðili og varnaraðili Y neytt nestisins á leiðinni.

Á þessum tíma hafði varnaraðili Y herbergi á leigu við Ránargötu í Reykjavík. Hafi verið haldið þangað við komuna til Reykjavíkur og hafi þau sóknaraðili og varnaraðili Y farið þangað inn, en D áðurnefndur hafi farið á brott í því skyni að sækja vinkonu sína, því að ætlunin hafi verið að halda þegar höfnum gleðskap áfram.

Þegar hér var komið, kveðst sóknaraðili hafa verið orðin talsvert ölvuð, og segir hún varnaraðilja Y hafa verið það einnig. Meðan þau, margnefndir málsaðiljar, biðu þarna eftir D, segir sóknaraðili þau hafa haft samfarir á legubekk í herbergi varnaraðilja Y. Kveðst hún vera þess fullviss, að um fullkomnar samfarir hafi verið að ræða og hafi engar getnaðarverjur verið notaðar né viðhafðar neinar varúðarráðstafanir við samfarirnar. Ekki segir sóknaraðili þau varnaraðilja Y hafa haft samfarir nema í þetta eina skipti, hvorki fyrr né síðar.

Er áðurnefndur D kom aftur á fund þeirra málsaðilja, kveðst sóknaraðili hafa viljað fara heim til sín, og fékk hún fyrrnefndan D til að aka sér þangað. Svo sem áður hefur verið lýst, kveðst sóknaraðili síðast hafa haft samfarir við varnaraðilja Z aðfaranótt 11. maí 1958, eða nokkru áður en samfarir þeirra varnaraðilja Y áttu sér stað. Þegar sóknaraðili varð þess vör, að hún var með barni, kveðst hún hafa talið víst, að varnaraðili Z væri faðir barnsins og hafi hún ekki af þeim sökum viljað bendla varnaraðilja Y við málið.

Heldur hún því og fram, að á meðan á rekstri barnsfaðernismálsins gegn varnaraðilja Z stóð, hafi varnaraðili Y óskað eftir því við hana, að hún nefndi hann ekki í því sambandi.

Þessu atriði hefur varnaraðili Y mótmælt sem röngu svo og mörgu fleiru í framburði sóknaraðilja, svo sem síðar verður vikið að.

Eftir að varnaraðili Y blandaðist inn í mál þetta, hefur sóknaraðili haldið fast við þann framburð sinn, að hún hafi ekki haft samfarir við aðra karlmenn á getnaðartíma barnsins en þá varnaraðilja Z og Y.

Hún segir sér hafa fallizt hendur, er varnaraðili Z útilokaðist frá því að geta verið faðir barnsins, og hafi hún af þeim sökum ekki gert reka að því að afla faðernisviðurkenningar frá varnaraðilja Y fyrr en um vorið 1965. Hún segir drenginn, sem nefndur

er B, vera mjög líkan varnaraðilja Y, dökkhærðan með brún augu.

Vegna þessa álits sóknaraðilja og af fleiri ástæðum voru að tilhlutan dómarans teknar ljósmyndir af drengnum B og varnaraðilja Y, meðan á rannsókn máls þessa stóð. Virðist af myndum þessum og samanburði á þeim vera nokkur svipur með drengnum og varnaraðilja Y, þótt ljóst sé, að ekki verði niðurstaða máls þessa byggð á því atriði sérstaklega.

Varnaraðili Y hefur við rannsókn máls þessa tekið fram, að að vísu þekki hann sóknaraðilja og hafi hann verið búinn að þekkja hana nokkur ár fyrir árið 1958. Hins vegar segir hann þau aldrei hafa þekkzt náið og hafi aldrei verið neitt ástarsamband milli þeirra.

Segir hann sig ráma í, að þau sóknaraðili og D, sem áður er nefndur, og hann sjálfur hafi eitt sinn farið til Keflavíkur saman, en öll nánari atvik í þeirri ferð séu horfin sér úr minni. Hafi hann átt bifreið um þær mundir og þá haft herbergi á leigu í húsinu nr. ... við Ránargötu í Reykjavík. Varnaraðili Y kveðst þekkja E, sem áður starfaði á hótelinu á Keflavíkurflugvelli, en kveðst ekki muna, hvort þau sóknaraðili og hann komu til E í umræddri ferð, né heldur naumast, hvort áfengi hafi verið haft um hönd í ferðalaginu, en kveðst þó geta fullyrt, að ekki hafi verið svo mikil brögð að áfengisneyzlu, að ekki muni hann greinilega, hvað gerðist í ferðinni og eftir að henni lauk. Ekki kveðst varnaraðili Y heldur muna, hvor þeirra D hafi ekið bifreiðinni í umræddri ferð, en D hafi verið góður kunningi sinn og hafi hann oft ekið bifreið hans (varnaraðilja Y), þegar þeir voru saman. Varnaraðili Y kveðst ekki muna eftir, að neitt minnisvert hafi gerzt í ferð þessari, sem hér ræðir um, né eftir að henni lauk og muni hann ekki, hvort sóknaraðili hafi komin inn í herbergi hans að ferðinni lokinni, og fullyrðir, að hann hafi hvorki haft samfarir við hana að lokinni ferðinni né nokkru sinni fyrr né síðar. Hefur hann haldið fast og staðfastlega við þennan framburð sinn frá upphafi til enda og hafa ítrekaðar samprófanir þeirra sóknaraðilja og varnaraðilja Y um það, sem á milli ber í framburðum þeirra, ekki leitt til neinnar niðurstöðu né árangurs.

Þess skal getið hér, að varnaraðili Y á, að eigin sögn, 3 börn utan hjónabands, og voru þau sumarið 1966 á aldrinum 7—11 ára.

Kvaddir hafa verið sem vitni við rannsókn máls þessa þeir D, ..., Hellissandi, og E, ..., Reykjavík, en þeirra hefur beggja verið getið áður.

Vitnið D skýrir svo frá, að það þekki vel varnaraðilja Y, enda hafi þeir verið leikfélagar og vinir frá barnæsku. Segir það sig ráma í, að þeir varnaraðili Y færu fyrir nokkrum árum saman til Keflavíkur og hittu þar kunningja hans E. Segir vitnið sig minna, að stúlka að nafni X (sóknaraðili) hafi verið með í förinni. Kveðst vitnið muna mjög óljóst eftir þessari ferð og ekki minnast þess, að neitt markvert gerðist í henni. Segist það ekki muna eftir, að vín hafi verið haft um hönd í ferðinni, en segir sig ráma í, að eitthvað hafi verið komið við í herbergi varnaraðilja Y á Ránargötu í Reykjavík, þegar komið var frá Keflavík, og að þangað hafi komið fleira fólk um kvöldið. Kveðst vitnið muna, að sóknaraðili kom inn í herbergi varnaraðilja Y, og segir sig ráma í, að það hafi ekið henni heim til hennar síðar um kvöldið. Hins vegar kveðst vitnið ekki muna eftir, að það hafi náð í neina stúlku, hvorki F, sem sóknaraðili ber, að vitnið hafi gert, né aðra. Kveðst það þó þekkja F þessa lauslega. Ekki kveðst vitnið muna eftir neinu sérstöku frá þessu umrædda kvöldi, og ekki minnist það þess, að sérstaklega ástúðlegt væri með málsaðiljum, sem hér koma við sögu, í ferðalagi þessu eða eftir að komið var til Reykjavíkur.

Vitnið E, nú skrifstofustjóri, . . . , Reykjavík, kveðst hafa starfað á flugvallarhótelinu á Keflavíkurflugvelli á árunum 1954—1959. Minnist vitnið þess, að þau sóknaraðili, sem það kveðst kannast við, og varnaraðili Y, sem það kveðst þekkja, hafi eitt sinn komið í heimsókn til þess á flugvallarhótelið, meðan það starfaði þar. Man það þó ekki greinilega, hvenær það var, en telur þó, að það hafi verið síðari hluta þess tímabils, sem það starfaði á hótelinu, og ekki kveðst það muna eftir, að varnaraðili Y hafi nema í eitt skipti heimsótt vitnið á áðurnefnt hótel í fylgd með sóknaraðilja. Ekki kveðst það muna, hvort áðurnefnt vitni, D, var í för með þeim sóknaraðilja og varnaraðilja Y í umrætt skipti, en segir D oft hafa verið í fylgd með honum (varnaraðilja Y), þegar hann heimsótti vitnið.

Ekki hefur náðst til F, sem áður er nefnd, til að taka af henni skýrslu um málsatvik, enda mun hún hafa dvalið erlendis, meðan á rannsókn máls þessa stóð, og mun nú vera gift kona og búa í Kaupmannahöfn.

Barnið, sem sóknaraðili ól þann 4. febrúar 1959, vó við fæðingu 2.530 gr. og var þá 48 cm á lengd. Samkvæmt álitsgerð Ólafs Einarssonar, héraðslæknis í Hafnarfirði, er líklegasti getnaðartími fullburða barns, sem fæðist á áðurnefndum tíma, í maí-

mánuði 1958. Hugsanlegur getnaðartími er þó frá 10. apríl til 10. júní sama ár.

Blóðflokkarannsókn fór fram á barninu og málsaðiljum, og samkvæmt henni getur varnaraðili Y verið faðir barnsins, en niðurstaða rannsóknarinnar varð annars þessi:

	Aðalfl.	Undirfl.	C	D	E	c	e
X	A_1	M	+	+	—	—	
Óskírt sveinbarn, fætt 4/2 1959	O	MN	+	+	+	+	
Y	A_1	MN	—	+	+	+	+

Einsætt telst, að sýkna beri varnaraðilja Z af kröfum sóknaraðilja í máli þessu, þar eð endurtekin blóðrannsókn á honum, barninu og sóknaraðilja leiddi í ljós, að hann getur ekki verið faðir barnsins.

Hvað varnaraðilja Y snertir, stendur þar hins vegar staðhæfing gegn staðhæfingu um aðalatriði málsins, svo sem framburðir varnaraðilja Y og sóknaraðilja, sem raktir eru hér að framan, bera með sér.

Hefur sóknaraðili staðfastlega haldið því fram, eftir að varnaraðili Y blandaðist inn í málið, að þau hafi haft samfarir á áðurnefndum stað og tíma og sé engum öðrum til að dreifa en varnaraðilja Y um faðerni barnsins, eftir að varnaraðili Z útilokaðist frá faðerninu, en varnaraðili Y hins vegar jafneindregið neitað því, að hann hafi nokkru sinni haft samfarir við sóknaraðilja, og geti hann því ekki verið faðir barnsins.

Telst því auðsætt, að úrslit málsins verði að velta á eiði annars hvors aðilja.

Telja verður að vísu, að það rýri gildi framburðar sóknaraðilja yfirleitt í máli þessu, að hún staðhæfði í upphafi rannsóknar þess, að hún hefði ekki haft holdleg mök við annan karlmann á getnaðartíma barnsins en varnaraðilja Z. Þrátt fyrir það telst framburður hennar um samskipti þeirra varnaraðilja Y ekki með öllu ósennilegur. Hefur hún skilmerkilega skýrt frá áðurnefndri ferð þeirra til Keflavíkur í maí 1958, en sannað telst með framburðum annarra í málinu, að sú ferð hafi verið farin, og virðist ekkert veikja þann framburð sóknaraðilja, að ferð þessi hafi einmitt verið farin á þeim degi, sem hún hefur til tekið. Það verður ekki heldur talið styrkja framburð varnaraðilja Y og staðhæfingar hans í máli þessu, að hann virðist naumast hafa verið við eina fjöl felldur á þeim tíma, sem barn sóknaraðilja var getið,

en sannað er, að á þeim tíma og áður hefur hann eignazt 3 börn óskilgetin, líklega sitt með hverri barnsmóður. Þá skal þess að lokum getið, að frá leikmannssjónarmiði dómarans virðist vera allsterkur svipur með varnaraðilja Y og drengnum, sem sóknaraðili lýsir hann föður að, samkvæmt ljósmyndum, sem af þeim hafa verið teknar og fylgja skjölum þessa máls, þótt engan veginn verði niðurstaða í málinu látin velta á þessu atriði einu saman.

Samkvæmt framansögðu þykir því rétt að láta úrslit máls þessa vera undir því komin, hvort sóknaraðili vinnur eið að því eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu samkvæmt 165. gr. laga nr. 85/1936 innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, að hún hafi ekki haft holdlegar samfarir við aðra karlmenn en þá varnaraðiljana Z og Y á hugsanlegum getnaðartíma barns þess, sem hún ól þann 4. febrúar 1959, þ. e. á tímabilinu 10. apríl til 10. júní 1958.

Vinni sóknaraðili eiðinn, skal varnaraðili Y teljast faðir að áðurnefndu barni hennar, greiða meðlag með því svo og fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjald hennar, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði, svo og greiði þá áðurnefndur varnaraðili Y allan annan kostnað af máli þessu en þann, sem við kemur varnaraðilja Z, þar með talin þóknun til skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Rannveigar Þorsteinsdóttur hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500.00. Kostnaður, sem stafar af þætti varnaraðilja Z í máli þessu, greiðist hins vegar úr ríkissjóði, þar með talin þóknun til skipaðs talsmanns hans, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500.00.

Verði sóknaraðilja hins vegar eiðfall, skal varnaraðili Y vera sýkn af öllum kröfum hennar í máli þessu, en málskostnaður allur þá greiðast úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ef sóknaraðili, X, vinnur innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa og eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu eið að því, að hún hafi ekki haft holdlegar samfarir við aðra karlmenn en þá varnaraðiljana Z og Y á tímabilinu 10. apríl til 10. júní 1958, þá skal varnaraðili Y teljast faðir barns þess, sem sóknaraðili ól þann 4. febrúar 1959, enda greiði hann þá meðlag með barninu, fæðingarstyrk til sóknaraðilja svo og tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1959, allt samkvæmt úrskurði yfirvalds.

Ef sóknaraðili vinnur eiðinn, greiði varnaraðili Y allan annan kostnað af máli þessu en þann, sem við kemur varnaraðilja Z, þar með talin þóknun til skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Rannveigar Þorsteinsdóttur hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500.00, en kostnaður sá, sem stafar af þætti varnaraðilja Z í málinu, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun til skipaðs talsmanns hans, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500.00.

Verði sóknaraðilja hins vegar eiðfall, skal varnaraðili Y vera sýkn af öllum kröfum hennar í máli þessu, en málskostnaður allur þá greiðast úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 12. marz 1969.

Nr. 42/1969. **Kristján Pétursson**
(Ingi Ingimundarson hrl.)
gegn
Helga Hjálmssyni
(Sveinn Snorrason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. marz 1969. Hann áfrýjaði málinu upphaflega með stefnu 30. ágúst 1968, en útivistardómur gekk í því máli hinn 3. marz 1969. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi. Áfrýjandi var húsasmíðameistari við húsið nr. 11 við Stóragerði. Ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um fébótaábyrgð áfrýjanda á þeim göllum á íbúðinni, sem fram komu og mál þetta fjallar um. Stefndi gerði áfrýjanda strax viðvart, er bóta-

krafa kom fram af hálfu Guðjóns Tómassonar. Þá tilkynnti og stefndi áfrýjanda málareksturinn og skoraði á hann að ganga inn í málið í samræmi við ákvæði 52. gr. laga nr. 85/1936. Að svo vöxnu máli þykir rétt að taka einnig til greina kröfu stefnda, sem á engan hátt átti sök á göllunum, um greiðslu þess kostnaðar, sem hann hafði af málssókninni. Hinn áfrýjaði dómur verður því staðfestur.

Áfrýjandi greiði stefnda kr. 13.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Áfrýjandi, Kristján Pétursson, greiði stefnda, Helga Hjálmssyni, kr. 13.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. júní 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 29. f. m., hefur Helgi Hjálmsson forstjóri, Smáraflöt 24, Garðahreppi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 21. nóvember 1966, gegn Kristjáni Péturssyni byggingameistara, Safamýri 95, Reykjavík, og erfingjum Sigvalda Thordarson, arkitekts í Reykjavík, þeim frú Kömmu Thordarson fyrir eigin hönd og ófjárráða sonar síns, Sigvalda Thordarson jr., frú Albínu Thordarson, Kaplaskjóli 51, Reykjavík, og frú Pálínu Jónsdóttur, Hvassaleiti 8, Reykjavík, vegna ófjárráða barna hennar, Jóns Arnars Thordarson, Guðfinnu Ernu Thordarson og Hallveigar Thordarson, öllum til heimilis að Hvassaleiti 8, Reykjavík, til þess in solidum að greiða kr. 51.480.77 með 8% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 17. nóvember 1965 til greiðsludags svo og málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins.

Stefndu krefjast öll sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Leitazt hefur verið við að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur.

Málavextir eru þeir, að með kaupsamningi, dags. 9. janúar 1961, keypti stefnandi efri hæð húseignarinnar nr. 11 við Stóra-

gerði í Reykjavík, en íbúð þessi var þá í smíðum og var komin nokkru lengra á veg en það, sem í daglegu tali kallast fokhelt. Seljandi eignarhlutans var stefndi Kristján Pétursson. Hús þetta hafði verið byggt eftir teikningu, gerðri af Sigvalda heitnum Thordarson arkitekt. Byggjendur hússins voru stefndi Kristján Pétursson, sem jafnframt var húsasmíðameistari við húsið, Sverrir Guðvarðsson, sem átti 1. hæð hússins, og Ólafur Auðunsson, sem átti kjallarann.

Stefndi Kristján Pétursson hafði ekki verið aðili að byggingarframkvæmdum þessum frá upphafi, heldur gerðist hann byggjandi, þegar annar maður, sem í upphafi hafði ætlað sér að byggja húsið með þeim Sverri og Ólafi, gekk úr skaftinu. Þegar Kristján Pétursson gerðist byggjandi, hafði byggingarnefndarteikning þegar verið gerð af húsinu. Hafði Sverrir Guðvarðsson samið við Sigvalda heitinn Thordarson um þá teikningu. Sverrir Guðvarðsson hefur borið, að þegar stefndi Kristján Pétursson gerðist aðili að byggingu þessari, hafi hann óskað sérstaklega eftir því, að Sigvaldi heitinn Thordarson yrði ekki látinn gera sérvinnuteikningar að húsinu, þar sem það yrði allt of dýrt. Kveður Sverrir Sigvalda heitinn hafa fallizt á þetta og sagt, að hann mundi þá ekkert eftirlit hafa með byggingarframkvæmdunum.

Hús þetta var með flötu, steyptu þaki. Þurfti því að einangra loft íbúðarinnar á efri hæð hússins. Tók stefndi Kristján Pétursson að sér að einangra loftið fyrir stefnanda samkvæmt reikningi, enda var það verk ekki innifalið í kaupverði íbúðarinnar. Neðan á einangrun loftsins var festur álpappír, og neðan á álpappírinn voru negldir trélistar. Bæði stefnandi og stefndi Kristján Pétursson eru sammála um það, að það síðasta, sem stefndi Kristján hafi unnið við loftið, hafi verið að negla nefnda trélista neðan á álpappírinn. Mun einangrun loftsins hafa verið lokið vorið 1961. Eftir að trélistar þessir höfðu verið festir, var komið fyrir raflögn í loftið á milli þeirra. Síðan var loftið klætt með viði, en eigi var það verk unnið á vegum stefnda Kristjáns Péturssonar, heldur af öðrum aðiljum.

Er fyrrnefndir trélistar höfðu verið festir á loftið, innti stefnandi stefnda Kristján Pétursson eftir því, hvort sér væri ekki heimilt að ráða sjálfur til sín menn til að fullgera tréverkið í íbúðini að öðru leyti. Kristján Pétursson var tregur til að veita samþykki sitt til þess, þar sem hann var húsasmíðameistari við húsið. Gekk þetta í nokkru þófi, og hefur stefndi Kristján borið, að stefnandi hafi óskað eftir því við sig, að hann færi af teikn-

ingu hússins og annar húsasmíðameistari kæmi á hana í sinn stað. Kveðst stefndi Kristján Pétursson hafa að lokum fallizt á þetta með því skilyrði, að strax fengist meistari á verkið, þegar stefndi Kristján Pétursson færi út af teikningu hússins. Hafi þetta verið samþykkt af öllum aðiljum.

Stefnandi hefur aftur á móti borið, að hann hafi ekki haft neinn ákveðinn húsasmíðameistara í huga, sem komið gæti í staðinn fyrir stefnda Kristján Pétursson á teikninguna. Enn fremur hefur stefnandi tekið fram, að það hafi hvorki verið með sinni vitund né vilja, að Valdimar Þorsteinsson hafi verið skráður byggingameistari við húsið, en samkvæmt vottorði frá byggingarfulltrúanum í Reykjavík, dags. 29. desember 1966, skrifaði Valdimar Þorsteinsson húsasmíðameistari upp á teikningu af húsinu hinn 25. nóvember 1961.

Valdimar Þorsteinsson hafði séð um innréttingu á íbúð Sverris Guðvarðssonar í húsinu, en eigi annazt aðra trésmíði í sambandi við hús þetta. Er Valdimar Þorsteinsson kom inn á teikninguna, segir stefnandi, að stefndi Kristján Pétursson hafi fyrir löngu verið búinn að ljúka við frágang á einangrun loftsins. Aftur á móti sáu, svo sem fyrr er getið, aðrir menn um innréttingu íbúðar stefnanda að öðru leyti, þar á meðal um það að klæða loftið með viði.

Þar sem íbúð þessi varð of dýr hjá stefnanda, gat hann aldrei flutt inn í hana. Hinn 19. júní 1962 seldi stefnandi Guðjóni Tómassyni íbúðina. Í nóvember sama ár tók að bera á leka í gegnum þakeinangrun og niður með veggjum íbúðarinnar. Lét Guðjón Tómasson fara fram mat tveggja dómkvaddra manna á því, hvað hæfilegt væri, að hann fengi í bætur úr hendi Helga Hjálmssonar vegna tjóns af téðum göllum. Matsbeiðni var send yfirborgardómaranum í Reykjavík hinn 26. apríl 1963. Til þess að framkvæma hið umbeðna mat voru dómkvaddir þeir Einar Sveinsson múrarameistari og Sveinn Torfi Sveinsson verkfræðingur. Matsgerð hinna dómkvöddu manna er dags. 5. október 1963 og hljóðar svo:

„Skoðunargerð fór fram þann 18. 9. 1963 kl. 11 árd. að viðstöddum Guðjóni Tómassyni, Stóragerði 11, og Helga Hjálmssyni, Gnoðarvogi 56, auk matsmanna.

Ofangreindir aðilar voru sammála um, að leki sá, sem kvartað er yfir í matsbeiðninni, stafi af því, að þétting eða ísing verði ofan við einangrunina í frostum og sú þétting bráðni og leki niður veggina, þegar frost er og íbúðin vel kynt. Sérstaklega bar

á þessu í innvegg í barnaherbergi, innvegg í stofu og norðurútvegg svo og millivegg að forstofu. Einnig bar á rakataumum í svefnherbergi hjóna.

Matsmenn komu aftur á staðinn eftir kl. 18 þann 26. sept. 1963. Sigurður Björnsson, húsasmíðameistari, Tómasarhaga 41, Reykjavík, og Kristján Pétursson, húsasmíðameistari, sem sagður er hafa byggt húsið. Var klæðning rifin niður úr lofti í stofu, og kom í ljós, að gengið var frá loftinu á eftirfarandi hátt:

Neðst (innst) var klæðning ekki þéttklædd. Þar næst þykkur sísalpappi á listum, en í því rými voru einnig lagðar rafmagnspípur. Ofan á listum þessum var alfol (aluminíumpappír), og ofan á honum wellit plötur (bárupappaeinangrun) og steinull þar ofan á. Þykkt einangrunar var alls um 10 cm. og fullkomlega nægjanleg sem einangrun vegna kulda.

Aftur á móti var ekki þétt gengið frá pappanum með steyptum veggjum, sem ganga upp gegnum einangrunina, og var sannreynt, að reykur komst sums staðar upp með vegg upp í einangrunina.

Matsmenn athuguðu einnig loftrásargöt á útveggjum, og er a. m. k. þörf á einu til viðbótar á norðurhlið. Ekki er upplýst um fjölda slíkra gata eða hugsanlega stærð í steyptum milliveggjum, og matsmenn höfðu ekki aðstæður til slíkrar rannsóknar, enda gríðarlegt verk og skemmd á íbúðinni að framkvæma hana.

1. Í matsbeiðni er þess óskað, að matsmenn gefi umsögn um, af hverju leki þessi stafi, og þá sérstaklega, hvort sé um að kvenna handvömm smiða — eða ágalla á gerð hússins. Orsakir lekans er fyrst og fremst að rekja til ófullnægjandi loftrásar í þakinu ofan einangrunar, en ekki síður til þess, að óþétt er með veggjum og rakavarnarlögum (sísalpappa og aluminíumpappír) þannig, að þar kemst upp heitt rakt loft úr íbúðinni, sem síðan þéttist á köldum steyptum veggjum og steyptu þaki. Ennfremur er viðbúið, að aluminíumpappírinn sé götóttur, t. d. eftir raflögn, og er það einnig ein orsökin, enda var staðreynd, að rifið var gat á aluminíumpappann á þeim bletti, sem matsmenn létu taka niður úr loftinu. Meta skal, hve mikið kosta muni að bæta úr þeim ágöllum og skemmdum, sem orðið hafa á nefndri íbúð vegna lekans. Mála þarf alla veggi í stofu, nema millivegg eldhúss og borðstofu, svo og glugga stofunnar. Hliðstætt í barnaherbergi og svefnherbergi hjóna. Málning á ofantalið ásamt aðgerð á gluggum metum við, að kosti 8.000.00 kr., og gera matsmenn ráð fyrir, að með því fáist að fullu bætt úr orðnum lekaskemmdum á íbúðinni. Rétt er að taka fram, að umræddar skemmdir hefðu orðið marg-

faldar, ef eigandi hefði ekki smíðað og komið fyrir sérstökum kerjum fyrir lekavatn.

2. Þess er óskað, að matsmenn meti, hve mikið fullnaðarviðgerð á þakinu kosti. Til þess þarf að rífa niður loftklæðningu í stofu og loft í barnaherbergi og svefnherbergi og þétta ofangreind rakavarnarlög, en setja þau síðan upp aftur. Viðgerð lofta er metin á 12.600 kr. Þar getur komið til viðbótarkostnaður, ef ekki eru göt á millivegg, og meta matsmenn þann kostnað á 1.000 kr. Matsmenn telja þakið muni verða fullgott að lokinni ofangreindri aðgerð.

3. Þá er loks beðið um álit matsins á því, hvort rýma þurfi íbúðina, meðan á aðgerð stendur, svo og kostnað af óþægindum á meðan. Matsmenn telja heppilegt, að íbúðin sé rýmd, meðan á viðgerð stendur, jafnframt þurfi að taka saman húsgögn, breiða yfir þau og fylgjast með iðnaðarmönnum þeim, sem verkið munu annast. Matsmenn telja kostnað þann 5.500.00 kr.".

Hinn 6. nóvember 1963 sendi lögmaður stefnanda, Helga Hjálmssonar, áskorun til þeirra Kristjáns Pétursssonar og Sigvalda heitins Thordarson um að koma til samninga um greiðslu bóta til handa Guðjóni Tómassyni. Þeirri áskorun var eigi sinnt. Hinn 25. nóvember 1963 kærði Guðjón Tómasson stefnanda fyrir sáttanefnd, en sættir tókust ekki. Höfðaði Guðjón Tómasson því mál gegn stefnanda með stefnu, birtri 21. janúar 1964, og gerði þær kröfur, að stefnandi yrði dæmdur til að greiða honum bætur í samræmi við fyrrnefnda matsgerð auk 8% ársvaxta frá 19. júní 1962 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Vitnaleiðslur fóru fram í því máli hinn 15. apríl 1964. Skoraði stefnandi þá á Sigvalda heitinn Thordarson og Kristján Pétursson að ganga í málið í samræmi við ákvæði 52. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Stefndi Kristján Pétursson mætti við þinghaldið svo og lögmaður hans, Gunnar Jónsson héraðsdómsögmaður. Sigvaldi heitinn Thordarson sótti hins vegar hvorki né lét sækja þing, enda lá hann þá banalegu og andaðist 16. apríl 1964.

Hinn 24. september 1965 var kveðinn upp dómur í máli Guðjóns Tómassonar á hendur Helga Hjálmssyni. Dómsorð í því máli var svohljóðandi: „Stefndi, Helgi Hjálmsson, greiði stefnanda, Guðjóni Tómassyni, kr. 26.500.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 19. júní 1962 til 1. janúar 1965, en 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 11.700.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum".

Til þess að firra auknum kostnaði við fjárnámsgerð galt Helgi Hjálmsson Guðjóni Tómassyni dómkröfuna hinn 17. nóvember 1965. Nam hún þá með vöxtum og málskostnaði kr. 44.805.27. Auk þess nam útlagður málskostnaður stefnanda til lögmanns hans kr. 7.175.50, þannig að heildarkostnaður, sem stefnandi varð að greiða hinn 17. nóvember 1965, nam kr. 51.480.77, sem er stefnukrafan í máli þessu.

Með því að hinir stefndu hafa verið ófúsir til að greiða bætur samkvæmt framangreindum dómi eða semja um greiðslu, kveður stefnandi sér óhjákvæmilegt að leita úrskurðar dómstóla um ágreiningsefnið.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að með dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 24. september 1965 hafi honum verið gert að greiða Guðjóni Tómassyni skaðabætur, eins og í dóminum greinir, vegna galla á íbúð, er hann hafi selt nefndum Guðjóni. Samkvæmt niðurstöðu skoðunar- og matsmanna og dómsins hafi gallar þessir verið raktir til gerðar eða frágangs hússins, þannig að ljóst hafi verið þegar í upphafi, að stefnandi, sem aldrei bjó í íbúðinni, hafi ekki átt sök á þeim og ekki um þá vitað. Húsameistari við framangreint hús var Sigvaldi heitinn Thordarson arkitekt, en byggingameistari stefndi Kristján Pétursson. Báðir þessir aðiljar hafi átt þess kost að andmæla áliti í niðurstöðu matsmanna í fyrrnefndu máli, en hvorugur þeirra hafi gert það. Verði því að telja, að þeir hafi báðir sætt sig við álit matsmanna að þessu leyti. Enn fremur verði að telja, að þeir hafi báðir, Sigvaldi heitinn Thordarson og Kristján Pétursson, gengizt undir greiðslu kostnaðar vegna fyrrgreinds máls, með því að þeir gerðu engar tilraunir til þess að komast hjá þeim málskostnaði og semja um greiðslu bótanna við Guðjón Tómasson, eins og þeim hafi verið gefinn kostur á.

Til frekari áréttingar kröfum sínum mótmælir stefnandi því, að hann hafi óskað eftir því, að skipt yrði um byggingameistara við húsið. Hann heldur því fram, að það hafi hvorki verið með sínum vilja né vitund, að nýr byggingameistari kom inn á teikningu að húsinu hinn 21. nóvember 1961. Jafnframt er á það bent af hálfu stefnanda, að stefndi Kristján Pétursson hafi sjálfur framkvæmt það verk við einangrun loftsins, sem síðan hafi komið fram gallar á, og skipti það því engu máli hér um skaðabótaskyldu stefnda Kristjáns, þótt hann hafi síðar farið út af teikningu af húsinu. Ábyrgð hans sé ótvírætt fyrir hendi á þessum göllum, sem fram hafi komið á húsinu, þar sem hann hafi verið

bæði byggingameistari við húsið og enn fremur sjálfur séð um framkvæmd þessa verks. Valdimar Þorsteinsson, sá byggingameistari, sem komið hafi inn á teikningu af húsinu hinn 21. nóvember 1961, hafi aldrei unnið neitt í íbúð stefnanda, enda kveðst stefnandi ekki hafa vitað um það, að Valdimar væri orðinn byggingameistari að húsinu, fyrr en hann hafi séð greinargerð lögmanns stefnda Kristjáns Péturssonar í þessu máli.

Kröfur sínar gegn hinum stefndu erfingjum Sigvalda heitins Thordarson byggir stefnandi á því, að Sigvaldi heitinn Thordarson hafi teiknað húsið. Jafnframt muni hann hafa látið stefnda Kristjáni Péturssyni í té „standard"-teikningu af gerð þakeinangrunar, sem Sigvaldi heitinn hafi notað í sambandi við byggingu þeirra húsa, sem hann hafi teiknað með flötum þökum. Heldur stefnandi því fram, að þessi „standard"-teikning hljóti að hafa verið eitthvað gölluð, og beri erfingjar Sigvalda heitins Thordarson því fébótaábyrgð á því tjóni, sem fram hafi komið, enda hafi þeim verið afhent bú hans til einkaskipta sem skuldaviðgöngubú.

Stefndi Kristján Pétursson byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi lokið við að einangra loftið í íbúð stefnanda hinn 22. apríl 1961. Hafi stefnandi þá óskað eftir því, að skipt yrði um meistara á húsinu. Hafi síðan aðrir menn unnið við að setja raflögn neðan á einangrun loftsins og síðan hafi það verið klætt með viði. Heldur stefndi Kristján Pétursson því fram, að eftir þennan tíma hafi hann enga ábyrgð borið á þessu verki, enda hafi hann ekkert unnið í íbúð stefnanda eftir þetta. Annar meistari hafi komið á teikningu af húsinu hinn 21. nóvember 1961. Hafi það verið Valdimar Þorsteinsson og hafi hann tekið við byggingu hússins. Kveðst stefndi því ekkert hafa fylgzt með því, hvernig endanlega hafi verið gengið frá einangruninni, og telur hann sig ekki á neinn hátt bera ábyrgð á göllum þeim, sem komu fram síðar. Einangrunin hafi verið í fullkomnu lagi og allt hafi verið gert fullkomlega eins og gera hafi átt samkvæmt teikningu, er hann hafi farið eftir, gerðri af Sigvalda heitnum Thordarson. Mótmælir stefndi því harðlega, að hann beri nokkra ábyrgð á þeim göllum, sem fram komu, og telur algerlega ósannað, að í nokkru hafi verið ábótavant verki því, sem hann vann eða lét vinna, meðan hann var meistari á framangreindu húsi.

Enn fremur bendir stefndi Kristján Pétursson á það, að hann hafi óskað eftir því við Sigvalda heitinn Thordarson, að ekki yrði haft steypt þak á húsinu, þar sem hann hafi vitað ýmis tilfelli

um, að steypt þök hefðu ekki reynzt vel hér á landi. Kveðst Kristján Pétursson hafa viljað, að húsið yrði með venjulegu timburþaki. Hafi Sigvaldi heitinn Thordarson þá gert teikningu af timburþaki á húsinu, en tekið fram á þeirri teikningu, að stefndi Kristján Pétursson bæri þá alla ábyrgð á því þaki. Þetta kveðst stefndi Kristján Pétursson ekki hafa getað fallizt á og því heldur viljað hafa húsið með steyptu þaki, þar sem húsið hafði verið teiknað þannig, og Sigvaldi heitinn bæri fulla ábyrgð á því. Þar sem ekki hafi komið fram á teikningu þeirri, sem samþykkt hafi verið af byggingarnefnd Reykjavíkurborgar, hvernig steypta þakið ætti að vera, kveðst stefndi Kristján Pétursson hafa óskað eftir því hjá húsameistaranum að fá sérteikningu af þakinu. Hafi á þeirri teikningu verið staðsett loftræstingargöt fyrir loftið og sýnt, hve stór þau ættu að vera ásamt frágangi á einangrun neðan á loftinu. Hafi hann í einu og öllu farið eftir þessari teikningu og geti því eigi borið ábyrgð á þeim galla, sem fram hafi komið síðar.

Verði framangreindar sýknukröfur stefnda Kristjáns Péturssonar eigi teknar til greina, byggir hann sýknukröfu sína á því, að krafa stefnanda sé fyrnd samkvæmt 1. tl. 3. gr. laga nr. 14 frá 1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda, þar sem liðin séu meira en 4 ár, frá því að framangreint verk var unnið og þar til stefna var birt í þessu máli. Enn fremur bendir þessi stefndi á, að mál þetta hafi eigi verið höfðað innan 6 mánaða, frá því að dómur var uppkveðinn í máli Guðjóns Tómassonar gegn Helga Hjálmssyni, sbr. 14. gr. fyrrgreindra laga um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

Síðasta málsástæða stefnda Kristjáns Péturssonar kom fram við munnlegan flutning málsins. Var henni þá mótmælt af hálfu stefnanda sem of seint fram kominni.

Hinir stefndu erfingjar Sigvalda heitins Thordarson byggja sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að ekkert réttarsamband hafi verið á milli stefnanda þessa máls og Sigvalda heitins Thordarson, enda hafi það eigi verið stefnandi, sem samið hafi við Sigvalda heitinn um að gera teikningar að húsinu. Stefnandi hafi ekki verið byggjandi að húsinu frá upphafi, heldur hafi það verið aðrir aðiljar, en stefnandi síðan keypt íbúð sína af stefnda Kristjáni Péturssyni.

Í annan stað byggja þessi stefndu sýknukröfu sína á því, að Sigvaldi heitinn Thordarson hafi ekki haft eftirlit með byggingunni, enda hafi þess ekki verið óskað af hálfu byggjenda,

þvert á móti hafi stefndi Kristján Pétursson farið þess á leit, að Sigvaldi heitinn teiknaði ekki sérvinnuteikningar af húsinu.

Að endingu er á það bent, að Sigvaldi heitinn Thordarson hafi ekki teiknað sérvinnuteikningu af þakinu. Aftur á móti hafi hann lánað stefnda Kristjáni Pétursyni „standard"-teikningu af því, hvernig ætti að ganga frá einangrun undir steyptu þaki. Sé ekkert fram komið um það, að sú „standard"-teikning hafi ekki verið rétt lausn á slíkri þakgerð. Er því sérstaklega mótmælt, að rekja megi galla þann, sem fram kom, til þess, að nefndri „standard"-lausn hafi verið í einhverju áfátt frá hendi Sigvalda heitins Thordarson.

Þar sem því var hafnað af hálfu byggjenda hússins, að Sigvaldi heitinn Thordarson hefði eftirlit með byggingarframkvæmdum og gerði sérvinnuteikningar af húsinu, þykir verða að sýkna hina stefndu erfingja Sigvalda heitins af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Verður stefnandi dæmdur til þess að greiða hinum stefndu erfingjum málskostnað. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00.

Gallar þeir, sem komu fram á húsinu nr. 11 við Stóragerði í Reykjavík, urðu á verki, sem unnið var, meðan stefndi Kristján Pétursson var húsasmíðameistari við húsið. Ber hann því ábyrgð á þessum göllum sem húsasmíðameistari við húsið. Verður stefndi Kristján Pétursson því dæmdur til að greiða stefnanda, Helga Hjálmssyni, skaðabætur, enda kemur fyrningarástæða stefnda eigi til álita gegn andmælum stefnanda, þar sem hún þykir of seint fram komin við munnlegan flutning málsins.

Hins vegar verður stefnukrafan eigi tekin til greina að fullu, þar sem engin fræðsla liggur fyrir um það, að þurft hafi að bora þau göt á millivegg, sem matsmenn tala um í matsgerð sinni. Sá kostnaður var metinn á kr. 1.000.00. Ber að lækka stefnukröfuna um þá fjárhæð.

Verður stefndi Kristján Pétursson því dæmdur til að greiða stefnanda, Helga Hjálmssyni, kr. 50.480.77 ásamt vöxtum, er þykja hæfilega ákveðnir 6% ársvextir frá 17. nóvember 1965 til 1. janúar 1966, en 7% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalyktum verður stefndi Kristján Pétursson dæmdur til þess að gjalda stefnanda, Helga Hjálmssyni, málskostnað. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 12.277.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Bárði Daníelssyni verkfræðingi og Jóni Sigurðssyni tæknifræðingi.

Dómsorð:

Stefndu Kamma Thordarson fyrir eigin hönd og ófjárráða sonar síns, Sigvalda Thordarson jr., Albína Thordarson, Pálína Thordarson vegna ófjárráða barna sinna, Jóns Arnars Thordarson, Guðfinnu Ernu Thordarson og Hallveigar Thordarson, eiga að vera sýkn af kröfum stefnanda, Helga Hjálmssonar, í máli þessu. Stefnandi greiði þessum stefndu kr. 10.000.00 í málskostnað.

Stefndi Kristján Pétursson greiði stefnandanum, Helga Hjálmssyni, kr. 50.480.77 ásamt 6% ársvöxtum frá 17. nóvember 1965 til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 12.277.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 14. marz 1969.

Nr. 98/1968. **Ágúst Karl Sigmundsson**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Ögmundi Guðmundssyni og gagnsök
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1968. Krefst hann aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi gagnáfrýjanda. Til vara krefst hann verulegrar lækkunar á dómkröfum gagnáfrýjanda og að málskostnaður falli þá niður.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 26. júlí 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. s. m. Hann krefst þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 73.399.90 með 8% ársvöxtum frá 11. október 1964 til 31. desember s. á., 7% ársvöxtum frá þeim degi til

12. júní 1965 og með 1% vöxtum á mánuði fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst gagnáfrýjandi, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi.

Atvikum máls þessa er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi. Ljóst er, að ökumenn beggja bifreiðanna sýndu ekki næga aðgæzlu við aksturinn, en aksturshraði voru slæm, myrkur og rigning. Ökumaður bifreiðar aðaláfrýjanda, R 15815, Frímann Kristinn Sigmundsson, gætti ekki aðalbrautarréttar Bústaðavegar gegnt Réttarholtsvegi, en ökumaður bifreiðar gagnáfrýjanda, R 7827, Bjarni Guðmundsson, ók með óhóflegum og ólögmætum hraða að mótum Bústaðavegar og Réttarholtsvegar, og var þessi hraði og óvarkári akstur hans meginorsök árekstrarins. Þegar þetta er virt, þykir rétt að skipta sök í máli þessu, þannig að aðaláfrýjandi beri hana að ⅖ hlutum, en gagnáfrýjandi sjálfur að ⅗ hlutum.

Fallast má á úrlausn héraðsdóms um fjárhæðir hinna einstöku kröfuliða í máli þessu, eins og í hinum áfrýjaða dómi greinir. Verða því úrslit máls þessa þau, að aðaláfrýjanda ber að greiða gagnáfrýjanda ⅖ hluta af kr. 59.193.90 (kr. 43.693.90 + 500.00 + 15.000.00), þ. e. kr. 23.677.60, með 7% ársvöxtum frá 11. október 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Ágúst Karl Sigmundsson, greiði gagnáfrýjanda, Ögmundi Guðmundssyni, kr. 23.677.60 með 7% ársvöxtum frá 11. október 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% árs-

vöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. febrúar 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Ögmundur Guðmundsson, Goðheimum 18, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. marz 1965, gegn Ingibjörgu Frímannsdóttur, Gnoðarvogi 40, Reykjavík, f. h. ólögráða sonar hennar, Ágústs Karls Sigmundssonar, Tobbakoti, Þykkvabæ, Rangárvallasýslu, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 75.924.90 með 8% ársvöxtum frá 11. október 1964 til 31. desember s. á., en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins var krafa stefnanda lækkuð í kr. 73.399.90 og gerð krafa um 8% ársvexti frá 11. október 1964 til 31. desember s. á., 7% ársvexti frá þeim degi til 12. júní 1965, en 1% vexti á mánuði fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað að skaðlausu.

Af hálfu stefnda, Ingibjargar Frímannsdóttur f. h. ólögráða sonar síns, Ágústs Karls Sigmundssonar, er krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Samvinnutryggingum g/t, Reykjavík, hefur verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu. Af hálfu réttargæzlustefnda eru ekki hafðar uppi sjálfstæðar dómkröfur í málinu, enda engum kröfum að honum beint.

Við munnlegan flutning málsins lýsti lögmaður stefnda því yfir, að Ágúst Karl Sigmundsson sé nú orðinn lögráða og komi hann því inn sem varnaraðili í málinu, og breytist því varnaraðildin til samræmis við það.

Stefnandi greinir svo frá málavöxtum, að hann sé eigandi bifreiðarinnar R 7827. Um kl. 5 að morgni hins 11. október 1964 hafi bróðir hans, Bjarni Guðmundsson, ekið bifreiðinni austur eftir Bústaðavegi, en stefnandi kveðst hafa verið farþegi í bifreiðinni og setið í framsæti hjá ökumanni. Stefnandi kveður Bústaðaveginn hafa þarna aðalbrautarréttindi, þannig að bílar, sem koma Réttarholtsveg, hafi biðskyldu fyrir bílum, sem ekið

sé eftir Bústaðavegi. Stefnandi kveður bróður sinn hafa ekið allgreitt, eða á 60—70 km hraða, en í þriðja hraðagír, en á bílnum séu fjórir gírar, enda hafi þetta verið snemma morguns og því lítil umferð. Er bifreið stefnanda nálgaðist gatnamót Bústaðavegar og Réttarholtsvegar, sá ökumaður ljós af bifreið, sem kom suður Réttarholtsveg. Kveður stefnandi bróður sinn því hafa sleppt benzíngjöfinni og hægt ferðina, en talið öruggt, að hin bifreiðin virti aðalbrautarréttinn og mundi nema staðar við gatnamótin. Er ökumaður R 7827 sá, að bíllinn ætlaði rakleitt inn á aðalbrautina, kveður stefnandi hann hafa snarhemlað, en ekki tekizt að forðast árekstur, enda hafi gatan verið blaut. Segir stefnandi það engum togum hafa skipt, að framendi bifreiðar hans, R 7827, hafi lent á miðri hægri hlið hinnar bifreiðarinnar. Við áreksturinn kveður stefnandi bifreið sína hafa skemmzt mjög mikið og nemi viðgerðarkostnaður hennar kr. 46.218.90. Þá kveðst stefnandi hafa fengið mikið högg við áreksturinn, enda setið í framsæti hjá ökumanni. Kveðst stefnandi hafa misst meðvitund við áreksturinn og meiðzt mikið í andliti, fengið tvo skurði í andlitið og einnig fengið sár á hné og hruflazt og marizt á höku. Kveður stefnandi hafa verið farið með sig á slysavarðstofuna, þar sem gert hafi verið að sárum hans og hann saumaður.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína sem hér segir:

1. Kostnaður við viðgerð á bifreið	kr. 46.218.90
2. Útlagður kostnaður vegna læknishjálpar og fatakaupa	— 4.706.00
3. Þjáninga- og lýtabætur	— 25.000.00
	Kr. 75.924.90

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi 1. kröfuliðinn í kr. 43.693.90, eða heildarkröfuna í kr. 73.399.90, eins og fyrr segir.

Lögreglurannsókn fór fram í máli þessu, og liggur endurrit hennar frammi í málinu og er svohljóðandi:

„Ég undirritaður fór á staðinn ásamt lögregluþjóni nr. 29, og gefur hann teikningu af vettvangi. Áreksturinn mun hafa skeð með þeim hætti, að bifreiðinni R 7827 var ekið austur Bústaðaveginn, en er hún nálgaðist Réttarholtsveginn, veitti ökumaður bifreiðarinnar athygli bifreiðinni R 15815, sem ekið var suður Réttarholtsveg og inn á Bústaðaveginn fram hjá biðskyldu-

merki. Ökumaður R 7827 hemlaði til að reyna að forða árekstri, en tókst það ekki. Ökumaður bifreiðarinnar R 7827 skýrir svo frá, að hann hafi ekið austur Bústaðaveg, og er hann nálgaðist Réttarholtsveginn, veitti hann athygli bifreiðinni R 15815, sem var ekið suður Réttarholtsveg og inn á Bústaðaveginn fram hjá biðskyldumerki, sem er þar á gatnamótunum. Ökumaður kvaðst hafa hemlað til að reyna að forða árekstri, en ekki tekizt það og bifreið sín lent í hægri hlið á bifreiðinni R 15815, sem þá var á miðjum gatnamótunum. Ökumaður bifreiðarinnar R 15815 skýrir svo frá, að hann hafi ekið suður Réttarholtsveginn, og er hann kom að gatnamótunum, veitti hann athygli ljósum bifreiðarinnar R 7827, sem ekið var austur Bústaðaveg, en taldi bifreiðina það langt frá, að sér væri óhætt að aka inn á gatnamótin. Um sjálfan áreksturinn kvaðst hann enga grein geta gert og ekkert vitað fyrr en bifreiðarnar skullu saman. Ökumenn bifreiðanna voru fluttir á lögreglustöðina, og þar kom í ljós, að hvorugur þeirra hafði neytt áfengis, og þeim síðan ekið heim. Einn farþegi var í bifreiðinni R 15815, og hann kvaðst heita Guðjón B. Sigurðsson, Efstasundi 100. Hann kvartaði undan höfuðverk og eymslum í maga. Hann var fluttur á Slysavarðstofuna í sjúkrabifreið. Farþegar í bifreiðinni R 7827 voru tveir, Kolbeinn Finnsson, Ásgarði 28. Hann var lítillega skrámaður í andliti og taldi ekki þörf á að fara á Slysavarðstofuna. Ögmundur Guðmundsson, Goðheimum 18. Hann var töluvert skorinn í andliti og var fluttur á Slysavarðstofuna í sjúkrabifreið. Það skal tekið fram, að ökumenn voru lítillega skrámaðir í andliti. Vaka sótti bifreiðarnar á árekstursstað, og eru þær geymdar í portinu þar. Skemmdir á bifreiðinni R 15815 eru þær, að hægri hlið bifreiðarinnar er öll klesst inn, rúður brotnar, hurðir skakkar og sætin gengin út vinstra megin. Að mínu áliti tel ég bifreiðina nær ónýta. Skemmdir á bifreiðinni R 7827 eru þær, að bifreiðin er öll klesst að framan, hurðir skakkar, rúður brotnar og mælaborðið dældað og stýrið brotið. Ökumenn bifreiðanna voru boðaðir til rannsóknarlögreglunnar, Borgartúni 7, mánudaginn 12/10 1964.

Þetta tilkynnist yður hér með, herra lögreglustjóri.

Virðingarfyllst,

Hlöðver Magnússon, lögregluþj. nr. 108.

12/10 1964 kl. 15.50.

Þá er mættur á skrifstofu rannsóknarlögreglu Bjarni Hrafn Guðmundsson, Goðheimum 18, iðnnemi, f. 9/7 1943 í Reykjavík.

Mætta er birt skýrsla lögreglu og sýnd teikning, og segir hann hvort tveggja í meginatriðum rétt.

Mætti segir, að hann hafi verið á ca. 60—70 km hraða, áður en hann hemlaði í umrætt sinn. Sá hann engan bíl nálægt, er hann ók eftir Bústaðavegi, og fanst honum ekkert geta verið til fyrirstöðu að aka greitt, þar eð umferð var svo til horfin af götunum.

Mætti sá ljósin af bílnum, er kom suður Réttarholtsveg. Segir hann, að hann hafi þá sleppt benzíngjöf, en talið öruggt, að bíllinn stöðvaði við gatnamótin, þar eð biðskylda er þarna fyrir Bústaðavegi á Réttarholtsveginum. Er mætti sá, að bíllinn fór fram hjá biðskyldumerkinu og inn á gatnamótin án þess að stöðvast, steig mætti með fullu átaki á hemla að hann telur. Gatan var blaut, enda var búið að vera rigning og krapahríð skömmu áður, en úrkomulaust, er slysið varð. Bíll hans rann í hemlum, eins og teikning ber með sér. Engum togum skipti, að framendi bíls mætta skall á miðri hægri hlið hins bílsins. Mætti áttaði sig ekki á því, hvernig bílarnir köstuðust til við áreksturinn, en þeir stöðvuðust, ca. eins og teikning sýnir.

Mætti segir, að bíllinn hafi verið í gangi eftir áreksturinn, en kveikjuláslykill brotnaði. Fór mætti þegar út og kippti háspennuþræði úr kveikjuloki og tók vél bílsins þannig úr gangi.

Mætti sá, að bróðir hans, sem var farþegi í bíl mætta og sat í framsæti bílsins, var meðvitundarlaus. Hafði hann sýnilega kastazt fram í mælaborð bílsins. Hinn farþeginn, Kolbeinn, sat hægra megin í aftursæti bílsins, og hefur hann vafalaust kastazt fram á framsæti, en bak framsætisins er á lömum. Hann virtist strax með fullri meðvitund og mun aðeins hafa hruflazt í andliti.

Mætta rámar í, að leigubíll hafi komið þarna að, og telur, að ökumaður hans hafi kallað á lögreglu. Allt var látið óhreyft á slysstað, þar til lögreglan kom. Einnig kom sjúkrabíll og tók bróður mætta.

Mætti getur ekki dæmt um hraða hins bílsins í umrætt sinn, en hann man, að ökumaður þess bíls taldi sig hafa ekið í 2. gír. Mætti kveðst hins vegar hafa ekið í þriðja gír, að því er hann bezt man, en fjórir gírar eru áfram á bíl hans.

Mætti segir bíl sinn mjög mikið skemmdan eftir áreksturinn, aðallega að framan. Framrúðan fór úr bíl mætta.

Mætti segir, að bíll sinn hafi verið í fullkomnu lagi fyrir árekturinn. Mætti var vel fyrir kallaður að aka bíl.

Mætti hafði sofið fram til kl. 11 á laugardagsmorgun, en hann

var búinn að aka bílnum allmikið um kvöldið og nóttina og var á leið að skila Kolbeini heim, er áreksturinn varð.

Mætti telur, að bróðir sinn hafi komið til meðvitundar, rétt áður en hann var tekinn í sjúkrabílinn.

Mætti meiddist á vinstri hendi, hægra hné og hlaut kúlu og skrámur á höfuð. Hann fékk einnig blóðnasir.

Ferðaútvarp, sem var í bílnum, skemmdist. Föt bróður mætta skemmdust eða eyðilögðust.

Yfirheyrslu lauk kl. 16.36.

Upplesið, staðfest.

Kristján Sigurðsson Bjarni H. Guðmundsson.
lögreglum.

13/10 1964 kl. 15.20.

Þá er mættur á skrifstofu rannsóknarlögreglu Frímann Kristinn Sigmundsson, Gnoðarvogi 40, verkamaður, f. 7/7 1947, Selfossi.

Mætta er birt skýrsla lögreglu og sýnd teikning.

Mætti segir, að hann og farþegi hans hafi verið á dansleik á Selfossi í umrætt sinn, þ. e. kvöldið fyrir slys það, sem hér um ræðir. Mætti kveðst hafa ekið af stað til bæjarins að afloknum dansleiknum og kveðst hafa ekið fremur rólega.

Mætti segir, að hann hafi ekið hægt eftir Réttarholtsvegi að Bústaðavegi. Hann segir, að hann hafi ekið í 2. gír, en hraðamælir var ekki í sambandi. Hann kveðst hafa dregið enn úr ferð við biðskyldumerkið og telur, að hann hafi ekið á ca. 25 km hraða, er hann var við gatnamótin. Hann kveðst hafa litið eftir umferð og þá séð bíl nokkru vestar á Bústaðavegi á austurleið. Segir hann, að bíllinn hafi verið á smáhæð vestan við gatnamótin. Mætta fannst sér engin hætta búin að aka áfram vegna bíls þessa. Hann kveðst ekki hafa tekið eftir, hver hraðinn var á bílnum, enda telur hann sig ekki hafa verið í góðri aðstöðu til þess, þar eð ljós voru á bílnum og hann stefndi mikið til að bíl mætta, þ. e. að gatnamótunum, sem mætti var staddur við.

Mætti kveðst heldur hafa aukið ferðina inn á gatnamótin. Hann kveðst hafa litið aftur að bílnum og sá, að hann var kominn nær, en sá enn enga hættu stafa af honum og ók áfram, og vissi hann svo ekki fyrr til en bíllinn skall á hlið bíls mætta. Bíll mætta kastaðist til við áreksturinn, og fannst mætta hann snúast heilan hring, og stöðvaðist hann þar, sem teikning sýnir. Mætti missti ekki meðvitund við áreksturinn, og kveðst hann hafa farið strax út úr bílnum. Mætti sá þá, að Volkswagen-bíllinn var að

renna aftur á bak, og stöðvaðist hann ca. þar, sem teikningin sýnir hann.

Mætti segir, að farþegi sinn hafi misst meðvitund fyrst, en hann rankaði eitthvað við sér, er sjúkrabíllinn kom. Hann sat inni í bílnum, á meðan beðið var eftir sjúkrabíl, sem fór með hann af staðnum svo og hinn slasaða mann úr hinum bílnum. Mætti segir, að allt hafi verið látið óhreyft á slysstað, þar til lögreglan kom. Mætti segir, að bíl hafi borið að rétt eftir slysið, og fór ökumaður hans til að kalla á lögreglu á staðinn.

Mætti segir, að bíll sinn hafi verið í fullkomnu lagi fyrir slys þetta, enda var hann svo til nýr, árgerð 1964. Mætti var vel fyrir kallaður í alla staði og ekkert syfjaður eða þreyttur.

Mætti segir, að hann hafi hlotið skrámur á enni við slys þetta, og einnig fann hann til ofan til í baki og hálsi eftir slysið. Hann segir, að hann sé nú að ná sér eftir meiðslin, og telur sig ekki alvarlega meiddan. Hann segir, að farþegi sinn í umrætt sinn, Guðjón Ben Sigurðsson, sé enn rúmfastur eftir meiðsl sín.

Mætti segir, að bíllinn, sem hann ók, sé mjög mikið skemmdur, og segir, að margir, sem hafi skoðað hann, telji hann ónýtan.

Yfirheyrslu lauk kl. 15.45.

Upplesið, staðfest.

Frímann Kr. Sigmundsson.

16/10 1964 kl. 11.40.

Þá er mættur á skrifstofu rannsóknarlögreglu Kolbeinn Finnsson, Ásgarði 28, iðnnemi, f. 12/9 1946. Hann er mættur sem vitni og skýrir aðspurður svo frá áminntur um sannsögli:

Ég var í aftursæti bílsins R 7827, er slys það varð, sem hér um ræðir. Ég var dálítið undir áhrifum áfengis, en þó ekki ölvaður, og tel mig muna allt, sem skeði. Er Bjarni ók eftir Bústaðavegi á leið heim til mín, fór hann nokkuð greitt, ég gæti gizkað á 60—70 km hraða, en ég held, að hann hafi ekki ekið öllu hraðar. Ég leit ekki á hraðamæli bílsins og er því hraðaágizkun mín ekki nákvæm.

Ég sá ljós bíls þess, sem kom Réttarholtsveg að Bústaðavegi. Virtist mér bílnum ekið dálítið greitt að gatnamótunum og inn á þau án þess að stöðvast, en svo virtist mér bílnum hemlað. Ég fann, að Bjarni hemlaði bíl þeim, sem ég var í, og að hann rann dálítið í hemlum.

Gatan var rennblaut í umrætt sinn, enda hafði verið úrkoma, bloti, skömmu áður. Engum togum skipti, að framendi bílsins, sem ég var í, lenti á miðri hlið bílsins, sem hafði komið Réttar-

holtsveg, og varð áreksturinn harður. Bíllinn, sem ég var í, snerist allt að hálfhring, og ég varð var við, að bíllinn rann eitthvað aftur á bak eftir áreksturinn.

Ég hentist til og sennilega fram á Ögmund, sem sat í hægra framsæti bílsins. Ég meiddist þó ekki teljandi, skrámaðist aðeins á höndum og var bólginn um munn, en meiðslin eru að gróa og ég að verða jafngóður. Ögmundur hefur ábyggilega henzt fram í framrúðu bílsins og á mælaborð hans. Hann virtist meðvitundarlaus fyrst eftir slysið, en kom svo til meðvitundar og var hjálpað út úr bílnum, áður en sjúkrabíll kom á staðinn.

Upplesið, staðfest.

Kolbeinn Finnsson.

28/10 1964 kl. 15.35.

Þá er mættur á skrifstofu rannsóknarlögreglu Ögmundur Heiðar Guðmundsson, Goðheimum 18, nemi, f. 9/7 1943. Hann skýrir aðspurður svo frá áminntur um sannsögli:

Ég var farþegi í R 7827, er umrætt slys varð, og sat í framsæti hægra megin. Ég hafði verið farþegi í bílnum um kvöldið og Bjarni bróðir minn hafði ekið bílnum.

Rétt fyrir slysið man ég, að ég sneri mér þvers í sætinu og horfði aftur og var að ræða við Kolbein Finnsson, sem sat í aftursæti bílsins. Ég leit því ekki á hraðamæli rétt fyrir áreksturinn og get ekki gert mér grein fyrir hraða bílsins þá. Varð ég ekki var við neina hættu, fyrr en ég leit fram á, þá var örstutt orðið að Opel-bílnum, og hafði ég engan tíma til að setja mig í stellingar til að vera viðbúinn árekstri.

Ég mun hafa misst meðvitund strax, því að ég geri mér ekki grein fyrir, hvernig ég kastaðist eða bíllinn. Mig rámar í, að ég var inni í bílnum, og sá, að framrúðan var farin úr honum, og næst man ég eftir mér inni í sjúkrabílnum. Einnig man ég, er ég var borinn inn á Slysavarðstofu.

Ég var nokkuð undir áhrifum áfengis, er slys þetta varð, en ég hef vafalaust misst meðvitund og minni af því höfuðhöggi, sem ég hlaut við áreksturinn.

Ég meiddist aðallega í andliti, fékk tvo skurði í andlit, sem saumaðir voru saman, og einnig fleiri sár. Einnig meiddist ég á hné. Ég fékk að fara heim eftir hádegi á sunnudag næsta eftir slysið, en lá rúmfastur heima í vikutíma eftir slysið. Ég var byrjaður að nema í Loftskeytaskóla Íslands, og gat ég ekki numið, á meðan ég lá. Jakkaföt og skyrta, sem ég var í, eyðilögðust við slys þetta.

Ég mun gera kröfu um bætur vegna þess skaða, sem ég hef orðið fyrir vegna slyss þessa, svo og þjáninga vegna meiðsla minni.

Ég finn ekki betur en ég sé nú orðinn nokkurn veginn jafngóður eftir slys þetta.

Yfirheyrslu lauk kl. 16.00.

Upplesið, staðfest.

Ögmundur Guðmundsson.

29/10 1964 kl. 10.10.

Þá er mættur á skrifstofu rannsóknarlögreglu Guðjón Ben Sigurðsson, Efstasundi 100, bílaviðgerðarmaður, f. 4/8 1947. Hann skýrir aðspurður svo frá áminntur um sannsögli:

Ég var farþegi í bílnum R 15815, er áreksturinn varð, sem hér um ræðir, og sat ég hægra megin í framsæti. Ökumaðurinn, sem kallaður er Kiddi, kom hægt að Bústaðavegi suður Réttarholtsveg. Kiddi stöðvaði svo til bílinn við gatnamótin og leit eftir umferð, og ég gerði það einnig. Ég sá ljós bíls, sem nálgaðist austur Bústaðaveg, en sá, að hann var svo langt frá, að mér fannst engin hætta stafa af því, að Kiddi æki áfram og reiknaði strax með, að Kiddi æki áfram. Ég gerði mér ekki grein fyrir því, hve hratt ljósin nálguðust, enda leit ég snöggt á þau. Ég veitti þeim svo ekki frekari athygli og man alls ekkert meira fyrr en uppi á Slysavarðstofu. Mig rámar þó aðeins í það, að ég var að skríða út úr bílnum og að ég varð var við glerbrot í sætinu, og minnir mig, að Kiddi beiddi mig að vera rólegan. Ég man alls ekkert annað frá slysstað. Ég vakna svo um kl. 07 um morguninn á Slysavarðstofunni.

Ég mun hafa marizt innvortis við slys þetta, og læknir telur, að hægra lunga hafi bólgnað. Ég hef fundið til í öxl og brjóstkassa og kviðarholi. Ég lá rúmfastur í hálfan mánuð eftir slysið, en ég byrjaði að vinna í gær. Ég er þó ekki orðinn jafn góður af meiðslum mínum ennþá.

Ég hafði ekki smakkað áfengi í umrætt sinn.

Ég mun gera kröfu um bætur vegna þjáninga og þess skaða, sem ég hef orðið fyrir vegna slyss þessa.

Upplesið, staðfest.

Kristján Sigurðsson lögreglum.“. Guðjón Ben Sigurðsson.

Þá hafa málsaðiljar og vitni komið fyrir dóm í máli þessu og greint þar frá málsatvikum.

Stefnandi, Ögmundur Heiðar Guðmundsson, hefur skýrt svo

frá fyrir dómi, að hann hafi verið að koma sunna úr Hafnarfirði að morgni hins 11. október 1964. Með honum í bifreiðinni hafi verið Bjarni Guðmundsson, bróðir hans, sem hafi verið ökumaður í umrætt sinn, og Kolbeinn Finnsson, þá til heimilis að Ásgarði 28, og hafi þeir verið á leið heim til Kolbeins. Stefnandi segir, að sig minni, að þeir hafi ekið upp Öskjuhlíðina og síðan beygt inn á Bústaðaveginn við gatnamót hans og Hafnarfjarðarvegar. Óku þeir síðan austur Bústaðaveg. Stefnandi kveðst hafa setið þvert í sætinu og hafi verið að ræða við Kolbein, sem sat í aftursætinu. Ekki kveðst hann geta sagt nákvæmlega um hraða bifreiðarinnar, en hann hafi ekki veitt honum neina sérstaka athygli. Stefnandi segir, að þeir muni samt hafa verið á „góðum" hraða, og kveðst hann halda, að þeir hafi verið í 3. hraðagír, en telur sig þó ekki geta fullyrt um það. Þegar þeir nálguðust gatnamót Réttarholtsvegar og Bústaðavegar, kveðst stefnandi hafa litið sem snöggvast fram, en rétt í sama mund hafi áreksturinn orðið milli bifreiðar þeirrar, sem stefnandi sat í, og bifreiðar, sem kom suður Réttarholtsveg. Stefnandi segir, að þegar hann leit við, hafi bifreiðin verið ca. 1—2 m fyrir framan bifreið hans. Við áreksturinn kveðst stefnandi hafa slasazt í andliti og á hné. Kom sjúkrabifreið á staðinn og flutti stefnanda á slysavarðstofuna, þar sem gert var að sárum hans. Stefnandi kveðst hafa fengið verk í kviðarholið eftir slysið, en síðar hafi sá verkur horfið. Eftir slysið kveðst stefnandi hafa legið 1 viku í rúminu á heimili sínu. Stefnandi segir, að við slysið hafi eyðilagzt nýleg föt, „betri föt". Hafi þau rifnað bæði á öxl og hné og blóð runnið í þau. Einnig hafi eyðilagzt ný nylonskyrta, sem kostaði kr. 550.00. Varðandi dskj. nr. 8 tekur stefnandi fram, að upphæðin kr. 6.525.00 sé sú upphæð, sem viðgerðin vegna árekstrarins hafi kostað. Fleira hafi verið gert við bifreiðina og hafi reikningur allrar viðgerðarinnar hljóðað upp á kr. 9.363.00, en ekki sé stefnt nema fyrir viðgerðinni vegna árekstrarins. Stefnandi segir, að nokkru áður en áreksturinn varð, hafi hann veitt veðrinu eftirtekt og hafi þá verið „bloti".

Vitnið Kolbeinn Finnsson hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að það hafi verið farþegi í bifreiðinni R 7827 að morgni 11. október 1964. Þeir hafi verið að koma sunnan úr Hafnarfirði. Veður hafi verið slydda og frekar lélegt skyggni. Vitnið kveðst hafa setið í aftursætinu hægra megin, en stefnandi hafi setið þversum í framsætinu og nokkru áður en slysið varð, hafi hann verið að tala við sig. Vitnið kveðst hafa verið að horfa út um framrúðuna, um

það leyti er slysið varð, en eigi kveðst það muna, hvort „vinnukonur" bifreiðarinnar voru í gangi. Stuttu áður en áreksturinn varð, kveðst vitnið hafa séð til hinnar bifreiðarinnar. Vitnið kveðst gizka á, að bifreiðin, sem þeir voru í, hafi verið á ca. 70 km hraða pr. klst. Ekki kveðst vitnið hafa veitt því athygli, í hvaða hraðagír bifreiðin var. Vitnið kveðst ekki hafa séð hina bifreiðina stanza við gatnamót Bústaðavegar, en hún hafi ekið þvert fyrir þá. Ökumaðurinn, Bjarni, hafi þá hemlað til að forðast árekstur, en árekstur hafi þá verið óumflýjanlegur og hafi bifreið þeirra lent á miðri hægri hlið hinnar bifreiðarinnar. Vitnið segir, að þegar áreksturinn varð, hafi verið „bloti" á jörðu. Vitnið kveðst hafa verið smávegis undir áhrifum áfengis, þegar áreksturinn varð.

Ökumaður bifreiðarinnar R 7827 í umrætt sinn, Bjarni Guðmundsson, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að um nóttina, er áreksturinn varð, hafi verið „bloti" og gengið á með krapaéljum, en ekki hafi verið snjór á götum. Hann minnir, að skyggni hafi verið gott. Hann kveðst hafa verið að koma sunnan úr Hafnarfirði og hafi hann verið að skila Kolbeini Finnssyni, sem var farþegi í bifreiðinni, heim til sín. Kveðst Bjarni hafa beygt af Hafnarfjarðarveginum beint inn á Bústaðaveginn og þegar hann nálgaðist gatnamót Réttarholtsvegar og Bústaðavegar, hafi hann verið á ca. 70 km hraða og verið með bílinn í 3ja hraðastigi, þ. e. hann ætlaði að beygja upp við næstu gatnamót austan Réttarholtsvegar. Ökumaður R 7827, Bjarni Guðmundsson, kveðst ekki hafa séð hinn bílinn fyrr en í þann mund, að áreksturinn varð. Hafi þá verið of seint að forðast árekstur, en hann kveðst hafa sleppt benzígjöf og hemlað, um leið og hann sá, að hinn bíllinn hélt áfram inn á götuna. Ítrekað aðspurður kveðst Bjarni ekki hafa verið á meiri hraða en að framan greinir. Hann segir, að gatan hafi verið blaut og laus í sér og auk þess hallað niður á við. Ökumaðurinn, Bjarni, kveðst vefengja mælingar götulögreglunnar, sem hann segir, að hafi verið framkvæmdar af einum manni með tommustokk, og kveðst hann telja, að bíllinn hafi ekki runnið svo langt í hemlum sem talið er, og kveðst telja mjög ónákvæmt að mæla hemlaför á þann hátt sem þarna var gert. Ökumaðurinn telur, að ekki hafi verið tími til að beygja til hliðar, hann hafi einungis hemlað.

Frímann Kristinn Sigmundsson, ökumaður bifreiðarinnar R 15815, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi verið að koma af dansleik á Selfossi og verið á leið niður á Bústaðaveg. Kveðst

hann hafa verið á hægri ferð, ca. 20—25 km hraða og í 2. hraðastigi, en bíllinn hafi verið „þrígíraður". Frímann kveðst hafa séð til hins bílsins í mikilli fjarlægð, en hann hafi verið með ljósum og auk þess dálítið farið að birta. Kveður Frímann göturnar hafa verið blautar. Hann kveðst hafa talið sér óhætt að fara út af Bústaðaveginum (sic), þar eð hinn bíllinn var svo langt undan. Telur hann hinn bílinn hafa verið nálægt gatnamótum Grensásvegar og Bústaðavegar, þegar hann ákvað að fara út af Bústaðaveginum (sic). Ökumaður R 15815, Frímann, kveður árekstur inn hafa orðið í einu vetfangi og það snöggt, að hann geti ekki gert sér grein fyrir nánari tilvikum. Hann kveðst eftir árekstur inn hafa gert sátt um 700 kr. sekt hjá sakadómara vegna árekstrarins.

Vitnið Guðjón Ben Sigurðsson hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að það hafi verið farþegi í bifreiðinni R 15815, er árekstur inn varð. Vitnið kveðst ekki hafa verið undir áhrifum áfengis, en þeir hafi verið á balli og hafi bragðað 3—4 sopa af áfengi, en vitnið ítrekar, að það hafi ekki fundið til neinna áfengisáhrifa. Þegar þeir komu að gatnamótunum, kveður vitnið þá hafa verið á hægum hraða, ca. 20—25 km á klukkustund, og kveðst vitnið þá hafa séð til hins bílsins langt undan. Hann hafi verið uppi á hæðinni, sem þarna sé á Bústaðaveginum. Vitnið kveðst hafa talið, að engin hætta stafaði af þessum bíl og því hafi það ekki veitt honum neina sérstaka athygli og ekki vitað fyrr en árekstur inn varð, en þá kveðst vitnið hafa misst meðvitund.

Komu þá fyrir dóminn á ný ökumenn bifreiðanna, Bjarni Guðmundsson og Frímann Sigmundsson, og voru þeir samprófaðir ásamt vitninu, en frekara samræmi náðist ekki.

Ökumaður R 7827 upplýsti, að hann hafi sætzt á 1.000 kr. sekt hjá sakadómara.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að ökumaður bifreiðarinnar R 15815 eigi alla sök á slysi þessu, þar sem hann virði eigi umferðarreglur og aki inn á aðalbraut, þó að hann sjái bifreið stefnanda nálgast.

Stefndi krefst hins vegar sýknu á þeim grundvelli, að stjórnandi bifreiðarinnar R 7827 eigi alla sök á árekstri þeim, sem mál þetta er risið af. Verksummerki sýni, að bifreiðinni hafi verið ekið á ofsahraða, vafalítið eitthvað yfir 100 km á klukkustund, í myrkri og dimmviðri. Ökumaður beri það, að hann hafi hemlað með fullu átaki, er hann hafi séð bifreiðinni R 15815 ekið

fram hjá biðskyldumerkinu við mót Réttarholtsvegar og Bústaðavegar. Samt hafi bifreiðin R 7827, sem sé af Volkswagentegund, ca. 700 kg. að þyngd, runnið áfram 38 m, unz hún hafi skollið á hægri hlið R 15815 af slíku afli, að sú bifreið hafi eyðilagzt og R 7827 stórskemmzt. Ef bætt sé við hemlaför R 7827 þeirri vegarlengd, sem ætla megi, að bifreiðin hafi runnið þann tíma, sem liðið hafi, frá því að ökumaður hafi tekið ákvörðun um að hemla, unz af hemluninni hafi orðið (viðbragðstímann), megi ætla, að bifreiðin hafi verið 60—70 m frá gatnamótunum, er bifreiðinni R 15815 hafi verið ekið fram hjá biðskyldumerkinu. Og enda þótt ökumaður R 15815 yki heldur ferðina (úr ca. 25 km á klst.), er inn á gatnamótin hafi komið, hafi bifreiðin samt ekki verið komin lengra en á miðjan Bústaðaveginn, er R 7827 hafi skollið á henni með þeim afleiðingum, sem fyrr greinir. Þess beri að gæta, að stjórnandi R 15815 hafi haft óhæga aðstöðu til þess að gera sér grein fyrir hinum ofsalega hraða R 7827, þar sem náttmyrkur hafi verið og bifreiðinni ekið með ljósum, svo sem getið hafi verið.

Áður en mál þetta var munnlega flutt, fóru dómari og lögmenn málsaðilja á vettvang og kynntu sér aðstæður. Í því sambandi skal tekið fram, að nokkuð há rimlagirðing er á horni Bústaðavegar og Réttarholtsvegar, og dregur hún verulega úr útsýn til Bústaðavegar, til hægri, þegar ekið er eftir réttarholtsvegi að Bústaðavegi, þannig að eigi gefur fullkomna hægri handar sýn til Bústaðavegar, fyrr en komið er svo til fast að honum.

Eins og málum hefur nú verið lýst, þykir ljóst, að báðir aðiljar eiga sök á umræddu slysi, eigandi og ökumaður R 15815 með því að aka fram hjá biðskyldumerki og inn á aðalbraut í veg fyrir bifreið stefnanda, R 7827, með þeim afleiðingum, að árekstur varð, en ökumaður bifreiðar stefnanda með því að aka langt yfir leyfðan hámarkshraða á götunni, þar sem áreksturinn átti sér stað, auk þess sem myrkur var og rigningarveður og því ekki góð akurstursskilyrði.

Þykir, þegar öll atvik eru virt, hæfilegt að skipta sök þannig, að stefndi beri ⅗ hluta sakar, en stefnandi sjálfur ⅖ hluta hennar.

Skulu nú hinir einstöku kröfuliðir athugaðir nánar.

Um 1. lið, kostnað við viðgerð á bifreið.

Þessi liður hefur verið lækkaður af hálfu stefnanda við munnlegan málflutning úr kr. 46.218.90 í kr. 43.693.90 og er þannig

breyttum ekki andmælt tölulega af hálfu stefnda. Verður því þessi liður tekinn til greina að fullu með framangreindri breytingu.

Um 2. lið, útlagðan kostnað vegna læknishjálpar og fatakaupa.

Gegn mótmælum af hálfu stefnda þykir stefnandi ekki hafa leitt að því næg rök, að hann hafi orðið fyrir tjóni á fötum sínum við umræddan bifreiðaárekstur, og þykja því ekki efni til að taka til greina þann hluta þessa kröfuliðs, sem lýtur að fatakaupum. Hins vegar hafa reikningar stefnanda á dskj. nr. 5 og 6 vegna læknishjálpar ekki verið vefengdir, og verða þeir því teknir til greina að fullu. Samkvæmt þessu verður því þessi kröfuliður tekinn til greina með kr. 500.00.

Um 3. lið, þjáninga- og lýtabætur.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið kröfunnar sem of háum Eins og áverkum og líðan stefnanda er lýst í gögnum málsins, sbr. sérstaklega vottorð Tryggva Þorsteinssonar læknis á dskj. nr. 4, þykir hæfilegt að taka þennan lið til greina með kr. 15.000.00.

Samkvæmt þessu telst tjón stefnanda, það er hér skiptir máli, nema alls kr. 59.193.90 (kr. 43.693.90 + 500.00 + 15.000.00). Þar frá dregst hlutur stefnanda sjálfs, kr. 23.677.56, og eru þá eftir kr. 35.516.34, sem stefnda ber að greiða stefnanda ásamt vöxtum, sem þykja hæfilega ákveðnir 7% ársvextir frá 11. október 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvextir frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 8.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ágúst Karl Sigmundsson, greiði stefnanda, Ögmundi Guðmundssyni, kr. 35.516.34 með 7% ársvöxtum frá 11. október 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 8.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 14. marz 1969.

Nr. 14/1969. **Sigurður Baldursson f. h. Hermanns Haraldssonar**
(Gunnar Jónsson hrl.)
gegn
Páli Pálssyni
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Handhafaskuldabréf. Traustnám.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. janúar 1969 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 30.550.00 ásamt 1% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 15.730.00 frá 25. júní 1966 til 25. júní 1967 og af kr. 30.550.00 frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í Hæstarétti.

Eftir gögnum máls þessa verður við það að miða, að áfrýjandi hafi fengið handhafaveðskuldabréf það, sem um er að tefla, framselt og öðlazt handhöfn þess grandlaus um óbærni Ingólfs Jónssonar til að ráðstafa því. Áfrýjandi heimti sjálfur afborganir og vexti af handhafaveðskuldabréfinu árin 1964 og 1965. Handhafaveðskuldabréfið, sem stefndi taldi glatað, var dæmt ógilt með héraðsdómi hinn 30. júní 1965. Að svo búnu heimti stefndi grandlaus um traustnámsrétt áfrýjanda til handhafaveðskuldabréfsins hinn 25. júní 1966 afborgun og vexti af því, samtals kr. 15.730.00. Að þessu athuguðu eru eigi efni til að dæma stefnda til að endurgreiða áfrýjanda þessa fjárhæð. Síðar á árinu 1966 fengu áfrýjandi og lögmaður hans pata af því, í hvert efni var komið um handhafaveðskuldabréfið. Ritaði lögmaður áfrýjanda þess vegna stefnda bréf hinn 5. september 1966 og tjáði honum,

að áfrýjandi væri löglegur handhafi handhafaveðskuldabréfsins. Stefndi hafði tilkynningu þessa að engu, en innheimti hinn 26. júní 1967 afborgun og vexti af handhafaveðskuldabréfinu, samtals kr. 14.820.00. Áfrýjandi skaut því næst téðum ógildingardómi, uppkveðnum 30. júní 1965, til Hæstaréttar með stefnu 17. júlí 1967. Hæstiréttur felldi með dómi, uppsögðum 13. nóvember 1967, ógildingardóminn úr gildi. Þrátt fyrir það þótt stefndi hefði hinn 26. júní 1967 hinn óáfrýjaða ógildingardóm í hendi, mátti hann eigi heimta afborgun og vexti þá af handhafaveðskuldabréfinu, þar sem honum var þá fullkunnugt um handhafa handhafaveðskuldabréfsins, sem ætla mátti, að hefði unnið traustnámsrétt til bréfsins og slökkt réttindi stefnda til þess. Að svo vöxnu máli verður að dæma stefnda til að endurgreiða áfrýjanda nefnda fjárhæð, kr. 14.820.00, ásamt 7% ársvöxtum frá 26. júní 1967 til greiðsludags.

Eftir atvikum ber að fella málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti niður.

Dómsorð:

Stefndi, Páll Pálsson, greiði áfrýjanda, Sigurði Baldurssyni f. h. Hermanns Haraldssonar, kr. 14.820.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 26. júní 1967 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. október 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 14. þessa mánaðar, hefur Hermann Haraldsson skrifstofumaður, Hátúni 4 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 11. desember 1967, á hendur Páli Pálssyni, Drápuhlíð 10 hér í borg, til greiðslu á kr. 30.550.00 með 1% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 15.730.00 frá 25. júní 1966 til 25. júní 1967 og af kr. 30.550.00 frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Við munnlegan flutning málsins var því lýst yfir af hálfu stefnanda, að hann

hefði með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum hinn 6. ágúst s.l., verið sviptur lögræði, en jafnframt var því lýst yfir, að skipaður lögráðamaður stefnanda, Sigurður Baldursson hæstaréttarlögmaður, hefði tjáð sig samþykkan rekstri máls þessa.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og jafnframt málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Á árinu 1958 seldi stefndi íbúð, er hann átti í húsinu nr. 76 við Miklubraut hér í borg. Var kaupandi Sigríður Helgadóttir, sem greiddi kaupverðið m. a. með veðskuldabréfi að fjárhæð kr. 130.000.00, sem hún gaf út til handhafa hinn 25. júní 1958. Skyldi veðskuldabréfið greiðast á tíu árum með jöfnum árlegum afborgunum, og voru gjalddagar hinn 25. júní ár hvert, í fyrsta sinn hinn 25. júní 1959. Var skuldin tryggð með II. veðrétti í greindri íbúð. Í desembermánuði 1958 fól stefndi Ingólfi nokkrum Jónssyni veðskuldabréf þetta til geymslu og innheimtu. Af því tilefni gaf Ingólfur stefnda svohljóðandi kvittun, sem dagsett er hinn 3. desember 1958: „Páll Pálsson hefir í dag fengið mér til geymslu bréf með veði í Miklubraut 76, fjárhæð eitt hundrað og þrjátíu þúsund krónur, sem hér með viðurkennist. Kr. 130.000.00. — Ingólfur Jónsson". Í byrjun októbermánaðar 1964 var hafin sakamálsrannsókn út af ætluðum fjárdrætti nefnds Ingólfs Jónssonar, þar á meðal á meðferð hans á greindu veðskuldabréfi. Við rannsókn þessa skýrði Ingólfur svo frá hinn 30. október, að hann hefði á árinu 1960 tekið við skuldabréfi að fjárhæð kr. 130.000.00, tryggðu með veði í íbúð að Miklubraut 74 og útgefnu af Sigurlaugu Helgadóttur, og hafi Páll Pálsson, Drápuhlíð 17, stefndi í máli þessu, afhent honum bréfið til geymslu og innheimtu. Kvaðst Ingólfur síðan hafa tekið við afborgunum og vöxtum af bréfinu og afhent Páli. Kvað hann eftirstöðvar bréfsins þá nema um kr. 40.000.00. Kvaðst Ingólfur telja þessa fjárhæð meðal skulda sinna, vegna þess að hann fyndi nú ekki bréfið. Kvaðst hann ekki muna til þess að hafa selt það eða látið það af hendi, og ekki kvaðst hann vita, hvar það þá væri niður komið. Við sakadómsrannsókn þessa skýrði stefndi svo frá hinn 25. nóvember 1964, að hann hefði á árinu 1958 selt íbúð, sem hann hefði átt á Miklubraut 76 hér í borg, Sigurlaugu Helgadóttur og hefði hún greitt verð íbúðarinnar m. a. með áðurgreindu skuldabréfi að fjárhæð kr. 130.000.00. Kvaðst stefndi gjarnan hafa viljað fá peninga út á bréfið og hafi sér verið bent á að snúa sér til Ingólfs Jónssonar. Kvaðst stefndi hafa talað við Ingólf og

hafi orðið úr, að hann tók við bréfinu og gaf stefnda um leið viðurkenningu fyrir viðtöku þess. Kveðst stefndi ekki vefengja það, að hann hefði litið svo á, að Ingólfur ætti að taka bréfið til geymslu og innheimtu fyrir hann. Hins vegar hafi hann haft það í huga, að Ingólfur seldi bréfið fyrir hann, ef hann gæti, og kvaðst hafa orðað það við hann, en hins vegar hafi Ingólfur átt að tala við stefnda, áður en hann gengi frá sölu bréfsins, þannig að stefndi væri samþykkur söluverðinu. Stefndi kvað Ingólf sér vitanlega aldrei hafa selt bréfið og kvað hann heldur ekki hafa skýrt sér frá því, að hann gæti selt það. Kvað stefndi bréfið síðan hafa verið hjá Ingólfi og hefði Ingólfur árlega greitt stefnda afborgun af bréfinu, kr. 13.000.00, ásamt 7% ársvöxtum af bréfinu. Kvað stefndi Ingólf hafa innt af hendi síðustu greiðsluna í júní eða júlímánuði þ. á., þ. e. 1964. Stefndi kvað bréfið enn eiga að vera í geymslu hjá Ingólfi, en gizkaði á, að um þrjú ár væru liðin, frá því að hann hefði síðast séð bréfið hjá honum. Kvaðst stefndi halda, að ógreiddar eftirstöðvar bréfsins næmu þá kr. 52.000.00. Er Ingólfi var kynntur framburður stefnda í þinghaldi daginn eftir, kvað hann framburðinn vera alveg réttan og breytti fyrri framburði sínum um viðskipti þeirra í samræmi við það. Kannaðist hann þar við yfirlýsingu þá, sem að framan greinir, sem yfirlýsingu, er hann hefði afhent stefnda, er stefndi hefði afhent honum umrætt veðskuldabréf til geymslu og innheimtu eða sölu, ef hann gæti. Er rannsóknardómarinn innti Ingólf eftir því í þinghaldi þessu, hvað orðið hefði af greindu veðskuldabréfi, kvaðst Ingólfur þá ekki vita, hvar bréfið væri niður komið. Kvaðst hann hljóta að hafa selt það eða ráðstafað því með öðrum hætti til einhvers annars manns eða aðilja og þá án samþykkis eða vitundar stefnda og síðan fénýtt sér andvirði bréfsins. Hinn 14. apríl 1965 fékk stefndi útgefna opinbera stefnu til ógildingar á framangreindu veðskuldabréfi. Hinn 30. júlí 1965 var á bæjarþingi Reykjavíkur kveðinn upp dómur í ógildingarmálinu. Var veðskuldabréfið með dómi þessum ógilt. Hinn 4. júlí 1965 gerði stefndi í máli því, sem af hálfu ákæruvaldsins hafði þá verið höfðað á hendur Ingólfi Jónssyni, kröfu á hendur Ingólfi um greiðslu á kr. 52.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. desember 1958 til greiðsludags. Um grundvöll fjárkröfu sinnar vísaði stefndi til framburðar síns í sakadómi hinn 25. nóvember 1964. Er Ingólfur Jónsson kom fyrir sakadóm Reykjavíkur hinn 30. desember 1965, kvaðst hann viðurkenna kröfu þá, sem stefndi hafði sett fram í sakadómi sem venjulega

skuld, en ekki sem fjárdráttarskuld. Ingólfur breytti nú jafnframt fyrri framburði sínum í málinu. Skýrði hann nú svo frá, að stefndi hafi ekki viljað hafa bréfið í fórum sínum, þar eð hann hafi ekki getað gert grein fyrir því í framtali sínu til skatts. Kvað hann stefnda hafa viljað, að hann, þ. e. Ingólfur, teldi bréfið fram til skatts sem sína eign, og jafnframt hafi stefndi viljað, að hann seldi bréfið eða skipti á því og öðru bréfi og greiddi stefnda árlega fjárhæð, sem svaraði til vaxta og afborgana af bréfinu eða alla fjárhæð bréfsins í einu, ef stefndi óskaði eftir því. Er stefnda var kynntur þessi breytti framburður Ingólfs í sakadómi Reykjavíkur hinn 12. janúar 1966, hélt stefndi fast við fyrri framburð sinn fyrir dóminum. Staðhæfði stefndi, að Ingólfur hefði ekki mátt selja bréfið eða ráðstafa því á annan hátt, nema hann, þ. e. stefndi, samþykkti söluna eða ráðstöfun bréfsins. Það samþykki kvaðst hann aldrei hafa veitt og kvaðst ekki vita til annars en að Ingólfur geymdi bréfið, enda hefði Ingólfur greitt honum reglulega afborganir og vexti af bréfinu fram á árið 1964. Við samprófun stefnda og Ingólfs Jónssonar í sakadómi hinn 23. febrúar 1966, skýrði stefndi frá því, að dómur væri genginn um ógildingu framangreinds skuldabréfs. Að gefnu tilefni frá rannsóknardómaranum skýrði Ingólfur nú frá því, að hann vissi, hvar veðskuldabréfið væri niður komið, og óskaði eftir að fá tveggja daga frest til að geta vitjað bréfsins og sýnt það í dóminum. Er rannsóknardómarinn spurði Ingólf að því, hvort bréfið hefði verið sett að handveði, kvað Ingólfur sér ókunnugt um, að svo væri. Hélt Ingólfur að öðru leyti fast við hinn breytta framburð sinn fyrir sakadómi, og stefndi hélt fast við það, sem hann hafði skýrt frá. Hinn 5. september 1966 ritaði lögmaður stefnanda stefnda bréf, þar sem hann skýrði stefnda frá því, að stefnandi máls þessa væri eigandi greinds veðskuldabréfs og hefði sjálfur tekið við greiðslu vaxta og afborgunar af skuldabréfinu hinn 28. júní 1965. Því væri að minnsta kosti skuldara bréfsins fullkunnugt um, hvar bréfið væri niður komið. Þar sem bréfið væri nú ónýtt vegna ógildingardómsins, kvað lögmaður ekki hjá því komizt að gera kröfu til þess, að stefndi sjálfur greiddi eftirstöðvar skuldabréfsins, kr. 39.000.00, ásamt áföllnum vöxtum af því svo og innheimtulaun. Skoraði lögmaður á stefnda að láta sig vita um afstöðu hans innan ákveðins frests. Í þinghaldi í sakadómi Reykjavíkur hinn 10. febrúar 1967 kemur fram, að lögmaður stefnanda hafi þá nýlega skýrt dómaranum frá því, að stefnandi hefði afhent lögmanninum framangreint skuldabréf

og væri bréfið enn í hans vörzlum. Í þinghaldi þessu skýrði stefnandi svo frá, að hann hefði keypt umrætt veðskuldabréf af Ingólfi Jónssyni. Ekki kveðst stefnandi muna, hvaða ár það var, en minnti, að eftirstöðvar bréfsins hefðu þá numið um kr. 90.000.00. Kvaðst hann hafa greitt Ingólfi andvirði bréfsins í reiðufé, en kvaðst ekki muna, hversu há fjárhæðin var. Kvað stefnandi Ingólf hafa boðið sér bréfið til kaups að fyrra bragði, og kvað hann ekkert hafa minnzt á það, hvort hann væri eigandi að bréfinu eða hann væri að selja það fyrir annan. Stefnandi kvaðst síðan hafa afhent lögmanni sínum skuldabréfið til innheimtu og kvað bréfið ennþá vera hjá honum. Er Ingólfi Jónssyni var kynntur framburður stefnanda, skýrði hann svo frá, að hann hefði selt stefnanda máls þessa veðskuldabréf það, sem stefndi hefði afhent honum. Kvaðst Ingólfur ekkert hafa sérstakt við framburð stefnanda að athuga annað en það, að hann teldi ólíklegt, að hann hefði selt stefnanda bréfið á árinu 1961, heldur muni það sennilega hafa verið á árinu 1963 eða 1964, en ekki kvaðst hann muna nánar um þetta. Ingólfur taldi sennilegt, að hann hefði fengið um 70% af upphæð veðskuldabréfsins, eins og eftirstöðvar þess voru, er hann seldi það, og hefði hann fengið upphæðina í reiðufé. Er stefnanda var kynntur þessi framburður Ingólfs Jónssonar í sakadómi, skýrði hann svo frá, að hann muni hafa fært það í bækur sínar, hvenær hann keypti bréfið af Ingólfi, og kvað sig minna, að viðskiptin séu innfærð á árinu 1960. Kvaðst hann geta gengið úr skugga um þetta með því að athuga bækur sínar. Ekki kvaðst stefnandi muna nánar um kaupverð bréfsins eða hvort það hefði verið selt á 70% miðað við eftirstöðvar þess eða á öðru verði. Í þinghaldi þessu sýndi stefnandi bók, sem hann kvaðst halda um viðskipti sín, og benti dómaranum á eina blaðsíðu, sem hann kvað varða kaup sín á veðskuldabréfi því, sem fjallað er um í máli þessu. Samkvæmt því hafði stefnandi keypt umrætt veðskuldabréf á árinu 1960 og hefðu eftirstöðvar bréfsins þá verið kr. 104.000.00. Við samprófun kvaðst Ingólfur ekki vilja rengja það, sem stefnandi hefði fært í bók sína, og að hann hefði selt bréfið árið 1960 og eftirstöðvar þess hefðu þá numið kr. 104.000.00. Að fengnu áfrýjunarleyfi, áfrýjaði stefnandi nú dómi þeim, sem gengið hafði á bæjarþingi Reykjavíkur um ógildingu framangreinds veðskuldabréfs. Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 13. nóvember 1967, var ógildingardómur bæjarþings Reykjavíkur úr gildi felldur. Stefndi tók við greiðslum afborgana og vaxta af veðskuldarbéfinu á

árunum 1966 og 1967. Í máli þessu krefur stefnandi stefnda um fjárhæðir þessar.

Kröfur stefnanda í máli þessu eru byggðar á því, að stefnandi hafi keypt umrætt veðskuldabréf af Ingólfi Jónssyni á árinu 1960 og hafi hann frá þeim tíma verið löglegur eigandi bréfsins. Stefndi hafi hins vegar fengið umrætt veðskuldabréf ógilt með dómi, án þess að lögmætur grundvöllur fyrir ógildingunni væri fyrir hendi, og hafi stefndi síðan tekið við tveimur afborgunum og vöxtum af bréfinu. Þessar fjárhæðir beri stefnda hins vegar að greiða stefnanda.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að stefnandi hafi í upphafi verið löglegur eigandi umrædds veðskuldabréfs. Bréf þetta hafi hann fengið greindum Ingólfi Jónssyni til vörzlu og hafi bréfið aldrei farið úr þeirri vörzlu með vitund og vilja stefnda, enda hafi Ingólfur greitt stefnda vexti og afborganir af bréfinu árið 1961, 1962, 1963 og 1964, eins og hann væri með skuldabréfið í höndum og hefði sjálfur tekið við greiðslum þessum frá skuldara. Er því mótmælt, að stefnandi hafi orðið löglegur eigandi bréfsins. Kemur fram í greinargerð stefnda, að hann telji sennilegt, að Ingólfur Jónsson hafi alla tíð haft bréfið í höndum, en af einhverjum ástæðum sent stefnanda máls þessa til að innkalla fyrir sig ársgreiðslu 1965 og síðan hafi það verið sameiginleg ákvörðun þeirra, að stefnandi skyldi teljast eigandi bréfsins langt aftur í tímann. Er bent á það í þessu sambandi af hálfu stefnda, að það hafi verið, eftir að Ingólfur Jónsson hafi verið orðinn laus úr gæzluvarðhaldi, sem hann hafi breytt fyrri framburði sínum varðandi veðskuldabréfið. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að stefnandi hafi eigi verið í góðri trú, er hann fékk bréfið í hendur, þar sem hann hafi ekki grenslazt fyrir um það, hvort Ingólfur Jónsson væri eigandi bréfsins eða hvort hann væri að selja það fyrir annan.

Stefnandi hefur borið það fyrir sakadómi Reykjavíkur, að hann hafi keypt umrætt veðskuldabréf af Ingólfi Jónssyni á árinu 1960 og hafi Ingólfur ekkert minnzt á það, hvort hann væri eigandi bréfsins eða væri að selja það fyrir annan. Ekki kemur fram, að stefnandi hafi innt Ingólf eftir þessu. Samkvæmt yfirlýsingu Guðjóns Styrkárssonar hæstaréttarlögmanns, sem lögð hefur verið fram í málinu og eigi hefur sætt neinum andmælum, greiddi hann á árunum 1962 og 1963 afborganir og vexti af greindu veðskuldabréfi fyrir hönd þáverandi eigenda hinnar veðsettu eignar, sem eignazt höfðu hana á árinu 1962.

Kveður Guðjón Ingólf Jónsson hafa sótt greiðslur þessar til sín. Guðjón kveður Hermann Haraldsson, Hátúni 4, munu hafa tilkynnt sér símleiðis á árunum 1964 og 1965, að hann væri handhafi bréfsins, og óskað eftir, að greiðsla væri send sér. Kveður Guðjón það hafa verið gert og kveður Hermann hafa kvittað á bréfið. Á árunum 1966 og 1967 kveður Guðjón Pál Pálsson, Drápuhlíð 19, hafa innheimt greiðslur af bréfinu og hafi Páll haft í höndum ógildingardóm um veðskuldabréfið. Þrátt fyrir áskorun lögmanns stefnda, sem fram kom í greinargerð hans, hefur stefnandi eigi komið fyrir dóm til að gefa skýrslu.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, þykir ekki unnt að leggja til grundvallar gegn andmælum stefnda, að stefnandi hafi keypt greint veðskuldabréf af Ingólfi Jónssyni á árinu 1960, og eigi þykir heldur unnt að leggja til grundvallar, að stefnandi hafi verið grandlaus um rétt Ingólfs til ráðstöfunar bréfsins, er kaupin fóru fram. Verður stefnandi því eigi talinn lögmætur handhafi bréfsins. Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda í máli þessu.

Þegar öll málsatvik eru virt, þá þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Páll Pálsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Hermanns Haraldssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 19. marz 1969.

Nr. 118/1968. **Guðmundur Albertsson og Hörður G. Albertsson vegna firmans G. Albertsson**
(Árni Stefánsson hrl.)
gegn
Útgerðarstöð Guðmundar Jónssonar
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Samningar. Fiskverzlun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 23. febrúar 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. febrúar 1968. Það áfrýjunarmál var fellt niður hinn 5. júní 1968 vegna útivistar áfrýjanda, sem áfrýjaði af nýju með stefnu 28. júní 1968. Áfrýjandi gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 130.741.95 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júní 1961 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðmundur Albertsson og Hörður G. Albertsson vegna firmans G. Albertsson, greiði stefnda, Útgerðarstöð Guðmundar Jónssonar, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 9. nóvember 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, höfðaði Útgerðarstöð Guðmundar Jónssonar, Sandgerði, fyrir sjó- og verzlunardómi með utanréttarstefnu, birtri 9. apríl 1962. Endanlegar kröfur stefnanda eru þær, að Guðmundur Albertsson, Miðtúni 4, og Hörður Albertsson, Litlagerði 4, báðir hér í borg, vegna firmans G. Albertsson verði dæmdir til að greiða skuld að fjárhæð kr. 85.579.97 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júní 1961 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Með gagnstefnu, útgefinni 7. desember 1962, höfðaði stefndi gagnsök á hendur stefnanda til greiðslu á kröfu að fjárhæð kr. 130.741.95 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júní 1961 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu af kröfum gagnstefnanda í gagnsökinni og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Aðalstefnandi kveður hina umstefndu skuld í aðalsök vera eftirstöðvar af andvirði þunnilda og fiskimjöls, sem aðalstefndi hafði keypt af honum um vorið 1961, samtals að fjárhæð kr. 486.509.12. Hafi aðalstefndi reynzt ófáanlegur til að greiða umræddar eftirstöðvar.

Gagnstefnandi lýsir málsatvikum gagnsakar á þá leið, að með samningi, dags. 24. febrúar 1961, hafi aðalstefnandi selt honum 100 tonn af þorskmjöli, ætlað fyrir vestur-þýzkan markað. Með samningi, dags. 4. marz 1961, hafi aðalstefndi selt honum 200/250 tonn af þorskmjöli, ætluðu fyrir markað í Svíþjóð. Upp í þessa samninga hafi aðalstefnandi ekki fengizt til að afhenda nema 45.320 kg. af fiskimjölinu. Um leið og hann hafi gert samningana við aðalstefnanda, hafi hann einnig gert samninga við innflytjendur í hlutaðeigandi löndum um kaup á því. Hinir erlendu kaupendur kröfðust þess, að hann afhenti þeim umsamið magn, og varð hann því að gera kaup á því magni, sem á vantaði, annars staðar á hækkuðu verði. Kaupverðið á viðbótarfiskimjölinu var kr. 216.321.92 hærra heldur en verðið á hinu umsamda magni, sem ekki fékkst afhent frá aðalstefnanda. Telur gagnstefnandi sig eiga skaðabótakröfu á hendur aðalstefnanda vegna þessara vanefnda hans á hinum gerðu samningum. Er krafa hans í gagn-

sökinni fjárhæð kaupverðs viðbótarfiskimjölsins að frádregnum kröfum aðalstefnanda í aðalsökinni.

Eins og málsatvikum er háttað, þykir henta að afgreiða báðar sakir í einu lagi.

Meginskiptin varðandi viðskipti aðiljanna um framangreint efni fór fram milli Harðar Albertssonar og Jónasar Guðmundssonar af hálfu aðalstefnanda. Verða framburðir þeirra hér fyrir dómi nú raktir:

Jónas Guðmundsson, sonur aðalstefnanda og starfsmaður í útgerðarfélagi hans, skýrði svo frá, að um miðjan febrúar 1961 hafi gagnstefnandi átt tal við sig og látið í ljós áhuga á því að kaupa fiskimjöl af framleiðslu verksmiðjunnar í Sandgerði. Hafi þeir rætt þetta nokkuð, og kvaðst hann meðal annars hafa sagt gagnstefnanda, að þegar hefðu verið gerðir samningar við Ólaf Gíslason & Co. um sölu á 300 tonnum af framleiðslu 1961. Hins vegar stæðu vonir til þess, að vertíðarframleiðsla verksmiðjunnar yrði að minnsta kosti tvöfalt það magn, þ. e. yfir 600 tonn, og þætti sér því líklegt, að hann (gagnstefnandi) gæti fengið eitthvað af mjöli, ef hann gæti boðið betra verð en Ólafur Gíslason & Co., sem annars væri aðalkaupandi að mjöli verksmiðjunnar.

Í framhaldi af þessu hafi gagnstefnandi sent aðalstefnanda þann 24. febrúar 1961 tilboð í 100 tonn af fiskimjöli við verði, sem nam 13s od per einingu protein per 1.000 kg., greitt í 65% protein, cif. Vestur-Þýzkaland. Umboðslaun 2%.

Um þetta leyti, eða í lok febúar 1961, var ljóst orðið, að framleiðsla verksmiðjunnar yrði ekki eins mikil og ráð var fyrir gert í fyrstu. Til þess hafi komið ýmsar ástæður, m. a. þær, að fyrirhugaðir samningar við h/f Miðnes um kaup verksmiðjunnar á fiskúrgangi tókust ekki, kaup á fiskúrgangi frá Hraðfrystihúsi Gerðabátanna lögðust niður, og tveir af bátum fyrirtækisins stunduðu síldveiðar lengur en ráð var fyrir gert. Af þessu hafi leitt, að forsendur til samninga við gagnstefnanda um mjölsölu brustu að mestu, enda hafi tilboð hans frá 24. febrúar 1961 aldrei verið samþykkt. Gagnstefnandi hafi þó ekki látið við svo búið standa, heldur hafi hann sent nýtt tilboð, dagsett 4. marz 1961, um kaup á 200/250 tonnum af fiskimjöli og þá boðið lítið eitt hærra verð en áður, eða 13s 3d, en skilmálar að öðru leyti verið sömu.

Á þessum tíma hafi markaðsverð á fiskimjöli verið stígandi og því hafi ekki þótt ástæða til að samþykkja síðara tilboðið

fremur en hið fyrra, enda ljóst, að aldrei fengist svo mikið hráefni til verksmiðjunnar á þeirri vertíð, að hægt yrði að framleiða mjöl, er nægði í svo stóran samning.

Jónas kvaðst hvorki hafa annazt endanlegar samningagerðir né skrifað undir samninga fyrir aðalstefnanda, enda hafi hann ekki haft umboð til þess. Hins vegar hafi hann oft annazt viðræður við viðskiptamenn aðalstefnanda viðvíkjandi samningaumleitunum. Hann kvaðst hafa lagt framangreind samningsuppköst frá gagnstefnanda fyrir aðalstefnanda til samþykktar, en hann hafi ekki viljað samþykkja þau. Kvaðst hann og hafa litið á þau skjöl sem kauptilboð, sem samþykkja þyrfti af aðalstefnanda.

Hann kvað það ekki hafa verið venju gagnstefnanda að senda skriflega samninga í fyrri viðskiptum aðilja. Hafi fyrirtæki aðalstefnanda aldrei átt viðskipti við gagnstefnanda um kaup á fiskimjöli. Einu viðskipti fyrirtækis aðalstefnanda við gagnstefnanda hafi verið sala á söltuðum þunnildum, en í litlu magni, 10—15 tonn í hvert sinn, að því er hann minnti.

Hann kvað allar sölur fyrirtækis aðalstefnanda fara fram eftir skriflegum samningum nema sölur til samtaka, sem fyrirtækið sé aðili að. Frá þessu geti þó verið undantekningar, ef um mjög lítið magn sé að ræða, samanber sölu á þunnildum til gagnstefnanda, þar sem ekki voru gerðir skriflegir samningar.

Jónas kvað Hörð Albertsson oft hafa talað við sig í síma frá seinni hluta febrúar fram í apríl 1961. Kvaðst hann ekki telja, að Hörður hafi nokkra ástæðu til að álykta, að samningar væru komnir á með aðiljum. Í samtölum þessum hafi Hörður aldrei talað svo, að hann ætti einhverjar kröfur á hendur aðalstefnanda vegna samninga, sem orðið hefðu þeirra á milli. Heldur hafi Hörður talað um framleiðslu almennt á fiskimjöli og hafi hann viljað fá mjöl keypt, ef framleiðsla ykist. Hafi komið fram í samtölum þeirra, að yrði mikil framleiðsla umfram samninga við Ólaf Gíslason & Co, þá hefði verið möguleiki á, að samningar hefðu getað tekizt milli aðilja um sölu á fiskimjöli.

Hann kvaðst ekki vita um samninga aðalstefnanda við Ólaf Gíslason & Co. Þá hafi aðalstefnandi gert í Reykjavík. Minnti hann, að framleiðsla verksmiðju aðalstefnanda á fiskimjöli á vetrarvertíð 1961 hafi verið rúm 400 tonn. Tók hann fram, að fyrirtæki aðalstefnanda hefði aldrei gert samninga um sölu á fiskimjöli, nema hafa í þeim fyrirvara um veiði. Aðalástæðuna fyrir því, að ekki voru gerðir samningar við gagnstefnanda um

sölu á fiskimjöli, kvað hann hafa verið þá, hve lítið var framleitt af fiskimjöli, en ekki aðallega óánægja með verðtilboð gagnstefnanda. Hann kvaðst í fyrsta símtali sínu og gagnstefnanda hafa sagt honum, að því aðeins gæti komið til greina með samninga, að hann gæti greitt hærra verð en samningar við Ólaf Gíslason & Co. hljóðuðu upp á.

Það, sem síðar hafi gerzt, hafi verið það, að hinn 7. apríl 1961 hafi m/s Hvassafell komið til hafnar í Keflavík í þeim tilgangi að lesta mjöl frá ýmsum aðiljum á vegum gagnstefnanda. Við lestun á mjöli þessu hafi komið í ljós, að stórlega hafi vantað upp á fyrirhugað magn. Gegnstefnandi eða Hörður hafi þá komið til sín og farið þess á leit, að hann léti af hendi mjöl, þannig að hægt væri að fylla það farrými, sem gagnstefnandi ætti í skipinu. Þennan dag hafi aðalstefnandi verið í Reykjavík og því hafi hann tekið á sig að gera gagnstefnanda þann greiða að afhenda í skipið það, sem talið var vanta, eða 20 tonn. Síðan líður dagur þessi til kvölds. Um það leyti sem vinnutíma var lokið, hringdi stýrimaður skipsins og bar upp vandræði sín þess efnis, að enn vantaði stórlega upp á farm skipsins og það gæti ekki látið úr höfn, fyrr en ráðin væri bót á því. Hafi stýrimaðurinn ekki getað náð í gagnstefnanda eða Hörð og því hafi hann beðið sig að hlaupa udir bagga, þar sem hann hefði áður brugðizt svo vel við. Hafi hann orðið við þessari beiðni stýrimannsins og kallað út menn sína og látið þá vinna við það í eftirvinnu að skipa út rúmum 25 tonnum í viðbót. Hafi hann og ekki haft neitt samband við gagnstefnanda eða Hörð þetta varðandi. Hafi sér skilizt á stýrimanninum, að ástæðan fyrir því, að hann gæti ekki látið úr höfn, væri sú, að búið væri að ganga frá farmskírteinum og þar mundi hafa staðið magn það, sem í skipið átti að fara. Hér hafi alls ekki verið um að ræða afhendingar upp í gerða samninga, heldur afgreiðslur umfram samningsskyldu, inntar af hendi í greiðaskyni við gagnstefnanda. Þótt hann hafi ekki haft um þetta samband við gagnstefnanda eða Hörð, þá hafi hann haft í huga, að á samningstilboðum þeim, sem borizt höfðu frá gagnstefnanda, hafi verið um svipað eða sama verð að ræða og verðið í samningum við Ólaf Gíslason & Co. og hafi það verið almennt verð á þessu tímabili.

Að liðnum nokkrum dögum hafi hann haft samband við gagnstefnanda og innt hann eftir því, hvað liði greiðslu fyrir umrætt mjöl. Hafi gagnstefnandi sagzt skyldu greiða til Landsbankans strax næsta dag. Fylgzt hafi verið með því, hvort það gengi eftir,

en svo varð ekki, hvorki næsta dag né heldur næstu vikur þar á eftir. Seint í apríl 1961 hafi hann og gagnstefnandi átt símtal saman. Hafi gagnstefnandi þá spurt, hvað liði samþykki á tilboðum þeim, er hann hefði áður sent. Kvaðst Jónas þá hafa svarað, að ekki kæmi til frekari mjölsölu til gagnstefnanda, enda hefði þegar verið samið um sölu á öllu mjöli, framleiddu á þeirri vertíð, til Ólafs Gíslasonar & Co. Hafi gagnstefnandi þá borið sig illa og sagzt hafa orðið fyrir stórum skakkaföllum, vegna þess að sér hefði brugðizt mjöl svo víða, m. a. 1.800 tonn í Vestmannaeyjum einum, og gæti hann því ekki staðið í skilum við viðskiptamenn sína erlendis. Af hálfu gagnstefnanda hafi verið leitað eftir því, að fyrirtækið Ólafur Gíslason & Co. yrði fengið til þess að afsala til gagnstefnanda samningi, sem gerður hafi verið 11. apríl 1961, en til slíkra umleitana hafi ekki komið.

Hörður Albertsson, sonur gagnstefnanda, hefur skýrt svo frá, að seint í febrúar 1961 hafi gagnstefnanda borizt ósk frá umboðsmanni sínum í Vestur-Þýzkalandi um að fá tilboð um sölu á ákveðnu magni af þorskmjöli. Hafi hann þá hringt í Jónas Guðmundsson, en aðalstefnandi hafi áður verið búinn að skýra gagnstefnanda frá því, að Jónas hefði með að gera sölu á þorskmjöli hans. Í þessu samtali hafi Jónas gefið gagnstefnanda fast tilboð um sölu á 100 tonnum af þorskmjöli 13s 0d pr. einingu protein per 1.000 kg., greitt í 65% protein, cif í höfn í Vestur-Þýzkalandi (Bremen). Þetta tilboð hafi strax verið símað til umboðsmannsins í Þýzkalandi. Hafi samþykki hans borizt daginn eftir. Strax eftir móttöku samþykkisins hafi Hörður hringt til Jónasar og tilkynnt honum samþykki gagnstefnanda á tilboði hans frá deginum áður og að skriflegur samningur yrði strax sendur í pósti, eins og venja væri. Í apríl 1961 hafi aðalstefnandi afhent upp í samning þennan 20.200 kg. að verðmæti cif kr. 72.119.36.

Í byrjun marz 1961 hafi gagnstefnanda borizt ósk frá umboðsmanni sínum fyrir Svíþjóð um að fá tilboð um sölu á ákveðnu magni af þorskmjöli. Hörður hafi þá hringt til Jónasar og í því samtali hafi Jónas gefið fast tilboð um sölu á 200/250 tonnum af þorskmjöli á 13s 3d per einingu protein per 1.000 kg., greitt í 65% protein, cif Svíþjóð. Þetta tilboð, sem var hluti af miklu meira magni, hafi strax verið símað til umboðsmannsins fyrir Svíþjóð og hafi samþykki hans borizt um hæl. Strax eftir móttöku samþykkisins hafi Hörður hringt til Jónasar og tilkynnt honum samþykki gagnstefnanda á tilboðinu um sölu á 200/250 tonnum af þorskmjöli og að skriflegur samningur yrði strax

sendur í pósti, eins og venja væri. Í aprílmánuði 1961 hafi aðalstefnandi afhent upp í þennan samning 25.120 kg. að verðmæti cif. kr. 90.314.45.

Hörður kvað slík viðskipti, sem hér um ræðir, almennt ganga þannig fyrir sig, að tilboðin séu gefin og samþykkt í símtölum, svo sé það venja, eftir að munnlegur samningur hefur þannig komizt á, að fyrirtæki gagnstefnanda sendi skriflega staðfestingu gerningsins. Hér umræddir samningar aðilja hafi orðið til á nákvæmlega sama hátt. Hann kvað hið venjulega vera, að samningurinn sé endursendur áritaður af seljanda. Hann kvað þó nokkuð algengt vera, að seljendur endursendi ekki samningana, en það séu yfirleitt sömu mennirnir, sem viðhafi þá reglu. Þó geti komið fyrir, að fyrirtæki gagnstefnanda sendi ekki skriflega samninga, en það sé í þeim tilvikum, að efndir eða afhending vörunnar eigi sér stað strax eftir samningsgerðina í símtali. Þessir viðskiptahættir gildi jafnt hvort heldur um mikið magn eða lítið sé að ræða. Aðalstefnandi hafi nálega aldrei endursent samningana undirritaða, þá er viðskipti hafi átt sér stað þeirra í millum, en þó talið þá gilda og efnt þá.

Hörður kvað þá Jónas Guðmundsson oft hafa talazt við í síma, eftir að umræddir samningar hafi verið komnir á milli aðilja. Í símtölum þessum hafi það legið ljóst fyrir, að samningar hafi verið gerðir þeirra í milli, og það samningar, sem báðir aðiljar hafi verið ánægðir með.

Varðandi afskipunina 7. apríl 1961 kvað Hörður fyrst hafa verið skipað út fiskimjöli í strigapokum í stað pappírspoka, en það sé skilyrði fyrir innflutningi á fiskimjöli til Þýzkalands, að það sé í pappírspokum. Samningar aðilja hafi hljóðað upp á 100 tonn, sem afhendast skyldu í marz 1961. Samningurinn upp á 200/250 tonn skyldi afhendast síðar og það allt í strigapokum. Við afskipunina 7. apríl hafi það ekki skipt máli, þótt strigapokamjölið færi með skipinu, en nauðsynlegt hafi verið að fá í skipið pappírspokamjölið, þar sem afgreiðslutími þess var kominn í eindaga. Hörður kvaðst sjálfur hafa gengizt í það að fá pappírspokamjölið um borð í skipið og hafi Jónas strax afhent pappírspokamjölið, þegar hann hafði sagt honum, að honum hefði orðið þau mistök á að láta ekki pappírspokamjölið í skipið. Hafi þetta gerzt, eftir að verkamenn voru hættir vinnu við skipið. Hann kvaðst áður hafa haft samband við skipadeild S. Í. S. og sagt þeim frá mistökum þeim, sem orðið hefðu við útskipunina. Jafnframt kvaðst hann hafa sagt þeim, að leiðréttingin

væri á leiðinni og hafi hann beðið þá að hafa samband við skipstjóra eða stýrimann á vakt, til þess að leiðréttingin gæti gengið sem bezt fyrir sig og þeir gerðu skipið ekki sjóklárt, áður en leiðréttingin væri komin. Hafi Jónas með þessari afhendingu verið að uppfylla samningsskyldur, en ekki gert þetta í neinu greiðaskyni. Kvaðst Hörður aldrei hafa fengið ástæðu til að ætla, að aðalstefnandi hugði til að vanefna samningana fyrr en síðari hluta apríl 1961. Hann gat þess, að gagnstefnandi hafi, áður en hér umrædd viðskipti áttu sér stað, átt þau viðskipti við aðalstefnanda, að hann hafi keypt af honum söltuð þunnildi.

Aðalstefnandi byggir kröfur sínar í málinu á því, að engir samningar hafi komizt á milli aðilja um sölu á margnefndu magni af þorskmjöli til gagnstefnanda. Gagnstefnandi hafi í símtölum við Jónas sýnt vilja í þá átt að kaupa þorskmjöl af aðalstefnanda af afla vetrarvertíðar 1961 og nokkrar umræður hafi átt sér stað það varðandi. Hins vegar hafi aðalstefnandi ekki viljað binda sig um það, enda alls óvíst um það, hver afli yrði, jafnframt því, um hve mikið magn var að ræða, sem gagnstefnandi vildi kaupa, verðlag hafi verið hækkandi á þorskmjöli og þegar hafi verið samið um sölu á þorskmjöli til annars aðilja. Af þessum sökum hafi aðalstefnandi ekki samþykkt þau samningsuppköst, sem gagnstefnandi hafi sent honum hinn 24. febrúar og 4. marz 1961. Mjöl það, sem aðalstefnandi hafi látið til gagnstefnanda til lestunar í m/s Hvassafell hinn 7. apríl 1961, hafi á engan hátt verið til efnda á samningnum við gagnstefnanda um sölu á þorskmjöli, heldur einungis gert í greiðaskyni við hann, þar sem hann hafi vantað mjöl til fyllingar á farrými því, sem hann hafi átt í skipinu.

Kröfur gagnstefnanda í málinu eru studdar þeim rökum, að samningar hafi komizt á með aðiljum hinn 24. febrúar 1961 og 4. marz 1961 um sölu aðalstefnanda til gagnstefnanda á fyrrgreindu magni af þorskmjöli. Í símtölum hafi komið fram tilboð af hálfu aðalstefnanda um verð og magn og hafi þeim tilboðum verið tekið af gagnstefnanda. Í beinu framhaldi þar af hafi gagnstefnandi sent aðalstefnanda skriflega samninga, svo sem venja gagnstefnanda hafi verið. Þessa skriflegu samninga hafi aðalstefnandi að vísu ekki endursent með undirritun sinni, enda mjög algengt, að seljendur geri ekki slíkt, og svo hafi aðalstefnandi ekki gert í fyrri viðskiptum aðilja, en efnt þá eigi að síður. Gagnstefnandi hafi því fullkomlega treyst því, að aðalstefnandi stæði við samningana, enda hafi hann og afhent upp í þá nokkurt

magn hinn 7. apríl 1961. Enn fremur hafi hann gert allar ráðstafanir, sem nauðsynlegar voru vegna mjölkaupanna, svo sem útvegun útflutningsleyfa o. fl. Aðalstefnandi gaf og gagnstefnanda aldrei annað í skyn í síðari samtölum en að samningar hefðu komizt á. Bar honum því skylda til að tilkynna gagnstefnanda um það, að hann teldi enga samninga hafa verið gerða, þar eð honum mátti vera ljóst, að gagnstefnandi taldi samninganna hafa komizt á með aðiljum.

Gagnstefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

100.000 kg. keypt á gangverði við afskipun, 16s 0d	£ 5.032.0.0	
Sama magn samkvæmt samningi við aðalstefnanda á 13s 3d	£ 4.167.2.6	
Mismunur	£ 864.17.6	
á gengi 106/03		kr. 91.702.70
17.500 kg. keypt á gangverði við afskipun, 17s 0d	£ 966.17.6	
Sama magn samkvæmt samningi við aðalstefnanda á 13s 3d	£ 753.12.0	
Mismunur	£ 213. 5.6	
á gengi 106/12		— 22.632.74
100.000 kg. keypt á gangverði við afskipun, 17s 0d	£ 5.270.0.0	
Sama magn samkvæmt samningi við aðalstefnanda á 13s 3d	£ 4.306.10.0	
Mismunur	£ 963.10.0	
á gengi 105/85		— 101.986.48
		Kr. 216.321.92
Þar frá dregst krafa aðalstefnanda í aðalsökinni		— 85.579.97
Kemur þá út stefnukrafa gagnstefnanda í gagnsökinni		kr. 130.741.95

Gagnstefnandi hefur lagt fram í málinu þrjú utanréttarvottorð þriggja fiskvinnslustöðva við Faxaflóa, Fiskimjöls h/f, Njarðvík, Fiskiðjunnar s/f, Keflavík, og Síldar- og fiskimjölsverksmiðju Akraness h/f. Í vottorðum þessum, sem öll eru samhljóða, segir,

að aðiljar þessir hafi á árunum 1956—1963 selt gegnum firma gagnstefnanda allnokkuð magn af fiskimjöli. Kveða þeir aðdraganda að samningsgerð nær undantekningarlaust hafa verið þannig, að tilboð og samþykki eigi sér stað í símsamtölum. Venjulegast sé, að útflytjandinn fái tilboð frá framleiðandanum og tilkynni honum síðan í símsamtali samþykki eða gagntilboð kaupandans. Sé um samþykki að ræða, sendi útflytjandinn skriflega staðfestigu gerningsins í tvíriti. Kveða aðiljar þessir sig sjaldan endursenda undirritað annað eintak hinnar bréflegu staðfestingar, þar sem þeir telji munnleg loforð jafnskuldbindandi og skrifleg.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan, eru ekki aðrir til frásagnar um viðræður varðandi kaup gagnstefnanda á umræddu magni af þorskmjöli af aðalstefnanda en þeir Jónas Guðmundsson og Hörður Albertsson, og er þar um að ræða staðhæfingu gegn staðhæfingu um þær viðræður. Telja verður gagnstefnanda bera sönnunarbyrði um það, að samningar hafi komizt á með aðiljum um kaup hans á margnefndu magni af þorskmjöli. Gagnstefnandi sendi aðalstefnanda skrif, sem bera yfirskriftina „Samningur um þorskmjöl", annað dagsett 28. febrúar 1961, en hitt 4. marz s. á., svo sem áður greinir. Í skjölum þessum voru öll þau atriði, sem vörðuðu kaup gagnstefnanda á umræddu þorskmjöli, svo sem verð, afskipun, greiðslu o. fl. Skjöl þessi sendi gagnstefnandi undirrituð sem kaupandi, hins vegar endursendi aðalstefnandi aldrei skjöl þessi né undirritaði. Gagnstefnandi sótti um útflutningsleyfi fyrir 1.400 tonnum af þorskmjöli, sem hann gat í umsókn, að seld yrðu til Svíþjóðar, og voru framleiðendur á ýmsum útgerðarstöðum á landinu, þ. á m. frá Sandgerði 2/250 tonn. Báðar umsóknir þessar voru sendar viðkomandi ráðuneyti í marz 1961. Þá er því ómótmælt, að gagnstefnandi hafi gert samninga við erlenda aðilja um sölu á margnefndu magni af þorskmjöli. Þrátt fyrir þessar aðgerðir gagnstefnanda og að aðiljar höfðu ekki áður átt viðskipti saman um þorskmjöl, þá þykir gagnstefnandi eigi gegn mótmælum aðalstefnanda hafa fært að því nægar sönnur, að samningar hafi tekizt með aðiljum um kaup gagnstefnanda á margnefndu magni af þorskmjöli frá aðalstefnanda, svo að bindandi var fyrir hann. Verður ekki talið, að sala hans á magni því, sem afhent var í m/s Hvassafell hinn 7. apríl 1961, hafi af hans hálfu verið efndir á samningi. Samkvæmt þessu ber að sýkna aðalstefnanda af kröfum gagnstefnanda í gagnsökinni, en rétt þykir að málskostnaður í þeirri sök falli niður.

Svo sem fram kemur af gögnum málsins, hefur gagnstefnandi viðurkennt kröfu aðalstefnanda í aðalsökinni, sem verður því tekin til greina með vöxtum, eins og krafizt er, þó þannig, að hæð þeirra frá 1. janúar 1965 til 1. janúar 1966 ákveðst 6 af hundraði. Í þeirri sök ber að dæma gagnstefnanda til að greiða málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 15.000.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Guðmundi Skaftasyni viðskiptafræðingi og Hafsteini Bergþórssyni, fyrrverandi forstjóra.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði gagnstefnandi, Guðmundur Albertsson og Hörður Albertsson vegna firmans G. Albertsson, aðalstefnanda, Útgerðarstöð Guðmundar Jónssonar, kr. 85.579.97 með 7% ársvöxtum frá 1. júní 1961 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 15.000.00 í málskostnað.

Í gagnsök á aðalstefnandi að vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, en málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. marz 1969.

Nr. 22/1969. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Sigrúnu Jónsdóttur
(Rannveig Þorsteinsdóttir hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa komið fyrir sakadóm og borið vætti Bertram Henry Möller lögreglumaður, er hand-

tók ákærðu, og Arnþór Ingólfsson lögregluvarðstjóri, sem framkvæmdi rannsókn á máli hennar. Koma skýrslur lögreglumannanna heim við atvikalýsingu héraðsdóms. Samkvæmt þessu og forsendum nefnds dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að svipta ber ákærðu ökuleyfi ævilangt.

Ákærða greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærða, Sigrún Jónsdóttir, er svipt ökuleyfi ævilangt. Að öðru leyti er héraðsdómurinn staðfestur.

Ákærða greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, Rannveigar Þorsteinsdóttur hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. nóvember 1968.

Ár 1968, þriðjudaginn 19. nóvember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í Borgartúni 7 af Þórði Björnssyni yfirsakadómara kveðinn upp dómur í málinu nr. 504/1968: Ákæruvaldið gegn Sigrúnu Jónsdóttur, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 7. júní s.l., er opinbert mál höfðað á hendur Sigrúnu Jónsdóttur skrifara, Skaftahlíð 12 hér í borg, fæddri 2. janúar 1916 í Reykjavík, „fyrir að aka mánudaginn 25. marz 1968 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 9961 frá Skaftahlíð 12 að Sunnubúðinni við veitingahúsið Lido og aftur þaðan að Skaftahlíð 12.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, sbr. sömu greinar laga nr. 40/1968, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærða verði dæmd til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Ákærða hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1947 16/12 í Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1948 27/9 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1950 9/1 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1952 4/12 í Reykjavík: Dómur: 1.000 kr. sekt, svipt ökuleyfi í 6 mánuði fyrir brot á áfengislögum og bifreiðalögum.
1953 10/11 í Reykjavík: Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. lögreglusamþykktar.
1954 26/2 í Reykjavík: Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot á 30. gr. lögreglusamþykktar.
1955 10/9 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á lögum nr 73/1952.
1956 20/4 í Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1959 21/8 í Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1961 7/10 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1965 12/4 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1967 31/7 í Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr., 26., 37. og 49. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Svipt ökuleyfi frá 29/3 1967—31/7 1967.

Samkvæmt eigin játningu ákærðu og því, sem með öðrum hætti er upplýst í málinu, eru málsatvik þessi:

Kl. 1755 mánudaginn 25. marz s.l. var hringt á lögreglustöðina í Reykjavík og tilkynnt, að ökumaður bifreiðarinnar R 9961 væri að fara af stað frá Sunnubúðinni við Lido og væri hann sennilega ölvaður. Bertram Möller lögreglumaður fór að svipast um eftir bifreiðinni og sá, að henni var ekið vestur Skaftahlíð. Var bifreiðin stöðvuð við húsið nr. 12 við þá götu. Lögreglumaðurinn hafði tal af stjórnanda bifreiðarinnar, og var það ákærða í máli þessu. Honum virtist hún vera undir áhrifum áfengis, og var hún því færð á lögreglustöðina. Þar viðurkenndi hún að hafa kvöldið áður drukkið um einn fjórða hluta rauðvínsflösku og svo frá því um kl. 1000 til 1730 þá um daginn axlafulla hvítvínsflösku. Öndunarprufa, sem tekin var af ákærðu, sýndi þriðja stig. Hún var færð á slysavarðstofuna, þar sem tekið var sýnishorn af blóði hennar. Fundust í því „reducerandi“ efni, er samsvara 1.58‰ af alkóhóli.

Fyrir dómi hefur ákærða skýrt frá því, að í þetta skipti hafi hún ekið bifreiðinni frá Skaftahlíð 12 að Sunnubúðinni við Lido og þaðan aftur að Skaftahlíð 12. Hafi hún talið, að áhrifin af neyzlu áfengisins væru þá þorrin. Hún hefur tekið fram, að hún neyti sterkra meðala vegna kölkunar og sé hugsanlegt, að það hafi haft áhrif á alkóhólmagnið í blóði hennar.

Hinn 25. marz s.l. var ákærða svipt ökuleyfi til bráðabirgða af lögreglunni í Reykjavík.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar og framburði ákærðu um neyzlu áfengis fyrir akstur bifreiðarinnar í umrætt skipti svo að öðru leyti með vísan til annarra gagna í málinu er sannað, að ákærða hefur gerzt sek um atferli það, sem í ákæru greinir og þar þykir rétt fært til refsiákvæða.

Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaganna og 24. gr., 1. mgr., áfengislaganna ber að svipta ákærðu ökuleyfi í 1 ár frá 25. marz s.l. að telja.

Ákærðu ber að greiða allan kostnað sakarinnar.

Mál þetta hefur dregizt nokkuð á langinn vegna sjúkrahúsvistar ákærðu.

Dómsorð:

Ákærða, Sigrún Jónsdóttir, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærða er svipt ökuleyfi í 1 ár frá 25. marz 1968 að telja.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. marz 1969.

Nr. 27/1969. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Gunnari Héðni Jakobssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 10.000.00, og laun verjanda síns, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Gunnar Héðinn Jakobsson, greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 10.000.00, og laun verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. desember 1968.

Ár 1968, þriðjudaginn 3. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 565/1968: Ákæruvaldið gegn Gunnari Héðni Jakobssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dagsettri 18. f. m., gegn Gunnari Héðni Jakobssyni verkamanni, Grjótagötu 14 B hér í borg, fæddum 5. febrúar 1930 í Reykjavík, „fyrir fjársvik, svo sem rakið verður:

1. Að fá þriðjudaginn 10. október 1967 bifreiðarstjórann á leigubifreiðinni R 1545, Svein Aðalsteinsson, Njálsgötu 35 A í

Reykjavík, til að aka með sig í bifreiðinni um Reykjavík án þess að hafa möguleika á að greiða ökugjaldið, sem var orðið kr. 203.00, þegar akstri lauk.

2. Að fá föstudagsnóttina 20. október 1967 bifreiðarstjórann á leigubifreiðinni R 1433, Heiðar Reykdalsson, Reynimel 90 í Reykjavík, til að aka með sig í bifreiðinni um Reykjavík án þess að hafa möguleika á að greiða ökugjaldið, sem var orðið kr. 296.00, þegar akstri lauk.

3. Að fara föstudaginn 25. október 1968 í Efnagerðina Val, Kársnesbraut 124 í Kópavogi, og svíkja þar út vörur (saft, marmelaði o. fl. vörur efnagerðarinnar) fyrir samtals kr. 2.113.65 með því að þykjast vera sendur frá Vistheimilinu í Gunnarsholti til að útvega þessar vörur fyrir vistheimilið, en til þess erindisrekstrar hafði hann enga heimild.

Fyrir vöruúttektina kvittaði hann með eigin nafni.

4. Að fara þriðjudaginn 29. október 1968 í heildverzlun Eggerts Kristjánssonar & Co. h/f, Hafnarstræti 5 í Reykjavík, og svíkja þar út vörur (appelsínur, sítrónur o. fl.) fyrir samtals kr. 2.276.00 með því að þykjast vera sendur frá Vistheimilinu í Gunnarsholti til að útvega þessar vörur fyrir vistheimilið, en til þess erindisrekstrar hafði hann enga heimild.

Fyrir vöruúttektina kvittaði hann með eigin nafni.

5. Að fara miðvikudaginn 6. nóvember 1968 í Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, Reykjavík, og svíkja þar út vörur (vindlinga og neftóbak) fyrir samtals kr. 10.781.00 með því að þykjast vera sendur frá Vistheimilinu í Gunnarsholti til að útvega þessar vörur fyrir vistheimilið, en til þess erindisrekstrar hafði hann enga heimild.

Fyrir vöruúttektina kvittaði hann með eigin nafni.

6. Að fara fimmtudaginn 7. nóvember 1968 í Efnagerðina Val, Kársnesbraut 124 í Kópavogi, og svíkja þar út vörur (saft, marmelaði o. fl. vörur efnagerðarinnar) fyrir samtals kr. 5.167.50 með því að þykjast vera sendur frá Vistheimilinu í Gunnarsholti til að útvega þessar vörur, en til þess erindisrekstrar hafði hann enga heimild. Fyrir vöruúttektina kvittaði hann. Nafnritun ólæsileg.

7. Sunnudaginn 10. nóvember 1968 fann ákærði tékkhefti á Hverfisgötu í Reykjavík, og voru í því þrjú eyðublöð. Þann sama dag var hann að selja merki fyrir Blindrafélagið, og þegar hann gerði skil á sölunni til félagsins í Hamrahlíð 17 í Reykjavík, greiddi hann með tékka að upphæð kr. 3.000.00, sem hann hafði

gefið út með eigin nafni á eitt hinna fundnu eyðublaða, á ávísanabók nr. 389 í Iðnaðarbanka Íslands, en það bókarnúmer er ritað út í bláinn. Er tékkinn B. Nr. 53925, gefinn út til handhafa. Til baka af tékkafjárhæðinni fékk ákærði greiddar um kr. 1.800.00.

Framanskráðir verknaðir þykja varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, skaðabótagreiðslu og til greiðslu sakarkostnaðar".

Málavextir.

1. Þriðjudagskvöldið 10. október 1967 tók ákærði sér leigubifreið og lét bifreiðarstjórann, Svein Aðalsteinsson, Njálsgötu 35 A, aka með sig um borgina, án þess að hann hefði möguleika á greiðslu ökugjaldsins, er nam að lokum kr. 203.00, en ökuferðinni lauk svo, að ökumaður færði ákærða á lögreglustöðina.

2. Síðla kvölds fimmtudaginn 18. október 1967 tók ákærði sér leigubifreið við samkomuhúsið Röðul hér í borginni og lét ökumann, Heiðar Reykdalsson, Reynimel 90, aka með sig um borgina, m. a. upp í Árbæjarhverfi. Ákærði hafði ekki möguleika á greiðslu ökugjaldsins, og lét hann nema staðar á Vesturgötu og bað ökumann bíða, en hvarf þá á brott. Bifreiðarstjórinn hafði upp á ákærða með aðstoð lögreglu. Ökugjald nam þá kr. 296.00.

3. Föstudaginn 25. október s.l. fór ákærði í Efnagerðina Val, Kársnesbraut 124, Kópavogi, og kvaðst eiga að taka þar út vörur fyrir Vistheimilið í Gunnarsholti. Fékk hann þarna vörur fyrir samtals .kr 1.966.20 í reikning vistheimilisins og kvittaði fyrir á nótu með réttri nafnritun. Enga heimild hafði ákærði til þess að taka út vörur fyrir vistheimilið, en hann hafði áður verið þar vistmaður og þá stundum verið í fylgd með bifreiðarstjóra, er var að sækja vörur fyrir hælið. Ákærði telur sig ekki muna, hvernig hann hafi ráðstafað vörunum, en hann hafi vafalaust selt einhverjum þær.

4. Þriðjudaginn 29. október s.l. tók ákærði út ávexti sjá Eggert Kristjánssyni & Co. h/f fyrir kr. 2.276.00 og lét skrifa vörurnar í reikning Vistheimilisins í Gunnarsholti, og gerði hann það án nokkurrar heimildar, sbr. 3. hér að ofan. Ákærði kveðst hafa selt vörur þessar síðan einhvers staðar og minnir helzt, að einhverjir bifreiðarstjórar keyptu þær af honum.

5. Miðvikudaginn 6. nóvember s.l. tók ákærði út vindlinga og neftóbak í Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins fyrir kr. 10.781.00 og lét skrifa vörurnar í reikning Vistheimilisins í Gunnarsholti

án heimildar. Vörur þessar kveðst hann hafa selt fólki, sem hann hitti á förnum vegi, en notað sjálfur sumt af þeim. Fé því, sem hann fékk fyrir vörurnar, eyddi hann í eigin þarfir.

6. Fimmtudaginn 7. nóvember s.l. fór ákærði enn í Efnagerðina Val og tók út margs konar vörur í reikning Vistheimilisins í Gunnarsholti fyrir samtals kr. 5.167.50. Kvittaði hann fyrir móttöku með réttu nafni að því er virðist (nafnritun er illlæsileg). Nokkuð af vörum þessum seldi ákærði Birni Kristjánssyni kaupmanni í Mýrabúðinni við Mánagötu hér í borg, en nokkru af vörunum hélt Ketill Ólafsson leigubifreiðarstjóri, sem ekið hafði ákærða án þess að fá ökugjald greitt að fullu, eftir til tryggingar á greiðslu eftirstöðvanna, er námu kr. 207.00. Við rannsókn málsins skiluðu þeir Björn og Ketill vörunum. Fékk Efnagerðin Valur aftur nær allar vörur, sem ákærði hafði tekið við. Af þeim 1.200 kr., sem Björn Kristjánsson hafði greitt fyrir vörurnar, átti ákærði eftir 505 kr., er hann var handtekinn, og voru þær afhentar Birni.

7. Sunnudaginn 10. nóvember s.l. var ákærði að selja merki fyrir Blindrafélagið. Tók hann við 75 merkjum, er kosta áttu 25 kr. hvert. Í sölulaun átti ákærði að fá 10%. Ákærði kveðst hafa selt 48 merki, en skilað 27. Hefur hann þannig átt að skila 1.200 kr. að frádregnum sölulaunum, 120 kr., þ. e. 1.080 kr. Hann innti greiðsluna af höndum með tékka að fjárhæð kr. 3.000.00, útgefnum af ákærða sjálfum á ávísanareikning 389 í Iðnaðarbanka Íslands, útibúið í Hafnarfirði. Ákærði kveðst hafa fengið í peningum mismun tékkans og þess fjár, sem hann átti að greiða. Ákærði hafði engan reikning í nefndum banka. Hann kveðst hafa ritað tékkann á eyðublað úr hefti, sem hann hafi fundið á Hverfisgötu þennan dag. Upplýsingar, sem rannsóknarlögreglan aflaði um það, hvar tékkhefti þetta hafði glatazt, benda til þess, að ákærði skýri rétt frá um þetta.

Ákærði var handtekinn af lögreglu þetta sama kvöld. Hafði hann þá meðferðis tékkheftið og 2.395 kr. í peningum. Peningarnir voru afhentir Blindrafélaginu.

Niðurstöður.

Ákærði hefur í framangreindum 7 tilvikum aflað sér fjár með sviksamlegum hætti, þ. e. tekið sér leigubifreiðar án þess að eiga fé til greiðslu ökugjalds strax að akstri loknum, svo sem venja er, fengið í hendur vörur með því að láta ranglega í veðri vaka, að hann væri að sækja þær fyrir Vistheimilið í Gunnarsholti og notað innstæðulausan tékka í lögskiptum. Öll þessi brot varða

hann refsingu samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði hefur áður sætt þessum refsidómum:

1952 4/10 6 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað, gripdeild og svik.
1952 21/10 60 daga fangelsi fyrir þjófnað.
1954 26/3 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og svik.
1954 24/5 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað. (Dómur staðfestur í Hæstarétti 20. október).
1956 13/3 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
1958 9/5 6 mánaða fangelsi fyrir gripdeild, fjárdrátt og svik.
1959 6/2 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og svik.
1960 3/11 7 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
1961 18/9 8 mánaða fangelsi fyrir svik.
1964 10/12 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, skilorðsbundið 3 ár. (Staðfest í Hæstarétti 5. maí 1965).
1965 21/6 15 daga varðhald fyrir umferðar- og áfengislagabrot.
1968 10/1 8 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.

Auk þess hefur ákærði 47 sinnum sætzt á sektir fyrir áfengislagabrot.

Ákærði er nú í 12. skipti dæmdur í refsingu fyrir auðgunarbrot. Hann er þannig vanaafbrotamaður, og ber að ákveða refsingu með hliðsjón af 72. og 255. gr. almennra hegningarlaga svo og 77. gr. sömu laga. Að því er varðar brot þau, sem lýst er í 1. og 2. ákærulið, ber að ákveða refsingu með hliðsjón af 78. gr. hegningarlaga, þar sem þau brot eru framin, áður en síðasti refsidómur ákærða var kveðinn upp. Refsing ákærða verður ákveðin fangelsi eitt ár.

Eftirtaldir aðiljar hafa komið að í máli þessu fjárkröfum á hendur ákærða:

Sveinn Aðalsteinsson (sbr. 1.), kr. 203.00.
Reiðar Reykdalsson (2.), kr. 2.113.65.
Efnagerðin Valur (3.), kr. 2.113.65.
Eggert Kristjánsson & Co. (4.), kr. 2.276.00.
Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins (5.), kr. 10.781.00.
Ketill Ólafsson (7.), kr. 207.00.

Kröfur þessar, sem ákærði hefur samþykkt, verða teknar til greina.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað sakarinnar samkvæmt 141. gr. laga nr. 82/1961.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Héðinn Jakobsson, sæti fangelsi eitt ár.
Ákærði greiði:

1. Sveini Aðalsteinssyni kr. 203.00.
2. Heiðari Reykdalssyni kr. 296.00.
3. Efnagerðinni Val kr. 2.113.65.
4. Katli Ólafssyni kr. 207.00.
5. Eggert Kristjánssyni & Co. h/f kr. 2.276.00.
6. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins kr. 10.781.00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.
Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. marz 1969.

Nr. 28/1969. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Gunnari Finni Eiðdal Kristjánssyni
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Gunnar Finnur Eiðdal Kristjánsson, greiði

kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. júní 1968.

Ár 1968, miðvikudaginn 19. júní, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ólafi Þorlákssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 632/1968: Ákæruvaldið gegn Gunnari Finni Eiðdal Kristjánssyni, sem tekið var til dóms 10. þ. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 6. janúar 1967, höfðað á hendur Gunnari Finni Eiðdal Kristjánssyni, Réttarholtsvegi 63 í Reykjavík, fæddum þar í borg 1. febrúar 1944, fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 31. júlí 1966 undir áhrifum áfengis bifreiðinni G 2441 frá Félagsheimilinu að Brautartungu í Lundareykjadal vestur dalinn, þar til bifreiðin fór út af veginum vegna bilunar.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Um kl. 1400 31. júlí 1966 tilkynnti ákærði í máli þessu, Gunnar Finnur Eiðdal Kristjánsson, lögreglunni í Borgarnesi símleiðis frá Bifröst í Borgarfirði, að hann hefði þá nóttina á undan ekið bifreiðinni G 2441 út af veginum í Lundareykjadal skammt frá Brautartungu. Kl. 2100—2200 samdægurs hafði lögreglan tal af ákærða að Bifröst. Að mati lögreglu var ákærði þá undir áhrifum áfengis. Úr varð, að lögreglan færði ákærða til Borgarness í blóðtöku til alkóhólákvörðunar. Í blóði ákærða, er honum var tekið 1. ágúst 1966 kl. 0120, fundust „reducerandi" efni, er samsvara 1.60‰ af alkóhóli. Að blóðtöku lokinni var ákærði færður í varðhald. Hinn 1. ágúst 1966 kom ákærði fyrir sakadóm Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Þar skýrði ákærði svo frá, að hann hefði neytt áfengis laugardagskvöldið 30. júlí 1966 allt fram til kl. 2300, en um kvöldið hafi hann neytt alls 6 drykkja af áfengisblöndu. Í framhaldi af þessu kveðst ákærði hafa aðfaranótt sunnu-

dagsins næsta á eftir ekið bifreiðinni G 2441 vestur Lundareykjadal áleiðis til Borgarness, en vegna bilunar á bifreiðinni hafi bifreiðin lent út af veginum í Lundareykjadal. Fyrir dóminum viðurkenndi ákærði að hafa verið undir áhrifum áfengis við framangreindan akstur.

Að beiðni skipaðs verjanda ákærða kom ákærði á ný fyrir dóm hinn 24. nóvember 1967. Ákærði dró þá til baka fyrri játningar sínar og taldi sig hafa verið allsgáðan við umræddan akstur. Ákærði bar það þá fyrir sig, að hann hefði verið illa fyrir kallaður fyrir dómi 1. ágúst 1966.

Upplýst er í málinu, að ákærði var að koma af dansleik í Brautartungu, er hann ók bifreiðinni G 2441. Ákærði var með tveim félögum sínum á dansleiknum. Neyttu þeir þar báðir áfengis. Annar félaga ákærða, Pétur Kristinsson, Snorrabraut 22 hér í borg, var kærður af lögreglu og síðar ákærður fyrir að hafa ekið bifreiðinni G 2441 undir áhrifum áfengis um bifreiðastæði við félagsheimilið að Brautartungu í greint sinn.

Vitni, er kom að bifreiðinni G 2441 strax eftir út af aksturinn og ók ákærða þaðan að Bifröst í Borgarfirði ásamt öðrum félaga ákærða, sá ekki áfengisáhrif á þeim félögum, enda athugaði vitnið það atriði ekki sérstaklega.

Hefur nú verið rakið það helzta, er fram kom við rannsókn málsins.

Augljóst er, að niðurstaða alkóhólrannsóknarinnar í máli þessu hefur ekki þýðingu við ákvörðun sektar eða sýknu ákærða, enda fór blóðtaka ákærða fram tæpum sólarhring eftir akstur hans, en á þeim tíma kveðst ákærði hafa neytt áfengis, og verður framburður hans um það efni eigi hrakinn. Á hinn bóginn verður að telja sannað í málinu með játningu ákærða sjálfs fyrir dómi hinn 1. ágúst 1966, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreiðinni G 2441 um Lundareykjadal aðfaranótt 31. júlí 1966. Þykir síðara afturhvarf ákærða frá frumframburði í dómi ekki geta breytt sönnunarmati dómsins í þessu efni.

Með framferði því, er nú hefur verið rakið og sannað hefur verið talið, þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Ákærði hefur tvívegis undirgengizt litlar sektir fyrir umferðarbrot. Þá hefur ákærði hinn 1. marz 1968 undirgengizt dómssátt, 4.000 kr. sekt og sviptingu ökuréttinda í 6 mánuði, fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum, ölvun við akstur.

Samkvæmt síðastnefndri dómssátt og sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 verður ákærða í máli þessu dæmdur hegningarauki, og verða viðurlög hans ákvörðuð í samræmi við það.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 3.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 7 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja.

Í ákæru er þess krafizt, að ákærði verði sviptur ökuréttindum samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Svo sem mál þetta er vaxið og að öðru leyti með vísan til þess, er rakið hefur verið hér að framan, þykir mega ákveða, að ákærða verði eigi gerð ökuréttindasvipting í dómi þessum.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Hilmars Ingimundarsonar héraðsdómslögmanns, kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Finnur Eiðdal Kristjánsson, greiði 3.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 7 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar héraðsdómslögmanns, kr. 4.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. marz 1969.

Nr. 229/1968. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Birgi Olsen
(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu, eftir að því var áfrýjað.

Lögreglumennirnir Guðmundur Stefán Jónsson og Sveinn Haukur Georgsson komu fyrir dóm af nýju hinn 14. janúar 1969.

Guðmundur Stefán lögreglumaður bar þá á þessa leið: „Vitnið segir, að það hafi aldrei séð ákærða undir stýri bifreiðarinnar G 3134 í umrætt sinn, og vegna þess að farangursgeymslulokið skyggði á, hafi það ekki séð inn í bifreiðina G 3134, er lögreglubifreiðinni var ekið á eftir henni. Vitnið kveðst heldur ekki hafa séð, er það kom að lögreglubifreiðinni frá heimili sínu, í sömu mund og bifreiðinni G 3134 var ekið framhjá, hver væri undir stýri hennar, og kveðst ekki muna, að það hafi greint það.

Vitnið segir, að strax eftir að lögreglubifreiðinni hafði verið snúið, hafi það séð aftur bifreiðina G 3134, sem þá hafi verið á ferð á Suðurgötu sunnan við Þúfubarð. Bifreiðinni hafi svo verið ekið áfram norður Suðurgötu, og kveðst vitnið ekki hafa fylgzt stöðugt með bifreiðinni, en er lögreglubifreiðin hafi verið á móts við Þúfubarð, kveðst vitnið minnast þess, að Sveinn Georgsson lögregluþjónn, sem ók lögreglubifreiðinni, hafi sagt, að bifreiðin G 3134 hafi stöðvazt þarna á stæðinu framan við biðskýlið, og kveðst vitnið þá hafa litið þangað og ekki hafa misst sjónar af bifreiðinni eftir það. Vitnið kveðst ætla, að frá því það

sá bifreiðina G 3134, eftir að lögreglubifreiðinni var snúið og þar til hún kom að henni, hafi aldrei liðið meira en ein mínúta, jafnvel minna.

Vitnið kveðst ekki telja útilokað, að ökumaður bifreiðarinnar G 3134 hafi getað fært sig úr framsætinu í aftursætið, án þess að það hefði getað séð það. Vitnið segir, að lögreglubifreiðinni hafi verið ekið fremur greitt eftir bifreiðinni G 3134, sem ekið hafi hægt.

Vitnið segist ekki minnast þess, að gert hafi verið neitt þarna á stæðinu til að vekja þann, sem lá í aftursæti bifreiðarinnar, sem legið hafi á hliðinni í hálfgerðu hnipri og virzt sofandi.

Sveinn Georgsson hafi svo ekið bifreiðinni G 3134 og hafi þá Henry Olsen legið áfram í aftursætinu. Sveinn hafi ekið henni niður að lögreglustöðinni og þá hafi verið reynt að vekja hann og það gengið illa, þar eð hann virtist sofa mjög fast og ekki rumskað, fyrr en eftir að hróflað hafði verið mikið við honum, honum ýtt til og hann tekinn út úr bifreiðinni og hann þá vaknað þarna við bifreiðina. Hann hafi þá borið þess merki í andliti, að hann hafi legið lengi á sama stað og í sömu stellingu (munstraður), og telur vitnið, að merki þessi hafi gefið til kynna, að Henry Olsen hafi verið búinn að liggja í sömu stöðu í lengri tíma en tók að aka bifreiðinni G 3134 frá biðskýlinu að lögreglustöðinni".

Vætti Sveins Hauks lögreglumanns fyrir dóminum er svohljóðandi:

„Vitnið segist hafa séð bifreiðina G 3134, strax eftir að lögreglubifreiðinni hafði verið snúið, og fylgzt stöðugt með henni eftir það og þangað til lögreglubifreiðin kom að G 3134 framan við biðskýlið og ekki tekið eftir, að neinn færi úr bifreiðinni á þessu tímabili.

Vitnið segir, að er það hafi komið að bifreiðinni, hafi ákærði verið í hægra framsæti, en Henry Olsen legið í keng í aftursætinu og virtist sofandi. Vitnið kveður það og Guðmund Jónsson ekki hafa talað við né gert neinar tilraunir til að vekja Henry þarna við biðskýlið, enda talið öruggt, að hann svæfi, en það ekið bifreiðinni að lögreglustöðinni

með ákærða hægra megin í framsætinu og Henry Olsen áfram, að því er virtist, sofandi í aftursætinu, og kveðst það ekki hafa orðið þess vart, að hann rumskaði á leiðinni. Er að lögreglustöðinni kom, hafi það og Guðmundur reynt að vekja Henry til lífsins, en gengið mjög illa og hann ekki vaknað fyrr en um það leyti sem hann var af þeim tekinn út úr bifreiðinni. Hafi hann þá verið eins og krumpaður í andliti og borið merki þess að vera búinn að liggja í sömu stellingu góða stund".

Lögreglumennirnir staðfestu skýrslur sínar fyrir dóminum með eiði.

Ákærða og Henry Olsen var eftir handtöku þeirra tekið blóð til rannsóknar. Fundust í blóði þeirra „reducerandi" efni, er samsvara 1.28‰ af alkóhóli í blóði ákærða, en 1.7‰ í blóði Henrys Olsens.

Ákærði hefur ekki viljað við það kannast, að hann hafi ekið bifreið sinni G 3134 frá Keflavík til Hafnarfjarðar aðfararnótt 2. janúar 1965. Lögreglumönnum þeim, sem handtóku hann, skýrði hann þá svo frá, að maður nokkur, honum ókunnur, hefði ekið bifreiðinni, en orðið hræddur, stöðvað bifreiðina og hlaupizt á brott, er hann varð lögreglunnar var. Fyrir sakadómi síðar sama dag kvaðst ákærði lítið sem ekkert muna frá ferðum sínum um nóttina. Hann kvað sig ráma í, að hann hefði verið í bifreið sinni á leið frá Keflavík til Hafnarfjarðar, vera þess fullviss, að hann hefði ekki stýrt bifreiðinni sjálfur, en ekki geta gert sér grein fyrir, hver hefði ekið henni. Sérstaklega aðspurður kvaðst ákærði ekki geta svarað því, hvort Henry Olsen hefði stjórnað bifreiðinni, „þar sem hann geti alls ekki gert sér grein fyrir, hver ökumaðurinn var". Loks 2. maí 1967 kvaðst ákærði vilja leiðrétta fyrri framburð á þá leið, að Henry Olsen hefði ekið bifreiðinni, en stanzað við biðskýlið, er hann varð lögreglunnar í Hafnarfirði var, skriðið yfir í aftursæti bifreiðarinnar, lagzt þar fyrir og gert sér upp svefn. Hefur ákærði þannig orðið margsaga um stjórnanda bifreiðarinnar í umræddri ökuferð. Hinn 20. júní 1967 skýrði ákærði frá því, að Henry Olsen hefði í viðurvist tveggja

manna viðurkennt að hafa stjórnað bifreiðinni, en menn þessir hafa fyrir dómi báðir lýst því, að þeir minnist þess ekki að hafa heyrt slíkt af vörum Henrys, sem staðfastlega hefur neitað því að hafa verið við stjórn bifreiðarinnar. Með hliðsjón af því, hvernig Henry var á sig kominn, þykir mjög ósennilegt, að hann hafi stýrt bifreiðinni. Framburður ákærða um, að ókunnur þriðji maður hafi ekið bifreiðinni, er markleysa, sem enginn gaumur er gefandi. Þegar allt þetta er virt, þykir verða við það að miða, að ákærði, sem var eigandi bifreiðarinnar og sat í framsæti, þegar lögreglu-na bar að, hafi stjórnað henni sjálfur. Varðar sú háttsemi ákærða, þar sem hann var með áfengisáhrifum, við lagaboð þau, er í ákæru getur. Verður héraðsdómurinn því staðfestur.

Ákærði greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 10.000.00, og laun verjanda síns, kr. 10.000.00.

Óhæfilegur dráttur hefur orðið á meðferð máls þessa í héraði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Birgir Olsen, greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 10.000.00, og laun verjanda síns, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 16. október 1968.

Árið 1968, miðvikudaginn 16. október, var í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem háður var í skrifstofu embættisins af Guðmundi L. Jóhannessyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 26/1967: Ákæruvaldið gegn Birgi Olsen.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Birgi Olsen vélsmið, Þórustíg 1, Ytri-Njarðvík, fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 2. janúar 1965 undir áhrifum

áfengis bifreiðinni G 3134 frá Keflavík til Hafnarfjarðar, þar sem akstri lauk við biðskýli á Hvaleyrarholti.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 22. marz 1937 á Siglufirði, og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1958 24/10 í Hafnarfirði: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun.

1962 19/2 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 19. gr. og 2. mgr. 49. gr. umferðarlaga og ölvun.

1962 5/3 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: 15 daga varðhald, sviptur ökuleyfi í 15 mánuði frá birtingu dómsins fyrir brot á umferðarlögum og áfengislögum.

1965 14/10 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 47. gr. umferðarlaga.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 2. janúar 1965, klukkan 0555, stóð lögreglubifreiðin G 105 kyrrstæð á Suðurgötu á móts við hús nr. 14 B í Móabarði í Hafnarfirði, og sneri framendi hennar til suðurs. Sveinn H. Georgsson lögregluþjónn sat í bifreiðinni og beið þar eftir Guðmundi S. Jónssyni lögregluþjóni, sem kominn var út á tröppur húss síns, Móabarðs nr. 14, og var á leið út í lögreglubifreiðina. Veittu þeir þá athygli fólksbifreið, sem ekið var norður Suðurgötu, og dró það einkum athygli þeirra að henni, að keðja slóst upp í aurbretti hennar, svo að mikill hávaði stafaði af, og einnig var farangursgeymslulok hennar opið. Bifreiðinni var ekið frekar hægt og heldur dregið úr hraða hennar, er hún var á móts við lögreglubifreiðina, en hraðinn svo aukinn.

Frá heimili Guðmundar Jónssonar lögregluþjóns að lögreglubifreiðinni voru um 20 metrar, og um leið og hann hafði setzt inn í hana, var henni snúið við og ekið á eftir áðurnefndri bifreið. Segja lögregluþjónarnir, að þeir hafi misst sjónar af bifreiðinni smástund, eða rétt á meðan lögreglubifreiðinni var snúið á veginum, en svo séð hana aftur strax að því loknu, þar sem hún var sunnan við gatnamót Þúfubarðs og Suðurgötu, að því er vitnið Svein Georgsson minnti. Lögreglubifreiðinni var nú ekið eftir margnefndri bifreið og komið að henni, þar sem hún

stóð við biðskýlið á Hvaleyrarholtinu í Hafnarfirði, og reyndist hún vera með skrásetningarnúmerið G 3134. Bifreiðin var með fullum ljósum, lykill var í kveikjulás hennar, en ekki var vél hennar í gangi. Í bifreiðinni, sem var af Opel-gerð með vinstri handar stýri, voru tveir menn. Hægra megin í framsæti bifreiðarinnar sat maður, sem reyndist vera ákærði í máli þessu, og sneri hann baki í hurðina. Í aftursætinu sat maður, sem síðar reyndist vera Henry Olsen. Virtist hann sofa mjög fast, og gekk illa að vekja hann, eftir að hann hafði verið fluttur að lögreglustöðinni. Ákærði var hins vegar vel vakandi og svaraði lögreglumönnunum, strax og á hann var yrt. Virtist hann töluvert undir áfengisáhrifum, en þó vel viðmælandi, og bar hann með sér, að hann hafði skriðið undir bifreiðina að fást við keðjur hennar, þar eð hann var óhreinn á öxlinni og handleggjum og með keðjutöng og keðjulása í vasa sínum. Hann tjáði lögreglumönnunum þegar, að annar maður hefði ekið bifreiðinni, en sá maður hefði hlaupið á brott frá bifreiðinni, en ekki gat ákærði upplýst, hvert þessi maður hefði farið eða hver hann væri. Lögreglumennirnir leituðu nú í næsta nágrenni við bifreiðina, en urðu ekki varir neinna mannaferða, en nokkur spölur er frá biðskýlinu að næstu húsum. Þó að dimmt hafi verið af nóttu, var léttskýjað og svæðið umhverfis biðskýlið vel upplýst, svo að hafi maður farið út úr bifreiðinni, eftir að lögreglubifreiðinni var snúið, kveða lögreglumennirnir víst, að þeir hefðu séð hann. Vegna þess að farangurslok margnefndrar bifreiðar var opið, skyggði þar svo á, að ekki sást inn í hana, er ljós lögreglubifreiðarinnar lýstu upp bifreiðina, er lögreglubifreiðinni var ekið á eftir hinni bifreiðinni, og sáu lögreglumennirnir því ekki, hve margir voru í bifreiðinni eða hvað þeir afhöfðust.

Við rannsókn málsins fyrir dómi hefur bæði ákærði og Henry Olsen neitað að hafa ekið bifreiðinni, sem var í eigu ákærða.

Ákærða kvaðst ráma í, að hann var í umrætt sinn á leið frá Keflavík til Hafnarfjarðar í bifreið sinni, sem staðið hafði við Aðalstöðina í Keflavík. Hann kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir, hver hefði ekið bifreiðinni, og kvaðst ekki geta svarað, hvort Henry kynni að hafa ekið bifreiðinni. Lögreglumönnunum virtist ákærði vera skýr í hugsun og vel viðmælandi, er hann var handtekinn. Rúmum 2 árum síðar, eða 2. maí 1967, kemur ákærði aftur fyrir dóm og breytir þá fyrri framburði sínum og sagði þá, að Henry Olsen hefði tekið við stjórn bifreiðarinnar G 3134 aðfaranótt 2. janúar 1965 fyrir utan Aðalstöðina í Keflavík

og ekið henni meðal annars eitthvað um götur í Keflavík og svo til Hafnarfjarðar, en er þangað hafi komið, taldi ákærði Henry hafa orðið varan við lögregluna í Hafnarfirði og þá ekið að biðskýlinu á Hvaleyrarholti, klifrað yfir bak framsætis bifreiðarinnar, lagzt þar niður og þótzt vera sofandi, þegar lögregluna bar að. Ákærði var spurður, hvers vegna hann hefði ekki strax skýrt svo frá atvikum fyrir dómi, og kvað hann ástæðuna fyrir því vera, að Henry sé frændi hans og einnig hafi hann ekki verið viss um ábyrgð sína sem eiganda bifreiðarinnar og hann vitað, að Henry hafði áður lent í einhverju klandri.

Við samprófun ákærða og Henrys Olsens í sakadómi Keflavíkur hélt ákærði því fram, að Henry Olsen hefði í vitna viðurvist játað að hafa ekið bifreiðinni í umrætt sinn.

Vitnin Lúðvík Guðberg Björnsson, Suðurgötu 18, Keflavík, og Grétar Þór Sigurðsson, Háaleiti 23, Keflavík, könnuðust við að hafa verið með ákærða og Henry í húsi í Keflavík laust eftir áramótin 1964—1965, en minntust þess ekki, að Henry Olsen viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni.

Henry Olsen Jónsson, Vallargötu 27, Keflavík, fæddur 16. júní 1946, skýrði svo frá, að um kvöldið 1. janúar 1965 hefði hann verið á „kennderíi" í Keflavík ásamt ákærða. Hann kvað þá hafa verið í bifreið ákærða, G 3134, og hafi piltur, sem Björn heitir og á heima á Langholtsvegi í Reykjavík, ekið bifreið ákærða. Henry kvaðst hafa sofnað í bifreiðinni í Keflavík og ekki vaknað aftur fyrr en við lögreglustöðina í Hafnarfirði og því ekki geta sagt, hver hefði ekið bifreiðinni til Hafnarfjarðar um nóttina. Við síðari yfirheyrslu breytti Henry framburði sínum og kvað Björn Aðalsteinsson áðurnefndan hafa ekið bifreið, sem Brynjar nokkur, sem búið hafi við Hafnargötu, hafi átt, en ákærði hafi skilið bifreið sína eftir við Matstofuna Vík í Keflavík og svo komið í bifreið Brynjars. Henry kvaðst ekki muna, hvernig hann komst í bifreið ákærða, og kvaðst ekki hafa ekið bifreið hans.

Vitnið Brynjar Valdimarsson, Vesturgötu 8, Keflavík, fæddur 21. marz 1939, kvaðst hafa verið staddur við Aðalstöðina á bíl sínum, Ö 625. Farþegar í bifreiðinni hafi verið Hannes Sigurðsson í Bárunni og Guðmundur nokkur, sem vitnið vissi engin deili á. Vitnið kvað Björn Aðalsteinsson hafa ekið þeim eitthvað um bæinn. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort Henry Olsen var í bifreiðinni hjá því, en kvaðst minnast þess, að Henry og ákærði fóru saman og þá verið ölvaðir.

Björn og Henry hafi farið úr bifreiðinni einhvern tíma eftir miðnætti hjá Aðalstöðinni, og vissi það ekki um ferðir þeirra eftir þetta.

Vitnið Björn Ingi Ragnar Aðalsteinsson, Langholtsvegi 73, Reykjavík, kannaðist ekki við að hafa ekið bifreiðinni G 3134 í umrætt sinn.

Ekki varð upplýst með vætti vitna, hver hefði farið undir stýri bifreiðarinnar G 3134 í Keflavík og hafið þar aksturinn.

Í blóðsýnishorni því, sem tekið var úr ákærða í umrætt sinn, fundust við alkóhólrannsókn reducerandi efni, sem samsvara 1.28‰ af alkóhóli.

Verjandi ákærða hefur krafizt sýknu af kröfum ákæruvaldsins, þar eð ósannað sé, að ákærði hafi ekið bifreiðinni G 3134 í umrætt sinn.

Ljóst er, að bifreiðinni var í umrætt sinn ekið frá Keflavík til Hafnarfjarðar, unz hún var stöðvuð við biðskýlið á Hvaleyrarholti, og voru þá einungis tveir menn í henni, ákærði og Henry Olsen, sem báðir reyndust vera undir áhrifum áfengis.

Ákærði hefur verið mjög reikull og óstöðugur í framburði sínum um, hver hafi ekið bifreiðinni, þó að honum sem eiganda bifreiðarinnar bæri skylda samkvæmt umferðarlögum að upplýsa lögregluna um það, og verður því ekki stuðzt við framburð hans í máli þessu, og verður ákærði að bera hallann af því, að sönnun skortir um þá fullyrðingu hans, að Henry Olsen hafi ekið bifreiðinni í umrætt sinn.

Þegar það er svo virt, að ákærði er eigandi bifreiðarinnar, ósannað er, að hann hafi falið öðrum stjórn hennar, sá, sem er með honum í bifreiðinni, Henry Olsen, liggur sofandi í aftursæti hennar, er lögreglan kom að, og varð ekki vakinn fyrr en nokkru síðar, ákærði var hins vegar vel vakandi og við mælandi, sat hægra megin í framsæti bifreiðarinnar með bakið að hurðinni, sem bendir til þess, að hann hafi nýlega verið búinn að færa sig úr ökumannssætinu, hann tefur rannsókn málsins með því að verða margsaga, verður að telja það sterkar líkur fram komnar, að þær ásamt öðrum sönnunargögnum veiti lögfulla sönnun um, að ákærði hafi í umrætt sinn ekið bifreiðinni G 3134 undir áhrifum áfengis frá Keflavík til Hafnarfjarðar, en með þessu hefur hann gerzt brotlegur við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Hinn 5. marz 1962 var ákærði með dómi Gullbringu- og Kjósar-

sýslu dæmdur í 15 daga varðhald og sviptur ökuleyfi í 15 mánuði frá birtingu dómsins fyrir brot á umferðar- og áfengislögum. Dómur þessi hefur ítrekunaráhrif.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og 45. gr. áfengislaga hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin kr. 7.000.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærða, hæstaréttarlögmanns Vilhjálms Þórhallssonar.

Töluverður dráttur hefur orðið á meðferð málsins, og stafar hann af önnum hjá dómaranum, og einnig hafa rannsóknarlok tafizt vegna framkomu ákærða.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Birgir Olsen, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er frá birtingu dómsins að telja sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin kr. 7.000.00 málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Vilhjálms Þórhallssonar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 21. marz 1969.

Nr. 12/1968. **Vélsmiðja Njarðvíkur h/f**
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegn
Samvinnutryggingum g/t
(Jón Finnsson hrl.)
og til réttargæzlu Tryggva Sigjónssyni h/f
(Árni Halldórsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. janúar 1968. Krefur hann stefnda um tjónbætur vegna bruna, sem varð hinn 6. maí 1965 í lest m/b Ólafs Tryggvasonar, SF 60, en báturinn var þá til viðgerðar í dráttarbraut. Réttargæzlustefndi var eigandi bátsins, en stefndi hafði brunatryggt hann. Reisir áfrýjandi kröfu sína á því, að hann telur tjónþolanda, réttargæzlustefnda í máli þessu, hafa framselt sér bótakröfu á hendur stefnda vegna brunans.

Stefndi krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Réttargæzlustefndi krefst málskostnaðar úr hendi áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur viðurkennt, að starfsmenn hans hafi valdið brunatjóninu af vangá. Bætti hann tjónþolanda tjónið „að fullu" samkvæmt kvittun dags. 18. desember 1965. Var því krafa tjónþola á hendur vátryggjanda um brunabætur fallin niður.

Mál þetta var höfðað fyrir aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu og síðan rekið og dæmt á bæjarþingi Hafnarfjarðar, en samkvæmt ákvæðum 1. tl. 200. gr. laga nr. 85/

1936, sbr. 2. mgr. 59. gr. laga nr. 20/1954, skal reka fyrir sjó- og verzlunardómi mál um það efni, sem hér er fjallað um. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Áfrýjandi greiði stefnda kr. 15.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá greiði hann og réttargæzlustefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Vélsmiðja Njarðvíkur h/f, greiði stefnda, Samvinnutryggingum g/t, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

Áfrýjandi greiði réttargæzlustefnda, Tryggva Sigjónssyni h/f, kr. 7.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 24. nóvember 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 13. f. m., hefur Vélsmiðja Njarðvíkur h/f, Njarðvíkurhreppi, höfðað gegn Samvinnutryggingum g/t, Reykjavík, og Tryggva Sigjónssyni h/f, Höfn, Hornafirði, til réttargæzlu með kröfugerð fyrir dómi og framlagningu skjala í dómi hinn 10. janúar 1967, þar sem mætt var af hálfu varnaraðilja og þingfesting málsins samþykkt fyrir þeirra hönd.

Dómkröfur sæjanda eru þær, að varnaraðilja, Samvinnutryggingum g/t, verði gert að greiða kr. 50.060.65 auk 8% ársvaxta frá 6. maí 1965 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Varnaraðili, Samvinnutryggingar g/t, hafa krafizt þess aðallega að verða algerlega sýknaður af kröfum sækjanda og að sér verði tildæmdur málskostnaður úr hans hendi samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í. og til vara, að krafa hans verði stórlega lækkuð og málskostnaður felldur niður.

Á hendur varnaraðilja til réttargæzlu, Tryggva Sigjónssyni h/f,

eru ekki gerðar sjálfstæðar kröfur að öðru leyti en því, að sækjandi krefst málskostnaðar úr hendi hans, enda hefur varnaraðili til réttargæzlu engar kröfur gert utan kröfu um málskostnað, þar með talinn ferðakostnaður vegna þinghalds í Njarðvíkum hinn 30. september 1966, en þann dag var þingfest þar á aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu mál milli sömu aðilja, er hafið var, þegar mál þetta var þingfest.

Í því máli, sem sprottið var af sömu atburðum og mál þetta og höfðað af Vélsmiðju Njarðvíkur h/f með stefnu, birtri 29. ágúst 1966, gegn Samvinnutryggingum g/t og með stefnu, birtri 29. september, gegn Tryggva Sigjónssyni h/f, var fjárhæð kröfu stefnanda hin sama og sækjanda í máli þessu, en beint aðallega gegn stefnda Samvinnutryggingum g/t, en til vara gegn stefnda Tryggva Sigjónssyni h/f.

Málsatvik eru þau, að hinn 6. maí 1965 varð brunatjón í lest m/b Ólafs Tryggvasonar, SF 60, þar sem skipið stóð í slipp Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur. Eigandi bátsins var Tryggvi Sigjónsson h/f, og var báturinn tryggður hjá Samvinnutryggingum g/t.

Samkvæmt tjónstilkynningu sækjanda til ábyrgðartryggjanda síns, Tryggingar h/f, dags. 31. desember 1965, varð tjónið með eftirgreindum hætti:

„Starfsmenn V. N. voru við vinnu í bátnum, við vélarhreinsun, skilrúm milli lestar og vélarrúms opnað og unnið í lest við þrif á vélarhlutum, vegna kulda í veðri höfðu starfsmenn V. N. olíuofn í lestinni, sem þeir slökktu á, er þeir fóru í mat kl. 18.30. Kl. 20.00, þegar komið var aftur til vinnu, var eldur í lestinni, logaði þá í olíupotti ofnsins. Eldurinn hafði sviðið dekk að neðan, skemmt rafleiðslu og sótað lestina. Ofninn var sprunginn undir".

Viðgerð á skemmdunum kostaði samkvæmt reikningi sækjanda kr. 50.060.65.

Umrætt brunatjón var ekki tilkynnt yfirvöldum, og engin réttarrannsókn né brunapróf fóru fram.

Fyrsta tilkynning um tjónið er tilkynning sækjanda, dags. tæpum átta mánuðum eftir að tjónið varð, til ábyrgðartryggjanda síns, sú, er vitnað er til hér að framan.

Ábyrgðartryggjandi sækjanda synjaði um tjónbætur, hafði í tryggingarskilmálum undanþegið sig greiðslu bóta fyrir tjón af völdum eldsvoða eða sprengingar.

Tryggjandi bátsins, Samvinnutryggingar g/t, varnaraðili í máli þessu, munu enga tilkynningu hafa fengið um tjónið, fyrr en um níu mánuðum eftir að tjónið varð. Af hálfu varnaraðilja

fór engin skoðun fram á tjóninu né orsökum þess, enda var viðgerð lokið, er varnaraðili fékk tilkynningu um það.

Er umrætt brunatjón varð, var m/b Ólafur Tryggvason í slipp hjá Skipasmíðastöð Njarðvíkur vegna annars brunatjóns, er báturinn hafði orðið fyrir um mánuði áður. Hafði það tjón verið mun stórfelldara en það, sem hér um ræðir.

Er heildaruppgjör fór fram milli Vélsmiðju Njarðvíkur og eiganda bátsins, gaf eigandi bátsins vélsmiðjunni kvittun fyrir greiðslu tjónbóta vegna tjónsins 6. maí.

Var kvittunin dags. 18. desember 1967, að fjárhæð kr. 49.000.00. Fjárhæð kröfu sækjanda í máli þessu er, eins og fyrr greinir, kr. 50.060.65, og kveður sækjandi mismuninn á þeirri köfu og kvittuninni stafa af því, að á reikningnum komi fram endanlegt kostnaðarverð á viðgerðinni, þar sé m. a. söluskattur, er ekki hafi verið búið að reikna út, er kvittunin var gefin.

Sækjandi krafði síðan verjanda um tjónbætur, en verjandi synjaði um greiðslu þeirra.

Málsástæður. Sækjandi byggir kröfu sína á því, að verjanda hafi borið að bæta verjanda til réttargæzlu umrætt tjón.

Þar sem sækjandi hafi með fullgildu og löglegu framsali eignazt kröfuna, eigi hann nú allan sama rétt gagnvart verjanda, eins og framseljandi kröfunnar átti áður.

Verjandi eigi ekki og hafi aldrei átt endurkröfurétt á hendur sækjanda og verði því tjónbótakröfu og endurkröfu ekki skuldajafnað.

Verjandi byggir kröfu sína um sýknun og málskostnað á hendur sækjanda í fyrsta lagi á því, að kvittun sú (dskj. nr. 6), sem sækjandi hefur lagt fram sem sönnunargagn fyrir framsali tjónbótakröfunnar til sín, sé einungis kvittun verjanda til réttargæzlu fyrir því, að sækjandi hafi greitt honum kr. 49.000.00 í bætur vegna brunatjóns, en eigi framsal á neinni kröfu á hendur verjanda.

Þá sé krafa sækjanda rúmlega eitt þúsund krónum hærri en fjáhæð kvittunarinnar og hafi sækjandi ekki gert neina viðhlítandi grein fyrir þeim mismun. Í öðru lagi hafi tjón það, sem sækjandi sæki verjanda til greiðslu á, hlotizt af stórkostlegu gáleysi starfsmanna sækjanda og beri hann því sjálfur ábyrgð á tjóninu samkvæmt almennum bótareglum.

Af tjónskýrslu sækjanda megi ráða, að bruninn hafi orsakazt af stórfelldu gáleysi starfsmanna hans í meðferð olíuofnsins, þar sem augljóst sé, að þeir hafi ekki gætt þess að slökkva eldinn,

áður en þeir fóru í mat kl. 1830 umræddan dag, og ofninn hafi annað hvort sprungið eða verið bilaður fyrir.

Starfsmenn sækjanda hafi einnig verið að vinna kunnáttuverk, sem sækjandi hafi tekið að sér samkvæmt samningi og gegn greiðslu. Hafi sækjandi borið ábyrgð á því, að hann veldi hæfa menn til starfans og veitti þeim nægar leiðbeiningar og verkstjórn við framkvæmd hans, en á þessu hafi orðið mikill brestur.

Þá hafi sækjandi ekki tilkynnt verjanda um tjónið, fyrr en um 9 mánuðum eftir að tjónið varð, og leiði af líkum, að erfiðara sé að staðreyna orsakir tjónsins og af því verði sækjandi að bera hallann. Verði þannig að telja, að tjónið hafi orsakazt af stórfelldu gáleysi, þar til annað sannist.

Þá telur verjandi, að ef hann hefði bætt verjanda til réttargæzlu tjónið, hefði hann öðlazt kröfu á hendur sækjanda samkvæmt 1. ml. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga.

Hins vegar séu ekki í þessu tilviki skilyrði til að lækka eða fella niður bótaábyrgð sækjanda samkvæmt 2. ml. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954, þar sem um stórkostlegt gáleysi hafi verið að tefla. Almenn varnarsjónarmið hamli því einnig, að bótaábyrgð sækjanda sé lækkuð eða felld niður samkvæmt nefndri lagagrein.

Álit réttarins.

Það er álit réttarins, að sækjandi hafi eignazt tjónbótakröfu verjanda til réttargæzlu á hendur verjanda.

Sækjandi bætti verjanda til réttargæzlu umrætt brunatjón og fékk úr hans hendi fullnaðarkvittun fyrir tjónbótunum, sbr. dskj. nr. 6.

Telja verður, að sækjandi með þessum hætti öðlist rétt tjónþola á hendur tryggingafélaginu, og verður ekki talið, að í þessu tilviki skipti máli, þótt dskj. nr. 6 sé stílað sem kvittun, en ekki beinlínis orðað sem framsal kröfunnar á hendur umræddu tryggingafélagi.

Ekki verður heldur talið, að ábyrgð tryggingafélagsins hafi fallið niður, þótt tryggður kysi að beina kröfu sinni beint gegn tjónvaldi og fengi bætur úr hans hendi.

Það verður því að telja, að sækjandi eigi tjónbótakröfu á hendur verjanda samkvæmt vátryggingarsamningi verjanda og verjanda til réttargæzlu.

Ef verjandi greiddi þá kröfu, mundi verjandi eignast rétt vá-

tryggðs á hendur sækjanda samkvæmt 1. málslið 1. málsgreinar 25. gr. laga nr. 20/1954.

Þessum kröfum verjanda og sækjanda mundi heimilt að skuldajafna.

Úrslit máls þessa velta þá á því, hvort efni yrðu til að lækka eða fella niður endurkröfu tryggingafélagsins samkvæmt 2. málslið 1. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954.

Hér er um húsbóndaábyrgðartilvik að tefla. Er tjónið varð, stóð yfir viðgerð á skipinu, kunnáttuverk, sem sækjandi hafði tekið að sér samkvæmt samningi og gegn greiðslu, enda um vélsmiðju að ræða, sem m. a. leggur fyrir sig viðgerðir á skipum. Skipið var í vörzlu sækjanda, og eigandi þess hafði lítil tök á né ástæðu til að hafa umsjón með því né hafa afskipti af, hvernig var að viðgerðinni staðið, t. d. hvernig hitað var upp.

Sækjanda sem vörzlumanni skipsins bar að tilkynna um brunann samkvæmt 34. gr. laga nr. 37/1948.

Hann tilkynnti hins vegar yfirvöldum aldrei um brunann og vátryggjanda eigi, fyrr en mörgum mánuðum eftir að tjónið varð.

Því eru mikilvæg atriði, er snerta orsök brunans og brunatjónið sjálft, miður upplýst en skyldi, og af því þykir sækjandi verða að bera hallann og einnig því, að sönnunargildi dskj. nr. 7, atvikalýsingar í tjónstilkynningu sækjanda, hefur ekki verið styrkt með rannsókn opinberra aðilja á þeim tíma, sem hún mátti koma að gagni, né öðrum þeim gögnum, sem sækjandi átti kost á að afla. Þá er því og miður farið, þótt sækjandi þyki ekki eiga að bera halla af því, að atriði, sem upplýsa hefði þurft, ásamt gáleysisstiginu hafa ekki komið fram í málinu, svo sem það, hvort starfsmenn þeir, sem að viðgerðinni unnu, er tjónið varð, gegndu mikilvægum stöðum hjá sækjanda, svo sem framkvæmdastjóra- eða verkstjórastöðu eða voru í stjórn fyrirtækisins. Einnig hvort um gáleysi yfirmanna var að tefla, hvað snerti val, fyrirmæli eða leiðbeiningar til starfsmanna, er að verkinu unnu, eftirlit með aðbúnaði og tækjum eða hvort yfirmaður á annan hátt hafði sýnt gáleysi, sem stuðlaði að tjóninu.

Ekki verður þó talið, að síðasttalinn brestur á upplýsingum um málavöxtu sé svo verulegur né hafi þau áhrif á úrslit málsins, að efni séu til að beita ákvæðum 120. gr. laga nr. 85/1936, einkum þar sem svo langt er síðan umræddir atburðir gerðust. Eigi verður heldur séð, að rannsókn samkvæmt VI. kafla laga nr. 37/1948 sé líkleg til að bera árangur nú.

Niðurstöður.

Verjanda, Samvinnutryggingum, bar að bæta verjanda til réttargæzlu, Tryggva Sigjónssyni h/f, umrætt tjón.

Sækjandi, Vélsmiðja Njarðvíkur h/f, eignaðist kröfuna með fullgildu löglegu framsali og er því réttur aðili málsins.

Sækjandi tókst á hendur með samningi að inna af hendi verk það, sem í málinu greinir, en setti starfsmenn sína til að vinna það.

Starfsmennirnir gerðu sig seka um mistök í starfi og urðu með því valdir að tjóni því, sem sækjandi sækir verjanda til greiðslu á.

Sækjandi ber ábyrgð á skaðaverki starfsmanna, en athugandi er, hvort fella skuli niður skaðabótaskyldu hans samkvæmt 2. málslið 1. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954.

Út frá sjónarmiðum almennrar varnarviðleitni gegn skaðaverkum þykir varhugavert að fella niður skaðabótaábyrgð aðilja vegna mikilla mistaka við kunnáttuverk, er hann hefur tekið að sér með samningi og gegn greiðslu, þótt hann vinni verkið eigi sjálfur, heldur láti starfsmenn sína vinna það. Eru því eigi heldur efni til að fella niður skaðabótaskyldu sækjanda samkvæmt 2. málslið 1. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1924.

Þar sem skilyrði skuldajafnaðar eru fyrir hendi, ber að sýkna verjanda af kröfu sækjanda um greiðslu tjónbóta í máli þessu.

Rétt þykir, að sóknaraðili og varnaraðili beri hvor sinn hluta málskostnaðar, og er þá höfð hliðsjón af því, að mikill vafi hlaut að vera um úrslit málsins, einkum þar sem ósamræmis gætir í íslenzkri dómiðkun, hvað snertir beitingu heimildar í 2. ml. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954.

Hæfilegt þykir, að sækjandi greiði verjanda til réttargæzlu, en af hans hálfu hefur tvisvar verið sótt þing í máli þessu, kr. 2.000.00 í málskostnað. Er þá ekki tekið tillit til kostnaðar af máli því, er rekið var á aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu og hafið var, þegar mál þetta var þingfest, enda verður að telja, að hann hefði átt að krefjast úrskurðar um málskostnað í því máli, er það mál var hafið, þótt nýtt mál vegna sömu atvika væri síðar þingfest fyrir öðrum dómstóli, enda hefur sjálfstæð kröfugerð ekki verið höfð uppi gegn honum, svo sem var í fyrra málinu, önnur en málskostnaðarkrafa.

Már Pétursson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Varnaraðili, Samvinnutryggingar g/t, skal vera sýkn af kröfum sóknaraðilja, Vélsmiðju Njarðvíkur h/f.

Málskostnaður milli varnaraðilja og sóknaraðilja fellur niður.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja til réttargæzlu, Tryggva Sigjónssyni h/f, kr. 2.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dómsins að viðlagðri aðför.

Mánudaginn 24. marz 1969.

Nr. 45/1969. **Þórarinn Haraldsson**
gegn
ASA Film Produktion A/S.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísunardómi hrundið. Um kröfusamlag.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. febrúar 1969, sem barst dóminum 5. marz 1969. Hann gerir þær dómkröfur, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar héraðsdóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Kröfur þær, sem sóknaraðili sækir í máli þessu, eiga rót sína að rekja til framlaga hans sjálfs, Ræktunarsambands Norður-Þingeyinga og Félagsheimilisins Skúlagarðs við gerð kvikmyndarinnar Rauðu skikkjunnar. Hafa Ræktunarsamband Norður-Þingeyinga og Félagsheimilið Skúlagarður framselt sóknaraðilja kröfur sínar, og sækir hann allar þrjár kröfurnar sem sínar kröfur. Eigi er ástæða til að ætla, að réttarfarsþyngsli hljótist af þessari meðferð. Að svo vöxnu máli eru eigi efni til að taka frávísunarkröfu varnaraðilja til greina. Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm

úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dóms.

Eftir þessum málalokum er rétt að varnaraðili greiði sóknaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Varnaraðili, ASA Film Produktion A/S, greiði sóknaraðilja, Þórarni Haraldssyni, kærumálskostnað kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. febrúar 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 27. janúar 1969, er höfðað með stefnu, birtri 4. september 1966. Stefnandi málsins er Þórarinn Haraldsson, Laufási, Kelduneshreppi, Norður-Þingeyjarsýslu. Stefndu eru Asa Film Produktion A/S, Lingby, Danmörku, og Just Betzer, sem einnig mun eiga heimili í Danmörku.

Stefna í máli þessu var birt Just Betzer, sem þá dvaldi að Hótel Holti, Bergstaðastræti 37, Reykjavík, með heimild í 21. gr. laga nr. 18/1949.

Dómkröfur stefnanda voru upphaflega þær, að stefndu yrðu in solidum dæmdir til að greiða stefnanda kr. 99.397.50 með 7% ársvöxtum frá 4. september 1966 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Enn fremur krafðist stefnandi þess, að staðfest yrði kyrrsetningargerð, sem fram hefði farið í eignum Asa Film Produktion A/S hér á landi 1. september s.l., og að veitt yrði heimild til aðfarar í þeim eignum.

Stefndi Asa Film Produktion A/S hefur gert þær dómkröfur, að hann verði sýknaður að svo stöddu af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins.

Stefndi Just Betzer hefur gert þær dómkröfur, að hann verði

sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Við munnlegan flutning málsins þann 27. janúar 1969 hefur stefnandi gert eftirtaldar breytingar á stefnukröfum sínum:

1. Stefnandi hefur lækkað stefnukröfuna úr kr. 99.397.50 í kr. 96.587.50. Vaxta er krafizt af þeirri upphæð frá 4. september 1966 til greiðsludags og málskostnaðar.

2. Stefnandi hefur fallið frá staðfestingarkröfu sinni, enda hefur kyrrsetningunni þegar verið aflétt.

3. Stefnandi hefur fallið frá öllum kröfum sínum á hendur stefnda Just Betzer í máli þessu. Við munnlegan flutning málsins hefur stefnandi Just Betzer haldið fast við kröfu sína um málskostnað.

Sátt hefur verið reynd í máli þessu, en án árangurs.

I.

Um efnishlið málsins.

Í stefnu er málavöxtum lýst á þá leið, að skuldin sé eftirstöðvar samkvæmt framvísuðum reikningum, sem stefnandi eigi sjálfur eða hafi fengið framsal fyrir og vera fyrir ýtuvinnu, fyrir afnot húsnæðis í Skúlagarði og skemmdir á því, fyrir hey, hestabeit, laun o. fl. Stefndu hafi stofnað til skuldar þessarar í sambandi við upptöku á kvikmyndinni „Den röde kappe" sumarið 1966. Reikningarnir séu allir samþykktir af stefnda Just Betzer og Benedikt Árnasyni, aðstoðarmanni hans. Af skjölum málsins verður ráðið, að stefndi Asa Film Produktion hafi ráðið til sín Benedikt Árnason leikstjóra. Samkvæmt ráðningarsamningi hans var honum heimilt að gera hvers konar fjárhagslegar ráðstafanir, sem þörf væri á, vegna töku kvikmyndarinnar hér á landi. Samt átti þegar að bera undir „instruktören" Gabriel Axel eða þann, sem stjórn hins stefnda félags fengi til að vera í fyrirsvari fyrir framleiðanda myndarinnar, ef farið væri fram úr þeirri fjárhæð, sem ætluð væri til kostnaðar hérlendis og/eða fyrirframgerðri fjárhagsáætlun.

Af skjölum málsins verður einnig ráðið, að stefndi Just Betzer hafi starfað hjá Asa Film Produktion A/S sem framleiðslustjóri (produktionchef).

Hinir umstefndu reikningar eru þrír. Fyrsti þeirra, rskj. nr. 2, er svohljóðandi:

„Reikningur
til ASA Film og Edda Film
frá Ræktunarsambandi Norður-Þingeyinga Laufási 5/8 '66.

	An	Krónur
Júlí	Ýtuvinna ID 9 unnið í Svínadalsvegi 17 klst. 325/—	5525.00
Ágúst	Ýtuvinna 20½ klst. 325/— (Unnið í Axarfirði)	6662.50
		12.187.50

Þórarinn Haraldsson
form. R. S. N. Þ.
Samþykkjum þennan reikning.
Ólæsileg undirskrift Just Betzer
Ben Ár".

Samkvæmt aðiljaskýrslu stefnanda er reikningur þessi þannig til kominn, að í rigningarkafla um sumarið 1966 hafi Svínadalsvegur teppzt. Hafi stefndi Asa Film beðið um ýtu til þess að gera ruðninga fram hjá ófærum vegarköflum. Kveðst stefnandi hafa strax fengið ýtu Ræktunarsambands Norður-Þingeyinga til að verða við þessari bón. Seinna hafi svo stefnandi verið beðinn um ýtuna til að gera við veg í Axarfirði til þess að auðvelda myndatöku, sem þar hafi farið fram á vegum Asa Film.

Svo sem að ofan er sýnt, er reikningur þessi samþykktur af þeim Benedikt Árnasyni og Just Betzer. Reikningur þessi sýnist vera óumþrættur, nema að því er varðar aðild stefnanda að honum. Verður nánar fjallað um það atriði í II og III hér á eftir.

Annar reikningur stefnanda er, sbr. rskj. nr. 3, svohljóðandi:

„Laufási 10-9 1966.

REIKNINGUR
til A.S.A. film og Edda film
frá Þórarni Haraldssyni, Laufási.

	Krónur
An Hey 40 vættir 125/—	5000.00
— Hestabeit og varzla	8000.00
— Lán á svefnbekkjum	1000.00
— Ferðalög og fyrirgreiðsla	7500.00
Saml.	21.500.00

Þórarinn Haraldsson
Samþykkjum þennan reikning
Just Betzer
Ben Á."

Reikningur þessi er ekki frekar reifaður í skjölum málsins. Við munnlegan flutning málsins hefur stefnandi tekið fram, að því er reikning þennan varðar, að hann sé nú að fullu greiddur með greiðslu að fjárhæð kr. 22.100.00. Kvaðst stefnandi mundu láta umframfjárhæðina ganga upp í aðra reikninga.

Þriðji reikningurinn, sem stefnandi byggir kröfur sínar á, sbr. rskj. nr. 4, er svohljóðandi:

„Laufási 14. ág. 1966.

REIKNINGUR

til A.S.A. film og Edda film
frá Þórarni Haraldssyni

	Krónur
An Húsaleiga fyrir félagsheimilið Skúlagarður, einnig leiga fyrir borð, stóla, borðbúnað og dýnur	70000.00
— Greitt fyrir skemmdir á húsinu og ofangreindum munum	15000.00
Saml.	85000.00

Þórarinn Haraldsson
form. félsh. Skúlagarður
Samþykkjum þennan reikning i henhold til aftale mellem Benedikt Árnason og ovennævnte
Just Betzer
Ben Á."

Varðandi þennan reikning hefur stefnandi skýrt svo frá í aðiljaskýrslu sinni, að Félagsheimilið Skúlagarður sé talið eiga um 1.352 m^2 af byggingunni Skúlagarði í Kelduneshreppi, eða tæplega 50% af húsrýminu öllu, en barnaskólinn afganginn. Segir stefnandi, að stefndi Asa Film hafi haft húsið á leigu frá 10. júní 1966 til 25. ágúst s. á. Í aðiljaskýrslu stefnanda greinir nánar svo frá um leigu þessa, að þegar stefnandi hafi leigt Asa Film og Edda Film Félagsheimilið Skúlagarð, hafi það orðið að samkomulagi milli stefnanda og Benedikts Árnasonar leikara, en Benedikt hafði séð um útvegun húsnæðis fyrir félagið, að ákveða

ekki leiguna, fyrr en séð væri, hve mikið af húsinu félagið þyrfti að nota, og leigan ákveðin síðan með hliðsjón af því, hvað skólinn tæki fyrir sín húsakynni. Stefnandi kveðst hafa sett það að skilyrði, að klukkan 2000 á hverju laugardagskvöldi skyldi félagsheimilið vera laust til samkomuhalds, ef á þyrfti að halda, en stefnandi skilaði því hins vegar hreinu og til teknu, áður en störf hæfust hjá myndatökufélaginu á sunnudagsmorgnum. Að þessu hafi Benedikt gengið og boðizt til að greiða fyrir með húspláss, ef á lægi, þó á rúmhelgu kvöldi yrði. Þetta boð Benedikts hafi síðar verið þegið. Þegar til hafi komið, hafi Asa Film og Edda Film þurft á öllu félagsheimilinu að halda fyrir starfsemi sína. Stefnandi kveður, að með húsinu hafi verið leigð borð og stólar, einnig nýlegur borðbúnaður, sem nægt hafi fyrir 70 manns til matar- og kaffiveitinga. Þá hafi og mörg fleiri áhöld verið þarna, sem ávallt þurfi að vera til handbær í hverju félagsheimili.

Hér fyrir dómi þann 18. nóvember 1966 hefur Benedikt Árnason leikari skýrt svo frá, að hann hafi að fyrra bragði spurt Þórarin, hvað hann gæti hugsað sér, að leigan fyrir félagsheimilið yrði, og hafi þá Þórarinn svarað því til, að hún mundi verða sanngjörn og ekki yfir 20—30 þús. kr. fyrir allt tímabilið, þ. e. tímabilið frá 10. júní 1966 til 25. ágúst s. á. Hafi þeir Þórarinn orðið þannig sammála um 20—30 þús. króna leigu fyrir félagsheimilið, enda gætu þá forsvarsmenn félagsheimilisis haft þar dansleiki og aðra eðlilega sumarstarfsemi, svo sem venja hafði verið.

Um skemmdir á húsi og munum segir á þá leið í aðiljaskýrslu stefnanda, að stefnandi hafi gert lauslegt mat á skemmdum, bæði á húsi og munum, daginn sem flokkurinn hafi farið frá Skúlagarði, og hafi sér sýnzt, að skaðabótakrafan mætti ekki vera lægri en kr. 15.000.00. Benedikt og Just Betzer hafi samþykkt þessa upphæð og einnig leiguna með undirskrift sinni. Í vörzlum stefndu hafi glatazt m. a. nýjar dýnur, glatað hafi verið úr borðbúnaði, stólar og borð hafi verið flutt í kvikmyndaverið í algeru heimildarleysi með þeim afleiðingum, að fjöldi stóla og borða hafi liðazt og brotnað.

Samkvæmt útreikningum stefnanda nemur heildarfjárhæðin samkvæmt ofangreindum þrem reikningum kr. 118.687.50. Stefnandi kveður, að greitt hafi verið inn á skuldina kr. 22.100.00 þann 31. ágúst 1966. Aðiljar eru sammála um, að fjárhæð þessi hafi gengið til greiðslu á reikningi, dags. 10. september 1966,

eins og áður er rakið. Stefnandi hefur reiknað sér innheimtulaun af þessari fjárhæð, þ. e. kr. 22.100.00, og bætir hann þeim við höfuðstólinn, þ. e. kr. 2.810.00. Kemur þá út upphaflega stefnufjárhæðin, kr. 99.397.50. Í hinum munnlega málflutningi hefur stefnandi enn dregið áðurnefndar kr. 2.810.00 frá upphaflegu stefnufjárhæðinni, þ. e. kr. 99.397.50, og kemur þá út endanlega stefnufjárhæðin, þ. e. kr. 96.587.50.

Málssóknin er einkum á því byggð, að stefndi Asa Film Produktion sé skuldbundinn til þess að greiða ofangreinda reikninga samkvæmt loforði sínu. Leggur stefnandi á það áherzlu, að reikningarnir séu allir samþykktir af umboðsmönnum Asa Film, þeim Benedikt Árnasyni og Just Betzer. Stefnandi hefur einnig bent á, að afnot stefnda Asa Film af félagsheimilinu hafi verið því sem næst alger og hafi leigutíminn verið alls 80 dagar. Til samanburðar hefur stefnandi bent á, að eignarhluti barnaskólans í Skúlagarði, sem sé aðeins stærri en eignarhluti félagsheimilisins, hafi verið leigður á alls kr. 97.500.00 fyrir sama tímabil. Telur stefnandi því fráleitt, að kr. 70.000.00 í leigu fyrir félagsheimilið í umrætt tímabil sé ósanngjarnt endurgjald.

Stefndi Asa Film Produktion A/S hefur reist varnir sínar einkum á því, að reikningurinn að fjárhæð kr. 85.000.00 fyrir húsaleigu og skemmdir á húsnæði sé bersýnilega rangur og ósanngjarn. Kr. 70.000.00 í húsaleigu fyrir um það bil tveggja mánaða afnot af húsinu sé bersýnilega andstætt öllum lögum og sanngirni. Stefndu hafi aðeins haft afnot hússins rúmhelga daga, og þó ekki alltaf. Stefndi heldur því fram, að fyrirvari þeirra Justs Betzers og Benedikts Árnasonar á reikningi þeim fyrir afnot félagsheimilisins, sem að ofan var rakinn, þýði einmitt það, að samið hafi verið milli aðilja um allt annað endurgjald en stefnandi vilji vera láta. Þannig heldur stefndi því fram, að samið hafi verið um endurgjald kr. 20—30 þús. fyrir allt tímabilið. Þá er því haldið fram af stefnda Asa Film, að ósannað sé, hvort húsnæðið og aðrir munir hafi verið skemmt eða hverju þær skemmdir hafi numið eða hvort stefndu beri ábyrgð á þeim skemmdum.

Málskostnaðarkrafa stefnda Justs Betzers er á því byggð, að hann hafi starfað hjá Asa Film Produktion A/S sem framleiðslustjóri, enda hafi stefnandi máls þessa skipt við hann í trausti þess og stílað reikninga sína á Asa Film, en ekki á stefnda Just Betzer. Það hafi því ætíð legið ljóst fyrir, hver staða Justs Betzers

hafi verið hjá Asa Film Produktion og því málssókn á hendur honum verið ástæðulaus.

II.

Um formhlið málsins.

Mál þetta var þingfest 15. september 1966. Vitna- og aðiljayfirheyrslur fóru aðallega fram í nóvember 1966, en þann 16. febrúar 1967 lýstu lögmenn yfir því, að gagnasöfnun væri lokið.

Á bæjarþingi þann 11. október 1968 var mál þetta endurupptekið og lögmönnum gefinn kostur á að afla gagna um nokkur nánar tilgreind atriði og auk þess annarra atriða, sem aðiljar kynnu að vilja koma að í málinu.

Fengu aðiljar frest til 15. nóvember 1968 í þessu skyni. Í næsta réttarhaldi í málinu þann 4. desember 1968 lagði stefnandi fram endurrit úr aukaþingbók Þingeyjarsýslu og Húsavíkur, en samkvæmt því gagni hefur skýrsla verið tekin af stefnanda um nokkur atriði. Þann 13. desember s.l. átti að fara fram munnlegur málflutningur í máli þessu, enda var þá gagnasöfnun lokið. Í því þinghaldi krafðist lögmaður stefndu hins vegar þess, að málið yrði endurupptekið og frestað til að afla gagna, sem nánar voru tilgreind. Lögmaður stefnanda mótmælti kröfu þessari, og var hún því þegar flutt og að því loknu tekin til úrskurðar.

Með úrskurði, uppkveðnum 10. janúar 1969, var framangreindri frestbeiðni stefndu synjað.

Málið var síðan munnlega flutt þann 27. janúar 1969, svo sem áður er rakið.

Í greinargerð stefnda Asa Film Produktion A/S, sem lögð var fram 29. september 1966, er að því vikið, að reikningur frá Ræktunarsambandi Norður-Þingeyinga fyrir ýtuvinnu hljóti að sæta frávísun í málinu.

Í hinum munnlega málflutningi gerði lögmaður stefnda Asa Film Produktion A/S hins vegar fyrst beina kröfu um það, að máli þessu yrði vísað frá dómi. Var því mál þetta bæði flutt að formi til og efni þann 27. janúar s.l. Stefndi Asa Film Produktion A/S byggði frávísunarkröfu sína á því, að sóknaraðiljar væru í raun og veru þrír. Stefnandi hafi stefnt út af eigin kröfum, en auk þess fengið innheimtuframsöl frá Ræktunarsambandi Norður-Þingeyinga og Félagsheimilinu Skúlagarði. Þar sem kröfur þessar væru eigi af sömu rót runnar, væri um ólöglegt aðiljasamlag að ræða. Kvaðst stefndi eigi hafa gert frávísunarkröfu þessa fyrr

í málinu, þar eð hann hafi talið, að þetta atriði ætti að sæta frávísun ex officio. Í öðru lagi benti stefndi Asa Film Produktion A/S á, að aðalkrafan í máli þessu, þ. e. samkvæmt reikningnum að fjárhæð kr. 85.000.00, væri svo illa rökstudd, að hún væri ódómhæf.

Af hálfu stefnanda var því hins vegar haldið fram, að ákvæði réttarfarslaga væru því ekki til fyrirstöðu, að mál þetta væri höfðað, svo sem stefnandi hefði gert. Auk þess var bent á það af hálfu stefnanda, að það hefði legið ljóst fyrir í upphafi, hvernig aðild málsins var háttað, og því hefðu mótmæli gegn sóknaraðild átt að koma fram strax í greinargerð stefnda. Frávísunarkrafa nú við munnlegan flutning málsins væri því of seint fram komin.

III.

Niðurstaða.

Stefnandi málsins, Þórarinn Haraldsson, hefur höfðað mál þetta í eigin nafni. Segir í stefnunni, að hann ýmist eigi stefnukröfurnar sjálfur eða hafi fengið framsal fyrir þeim. Af málflutningi aðilja verður það ráðið, að stefnandi eigi sjálfur persónulega kröfu fyrir hestabeit og vörzlu o. fl. að fjárhæð kr. 21.500.00. Er sú krafa rakin hér að framan, sbr. réttarskjal nr. 3. Á rskj. nr. 2 er reikningur frá Ræktunarsambandi Norður-Þingeyinga fyrir ýtuvinnu að fjárhæð kr. 12.187.50. Um framsal þeirrar kröfu hefur verið lagt fram svohljóðandi skjal:

„Undirrituð stjórn Ræktunarsambands Norður-Þingeyinga staðfestir hér með samkvæmt beiðni Harðar Ólafssonar, hæstaréttarlögmanns, að hún hefur framselt formanni sínum, Þórarni Haraldssyni, Laufási, reikning sinn á hendur Asa Film Produktion a.s. fyrir ýtuvinnu í júlí og ágúst 1966 samtals að fjárhæð kr. 12.187.50.

Norður-Þingeyjarsýslu, í október 1966.

Þórarinn Haraldsson formaður — Ingim. Jónsson (meðstjórnandi)

Hólmsteinn Helgason (meðstjórandi)“.

Þessu skjali var mótmælt þegar af hálfu stefndu sem óstaðfestu. Skjal þetta hefur ekki verið staðfest hér fyrir dómi. Í aðiljaskýrslu hefur stefnandi skýrt svo frá, að því er kröfu þessa varðar: „Ég lít svo á, að reikningur þessi sé krafa Ræktunarsambandsins, sem ég tek að mér að innheimta, sem formaður

sambandsins, og sé ekki með því að sameina það persónulegum kröfum mínum". Ekki hefur komið fram í málinu, hvers konar félag Ræktunarsamband Norður-Þingeyinga er, en svo er að sjá, að stefnandi sé stjórnarformaður í því félagi.

Að því er snertir húsaleigu Félagsheimilisins Skúlagarðs, sbr. rskj. nr. 4, að fjárhæð kr. 85.000.00, þá hefur stefnandi á aukadómþingi Þingeyjarsýslu í nóvember 1968 skýrt svo frá: „Mættur er nú spurður um aðild sína að því, er varðar kröfu félagsheimilisins um húsaleigu. Hann svarar því til, að hann sé formaður stjórnar félagsheimilisins og á þeim grundvelli hafi hann fengið frá eigendum félagsheimilisins framsal kröfunnar vegna nauðsynlegrar málssóknar".

Á framangreindu aukadómþingi lagði stefnandi fram staðfestingarskjal á framsalinu. Er það svohljóðandi: „Við undirritaðir, stjórn félagsheimilisins Skúlagarðs, staðfestum hér með framsal okkar til Þórarins Haraldssonar á kröfu félagsheimilisins á hendur ASA film produktion A/S vegna skuldar ASA film á húsaleigu og vegna skemmda, sbr. mál það, sem Þórarinn hefur höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur ASA Film, Kelduhverfi, í október 1968". Undir framsal þetta hafa fyrirsvarsmenn eigenda félagsheimilisins ritað.

Af framanrituðu er ljóst, að stefnandi máls þessa hefur fengið heimild frá Ræktunarsambandi Norður-Þingeyinga og Félagsheimilinu Skúlagarði til að höfða mál um kröfur þeirra í eigin nafni. Hefur og flutningur málsins hér fyrir dómi verið á því reistur. Þar sem málum er svo háttað sem að framan er lýst, er ljóst, að sóknaraðiljar máls þessa eru að réttarfarslögum þrír, þ. e. Þórarinn Haraldsson, Ræktunarsamband Norður-Þingeyinga og Félagsheimilið Skúlagarður, en hins vegar hefur stefnandi fengið „mandatar"-umboð frá hinum síðarnefndu til að höfða mál þetta.

Eigi hefur stefnandi sýnt fram á, að brýnir hagsmunir réttlæti það form sóknaraðildar, sem að framan er lýst, og eigi styðst heimild hans til þessa við beina lagaheimild. Það ræður þó eigi úrslitum, eins og mál þetta liggur fyrir, þar sem dómkröfur hinna þriggja sóknaraðilja eru ósamrættar. Augljóst er, að „mandatar"-umboð verður ekki notað til þess að fara í kringum brýn og ófrávíkjanleg ákvæði réttarfarslaga. Af þeim sökum ber því þegar ex officio að vísa máli þessu frá dómi að hluta með skírskotun í 47. gr. laga nr. 85/1936, að því er varðar kröfur Ræktunarsambands Norður-Þingeyinga að fjárhæð kr. 12.187.50

og kröfur Félagsheimilisins Skúlagarðs að fjárhæð kr. 85.000.00. Tekin verður afstaða til kröfu Þórarins Haraldssonar sjálfs svo og málskostnaðarkrafna í því sambandi við endanlegan dóm í málinu.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi, Þórarinn Haraldsson, greiði stefnda Asa Film Produktion A/S kr. 2.000.00 í málskostnað í þessum þætti málsins. Hins vegar verður stefnda Just Betzer eigi dæmdur málskostnaður í þessum þætti málsins.

Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Kröfu Ræktunarsambands Norður-Þingeyinga að fjárhæð kr. 12.187.50 og kröfu Félagsheimilisins Skúlagarðs að fjárhæð kr. 85.000.00 er vísað frá dómi.

Málskostnaður til handa stefnda Just Betzer er eigi tildæmdur.

Stefnandi, Þórarinn Haraldsson, greiði stefnda Asa Film Produktion A/S kr. 2.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 25. marz 1969.

Nr. 44/1968. **Ingimundur Jónsson**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Kolbeini Guðmundssyni og
Engilbert Kolbeinssyni
(Árni Gunnlaugsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 4. marz 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. febrúar sama ár. Krefst hann þess, að stefndu verði dæmt að greiða honum óskipt

kr. 89.766.20 með 7% ársvöxtum frá 18. október 1961 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði, eins og málið hefði eigi verið gjafsóknarmál þar, svo og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, en stefndi Kolbeinn hefur fengið gjafvörn í málinu með bréfi dómsmálaráðuneytisins 30. apríl 1968.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa skipstjórarnir Jón Guðjónsson, Einar Sigurðsson og Sverrir Bragi Kristjánsson komið fyrir dóm og gefið skýrslur. Þá hefur Gunnar Bergsteinsson sjómælingamaður markað á uppdrátt dýpi við bryggjuna í Vogum miðað við meðalstórstraumsfjöru. Einnig gaf hann umsögn um málið, og segir þar meðal annars: „Eins og sjá má af uppdrætti þeim, sem ég hefi gert af höfninni í Vogum eftir mælingakorti Hafnarmálastofnunarinnar, er ekkert sker nálægt bryggjunni. En vestur af bryggjunni er grunn, sem liggur suður með henni, og er sennilega átt við það, þegar minnzt er á sker í réttarskjölunum. Minnsta dýpi á grunni þessu er 1.1 m við stórstraumsfjöru.

Samkvæmt flóðtöflum mun flóð hafa verið um kl. 13.05, en fjara um kl. 19.40 hinn 18. október 1961. En samkvæmt réttarskjali nr. 7 hefur slysið viljað til um kl. 16.40 eða á hálfföllnum sjó. Dýpi hefur því verið um 2 metrum meira en uppdrátturinn sýnir og sjávaryfirborð rúmlega þrem metrum neðan við bryggjubekju, en hæð hennar er 5.4 m yfir fjöruborði því, sem dýptartölur kortsins eru miðaðar við".

Eigi er í ljós leitt, að slys það, sem mál þetta er risið af, verði rakið til vanbúnaðar skipsins, mistaka skipstjórans, stefnda Engilberts, við stjórntök þess eða annarra orsaka, sem stefndu bera ábyrgð á. Með þessari athugasemd ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um sýknu stefndu af kröfum áfrýjanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Áfrýjandi hafði fengið gjafsókn í máli þessu í héraði með

bréfi dómsmálaráðuneytisins 23. desember 1963. Héraðsdómi hefur láðst að kveða á um greiðslu málskostnaðar í samræmi við ákvæði 174. gr. laga nr. 85/1936. Verða skipuðum talsmanni áfrýjanda í héraði því ákveðin hér málflutningslaun, kr. 15.000.00.

Málsvarnarlaun skipaðs talsmanns stefnda Kolbeins fyrir Hæstarétti ákveðast kr. 15.000.00, er greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Stefndu, Kolbeinn Guðmundsson og Engilbert Kolbeinsson, eiga að vera sýknir af kröfum áfrýjanda, Ingimundar Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda í héraði, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00, og málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnda Kolbeins Guðmundssonar fyrir Hæstarétti, Árna Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 5. júní 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. maí s.l., hefur Ingimundur Jónsson vélstjóri, Gilhaga 1 við Breiðholtsveg í Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 6. janúar 1964, gegn Kolbeini Guðmundssyni útgerðarmanni og Engilbert Kolbeinssyni skipstjóra, báðum til heimilis að Auðnum í Vatnsleysustrandarhreppi, til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð kr. 89.766.20 með 7% ársvöxtum frá 18. október 1961 til greiðsludags auk málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 23. desember 1963, var stefnanda veitt gjafsókn í málinu og Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður skipaður til að flytja málið fyrir gjafsóknarhafa.

Af hálfu stefndu er þess krafizt aðallega, að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi hans eftir mati dómsins. Til vara er þess krafizt, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð, enda verði þá málskostnaður látinn falla niður.

Aðalkrafa stefnanda er til greiðslu skaðabóta vegna slyss, sem hann varð fyrir um borð í skipi stefnanda, og sundurliðast þannig:

	Debet	Kredit
An: Útlagt	1.610.00	
— Atvinnutjón	79.176.00	
— Þjáningar	25.000.00	
Pro: Tryggingastofnun		16.019.80
— Jöfnuður		89.766.20
Alls kr.	105.786.00	105.786.00

Jöfnuðurinn svarar stefnufjárhæðinni.

Við munnlegan flutning málsins hefur af stefnanda hálfu verið fallizt á, að tillit beri að taka til þess við ákvörðun bótanna, að þær séu skattfrjálsar.

Málavextir.

Á árinu 1961 var stefnandi vélstjóri á m/b Sæljóni, GK 103, þá eign stefndu. Skipstjóri á skipinu var stefndi Engilbert.

18. október það ár var skipið að leggjast að bryggju í Vogum á Vatnsleysuströnd. Bjart var af degi, lágsjávað og hátt upp á bryggju af þilfari. Nokkur alda var á og lítils háttar súgur við bryggjuna. Skipið sneri bakborðshlið að bryggjuhausnum, og var orðið fast að framan. Framendinn nam við bryggjuhausinn, en afturendinn var nokkuð frá bryggju. Stefnandi var aftur á, bakborðsmegin, og hafði kastað festi í land. Var annar endinn orðinn fastur á bryggjunni. Stefnandi hélt í hinn og hugðist festa hann í „krusshald". Hafði hann tyllt tauginni eða fest. Taugin slóst í handlegg hans. Lenti handleggurinn í járngrindverki á borðstokknum og brotnaði.

Stefnandi sjálfur hefur skýrt svo frá þessum atburði hér fyrir rétti, að línustampar nokkrir hafi verið fyrir „krusshaldinu", þar sem línuna skyldi festa. Hann kveðst hafa smeygt fangalínunni undir járngrindverkið á borðstokknum og brugðið endanum tvisvar um endastýringuna (kefa), meðan hann var að ryðja stömpunum frá. Hann kveðst hafa haldið í taugina með vinstri hendi, en stutt hægri hendi ofan á brögðin á endastýringunni. Þá segir hann skipstjórann hafa bakkað af svo miklum krafti, að hann hafi misst af tauginni og hægri handleggurinn slegizt upp í grindverkið.

Bróðir stefnanda, sem var matsveinn á bátnum, var í stýrishúsi. Hann kveðst hafa gengið út að hliðarglugga bakborðsmegin, þegar báturinn tók að bakka. Hann kveður hafa verið bakkað tvisvar, lítið í fyrra skiptið, meira í hið síðara. Kveður hann hafa stríkkað mjög á afturfestinni, en síðan kveðst hann hafa orðið þess var, að slaknað hafi á henni. Leit hann þá út um gluggann og sá þá stefnanda sitja á hekkinu og halda um handlegginn. Vitnið kvaðst þess fullvisst, að skipt hafi verið aftur á. Hann sagði skipstjórann hafa hætt að bakka, þegar hann sagði honum, að eitthvað hefði komið fyrir aftur á.

Stefndi Kolbeinn var staddur á bryggjunni, þegar skipið lagði að. Hann skýrði svo frá hér fyrir dómi 18. nóvember 1964, að skipstjóri hafi bæði „keyrt í springinn" og tekið aftur á bak, þegar hann var að reyna að ná bátnum að. Í samprófun við meðstefnda Engilbert og stefnanda í sama þinghaldi kvaðst hann aðeins hafa séð, að báturinn fór aftur á bak, en um það, hvort skrúfu hafi verið skipt aftur á eða ekki, kvaðst hann ekki geta borið. Stefndi Kolbeinn segir, að fangalínan að aftan hafi legið ofan á grindverkinu og að stefnandi hafi vafið hana um endann á „krusshaldinu". Kveður hann línuna hafa gengið aftur og fram á grindverkinu, eftir því hvernig skipið færðist til.

Stefndi Engilbert hefur skýrt svo frá atvikum í skriflegri skýrslu, sem hann hefur staðfest hér fyrir dómi, svo og í reglulegri aðiljaskýrslu, að eftir að fast var orðið að framan, hafi hann tekið að „keyra í springinn" til að ná afturendanum að bryggjunni. Hann kveðst hafa staðið við stjórntæki skipsins stjórnborðsmegin í stýrishúsinu og því ekki getað séð til stefnanda, þar sem hann var staddur, án þess að yfirgefa stjórntækin, enda sé hliðarglugginn lítill og að nokkru hulinn af dýptarmæli. Hann kveður ekki hafa verið tímabært að setja fast að aftan og kveðst enga skipun hafa gefið um, að svo skyldi gert. Hann kveðst ekki hafa bakkað, en telur, að vera megi, að hann hafi kúplað frá og báturinn þá sakkað aftur.

Vitnið Hjartvar S. Poulsen hefur skýrt svo frá fyrir sakadómi í Færeyjum, að hann hafi á þessum tíma starfað sem landmaður í Vogum og verið staddur á bryggjunni, er slysið varð. Hann kveðst muna, að stefnandi hélt með annari hendi bragði um kjálka á borðstokknum og dró inn línuna, eftir því sem báturinn færðist nær, meðan skipstjórinn keyrði í framtaugina. Hann kveður útilokað, að skipstjórinn hafi bakkað. Vitni þetta varð

ekki eiðfest, þar sem dómurinn taldi þess ekki þörf, og vísaði um það atriði í 186. gr. réttarfarslaganna.

Stýrimaðurinn á skipinu hefur gefið skýrslu fyrir réttinum og staðfest hana með eiði. Hann skýrir svo frá, að hann hafi verið fram á og kastað upp línu, sem fest var bæði á bryggjunni og um borð. Hann kveður hafa verið keyrt í framtaugina til að ná bátnum að bryggjunni. Hann kveður hafa verið kastað fangalínu upp að aftan, þegar skipið tók að nálgast bryggjuna. Hann kveður línuna hafa verið festa við polla á bryggjunni og einnig um borð, en ekki rétt, því að línan hafi legið yfir grindverkið. Hann kveðst ekki minnast þess, að stampar væru fyrir „krusshaldinu". Hann kveður ekki hafa verið keyrt í afturlínuna, en viðurkennir, að ekki finnist frammi í bátnum, ef bakkað er, nema það sé gert af miklum krafti. Hann telur hins vegar, að hann mundi hafa séð á ferð bátsins, ef bakkað hefði verið. Hann segir bátinn aðeins hafa sakkað aftur á, þegar stytt var í framtauginni og kúplað frá.

Í skýrslu vitnisins Hjartvars Signars segir, að sker hafi verið fyrir aftan bátinn, sem skipið hefði rekizt á, ef aðeins hefði verið bakkað lítið eitt. Stefndi Engilbert getur einnig um sker þetta í skýrslu sinni og segir, að komið hafi fyrir, að bátar strönduðu á því. Rétturinn hefur sjálfur farið á vettvang og skoðað aðstæður um fjöru. Sást þá greinilega móta fyrir skeri svo sem bátslengd frá bryggjuhausnum, og hefur afturhluti skipsins stefnt beint á það, ef það hefur legið skáhallt við bryggjuhausinn.

Stefndi Engilbert hafði réttindi til að stjórna 30 lesta skipi og undanþágu til að stjórna m/b Sæljóninu, sem hefur 335 ha. vél. Höfðu þeir feðgar nýlega fest kaup á skipinu, er slysið varð, en áður hafði stefndi Engilbert stjórnað skipi með 240 ha. vél. Vitnið Hjartvar Signar, sem segist hafa siglt með stefnda Engilbert, ber, að hann hafi alltaf stýrt skipi einstaklega vel.

Ekkert mun hafa verið skráð í skipsdagbók um atburðinn, og sjóferðaskýrsla var ekki gefin fyrir rétti.

Höfuðmálsástæður.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að slysið hafi orðið fyrir yfirsjón eða vanrækslu stefnda Engilberts við stjórn skipsins og beri meðstefndi Kolbeinn húsbóndaábyrgð á tjóninu samkvæmt 13. gr. siglingalaga nr. 56/1914. Bótaábyrgð stefnda Engilberts er talin byggjast á almennu skaðabótareglunni.

Það atvik, að stefndu létu ekki taka sjóferðaskýrslu fyrir dómi út af slysinu, er talið eiga að varða því, að á þá verði lögð þyngri sönnunarbyrði en ella hefði verið.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að slysið hafi orðið fyrir mistök stefnanda, sem hafi unnið verk það, sem hann slasaðist við, án þess að honum hefði verið skipað að framkvæma það, enda hafi það verið ótímabært. Hafi hann farið rangt að við verkið og sé það orsök slyssins. Á því er byggt, að stefndi Engilbert hafi stjórnað skipi sínu óaðfinnanlega.

Ályktun réttarins.

Ekki verður talið sannað, að ótímabært hafi verið að setja fast að aftan, þegar stefnandi hófst handa, og ekki verður talið fullsannað, að hann hafi farið öðruvísi að en rétt var þrátt fyrir framburð meðstefnda Kolbeins og stýrimanns. Á hinn bóginn verður ekki talið, að það atvik, að stampar voru fyrir „krusshaldinu", sé þannig ámælisvert, að bótaábyrgð varði. Telja verður, að stórlega gálauslegt hefði verið af skipstjóra að fara frá stjórntækjum skipsins til að skyggnast út um hliðargluggann bakborðsmegin, eins og á stóð. Telja verður ósennilegt og ósannað, að skipstjórinn hafi bakkað í umrætt sinn, meðal annars vegna nálægðar skersins við bryggjuhausinn. Yfir höfuð verður ekki séð, að skipstjórinn hafi gerzt sekur um nokkurt það atferli, sem leiði til þess, að ábyrgð verði á lögð samkvæmt almennu skaðabótareglunni. Stefnandi vann við algengt starf í umrætt sinn, sem ekki verður talið sérlega hættulegt. Ekki verður talið, að nokkur lagaregla leiði til, að lögð verði bótaábyrgð á stefndu í máli þessu.

Í 45. gr. siglingalaga nr. 56 frá 1914 er skipstjóra m. a. gert skylt að gefa sjóferðaskýrslu, ef maður ferst voveiflega af skipinu. Skylda þessi nær ekki til atviks þess, sem hér er fjallað um.

Telja verður líklegast, að óhappatilviljun hafi valdið um, hvernig fór. Skipið mun hafa sakkað aftur á, þegar stríkkaði á framtauginni og skrúfan var tengd frá. Súgur við bryggjuna kann að hafa valdið hér nokkru um.

Telja verður, að stefnandi hafi nú þegar beðið nægilegt tjón af slysi sínu, og verður honum ekki lagt það til lasts, þótt hann freistaði þess að fá upplýst fyrir dómi um atvik að slysinu og úrlausn um bótaábyrgð. Þykir því hæfa að málskostnaður verði látinn falla niður.

Dóm þennan kváðu upp Steingrímur Gautur Kristjánsson, full-

trúi bæjarfógeta, formaður dómsins, og meðdómsmennirnir Þorsteinn Einarsson skipstjóri og Þorsteinn Eyjólfsson skipstjóri.

Dómsorð:

Stefndu, Engilbert Kolbeinsson og Kolbeinn Guðmundsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Ingimundar Jónssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 28. marz 1969.

Nr. 4/1969. **Almennar tryggingar h/f og Stefán Tryggvason** (Guðmundur Pétursson hrl.) gegn **Rannveigu G. Kristjánsdóttur og gagnsök** (Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar 1969. Krefjast þeir sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 14. janúar 1969. Gerir hún þær dómkröfur, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða henni óskipt kr. 270.946.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. ágúst 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hún krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjenda.

Samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi eru aðiljar sammála um, að slys það, sem málið fjallar um, hafi orðið vegna ógætni ökumanns bifreiðarinnar, aðaláfrýjanda

Stefáns Tryggvasonar. Samkvæmt 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 mátti gagnáfrýjandi sækja kröfu sína beint á hendur aðaláfrýjanda Almennum tryggingum h/f. Það haggar ekki bótarétti gagnáfrýjanda á hendur félaginu, að ökumaður og eigandi bifreiðarinnar var eiginmaður hennar. Ber því að staðfesta ákvæði héraðsdóms um fébótaábyrgð aðaláfrýjenda á tjóni gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi sundurliðar kröfu sína þannig:

1.	Bætur fyrir orkutjón	kr. 164.946.00
2.	Bætur fyrir þjáningar og lýti	— 100.000.00
3.	Greiddur kostnaður	— 6.000.00
		Kr. 270.946.00

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um 1. kröfulið. Bótafjárhæð 2. kröfuliðs þykir hæfilega ákveðin kr. 90.000.00. Fjárhæð 3. kröfuliðs er viðurkennd. Samtals eru þessar fjárhæðir kr. 176.000.00 (90.000.00 + 80.000.00 + 6.000.00), sem aðaláfrýjendum ber óskipt að greiða gagnáfrýjanda ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Aðaláfrýjendur greiði óskipt gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 50.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Almennar tryggingar h/f og Stefán Tryggvason, greiði óskipt gagnáfrýjanda, Rannveigu G. Kristjánsdóttur, kr. 176.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. ágúst 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 50.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. nóvember 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Rannveig Kristjánsdóttir, Rauðalæk 19, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 21. nóvember 1966, gegn Stefáni Tryggvasyni lögregluþjóni, Rauðalæk 19, Reykjavík, og Almennum tryggingum h/f, Reykjavík, til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð kr. 261.608.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 21. ágúst 1963 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Af hálfu hinna stefndu er krafizt sýknu *aðallega* auk hæfilegs málskostnaðar að mati dómsins. Til vara er af hálfu hinna stefndu krafizt verulegrar lækkunar á stefnukröfunum og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefnandi greinir frá málavöxtum á þá leið, að hún hafi verið farþegi í bifreiðinni R 11668 hinn 21. ágúst 1963 á leið austan úr Þingeyjarsýslu til Akureyrar. Stefnandi kveðst hafa setið í framsæti bifreiðarinnar, en ökumaður hafi verið eigandi bifreiðarinnar, Stefán Tryggvason, eiginmaður hennar. Á þjóðveginum austan Djúpár, á beygjum við brúna, kveður stefnandi Stefán hafa misst stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum, að bifreiðin hafi rekizt á brúarstöpulinn hægra megin, síðan snúizt til vinstri og hafi þá vinstra afturhorn hennar lent á brúarstólpanum hinum megin og um leið hafi hægri hurð bifreiðarinnar opnazt og stefnandi hrokkið út úr bifreiðinni. Stefnandi kveðst hafa brotnað á báðum kjálkum við áreksturinn og aldrei verða jafngóð af brotinu.

Stefnandi kveður orsakir slyssins vera þær, að ökumaður bifreiðarinnar hafi ekið of hratt miðað við aðstæður, og kveðst hún því telja hann og tryggjanda bifreiðarinnar bótaskylda á tjóni sínu samkvæmt 69. gr., 3. mgr., laga nr. 26/1958, sbr. og 74. gr., 2. mgr., sömu laga.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

1. Bætur vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku	kr. 157.108.00
2. Bætur fyrir þjáningar og lýti	— 100.000.00
3. Útlagður kostnaður	— 4.500.00
Samtals	kr. 261.608.00

Stefnandi, Rannveig Guðmundína Kristjánsdóttir, hefur komið fyrir dóm í máli þessu og skýrt þar frá á þá leið, að í umrætt

sinn hafi bifreiðin verið á um 60 km hraða, þegar hún nálgaðist brúna. Kveður hún vondar beygjur hafa verið báðum megin við brúna. Hafi stefndi Stefán misst stjórn á bifreiðinni, um leið og bifreiðin rann í lausri möl, sem hafi verið á akbrautinni. Hún kveðst ekki hafa veitt því athygli, að ástand benzíngjafarinnar hafi verið óvenjulegt. Hún kveðst ekki hafa fundið neitt sérstakt að við akstur Stefáns í umrætt sinn. Segir stefnandi að gefnu tilefni, að ekki hafi verið haft áfengi um hönd í bifreiðinni. Stefnandi segir, að þau hjón hafi ekki gert með sér kaupmála. Hún tekur fram, að hún sé engan veginn orðin góð af áverkum þeim, sem hún hlaut. Hún geti t. d. ekki enn opnað munninn með eðlilegum hætti eins og áður. Þá telur hún, að við ákeyrsluna hafi hún hlotið snert af taugaáfalli og sé engan veginn orðin góð af því. Hún segir, að stundum, þegar henni sé kalt og eins þegar hún tyggi, þá fái hún verki í kjálkann hægra megin.

Stefndi Stefán Tryggvason hefur skýrt svo frá í skýrslu sinni, sem gefin hefur verið hjá lögreglunni á Akureyri og er á dskj. nr. 3 í máli þessu, að um kl. 2130 að kvöldi 2. ágúst 1963 hafi hann ekið bifreið sinni, R 11668, vestur þjóðveginn austan Djúpár í Ljósavatnshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu á leið til Akureyrar. Í bifreiðinni með sér hafi verið kona sín, Rannveig Kristjánsdóttir, og Ásgeir Sigurðsson, 20 ára, til heimilis að Tangagötu 26, Ísafirði, og hafi hann setið í aftursæti. Er stefnandi nálgaðist Djúpárbrúna, kveðst hann hafa ekið á um 60 km hraða miðað við klukkustund. Á hæðinni skammt austan við brúna kveðst hann hafa ætlað að draga úr hraðanum, en þá hafi benzíngjöfin staðið á sér og bifreiðin haldið ferð sinni. Kveðst stefndi þá hafa hemlað og kúplað sundur, en bifreiðin hafi skrikað til í lausamölinni og rekizt á brúarstólpann hægra megin, snúizt síðan til vinstri og hafi þá vinstra afturhorn bifreiðarinnar lent á brúarstólpanum hinum megin og um leið hafi hægri hurðin opnazt og kona stefnda hrokkið út úr bifreiðinni, en bifreiðin hafi stöðvazt næstum því öfug á brúnni. Stefndi kveðst þegar hafa komizt út vinstra megin og hlaupið til aðstoðar konu sinni, sem legið hafi á veginum austan við brúarendann, en hún hafi verið með fulla meðvitund, en með áverka á höku og getað sig lítið hreyft. Stefndi kveðst hafa hlotið meiðsli á hægri hönd og skurð á augabrún. Ásgeir hafi hlotið blátt auga. Stefndi segir, að rétt á eftir hafi komið þarna að nokkrar bifreiðar, og var þá farið að Fosshóli til að hringja eftir sjúkrabifreið frá Akureyri. Þá hafi komið þarna að læknir í bifreið sinni, sem hafi athugað ástand konu

stefnda. Á meðan beðið var sjúkrabifreiðarinnar, kveður stefndi bifreið sína hafa verið dregna vestur yfir brúna, svo að umferð stöðvaðist ekki lengur. Síðan kveður stefndi konu sína hafa verið flutta í sjúkrahúsið á Akureyri, en hún hafi kjálkabrotnað báðum megin og sé enn fremur mikið marin. Þá kveðst stefndi hafa hlotið beinbrot á hægri hendi auk áverka á andlit, sem áður greinir. Stefndi kveður bifreið sína vera mikið skemmda og hafi hún verið flutt til Akureyrar skömmu síðar. Stefndi kveðst vilja taka fram, að einu sinni áður hafi það komið fyrir, að benzíngjöf bifreiðarinnar hafi staðið á sér, en þá hafi hann látið lagfæra hana. Að öðru leyti kveður stefndi bifreið sína hafa verið í ágætu lagi fyrir slysið.

Stefndi Stefán hefur og komið fyrir dóm í máli þessu og staðfest þar skýrslu þá, sem að framan greinir, og kveður hann hana vera rétta, en getur þess, að hraðinn kunni að hafa verið aðeins meiri en þar greinir. Hann segir, að skömmu áður en hann kom að brúnni, hafi hann séð aðvörunarmerkið A 2, sem merki hættulegar beygjur, en þar hafi ekki verið neitt merki um það, að brú væri framundan. Kveðst stefndi því ekki hafa haft eins mikinn vara á sér. Stefndi kveðst hafa frétt, að sjö slys hefðu orðið við Djúpárbrúna, eftir að hann ók á brúarstólpann. Kveðst hann hafa verið ókunnugur á þessum slóðum og ekki farið þessa leið austur, heldur farið út Köldukinnarveg. Stefndi tekur fram, að nú sé búið að merkja þessa hættulegu beygju við brúna rækilega. Þá tekur hann og fram að gefnu tilefni, að hann hafi haft fulla athygli við aksturinn, en þar sem merkið hafi aðeins þýtt beygju, þá hafi hann ekki dregið úr hraðanum fyrr en of seint, vegna þess að hann hafi verið á alveg nýrri bifreið af gerðinni Volkswagen 1500, sem hann kveðst hafa reynt mjög hæfa til þess að aka nokkuð hratt í beygjum, en bifreiðin hafi legið mjög vel í akstri. Stefndi kveður þau hjónin ekki hafa gert með sér kaupmála.

Vitnið Ásgeir Sigurðsson, sem var farþegi í bifreið stefnda í umrætt sinn, hefur skýrt svo frá í skýrslu þeirri, sem hann hefur gefið lögreglunni á Akureyri og skráð er á dskj. nr. 3, að hann hafi setið í aftursætinu, en þau hjónin Stefán og Rannveig frammi í, en Stefán hafi ekið bifreiðinni. Er þau hafi verið komin á hæð skammt austan Djúpár, kveður vitnið sér hafa orðið litið á hraðamæli bifreiðarinnar, án þess þó að það teldi hraðann varhugaverðan, og kveðst vitnið hafa séð, að hann sýndi 60 km miðað við klukkustund, og á næsta augnabliki, er bifreiðin

hafi farið í beygjuna, hafi sér virzt ganghljóð vélarinnar ekkert breytast og á næsta augnabliki hafi bifreiðin rekizt í brúarstólpann hægra megin og um leið hafi hún kastazt til vinstri að aftan inn á brúna. Vitnið segir, að er það kom út úr bifreiðinni vinstra megin, hafi það séð, að Rannveig lá á götunni við brúarendann að austan, en Stefán hafi verið kominn á undan sér til hennar. Ekki kveðst vitnið hafa misst meðvitund við áreksturinn, en þó hafa verið dálítið vankað fyrst á eftir, en vitnið kveðst hafa fengið högg á hægra augað. Vitnið segir, að þegar hafi komið þarna að allmargir vegfarendur í bifreiðum og eftir að hlúð hafði verið að Rannveigu, hafi einhverjir þeirra farið að Fosshóli til að hringja á sjúkrabifreið frá Akureyri. Á meðan beðið hafi verið eftir sjúkrabifreiðinni, kveður vitnið viðstadda hafa hjálpazt við að draga bifreiðina af brúnni og spölkorn vestur fyrir hana. Vitnið kveður talsverða lausamöl hafa verið í beygjunni austan brúarinnar. Eftir áreksturinn hafi benzín runnið af bifreiðinni og niður á brúna, en vitnið kveðst hafa stöðvað gangvél hennar, um leið og það fór út úr bifreiðinni, og hafi hún þá ekki virzt ganga neitt óvenjulega hratt.

Ekki kveðst vitnið hafa vitað til þess, að neitt væri athugavert við bifreiðina, og að minnsta kosti hafi ekkert slíkt borizt í tal í ferðinni. Vitnið kveður sér hafa fundizt stefndi Stefán aka vel og gætilega alla leiðina. Ekki kveðst vitnið hafa tekið eftir neinu aðvörunarmerki austan við slysstaðinn, enda hafi það ekkert sérstaklega litið eftir því. Vitnið kveður sig minna, að hægri hliðstólpi brúarinnar væri brotinn eftir áreksturinn. Ekki kveðst vitnið hafa litið eftir neinum hemlaförum á staðnum. Vitnið segir, að er það sá Rannveigu liggja á götunni, hafi það þegar vitað, að hún mundi hafa kastazt út, er hægri hurðin opnaðist við áreksturinn.

Gísli Ólafsson, yfirlögregluþjónn á Akureyri, skýrir svo frá í skýrslu á dskj. nr. 3, að hann hafi farið á slysstaðinn ásamt Ingólfi Þorsteinssyni, aðstoðarmanni bifreiðaeftirlitsins á Akureyri. Kveður Gísli þá hafa komið á staðinn um kl. 2300. Hafi þá verið búið að draga R 11668 vestur yfir brúna. Hann kveður þá hafa mætt sjúkrabifreiðinni á Vaðlaheiði með ökumann og farþega. Nyrðri brúarstöpullinn að austan hafi verið brotinn og sýnilegt, að a. m. k. nokkur hluti hans hafi verið nýbrotinn og hafi hann hangið út af brúnni. Þá kveður Gísli þess hafa sézt merki, að bifreiðin hafi rekizt í handriðið að sunnan. Ekki kveður hann þá hafa getað greint hemlaför á staðnum, enda

nokkur lausamöl og mikið traðk. Gísli kveður veginn vera beinan á 16 metra löngum kafla austur frá brúnni, fara sihækkandi og beygja um leið til hægri (suður) og á melhæð um 50 metra austan brúarinnar sé beygjan mest og vegurinn laus á yfirborðinu. Yfirlögregluþjónninn kveðst hafa fengið Svavar Jóhannsson bifreiðaeftirlitsmann og Þorstein Jónsson bifvélavirkja til að athuga bifreiðina með tilliti til bilunar á benzíngjöf hennar, en hún sé stórskemmd eftir árekstur inn.

Hefur þá verið rakið það helzta, sem aðiljar og vitni hafa um málið að segja.

Eins og áður er fram komið, styður stefnandi kröfur sínar þeim rökum, að stefndi Stefán hafi ekið of hratt miðað við aðstæður, og beri því ábyrgð á tjóni stefnanda samkvæmt 69. gr., 3. mgr., laga nr. 26/1958 og beri stefnda Almennum tryggingum h/f, er var tryggjandi bifreiðarinnar, að bæta sér tjónið samkvæmt 70. gr. greindra laga og sé því stefnt í máli þessu samkvæmt heimild í 7. gr., 2. mgr., sömu laga.

Af hálfu hinna stefndu er gerð svofelld grein fyrir kröfugerð þeirra, að eigi komi annað fram í málinu en að hjónin hafi sameiginlegan fjárhag, þannig að undir venjulegum kringumstæðum kæmi skaðabótagreiðsla af hendi eiginmanns til eiginkonu ekki til greina, en þar sem hjónin hafi keypt tryggingu, hafi stefnandi höfðað mál þetta í trausti þess, að tryggingafélagið verði greiðsluskylt.

Umrætt tryggingafélag hafi hins vegar neitað greiðsluskyldu í málinu og sé það gert í samræmi við önnur tryggingafélög til að fá endanlega úr því skorið, hvort maki, sem slasazt í árekstri vegna aðgæzluleysis eiginmanns eða eiginkonu við akstur, eigi lögvarða bótakröfu. Ábyrgðartryggingin sé í eðli sínu þriðja manns trygging til verndar hagsmunum beggja hjónanna sameiginlega og sé því óeðlilegt, að sú vernd, sem henni er ætlað að veita, geti rýrnað við greiðslur til tryggingartaka sjálfra. Tryggingafélögin hafi almennt neitað slíkum bótagreiðslum. Á sama hátt og með sömu rökum hafi tryggingafélögin neitað greiðslum til tryggingartaka, sem eigi margar bifreiðar, en verði fyrir því, að ein af bifreiðum hans skemmi aðra. Slíkar greiðslur frá tryggingafélögunum mundu auk þess skapa verulega hættu á tryggingasvikum.

Fram hefur verið lagt í málinu sem dskj. nr. 20 símskeyti með staðfestri undirskrift þeirra Þorsteins Jónssonar og Svavars Jóhannssonar bifreiðaeftirlitsmanns, þar sem m. a. segir, að við

skoðun á R 11668 eftir ákeyrslu hafi eigi verið að finna galla á eldsneytisgjöf né heldur hemlum við ástig á þá, sbr. skýrslu Gísla Ólafssonar yfirlögregluþjóns á dskj. nr. 3.

Eins og fram kemur í framburði aðilja og vitna, sem raktir hafa verið hér að framan, þá er upplýst, að stefndi Stefán ók á 60—70 km hraða, um það bil er slysið varð, á vegi, sem hann var ókunnugur. Hann kveðst hafa séð aðvörunarmerkið A 2, sem merki hættulegar beygjur, skömmu áður en hann kom að brúnni, en ekki neitt merki um það, að brú væri framundan. Því hafi hann ekki dregið úr hraðanum fyrr en of seint. En bifreið þá, sem hann ók, Volkswagen 1500, sem hafi verið alveg ný, hafi hann reynt mjög hæfa til þess að aka nokkuð hratt í beygjum, enda hafi hún legið mjög vel í akstri.

Samkvæmt þessu þykir í ljós leitt, að stefndi Stefán hafi ekið of hratt og ekki gætt nægilegrar varkárni í akstrinum í umrætt sinn miðað við aðstæður, og þeim mun frekar sem hann ók um ókunnar slóðir, enda liggur ekki fyrir í málinu, að um bilun í bifreiðinni hafi verið að ræða, sem orsakir slyssins verði raktar til. Ber því stefndi Stefán fébótaábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni því, sem hún varð fyrir vegna umrædds slyss, ásamt vátryggjanda bifreiðarinnar, Almennum tryggingum h/f, sem einnig hefur verið stefnt í máli þessu til greiðslu bóta samkvæmt heimild í 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, enda verður að telja, að stefnandi eigi rétt á bótum úr hendi manns síns eftir almennum reglum skaðabótaréttarins og án þess að til skerðingar komi.

Páll Sigurðsson hefur metið örorku stefnanda vegna umrædds slyss, og hefur örorkumatið verið lagt fram sem dskj. nr. 4 í málinu, en í örorkuvottorði Páls læknis eru innifalin vottorð Jóns Sigtryggssonar, prófessors við tannlæknadeild Háskólans, og Arnar Bjartmars tannlæknis, þar sem lýst er meiðslum stefnanda og læknismeðferð. Er örorkumat Páls Sigurðssonar svohljóðandi:

„ÖRORKUMAT

fyrir Rannveigu Kristjánsdóttur, húsm., f. 24/11 1929, til heimilis að Rauðalæk 19, Reykjavík.

Bílslys 21/8 1963.

Slysið mun hafa orðið með þeim hætti, að slasaða var á ferð í bíl með eiginmanni sínum, er hann ók á brúarstöpul með þeim afleiðingum, að hún hlaut högg á höfuð og andlit.

Slasaða mun fyrst hafa verið flutt í Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, en síðan í Landspítalann í Reykjavík. Það liggur ekki fyrir læknisvottorð frá læknum á Akureyri, hins vegar liggja fyrir vottorð frá Jóni Sigtryggssyni, prófessor við tannlæknadeild, og Erni Bjartmars Péturssyni. Frá Jóni liggja fyrir 2 vottorð, hið fyrra er dagsett 3/12 1963, og segir þar, að konan hafi slasazt 21/8, en að hann hafi séð sjúkling 23/8 1963. Um slysið segir annars orðrétt:

„Sjúklingur lenti í bílslysi 21/8 kl. 21.30, er bíll, sem sjúklingur var í, bilaði, og sjúklingur kastaðist út úr bílnum við ákeyrslu á brúarstólpa. Sjúklingur síðan fluttur í sjúkrabíl til Akureyrar og teknar röntgenmyndir af kjálka, er sýndu slæmt brot, og treystust sjúkrahúslæknar ekki til að gera við það og sjúklingur því sendur á Landspítalann. Við komuna er mikil bólga á hægri, neðri kjálka. Tennur standast ekki á, dregnar til hægri í neðri kjálka, 1—2 cm. Eymsli eru í öllum neðri kjálka og harður hnútur ofan og aftan til hægra megin á neðri kjálka. Sjúklingur getur ekki opnað munninn nema ½—1 cm. Við röntgenmyndun sést, að brotið er á einum versta stað með tilliti til þess að fá góða stöðu brotflatanna. Bein samfesting brotsins kemur ekki til greina, og er reynt að fá sæmilega stöðu með því að binda gervitennur með vír við bein efri og neðri kjálka og draga síðan kjálkana saman í bitstöður og halda munninum saman bundnum í occlusions-stöðu um tveggja mánaða bil. Aðgerðin tók um 2 stundir, og var sjúklingur sendur heim eftir viku með samanreimaðan munn. Nokkrir verkir, eymsli og bólga var að segja allan tímann, er sjúklingur var með umbúðirnar. Staða brotsins var aldrei góð, en þolanleg talin. Tveim mánuðum eftir aðgerð var sjúklingur svæfður og vírarnir teknir. Sjúklingur fékk háan hita og ígerð, sem kom út undir hægra kjálkavarði eftir þá aðgerð. Sjúklingur er nú (3/12 1963) með nokkra andlitsskekkju, sem sennilega lagast ekki hér eftir. Brotið virðist vel fast, hreyfingum neðri kjálka nokkuð ábótavant og breytist sennilega ekki, og tygging mun því ekki ná fyrri getu. Lítið inndregið ör sést undir hægra kjálka".

Vottorðið er, eins og fyrr segir, dags. 3/12 1963.

Vottorð Arnar Bjartmars er dagsett 20/12 1963 og er svohljóðandi:

„Frú Rannveig Kristjánsdóttir, Rauðalæk 19, Reykjavík, hefur leitað til Tannlæknadeildar Háskóla Íslands til þess að fá gervitennur gerðar fyrir sig.

Það hefur hins vegar valdið miklum erfiðleikum að gera þessar gervitennur, svo að sæmilega fari, bæði hvað útlit snertir vegna skekkju þeirrar, sem á andlitinu er eftir kjálkabrotið, og eins hvað notagildi snertir, eða tyggingu, vegna falsks liðs (pseudarthrosis) hægra megin.

Raunar er ekki útséð um það enn, hvort nokkurn tíma takist að ná forsvaranlegum árangri hvað viðvíkur tyggingu við núverandi kringumstæður, þ. e. á meðan falskur liður er til staðar. Við óbreyttar aðstæður má búast við sömu erfiðleikum í hvert sinn, er gervitennur verða gerðar fyrir sjúklinginn, en venjulega þarf að endurnýja gervitennur á 5—10 ára fresti".

Lokavottorð liggur fyrir frá Jóni Sigtryggssyni, dags. 25/2 1966, og er það vottorð svohljóðandi:

„Rannveig Kristjánsdóttir, Rauðalæk 19, Reykjavík, lenti í bílslysi 21.8. '63.

Röntgenskoðun 23-8 telur liðhaus h. kjálkaliðs brotinn og sennilegt að liðhaus hafi hrokkið úr liðskál fram á við og inn undir kúpubotn.

Um meðferð segir, að sjl. sé með gervitennur í efri góm, fimm framtennur í neðri góm.

Gerð var plast skinna í neðri góm á jaxla svæði, sem fest er með vírbindingu undir neðri kjálka, beggja vegna. Efrigóms gervitennur síðan festar með 4 beinsaumum í gegnum tanngarð efri góms. Reynt er að lagfæra brotið eftir föngum og efri og neðri gómur síðan festir saman í samanbitsstöðu. Mjög erfiðlega gekk að fást við brotið, því liðurinn mun hafa verið stórlega laskaður.

Var í fyrstu ætlunin að hafa kjálkana víraða saman í ca. 3 vikur, sem venja er til, en reyndist nauðsyn að hafa festingar um 2½ mánuð.

Þrálátar bólgur og ígerðir endurtóku sig sí og æ, meðan bundnir voru saman kjálkarnir, og nokkurn tíma fyrst eftir að vírar voru teknir.

Tennur í neðri góm voru extraheraðar nokkru síðar og sjl. fékk gervitennur í báða góma. Reyndist mjög erfitt að smíða gervitennur í sjl. vegna óreglulegra kjálkaliðshreyfinga, og virðist sem Rannveig hafi aldrei hlotið fullt gagn gervitannanna.

Við athugun á nefndum atriðum nú koma í ljós ýmis frávik frá því, sem eðlilegt mætti teljast.

Greinilegur munur er á hægri og vinstri helming andlitsins í

hvíldarstöðu, og verður sá munur meira áberandi, er hún hreyfir neðri kjálka við tal eða tyggingu.

Tyggingarkraftur virðist lítill, mun vera allverulega minnkaður, sennilega vegna þess að vöðvar við lið þann, er brotið var, starfa við breyttar aðstæður.

Sjl. getur opnað munninn, sem myndi svara til 2/3 þess, sem eðlilegt mætti teljast.

Hliðarhreyfingar neðri kjálka, sem mikið er beitt við venjulega tyggingu, eru ekki meir en ca. ½ cm til hvorrar hliðar, sem er ¼—⅓ þess, sem venjulegt er.

Af þessu virðist mér, að Rannveig hafi hlotið varanleg andlitslýti og verulega rýrða tyggingarhæfni".

Konan kom til viðtals hjá undirrituðum 18/10 1966. Hún skýrir frá slysinu, eins og fram kemur hér að framan, og meðferðinni, eins og lýst er í læknisvottorðum tannlæknanna. Hún kveðst hafa verið frá heimilisstörfum um það bil 3 mánuði og síðan lengi undir læknishendi, sennilega meira en hálft ár. Aðalkvartanir nú eru stirðleiki í kjálkaliðum, kveðst ekki geta gapað fyllilega, og þetta háir nokkuð við át. Auk þess kveðst hún vera skökk í andliti og stöðugt bólguþroti hægra megin á kjálka og niður á hálsinn.

Um skoðun vísast til vottorða tannlæknanna.

Ályktun: Hér er um að ræða 36 ára gamla konu, sem slasaðist í bílslysi fyrir rúmlega þrem árum og hlaut slæmt kjálkabrot.

Vegna slyssins hefur konan hlotið varanlega sköddun á kjálkalið, skekkju í andliti og skakkt bit og getur auk þess ekki opnað munninn eðlilega.

Vegna slyssins verður að telja, að konan hafi hlotið tímabundna og varanlega örorku, og telst sú örorka hæfilega metin þannig:

Í 2 mánuði	100%	örorka
- 1 mánuð	75%	—
- 3 mánuði	50%	—
- 3 mánuði	25%	—

Og síðan varanleg örorka 10%".

Skulu nú einstakir liðir stefnukröfunnar athugaðir, en áður hefur verið gerð grein fyrir sundurliðun þeirra.

Um I. lið. Í varakröfu hefur þessum lið verið mótmælt af hálfu stefnda sem allt of háum.

Stefnandi var 33 ára, þegar hún varð fyrir umræddu slysi. Hún er húsmóðir og hefur séð um heimili sitt og manns síns. Stefnandi hefur fengið sérfróðan mann um tryggingarmál til að reikna út tjón það, sem hún hefur beðið vegna slyssins, og leggur hún útreikninga tryggingafræðingsins til grundvallar bótafjárhæð samkvæmt þessum lið, en útreikningar tryggingafræðingsins eru meðal annars grundvallaðir á framanskráðu örorkumati. Tryggingafræðingurinn hefur fyrst reiknað út tjónið í nóvember 1966 og síðan aftur í júní 1968 vegna hækkana á kauptöxtum kvenna á tímabilinu. Eru útreikningar tryggingafræðingsins svohljóðandi:

„Örorkutjón Rannveigar Kristjánsdóttur, Rauðalæk 19, Reykjavík, vegna slyss 21. ágúst 1963.

Rannveig Kristjánsdóttir lenti í bílslysi 21. ágúst 1963. Hlaut hún högg á höfuð og andlit og kjálkabrotnaði. Páll Sigurðsson, tryggingayfirlæknir, hefur í örorkumati, dags. 20. okt. 1966, metið orkumissi Rannveigar vegna þessa slyss þannig:

Í 2 mánuði	100%	örorka
- 1 mánuð	75%	—
- 3 mánuði	50%	—
- 3 mánuði	25%	—

Og síðan varanleg örorka 10%.

Rannveig er sögð fædd 24. nóvember 1929 og hefur því verið 33ja ára á slysdegi. Rannveig er húsmóðir og hefur séð um heimili sitt og manns síns. Á heimili þeirra eru auk þeirra tvö börn.

Samkvæmt upplýsingum yðar hefur Rannveig ekki haft tekjur af vinnu utan heimilis fyrir slysið.

Ég hef hér áætlað vinnutekjur þannig: Gert er ráð fyrir ráðskonulaunum á meðalheimili, sem nú munu ekki fjarri kr. 5.500.00 auk fæðis og húsnæðis, eins og það er metið til tekna við álagningu opinberra gjalda. Þeirri upphæð, sem þannig fæst, er breytt samkvæmt breytingum á kvennataxta Iðju aftur að slysdegi.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að það sé á hverjum tíma sami hundraðshluti af áætluðum tekjum og örorkan er metin:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
1. árið eftir slysið	kr. 66.851.00	kr. 29.526.00
2. — — —	— 73.690.00	— 7.369.00
3. — — —	— 79.562.00	— 7.956.00
Síðan árlega	— 88.009.00	— 8.801.00

Verðmæti þannig áætlaðra vinnutekna reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku .. .. kr. 29.895.00
Vegna varanlegrar örorku .. .. .. — 101.029.00

Samtals kr. 130.924.00

Ég vil benda á, að vinnutekjuáætlun fyrir húsmæður er almennt lág. Veldur því ekki sízt húsnæðis- og fæðisliðirnir, sem eru nú kr. 1.980.00 og kr. 15.695.00 á ári. Húsnæðisliðurinn á að minnsta kosti ekkert skylt við raunveruleikann. Væri í þessu máli gert ráð fyrir dagvinnutaxta Iðju fyrir konur, yrðu vinnutekjur og þar af leiðandi verðmæti vinnutekjutaps 20% hærra.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra kvenna samkv. reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkv. sænskri reynslu".

„Örorkutjón Rannveigar Kristjánsdóttur, Rauðalæk 19, Reykjavík, vegna slyss 21. ágúst 1963.

Frá því ég í útreikningi, dagsettum 13. nóvember 1966, reiknaði út örorkutjón Rannveigar Kristjánsdóttur hafa orðið töluverðar hækkanir á kauptöxtum kvenna. Ég mun hér reikna tjón hennar að nýju með tilliti til þessara breytinga.

Rannveig Kristjánsdóttir lenti í bílslysi 21. ágúst 1963. Hlaut hún högg á höfuð og andlit og kjálkabrotnaði. Páll Sigurðsson, tryggingayfirlæknir, hefur í örorkumati, dags. 20. okt. 1966, metið orkumissi Rannveigar vegna þessa slyss þannig:

Í 2 mánuði .. .. .. 100% örorka
- 1 mánuð .. .. .. 75% —
- 3 mánuði .. .. .. 50% —
- 3 mánuði .. .. .. 25% —
Og síðan varanleg örorka 10%.

Rannveig er sögð fædd 24. nóvember 1929 og hefur því verið 33 ára á slysdegi.

Rannveig er húsmóðir og hefur séð um heimili sitt og manns síns. Á heimili þeirra eru auk þeirra tvö börn.

Samkvæmt upplýsingum yðar hefur Rannveig ekki haft tekjur af vinnu utan heimilis fyrir slysið.

Ég hef hér áætlað vinnutekjur þannig: Gert er ráð fyrir ráðskonulaunum á meðalheimili, sem var þegar fyrri útreikningur minn var gerður, kr. 5.500.00, auk fæðis og húsnæðis, eins og það er metið til tekna við álagningu opinberra gjalda. Þeirri upphæð, sem þannig fæst, er breytt samkvæmt breytingum á kvennataxta Iðju aftur að slysdegi.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að það sé á hverjum tíma sami hundraðshluti af áætluðum tekjum og örorkan er metin:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
1. árið eftir slysið	kr. 66.851.00	kr. 29.526.00
2. — — —	— 73.690.00	— 7.369.00
3. — — —	— 79.562.00	— 7.956.00
4. — — —	— 90.180.00	— 9.018.00
5. — — —	— 95.206.00	— 9.521.00
Síðan árlega	— 98.492.00	— 9.849.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 26.895.00
Vegna varanlegrar örorku	— 110.399.00
Samtals	kr. 137.294.00

(Bent skal á, að ritvilla er í fyrri útreikningi, að því er tímabundna örorku varðar, sem ég bið forláts á).

Ég vil benda á, að vinnutekjuáætlun fyrir húsmæður er almennt lág. Veldur því ekki sízt húsnæðis- og fæðisliðirnir, sem eru nú kr. 1.980.00 og kr. 18.250.00 á ári. Húsnæðisliðurinn á að minnsta kosti ekkert skylt við raunveruleikann.

Virðist ekki óeðlilegt að reikna húsmóður á meðalstóru heimili álíka tekjur og hún fengi samkvæmt einhverjum kvennataxta verkalýðsfélaga. Ef notaður væri taxti Iðju, fengist eftirfarandi áætlun fyrir vinnutekjur og vinnutekjutap:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
1. árið eftir slysið	kr. 80.315.00	kr. 35.473.00
2. — — —	— 88.532.00	— 8.853.00
3. — — —	— 95.587.00	— 9.559.00
4. — — —	— 108.343.00	— 10.834.00
5. — — —	— 114.381.00	— 11.438.00
Síðan árlega	— 118.329.00	— 11.833.00

og verðmætið á slysdegi nemur vegna tímabundinnar örorku .. .. kr. 32.312.00
Vegna varanlegrar örorku .. .. — 132.634.00

Samtals kr. 164.946.00

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p.a., dánarlíkur íslenzkra kvenna samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu".

Eins og fram kemur í framanskráðum útreikningum, hefur tryggingafræðingurinn reiknað tjón stefnanda með tvennum hætti, annars vegar miðar hann við ráðskonukaup, en hins vegar kvennataxta Iðju, og verður tjónið nokkru hærra, ef reiknað er samkvæmt Iðjutaxta, en stefnandi miðar kröfur sínar við hærri útreikninginn.

Þar sem hér er um að ræða gifta konu, sem ekki hefur unnið utan heimilis, þykir eigi unnt að leggja alfarið til grundvallar framangreinda útreikninga tryggingafræðingsins við ákvörðun bóta til handa stefnanda samkvæmt 1. lið. Hins vegar þykir stefnandi eiga rétt á nokkrum bótum vegna örorku þeirrar, sem hún hefur hlotið vegna umrædds slyss, enda þykir sýnt, að örorkan hafi haft í för með sér verulega aukin útgjöld og óþægindi fyrir heimili hennar.

Þegar allt það er virt, sem að framan hefur verið rakið, þykir eftir atvikum hæfilegt að meta stefnanda bætur samkvæmt þessum lið kr. 90.000.00.

Um II. lið. Þessum kröfulið hefur verið mótmælt af hálfu stefndu sem allt of háum.

Sjúkrasaga stefnanda hefur verið rakin í vottorðum Jóns Sigtryggssonar prófessors og Arnar Bjartmars tannlæknis hér að framan. Samkvæmt henni og öðru því, sem hér þykir skipta máli,

þykir hæfilegt að meta stefnanda bætur samkvæmt þessum lið kr. 60.000.00.

Um III. lið. Þessum kröfulið hefur ekki verið mótmælt tölulega, enda liggja frammi fyrir honum reikningar, og verður hann því tekinn til greina óbreyttur.

Samkvæmt þessu telst tjón stefnanda samtals kr. 154.500.00 (kr. 90.000.00 + 60.000.00 + 4.500.00), sem stefndu ber að greiða stefnanda in solidum ásamt vöxtum, sem ákveðast 7% ársvextir frá 21. ágúst 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvextir frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 25.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Stefán Tryggvason og Almennar tryggingar h/f, greiði in solidum stefnanda, Rannveigu Kristjánsdóttur, kr. 154.500.00 með 7% ársvöxtum frá 21. ágúst 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 25.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. marz 1969.

Nr. 53/1969. **Margrét G. Hjaltested**
gegn
Magnúsi S. Hjaltested og
Steingrími Gauti Kristjánssyni setufógeta.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Kröfu um, að dómari víki sæti, hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 5. október 1968 hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð fógetadóms Kópavogs, sem kveðinn

var upp 16. september 1968, en sóknaraðili fékk vitneskju um úrskurðinn hinn 3. október s. á. Með úrskurði þessum var hrundið kröfu sóknaraðilja um, að setufógeti, Steingrímur Gautur Kristjánsson, viki sæti í fógetadómsmáli sóknaraðilja og Magnúsar S. Hjaltesteds.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og setufógeta gert að víkja sæti í framangreindu máli. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi Magnúsar S. Hjaltesteds.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borizt greinargerðir né kröfur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Sóknaraðili hefur krafizt þess, að tiltekin ummæli í forsendum hins kærða úrskurðar verði átalin, en ekki þykja efni til að taka kröfu þá til greina.

Skjöl málsins bárust Hæstarétti 19. marz 1969. Ber að víta þennan óhæfilega drátt af hálfu setufógeta að senda Hæstarétti málsskjölin.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Kópavogs 16. september 1968.

Með úrskurði, uppkveðnum í fógetarétti Kópavogs hinn 25. júní 1968, í útburðarmálinu: Magnús S. Hjaltested gegn Margréti G. Hjaltested var kveðið á um, að Margrét G. Hjaltested, Vatnsenda í Kópavogskaupstað, skyldi borin út af jörðinni Vatnsenda ásamt öllu því, sem henni tilheyrir og hverjum þeim, sem leiðir þar dvöl sína af rétti hennar. Útburðurinn var kveðinn upp af Steingrími Gauti Kristjánssyni, setubæjarfógeta samkvæmt skipunarbréfi, dags. 4. júní 1968.

Er aðgerðir hófust 28. júní 1968, voru allmörg börn á aðfararstaðnum svo og fullorðið fólk, karlar og konur, sem gerðu sig líkleg til að hindra, að gerðin næði fram að ganga. Fógetinn óskaði eftir því við gerðarþola, að hún sæi til, að börnin væru

fjarlægð af aðfararstaðnum, til að þau yrðu ekki vitni að hugsanlegum átökum. Gerðarþoli hafnaði tilmælum fógeta. Fógeti bað þá barnaverndarfulltrúa Kópavogskaupstaðar, sem kvaddur hafði verið á vettvang, að taka börnin í sína umsjá, þannig að þau hlytu sem minnst tjón af, ef til tíðinda drægi.

Eftir að 10 lögreglumenn höfðu verið kvaddir á vettvang fógeta til aðstoðar, varð það samkomulag, að aðgerðum yrði frestað til 2. september 1968 gegn því, að sett yrði trygging fyrir tjóni, sem gerðarbeiðandi taldi sig kunna að verða fyrir af drættinum.

27. ágúst ritaði setubæjarfógetinn barnaverndarnefnd Kópavogs bréf, þar sem segir, að þess sé vænzt, að nefndin geri hæfilegar ráðstafanir, til að börn hljóti ekki tjón af hugsanlegum átökum við framkvæmd gerðarinnar 2. september 1968.

Í fógetarétti 2. september 1968 lagði gerðarþoli fram bréf til fógetans, þar sem þess er krafizt, að hann víki sæti, þar sem hann hafði látið bóka í fógetarétti 28. júní 1968 eftirfarandi:

„Mættur er barnaverndarfulltrúi Kópavogskaupstaðar, Guðni Jónsson, að tilmælum fógeta, vegna barna, sem hér eru. Staddur er á aðfararstaðnum Unnsteinn Beck setuskiptaráðandi vegna dánar- og félagsbús Sigurðar Lárussonar Hjaltesteds og Margrétar Hjaltesteds. Gerðarþoli, Margrét Hjaltested, er hér stödd. Fógeti óskar eftir því við hana, að börn verði fjarlægð af aðfararstað. Hún neitar því. Fógeti felur börnin í umsjá barnaverndarfulltrúa".

Krafan er rökstudd með því, að fógeti hafi með þessari „órökstuddu bókun" tekið sér ólöglega vald til að svipta gerðarþola og dóttur hennar umráðum barna þeirra, „misbeitt valdi sínu og sýnt um leið algera vanhæfni til að fara á eigin hönd með fógeta- og lögregluvald".

Gerðarþola var veittur frestur til 4. september 1968. Í greinargerð, framlagðri þann dag, er framangreind krafa ítrekuð og þess jafnframt krafizt, að gerðarbeiðanda verði gert að greiða gerðarþola málskostnað í þessum þætti málsins. Á því sama þingi var fallið frá málskostnaðarkröfunni. Af hálfu gerðarbeiðanda er bókað eftirfarandi:

„Ég mótmæli framkominni kröfu gerðarþola um, að settur fógeti í máli þessu víki, enda tel ég, að hún sé eingöngu sett fram til þess, þann veg að afla sér frests í málinu, sem ekki getur orðið með öðrum hætti. Ég bendi á í því sambandi, að rök þau, sem gerðarþoli styður kröfu sína með, eru óviðkomandi sjálfu aðalmálinu. Hitt var vitað, að gerðin skyldi fara fram hinn 28. júní

s.l., að gerðarþoli hafði búizt um heima fyrir með nokkrum liðssöfnuði, og átti þá að „láta sverfa til stáls“, eins og háttvirtur andstæðingur orðaði það síðar í sambandi við frestbeiðni, ef komið hefði til framkvæmda á gerðinni. Bar því fógeta bein skylda til að tryggja öryggi barna, sem vera kynnu í húsinu. Hver þau voru, gat hann hins vegar varla vitað, þar sem ég hygg, að honum hafi verið meinaður aðgangur að húsinu í það skipti. Þær öryggisráðstafanir, sem hann kynni að hafa viljað gera í þessu sambandi, geta því á engan hátt gert hann óhæfan til að fara með útburðarmálið sjálft. Háttvirtur andstæðingur hefur í greinargerð sinni á dómsskjali 25 krafizt málskostnaðar úr hendi umbjóðanda míns vegna þessa þáttar málsins, en jafnframt fallið frá henni hér í réttinum í dag. Sú krafa var að sjálfsögðu fjarstæða, þar sem þessi þáttur málsins beinist að fógetanum, en ekki umbjóðanda mínum, enda hefur umbjóðandi minn engan þátt átt í því, að tilefni gafst til þessarar kröfugerðar. Hins vegar hefur þessi krafa gerðarþola neytt umbjóðanda minn til að gæta hér réttar síns auk þess að hindra, að hann fengi löglegan rétt sinn. Af þessu tilefni krefst ég málskostnaðar úr hendi gerðarþola til handa umbjóðanda mínum, sérstaklega í þessum þætti málsins.

Legg málið undir úrskurð“.

Málið var síðan munnlega flutt og þess þá krafizt af hálfu gerðarþola, að Ólafi Þorgrímssyni hæstaréttarlögmanni, umboðsmanni gerðarbeiðanda, yrði gerð réttarfarssekt fyrir framanskráða bókun „frá upphafi til enda“.

Lögmaðurinn mótmælti þeirri kröfu.

Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 53 frá 13. maí 1966 um vernd barna og ungmenna felur vernd barna og ungmenna m. a. í sér almennt eftirlit með aðbúð og uppeldi á heimili. Samkvæmt 5. gr. sömu laga hefur barnaverndarnefnd eftirlit með uppeldi barna til 16 ára aldurs. Samkvæmt 22. gr. sömu laga skal barnaverndarnefnd láta til sín taka, ef hún verður þess vís, að heimilishögum, uppeldisháttum, framferði foreldra, forráðamanna eða annarra heimilismanna, aðbúnaði eða hegðun barns er ábótavant. Samkvæmt 3. mgr. 48. gr. sömu laga er hverjum manni rétt að gera barnaverndarnefnd viðvart um hvert það tilvik, sem telja má, að barnaverndarnefnd eigi að láta sig skipta. Samkvæmt 18. gr. sömu laga ber opinberum starfsmönnum sérstök skylda til að gera barnaverndarnefnd viðvart, ef þeir verða varir við misfellur á uppeldi og aðbúð barna í starfa sínum.

Samkvæmt úrskurði réttarins, uppkveðnum 25. júní 1968, bar

fógeta að bera út ásamt gerðarþola Margréti hvern þann, sem leiddi dvöl sína af rétti hennar, þar á meðal börn. Við framkvæmd aðfarar bar fógeta að gæta þess, að ekki yrði meira tjón en nauðsynlegt er, til að gerðarbeiðandi nái rétti sínum. Almennt er talið, að börn geti hlotið varanlegt heilsutjón andlega af að vera vitni að aðgerðum eins og útburði á foreldrum sínum og öðrum nánum aðstandendum, ekki sízt, ef átök verða. Fógetinn óskaði eftir því við barnaverndarnefnd Kópavogskaupstaðar, að hún sendi fulltrúa sinn á aðfararstaðinn, þegar útburðurinn skyldi fara fram, í samræmi við ofangreind ákvæði barnaverndarlaganna. Eftir að gerðarþoli, sem var húsráðandi á bænum og móðir sumra barnanna, hafði neitað ósk fógeta um að gera viðunandi ráðstafanir til verndar börnunum, fól fógeti þau í umsjá fulltrúa barnaverndarnefndar. Ber að líta á þá ráðstöfun sem þátt í útburðinum, aðgerð til að forða því, að meira tjón yrði af gerðinni en þörf var á, og fullnustu lagaskyldu samkvæmt 3. mgr. 48. gr. og 1. mgr. 18. gr. barnaverndarlaga, sem áður er getið. Fyrir því ber að synja kröfu gerðarþola um, að setufógetinn víki sæti, og virða hana sem tilefnislausa málsýfingu, misnotkun á þeim reglum réttarfarslaganna, sem ætlað er að tryggja jafnræði aðilja, og lögkrók til að hindra framgang útburðarins.

Krafa umboðsmanns gerðarþola um, að umboðsmanni gerðarbeiðanda verði gerð refsing fyrir bókun í fógetabók „frá upphafi til enda", er fráleit. Tilefni þeirrar kröfu munu vera eftirfarandi ummæli:

„Hitt var vitað, þegar gerðin skyldi fara fram hinn 28. júní s.l., að gerðarþoli hafði búizt um heima fyrir með nokkrum liðsöfnuði, og átti þá að „láta sverfa til stáls", eins og háttvirtur andstæðingur orðaði það síðar í sambandi við frestbeiðni, ef komið hefði til framkvæmda á gerðinni".

Í þessu aukamáli eru réttarfarsaðstæður með þeim hætti, að engin tök eru á að prófa sannindi ummæla þeirra, sem hér eru höfð eftir umboðsmanni gerðarþola. Það er og venjuhelgaður skilningur, að málflytjendur hafi rúmt málfrelsi fyrir rétti. Verður því ekki fallizt á kröfu umboðsmanns gerðarþola um, að Ólafi Þorgrímssyni hæstaréttarlögmanni verði gerð réttarfarssekt.

Rétt þykir, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 3.000.00 í málskostnað í þessum þætti málsins.

Úrskurðarorð:

Steingrímur Gautur Kristjánsson, setufógeti í fógetaréttarmálinu í Kópavogi: Magnús S. Hjaltested gegn Margréti G. Hjaltested, víkur ekki sæti.

Gerðarþoli, Margrét G. Hjaltested, greiði gerðarbeiðanda, Magnúsi S. Hjaltested, kr. 3.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðarins að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. marz 1969.

Nr. 123/1968. **Guðmundur Ingvarsson**
Margrét Guðmundsdóttir
Stefanía Jónsdóttir
Ágústa Jónsdóttir
Þorsteinn Guðmundsson og
Málleysingjaskólinn í Reykjavík
(Knútur Hallsson hrl.)
gegn
Þórði Guðmundssyni og
Guðríði Guðmundsdóttur og gagnsök
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Erfðaskrá metin gild.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. júlí 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Gera þeir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði skiptaréttarúrskurður verði úr gildi felldur, erfðaskrá Halldórs heitins Pálmasonar, dags. 30. maí 1964, verði metin gild og þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjenda fyrir skiptadómi og Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 26. júlí 1968. Krefjast þeir þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði

staðfestur um efni sakar og þeim dæmdur málskostnaður óskipt úr hendi aðaláfrýjanda fyrir skiptadómi og Hæstarétti.

Eftir uppsögu skiptaréttarúrskurðarins hefur verið aflað skýrslna í málinu og aðiljapróf og vitna verið háð.

Annilíus Björgvin Jónsson, fæddur 13. nóvember 1902, eiginmaður gagnáfrýjanda Guðríðar Guðmundsdóttur. Hann segir í vætti sínu fyrir dómi: „Halldór Pálmason hafi oft komið á heimili mætts, og kveðst mættur oft hafa hitt hann. Varðandi lestrarkunnáttu hans segir mættur, að hann hafi aðallega séð Halldór líta í dönsk myndablöð, sem hann sá á heimili mætts. Mættur kveðst ekki hafa getað talað við Halldór, orð og orð hafi hann þó getað skilið, en samtalsþráður þeirra á milli hafi ekki getað orðið. Mættur kveðst aldrei hafa séð Halldór skrifa neitt. Hann segir, að oft hafi komið fyrir, að Halldór hafi haldið blöðum öfugt fyrir sér, og hafi það að áliti mætts mest verið til að reyna að líkjast öðrum, að hann var að líta í lesmál".

Bjarni Sigurvin Össurarson, fæddur 28. marz 1907. Hann hefur hinn 26. febrúar 1969 gefið vottorð, sem hann síðar hefur staðfest með drengskaparheiti fyrir dómi, svohljóðandi: „Þar eð Halldór heitinn Pálmason, sem bjó að Grandavegi 38 hér í bæ, og ég undirritaður vorum til sjós á sama skipi um tíu ára skeið að mestu leyti, er mér auðvelt að votta það, að Halldór heitinn var læs þrátt fyrir heyrnarleysi hans. Las hann jafnvel upphátt úr dagblöðum og hafði af því gaman. Þessi staðreynd, að Halldór var læs, var okkur skipsfélögum hans öllum kunnugt".

Brandur Jónsson, fæddur 21. nóvember 1911, skólastjóri Heyrnarleysingjaskólans, hefur gefið vottorð, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, svohljóðandi: „Halldóri heitn. Pálmasyni kynntist ég ekki og get þess vegna ekki af persónulegum kynnum sagt um, hvernig lestrarkunnátta hans var, en eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið um hana, tel ég engan vafa leika á því, að hann hafi verið læs.

Skriftarkunnátta byggist á lestrarkunnáttu. Það er að vísu

hægt að læra að skrifa stafinn án þess að kunna að lesa, og þess eru dæmi, að menn hafi lært að skrifa nafnið sitt án þess að kunna það, en þá eru bæði stafirnir og nafnið aðeins merki, sem þeir hafa lært að setja á blað og tjá enga hugsun. En sá, sem eitthvað tjáir skriflega, raðar stöfunum saman í þau orð, sem hann vill túlka hugsun sína með, og það getur enginn, nema hann kunni að lesa.

Það litla, sem ég hefi séð af því, sem Halldór heit. Pálmason hefur skrifað, tel ég bera vott um, að hann hafi getað tjáð sig með því að skrifa, og það tel ég taka af allan vafa um, að hann hafi verið læs". Fyrir dómi sagði vitnið, „að sér hafi verið sýnt það, sem skrifað sé í bókinni á réttarskj. 1, svo og eiginhandarskrift Halldórs í minnisblaði úr blokk (urskj. 9) og á úttektarnótu (urskj. 5), en samfelldar setningar hafi það ekki séð af hans hendi.

Vitnið segir, að útilokað sé að segja til um það, hve daufdumbur maður sé lengi að læra að lesa. Það sé komið undir nemanda og kennara í hverju falli.

Vitnið kveðst ekki vita þess dæmi, að sá, sem misst hafi heyrn, áður en hann næði að læra að lesa, hafi getað lært að lesa á eigin spýtur, en ef heyrn tapast, eftir að viðkomandi er orðinn talandi, þá geti nærri því hver sem er kennt honum lestur".

Erna Ólafía Annilíusdóttir, fædd 4. febrúar 1936, dóttir gagnáfrýjanda Guðríðar Guðmundsdóttur, hefur ásamt systur sinni Ingibjörgu gefið vottorð, dags. 22. febrúar 1969, og síðar staðfest það fyrir dómi. Skýrir hún svo frá, að eitt sinn, er Halldór heit. Pálmason var með Morgunblaðið á heimili þeirra systra, hafi Ingibjörg tekið eftir því, „að hann sneri blaðinu á hvolfi. Gengum við til hans, og benti Ingibjörg honum á, að blaðið sneri ekki rétt. Sagði Halldór þá: „Imba mín, ég ekki lesa, skoða myndir", og benti hann um leið á dönsk myndablöð, sem lágu venjulega á borði þar rétt hjá. Sögðum við honum, að honum væri alltaf velkomið að skoða myndablöðin, sem hann og gerði æ síðan upp frá þessu. Þó kom það fyrir, að faðir okkar reyndi að útskýra

fyrir Halldóri tekstana, sem stóðu fyrir neðan myndir í íslenzkum blöðum, og hann hafði, ef til vill, áhuga á að vita, hvað var. Gekk þetta þó misjafnlega vel".

Guðjón Guðmundsson, fæddur 27. júlí 1891, hefur borið vætti í málinu fyrir dómi og staðfest það með eiði, svohljóðandi: „Vitnið kveðst hafa farið að vinna með Halldóri á fiskverkunarstöðinni árið 1957, en Halldór vann þar síðan til dauðadags. Hann segir, að Halldór hafi að jafnaði keypt Morgunblaðið og lesið, og kveðst vitnið oft hafa átt tal við Halldór um það, sem hafði staðið í blaði, og hafi Halldór stundum sagt sem svo: „Þetta stóð í blaðinu", en vitnið kveðst ekki hafa spurt Halldór út í það, sem hann hafði verið að lesa. Þeir, sem mikið höfðu umgengizt Halldór, hafi vel getað skilið hann og hann hafi getað lesið orð af vörum manna, ef greinilega var talað. Það kveðst ekki hafa heyrt Halldór lesa upphátt, enda muni hann ekki hafa haft það fyrir sið.

Vitnið kveðst hafa séð Halldór kvitta fyrir kaupi sínu, og hann hafi stundum sagt vitninu, að hann hefði farið í banka til að leggja inn eða taka út peninga. Halldór hafi alltaf átt úr og verið stundvís og passað tímann, þó hann væri einn sér við vinnu".

Guðmundur Ingvarsson hefur gefið svofellda aðiljaskýrslu fyrir dómi í málinu:

„Mættur segir, að uppeldisforeldrar hans sjálfs, Halldórs Pálmasonar, Sigurðar Sigurðssonar, Margrétar Guðmundsdóttur, Guðlaugar Stefaniu Jónsdóttur og Þorsteins Guðmundssonar hafi ánafnað Sigurði Sigurðssyni húseignina Grandaveg 38 (Melstað) eftir sinn dag. Eftir dauða Sigurðar hafi ekkja hans viljað, að þau 5 eftirlifandi uppeldissystkin nytu eignarinnar, og hafi hún fengið þeim húseignina til eignar. Síðan segir mættur, að hann, Halldór og Guðlaug Stefanía hafi keypt parta hinna tveggja í eigninni, þannig að þau áttu hana 3 saman. Halldór hafi kviðið því að þurfa að leita á náðir óviðkomandi aðilja, ef hann yrði bjargþrota, og því hafi hann ákveðið að arfleiða mættan að fasteignarhlutanum. Kveðst mættur og hafa heitið Halldóri því, að

hann gæti verið á sínum vegum, ef hann gæti ekki séð um sig sjálfur.

Mættur segir, að Halldór hafi verið allæs, kunnað alla stafi og tölustafi og lesið dagblöð, svo að segja spjaldanna á milli, en lítið muni hann hafa lesið af bókum, þó hafi hann haft gaman að lesa sjóferðabækur, enda lengst af sjómaður, og kveðst mættur ætla, að hann hafi lesið að fullu gagni. Ekki sé hægt að segja, að hann hafi verið fullkomlega vel skrifandi, en hann hafi þó skrifað tölur sér til minnis. Líklega hafi Halldór haft einhvern snefil af heyrn, einkum á snögg og skörp hljóð".

Guðmundur Pjetursson, fæddur 10. september 1904, hefur gefið vottorð, dagsett 5. marz 1969, sem hann síðar hefur staðfest með eiði fyrir dómi. Guðmundur kveðst á árunum 1928—1930 hafa verið ásamt konu sinni leigutaki hjá hjónunum Þórarni Arnórssyni og Ingibjörgu Halldórsdóttur, fósturforeldrum Halldórs heit. Pálmasonar. Guðmundur Pjetursson segir í vottorði sínu m. a.: "Áðurnefndur, Halldór Pálmason, uppeldissonur þeirra hjónanna, hafði mikil samskipti við okkur. Það bagaði hann að vísu nokkuð, að hann var heyrnarlaus, en hann virtist hins vegar mjög leikinn í að skilja fólk af varaburði, svo vandalítið var að ræða við hann. Minnist ég þess, að ég fékk stundum lánuð smíðatól hjá honum, og kom þá bezt í ljós, að hann virtist ekki í neinum vanræðum með að skilja, hvað við var átt. Ég minnist þess einnig að hafa lánað honum bækur og fengið bækur hjá honum. Við hjónin heyrðum hann lesa upphátt úr dagblöðum fyrir fóstra sinn, sem búinn var að missa sjónina. Það, sem gerir okkur þennan upplestur sérstaklega minnisstæðan, er það, að hann „sönglaði", þegar hann las, en það var nokkuð algengt fyrirbrigði fyrr á árum og þótti frekar til lýta. Sömuleiðis minnist ég þess að hafa séð hann skrifa niður hluti sér til minnis með blýanti, þótt ég minnist ekki sérstakra atriða um það efni, enda langt um liðið. Þegar heyrnarleysið er undanskilið, virtist hann í öllu dagfari eins og fólk er flest, glaðlyndur, skemmtilegur og góðviljaður, sístarfandi eljumaður". Fyrir dómi hefur vitnið auk þess

borið þetta: „Vitnið kveðst, auk þess sem í vottorðinu segir, muna eftir einu atviki, sem sýni lestrarkunnáttu Halldórs. Kveðst vitnið ásamt konu sinni hafa komið inn til Þórarins Arnórssonar og hafi Þórarinn sagt við Halldór: „Lestu fyrir hann Guðmund“, en Þórarinn hafi borið alskegg, og sjálfsagt erfiðara að sjá varaburð hans. Halldór hafi þá farið að lesa upp úr Morgunblaðinu, og kveðst vitnið hafa fylgzt með lesmálinu. Að loknum lestri hafi Þórarinn sagt: „Les hann ekki vel, hann Dóri?, enda kenndi ég honum að lesa“.“

Guðmundur Þórður Sigurðsson, fæddur 28. september 1908, hefur hinn 17. febrúar 1969 gefið svohljóðandi vottorð: „Ég undirritaður Guðmundur Þ. Sigurðsson skipstjóri, til heimilis að Álftamýri 36, sem bjó í 19 ár í næsta húsi (Steinabænum) við Halldór heit. Pálmason, sem bjó á Grandaveg 38 (Melstað), votta hér með, að ég tel og hefi vissu fyrir, að Halldór hafi verið læs. Hann kom iðulega á heimili mitt og bað um dagblaðið „Vísi“, sem mun ekki hafa verið keypt á heimili hans.

Halldór var dagfarsprúður skýrleiksmaður og athugull, og er ég viss um, að hann hefur ekki gert neitt nema að yfirlögðu ráði“.

Fyrir dómi hefur vitni þetta borið, „að Halldór hafi að sönnu oft komið á heimili vitnisins og beðið um „Vísi“, en vitnið kveðst ekkert vita um, að hve miklu leyti sá lestur kom Halldóri að gagni, því þeir hafi aldrei skipzt á orðum um það, sem í blaðinu hafi staðið. Kveðst hann því ekki vita, hvort Halldór var læs.

Vitnið kveðst hafa getað talað við Halldór Pálmason. Hann hafi ekki haft orðaforða nema lítið. Halldór hafi getað lesið varamál sér til gagns í viðtölum við vitnið, en vitnið kveðst bezt trúa því, að ókunnugum hafi gengið illa að skilja hann“.

Gylfi Baldursson, forstöðumaður Heyrnardeildar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur, sem talinn er talmeina- og heyrnarsérfræðingur með „masters degree“ í þeim fræðum, hefur hinn 24. marz 1969 gefið svohljóðandi vottorð: „Hr. Egill Sigurgeirsson hæstaréttarlögmaður hefir sýnt mér tvö

ljósrit, en á öðru stendur „sokka 1 slóta 50 kr“, en á hinu stendur „glukkan 40 + 22“. Einnig hefur hann sýnt mér kladda, þar sem fyrst stendur „stóla“ og síðan sex tölustafir, 35, 12, 14, 10, 27, 18 og ólæsilegt pár fyrir aftan fyrstu þrjá stafina. Hefur lögmaðurinn lagt þá spurningu fyrir mig, hvort ráða megi af þessari skrift, að sá, sem skrifaði þetta, væri læs.

Svar mitt við þessari spurningu er það, að ekkert verði ráðið af þessari skrift um það, hvort skrifarinn sé læs eða ólæs ...“.

Jóhann Filippusson, fæddur 7. janúar 1910, hefur borið svofellt vætti í málinu: „Hann kveðst vera uppalinn frá 6 ára aldri í næsta húsi, svo að segja, við Halldór Pálmason. Hann kveðst hafa vitað, að Halldór var heyrnarlaus, en hann hafi getað lesið af vörum, er rólega var talað, og talað sjálfur og ekki erfitt að skilja hann. Vitnið kveðst aldrei hafa séð Halldór lesa. Vitnið segir, að Halldór hafi verið alltað meðalgreindur maður. Hann hljóti að hafa verið athugull og fylgzt með, að hann skyldi alltaf hafa vinnu og vera vinnandi“.

Jóhann Þorkelsson dómkirkjuprestur hefur í bréfi til biskups 29. apríl 1901 látið svo mælt: „Halldór Pálmason, fd. 15. nóv. 1884, á sveit í Seltjarnarneshreppi, nú á Þormóðstöðum. Hann heyrir ákaflega illa, og er því mjög erfitt að kenna honum munnlega. Hann er auk þess svo blestur á máli, að erfitt er að skilja hann. Hann er ólæs og hefur yfirfarið eða að nafninu lært barnalærdóminn, en hefur mjög litinn skilning á því, sem hann lærir, og gleymir því mjög fljótt aftur ... Hann kann lítið eitt að reikna og skrifa“.

Kristín Sigfúsdóttir, fædd 15. maí 1885, hefur gefið og staðfest fyrir rétti vottorð, dags. 12. marz 1969. Hún kveðst eftir síðustu aldamót hafa verið ásamt Halldóri heitn. Pálmasyni einn vetur og þrjú sumur á Þormóðsstöðum. Hún kveðst vera fullviss um það af viðkynningu sinni við hann, „að þá hafði hann ekki lært að lesa og var því ólæs þann tíma, sem ég þekkti til hans“. Fyrir dómi sagði hún, að „hún hafi litið á Halldór sem sjúkling, fáfróðan og fatlaðan, en ekki heimskan“.

Matthías Þorbjörn Guðmundsson, fæddur 10. september 1921, hefur borið og staðfest með eiði svofellt vætti: „Vitnið segir svo frá, að Halldór Pálmason hafi lengi unnið undir samvinnu við það og þess stjórn, eða frá því að Fiskverkunarstöð bæjarútgerðarinnar reis af grunni, en vitnið er þar verkstjóri. Hafi Halldór verið með betri starfsmönnum, áhugasamur og verklaginn og mjög ábyggilegur starfsmaður, t. d. hafi hann verið stundvís og átt klukku og notað hana og yfirleitt verið mættur, áður en vinna skyldi hefjast. Hann hafi verið með albeztu aðgerðarmönnum og flatningsmönnum. Varðandi lestrarkunnáttu Halldórs tekur vitnið fram, að Halldór hafi mjög oft keypt Morgunblaðið og Alþýðublaðið í kaffihléum og lesið þessi blöð og getað rætt efni þeirra, einkum það, er laut að sjómennsku. Hann hafi iðulega viljað tala við vitnið um viss efni, sem hann hafði lesið, og rétti þá stundum viðkomandi blað að vitninu og lesið sumt upphátt, svo að þeir, sem höfðu kynni af honum, gátu skilið. Kannske hefðu ókunnugir átt erfiðara með að skilja hann. Hann hafi getað gert sig skiljanlegan í tali, þannig að engir sérstakir erfiðleikar hafi verið að skilja hann, og hann hafi, auk þess að kunna eflaust að lesa orð af vörum fólks, haft einhverja heyrn. T. d. kveðst vitnið minnast þess, að eitt sinn á gamlárskvöld hafi strákar sprengt púðurkerlingu eða þess háttar utan við glugga í húsi, sem þeir Halldór voru staddir í. Halldór hafi um leið hrokkið við og sagt „helvíta bjáninn".

Halldór hafi á útborgunardögum kvittað fyrir kaupi sínu, eins og aðrir starfsmenn, með undirskrift. Hann hafi farið vel með peninga".

(Guðlaug) Stefanía Jónsdóttir, fædd 15. desember 1894, hefur gefið fyrir dómi aðiljaskýrslu í málinu. „Mætt segir aðspurð, að Halldór Pálmason hafi verið talandi. Hann hafi verið óskýrmæltur að vísu, en mælt, og þeir, sem mest umgengust hann, hafi getað skilið hann, og ýmsir þeir, sem minna voru kunnugir honum eða ókunnugir, en þeir hafi ekki skilið hann eins vel. Hann hafi getað skrifað hitt og þetta hjá sér til minnis í sambandi við smíðar, sem hann

fékkst við, enda hafi hann lært að skrifa hjá sr. Böðvari Bjarnasyni. Mætt kveðst hafa séð Halldór skrifa". Mættri var sýnt í réttinum rskj. 1, þ. e. „sokka 1 slóta 50 kr" og „glukkan 40 + 22" „og segir hún, að það sé skrifað af Halldóri". „Mætt segir, að Halldór hafi verið læs. Hann hafi verið mjög sólginn í að lesa fréttir í blöðum, hann hafi að jafnaði lesið í Morgunblaðinu og Vísi, sem mætt og Guðmundur Ingvarsson keyptu, en auk þess hafi hann oft keypt sér önnur blöð, t. d. Fálkann. Hann hafi lítið lesið af bókum nema helzt um sjómennsku. Hann hafi getað rætt um það eftirá, sem hann hafði lesið.

Mætt segir, að Halldór hafi verið skýr og greindur maður og hafi komið sér vel hvarvetna. Hún segir, að Halldór hafi geymt arfleiðsluskrána í lokuðum stofuskáp, sem hann átti, og þar hafi hún fundizt, er búið fór til skipta. Hún segir, að samkomulag þeirra fóstursystkinanna við Halldór hafi verið ágætt".

Þórður Þórarinn Guðmundsson, fæddur 8. janúar 1901, hefur gefið svofellda aðiljaskýrslu í málinu: „Mættur kveðst hafa kynnzt Halldóri Pálmasyni, þegar mættur var u. þ. b. 7 ára, og kveðst hafa búið í næsta húsi við hann í 25 ár, a. m. k. frá 12 ára aldri.

Kveðst hann aldrei hafa séð Halldór lesa neitt og ekki vita til, að hann gæti lesið. Mættur kveðst aldrei hafa séð Halldór skrifa. Ekki kveðst mættur hafa getað talað neitt að gagni við Halldór, það hafi mest verið bendingar, sem fóru þeim á milli, og orðið af misskilningur, en Halldór muni þó eitthvað hafa getað það, sem kallað er, lesið af vörum fólks. Mættur segir, að móðir hans, sem var systir Halldórs, hafi oft kvartað um það, hve erfiðlega sér gengi að gera sig skiljanlega fyrir Halldóri og að skilja hann, og segir mættur, að hún hafi haft oft orð á þessu við hann".

Lögð hafa verið fram í málinu vottorð nokkurra manna um þau efni, er greinir í vætti framantalinna vitna. Þar sem vottorð þessi hafa eigi verið staðfest fyrir dómi, eru eigi ástæður til að rekja efni þeirra, enda kemur ekkert nýtt fram í þeim, sem breyti heildarmynd málsins.

Þorgils Ingvarsson hefur gefið og staðfest fyrir dómi skýrslu um tildrögin að gerð erfðaskrár Halldórs heitins Pálmasonar. Þar segir m. a.:

„Það er rétt, að skráin var vélrituð í október 1963 og eru tildrögin þessi: Halldór var oft um 2—3ja ára skeið búinn að kvabba í mér að gera fyrir sig arfleiðsluskrá, sem ég hummaði fram af mér lengi vel, taldi mig tæplega færan um það. En Halldór bar sérstakt traust til mín, sennilega af því að ég var starfandi í banka, auk þess sem ég hafði nokkuð umgengizt hann og heimili hans frá árinu 1916 og síðan.

Svo um haustið 1963 hlustaði ég á Halldór og fékk vitneskju um, á hvern hátt hann vildi ráðstafa eignum sínum eftir sinn dag.

Hann sagði „Húsið til Mumma bróðir, hann jarðar mig, ef engir peningar", „Ef peningar, til Sigga bróðir, Mumma bróðir, Steina bróðir, Stebbu og Möggu".

Svo áttaði hann sig á, að Sigurður væri dáinn, og sagði „konu Sigga bróðir Ágústu".

Ekki er mér kunnugt um, hvaðan hann hafði hugmyndina um Málleysingjaskólann, en ekki tel ég ólíklegt, að það séu gömul tengsl við séra Böðvar kennara hans, en Margrét systir séra Böðvars varð skólastjóri skólans, og svo það, að Halldór hefur vitað, að skólinn gat mikið hjálpað þeim, sem heyrnarlausir eru, þó hann sjálfur nyti þar aldrei kennslu.

Halldór var einnig að tala um „Hrafnistu", en satt að segja skildi ég illa, hvað hann meinti, og enga upphæð nefndi hann í þessu sambandi, eins og hann gerði við skólann. Hann tautaði „sjómenn Hrafnistu", „skipin flagga sunnudag" o. fl. Átti sjálfsagt við Dvalarheimili aldraðra sjómanna. En svo sagði hann ákveðinn: „Dóri aldrei á Hrafnistu, bara hjá Mumma bróðir og stelpunum". Það eru sennilega tvær ungar dætur Guðmundar, sem Halldóri þótti mjög vænt um. Síðan setti ég saman skrána, en Vilhjálmur heitinn Lúðvíksson lögfræðingur leiðrétti það, sem honum fannst athugavert. Síðan var hún vélrituð, og afhenti ég svo

Halldóri plaggið til yfirlestrar. Hann mun hafa sýnt Guðmundi og Stefaníu skrána.

Svo líður og bíður, að ég heyri ekkert frá Halldóri, var satt að segja búinn að gleyma Halldóri og hans arfleiðsluskrá, fyrr en síðast í apríl, að ég frétti hjá bankastarfsmanni, að maður hefði verið að bíða mín við herbergisdyrnar, sem voru opnar, en ég ekki inni. Starfsmaðurinn sagðist hafa sagt við manninn, að fyrst herbergið væri opið, þá væri ég í bankanum, en Halldór hristi bara kollinn og fór. Skildi auðvitað ekkert af því, sem starfsmaðurinn sagði.

Þegar ég heyrði þetta, datt mér strax Halldór í hug, og kom boðum til hans að koma á ákveðnum tíma, sem svo varð 30. maí 1964. Og af þessari ástæðu var ártalinu breytt, enda fór þá undirskriftin fram.

Það upplýstist, að Halldór hafði komið niður í banka að svipast eftir mér að minnsta kosti tvisvar á tímabilinu des. 1963 til marz 1964, en ekki lánazt að hitta mig.

Þannig er ég undirritaður viðriðinn þessa arfleiðsluskrá Halldórs heit. Pálmasonar".

Þorgils skýrði svo frá fyrir dómi, „að Halldór hafi komið á sinn fund í herbergi hans í Landsbankanum til þess að skrifa undir erfðaskrána, sem mættur hafði þar tilbúna. Kveðst Þorgils hafa kallað á þá Stefán Pétursson og Jóhannes Jóhannessen til að vera votta að gerningnum, og er þeir voru komnir, kveðst hann hafa sagt við Halldór, að hann skyldi lesa skrána að þeim viðstöddum. Þorgils getur þess, að þeir vottarnir hafi ekki samið texta vottors þess, er þeir skrifuðu undir. Halldór hafi nú lesið skrána yfir, og hafi það tekið hann, eins og segja mætti, hæfilegan tíma, miðað við þann tíma, sem taka myndi venjulega læsan mann að fara gegnum lesmál þetta. Að því búnu kveðst Þorgils hafa spurt Halldór, hvort hann væri samþykkur því, sem í skránni stóð, og hafi Halldór þá brosað og kinkað kolli og sagt skýrum orðum, já.

Þorgils segir aðspurður, að hann geti fullyrt, að Halldór hafi verið læs. Hann hafi átt erfitt með að mynda setningar, en tungutak hans hafi verið skýrt".

Stefán Pétursson hæstaréttarlögmaður hefur fyrir dómi borið um undirritun erfðaskrárinnar. Þorgils Ingvarsson hafi kallað hann og Jóhannes Jóhannessen lögfræðinema inn í herbergi sitt í Landsbankanum, þar sem fyrir var Halldór heitinn Pálmason, sem Stefán þekkti eigi áður. „Þorgils hafi verið með erfðaskrána og eitthvað talað við mann þenna um einhver atriði í skránni eins og til útskýringar. Aðspurður getur vitnið þess, að Þorgils hafi snúið sér að manninum og talað, líkt og hann talar við aðra. Síðan hafi Þorgils beðið arfleiðanda að lesa skrána yfir, sem hann hafi og gert, og hafi farið til þess sennilegur tími, miðað við lesmál. Þá hafi Þorgils innt arfleiðanda eftir því, hvort hann væri samþykkur efni skrárinnar, og jafnframt rétt honum miða, sem vitninu skildist, að hefði að geyma spurningu sama efnis. Hafi Halldór brosað og kinkað kolli og kannske jafnframt muldrað eitthvað, og kveður vitnið sér hafa verið ljóst, að hann hafi verið ánægður með skrána.

Vitnið getur þess, að því hafi verið ljóst, áður en Halldór undirritaði, að hann var daufdumbur. Aðra persónulega vitneskju um, að Halldór hafi verið læs, en lestur hans á skránni og látbragðssvar hans við spurningu Þorgils um, hvort hann skildi skrána, kveðst vitnið ekki hafa. Hann kveðst engin orðaviðskipti hafa átt við Halldór. — Eftir að Halldór hafði undirritað, kveðst vitnið hafa lesið vottorð það, sem honum hafi verið ætlað að undirrita og komið var á skrána fyrirfram, og síðan undirritað það athugasemdalaust“.

Við framhaldsprófin var vitnið spurt, „hvort það hafi séð Þorgils Ingvarsson rétta Halldóri Pálmasyni miða til aflestrar, rétt áður en Halldór ritaði undir arfleiðsluskrána. Kveðst vitnið hafa séð það, og kveðst hafa séð, að á miðanum stóð spurning um það, hvort Halldór væri samþykkur arfleiðsluskrá þeirri, sem hann var að enda við að lesa. Vitnið kveðst ekki muna orðalag þessarar spurningar nákvæmlega, en þetta hafi verið efnið. Þá hafi Halldór kinkað kolli og brosað, þegar hann var búinn að líta á miðann“.

Jóhannes Jóhannessen lögfræðingur hefur greint fyrir dómi þannig frá undirritun erfðaskrárinnar:

„Hann segir, að Þorgils Ingvarsson hafi komið inn til þeirra Stefáns Péturssonar og beðið þá að vera votta að arfleiðslugerningi. Hann minnir, að Þorgils hafi getið þess, að arfleiðandi væri daufdumbur. Vitnið kveðst hafa verið allsendis ókunnugur Halldóri. Nú hafi Þorgils tekið skrána og lesið upp atriði úr henni, en síðan fengið hana Halldóri, sem hafi lesið hana og notað til þess sennilegan tíma, að því er vitnið minnir, og síðan kinkað kolli og brosað, og að því er vitnið helzt minnir, sagt: gott eða já. Hafi Halldór síðan undirritað. Vitnið segir, að það hafi skynjað á viðbrögðum Halldórs og athugun hans á skránni, að hann bæði skildi efni skrárinnar og að það væri í samræmi við vilja hans. Hann segir, að vottorðið hafi verið á skránni, þannig að þeir þurftu ekki að gera annað en að undirrita, eftir að hafa lesið vottorðið yfir.

Vitnið segir, að hann hafi engin orðaskipti átt við Halldór".

Við framhaldsprófun var vitnið spurt, „hvort það minnist þess, að Þorgils Ingvarsson hafi rétt Halldóri Pálmasyni miða til lestrar, rétt áður en Halldór undirritaði skrána. Vitnið kveðst ekki hafa séð það, en minnir helzt, að það hafi séð Halldór með miða í höndunum. Þó megi aðeins vera, að samræður manna þarna hafi snúizt að einhverju um slíkan miða, og megi vera, að það hafi komið sér á þá skoðun, að um miða væri að ræða. Vitnið kveðst ekki vita neitt um efni slíks miða, hafi hann verið til, eða umræður um efni hans".

Halldór heitinn Pálmason er talinn fæddur 15. nóvember 1884. Hann er sagður hafa misst heyrn einhvern tíma á aldrinum þriggja til sex ára. Föður sinn missti hann um sex ára aldur. Um tólf ára aldur tóku hjónin Þórarinn Arnórsson og Ingibjörg Halldórsdóttir hann til fósturs. Þau hjón voru barnlaus, en ólu upp sjö börn, og erfðu sex þeirra þau.

Af skýrslum málsins má ráða, að Halldór heitinn hafi

verið mjög heyrnardaufur, en ekki fullkomlega heyrnarlaus. Hann var lítið eitt talandi og gat gert sig skiljanlegan þeim, sem vöndust umgengni við hann. Vætti benda til, að hann hafi haft töluverða æfingu að lesa af vörum manna mál. Hann var vinnusamur maður, stundaði landvinnu og togarasjómennsku, og má marka af skýrslum, að heyrnardeyfa og málvöntun hafi eigi valdið erfiðleikum í skiptum hans við yfirmenn hans og starfsfélaga. Séra Jóhann Þorkelsson taldi hann í áðurgreindu bréfi ekki læsan. En samkvæmt óhröktu vætti þeirra Bjarna Sigurvins Össurarsonar, Guðmundar Pjeturssonar og Matthíasar Þorbjarnar Guðmundssonar hefur Halldór heitinn getað lesið nokkuð. Telja má leitt í ljós, að hann hafi getað skrifað lítið eitt. Marka má af vætti vitna, að hann hafi verið sæmilega viti borinn og athugull þrátt fyrir heyrnar- og máldeyfuna. Halldór heitinn var mikill ráðdeildarmaður um meðferð fjár síns, kvittaði fyrir kaupi sínu og lagði peninga sína sjálfur á banka og tók þá út eftir þörfum. Þá er lítið er til hins nána sambands hans við fóstursystkini sín, verður arfleiðslugerningur hans að teljast eðlilegur. Frásögn hins skilgóða manns Þorgils Ingvarssonar um aðdraganda og gerð arfleiðslugerningsins verður eigi rengd. Vætti arfleiðsluvottanna Stefáns Péturssonar og Jósannesar Jóhannessens er gilt, svo langt sem það nær. Að öllu samanlögðu eru fyrir hendi nægileg sönnunargögn til að hrinda vefengingu gagnáfrýjenda á erfðaskrá Halldórs heitins Pálmasonar frá 30. maí 1964, sbr. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 8/1962 um erfðir. Ber því að meta hana gilda.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir skiptadómi og Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Arfleiðsluskrá Halldórs heitins Pálmasonar, undirrituð 30. maí 1964, er gild.

Málskostnaður fyrir skiptadómi og Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 9. apríl 1968.

Egill Sigurgeirsson hæstaréttarlögmaður hefur krafizt þess f. h. Þórðar Guðmundssonar og Guðríðar Guðmundsdóttur, beggja til heimilis að Austurbrún 23, *að* arfleiðsluskrá, sem gerð er af Halldóri Pálmasyni, Grandavegi 38, dagsett 30. maí 1964, verði úrskurðuð ógild og *að* varnaraðiljum verði gert að greiða málskostnað in solidum.

Af hálfu varnaraðiljanna, erfingja samkvæmt erfðaskrá þessari, þeirra Guðmundar Ingvarssonar, Grandavegi 38, Margrétar Guðmundsdóttur, Fjölnisvegi 7, Stefaníu Jónsdóttur, Grandavegi 38, Ágústu Jónsdóttur, Hagamel 19, Þorsteins Guðmundssonar, Laufásvegi 18 A, og Málleysingjaskólans í Reykjavík, eru þær réttarkröfur gerðar, *að* kröfum sóknaraðilja verði hrundið og búinu skipt samkvæmt ákvæðum arfleiðsluskrárinnar og *að* Þórði Guðmundssyni og Guðríði Guðmundsdóttur verði in solidum gert að greiða málskostnað.

Var mál þetta tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram 22. marz s.l.

Hinn 18. maí 1965 andaðist hér í borg Halldór Pálmason verkamaður, þá til heimilis að Grandavegi 38. Samkvæmt framlögðum gögnum var hann fæddur seint á árinu 1885. Uppskrift á dánarbúi hans fór fram 23. júní 1965, og vísast til uppskriftarinnar, sem lögð hefur verið fram sem rskj. 2, um eignir búsins. Þá kom og fram arfleiðsluskrá Halldórs. Hefur hún verið lögð fram í málinu sem rskj. 3 og er á þessa leið:

„Ég undirritaður Halldór Pálmason, verkamaður, Grandavegi 38 (Melstaður) í Reykjavík, geri hér með svofellda a r f l e i ð s l u s k r á :

1. Eignarhluta minn í húseigninni nr. 38 við Grandaveg (Melstaður) í Reykjavík skal ganga óskertur, eins og ég eignaðist hann, sem arf úr dánarbúi fósturforeldra minna Þórarins Arnórssonar og Ingibjargar Halldórsdóttur, til fósturbróður míns Guðmundar Ingvarssonar, Grandavegi 38 í Reykjavík eða erfingja hans, ef ég lifi hann.

2. Kr. 10.000.00 — tíu þúsund krónur — gangi til Málleysingjaskólans í Reykjavík til styrktar fátækum nemanda eða nemendum og er skólastjóra skólans falið að sjá um úthlutun þessa og er það algjörlega á hans valdi hvernig fénu verði varið í þessu skyni.

3. Guðmundi Ingvarssyni, Grandavegi 38 eða erfingjum hans

er falið að sjá um útför mína, sem á að verða íburðarlaus en sómasamleg.

4. Þeir fjármunir sem kunna að verða eftir, þegar kostnaður við jarðarför mína er greiddur og framangreind upphæð er greidd til Málleysingjaskólans, skal skiptast jafnt á milli uppeldissystkina minna og maka þeirra sem dáin eru, en þau eru:

Þorsteinn Guðmundsson skipstj. Laufásvegi 18 A, Reykjavík
Margrét Guðmundsdóttir, starfar á Landsspítalanum
Stefanía Jónsdóttir, Grandavegi 38, Reykjavík
Ágústa Jónsdóttir (ekkja Sigurðar eit. skipstj. fósturbróður míns), Hagamel 19, Reykjavík.
Guðmundur Ingvarsson, sjóm. Grandaveg 38, Reykjavík.

Ef svo skyldi fara, að allt mitt lausafé yrði þrotið áður en ég dey, þá skal Guðmundi Ingvarssyni eða erfingjum hans, vera skylt að sjá um útför mína, enda haldi hann eða erfingjar hans, húspartinum eins og áður segir. En að sjálfsögðu falla þá aðrir arfahlutar niður.

Af arfleiðsluskrá þessari eru gerð og undirrituð tvö samrit og verða geymd á sitt hvorum staðnum til öryggis.

Reykjavík, 30. maí 1964

Halldór Pálmason.

Við undirritaðir, sem vorum kvaddir til að vera vottar að arfleiðsluskrá Halldórs Pálmasonar, Grandavegi 38, Reykjavík, sem er heyrnarlaus og lítt talandi, en læs, las erfðaskrána yfir í okkar viðurvist og tjáði okkur með orðum og látbragði sínu, að hann væri að öllu samþykkur því sem í henni stæði og væri sinn vilji og undirritaði hana (í tvíriti) í okkar viðurvist. Gerði hann þetta af frjálsum og fúsum vilja og með fullu ráði.

Þetta erum við reiðubúnir að staðfesta með eiði, ef krafist verður.

Reykjavík, 30. maí 1964,

Stefán Pétursson hdl.

Jóhannes Jóhannessen stud. jur.".

Þessari skrá var þegar við uppskriftina mótmælt af sóknaraðiljum, Þórði og Guðríði, en þau eru systurbörn Halldórs Pálmasonar. Var ákveðið, að búi þessu skyldi skipt opinberum skiptum með innköllun til skuldheimtumanna, og hefur sérstakt skiptaréttarmál verið rekið vegna vefengingar á arfleiðsluskránni. Er það hér til úrskurðar.

Nokkur atriði hafa fram komið af hálfu aðilja um ævi Halldórs Pálmasonar, og ber þeim að mörgu leyti saman, a. m. k. í aðal-

atriðum. Bæði hefur Þorgils Ingvarsson, Grenimel 40, sem var nákunnugur Halldóri og er bróðir Guðmundar Ingvarssonar, varnaraðilja máls þessa, svo og sóknaraðili Guðríður Guðmundsdóttir skilað í málinu löngum skýrslum hér að lútandi. Samkvæmt því, sem fram er komið í máli þessu, hefur Halldór Pálmason orðið fyrir þeim veikindum á fyrstu árum sínum, að hann missti heyrn. Heldur Þorgils Ingvarsson, að hann hafi þá verið 5—6 ára, en Guðríður, að hann hafi ekki verið nema 3ja ára. Þá er upplýst, að Halldór muni hafa misst föður sinn árið 1890, en nokkrum árum síðar hafi hann verið tekinn til uppeldis af Þórarni nokkrum Arnórssyni og konu hans og dvalizt hjá þeim nokkur ár og verið fermdur 17 ára. Þeim, sem til þekktu og borið hafa í þessu máli, ber saman um, að Halldór hafi í gerðinni verið skýrleiksmaður og verklaginn. Hefur Þorgils Ingvarsson sagt, að Halldór hafi um skeið sem unglingur notið kennslu Böðvars Bjarnasonar, sem hefði starfað við kennslu daufdumbra, og hann hafi lært að lesa sér til gagns, svo sem dagblöð, en hann hafi átt erfiðara með skrift, þó getað skrifað sér til minnis og tölustafi hafi hann þekkt og getað farið með þá eftir þörfum. Hann hafi haft merkilega mikinn orðaforða og þó átt erfitt með að mynda setningar og bablað eins og barn. En við sína nánustu vini og samstarfsmenn hafi hann getað talað. Vitnið Einar Sigurðsson skipstjóri, Smáraflöt 51, kveðst hafa verið vel kunnugur Halldóri Pálmasyni, hafi Halldór verið greindarmaður og hafi verið hægt að tala fullum fetum við hann með því að tala rólega og snúa sér að honum. Hann muni hafa haft einhverja heyrn, t. d. hafi hann hrokkið við, er skotið var af byssu. Ekki kveðst Einar minnast þess, að hann hafi séð Halldór lesa eða skrifa. Þá hefur sóknaraðilinn Guðmundur Ingvarsson sagt svo frá, að Halldór hafi verið allæs, kunnað alla stafi og tölustafi og lesið dagblöð svo að segja spjaldanna á milli, en lítið muni hann hafa lesið af bókum, þó hann hafi haft gaman af að lesa sjóferðabækur, sem hann muni hafa lesið sér að fullu gagni. Guðmundur segir, að ekki hafi verið hægt að segja, að hann hafi verið að fullu skrifandi, en hann hafi þó skrifað tölur sér til minnis. Þá heldur Guðmundur, að Halldór muni hafa haft einhverja heyrn, einkum á snögg og skörp hljóð.

Halldór Hansen, dr. med., Laufásvegi 24, heimilislæknir Halldórs Pálmasonar, hefur mætt sem vitni í máli þessu. Dr. Halldór er á 2. og 3. við þá bræður Þorgils Ingvarsson og Guðmund, varnaraðilja í máli þessu, og hann er systursonur uppeldismóður Hall-

dórs Pálmasonar. Segir dr. Halldór, að sér hafi virzt Halldór Pálmason skynugur, og kveðst ekki hafa verið í erfiðleikum með að láta hann skilja sig né að skilja, hvað Halldór vildi. En hann segist ekki geta borið um lestrar- og skriftarkunnáttu hans af eigin raun.

Sóknaraðilinn Guðríður Guðmundsdóttir hefur aftur á móti sagt, að aðeins þeir, sem umgengust Halldór Pálmason mest, hafi getað skilið hann, hann hafi haft mjög takmarkaðan orðaforða, en hann hafi ekki notað fingramál eða tákn. Þá er vefengt af sóknaraðiljanna hálfu, að hann hafi verið læs, og þótt hann hafi stundum skoðað dagblöð, hafi hann allt eins vel haldið þeim öfugum, ef hann gat ekki áttað sig á því eftir myndum eða öðru, hvernig þau áttu að snúa.

Þorgils Ingvarsson hefur skýrt svo frá, að alllöngu áður en arfleiðsluskráin er gerð, hafi Halldór verið búinn að talfæra við sig að skrifa slíka skrá fyrir hann. Kveðst Þorgils hafa talið sig lítt færan til þess og færzt undan því lengi vel. En um haustið 1963 kveðst hann þó hafa látið tilleiðast og komizt að því, hvernig Halldór vildi ráðstafa eignum sínum. Það hafi þó farizt fyrir, að Halldór undirritaði skrána að sinni.

Um atvik að undirritun skrárinnar skýrir Þorgils Ingvarsson svo frá, að þá er Halldór var kominn á fund hans í Landsbanka Íslands, hafi hann kallað á samstarfsmenn sína, þá lögfræðingana Stefán Pétursson og Jóhannes Jóhannessen, og beðið þá að votta þennan löggerning. Þá er þeir voru komnir á vettvang, kveðst Þorgils hafa beðið Halldór að lesa skrána að þeim viðstöddum. Hafi Halldór gert það og hafi það tekið hann, eins og segja mætti, hæfilegan tíma miðað við það, sem venjulega læs maður mundi þurfa til að fara gegnum ámóta lesmál. Þá segist Þorgils hafa spurt Halldór, hvort hann væri samþykkur því, sem í skránni stóð, og Halldór hafi þá brosað og kinkað kolli og sagt skýrum orðum: já.

Stefán Pétursson hæstaréttarlögmaður, Mánagötu 25, hefur mætt sem vitni í málinu. Hann segir, að Þorgils Ingvarsson hafi komið til hans og Jóhannesar Jóhannessens og beðið þá að votta arfleiðslugerning. Hafi þeir báðir komið með Þorgilsi inn í starfsherbergi hans og þar hafi setið maður, sem Stefán þekkti ekki persónulega. Hafi Þorgils verið með arfleiðsluskrána og hann hafi eitthvað talað við mann þennan um skrána, hafi Þorgils snúið sér að manninum og talað líkt og hann tali við aðra.

Síðan hafi Þorgils beðið hann að lesa skrána yfir, sem hinn

hafi gert, og hafi farið til þess sennilegur tími miðað við lesmál. Þorgils hafi síðan innt arfleifanda eftir því, hvort hann væri samþykkur því, sem í skránni stóð, og jafnframt rétt honum miða, sem Stefáni skildist, að hefði áritaða spurningu sama efnis. Hafi arfleifandi brosað og kinkaði kolli og e. t. v. jafnframt muldrað eitthvað. Kveðst Stefán hafa verið þess viss, að hann hafi verið ánægður með skrána. Stefán segir sér hafa verið ljóst, áður en arfleifandi undirritaði skrá þessa, að hann var daufdumbur, en hann kveðst engin orðaskipti hafa átt við hann og kveðst ekki hafa ályktað um lestrarkunnáttu hans af öðru en lestri hans á skránni og látbragðssvari hans við spurningu Þorgils, sem að framan getur. Eftir undirritun arfleifanda kveðst Stefán hafa lesið arfleiðsluvottorð það, sem þegar var komið á skrána, og undirritað það athugasemdalaust.

Jóhannes Jóhannessen lögfræðingur, Vesturgötu 41, segir frá á líkan hátt og Stefán Pétursson. Hann kveður Þorgils hafa komið inn til þeirra Stefáns Péturssonar og beðið þá að votta arfleiðslugerning og minnir, að Þorgils hafi látið þess getið, að arfleifandi væri daufdumbur, en hann kveðst sjálfur hafa verið allsókunnugur arfleifanda og engin orðaskipti átt við hann þarna. Þorgils hafi síðan tekið skrána og lesið upp atriði úr henni, en síðan fengið arfleifanda hana til aflestrar, og minnir Jóhannes, að í það hafi farið sennilegur tími. Síðan hafi arfleifandi kinkað kolli og brosað og, að því er Jóhannes minnir, sagt: gott eða já. Kveðst Jóhannes hafa skynjað á viðbrögðum arfleifanda og athugun hans á skránni, að hann bæði skildi efni skrárinnar og að þar ritað væri í samræmi við vilja hans. Loks segir Jóhannes, að vottorð það, sem þeim Stefáni var ætlað að undirrita, hafi verið á skránni, þannig að þeir þurftu ekkert að gera annað en að lesa það og undirrita.

Af hálfu sóknaraðiljanna er bent á það, að arfleiðsluvottorðið tilgreini ekki heimilisfang vottanna, það tilgreini ekki stað og stund gerningsins og loks sé þar látið undan fallast að geta um andlega heilsu arfláta. Sé þar mjög brotið í bág við ákvæði 42. gr. laga nr. 8/1962, en þar sé um að ræða algerlega ófrávíkjanleg formskilyrði, þannig að ef breytt sé út frá þeim reglum, sé vottorðið þegar af þeirri ástæðu ónýtt.

Í rökstuðningi að öðru leyti fyrir kröfum sínum vísa sóknaraðiljar til ákvæða 34. gr. erfðalaga frá 1962, þar sem sú ófrávíkjanlega krafa sé gerð til gildis erfðagernings, að arfleifandi sé svo heill heilsu andlega, að hann sé fær um að gera slíka ráð-

stöfun á skynsamlegan hátt. Er vefengt, að Halldór Pálmason hafi verið búinn slíkri heilsu. Hann hafi misst heyrn innan 5 ára aldurs, líklega 3ja ára, og þar af leiði, að hann hafi ekki lært lestur né almennan talsmáta, þó að hann að öðru leyti hafi verið skynugur í gerðinni. Hann hafi átt mjög erfitt með að koma hugsun sinni á framfæri og þeir, sem þó voru honum kunnugastir, hafi átt býsna erfitt með að skilja hann. Sé því allra hluta vegna mjög hætt við því, að u. þ. b. áttræður og heyrnarlaus, ólæs og að mestu mállaus maður, eins og Halldór var, hafi misskilið veigamikið atriði í sambandi við arfleiðslugerning og sá, er skrána ritaði, hljóti að hafa mátt vera í vafa um ýmislegt það, sem Halldór kynni að hafa óskað, að þar kæmi fram.

Sóknaraðiljar halda því fram, að arfleiðsluvottarnir hafi mjög kastað höndum til starfa síns. Þeir hafi alls ekki þekkt Halldór persónulega og engin orðaskipti átt við hann. Það komi fram í vottorði þeirra, að þeim hafi verið ljóst, að hann var daufdumbur, en staðhæfing þeirra um, að hann hafi verið læs, sé gersamlega úr lausu lofti gripin, enda þótt þeir hafi horft á hann rýna í skrána. Hafi þeir að minnsta kosti mátt fá verulegar efasemdir um lestrarkunnáttu hans, úr því að þeim var það ljóst, að hann var heyrnarlaus, og hefði átt að rannsaka það atriði miklu nánar í stað þess að láta sér nægja sýndaryfirlýsingu hans, sem þeir þó geti naumast tilfært, hvernig fram var borin um, að hann væri ánægður með skrána. Þegar á allt þetta sé litið, sé einsætt, að ágallar þeir, sem Halldór hafi verið haldinn, heyrnarleysi, málleysi og ólæsi, þar að auki hár aldur hans, enn fremur ófullkomleiki vottorðsins og losarabragur á athugun arfleiðsluvottanna, hljóti hver fyrir sig og allir til samans að teljast svo verulegir ágallar, að arfleiðsluskrá þessi verði metin ógild. Er vísað til ákvæða 45. greinar erfðalaga í þessu sambandi.

Varnaraðiljar hafa haldið því fram, að sönnunarbyrði þess, að Halldór Pálmason hafi verið ófær um að gera arfleiðsluskrá, hvíli á sóknaraðiljum. Svo sé, þegar arfleiðsluvottorð tilgreini arfleifanda færan til þessa gernings, svo sem hér sé gert, og leiði þetta af 46. grein erfðalaga, 2. mgr. Í þessu sambandi vísa varnaraðiljar á bug aðfinnslum sóknaraðilja við arfleiðsluvottorðið, þó að vottarnir hafi látið undan fallast að nefna heimilisföng sín, þá skipti það ekki máli, þar eð Stefán Pétursson hafi sett hdl. og Jóhannes Jóhannessen hafi sett stud. jur. við nafn sitt, og sé alls ekki um að ræða, að um verði villzt, hverjir þarna hafa verið að verki, en sá sé berlega tilgangur laganna að tryggja, að ekki fari milli

mála um það atriði. Vottorðið geti þess, að gerningurinn hafi farið fram í Reykjavík, og það er dagsett þannig, að ekki verði um villzt. Það sé og rangt hjá sóknaraðiljum, að ekki sé farið út í andlegt heilsufar arfleifanda, sagt sé skýrum stöfum, að hann hafi gert skrána af „frjálsum og fúsum vilja og með fullu ráði", en þetta tíðkanlega lagamál feli í sér, að arfleifandi teljist vera heill heilsu andlega í skilningi 34. greinar, 2. mgr., erfðalaga. Því er og mótmælt, sem sóknaraðiljar hafa haldið fram, að vottarnir Stefán og Jóhannes hafi mátt vera í vafa um arfleiðsluvilja Halldórs. Hann hafi gefið þeim til kynna með orðum og látbragði, að hann var samþykkur því, er í skránni stóð, og í raun og veru hafi hann verið læs, enda fram komið, að hann var skrifandi. Sé því ekki á neinn hátt varhugavert að meta þessa arfleiðsluskrá gilda sem grundvöll búskipta. Efni skrárinnar sé alls ekki óeðlilegt, nema síður væri, þar eð Halldór vilji, að uppeldissystkin hans, sem hann hafi umgengizt langmest, njóti eignanna að mestu leyti.

Þar eð Halldór Pálmason var daufdumbur, var í rauninni full ástæða til þess, að arfleiðsluvottar væru valdir úr hópi þeirra, sem hafa æfingu í að umgangast daufdumba, skilja þá og gera sig skiljanlega fyrir þeim.

Arfleiðsluvottarnir lýsa því að vísu yfir, að arfleifandi hafi lesið skrána að þeim viðstöddum, en þar eð þeir gerðu sér ljóst, að hann var daufdumbur, mátti þeim vera vitanlegt, að líklegt var, að lestrarkunnátta hans væri annmörkuð. Þeir virðast þó ekki hafa leitazt við að athuga nánar, að hve miklu gagni þessi lestur arfleifanda kom honum í raun og veru eða að hve miklu leyti samþykkislátbragð hans byggðist á nánum skilningi hans á hinu ritaða máli, sem er í nokkrum liðum, og er skráin síður en svo orðuð á ljósasta máli eða vandvirknislega skrifuð. Höfðu arfleiðsluvottarnir ýmsar leiðir til að reyna að ganga úr skugga um hæfileika arfleifanda í þessar áttir.

Verður ekki hjá því komizt að telja, að arfleiðsluvottunin hafi verið svo lauslega framkvæmd eftir öllum atvikum, að í bága brjóti við ákvæði í 2. mgr. 42. greinar erfðalaga, sem lúta að sönnun fyrir þeirri hæfni arfleifanda, sem 34. gr., 2. mgr., mælir fyrir um.

Verður því að fallast á vefengingu sóknaraðilja á arfleiðsluskránni og meta hana ógilda sem grundvöll skipta á dánarbúi Halldórs Pálmasonar.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður í máli þessu.
Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:
Arfleiðsluskrá, undirrituð af Halldóri Pálmasyni 30. maí 1964, er ógild.
Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 28. marz 1969.

Nr. 207/1968. **Grána h/f**
(Ragnar Jónsson hrl.)
gegn
Jóni Egilssyni
(Ragnar Steinbergsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 12. nóvember 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 7.425.00 með 8% ársvöxtum frá 1. ágúst 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað skýrslna þeirra Edwards Frederiksens, forstöðumanns Gisti- og veitingastaðaeftirlits ríkisins, Ludvigs Hjálmtýssonar, framkvæmdastjóra Ferðamálaráðs, og Geirs H. Zoëga forstjóra. Af hendi Ferðamálaráðs er það ekki viðurkennt, að stefnda hafi verið gefnar heimildir til að kaupa vöru þá, sem um er fjallað í málinu, fyrir hönd þess.

Þar sem þannig er eigi í ljós leitt, að stefndi hafi haft umboð til að kaupa vöru þessa fyrir Ferðamálaráð, verður

með hliðsjón af ákvæðum 1. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1936 að dæma hann til greiðslu andvirðis vörunnar. Verður krafa áfrýjanda því til greina tekin, þó þannig, að ársvextir ákveðast 7%.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Egilsson, greiði áfrýjanda, Gránu h/f, kr. 7.425.00 með 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1966 til greiðsludags og kr. 8.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 22. apríl 1968.

Mál þetta, sem var dómtekið 1. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað með stefnu, birtri 18. febrúar 1968 af Gránu h/f gegn Jóni Egilssyni forstjóra, Goðabyggð 3, Akureyri, til greiðslu vöruúttektar að upphæð kr. 7.425.00 með 8% ársvöxtum frá 1. ágúst 1966 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og krefst málskostnaðar úr hendi stefnanda vegna óþarfa málshöfðunar.

Stefnandi gerir þá grein fyrir kröfu sinni, að stefndi hafi tekið út segldúk í verzlun hans og látið skrifa hann á nafn Ferðamálaráðs. Stefndi hafi ekki lagt fram umboð sér til handa né önnur skilríki og hljóti hann því að vera ábyrgur fyrir skuldinni, hvað sem orðið hafi af segldúknum. Stefnandi telur ekki fýsilegt að höfða mál á hendur Ferðamálaráði, sem samkvæmt lögum nr. 29/1964, 2. kafla, virðist ekki hafa nokkur fjárráð.

Stefndi kveður Ferðamálaráð hafa farið þess á leit við sig í maí 1966, að hann annaðist uppsetningu snyrtinga við Goðafoss, þar sem von væri á 4 erlendum skemmtiferðaskipum. Stefndi rekur ferðaskrifstofu hér í bæ. Starfsmaður Ferðamálaráðs, Harry Fredriksen, kom framangreindri beiðni til stefnda. Keypti stefndi segldúk þann, sem mál þetta er af risið, og lét skrifa hann hjá

Ferðamálaráði og bað um, að reikningurinn yrði krafinn hjá Ferðamálaráði. Var það ekki gert.

Stefndi mótmælir allri ábyrgð sinni á greiðslu skuldarinnar af þeirri ástæðu, að stefnandi hafi ekki gert hina minnstu tilraun til innheimtu hjá Ferðamálaráði.

Það er ekki vefengt, að stefndi hafi haft umboð til að skuldbinda Ferðamálaráð, og er af gögnum málsins augljóst, að stefndi kvað sig vera að skuldbinda Ferðamálaráð, en ekki sjálfan sig, og mátti stefnanda vera það einnig ljóst.

Stefndi hefur því haft umboð til að skuldbinda Ferðamálaráð, og bar stefnanda því að beina málssókn þessari að nefndu Ferðamálaráði.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en dæma ber stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst kr. 2.800.00.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Egilsson, skal vera sýkn af öllum kröfum í máli þessu.

Stefnandi, Grána h/f, greiði stefnda kr. 2.800.00 í málskostnað.

Dómi þessum má fullnægja með aðför að lögum að liðnum 15 dögum frá lögbirtingu hans.

Mánudaginn 14. apríl 1969.

Nr. 171/1968. **Fjöliðjan h/f**
gegn
Bjarna Ingólfssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Fjöliðjan h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hún stefnda, Bjarna Ingólfssyni, sem látið hefur sækja þing og krafizt ómaksbóta, kr. 4.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. apríl 1969.

Nr. 172/1968. **Fjöliðjan h/f**
gegn
Margréti Ólafsdóttur.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Fjöliðjan h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hún stefnda, Margréti Ólafsdóttur, sem látið hefur sækja þing og krafizt ómaksbóta, kr. 4.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. apríl 1969.

Nr. 173/1968. **Fjöliðjan h/f**
gegn
Reyni Ingvasyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Fjöliðjan h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hún stefnda, Reyni Ingvasyni, sem látið hefur

sækja þing og krafizt ómaksbóta, kr. 4.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. apríl 1969.

Nr. 174/1968. **Fjöliðjan h/f**
gegn
Jónasi Arnórssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Fjöliðjan h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hún stefnda, Jónasi Arnórssyni, sem látið hefur sækja þing og krafizt ómaksbóta, kr. 4.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. apríl 1969.

Nr. 17/1969. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Bergþóri Bergþórssyni
(Gústaf Ólafsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Þór Vilhjálmsson.

Brot gegn áfengislögum og tolllögum.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst

4 vikur frá birtingu dóms þessa. Brot ákærða þykir einnig varða við 17. gr. áfengislaga nr. 58/1954, sbr. 118. gr. laga nr. 82/1961.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málflutningslaun verjanda síns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Bergþór Bergþórsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns, Gústafs Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. ágúst 1968.

Ár 1968, föstudaginn 30. ágúst, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 443/1968: Ákæruvaldið gegn Bergþóri Bergþórssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 29. marz 1968, höfðað á hendur Bergþóri Bergþórssyni leigubifreiðarstjóra, Laugavegi 51, Reykjavík, fæddum 23. júlí 1940 í Reykjavík, fyrir að hafa sunnudaginn 10. marz 1968 selt Guðmundi Guðmundssyni, Steinskoti, Eyrarbakka, einn fleyg af Long John whisky í bifreiðinni R 19717, sem ákærði ekur til mannflutninga, á mótum Hverfisgötu og Frakkastígs í Reykjavík og fyrir að hafa haft meðferðis í bifreiðinni í umrætt sinn eina flösku af Hulstkamp genever (ótollafgreidda) og geymdar á heimili sínu eina flösku af aquavitae, eina flösku af whisky og eina flösku af genever, sem ákærði þykir hafa ætlað til sölu, en áfengið fundu lögreglumenn við leit í bifreiðinni R 19717 og á heimili ákærða í beinu framhaldi af framangreindri áfengissölu ákærða.

Telst þetta varða við 1. mgr. 6. gr., 18. gr. og 4. mgr., sbr. 3.

mgr. 19. gr., sbr. 1. mgr. 35. gr., 39. gr. og 2. mgr. 42. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 2. mgr. 39. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 68/1956.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttindum leigubifreiðarstjóra og atvinnuleyfi samkvæmt 5. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 2. mgr. 42. gr. áfengislaga, til upptöku á framangreindu áfengismagni samkvæmt síðasttalda ákvæði áfengislaga og 4. mgr. 38. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Sakavottorð ákærða hljóðar svo:

1958 3/6 í Reykjavík: Sátt, 350 kr. sekt fyrir brot á 26. gr. bifreiðalaga.
1960 20/1 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot og ökuhraða.
1961 6/11 í Reykjavík: Sátt, 2.500 kr. sekt fyrir áfengissölu.
1962 31/10 í Hafnarfirði: Sátt, 50 kr. sekt fyrir rangstöðu bifreiðar.
1963 4/11 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
1963 10/12 í Reykjavík: Sátt, 700 kr. sekt fyrir umferðarslys.
1963 16/12 í Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum.
1964 21/5 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald, sviptur ökuleyfi í 1 ár fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum. (Dómsbirting 21/1 '65).
1964 21/9 í Reykjavík: Sátt, 4.200 kr. sekt fyrir áfengislagabrot.
1965 3/6 í Reykjavík: Sátt, 1.100 kr. sekt fyrir rangstöðu bifreiðar.
1965 30/9 í Reykjavík: Dómur: 5.000 kr. sekt fyrir brot á 16., 18., 19., 39., 41. og 42. gr. áfengislaga. Sviptur öku- og leigubifreiðarstjóraréttindum og atvinnuleyfi í 3 mánuði frá 21. 1. 1966.
1966 2/9 á Akureyri: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 7. gr. lögreglusamþykktar.
1967 2/10 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 48. gr. umferðarlaga.
1967 26/10 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 10. marz 1968, klukkan um 1500, urðu tveir lögreglumenn, sem voru við eftirlitsstörf, varir við, að ákærði ók

leigubifreiðinni R 19717 af bifreiðastæði Borgarbílastöðvarinnar, og var farþegi í bifreiðinni. Kváðust lögreglumennirnir hafa haft vitneskju um, að ákærði hefði fengizt við ólöglega áfengissölu, og því veitt bifreiðinni eftirför. Ákærði ók að gatnamótum Frakkastígs og Hverfisgötu, þar sem farþeginn sté út úr bifreiðinni, en henni var ekið áfram. Litlu síðar kom bifreiðin aftur að gatnamótunum, og fór farþeginn þá inn í framsæti hennar, og „virtist okkur eins og einhver viðskipti færu þar fram", svo sem segir í skýrslu lögreglu. Því næst var bifreiðinni ekið af stað austur Hverfisgötu, en lögreglumennirnir stöðvuðu brátt akstur hennar. Farþeginn reyndist vera með í fórum sínum óátekinn whiskyfleyg. Við leit í bifreiðinni fannst ein flaska af Hulstkamp genever, sem var ekki merkt Á.T.V.R. Kvaðst ákærði vera eigandi flöskunnar og „hafa keypt hana af ókunnum manni". Loks var áfengiskönnun gerð á heimili ákærða, og fundust þar þrjár áfengisflöskur, sem merktar voru Á. T. V. R.

Vitnið Gylfi Jónsson lögreglumaður, Hraunbæ 24 hér í borg, kvað ákærða hafa ekið farþega að gatnamótum Hverfisgötu og Frakkastígs, horfið þaðan af vettvangi smástund, en farþeginn, sem verið hefði undir áhrifum áfengis, beðið á meðan. Eftir að ákærði kom aftur, og farþeginn var setztur upp í bifreiðina, virtist vitninu einhver viðskipti fara fram þeirra á milli án þess þó beinlínis að sjá afhendingu áfengis. Ákærði ók af stað, en þeir lögreglumennirnir stöðvuðu hann mjög fljótlega. Var farþeginn þá með óátekinn whiskyfleyg í fórum sínum. Við leit í bifreiðinni fannst ein heilflaska af genever, óátekin, og ekki merkt Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.

Vitninu Þorláki Runólfssyni lögreglumanni, Langagerði 50 hér í borg, virtist einhver viðskipti eiga sér stað í bifreið ákærða við gatnamót Hverfisgötu og Frakkastígs, en sá ekki beinlínis skipti á peningum eða áfengi fram fara. Farþeginn í bifreið ákærða var með einn whiskyfleyg í vörzlum sínum. Vitnið sagði ákærða hafa verið með eina geneverflösku, óátekna, í bifreiðinni, sem ekki var merkt Á. T. V. R.

Vitnið Guðmundur Guðmundsson verkamaður, Steinskoti, Eyrarbakka, Árnessýslu, kvaðst hafa tekið leigubifreið frá Borgarbílastöðinni og beðið ökumann að selja sér áfengi. Ökumaður játti því, ók vitninu að gatnamótum Hverfisgötu og Frakkastígs, skildi það þar eftir nokkra stund, en kom síðan aftur á bifreiðinni. Vitnið settist í framsætið og keypti þá af ákærða einn whiskyfleyg og galt fyrir hann krónur 425.00. Ákærði ók síðan

af stað austur Hverfisgötu, en var brátt stöðvaður af lögreglu. Vitnið kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis greint sinn, en þó ekki mikið, og sagðist muna vel til málsatvika.

Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði ekið vitninu Guðmundi Guðmundssyni, sem honum virtist vera undir áhrifum áfengis, að gatnamótum Hverfisgötu og Frakkastígs, beðið vitnið um að hinkra þar við, á meðan hann færi heim til sín og næði í geneverflösku, en ákærði hugðist hætta akstri og fá sér glas hjá systur sinni. Sótti ákærði áfengisflöskuna, tók vitnið aftur upp í bifreiðina, en er hann hafði skammt ekið, stöðvaði lögreglan akstur hans. Ákærði neitaði alfarið að hafa selt vitninu Guðmundi áfengi, en sagði rétt vera, að í bifreið hans hefði verið ein flaska af genever, sem hann hefði tekið upp í ökugjald nokkru fyrr og ætlað til eigin nota, svo sem fyrr er rakið.

Gegn neitun ákærða og þegar til þess er litið, að lögreglumennirnir Gylfi Jónsson og Þorlákur Runólfsson sjá ekki vörzluskipti á áfengi fara fram, svo og með hliðsjón af því, að vitnið Guðmundur Guðmundsson var undir áhrifum áfengis, þykir varhugavert að telja nægilega sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um ólöglega áfengissölu greint sinn, og verður hann því sýknaður af því ákæruatriði svo og kröfu um sviptingu réttinda leigubifreiðarstjóra, atvinnuleyfis og ökuréttinda. Þá verður geymsla ákærða í húsakynnum sínum á þrem flöskum áfengis, sem allar báru merki Á.T.V.R. ekki talin refsiverð, og krafa um upptöku á flöskum þessum ekki tekin til greina. Hins vegar þykir ákærði ekki í skilningi 4., sbr. 3. mgr. 19. gr. áfengislaga nr. 58/1954 hafa gert næga grein fyrir geneverflösku þeirri, sem í bifreið hans fannst og ekki bar merki Á. T. V. R., og verður flaska þessi gerð upptæk til handa ríkissjóði.

Refsing ákærða samkvæmt 2. mgr. 42. gr. áfengislaga og 2. mgr. 39. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 68/1956 þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 5.000 kr. sekt til Menningarsjóðs, en vararefsing varðhald 5 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Bergþór Bergþórsson, greiði 5.000.00 króna sekt til Menningarsjóðs, en sæti varðhaldi í 5 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ein flaska af Hulstkamp genever, sem málinu fylgir, skal upptæk til handa ríkissjóði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. apríl 1969.

Nr. 21/1969. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Sigurði Marteini Eyjólfssyni
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Þór Vilhjálmsson.

Brot gegn áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Ekki verður talið, að ákærði hafi leitt að því sterkar líkur, að þær tvær flöskur af áfengi, sem fundust við leit í bifreiðinni R 9108 L aðfaranótt laugardagsins 9. marz 1968, hafi ekki verið ætlaðar til sölu. Samkvæmt sönnunarreglum 4. mgr. 19. gr. laga nr. 58/1954 eru því eigi skilyrði til að sýkna ákærða. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málflutningslaun verjanda síns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Sigurður Marteinn Eyjólfsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. desember 1968.

Ár 1968, mánudaginn 16. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 590/1968: Ákæruvaldið gegn Sigurði Marteini Eyjólfssyni, sem tekið var til dóms 13. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 15. október 1968, gegn ákærða, Sigurði Marteini Eyjólfssyni leigubifreiðarstjóra, Hverfisgötu 123, Reykjavík, fæddum 17. júní 1925 að Húsatóftum á Skeiðum, Árnessýslu, fyrir áfengislagabrot með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 9. marz 1968 haft meðferðis í bifreiðinni R 9108 L tvær flöskur af áfengi, eina af Witterkampf genever og eina af ákavíti, sem ákærði þykir hafa ætlað til sölu, en áfengið fundu lögreglumenn við leit í bifreiðinni.

Telst þetta varða við 4. mgr., sbr. 3. mgr. 19. gr., sbr. 2. mgr. 42. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að sæta upptöku á nefndu áfengismagni samkvæmt 2. mgr. i. f. 42. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1947 11/6 í Árnessýslu: Sátt, 60. kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögum.
1948 19/4 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
1948 19/4 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 6. gr. reglugerðar nr. 131/1937.
1955 17/1 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. lögreglusamþykktar.
1956 14/6 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 14. gr. bifreiðalaga.
1959 4/11 í Reykjavík: Sátt, 50. kr. sekt fyrir brot á 15. gr. lögreglusamþykktar.
1960 22/2 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 219. gr.

hegningarlaga, 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 49. gr. umferðarlaga.

1961 29/6 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.

1962 21/7 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á lögum nr. 73/1952.

1964 24/2 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ökuhraða.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt laugardagsins 9. marz 1968, klukkan 0140, stöðvuðu lögreglumenn, sem kváðust öðru fremur hafa verið að huga að leynivínsölu, bifreiðina R 9108 á Skólavörðustíg hér í borg, en stjórnandi bifreiðarinnar var ákærði, sem ekur henni sem leigubifreið frá Borgarbílastöðinni. Löggæzlumenn óskuðu eftir að fá að framkvæma leit að áfengi í bifreiðinni, og leyfði ákærði slíka leit. Við leitina fundust tvær flöskur af áfengi, ein flaska af Witterkampf genever, verð kr. 470.00, og ein flaska af ákavíti, verð kr. 345.00. Ákærði skýrði lögreglumönnunum svo frá, að hann hefði keypt vínið í Á. T.V. R. við Snorrabraut daginn áður og ætlað að drekka það sjálfur einhvern næstu daga.

Vitnin Friðrik Svavar Hermannsson lögreglumaður, Kleppsvegi 136, Reykjavík, og Sigurður Jónsson lögreglumaður, Hraunbæ 24 hér í borg, báru fyrir dómi, að ákærði hefði haft tvær áfengisflöskur í leigubifreið sinni, sem hann kvaðst ætla að neyta sjálfur.

Ákærði neitaði að hafa haft í hyggju að selja greindar áfengisflöskur, kvaðst hafa ætlað þær til neyzlu um helgina með bróður sínum og fleira fólki, en ekki hefði þó fyrirfram verið ákveðið að neyta víns. Ákærða var boðið að ljúka málinu með dómssátt, en hann hafnaði því.

Svo sem málum hefur verið lýst hér að framan, verður ekki talið, að ákærði hafi fært að því nægar líkur í skilningi 19. gr. áfengislaga nr. 58/1954, að nefndar áfengisflöskur hefðu ekki verið ætlaðar til sölu. Er háttsemi hans rétt lýst í ákæru og varðar við lagaákvæði þau, sem þar eru rakin.

Refsing ákærða er ákveðin 4.075.00 króna sekt til Menningarsjóðs, en vararefsing varðhald 4 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Áfengisflöskur þær, sem málinu fylgja, skulu upptækar til ríkissjóðs.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, krónur 4.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Marteinn Eyjólfsson, greiði kr. 4.075.00 sekt til Menningarsjóðs, en sæti varðhaldi 4 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Áfengisflöskur þær, sem málinu fylgja, skulu upptækar til handa ríkissjóði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, krónur 4.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. apríl 1969.

Nr. 54/1969. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Ásgeiri Halldóri Pálmasyni Hraundal
(Guðlaugur Einarsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Þór Vilhjálmsson.

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málflutningslaun verjanda síns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ásgeir Halldór Pálmason Hraundal, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns,

Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00. Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. nóvember 1968.

Ár 1968, fimmtudaginn 7. nóvember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 528/1968: Ákæruvaldið gegn Ásgeiri Halldóri Pálmasyni Ásgeirssyni Hraundal, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 14. f. h., gegn Ásgeiri Halldóri Pálmasyni Ásgeirssyni Hraundal sjómanni, Suðurlandsbraut 91 B hér í borg, fæddum 16. ágúst 1929 í Hafnarfirði, „fyrir skjalafals með því að gefa út til handhafa í júlí 1968 eftirtalda þrjá tékka á eyðublöð frá Iðnaðarbanka Íslands, sem hann hafði í heimildarleysi tekið í Svefnbekkjaiðjunni, Laufásvegi 4 í Reykjavík, og stimplað þar með stimpli þess fyrirtækis við nafnritunarstað útgefanda, falsa nafn útgefanda á þá alla og nafn framseljanda á einn þeirra og nota þá í viðskiptum í Reykjavík í útgáfumánuðinum, svo sem rakið verður:

1. K. 2736, kr. 1.100.00, á hlaupareikning nr. 1753, dagsettur 21. júlí. Falsa nafn útgefanda og framseljanda: Sigurður Björnsson, Leifsgötu 8. Seldur Ólafi Kjartanssyni húsverði, Hverfisgötu 59.

2. K. 2740, kr. 700.00, á hlaupareikning nr. 73, dagsettur 21. júlí. Falsað nafn útgefanda: Jónas Guðlaugsson. Framseldur af ákærða sjálfum. Notaður sem greiðsla 75.00 króna ökugjalds til Jóhannesar Péturssonar bifreiðarstjóra, Skarphéðinsgötu 10, sem greiddi ákærða mismuninn í peningum.

3. K. 12420, kr. 1.100.00, á hlaupareikning nr. 73, dagsettur 22. júlí. Falsað nafn útgefanda: Jónas Guðlaugsson. Framseldur af ákærða sjálfum. Notaður sem greiðsla 200.00 króna ökugjalds til Bergþórs Bergþórssonar bifreiðarstjóra, Laugavegi 51, sem greiddi ákærða mismuninn í peningum.

Verknaðir þessir teljast varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, skaðabótagreiðslu og til greiðslu sakarkostnaðar".

Í sumar starfaði ákærði í Svefnbekkjaiðjunni, Laufásvegi 4. Sunnudaginn 21. júlí fór ákærði inn í húsnæði fyrirtækisins og tók þar nokkur eyðublöð úr tékkhefti þess. Stimplaði hann eyðu-

blöðin með stimpli fyrirtækisins: Svefnbekkjaiðjan, Laufásvegi 4. Sími 13492, Reykjavík. Ákærði ritaði síðan á eyðublöð þessi þá þrjá tékka, sem taldir eru í ákæru. Fyrsta tékkann undirritaði hann með nafninu Sigurður Björnsson og hafði þar ekki ákveðinn mann í huga. Tékka þennan, sem var að fjárhæð kr. 1.100.00 og gefinn út til handhafa á reikning 753 í Iðnaðarbanka Íslands, seldi hann Ólafi Kjartani Ólafssyni húsverði, Hverfisgötu 59. Greiddi Ólafur 1.000 kr. fyrir tékkann, en 100 kr. átti hann að fá fyrir greiðann. Annan tékkann, kr. 700.00, gaf ákærði út á reikning 73 og undirritaði með nafninu Jónas Guðlaugsson, en það kveður hann vera annan af eigendum Svefnbekkjaiðjunnar. Með tékka þessum greiddi ákærði Jóhannesi Péturssyni leigubifreiðarstjóra, Skarphéðinsgötu 10, ökugjald að fjárhæð kr. 75.00 og fékk mismuninn greiddan í peningum. Þriðja tékkann, kr. 1.100.00, sem ákærði gaf einnig út á reikning 73 og undirritaði nafninu Jónas Guðlaugsson, notaði ákærði til þess að greiða Bergþóri Bergþórssyni leigubifreiðarstjóra, Laugavegi 51, ökugjald, ca. 200 kr., og fékk hann mismuninn í peningum.

Ákærði kveðst hafa framið brot þessi í drykkjuskap. Hann hefur ekki bætt tjón af brotunum og ber við tekjuleysi sínu síðan. Jóhannes Pétursson krefst bóta úr hendi ákærða, kr. 700.00, og Bergþór Bergþórsson gerir kröfu í máli þessu um bætur, kr. 1.100.00, en Ólafur Kjartan Ólafsson hefur fallið frá kröfu á henda ákærða.

Með notkun þessara þriggja tékka með fölsuðum nafnritunum hefur ákærði brotið gegn 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði var 22. október 1958 dæmdur í 60 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað. Þá hefur hann á s.l. 20 árum sætzt 22 sinnum á greiðslu sekta fyrir áfengislagabrot og einu sinni (1967) á greiðslu 1.700 kr. sektar fyrir brot gegn 261. og 248. gr. alm. hegningarlaga.

Refsing ákærða verður með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga ákveðin fangelsi 3 mánuðir.

Áðurgreindar fjárkröfur verða teknar til greina. Þá verður ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Ásgeir Halldór Pálmason Ásgeirsson Hraundal, sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærði greiði Jóhannesi Péturssyni kr. 700.00 og Bergþóri Bergþórssyni kr. 1.100.00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.
Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 25. apríl 1969.

Nr. 70/1969. **Margrét G. Hjaltested f. h. sjálfrar sín og ófjárráða barna sinna, Margrétar, Sigurðar Kristjáns og Karls Lárusar,**
gegn
Magnúsi S. Hjaltested og Unnsteini Beck skiptaráðanda.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 30. október 1968 hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð skiptadóms Kópavogs, sem kveðinn var upp 28. september 1968. Með úrskurði þessum var hrundið kröfu sóknaraðilja um, að setuskiptaráðandi, Unnsteinn Beck, viki sæti.

Sóknaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og setuskiptaráðanda gert að víkja sæti.

Af hálfu varnaraðilja Magnúsar S. Hjaltesteds hafa hvorki borizt greinargerð né kröfur.

Varnaraðili Unnsteinn Beck hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar um kæruna, sbr. 27. gr. laga nr. 57/1962. Þar segir, „að kæranda var kunnugt um niðurstöðu úrskurðarins, áður en kærufrestur var liðinn". Þessu hefur eigi verið andmælt af hálfu sóknaraðilja. Þar sem kærufrestur var liðinn, þegar úrskurðurinn var kærður, sbr. 22. gr. laga nr. 57/1962, ber að vísa málinu frá Hæstarétti.

Skjöl málsins bárust Hæstarétti 10. apríl 1969.

Ber að víta þennan óhæfilega drátt af hálfu skiptaráðanda að senda Hæstarétti málsskjölin.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður skiptadóms Kópavogs 28. september 1968.

Við opinber skipti á dánar- og félagsbúi Sigurðar Lárussonar Hjaltesteds, Vatnsenda, Kópavogskaupstað, sem andaðist 13. nóvember 1966, og Margrétar G. Hjaltesteds, sem nú eru til meðferðar fyrir skiptarétti Kópavogskaupstaðar, hefur hinn reglulegi skiptaráðandi vikið sæti, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 8. apríl 1967, var Unnsteinn Beck, borgarfógeti í Reykjavík, skipaður til að fara með mál þetta sem setuskiptaráðandi.

Meðal þeirra gagna, sem fyrir liggja við skiptin, er erfðaskrá Magnúsar Hjaltesteds, fyrrum eiganda jarðarinnar Vatnsenda í Kópavogskaupstað, dags. 4. janúar 1938, ásamt breytingu, dags. 29. október 1940, þar sem hann gerir Sigurð Lárusson Hjaltested arfláta að dánarbúi því, sem hér er til skipta, að einkaerfingja sínum, þó, að því er varðar jörðina Vatnsenda, með þeim takmörkunum, að honum er óheimilt að selja hana né veðsetja nema innan þröngra takmarka, og að honum látnum skal jörðin á sama hátt ganga í arf til elzta sonar Sigurðar og svo koll af kalli, meðan sú grein varir í karllegg. Ýmis fleiri ákvæði eru í erfðaskránni varðandi jörðina, en ekki skiptir máli að telja þau hér.

Elzti sonur arfláta af fyrra hjónabandi hans er Magnús Sigurðsson Hjaltested. Hann gerði kröfu til jarðarinnar úr dánarbúi föður síns samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum í erfðaskrá langafabróður síns, Magnúsar Einarssonar Hjaltesteds. Kröfu þessari var mótmælt af hálfu ekkju arfláta, Margrétar G. Hjaltesteds, sem er sóknaraðili þess máls, sem hér er til úrskurðar. Mótmæli voru einnig höfð uppi af hálfu barna arfláta og nefndrar Margrétar. Var mál um tilkall Magnúsar til jarðarinnar sótt og varið fyrir skiptaréttinum, og féll um það úrskurður 24. júlí 1967 á þá lund, að Magnúsi var áskilinn réttur til að taka við til ábúðar og hagnýtingar jörðina Vatnsenda með þeim takmörkunum og skilmálum, sem settir eru í fyrrnefndri arfleiðsluskrá Magnúsar Einarssonar Hjaltesteds. Að genginni áfrýjun var úrskurður þessi staðfestur með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 5. apríl s.l.

Á skiptafundi í dánar- og félagsbúinu hinn 4. maí s.l. kom fram krafa frá Magnúsi Hjaltested um, að honum yrðu þá þegar fengin afnot jarðarinnar Vatnsenda með vísan til hæstaréttar-

dómsins. Á skiptafundi 7. maí s.l. afgreiddi skiptaráðandi þessa kröfu með svofelldri bókun:

„Þá lýsti skiptaráðandi yfir því, að hann afhenti Magnúsi Sigurðssyni Hjaltested, Sólbakka, Vatnsenda, umráð og afnot fasteignarinnar Vatnsenda í Kópavogskaupstað með því, sem henni fylgir og fylgja ber, samkvæmt þeim réttindum, sem honum sem erfingja eru áskilin í erfðaskrá Magnúsar Einarssonar Hjaltesteds, dagsettri 4. janúar 1948 og 29. október 1940, að geymdum rétti þeirra, sem löglega kunna að eiga tilkall til afnota eða annarra réttinda á jörðinni eða hluta hennar ...".

Ekkja arfláta, áðurnefnd Margrét G. Hjaltested, sem situr jörðina, hefur áfrýjað þessari ákvörðun skiptaráðanda til Hæstaréttar. Beiddist þá Magnús S. Hjaltested útburðar á henni af jörðinni. Sérstakur setufógeti fer með útburðarmálið, og hefur hann kveðið upp í því úrskurði um framkvæmd útburðargerðar, sem nú mun vera undir áfrýjun.

Með bréfi, dagsettu 21. maí s.l., óskaði Margrét Hjaltested eftir framhaldsuppskrift á eignum dánarbúsins og fór m. a. fram á, að þá yrðu skrifaðar upp sem eignir búsins ýmsar byggingar og endurbætur á húsum jarðarinnar, sem gerðar hefðu verið, meðan hún og arfláti bjuggu þar. Í þessu bréfi er enn fremur minnzt á, að úttekt verði látin fara fram á jörðinni. Með bréfi, dags. 27. júní, var ítrekuð krafa um framhaldsuppskrift og úttekt á jörðinni. Uppskriftin fór fram 4. júlí s.l., og voru þá skráðir og virtir nokkrir lausafjármunir búsins, en hins vegar fór hvorki fram mat né virðing á fasteignum né endurbótum á þeim, enda hafði skiptaráðandi þá þegar afhent erfingjanum Magnúsi Hjaltested umráð jarðarinnar með bókun þeirri í skiptabók, sem áður getur. Ekkjan Margrét Hjaltested hélt fast fram þeirri kröfu fyrir sig og ófjárráða börn sín, að búinu yrði metið endurgjald fyrir nýbyggingar og endurbætur á mannvirkjum á jörðinni, sem hún og maður hennar gerðu. Enn fremur ítrekaði hún kröfu sína um úttekt á jörðinni.

Erfinginn Magnús Hjaltested mótmælti skyldu sinni til að greiða nokkuð fyrir fyrrgreind mannvirki, og af hálfu tveggja annarra erfingja búsins hefur komið fram yfirlýsing um, að þeir standi ekki að kröfugerð um endurgjald fyrir margnefnd mannvirki og endurbætur á byggingum.

Til að ræða þessi atriði voru haldnir nokkrir skiptafundir, og á skiptafundi hinn 9. júlí s.l. afgreiddi skiptaráðandi málið með bókun í skiptabók á þá lund, að þar sem Magnús Hjaltested hefði

mótmælt skyldu sinni til að greiða umræddar kröfur og nokkrir af erfingjunum lýstu yfir því, að þeir styddu ekki kröfugerð á hendur honum í þessa átt, þá gæti skiptaráðandi ekki fyrir hönd dánarbúsins lagt í þann kostnað, sem leiða kynni af slíkri kröfugerð, en hins vegar væri Margréti G. Hjaltested heimilt að hafa uppi slíkar kröfur á eigin kostnað fyrir sína hönd og barna sinna.

Með bréfi til skiptaráðanda, dags. 8. ágúst s.l., krafðist Margrét G. Hjaltested þess, að setuskiptaráðandi viki sæti í málinu, og er sú krafa ítrekuð í bréfi hennar, dags. 26. s. m. Ástæðurnar til þessarar kröfu kveður hún vera þær, að með því að afhenda erfingjanum Magnúsi S. Hjaltested umráð jarðarinnar Vatnsenda sem arfahluta úr dánarbúi föður hans, sbr. bókun þá frá 7. maí s.l., sem getur hér að framan, svo og með því að ráðstafa innheimtu leigutekna af lóðum í landi jarðarinnar til Magnúsar, eftir að honum voru fengin umráð jarðarinnar, hafi skiptaráðandi sýnt hlutdrægni, sem ekki samrýmist því, að hann fari áfram með skiptamálið.

Ákvörðun skiptaráðanda um að afhenda Magnúsi S. Hjaltested umráð jarðarinnar Vatnsenda er byggð á niðurstöðu úrskurðar skiptaréttarins frá 24. júlí 1967, sem hlotið hefur staðfestingu Hæstaréttar. Verður ekki á það fallizt, að með henni hafi skiptaráðandi hallað rétti annarra erfingja á neinn hátt, og verður krafa sóknaraðilja ekki tekin til greina á þeim forsendum.

Sóknaraðili hefur hreyft því, að skiptaráðandi hafi sýnt hlutdrægni með því að verða ekki við kröfu hans um að láta fara fram úttekt á jörðinni í sambandi við fyrirhuguð ábúandaskipti.

Sóknaraðili máls þessa hefur setið jörðina Vatnsenda frá andláti eiginmanns síns, og ganga vörzluskipti jarðarinnar beint frá henni til væntanlegs viðtakanda jarðarinnar, án þess að skiptaráðandi hafi f. h. dánarbúsins tekið í sínar hendur búsetu á jörðinni. Lítur skiptaráðandi svo á, að þegar af þeirri ástæðu sé honum óskylt að hafa frumkvæði að úttekt á jörðinni samkvæmt ábúðarlögum, en sóknaraðilja er hins vegar opin leið sem landseta jarðarinnar að beiðast úttektar án milligöngu skiptaráðanda.

Loks hefur sóknaraðili átalið afskipti skiptaráðanda af útburðarmáli Magnúsar S. Hjaltesteds á hendur henni, er útburð skyldi framkvæma hinn 7. maí s.l. Skiptaráðandi var viðstaddur þinghald í fógetadómi að Vatnsenda þennan dag til þess að gæta hagsmuna dánarbúsins, ef til útburðar kæmi. Til þess kom þó ekki, að þess þyrfti, þar sem útburðargerðinni var í það skipti frestað. Afskipti skiptaráðanda af því máli voru þau ein, að fyrir

beiðni umboðsmanns sóknaraðilja þessa máls leitaði hann samkomulags með málsaðiljum um frestun útburðargerðarinnar með þeim árangri, að báðir málsaðiljar féllust á miðlunartillögu, sem hann átti frumkvæði að, og frestur var veittur að svo stöddu á framkvæmd gerðarinnar.

Þegar framangreind atriði eru virt, verður ekki á það fallizt, að aðgerðir setuskiptaráðanda í skiptamáli þessu gefi nein efni til þess, að hann víki sæti í málinu. Krafa sóknaraðilja í þá átt verður því ekki tekin til greina.

Málskostnaðar er ekki krafizt í þessum þætti skiptamálsins.

Því úrskurðast:

Krafa sóknaraðilja, Margrétar G. Hjaltesteds, um, að setuskiptaráðandi víki sæti í skiptamáli þessu, er ekki tekin til greina.

Málskostnaðar hefur ekki verið krafizt.

Þriðjudaginn 29. apríl 1969.

Nr. 128/1967. **Upprekstrarfélag Saurbæjarhrepps, Eyjafjarðarsýslu, og sýslunefnd Eyjarfjarðarsýslu til réttargæzlu**
(Friðrik Magnússon hrl.)
gegn
Eigendum Ábæjar og Nýjabæjar með Tinnárseli, Akrahreppi, Skagafjarðarsýslu, þeim Bjarna Halldórssyni, Birni Runólfssyni, Frosta Gíslasyni, Jóhanni Lárusi Jóhannessyni, Ólafi Þórarinssyni, Pétri Sigurðssyni, Sigurði Friðrikssyni og Stefáni Hrólfssyni, og svo
Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu til réttargæzlu
(Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Landamerkjamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, Upprekstrarfélag Saurbæjarhrepps, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar

a) á hendur stefndu, eigendum Ábæjar og Nýjabæjar með Tinnárseli, með stefnu 11. september 1967 og
b) á hendur réttargæzlustefnda, sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, með stefnu 15. febrúar 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 31. janúar 1965.

Honum hefur verið veitt gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti hinn 24. október 1967.

Gerir áfrýjandi þær dómkröfur, að landamerki fyrir umráðasvæði hans að vestan gagnvart löndum stefndu á hálendinu vestan og sunnan Eyjafjarðardala verði viðurkennd og ákveðin þannig: Nyrzt ráði merkjum Fossá frá upptökum nyrðri hvíslar til ármóta hennar og Jökulsár eystri, síðan

ráði Jökulsá eystri merkjum suður að ármótum hennar og Strangalækjar, þaðan ráði bein lína suður í Miklafell í Hofsjökli.

Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu og réttargæzlustefnda í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem málið væri ekki gjafsóknarmál.

Réttargæzluáfrýjandi, sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu, hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 31. janúar 1968 og gjafvarnarleyfi 30. s. m., skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. febrúar 1968 og krafizt þess, að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda og réttargæzlustefnda fyrir Hæstarétti, svo sem málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndu, eigendur Ábæjar og Nýjabæjar með Tinnárseli, sem veitt hefur verið gjafvörn fyrir Hæstarétti hinn 31. janúar 1968, krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda og réttargæzluáfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað í Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Réttargæzlustefndi, sem veitt hefur verið gjafvörn fyrir Hæstarétti hinn 31. janúar 1968, krefst málskostnaðar úr hendi áfrýjanda og réttargæzluáfrýjanda fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Gögnum máls þessa er skilmerkilega lýst í héraðsdómi.

Í máli þessu er deilt um eignarrétt að landsvæði því, sem um er að tefla, en eigi um upprekstrarrétt.

Áfrýjandi, Upprekstrarfélag Saurbæjarhrepps, reisir kröfur sínar á því, að hann hafi tekið heimildir á landsvæði þessu frá fyrri eigendum jarðanna Möðruvalla og Hóla í Saurbæjarhreppi, sem frá fornu fari hafi talizt taka yfir landsvæðið.

Stefndu, eigendur Ábæjar og Nýjabæjar með Tinnárseli, reisa dómkröfur sínar á afsali fyrir hálfri jörðinni Nýjabæ frá 29. janúar 1464, þar sem landið sé talið vera hluti jarðarinnar.

Hvorki áfrýjandi né stefndu hafa fært fram gögn fyrir fullkominni eignatöku að fornu eða nýju á landsvæði því, sem um er að tefla í máli þessu. T. d. verður eigi séð, að

eigendur Ábæjar og Nýjabæjar með Tinnárseli eða eigendur Möðruvalla og Hóla hafi fyrrum innt af hendi smölun og fjallskil á landsvæðinu, svo sem eigendum jarða var boðið að gera á jörðum sínum, sbr. Jónsbók, landsleigubálk 49. Yfirlýsingar í afsölum fyrr og síðar, sem eigi styðjast við önnur gögn, nægja eigi til að dæma öðrum hvorum aðilja eignarrétt til öræfalandsvæðis þessa. Verða því kröfur hvorugs aðilja í málinu teknar til greina.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestast.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda og réttargæzluáfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns þeirra fyrir Hæstarétti, sem ákveðast kr. 80.000.00.

Gjafvarnarkostnaður stefndu og réttargæzlustefnda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns þeirra fyrir Hæstarétti, sem ákveðast kr. 80.000.00.

Dómsorð:

Kröfur aðilja, áfrýjanda, Upprekstrarfélags Saurbæjarhrepps, á hendur stefndu, eigendum Ábæjar og Nýjabæjar með Tinnárseli, og gagnkvæmt, eru eigi til greina teknar í máli þessu.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eiga að vera óröskuð.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostaður áfrýjanda og réttargæzluáfrýjanda, sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns þeirra fyrir Hæstarétti, Friðriks Magnússonar hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.00.

Gjafvarnarkostnaður stefndu og réttargæzlustefnda, sýslunefndar Skagafjarðarsýslu, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns þeirra fyrir Hæstarétti, Gísla Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.00.

Dómur landamerkjadóms Eyjafjarðarsýslu 19. júní 1967.

Mál þetta var dómtekið 25. maí 1967. Stjórn Upprekstrarfélags Saurbæjarhrepps, Eyjafjarðarsýslu, þeir Eiríkur Björnsson, Arnarfelli, Angantýr H. Hjálmarsson, Sólgarði, og Hjalti Finnsson, Ártúni, f. h. félagsins hafa höfðað mál þetta með kröfugerð, dags. 5. ágúst 1965, sem var lögð fram í dóminum 11. ágúst 1965.

Kröfugerð Upprekstrarfélags Saurbæjarhrepps er þannig, „að landamerki fyrir umráðasvæði félagsins, að vestan, gagnvart löndum Skagfirðinga á hálendinu vestan og sunnan Eyjafjarðardala verði viðurkennd og ákveðin þannig: Nyrzt ráði merkjum Fossá frá upptökum nyrðri kvíslar til ármóta hennar og Jökulsár eystri, síðan ráði Jökulsá eystri merkjum suður að ármótum hennar og Strangalækjar, þaðan ráði bein lína suður í Miklafell í Hofsjökli. Verði eigi samkomulag um þessi merki við eigendur Ábæjar og Nýjabæjar í Austurdal í Skagafjarðarsýslu, er þess krafizt, að þau verði sett með dómi á þann hátt, sem þeim er lýst hér.

Upprekstrarfélagið hefir tekið eignarheimildir að landsvæði þessu frá eigendum jarðanna Möðruvalla og Hóla í Saurbæjarhreppi, sem frá fornu fari telja til eignar á þessu landsvæði. Hefir félagið þegar hafið ræktunarframkvæmdir á hluta landsvæðisins."

Að endingu hefur sækjandi krafizt málskostnaðar úr hendi varnaraðilja, svo sem málið væri eigi gjafsóknarmál, en sækjandi fékk gjafsóknarleyfi í máli þessu með bréfi, útgefnu í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hinn 15. júlí 1966.

Eigendur Ábæjar og Nýjabæjar með Tinnárseli í Austurdal í Akrahreppi í Skagafjarðarsýslu, þeir Frosti Gíslason, bóndi á Frostastöðum, Björn Runólfsson, bóndi á Dýrfinnustöðum, Bjarni Halldórsson, bóndi á Uppsölum, Jóhann Lárus Jóhannesson, bóndi á Silfrastöðum, Ólafur Þórarinsson, bóndi í Flugumýrarhvammi, Pétur Sigurðsson, bóndi á Hjaltastöðum, Sigurður Friðriksson, bóndi á Stekkjarflötum, og Stefán Hrólfsson, bóndi að Keldulandi, hafa tekið til varnar í máli þessu. Eru kröfur þeirra svohljóðandi: „að landamerki fyrrgreindra jarða (þ. e. Ábæjar og Nýjabæjar með Tinnárseli) og þar með talin sýslumörk Skagafjarðarsýslu á þessu svæði séu að austan vatnaskil á hálendinu og að endamark við Hofsjökul sé fjallið Klakkur. Merkjalínan er sýnd á uppdrætti, dskj. nr. 31".

Enn fremur hafa varnaraðiljar krafizt málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja, svo sem málið væri eigi gjafvarnarmál, en varnar-

aðiljar fengu gjafvarnarleyfi með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, útgefnu 26. júlí 1966.

Skipunarbréf Magnúsar Thoroddsens til að fara með og dæma mál þetta er gefið út í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hinn 4. maí 1965. Í því segir m. a. svo:

„Að þar sem nauðsyn ber til að skipa sérstakan dómara til að fara með og dæma mál vegna ágreinings milli eigenda Ábæjar og Nýjabæjar í Austurdal í Skagafjarðarsýslu annars vegar og Upprekstrarfélags Saurbæjarhrepps í Eyjafjarðarsýslu hins vegar um landamerki og sýslumörk á öræfum inn af nefndum sýslum, þá eruð þér, herra fulltrúi, hér með skipaður til þess samkvæmt 2. mgr. 30. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði að fara með og dæma mál þetta". Engar kröfur hafa verið settar fram í málinu um ákvörðun sýslumarka. Þegar af þeirri ástæðu kemur það atriði eigi til álita hjá dóminum þrátt fyrir orðalag skipunarbréfsins.

Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýsla hafa látið sækja þing í máli þessu sem réttargæzluaðiljar vegna markanna á milli sýslnanna á afréttarlöndunum sunnan þeirra. Sýslurnar hafa engar beinar kröfur gert að öðru leyti en því, að Skagafjarðarsýsla, sem fengið hefur gjafvarnarleyfi með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 26. júlí 1966, hefur krafizt málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Reynt hefur verið að koma á sætt í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Með bréfum, dagsettum 21. september 1966, tilkynnti dómurinn formlega félagsmálaráðherra og landbúnaðarráðherra fyrir hönd íslenzka ríkisins málarekstur þennan og kröfugerð svo og formanni sýslunefndar Rangárvallasýslu og gaf þeim kost á að gerast réttargæzlu- og meðalgönguaðiljar í málinu. Þessir aðiljar hafa ekki séð ástæðu til að hafa afskipti af málinu.

Helztu málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Hinn 13. maí 1963 var Upprekstrarfélag Saurbæjarhrepps formlega stofnað. Stofnun félagsins var að fenginni álitsgerð hreppsnefndar Saurbæjarhrepps samþykkt af sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu, sbr. 33. og 49. tölulið sýlufundargerðar Eyjafjarðarsýslu 13.—17. maí 1963.

Samkvæmt lögum Upprekstrarfélagsins er tilgangur þess sá „að hlutast til um, að landsvæðið austan Jökulsár í Austurdal frá Fossá að norðan suður að Fjórðungskvísl verði grætt upp og notað til sumarbeitar fyrir sauðfé félagsmanna".

Upprekstrarfélag Saurbæjarhrepps hefur tekið heimildir sínar að landsvæði þessu frá eigendum jarðanna Möðruvalla og Hóla í Saurbæjarhreppi, sem sóknaraðili kveður telja til eignar á landsvæði þessu frá fornu fari. Í þessu máli er því deilt um mörk landsvæðis, er eigendur fyrrnefndra jarða telja, að tilheyri jörðunum á svæðinu austan Jökulsár eystri frá Fossá fram til Hofsjökuls.

Samningur sá, er stjórn Upprekstrarfélags Saurbæjarhrepps gerði við eiganda Möðruvalla, Jón bónda Tryggvason, er dagsettur 11. maí 1963 og hljóðar svo:

„*Samningur um Laugafellsöræfin.*

Hér með afsala ég — Jón Tryggvason, Möðruvöllum — Upprekstrarfélagi Saurbæjarhrepps til umráða landi öllu, sem tilheyrir Möðruvöllum sunnan botns Sölvadals.

Líði upprekstrarfélagið undir lok og hætti að nota landið, fellur það aftur til Möðruvalla í því ástandi, sem það þá er".

Samningur sá, er stjórn upprekstrarfélagsins gerði við eiganda Hóla, frú Geirlaugu Jónsdóttur, er dagsettur 19. júlí 1965. Í samningi þessum segir m. a. svo:

„Upprekstrarfélagið fái nú þegar til fullra umráða og afnota allt land, sem tilheyrir Hólum sunnan og vestan Eyjafjarðardals, svo lengi sem félagið starfar eða vill nýta það. Líði félagið undir lok eða hætti að nýta landið, skal það falla aftur til Hóla ásamt ræktarlöndum og girðingum, en án annarra mannvirkja".

Í landamerkjabréfi Möðruvalla, dags. 28. apríl 1886, segir m. a. svo: „Afréttarland á jörðin (þ. e. Möðruvellir) frá Sandá allan Sölvadal að austan og Sandárdal að vestanverðu og Hraunárdal allan báðumegin og þaðan suður á fjall að svonefndu Laugafelli". Landamerkjabréf þetta var þinglesið að Saurbæjarmanntalsþingi 24. maí 1888.

Í landamerkjalýsingu Hóla í Saurbæjarhreppi, dags. 23. maí 1889 og þinglesinni að Saurbæjarmanntalsþingi 24. maí 1889, segir m. a. svo:

„Hólar eiga afrétt í Eyjafjarðardal að austanverðu árinnar fram frá Klaufá, við hana er byggður trippagarður, og að vestanverðu árinnar fram frá trippagarði þeim, sem byggður er rétt á móti garðinum að austanveru árinnar og fram til jökla að austan og vestan til sýslumóta".

Í landamerkjalýsingu Hóla, dags. 15. júní 1923 og þinglesinni 19. s. m., segir m. a. svo: „Afréttarland er sem hér segir: Á Eyjafjarðardal austanverðum er þverá, er Klaufá heitir. Við hana

er hlaðinn fyrirstöðugarður. Gengt þessum garði er annar garður vestan megin árinnar. Eiga Hólar afrétt frá Klaufá og garðinum vestan megin, og fram það, sem dalurinn nær, á efstu fjallsbrún að austan og að sýslumótum að vestan".

Vorið 1964 hóf Upprekstrarfélag Saurbæjarhrepps gróðurtilraunir á svæði því, sem um er deilt í máli þessu. Áður en gróðurtilraunir þessar hófust, hafði stjórn Upprekstrarfélags Saurbæjarhrepps tilkynnt hreppsnefnd Akrahrepps þessa fyrirætlan félagsins með bréfi, dags. 9. janúar 1964. Jafnframt mæltist stjórn upprekstrarfélagsins til, að bændur í Akrahreppi rækju ekki fé fram fyrir Fossá á næstu árum. Hins vegar mundi félagið ekki amast við skagfirzku fé, sem hagvant væri orðið á þessum slóðum og rynni sjálft fram fyrir Fossá. En kæmi í ljós, að fé þetta spillti gróðurtilraununum, svo að þær næðu ekki tilætluðum árangri, gæti svo farið, að félagið neyddist til að hefta ferðir þess suður á öræfin með girðingum eða öðrum ráðstöfunum.

Hreppsnefnd Akrahrepps og eigendur Nýjabæjarafréttar tjáðu upprekstrarfélaginu með bréfi, dags. 10. apríl 1964, að þeir mótmæltu tilkalli upprekstrarfélagsins til lands allt norður til Fossár í Austurdal, þar sem það helgaði sér með þessu móti mikinn hluta af Nýjabæjarafrétt. Jafnframt gerði hreppsnefnd Akrahrepps og eigendur Nýjabæjarafréttar tilkall til eignar á Austurdal austan Jökulsár eystri og svæðisins framan dalbotna hans, eins langt og vötn draga. Kveðast þeir líta svo á, að allt vatnasvæði Jökulsár eystri liggi innan marka Skagafjarðarsýslu. Sýslumörkin liggi eftir því sem þeim sé bezt kunnugt svo til alls staðar á vatnaskilum eða sem næst þeim.

Með bréfi, dags. 18. júní 1964, mótmælir upprekstrarfélagið kröfu hreppsnefndar Akrahrepps og eigenda Nýjabæjarafréttar til eignar á Austurdal austan Jökulsár eystri og svæðisins framan dalbotna hans, eins langt og vötn draga, og staðhæfingu þeirra um það, að allt vatnasvæði Jökulsár eystri liggi innan sýslumarka Skagafjarðarsýslu. Staðhæfingu þeirra um það, að sýslumörkin liggi svo til alls staðar á vatnaskilum, eða því sem næst, lýsti upprekstrarfélagið haldlausa, því að ef svo væri, væru sýslumörk milli Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslu á þessu svæði mjög óeðlileg og óraunhæf. Eftir þeirri skoðun mundi Eyjafjarðarsýsla ekkert ná suður fyrir dalbotna Eyjafjarðar.

Hinn 16. ágúst 1964 áttu forsvarsmenn málsaðilja með sér fund að Silfrastöðum í Skagafirði. Var þar reynt að ná samkomulagi um afnot þrætulandsins, en það tókst eigi. Hins vegar varð

það niðurstaða þessa fundar, að forsvarsmenn aðilja rituðu sameiginlega undir bréf, dags. 16. ágúst 1964, sem sent var sýslumönnum Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslu. Efni bréfs þessa er svohljóðandi:

„Vegna ágreinings, sem komið hefir fram milli Upprekstrarfélags Saurbæjarhrepps annars vegar og eigenda Ábæjar og Nýjabæjar í Austurdal hins vegar um landamerki og sýslumörk á öræfunum inn af Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslu, förum við undirritaðir þess á leit við sýslumenn þessara sýslna, að þeir hlutist til um, að gerð verði upp sýslumörk á þessum slóðum og jafnframt tilgreind sem nákvæmlegast takmörk á afréttarlöndum Saurbæjarhrepps og Akrahrepps".

Hinn 11. marz 1965 rituðu sýslumenn nefndra sýslna dómsmálaráðuneytinu bréf, þar sem þeir telja augljóst, að þeir séu vanhæfir til að stýra dómi (landamerkjadómi), er fjalli um ágreiningsefni þetta. Mælast þeir jafnframt til þess, að skipaður verði sérstakur dómari (dómsformaður) samkvæmt 30. gr., 2. mgr., einkamálalaganna til þess að fara með og dæma mál þetta. Var það gert með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 4. maí 1965, svo sem fyrr er frá greint.

Dómurinn gerði áreið á þrætulandið dagana 16. og 17. ágúst 1966 ásamt lögmönnum málsaðilja og fyrirsvarsmönnum þeirra, þeim Eiríki Björnssyni og Hjalta Finnssyni vegna Upprekstrarfélags Saurbæjarhrepps og Jóhanni L. Jóhannessyni vegna eigenda Ábæjar og Nýjabæjar með Tinnárseli í Austurdal. Fleira fólk var einnig með í förinni, en ekki þykir ástæða til að geta þess sérstaklega.

Ekið var upp úr Þormóðsstaðadal í Eyjafirði, upp svonefnt Hólafjall og þaðan suður eftir hálendinu. Var farið austan Geldingsárdraga, suður yfir Bergvatnskvísl, allt þar til sá til Fjórðungsvatns. Þaðan var haldið aftur til norðurs og síðan í vesturátt og gist í sæluhúsi Ferðafélags Akureyrar, sem stendur norðan Laugafells í námunda við volgrur, er þar koma upp úr jörðinni. Fell þetta er norð-austur af Hofsjökli. Vestan við Laugafell stendur Laugafellshnjúkur. Milli hans og Laugafells fellur Hnjúkskvísl, sem hefur afrennsli í Jökulsá eystri að austan. Seinni dag áreiðarinnar var ekið suður á milli Laugafells og Laugafellshnjúks allt að Strangalækjardrögum, en þaðan sá til kennileita í Hofsjökli svo og Illviðrahnjúka, sem er hár og allmikill fellaklasi fyrir norðan austurhorn jökulsins. Eystri-Jökulsá á upptök sín í norðaustanverðum Hofsjökli, aðallega báðum megin nefndra

Illviðrahnjúka, en sameinast norðan þeirra og rennur síðan alllangan veg um flatt land, og er þá höfuðstefna hennar allmjög austlæg. Verða þar tveir miklir sveigar á henni til austurs, og heita þeir Vestur- og Austurbugur. Eftir að kemur fyrir Austurbug, er stefna árinnar lengst af norðvestlæg. Stefnir Austurdalur í Skagafirði því ekki beint á Hofsjökul.

Frá Strangalækjardrögum var áreiðinni haldið áfram til norðurs milli Laugafells og Laugafellshnjúks, yfir Lambalæk, austur fyrir Eystri-Polla, sem er stórþýfður gróðurfláki fyrir austan Eystri-Jökulsá, nokkru fyrir norðan Austurbug. Þaðan var haldið áfram yfir Geldingsárdrög að leitarmannakofanum Grána, er stendur í hvammi norðan Geldingsár, skammt frá þeim stað, er hún fellur í Eystri-Jökulsá. Á þessari leið falla eftirtaldar ár í Eystri-Jökulsá að austan, taldar upp í réttri röð frá suðri til norðurs: Strangilækur, Hnjúkskvísl, Lambalækur, Pollalækur (úr Eystri-Pollum) og Geldingsá. Við leitarmannakofann hefur verið rétt, Geldingsárrétt, en hún eyðilagðist í hlaupi, sem varð í ánni fyrir nokkrum árum. Frá leitarmannakofanum Grána var áreiðinni haldið áfram á hestum niður að Merkigili, sem er fremsti bær í byggð í Austurdal, austan ár. Ekki héldu aðrir Eyfirðingar áfram áreiðinni frá Grána en lögmaður þeirra, Friðrik Magnússon hæstaréttarlögmaður. Hins vegar bættust þarna í hópinn tveir Skagfirðingar, þeir málsaðiljarnir Frosti Gíslason og Stefán Hrólfsson. Frá leitarmannakofanum Grána var riðið yfir fjallið Hörtnármúla og komið niður innst í Hörtnárdal (eða Hölknárdal) og riðið út allan dalinn, en eftir honum fellur samnefnd á, Hörtná (eða Hölkná), sem hefur afrennsli í Eystri-Jökulsá að austan. Sunnan ármóta Hörtnár og Jökulsár heitir Langahlíð, og er það fremsti hluti austurhlíðar Austurdals. Fyrir sunnan Löngunhlíð, sem talin er ófær hestum, er víðáttumikill hvammur, sem Stórihvammur heitir. Er komið var fram úr Hörtnárdal, var riðið norður Jökuldal, austan megin árinnar undir svonefndum Fossármúla, en hann liggur milli Hörtnár og Fossár. Fossá er næsta á fyrir norðan Hörtná og fellur eftir samnefndum dal út í Jökulsá. Fossá er langmesta þveráin í Austurdal og er ill yfirferðar sakir þess, hve hún fellur bratt og er straumþung. Var því farið fyrir hana með því að ríða aðeins út í Jökulsá sjálfa eftir eins konar vaði, er myndast þar af framburði Fossár. Á syðri bakka Fossár er steinrétt, gerð af Skagfirðingum upp úr 1920. Þar ganga Eyfirðingar og Skagfirðingar sundur fé sitt.

Fossárdalur er ekki langur, heldur greinist hann brátt í tvö

megindaladrög, syðri Fossárdalsdrög og hin nyrðri, sem sækjendur miða kröfur sínar við. Milli draga þessara heitir Fossárdalstunga, og á hálendinu þar fyrir austan eru Urðarvötn. Austan þeirra liggur Vatnahjallavegur, sem kemur upp úr Hafrárdal, en dalur þessi skerst vestur í Eyjafjarðardal, innarlega.

Næsta þverá fyrir norðan Fossá heitir Hvítá. Hlíðin á milli Hvítár og Fossár er af Austurdælingum kölluð Afrétt, og virðist það vera sérheiti hennar. Fjallið austur af hlíð þessari heitir Afréttarfjall. Hvítá kemur úr tveimur dölum, sem sameinast, nokkru áður en hún fellur í Jökulsá. Heita dalir þessir Ytri- og Fremri-Hvítárdalur, en á milli þeirra heitir Hvítármúli. Upp þennan múla lá leiðin upp á Nýjabæjarfjall og austur yfir einhvern hæsta fjallveg á Íslandi til Eyjafjarðardala. Komið var niður í Torfufellsdal, sem skerst inn í Eyjafjarðardal að vestan, næst fyrir norðan Hafrárdal.

Næst fyrir norðan Hvítá í Austurdal tekur við undirlendi, er kallast Sandar, og austur af því heitir Sandafell. Þar fyrir norðan eru Hildarselsgrundir, kenndar við eyðibýlið Hildarsel, og enn norðar Geldingalækur, er kemur úr samnefndu skarði. Næsta á fyrir norðan heitir Tinná. Fellur hún um dal, er Nýjabæjardalur heitir að sunnan, en Tinnárdalur að norðan. Stuttu fyrir sunnan Tinná stóð býlið Nýibær. Hann fór í eyði árið 1880. Norðan Tinnár stóð býlið Tinnársel. Það fór í eyði árið 1849, er jörðin var lögð undir Ábæ. Eftir að Tinnársel lagðist í eyði, var þar selstaða frá Ábæ og beitarhús, og mun svo hafa verið þar til 1929, er Hrólfur Þorsteinsson, fyrrum ábúandi að Ábæ, fluttist þaðan.

Næsta á fyrir norðan Tinná er Ábæjará. Fellur hún eftir dal, er Árbæjardalur heitir að sunnan, en Miðhúsadalur að norðan. Þar stóð býlið Ábær, sem fór í eyði 1941, er Gunnar Gíslason, síðasti ábúandinn, fluttist þaðan.

Fyrir norðan Ábæ var býlið Miðhús. Það er nú komið í eyði. Norður af því stendur Merkigil, sem er fremsta byggða býlið í Austurdal, austan ár, svo sem fyrr er getið. Auk áreiðar þeirrar, sem nú hefur verið fjallað um, tók dómurinn á leigu flugvél til að fljúga yfir landsvæðið. Flugferð þessi átti sér stað í frábæru skyggni hinn 6. október 1966. Lögmenn aðilja voru með í þeirri för.

Landsvæði það, sem hér er um deilt, er að mestu gróðurlaus auðn, orpin misháum grjótöldum, melum og söndum. Þetta er hálendi, sem rís hæst að norðan við fjallsbrúnir Eyjafjarðardala, en lækkar til suðurs að Háöldum, sem mynda vatnaskil milli

Norður- og Suðurlands, svo og til vesturs að Jökulsá eystri. Helzt getur að líta gróður á þessu svæði við ár og læki eða annars staðar, þar sem vatns nýtur við að staðaldri. Enn fremur hefur gróður fest rætur í tilraunareitum Upprekstrarfélags Saurbæjarhrepps, sem skoðaðir voru í áreiðinni.

Verður nú næst vikið að landamerkjalýsingum á nokkrum jörðum í Austurdal í Skagafjarðarsýslu svo og öðrum gögnum varðandi jarðir þar.

Samkvæmt landamerkjaskrá Ábæjar, dags. 24. maí 1888 og þinglesinni á manntalsþingi að Stóru-Ökrum 31. s. m., eru landamerki jarðarinnar þessi: „að norðanverðu Ábæjará til fremstu upptaka, að austanverðu háhraunin frá Ábæjarárupptökum til upptaka Tinnár, að sunnan ræður Tinná til Jökulsár, og að vestanverðu Jökulsáin".

Enn fremur segir svo í landamerkjaskrá þessari: „Hálf Nýjabæjarafrétt liggur undir Ábæ". Í landamerkjaskrá þessari eru engin ákvæði um takmörk Nýjabæjarafréttar.

Í ljósriti úr Fasteignabók Skagafjarðarsýslu frá 1916 segir m. a. svo um jörðina Ábæ: „Jörðin á Nýjabæjarafrétt að hálfu og hefir þar upprekstur". Eigi eru takmörk Nýjabæjarafréttar heldur greind hér.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, IX. bindi, bls. 160—164, útg. 1930, segir frá því, að jarðirnar Merkigil, Miðhús, Ábær og Nýibær séu í eigu biskupsstólsins á Hólum. Nýibær eigi afrétt, „sem kallast Nýjabæjarafrétt. Þangað hafa rekið áður taldir 4 bæir fyrir toll ut supra, og tók ábúandinn tollinn".

Enn fremur segir svo um Nýjabæ í nefndri Jarðabók: „Hvannarótatekja nóg, en svo í fjarska, að ábúandi getur ekki notið". Eigi er getið takmarka Nýjabæjarafréttar í þeim gögnum, er lögð hafa verið fram úr Jarðabókinni. Landamerkjaskrá fyrir jörðina Nýjabæ hefur engin fundizt þrátt fyrir mikla leit. Elzta skjal, sem lagt hefur verið fram í málinu varðandi jörð þessa, er afsal, dags. 29. janúar 1464, sbr. íslenzkt Fornbréfasafn V, bls. 409—410. Frumrit afsals þessa er á skinni, og er innsigli fyrir. Með því afsalar Þorleifur bóndi Árnason í hendur Sveini Guðmundssyni „til fullrar eignar halfua jordina nyiabæ er liggur j abæiar kirkiusokn j eystrum dölum med aullum þeim gaugnum ok gædum sem greindri jordu fylger og fylgt hefer ath fornu ok nyiu. med suodan jardar eign. ath tinnaa. ok suo langt aa fioll fram sem votn dragha, ok egh uard fremst eigandi ath."

Í afsali þessu er ekki minnzt sérstaklega á Nýjabæjarafrétt.

Áður er vitnað í Jarðabók þeirra Árna Magnússonar og Páls Vídalíns varðandi Nýjabæ.

Í Jarða- og búendatali í Skagafjarðarsýslu 1781—1953, sem tekið er saman af Stefáni Jónssyni, segir svo í III. bindi, bls. 39—41, í þættinum um Nýjabæ í Austurdal:

„Nýjabæ fylgdi að fornu öll Nýjabæjarafrétt, allmikið víðlendi milli sýslumarka Eyjafjarðarsýslu að austan og Jökulsár eystri að vestan, allt til Hofsjökuls, en á síðari tímum var talið, að Ábær ætti hálfa afréttina. Eftir að Nýibær fór í eyði, lagðist allt heimaland jarðarinnar við afréttarlandið. Talið er, að nú fylgi Ábæ öll Nýjabæjarafrétt".

Í ljósriti úr fasteignamatsbók Skagafjarðarsýslu 1849—1850 segir m. a. svo í þætti nr. 245 um Nýjabæ:

„Þessari jörð tilheyrir og hálf Nýjabæjarafrétt, sem engann ágóða gefur, nema hvað eignarmaður eða ábúandi notar hana til upprekstrar fyrir heimilið og til kolagjörðar." Takmarka afréttarinnar er hvergi getið.

Í ljósriti af „Lýsing yfir Goðdala og Ábæjar prestakall í Skagafjarðarsýslu samin að ósk hins íslenzka Bókmenntafélags", sbr. dskj. nr. 119, 32. tl., segir svo:

„Fram af austurdalnum liggur Níabæar afrétt, brúkuð af austurdælingum, enn aðal afrétt Dalamanna liggur undir jörðina Hof, og reka þangað bæði Dalamenn og einstakir fleiri neðan úr Skagafjarðarhéraði ...".

Á réttarskjali nr. 120 eru ljósrit úr handriti, dags. 20. desember 1875, gerðu af Friðriki Stefánssyni, fyrrverandi alþingismanni Skagfirðinga. Handrit þetta, sem ber yfirskriftina: „Þessi eru takmörk Skagafjarðarsýslu", er varðveitt í Landsbókasafni (Lbs. 1625, 4to).

Í handriti þessu segir m. a., þegar verið er að lýsa sýslumörkum Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslu frá norðri til suðurs, að þau liggi „eptir sömu stefnu eptir fjallgarðinum fyrir austan Bakka, Merki, Miðhúsa, Ábæjar, Tinnár og Hvítárdal — að Hvítá, sem kemur af síðastnefndum dal, nær Nýjabæjarland, og fyrir framan hann tekur Nýjabæjarafrétt við — og þaðan eru sýslumerkin í suður eptir öræfonum fyrir austan Fossár og Hörtnárdali og Geldingadrög, og eptir sömu stefnu suður fyrir austan Laugafell, sem áður er nefndt, þaðan í vestur um Illviðrahnjúka á Hofsjökul — fjórðungamót —...".

Í handriti þessu segir enn fremur frá því, að Önundur vís hafi numið land upp frá Merkigili og búið á Ábæ, sem þá hafi fengið

það nafn. Landnámi þessu hafi fylgt „Nýjabæjarafrétt, sem nær upp með Jökulsá að austan upp undir Illviðrahnjúka, sem eru austur af Hofsjökli, og suður um Laugarfell — þar er heit laug upp úr klöpp — og austur á öræfi milli Skaga og Eyjafjarðar ...".

Lögmaður sóknaraðilja hefur mótmælt sérstaklega skjali þessu sem þýðingarlausu fyrir mál þetta. Handrit þetta hafi aldrei verið birt og því hafi þeim mönnum, er hagsmuna hafa að gæta, aldrei gefizt kostur á að andmæla fullyrðingum þeim, er þar greini. Efni þessa skjals geti því ekkert sönnunargildi haft í málinu né bundið sóknaraðilja á nokkurn hátt fremur en aðrar staðhæfingar, er menn riti í einrúmi án þess að birta þær öðrum mönnum.

Verður nú stuttlega rakið eftir gögnum málsins, hvernig varnaraðiljar eru komnir að eignarheimildum sínum á Ábæ og Nýjabæ í Austurdal. Árið 1905 er Nýibær í eigu Steingríms bónda Jónssonar á Silfrastöðum í Skagafirði. Hinn 22. marz það ár afsalar hann „öllu heimalandi jarðarinnar, hálfri Nýjabæjarafrétt svo og þrætulandinu Selsvöllum vestan Jökulsár gegnt Nýjabæ" í hendur Davíð bónda Jónassyni á Kroppi í Eyjafirði. Um þetta leyti ráku nokkrir Eyfirðingar fé í Lönguhlíð samkvæmt fullyrðingum sóknaraðilja. Verður nánar skýrt frá þeim rekstri, þegar rakið verður efni vitnaskýrslna hér á eftir. Einhvern tíma laust fyrir 1920 keypti Magnús H. Gíslason, hreppstjóri á Frostastöðum í Skagafirði, jörðina Nýjabæ. Það afsal hefur eigi verið lagt fram í málinu, en það er ágreiningslaust, að þau kaup hafi átt sér stað. Árið 1922 er nefndur Magnús eigandi bæði Ábæjar og Nýjabæjar og Nýjabæjarafréttar, sbr. byggingarbréf það, er hann veitti Hrólfi Þorsteinssyni fyrir jörðum þessum hinn 25. nóvember það ár.

Næsti eigandi þessara jarða var Gunnar Gíslason, sem bjó á Ábæ frá 1929—1941 og var síðasti ábúandi þar. Hann hefur skýrt svo frá fyrir réttinum, að hann hafi keypt þessar jarðir af Magnúsi Gíslasyni einhvern tíma á fyrrnefndum ábúðartíma sínum, og hefur það ekki verið vefengt.

Hinn 18. ágúst 1952 keypti hreppsnefnd Akrahrepps nefndar jarðir af Gunnari Gíslasyni „með öllum réttindum og skyldum, eins og hann hefir átt."

Varnaraðiljar hafa síðan keypt jarðirnar af Akrahreppi eða öðrum aðiljum, er hreppurinn var áður búinn að veita afsal fyrir hluta úr jörðunum, sbr. dskj. nr. 38—41, sem ekki þykir ástæða til að rekja nánar, þar sem eignarheimildir varnaraðilja eru ekki vefengdar. Hins vegar er ágreiningur um takmörk Nýjabæjar-

afréttar, en þeirra er hvergi getið í afsölum þessum. Verður nánari grein gerð fyrir áliti manna á því, hvar takmörk Nýjabæjarafréttar séu, þegar rakið verður efni vitnaskýrslna hér á eftir. En samhengisins vegna þykir rétt að geta þess þegar, að sumir telja Nýjabæjarafrétt ná frá Hvítá að norðan til Fossár að sunnan og vitna þar til nafnsins Afréttar á hlíðinni milli Hvítár og Fossár og Afréttarfjalls. Aðrir hafa talið, að hún nái allt suður að Geldingsárdrögum, eða jafnvel enn lengra suður á bóginn. Þeir, sem álíta, að Nýjabæjarafrétt nái suður að Fossá eða Geldingsá, kalla landsvæðið þar fyrir sunnan einu nafni „Fjöllin" eða „Laugafellsöræfi".

Lögmaður varnaraðilja hefur lagt fram Uppdrátt Íslands í mælikvarðanum 1 : 100.000. Við tilbúning korts þessa hafa verið notaðar loftljósmyndir teknar 1937 og 1938 með aðstoð flugmanna danska hersins og flotans. Á uppdrætti þessum, sem lögmaðurinn hefur látið marka landamerkjakröfur sínar inn á með brotinni línu, stendur orðið „Nýjabæjarafrétt" (Atlasblað nr. 64) við Geldingsárdrög (mið-dragið) í u. þ. b. 6½ (sex og hálfs) km fjarlægð suður af botni Eyjafjarðardals. Hvorki orðin „Fjöllin" né „Laugafellsöræfi" eru skráð á uppdrátt þennan.

Lögmaður sóknaraðilja hefur lagt fram sams konar uppdrátt og nú var lýst. Hefur hann markað landamerkjakröfur sínar inn á uppdráttinn með brotinni línu, en strikað yfir orðið „Nýjabæjarafrétt" á honum. Vill hann með því benda á, að hann viðurkennir ekki, að orðið sé rétt staðsett á uppdrættinum. Á uppdrætti þeim, sem nú hefur verið lýst, nær markalínan milli Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslu suður á Nýjabæjarfjall, mitt á milli þess, er Tinnárdalur eða Nýjabæjardalur skerst inn í það að vestan, en Torfufellsdalur að austan.

Vegna þess ágreinings og þeirrar óvissu, er ríkir um staðsetningu og takmörk örnefnisins „Nýjabæjarafréttar" á fyrrgreindum uppdrætti (mælikvarði 1 : 100.000, Atlasblað nr. 64), þótti dóminum nauðsynlegt að afla upplýsinga um það hjá Ágústi Böðvarssyni, forstöðumanni Landmælinga Íslands, eftir hvaða reglum stofnunin fari við staðsetningu örnefna á þeim uppdráttum, er gerðir eru á hennar vegum, og hvort hann gæti upplýst það sérstaklega, eftir hverju hafi verið farið, er örnefnið „Nýjabæjarafrétt" var staðfært á nefndan uppdrátt. Í vottorði Ágústs Böðvarssonar, dags. 17. janúar 1967, segir m. a. á þessa leið: „Blað 64 í mkv. 1 : 100 000 var upphaflega mælt 1931, en þá í mkv. 1 : 200 000. Við mælingu þessa unnu serigent E. Jensen og með

honum Steinþór heitinn Sigurðsson magister. Við örnefnasöfnun aðstoðaði Vernharður heitinn Þorsteinsson menntaskólakennari á Akureyri. Á viðlagðri kopíu af uppdrætti þessum má sjá, að nafnið Nýjabæjarafrétt er sett á uppdráttinn sem nr. 156 (undirstrikað með rauðu á uppdrættinum). Frekari heimildir fyrir nafninu hafa Landmælingarnar ekki í höndum. Heimild fyrir yfirgripi nafnsins og staðsetningu að öðru leyti liggja því ekki fyrir.

Árin 1937—8 voru teknar myndir úr lofti af þessu svæði í því augnamiði að endurteikna kortið eftir myndunum og stækka mælikvarðann upp í 1 : 100 000.

Þessi nýteiknun kortsins fór fram á stríðsárunum, en þá var sambandslaust við Danmörku, og var hið nýja kort fyrst gefið út árið 1944, en prentað aftur 1954 og þá óleiðrétt, að ég bezt veit.

Eins og sjá má á meðfylgjandi kortum, er nafnið Nýjabæjarafrétt staðsett á 100 000 hluta kortið eftir frumuppdrættinum í mkv. 1 : 200 000. (Innskot dómsins: Rauður punktur á milli stafanna „B" og „Æ" í orðinu „Nýjabæjarafrétt" á blaði nr. 64, mkv. 1 : 100.000).

Viðvíkjandi reglum Landmælinga Íslands um söfnun örnefna á uppdrætti skal þetta upplýst:

Landmælingar Íslands urðu fyrst til sem sjálfstæð stofnun 1956, og hafa mælingamenn stofnunarinnar frá þeim tíma haft ströng fyrirmæli um að skrásetja heimildarmenn og safna minnst tveimur heimildum um hvert örnefni. Þó skal tekið fram, að staðfesting eins manns á örnefni, sem komið er á uppdrátt, hefur að öllu jöfnu verið talin nægjanleg.

Fyrir 1956 var vegamálastjórinn umboðsmaður ríkisstjórnarinnar við landmælingar og hafði meðal annars endurskoðun örnefna á hendi. Að því starfi vann Jón J. Víðis fyrir stríð, en undirritaður eftir stríð. Hvorugur okkar minnist þess að hafa fjallað um nöfn á bl. 64".

Hér lýkur tilvitnun í bréf Ágústs Böðvarssonar, forstöðumanns Landmælinga Íslands.

Vegna þeirra upplýsinga, er fram komu í nefndu bréfi Ágústs Böðvarssonar, þótti dómendum einnig rétt að leita sér vitneskju um þessi efni hjá Geodætisk Institut í Kaupmannahöfn og rituðu stofnuninni bréf í þessu skyni hinn 23. febrúar 1967. Svarbréf stofnunarinnar er dags. 6. marz 1967, og er meginmál þess svohljóðandi í löggiltri þýðingu Ólafs Björnssonar:

„Örnefnið Nýjabæjarafrétt er, að því er E. E. Jensen korta-

gerðarmaður upplýsir, en hann mældi svæði það, sem hér er um að ræða, sumarið 1931, tekið inn á uppdráttarblað 64 samkvæmt bendingu frá Steinþóri heitnum Sigurðssyni mag. scient. Heitið er á frumuppdrætti aðeins merkt með punkti og tölustafnum 156. Þetta er því miður andstætt hinum almennu, tíðkanlegu reglum, en samkvæmt þeim skal örnefni, sem á við stórt landsvæði, venjulega tilgreint ásamt afmörkun, þannig að staðsetning heitisins verði rétt. Í tilviki því, sem hér er um að ræða, getum vér aðeins vísað til þess, að við örnefnaskrá þá, er fylgdi frumuppmælingunni, er hjá nr. 156 ritað samkvæmt upplýsingum frá ofangreindum S. Sigurðssyni mag. scient.:

Nýjabæjarafrétt, afréttin austan við Eystri-Jökulsá.

Stofnuninni þykir leitt, að þetta skuli hafa komið fyrir, en hún getur aðeins bætt því við, að í skjalasafni hennar fyrirfinnast ekki gögn til frekari skýringar í málinu".

Svo mörg voru þau orð. Verður nú getið frekari gagna varðandi mörk sýslnanna.

Sumarið 1896 fór dr. Þorvaldur Thoroddsen könnunarferð um hálendið vestan og sunnan Eyjafjarðardala, sbr. Ferðabók hans, IV. bindi, 2. útgáfa, 1958—1960, bls. 52—59. Hann gerði hæðarmælingar á þessu landsvæði, og er skrá yfir þær prentuð í bindinu á bls. 176. Lögmaður sóknaraðilja hefur lagt fram staðfest endurrit af mælingaskýrslu þessari. Samkvæmt henni telur dr. Þorvaldur Thoroddsen m. a. eftirtalda staði vera í Eyjafjarðarsýslu: Ullarvötn (Urðarvötn), Geldingsá, Laugalæk (Laugakvísl), Eystri-Polla, Laugaöldu (Laugafell), Laugahnjúk (Laugafellshnjúk), Jökulsá eystri, vað (Eyfirðingavað).

Á uppdrætti Íslands frá árinu 1900, mælikvarði 1 : 600.000, sem gerður er að fyrirsögn dr. Þorvalds Thoroddsens, eru sýslumörkin merkt í Ytri-Hvítárdal. Á herforingjaráðskorti, útgefnu 1945, mælikvarði 1 : 500.000, eru sýslumörkin sýnd liggja vestan Urðarvatna (eða Ullarvatna) og enda í tungunni milli norður- og suðurkvíslar Fossár með stefnu örlítið vestan við upptök syðri kvíslar árinnar, eins og hún er dregin á uppdrætti þessum.

Lögmaður sóknaraðilja hefur lagt fram 6 staðfest endurrit úr bréfabók Saurbæjarhrepps, dags. 20. febrúar 1899, 1. september 1901, 12. febrúar 1908, 12. júní 1912, 19. janúar 1917 og 16. marz 1917. Af endurritum þessum má sjá, að hreppsnefndin hefur látið fjárleitir til sín taka á öræfunum sunnan og vestan Eyjafjarðardala og veitt til þeirra nokkurn styrk. Enn fremur liggur fyrir vottorð sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um það, sbr. og

dskj. nr. 141, að veitt hafi verið fé til örræfaleita á þessu svæði úr sýslusjóði frá því árið 1913. Hafa styrkir þessir verið veittir árlega síðan og numið kr. 1.000.00 á ári frá 1959. Auk þess vottar sýslumaður, að veittar hafi verið til leitarmannakofans Grána 1950 og 1951 kr. 500.00 hvort ár.

Hér að framan í dóminum er vitnað í landamerkjabréf Möðruvalla, dags. 28. apríl 1886, og landamerkjabréf Hóla, dags. 23. maí 1889. Verður nú getið fleiri gagna, sem lögð hafa verið fram í málinu varðandi þessar jarðir.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, X. bindi, bls. 274—278, útg. 1943, segir m. a. svo um Möðruvelli:

„Afréttarland á staðurinn fram úr Sölvadal, sem heitir Sölvadalstúngur, og brúkast af öllum ábúendum Möðruvalla eigna til uppreksturs fyrir lömb og geldfé, og so eru þángað stundum látnir hestar á sumur".

Í sömu bók, bls. 259—261, segir m. a. svo um Hóla:

„Afrétt á staðurinn fram frá Tjarnarlandi og botninn á Eyjafjarðardal".

Í fasteignamatsbók Eyjafjarðarsýslu 1849—1850 segir m. a. svo um Hóla: „Afrétt fyrir heimilið og fáa aðra á svokölluðum Eyjafjarðardal beggjamegin og engin önnur hlunnindi" .

Í sömu fasteignamatsbók segir m. a. svo um Möðruvelli:

„Jörðin á afrétt er með einu nafni kallast Sölvadalstúngur, er rúmlítil, er grýtt, graslítil og skriðuhætt".

Í Fasteignamatsbók Eyjafjarðarsýslu 1916 segir m. a. svo um Hóla: „*Búfjárhagar*. Þröngir og fremur lélegir. Nokkuð snjóasamt. Samgirðing fyrir ofan tún og engi. Jörðin má heita vel fallin til jarðabóta. Torfrista slæm. Mótak nokkurt. Jörðinni fylgir afréttur Hóladalur".

Í sömu fasteignamatsbók segir m. a. svo um Möðruvelli: „*Búfjárhagar*. Vetrarbeit lítil. Kúahagar slæmir. Sæmilegir sumarhagar fyrir hross. Beitilandið er lítið, fremur snjóþungt. Kjarngott fyrir sauðfé og nærliggjandi. Girðing fyrir ofan tún og engjar, og túnið girt sérstaklega. Girðing í sæmilegu ástandi. Jörðinni fylgja afréttarlönd, Sölvadalur, Hraunárdalur og Hraunártúngur, þó jörðin hafi ekki tekjur af þeim".

Samkvæmt skrá, er prentuð var aftan við sýslufundargerð Eyjafjarðarsýslu árið 1894, voru eftirfarandi afréttir taldir í Saurbæjarhreppi:

„1. Sandárdalur frá heimasta flóa.
2. Sölvadalur.

3. Hraunárdalur.
4. Hraunártungur.
5. Æsustaðatungur.
6. Núpufellsdalur.
7. Þormóðsstaðadalur frá Langhólum.
8. Tjarnardalur frá Glerá.
9. Hóladalur.
10. Arnarstaðatungur, Hafrá greinir þá frá Úlfárlandi.
11. Torfufellsdalur frá Lambárhólum.
12. Leyningsdalur. Svartá greinir hann frá heimalandi Syðri-Villingadals.
13. Strjúkárdalur frá Langaskriðugili.
14. Sneis.
15. Þverdalur.
16. Djúpidalur.
17. Hvassafellsdalur og Hraunárdalur að vestan. Hrauná greinir þá frá Hvassafellslandi.
18. Hagárdalur. Öxlin að sunnan greinir hann frá Kambfellslandi og Stóragili að norðan frá Litladalslandi.
19. Brandi að sunnan heim á Öxl.
20. Skjóldalur að sunnan frá Selá".

Í málinu hefur einnig verið lögð fram vélrituð skrá yfir upprekstrarlönd, fjárréttir og afréttir í Skagafjarðarsýslu. Skrá þessi, sem er ódagsett og hefur eigi verið undirrituð, er komin frá sýslumanni Skagafjarðarsýslu, sbr. bréf hans á dskj. nr. 143. Þar sem ræðir um Nýjabæjarafrétt í skrá þessari, hefur verið bætt inn í hinn vélritaða texta með handskrift. Upprunalega hefur staðið svo í skránni: „Nýjabæjarafrétt í Austurdal frá Tinná að Laugarfellsöræfum, og að nokkru Ábæjarland allt eign 3 bænda í Akrahreppi. Aðalrétt Silfrastaðarétt".

Eftir að handskriftinni hefur verið bætt inn í, er textinn svohljóðandi:

„Nýjabæjarafrétt í Austurdal frá Tinná ásamt Laugarfellsöræfum svo langt sem vötn draga og að nokkru Ábæjarland allt eign 7 bænda í Akrahreppi. Aðalrétt Silfrastaðarétt".

Lögmaður varnaraðilja hefur lagt fram sýslufundargerð Skagafjarðarsýslu 1947/1948. Samkvæmt þeirri sýslufundargerð var aukafundur sýslunefndarinnar haldinn á Sauðárkróki 18. september 1947, og gerðist þar m. a. þetta (sbr. bls. 4):

„1. Lagt var fram og lesið bréf frá Ferðafélagi Akureyrar, þar sem æskt var leyfis sýslunefndar til byggingar á sæluhúsi

suður af Vatnahjalla og norðan Laugarfells hjá volgri laug, sem þar er.

Ennfremur bréf frá sýslumanni Eyfirðinga viðvíkjandi sama máli".

Oddviti reifaði málið með nokkrum orðum og síðan samþykkti sýslunefndin umsóknina í einu hljóði, „enda sé haldið fast við eftirgreind áform félagsins (þ. e. Ferðafélags Akureyrar):

1. Að byggja húsið við laug og hita það upp með henni.
2. Að húsið verði ávallt ólæst, svo að ferðamenn og fjárleitarmenn geti leitað þar hælis í illviðrum.
3. Að í húsinu verði geymdar vistir og hjúkrunarvörur fyrir nauðstadda ferðalanga".

Lögmenn málsaðilja hafa lýst því yfir, að þeim hefði eigi tekizt að hafa uppi á greindu bréfi sýslumanns Eyfirðinga þrátt fyrir mikla fyrirhöfn.

Friðjón Skarphéðinsson, sýslumaður Eyjafjarðarsýslu, hefur komið fyrir réttinn af þessu tilefni. Kvaðst hann minnast þess, að eitthvert af fyrstu árunum, sem hann hafi verið á Akureyri, hafi komið til hans forsvarsmaður eða forsvarsmenn Ferðafélags Akureyrar og tjáð honum um fyrirhugaða sæluhúsbyggingu inni í óbyggðum. Erindið muni hafa verið það að biðja hann um yfirlýsingu um, að hann eða sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu væri því á engan hátt mótfallin, að þessi bygging yrði reist, og teldi það væntanlega æskilegt, að svo yrði gert. Kvaðst sýslumaður gera ráð fyrir, að hann hefði látið þeim í té bréf um þetta efni, þótt hann myndi ekki glögglega eftir því. Hafi hann á þessum tíma enga grein gert sér fyrir því, hvar þessi bygging yrði reist, en sendimenn Ferðafélagsins hafi væntanlega tjáð sér, að það yrði á svæði Skagafjarðarsýslu.

Sýslumaður kvað afrit af bréfi þessu hafa verið sent Þjóðskjalasafni Íslands ásamt öðrum skjölum.

Samkvæmt bréfi frá Þjóðskjalasafninu, dags. 4. ágúst 1966, hefur afrit þetta ekki fundizt þar.

Hefur nú verið getið hins helzta úr skjölum málsins, og verður næst rakið úr vitnaskýrslum þess.

Vitnið Jón Sigfússon, fyrrverandi bóndi, fæddur hinn 6. apríl 1886, hefur skýrt svo frá, að hann viti til þess, að skömmu fyrir aldamótin 1900 hafi bóndinn á Möðruvöllum rekið fé á afrétt þá, sem deilt er um í máli þessu. Telur hann, að einhverjir nágrannabændur hafi einnig rekið þar á fjall í skjóli bóndans á Möðruvöllum, þar sem hann hafi talið sig eiga land þetta. Kveður Jón

sig minna, að fé hafi aðeins verið rekið á landsvæði þetta í um það bil tvö ár, en síðan hafi bændurnir gefizt upp á því, en hins vegar hafi Eyfirðingar og Þingeyingar leitað á þessu svæði og það skagfirzkt fé, sem þeir hafi fundið, hafi þeir rekið yfir á Nýjabæjarafrétt og hafi ekki verið tekið gjald fyrir. Jón kveðst ekki hafa komið sjálfur þarna fram á Fjöllin, en kveðst hafa talið, að landamerkin hafi legið við Fossá og þar hafi skagfirzka féð verið rekið niður. Jón kveður það hafa verið á árunum fyrir 1930, að því er hann telur, að hann hafi verið fjallskilastjóri í Saurbæjarhreppi. Kveðst hann þá á þessum árum hafa búið á Helgastöðum og Kálfagerði í Saurbæjarhreppi. Kveður hann svo hafa verið komið á þessum árum, að þingeyskt fé hafi verið hætt að koma fyrir í haustleitum á Laugafellsöræfum, en skagfirzku fé hafi fjölgað þar ört. Þingeyingar hafi þá sagt sig úr félagsskap við Eyfirðinga um leitir á þessu svæði. Jón kveðst þá hafa ritað fjallskilastjóranum í Akrahreppi í Skagafirði bréf og tjáð honum, að Eyfirðingar gætu ekki lengur smalað Laugafellsöræfi án þess að taka gjald af skagfirzku fé, er þar kæmi fyrir. Kveðst Jón hafa boðið til samstarfs um smölun þarna, ef Skagfirðingar vildu heldur. Hann kveður Skagfirðinga hafa kosið síðari kostinn og hafi þeir gert samning við Eyfirðinga á þann veg, að Eyfirðingar legðu til þrjá menn í haustleit og væri einn af þeim leitarstjóri, en Skagfirðingar sendu tvo menn. Jón kveður Skagfirðinga hafa sett það skilyrði fyrir þátttöku sinni, að Fjöllin yrðu smöluð á þeim tíma, er þeir smöluðu Nýjabæjarafrétt og að féð yrði dregið sundur norður við Fossá. Skyldu Eyfirðingar hirða alla móðurlausa ómerkinga og svo annað óskilafé, eins og verið hafði, meðan Þingeyingar smöluðu með þeim. Jón kveðst hafa ritað samninginn um fjölda leitarmanna úr hvorri sýslu og kveðst hafa sett ákvæðið um fleiri Eyfirðinga til að tryggja rétt Eyfirðinga, þótt þeir með því tækju á sig þyngri byrði en Skagfirðingar, enda hafi Eyfirðingar haft leitarstjórann. Ekki kveður Jón nein landamerki hafa verið tilgreind í samningi þessum. Kveður hann sig minna, að í samningnum hafi verið ákvæði þess efnis, að hvor aðiljanna hafi ekki mátt fara í eftirleitir án þess að gera hinum aðiljanum kost á að fara með. Jón kveðst ekki hafa vitað til, að Skagfirðingar hafi farið í reglulegar leitir inn fyrir Fossá, fyrr en eftir að framangreindur samningur var gerður.

Vitnið Jón Vigfússon, fyrrverandi bóndi, Arnarstöðum, Saurbæjarhreppi, kveður afréttarsvæði það, sem fjallað er um í mál-

inu, sér sæmilega ljóst. Kveðst hann hafa leitað þar árin 1916—1918, 1920—1922, 1925, 1934 og líklega árið 1923 og ef til vill eitthvað milli þessara ára, þótt hann muni ekki að greina glöggllega frá því. Jón kveður það hafa verið fasta venju að reka til Eyjafjarðar alla móðurlausa ómerkinga og annað óskilafé, þótt með glöggum mörkum væri, sem fundizt hafi á því svæði, sem Eyfirðingar og Skagfirðingar leituðu saman á Laugafellsöræfum. Kveður Jón óskilafé og móðurlausa ómerkinga hafa verið selda á uppboði og kveður andvirðið hafa runnið til sveitarsjóðs Saurbæjarhrepps. Hann kveður þetta þó aldrei hafa komið fyrir, á meðan hann var leitarstjóri. Jón kveður yfirleitt hafa komið fram meira skagfirzkt fé en eyfirzkt við leit á afréttinni, að minnsta kosti þar til hann og Gunnar á Tjörnum hafi farið að reka á afréttina. Ekki kveðst Jón muna, hvaða ár það var. Jón kveður sig minna, að hann hafi farið með samning þann, sem Jón Sigfússon ritaði, og fengið hann Stefáni á Höskuldsstöðum til undirritunar á Fjöllunum. Telur hann það hafa verið árið 1920. Ekki kveðst Jón geta fullyrt um það, hvenær Eyfirðingar hafi byrjað að leita reglulega á afréttinni, en telur það hafa verið um 1850. Jón kveður leitarmannakofann Grána við Geldingsá í svokölluðum Réttarhvammi hafa verið byggðan árið 1920, og kveðst hann hafa unnið að þeirri byggingu. Kveður hann kofann hafa verið byggðan fyrir forgöngu móður sinnar, eftir að hann hafði ásamt öðrum manni lent í slæmu veðri uppi á afréttinni árið 1916. Hann kveður fé hafa verið safnað til byggingarinnar í Eyjafirði og á Akureyri, í Skagafirði, aðallega í Akrahreppi, og eitthvað í Bárðardal. Ekki kveðst Jón geta sagt um, hver mörkin séu milli afrétta Eyfirðinga og Skagfirðinga, en hins vegar kveður hann mörk leitarsvæðis Eyfirðinga, hvort sem þeir hafi smalað einir eða með Skagfirðingum, hafa verið Fossá, Jökulsá eystri að Hofsjökli, suður fyrir Háöldu að Bergvatnskvísl Þjórsár. Á meðan Eyfirðingar smöluðu afréttina einir, kveður Jón þá hafa réttað fé í Réttarhvammi, þar sem kofinn Gráni er nú, og hafi það verið þannig, þar til samningurinn gekk í gildi milli Skagfirðinga og Eyfirðinga, þá hafi verið byrjað að rétta við Fossá. Ekki kveðst Jón vita annað um sýslumörkin en það, sem sjá megi á korti.

Vitnið Aðalsteinn Tryggvason, fyrrverandi bóndi, Jórunnarstöðum, sem fæddur er hinn 15. september 1889, hefur skýrt svo frá, að svo lengi sem hann muni, hafi það verið föst venja að reka til Eyjafjarðar alla móðurlausa ómerkinga og allt annað

óskilafé, þótt með glöggum merkjum væri, sem fundizt hafi í haustleitum á því svæði, sem Eyfirðingar og Skagfirðingar leita í sameiningu á Laugafellsöræfum. Kveðst Aðalsteinn vera kunnugur á svæði því, sem deilt er um í máli þessu, þar sem hann hafi farið, að því er hann telur, átta sinnum í haustleitir þar. Fyrst árið 1907, síðan 1915, 1916 og 1918, en man nú ekki að greina fleiri ártöl. Hann kveður svæði það, sem leitað hafi verið, hafa að vestan og sunnan verið þetta: frá Fossá að Jökulsá suður á Háöldu. Á þeim tíma, sem hann leitaði, kveður Aðalsteinn Eyfirðinga eingöngu hafa staðið að leitum þarna, en hann kveðst muna sem barn, að Þingeyingar hafi einnig leitað svæðið með Eyfirðingum. Aðalsteinn kveður réttað hafa verið við Geldingsá þann tíma, sem hann leitaði svæðið, og kveður skagfirzkt fé þar hafa verið dregið sundur og sleppt þar. Hann kveðst aðeins minnast þess einu sinni, að Skagfirðingar hafi komið og ætlað að sækja fé, en Eyfirðingar hafi þá verið búnir að sleppa því. Ekki kveðst Aðalsteinn vita, hver mörkin séu milli afréttarlanda Skagfirðinga og Eyfirðinga. Kveður hann Eyfirðinga telja þau vera um Fossá, en Skagfirðingar við Geldingsá. Ekki kveðst Aðalsteinn vita, hver sýslumörk á svæðinu séu. Aðalsteinn kveður smalað hafa verið fram eftir frá Fossá þau ár, sem hann fór í leitir, nema í síðasta sinn fyrir átta árum, þá hafi verið smalað út eftir að Fossá. Aðalsteinn kveðst telja, að þau ár, sem hann leitaði svæðið, hafi skagfirzkt fé yfirleitt heldur verið í minni hluta.

Vitnið Finnur Kristjánsson, fyrrum bóndi að Ártúni í Eyjafirði, faðir Hjalta, eins af stjórnarmönnum stefnanda, er fæddur hinn 8. janúar 1881 að Jórunnarstöðum í Eyjafirði. Hann kveðst hafa átt heima þar og í Grundarplássi til ársins 1899, en eftir það í Hólasókn. Hann kveðst muna vel tilhögun leita á haustum á svæði því, sem fjallað er um í máli þessu, frá því um aldamót. Kveður hann leitir eingöngu hafa verið farnar á vegum Eyfirðinga og hafi þá alltaf verið sami fararstjóri, Jón Jónatansson. Finnur kveðst hafa farið í leitirnar haustið 1919 eða 1912, og þá kveður hann Jón enn hafa verið fararstjóra, en það hafi verið síðasta ferð hans og sú þrítugasta. Finnur kveður leitarsvæðið þá hafa verið, eins og ætíð, frá Fossá að norðan, suður að Bergvatnskvísl, vestur að Jökulsá, undir jökul og austur um grjót sem þurfa þótti. Hann kveður réttað hafa verið við Geldingsá og fé úr Skagafirði rekið út í Stórahvamm. Finnur kveðst hafa farið fjórum eða fimm sinnum í leitir á Fjöllin fyrir utan þetta skipti.

Í fjögur fyrstu skiptin kveður hann Skagfirðinga ekki hafa verið með í leitunum, en það hafi verið fyrir 1920. Finnur kveðst hafa verið leitarstjóri árið 1918 og kveður það hafa verið næstsíðasta skiptið, sem hann fór í leitir á þessu svæði. Hann kveðst hafa farið í leitir þessar eftir 1930 og hafi þá tveir Skagfirðingar tekið þátt í þeim, en þrír Eyfirðingar. Finnur kveðst minnast þess, að nokkrir íbúar Hrafnagilshrepps hafi keypt Nýjabæjarafrétt fyrir 1906, og telur, að þeir hafi rekið tvisvar á afréttina, í annað skiptið vestur fyrir Nýjabæjarfjall og í hitt skiptið upp Vatnahjallaveg og vestur hjá Urðarvötnum og hafi þá verið komið niður norðan við Fossá. Finnur kveður menn þessa hafa átt afréttina svo árum skipti án þess að nota hana. Kveðst hann síðan hafa heyrt, að þeir hefðu selt afréttina, og minnir, að kaupandinn hafi verið Magnús á Frostastöðum. Finnur kveðst minnast þess, að árið 1904 hafi nokkrir bændur úr Möðruvallaplássi, þ. e. frá Öxnafelli, Kálfagerði, Guðrúnarstöðum og Möðruvöllum, rekið fé suður Vatnahjallaveg, yfir Hörtnárdrög og yfir í Lönguhlíð og hafi þeir talið sig vera að reka í Möðruvallaland. Fyrir rekstri þessum kveður Finnur hafa verið Jóhann Jónsson, þá bónda á Möðruvöllum. Öll skiptin, sem hann fór í leitir þessar, kveður Finnur það hafa verið til að leita að hlaupafé, en ekki fé, sem hafi verið rekið á afréttina. Finnur kveður Gunnar Jónsson á Tjörnum hafa rekið fé á Fjöllin einhvern tíma í kringum 1930 eða upp úr því. Kveðst hann muna eftir einu skipti eða jafnvel tveimur skiptum, er Gunnar hafi rekið suður, en eftir það hafi fé hans margsinnis strokið suður á Fjöllin. Ekki kveðst Finnur vita, hvar takmörk Nýjabæjarafréttar séu, en kveðst alltaf hafa verið þeirrar skoðunar, að þau væru við Fossá. Kveðst hann draga það af því, að hann hafi heyrt Skagfirðinga, þ. á m. Hrólf Þorsteinsson, tala þannig, að það fé, sem fundizt hafi norðan við Fossá, væri „heima í afrétt". Ekki kveðst Finnur þekkja sýslumörk milli Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslu lengra suður en á Miðás á Nýjabæjarafrétt, sem hann kveðst telja, að nái að syðra Hvítárdragi.

Gunnar V. Jónsson, bóndi á Tjörnum í Saurbæjarhreppi, einn af meðlimum Upprekstrarfélags Saurbæjarhrepps, sem fæddur er hinn 8. júlí 1905, hefur skýrt svo frá, að svo lengi sem hann þekki til, hafi það verið föst venja að reka til Eyjafjarðar alla móðurlausa ómerkinga og allt annað óskilafé, þótt með glöggum mörkum sé, sem fundizt hafi í haustleitum á því svæði, sem Eyfirðingar og Skagfirðingar leita í sameiningu á Laugafellsöræfum. Gunnar kveðst vera kunnugur svæði því, sem um er

deilt í máli þessu, þar sem hann hafi leitað það í um það bil 30 ár frá 1925, síðast árið 1955. Kveðst hann hafa verið leitarstjóri allan þennan tíma. Gunnar kveður mörk leitarsvæðisins hafa verið Jökulsá eystri að vestan að Hofsjökli og Háöldu að sunnan, að undanskildum 4—5 árum, er mæðiveikivarnirnar voru sem mestar, þá hafi verið leitað allt suður undir Tungnafellsjökul, en þá hafi eingöngu Eyfirðingar leitað þangað. Gunnar kveður, að leitað hafi verið allt vestur undir Illviðrahnjúka. Gunnar kveður aðallega hafa verið réttað við Geldingsá. Einnig kveður hann réttað hafa verið við Laugafell, aðallega til að athuga, hvort þar fyndust kindur af mæðiveikisvæðinu að sunnan eða austan. Þá kveður Gunnar réttað hafa verið við Fossá, er dregið hafi verið í sundur með Eyfirðingum og Skagfirðingum. Gunnar kveðst hafa rekið á afréttina í þrjú ár, í fyrsta sinn árið 1928, og lagt til sérstakan mann af þeim sökum. Hreppurinn hafi lagt til annan mann og sýslusjóður þann þriðja. Ekki kveðst Gunnar hafa rekið á afréttina eftir þetta, en hins vegar hafi fé hans leitað þangað eftir það. Gunnar kveðst telja, að yfirleitt hafi verið fleira eyfirzkt fé en skagfirzkt á þessu svæði nema tvö ár, að því er hann telur, er skagfirzkt fé hafi verið fleira, en þá hafi Blöndhlíðingar rekið fram fyrir Tinná. Varðandi mörk Nýjabæjarafréttar að sunnan kveðst Gunnar alltaf hafa heyrt, frá því að hann var unglingur, að þau væru við Fossá, enda hafi þar verið réttað og dregið sundur. Hins vegar kveður hann Skagfirðinga hafa talið mörkin vera við Geldingsá, en það hafi Eyfirðingar ekki viljað fallast á. Gunnar kveður Skagfirðinga alltaf hafa lagt til menn í leitirnar suður að Geldingsá þann tíma, sem hann var gangnastjóri, og telur hann, að svo hafi verið frá 1920. Gunnar kveður sér kunnugt um, að fyrir 1920 hafi Eyfirðingar og Þingeyingar gengið þetta svæði, en undir það síðasta hafi Þingeyingar ekki lagt til menn, heldur greitt Eyfirðingum fyrir að ganga svæðið.

Sigurður Jósefsson, bóndi á Torfufelli í Saurbæjarhreppi, einn af aðiljum og varastjórnendum Upprekstrarfélags Saurbæjarhrepps, hefur skýrt svo frá, að hann sé fæddur og uppalinn á Torfufelli og hafi átt þar heima æ síðan. Sigurður kveðst oft hafa komið á þrætusvæðið í fjárleitir, á skemmtiferðum og sem fylgdarmaður ferðamannahópa. Sigurður kveðst hafa unnið við að endurbyggja leitarmannakofann Grána. Sigurður kveðst telja, að Nýjabæjarafrétt sé fyrir norðan Fossá, þar séu smölunarskil milli Eyfirðinga og Skagfirðinga. Kveðst hann aldrei hafa heyrt talað um, að verið væri að smala Nýjabæjarafrétt, þegar smalað

var sunnan Fossár. Sigurður kveðst hafa látið þá skoðun í ljós við starfsmann Landmælinga Íslands, að örnefnið Nýjabæjarafrétt sé ranglega staðsett á Uppdrátt Íslands (Atlasblað 64). Sigurður kveðst telja, að mörkin milli Nýjabæjarafréttar og Fjallanna séu nyrðri Fossárdrög, en í daglegu tali kveður hann landið sunnan Geldingsárdraga vera nefnt Laugafellsöræfi. Í leysingum kveður Sigurður afrennsli vera úr Urðarvötnum til Skagafjarðar, og telur hann vatnið brjóta sér farveg til vesturs með flóði.

Vitnið Magnúsína Einarsdóttir, húsfreyja á Guðrúnarstöðum, fædd 27. marz 1887, hefur skýrt svo frá, að vorið 1905 hafi faðir hennar, Einar Hansson, bóndi á Guðrúnarstöðum, rekið geldfé sitt og fráfærulömb suður í Lönguhlíð. Kveður hún föður sinn hafa fengið samþykki Jóhanns Jóhannssonar, bónda á Möðruvöllum, sem einnig hafi rekið geldfé sitt og fjallalömb á sömu stöðvar. Ekki kveðst Magnúsína minnast þess, að neinn drægi í efa rétt þeirra til að nýta þetta haglendi, enda hafi það verið talið tilheyra Möðruvöllum frá fornu fari. Ekki kveðst Magnúsína hafa heyrt talað um, hvar sýslumörkin milli Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu væru inni á öræfunum. Magnúsína kveðst minnast þess að hafa heyrt Jóhann á Möðruvöllum tala um, að Möðruvellir ættu land suður að Laugafelli, hins vegar kveðst hún ekki minnast þess að hafa heyrt hann tala um, að Möðruvellir ættu land í Lönguhlíð, en hann hafi þó leyft, að fé væri rekið þangað.

Angantýr H. Hjálmarsson, sem er einn af sóknaraðiljum máls þessa, hefur skýrt svo frá, að hann sé kunnugur á svæði því, sem deilt er um í máli þessu. Kveðst hann hafa leitað það í þrjú ár í röð einhvern tíma milli áranna 1950 og 1960, en telur, að það hafi verið árin 1955—1957. Hann kveður mörk leitarsvæðisins að vestan hafa verið Jökulsá eystri, en Bergvatnskvísl að sunnan. Í öll skiptin kveður hann tvo Skagfirðinga og tvo Eyfirðinga hafa leitað. Hann kveður fé ekki hafa verið réttað í neitt þessara skipta, heldur hafi það verið látið ganga norður fyrir Fossá vegna sauðfjárveikivarna. Fyrsta árið, sem hann leitaði, kveður Angantýr afar fátt fé hafa verið á svæðinu og man ekki eftir nema einni dilká, er verið hafi úr Eyjafirði, enda hafi það verið rétt eftir fjárskiptin. Annað árið kveður hann fé hafa verið litlu fleira, um 10 að tölu, og hafi það verið úr Skagafirði, en þriðja árið hafi verið innan við 20 kindur, að því er hann telur, og hafi það allt verið úr Skagafirði. Angantýr kveður föður sinn, sem verið hafi öllum mönnum kunnugri í dölum Eyjafjarðar og Skaga-

fjarðar og öræfunum þar suður af á sinni samtíð, ætíð hafa talið Fossá ráða suðurtakmörkum á afréttarlöndum Skagfirðinga austan Jökulsár í Austurdal.

Vitnið Guðjón Jónsson, fyrrverandi bóndi, fæddur á Finnastöðum hinn 23. febrúar 1868, hefur skýrt svo frá, að vorið 1905 hafi geldfé og fráfærulömb verið rekin í Lönguhlíð frá fjórum eða fimm bæjum í Möðruvallaplássi, án þess að Skagfirðingar eða aðrir væru beðnir um leyfi til þess, enda muni Möðruvallabóndi hafa talið sig vera að reka þarna í eigið land. Guðjón kveður Jóhann Jóhannsson, sem búið hafi á Möðruvöllum, hafa átt flest fé. Guðjón kveðst sjálfur hafa átt fé þarna svo og þeir Jón Thorlacius, sem búið hafi á Öxnafelli, og Einar Hansson, sem búið hafi á Guðrúnarstöðum. Einnig kveður hann sig minna, að með hafi verið nokkur lömb frá Benjamín Stefánssyni, sem búið hafi á Fjósakoti. Ekki kveður Guðjón neinn hafa verið krafinn um gjald fyrir hagagöngu. Guðjón kveðst sjálfur hafa búið á Kálfagerði á þessum tíma. Ekki kveður Guðjón oftar hafa verið rekið í afrétt þessa en árið 1905. Guðjón kveðst sjálfur hafa farið tvisvar í göngur á afrétt þá, sem fjallað er um í máli þessu, og hafi það verið þetta sama ár, þ. e. árið 1905. Í göngur þessar kveður hann einnig hafa farið þá Gunnlaug Jónsson, sem farið hafi fyrir Jón Thorlacius, Hans Einarsson og Jóhann á Möðruvöllum og kveður þá hafa fengið með sér mann, sem kunnugur hafi verið á fjöllunum þarna, Jón Jónatansson. Í fyrra skiptið kveður Guðjón tvo Skagfirðinga hafa komið til að taka á móti skagfirzku fé, sem þeir Eyfirðingarnir hafi smalað, og hafi þeir tekið við fénu við Geldingsá nokkru fyrir sunnan Stórahvamm. Guðjón kveður afréttina í fleiri ár hafa verið smalaða af eyfirzkum bændum og Norðlendingum. Ekki kveðst hann geta greint frá, í hve mörg ár það hafi verið, og ekki heldur, hvenær fyrst hafi verið byrjað á því að smala þessa afrétt reglulega. Guðjón kveður þá Eyfirðingana hafa smalað Lönguhlíð frá norðri til suðurs, einnig Fossárdal og Hörtnárdal. Ekki kveður Guðjón sér kunnugt um, hvar mörk séu milli afréttar Eyfirðinga og afréttar Ábæjar og Nýjabæjar. Hann kveðst heldur ekki þekkja sýslumörkin þarna.

Vitnið Ragnar Davíðsson, fyrrum bóndi á Grund í Eyjafirði, sem fæddur er hinn 26. marz 1899 að Kroppi í Hrafnagilshreppi, hefur skýrt svo frá, að faðir hans, Davíð Jónsson, hreppstjóri á Kroppi, hafi keypt Nýjabæjarafrétt ásamt fleiri bændum í Eyjafirði. Telur Ragnar, að þetta hafi verið um 1905—1906. Kveðst

hann hafa heyrt foreldra sína tala um þetta. Ekki kveðst hann geta borið um það, hvert kaupverðið hafi verið, og ekki kveðst hann hafa séð afsal fyrir afréttinni. Ragnar kveður föður sinn aðeins hafa rekið í eitt skipti á Nýjabæjarafrétt. Kveðst hann hafa heyrt foreldra sína tala um, að ekki hefði verið gerlegt að halda því áfram, því að féð hefði flækzt út um allan Skagafjörð. Ragnar kveðst telja, að þeir, sem keyptu afréttina, hafi átt hana í nokkur ár, en síðan selt hana og hafi kaupendur verið einhverjir Skagfirðingar. Ekki kveðst Ragnar vita, hvaða leið féð hafi verið rekið úr Eyjafirði í Nýjabæjarafrétt, og kveðst aldrei hafa komið suður á fjöll. Hann kveðst ekki vita um sýslumörk á öræfunum.

Vitnið Hallgrímur Thorlacius, bóndi í Öxnafelli, fæddur 17. september 1905, er fæddur að Öxnafelli og hefur átt heima þar alla sína ævi. Hann kveðst aldrei hafa heyrt, að faðir hans, Jón Thorlacius, bóndi í Öxnafelli, hafi staðið að kaupsamningnum, sem gerður var um Nýjabæjarafrétt 1905. Kveður hann systkini sín, sem hann hafi spurt um þetta, heldur ekki hafa heyrt þetta. Hins vegar kveðst Hallgrímur hafa heyrt föður sinn segja frá því, að hann hafi rekið fé á Fjöllin 1905, og kveður Hallgrímur sig minna, að rekið hafi verið í Stórahvamm. Hafi faðir hans þá rekið með Jóhanni Jóhannssyni, bónda á Möðruvöllum. Kveðst Hallgrímur ekki hafa heyrt þess getið, að Jóhann á Möðruvöllum hafi rekið á Fjöllin fyrir þennan tíma, og heldur, að það hafi aðeins verið gert þetta eina ár, enda hafi heimtur verið afar slæmar og féð m. a. flækzt vestur til Skagafjarðar. Hallgrímur kveðst ekki hafa heyrt, að Saurbæjarhreppsbúar hafi rekið á Fjöllin eftir þennan tíma. Hallgrímur kveðst aldrei hafa farið í leitir suður á Fjöllin og kveðst vera ókunnugur því svæði og kveðst aðeins hafa leitað á svæðinu milli Sölvadals og Bleiksmýrardals. Ekki kveðst Hallgrímur vita, hvar sýslumörkin milli Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu sunnan Miðáss séu.

Vitnið Magnús Tryggvason, Gullbrekku, Saurbæjarhreppi, fæddur 11. október 1894, kveðst alltaf hafa heyrt, að Magnús Sigurðsson á Grund og Einar Sigfússon á Stokkahlöðum hafi staðið að kaupum á Nýjabæjarafrétt með Davíð Jónssyni á Kroppi. Fortekur Magnús, að faðir hans, Tryggvi Sigurðsson á Jórunnarstöðum, hafi verið einn af kaupendunum að Nýjabæjarafrétt 1905. Hins vegar kveðst hann vita til þess, að faðir hans hafi rekið vestur á Nýjabæjarafrétt, að því er hann telur 1905 eða 1906, ásamt Einari á Stokkahlöðum, Davíð á Kroppi og Jóni Tómassyni, vinnumanni á Grund. Ekki kveðst Magnús vita um rekstur

vestur í Nýjabæjarafrétt nema í þetta eina sinn. Magnús kveðst hafa heyrt, að farið hafi verið með reksturinn Vatnahjallaveg, en kveðst ekki vita, hversu langt vestur, en þó hafi verið rekið vestur í afréttina af fjallinu. Ekki kveður Magnús hafa verið rekið í Stórahvamm, því að þá hefði verið kallað að reka suður. Magnús kveðst alltaf hafa heyrt, að landsvæði það, sem kallað er Fjöllin, nái norður að Fossá, en þar taki við Nýjabæjarafrétt. Magnús kveðst kannast við rekstur Jóhanns á Möðruvöllum suður á Fjöllin og kveðst halda, að hann hafi rekið í fleiri ár suður. Magnús kveðst telja, að faðir hans hafi rekið vestur í Nýjabæjarafrétt á sínum tíma með samþykki allra kaupendanna, og telur, að þeim hafi þótt gott að hafa hann með í ferðum. Ekki kveðst Magnús hafa komið nema einu sinni á öræfin suður af Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslu og kveðst ekki vita, hvar sýslumörkin séu á því svæði.

Vitnið Hrólfur Þorsteinsson, fyrrum bóndi á Stekkjarflötum, faðir Stefáns Hrólfssonar, eins af varnaraðiljum, er fæddur hinn 21. maí 1886 að Litladalskoti í Lýtingsstaðahreppi. Átti hann heima í Lýtingsstaðahreppi þrjú fyrstu árin, en fluttist síðan að Hofi í Vesturdal, þar sem hann átti heima í 13 ár. Næstu sex árin átti hann heima á Skatastöðum, en fluttist síðan að Ábæ og bjó þar á tímabilinu 1908—1929 að undanskildu einu ári, er hann bjó á Skatastöðum. Hrólfur kveður eiginkonu sína, Valgerði Kristjánsdóttur, hafa verið dóttur Kristjáns Kristjánssonar, sem búið hafi á Ábæ á undan honum og síðan samtímis honum á árunum 1908—1912. Hrólfur kveðst hafa fengið byggingarbréf fyrir Ábæ og telur sig eiga það enn. Hrólfur kveðst aldrei hafa séð landamerkjabréf Nýjabæjar, en hins vegar kveðst hann alltaf hafa talið, að Nýibær ætti land eins langt suður og vötn draga. Kveður hann Austurdalinn vera óslitinn frá Stekkjarflötum og fram að Geldingsá. Hrólfur kveður heimaland Nýjabæjar ná suður að Hvítá, og þegar fært hafi verið frá í Nýjabæ, kveður hann lömbin hafa verið rekin suður fyrir Hvítá. Hrólfur kveðst hafa farið í fyrsta sinn í eftirleit suður fyrir Laugafell árið 1908. Kveðst hann hafa farið í eftirleitir árlega frá 1908—1920, og frá 1920 kveðst hann hafa farið í göngur árlega á Fjöllin, enda hafi Skagfirðingar þá byrjað að ganga þetta svæði ásamt Eyfirðingum. Kveðst hann hafa heyrt, að Skagfirðingar hafi frá ómunatíð gengið reglulegar göngur fram að Geldingsárdrögum, og sjálfur kveðst hann hafa byrjað að leita á þessu svæði árið 1908. Hrólfur kveðst telja, að norðurtakmörk Nýjabæjarafréttar hafi verið við

Hvítá, en suðurtakmörkin við Geldingsá, en þar fyrir sunnan taki við Fjöllin, sem nái suður á Háöldu. Hrólfur kveðst hafa heyrt, að Steingrímur Jónsson, bóndi á Silfrastöðum, sem átt hafi Nýjabæ, hafi á árinu 1904 selt Eyfirðingum Nýjabæ og upprekstrarrétt á Nýjabæjarafrétt, þ. e. hluta Nýjabæjar, en Ábær og Merkigil hafi einnig átt upprekstur á Nýjabæjarafrétt. Hrólfur kveður Eyfirðinga hafa rekið á Nýjabæjarafrétt í eitt ár, en síðan hætt því, þar sem féð hafi flækzt svo víða. Hann kveður Eyfirðinga hafa rekið féð í Stórahvamm. Hann kveður féð hafa flækzt um Hofsafrétt, þar sem hirtar hafi verið um 70 kindur. Einnig kveður hann fé þeirra Eyfirðinga hafa komið fram í Húnavatnssýslu og norður í Fljótum. Hrólfur kveðst vita, að Eyfirðingar hafi selt Nýjabæ Magnúsi Gíslasyni á Frostastöðum, og kveður sig minna, að það hafi verið 1916 eða 1917. Kveðst hann muna eftir þessu, þar sem Magnús hafi sent mann til hans fram á Ábæ til þess að spyrja hann að því, hvort hann vildi falla frá forkaupsrétti sínum til Nýjabæjar. Kveðst Hrólfur hafa samþykkt það og gefið samþykki sitt skriflega. Ekki kveðst Hrólfur muna, hvað Magnús hafi gefið fyrir Nýjabæ. Hrólfur kveður, að vera kunni, að Eyfirðingar hafi rekið á Nýjabæjarafrétt annað árið, eftir að þeir keyptu Nýjabæ. Það hafi þá sennilega verið einn maður. Gunnar Jónsson á Tjörnum hafi hins vegar rekið fé vestur á Fjöllin og muni það sennilega hafa verið á árunum 1920—1923. Kveðst Hrólfur halda, að það hafi ekki verið nema eitt ár. Hrólfur kveður fé Gunnars síðan hafa smáfjölgað og hafi hann verið orðinn fjárflestur á Fjöllunum fyrir niðurskurð 1949. Hrólfur kveður Eyfirðinga hafa smalað Fjöllin rúmri viku á undan Skagfirðingum og hafi þeir gengið féð í sundur við Geldingsá og rekið skagfirzka féð niður í Stórahvamm. En ef Skagfirðingar hafi vitað, hvenær Eyfirðingar gengju í sundur, hafi þeir farið suður að Geldingsá og sótt féð og rekið það niður fyrir Fossá, en þá hafi þeir sleppt fyrri göngum. Hrólfur kveðst aðeins einu sinni hafa rekið fé suður fyrir Fossá. Það hafi verið árið 1916 og hafi kindurnar verið líðlega tuttugu talsins. Kveðst hann hafa rekið féð yfir Fossá neðan við ármót Fossánna, þar sem heitir Væthamarsskeiðar. Ekki kveðst Hrólfur vita, hvenær Eyfirðingar hafi fyrst byrjað að leita frammi á Fjöllunum, en það hafi verið, löngu áður en hann byrjaði leitir á svæðinu. Kveður hann fyrsta Eyfirðinginn, sem staðið hafi fyrir leit Eyfirðinga, hafa verið Aðalstein heitinn, sem búið hafi á Tjörnum. Kveðst Hrólfur telja, að næsti ábúandi á Tjörnum á eftir Aðalsteini hafi verið Jón, faðir Gunnars, núverandi

bónda á Tjörnum. Hrólfur kveður það hafa verið tilefni þess, að Eyfirðingar byrjuðu að leita Fjöllin, að eyfirzkt fé, sem fundizt hafi þar, hafi verið selt á uppboði og Eyfirðingar aðeins fengið helming verðs. Kveður hann uppboð þessi ýmist hafa verið haldin í Flatatungu eða að Silfrastöðum. Hrólfur kveðst vita til þess, að sýslusjóður Skagafjarðarsýslu hafi eitthvað styrkt leitir á Fjöllunum, en hann kveðst ekki vita, hve mikið og hvenær byrjað var á því. Hrólfur kveður Eyfirðinga ekki hafa gengið Fjöllin líklega í þrjú ár eftir niðurskurðinn 1949, en hins vegar greitt til leitanna. Hann kveður Eyfirðinga á þessum tíma og jafnvel alveg fram að þessu ekki hafa viljað láta reka fé niður í Eyjafjörð og hafi það verið vegna garnaveikivarna. Hrólfur kveður Skagfirðinga jafnan hafa farið tvennar göngur fram að Geldingsárdrögum og síðan hafi verið farið í eftirleitir. Hafi menn þá farið á eigin kostnað og tekið helming verðs fyrir fundið fé. Ekki kveðst Hrólfur vita, hvar sýslumörkin milli Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslu fyrir sunnan Miðás séu, en kveðst telja þau fylgja vatnaskilum.

Vitnið Gunnar Gíslason, bóndi á Sólborgarhóli í Glæsibæjarhreppi, er fæddur að Minni-Ökrum í Akrahreppi hinn 24. október 1894, en ólst að mestu upp í Miðhúsum í sama hreppi. Hann kveðst hafa búið á Ábæ í Akrahreppi á tímabilinu 1929—1941. Einhvern tíma á þessu tímabili kveðst hann hafa keypt Ábæ og Nýjabæ af Magnúsi Gíslasyni, sem þá var bóndi í Eyhildarholti. Kveðst Gunnar hafa talið, er hann keypti jarðirnar, að hann væri að kaupa land fram að Hörtnárdalsdrögum, en fyrir framan það svæði kveður hann engin merki finnast, og þar kveður hann engin sýslumerki vera. Gunnar kveðst aldrei hafa séð landamerkjabréf fyrir Nýjabæ. Kveðst hann hafa margreynt að fá landamerkjabréf fyrir jörðinni, en það hafi aldrei tekizt. Gunnar kveðst þekkja sýslumörk suður eftir svonefndum Miðás, sem liggi milli Villingadals og Tinnárdals, en hann telur Miðás ná suður að Hörtnárdrögum, þar sem flatneskjan byrji ekki fyrr en þar. Gunnar kveðst hafa verið kunnugur afréttarlöndunum inn af Eyjafirði og Skagafjarðarsýslu. Hann kveðst hafa farið inn á Nýjabæjarafrétt í fyrsta sinn árið 1929 með Hrólfi Þorsteinssyni. Hins vegar kveðst Gunnar ekki hafa farið fram á Fjöllin, þ. e. suður að Þjórsárkvíslum, fyrr en síðar. Gunnar kveður leitum inn af sýslunum hafa verið hagað þannig, að leitað hafi verið af tveimur Eyfirðingum og tveimur Skagfirðingum allt suður að Þjórsárkvíslum. Kveður hann leitarmenn hafa gist tvær nætur í kofanum

við Geldingsá. Síðan hafi fé verið rekið niður að Fossá og þar dregið sundur, sökum þess að ekki hafi verið aðstaða til þess við Geldingsá. Ekki kveðst Gunnar hafa vitað, hver leitarstjóri hafi verið, þegar hann leitaði Fjöllin með Eyfirðingum, en vera kunni, að það hafi verið Gunnar Jónsson á Tjörnum, að minnsta kosti hafi hann ráðið öllu. Gunnar kveðst ekki hafa talið, að landamerkin væru við Fossá, þótt Eyfirðingar rækju fé með Skagfirðingum að henni. Það hafi aðeins verið gert vegna þess, að ekki hafi verið aðstaða til að draga sundur við Geldingsá. Gunnar kveðst hafa talið, að landið framan Geldingsár væri í sameign Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslu, þar sem menn úr báðum sýslunum, tveir frá hvorri, hafi leitað svæðið og haft til þess styrk úr sýslusjóðnum. Á ábúðartíma sínum á Ábæ kveðst Gunnar aldrei hafa rekið fé fram fyrir Fossá, og ekki kveðst hann heldur vita til þess, að aðrir hafi gert það, en það fé, sem komið hafi í leitirnar sunnan Fossár, hafi verið strokufé, sem runnið hafi suður fyrir árnar. Gunnar kveður 300—400 fjár hafa verið sleppt á Nýjabæjarafrétt á ábúðartíma hans á Ábæ, þegar flest var. Hafi það bæði verið fé hans svo og annarra manna, sem fengið hafi að nota afréttina gegn gjaldi. Ekki kveðst Gunnar vita, hver gert hafi réttina við Fossá eða hvenær hún hafi verið gerð. Hann kveður réttina hafa verið gamla, þegar hann kom á þessar slóðir. Gunnar kveðst hafa álitið, að landamerki Nýjabæjar að sunnan hafi legið um Hörtnárdrög, þar sem Hörtnárdalurinn sé síðasti dalurinn þarna fyrir sunnan, en enginn dalur sé við Geldingsá, aðeins drög.

Vitnið Stefán Jónsson, bóndi á Höskuldsstöðum í Akrahreppi, sem er fæddur hinn 8. júlí 1892 og hefur átt þar heima alla sína ævi, kveðst hafa orðið fjallaskilastjóri í Akrahreppi á árinu 1919 og verið það til ársins 1931. Ekki kveður hann sér kunnugt um, hvernig göngum og gangnaskilum hafi verið hagað á Nýjabæjarafrétt þann tíma, sem Eyfirðingar hafi átt Nýjabæ og hálfa Nýjabæjarafrétt, en hálf Nýjabæjarafrétt hafi þá verið talin fylgja Nýjabæ. Kveður Stefán það víst, að hreppsnefnd Akrahrepps hafi lítil eða engin afskipti haft af gangnaniðurröðun í Austurdal fyrr en 1916, en áður hafi dalbúar sjálfir haft samkomulag um gangnaskil á afrétt sinni. Snemma á þeim árum, sem hann var fjallskilastjóri, kveðst Stefán hafa átt bréfaskipti við fjallskilastjóra Saurbæjarhrepps í Eyjafirði, sem hann minnir, að hafi verið Jón Sigfússon, og hafi samizt svo eftir bréfaskiptum þessum, að Akrahreppur legði til tvo menn á Fjöllin, þ. e. svæðið framan Fossár,

og Eyfirðingar tvo menn. Stefán kveður sér eldri menn, sem kunnugir voru staðháttum, hafa talið, að allt svæðið framan Geldingsár, svo langt fram sem vötn falla til Skagafjarðar, tilheyrði Nýjabæjarafrétt. Stefán kveður það því ekki hafa þótt nema sjálfsagt, að Skagfirðingar leggðu til menn á Fjöllin, þó að þeir ættu sáralitla fjárvon, en hins vegar hafi Eyfirðingar þá og lengi síðan átt allmargt fé á Fjöllunum og muni einstaka maður jafnvel hafa rekið fé vestur á vorin, að því er hann kveðst hafa heyrt sagt, enda sé torfærulítil leið þaðan. Eftir að hann hætti fjallskilastjórn, kveðst Stefán hafa farið haustið 1932 í smölun á Nýjabæjarafrétt ásamt Jóni Gíslasyni, bónda í Miðhúsum, og Eyfirðingum. Kveður hann þá hafa rekið fjársafnið í rétt við Fossá, en rétt þessa kveður hann hafa verið byggða árið 1922 og kveður Hrólf Þorsteinsson á Ábæ hafa séð um byggingu hennar á kostnað Skagfirðinga að mestu eða öllu leyti. Stefán kveður þá Skagfirðingana hafa átt þarna fáar kindur, en kveður margt fé hafa verið eftir í réttinni, er þeir höfðu tekið sitt fé úr. Eftir 1944 kveðst Stefán nokkur haust hafa farið í undanreið þarna fram eftir og hafi þá alltaf verið sama sagan, að úr Skagafirði hafi verið lítið brot af því fé, sem fundizt hafi á svæðinu. Kveðst hann muna eftir, að fæst hafi verið 5 kindur, sem þeir Skagfirðingar hafi fengið og hafi verið um $^1/_{10}$ hluti af safninu. Stefán kveðst hafa heyrt, að Steingrímur Jónsson, bóndi á Silfrastöðum, sá er seldi Eyfirðingum Nýjabæ með hálfri afréttinni, hefði talið, að Nýibær ætti land suður fyrir Laugafell og land með Jökulsá eystri til Hofsjökuls. Ekki kveðst Stefán hafa haft spurnir af því, að menn úr Austurdal eða aðrir hafi rekið fé sitt fram fyrir Fossá utan einn maður, er gerði það í eitt skipti og þá fáeinar geldkindur, enda Fossá slíkur farartálmi, að fjárrekstur yfir hana með fé á vori sé að heita má ófær.

Jóhann Lárus Jóhannesson, bóndi á Silfrastöðum í Akrahreppi, einn af varnaraðiljum máls þessa, er fæddur hinn 20. maí 1914 á Lýtingsstöðum í Lýtingsstaðahreppi, þar sem hann átti heima í eitt ár. Á Silfrastöðum hefur hann búið frá því á árinu 1951. Hann hefur skýrt svo frá, að er hann hafi keypt Ábæ og Nýjabæ í Akrahreppi ásamt öllu tilheyrandi, hafi hann talið sig meðal annars vera að kaupa alla Nýjabæjarafrétt. Kveðst hann jafnan hafa heyrt, að skýlausar heimildir væru fyrir, að Nýjabæjarafrétt næði suður að Geldingsá, en um fjöllin þar suður af hafi verið óvissa, því að þau hafi helzt enginn viljað eiga, meðan menn hafi þurft að inna af hendi gangnaskil. Jóhann kveður sér hafa fundizt

þetta svæði vera innan Skagafjarðarsýslu, enda sé miðað við vatnaskil eða stærstu vatnadrög. Jóhann kveðst minnast þess, að fylgt hafi handskrifaður miði kaupsamningi, sem gerður var, þegar Gunnar Gíslason seldi Akrahreppi Ábæ og Nýjabæ svo og þegar Akrahreppur seldi jarðir þessar aftur. Kveður hann sig minna, að á miða þessum hafi staðið, að Nýjabæjarafrétt næði suður að Geldingsá eða jafnvel lengra, en kveðst þó ekki geta fullyrt um það. Af efni þessa miða kveðst Jóhann muna, að Merkigil ætti upprekstur fyrir geldfé á Nýjabæjarafrétt fram fyrir Fossá gegn hagagöngu fyrir hross í Merkigilslandi niður að Silungalæk þann tíma, sem ekki væri haft í seli í Miðhúsum. Jóhann kveður sig minna, að miði þessi hafi verið dagsettur skömmu fyrir síðustu aldamót og undir hafi verið rituð nöfn nokkurra manna, og kveðst hann hafa verið þeirrar skoðunar, að þar væri um að ræða einhverja eigendur Ábæjar og Nýjabæjar. Ekki kveðst hann nú kunna að greina frá nöfnum þessum. Jóhann kveðst síðast muna eftir miða þessum, skömmu eftir að kaupin gerðust 1952, en kveðst nú ekki geta fundið hann þrátt fyrir mikla leit. Jóhann kveðst ekki vita til þess, að Merkigil hafi nokkurn tíma rekið fé suður fyrir Fossá. Hann kveður Merkigil ekki hafa rekið fram fyrir Nýjabæ á seinni árum, en kveðst ekki vita, hvernig því hafi verið háttað áður fyrr. Jóhann kveðst telja, að heimaland Nýjabæjar hafi frá fornu fari náð frá Tinná að Hvítá. Ekki kveðst Jóhann vita um sýslumörkin fyrir sunnan Miðás.

Bjarni Halldórsson, bóndi á Uppsölum í Akrahreppi, einn af varnaraðiljum máls þessa, hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið fjallskilastjóri í Akrahreppi á árunum 1937—1950. Kveður hann Skagfirðinga og Eyfirðinga þá hafa leitað Laugafellsöræfi saman, tveir menn frá hvorri sýslu, að undanskildum tveimur til þremur árum, er fjárskipti hafi verið, þá hafi Eyfirðingar ekki sent leitarmenn, heldur greitt sem svarað hafi til tveggja dagsverka. Bjarni kveður Eyfirðinga aldrei hafa farið í eftirleitir á greindu landsvæði, svo að hann muni, en hins vegar hafi Skagfirðingar jafnan gert það, enda hafi þeir talið sér það skylt, þar sem þeir hafi átt landið. Bjarni kveður Skagfirðinga hafa leitað Nýjabæjarafrétt og Laugafellsöræfi frá ómunatíð. Ef þeir hafi fundið þar eyfirzkt fé, hafi það verið venja að selja það á uppboði og taka helming verðs, sem fyrir það fékkst. Kveður Bjarni þetta hafa verið tildrög þess, að Eyfirðingar hafi sjálfir farið að leita svæðið, og hafi þeir farið í leitirnar um viku á undan Skagfirðingum.

Fyrst eftir að Eyfirðingar hófu leitir á greindu svæði, kveður Bjarni þá hafa gengið féð í sundur við Geldingsá, en eftir að fénu fjölgaði, hafi þeir farið að draga sundur við Fossá og hafi Eyfirðingar og Skagfirðingar þá smalað saman svæðið milli Geldingsár og Fossár. Bjarni kveður dregið hafa verið sundur við Fossá Eyfirðingum til hagræðis, svo að þeir þyrftu ekki að fara með féð niður að Ábæ. Ekki kveðst Bjarni vita, hvenær fyrst hafi verið dregið sundur við Fossá.

Vitnið Steinþór Stefánsson, sem fæddur er hinn 8. apríl 1908 á Þverá í Akrahreppi og hefur búið þar alla tíð, hefur skýrt svo frá, að er hann hafi keypt hluta af Ábæ og Nýjabæ í Akrahreppi, hafi hann álitið sig vera að kaupa alla Nýjabæjarafrétt, sem hann hafi aldrei heyrt annað en væri svæði suður að Geldingsá og að einhverju leyti fjöllin þar fyrir sunnan, enda kveður hann sér jafnan hafa fundizt, að hann ætti að einhverju leyti allt það svæði, sem gangnaskil væru gerð á. Ekki kveðst Steinþór minnast þess, að hann hafi nokkru sinni séð landamerkjaskrá fyrir Nýjabæ. Hann kveðst ekki vita, hvar sýslumörkin milli Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslu séu fyrir sunnan Miðás.

Vitnið Jóhann Sigurðsson, fyrrum bóndi á Úlfsstöðum í Akrahreppi, sem fæddur er hinn 5. júní 1883, hefur skýrt svo frá, að hann hafi flutzt að Úlfsstöðum árið 1917. Hann kveður það hafa verið á fyrstu árum sínum þar, sem Magnús Gíslason á Frostastöðum, þáverandi hreppstjóri, hafi gert hann út til þess að ganga frá kaupum á Nýjabæjarafrétt fyrir hönd Magnúsar. Kveður Jóhann sig minna, að Nýjabæjarjörðin hafi einnig verið með í kaupunum. Jóhann kveður þá Davíð á Kroppi, Einar á Stokkahlöðum og Magnús á Grund hafa skrifað undir samninginn af hálfu Eyfirðinga og hafi það verið á Grund í Eyjafirði. Kveður hann kaupverðið hafa verið 600 krónur. Jóhann kveðst strax hafa afhent Magnúsi kaupbréfið, er hann kom úr ferðinni. Jóhann kveður það fjarri því, að hann þekki takmörk Nýjabæjarafréttar, og kveðst hafa sagt Magnúsi Gíslasyni það, að hann þekkti engin örnefni á þessu svæði, er hann var gerður út í umrædda sendiför, en Magnús hafi ekki sett það fyrir sig. Jóhann kveðst ekki þekkja sýslumörk Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslu fyrir sunnan Nýjabæjarfjall, enda hafi hann aldrei komið þar.

Verður nú vikið að rökstuðningi málsaðilja fyrir kröfum sínum. Sóknaraðiljar reisa dómkröfur sínar á því, að samkvæmt fyrrgreindum landamerkjabréfum Hóla og Möðruvalla, dags. 28. apríl 1886, 23. maí 1889 og 15. júní 1923, eigi Möðruvellir afréttarland

frá Sandá, allan Sölvadal að austan og Sandárdal að vestanverðu og Hraunárdal allan báðum megin og þaðan suður á fjall að svonefndu Laugafelli, en Hólar hafi átt afrétt í Eyjafjarðardal að austanverðu árinnar fram frá Klaufá, þar sem við hana er byggður trippagarður, og að vestanverðu árinnar fram frá trippagarði þeim, sem byggður er rétt á móti garðinum að austanverðu árinnar, og fram til jökla að austan og vestan til sýslumóta. Í landamerkjalýsingu Hóla frá 15. júií 1923 segir svo: „Afréttarland er sem hér segir: Á Eyjafjarðardal sunnanverðum er þverá, er Klaufá heitir. Við hana er hlaðinn fyrirstöðugarður. Gengt þessum garði er annar garður vestanmegin árinnar. Eiga Hólar afrétt frá Klaufá og garðinum vestanmegin og fram það sem dalurinn nær á efstu fjallsbrún að austan og að sýslumótum að vestan".

Rétt sinn samkvæmt þessum landamerkjaskrám hafi eigendur jarðanna framselt sóknaraðilja, sbr. fyrrgreinda samninga um þetta efni, dags. 11. maí 1963 og 19. júlí 1965, en sóknaraðili hafi nú þegar hafið gróðurtilraunir á þessu landsvæði.

Samkvæmt nefndum landamerkjaskrám sé það ljóst, að Hólar og Möðruvellir hafi átt landsvæði það, sem sóknaraðili gerir nú tilkall til. Þetta styðji enn fremur munnmælasaga, fyrst skráð af séra Einari Thorlacius um 1840 í sóknarlýsingu Saurbæjar, um það, að Þórunn ríka, sem bjó á Möðruvöllum um 1400, hafi flutt sig með hyski sitt suður að Laugafelli, meðan svarti dauði geisaði, og hafzt þar við. Þá muni hún enn fremur hafa haft þar í seli fyrstu sumrin eftir pláguna. Bendi þetta eindregið til þess, að Laugafellsöræfin hafi tilheyrt Möðruvöllum.

Aftur á móti sé engin landamerkjaskrá til fyrir Nýjabæ, að minnsta kosti hafi hún eigi fundizt. Hafi þó verið boðið bæði samkvæmt lögum nr. 5/1882 um landamerki og lögum nr. 41/1919 um landamerkjagerð að gera landamerkjalýsingar.

Þá sé orðalagið í afsalinu fyrir Nýjabæ frá 29. janúar 1464 „ok suo langt aa fioll fram sem votn dragha. ok egh uard fremst eigandi ath" það óljóst, að það geti eigi haft gildi fyrir úrslit málsins. En verði byggt á nefndu afsali, hefur lögmaður stefnanda haldið því fram, að með orðalaginu „ok egh uard fremst eigandi ath" sé aðeins átt við dali þá, er ganga austur úr Austurdal, en alls ekki eins langt suður og vötn draga, því að þá hefði orðið að standa til jökla eða eitthvað slíkt, þar sem það sé málvenja í Austurdal að segja „fram í dal" í merkingunni „austur í dal".

Lögmaður varnaraðilja hefur sérstaklega mótmælt þessum skilningi á orðalagi afsalsins.

Enn fremur bendir sóknaraðili á, að jarðirnar Hólar og Möðruvellir í Eyjafirði hafi öldum saman verið höfuðból í eigu einstakra manna, og samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns hafi dýrleiki þeirra verið langtum meiri og þær framfleytt stærri bústofni heldur en jarðirnar Ábær og Nýibær með Tinnárseli í Austurdal, sem verið hafi kotjarðir, lengst af í eigu Hólastóls, er ábúendur hafi unnvörpum flosnað upp af, sbr. Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781—1953, dskj. nr. 42. Þessa staðreynd telur sóknaraðili, að renni enn styrkari stoðum undir þá staðhæfingu sína, að land það, sem um er deilt í máli þessu, hafi tilheyrt jörðunum Hólum og Möðruvöllum, en ekki fyrrgreindum jörðum í Austurdal.

Samkvæmt lögum um alþingiskosningar nr. 52/1959, 5. gr. A., 3. tl., sé Skagafjarðarsýsla hluti af Norðurlandskjördæmi vestra, en samkvæmt 5. gr. B., 1. tl., sé Eyjafjarðarsýsla hluti af Norðurlandskjördæmi eystra. Í Ríkishandbók Íslands, útg. 1965, séu sýslumörk Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslna sunnan þess svæðis, þar sem sýslumörk fyrrgreinds uppdráttar herforingjaráðsins (útg. 1945, mælikvarði 1 : 500.000) þrýtur, þ. e. í tunguna, sem myndast milli nyrðri og syðri kvíslar Fossár, dregin lauslega með punktalínu suður í Hofsjökul.

Virðist sóknaraðilja punktalína þessi dregin í austanvert Miklafell í Hofsjökli, eða í fjallið „Klakk", 1.040 m, er rís nyrzt í austasta sveig Hofsjökuls.

Af þessu og fyrrgreindum hæðarmælingum dr. Þorvalds Thoroddsens svo og þeim uppdráttum af þrætusvæðinu, er getið hefur verið hér að framan, virðist sóknaraðilja, að ráða megi, að sýslumörkin séu við Jökulsá eystri á svæðinu frá ármótum hennar og Geldingsár fram, þar til fengin sé bein lína frá árbakkanum suður í Miklafell eða Klakk í austurrönd Hofsjökuls.

Til frekari áréttingar þessu sjónarmiði bendir sóknaraðili á, að í lýsingu Eyjafjarðarsýslu eftir Steindór Steindórsson, útg. 1949, segi: „Suður frá Öxnadalsheiði liggja mörkin (þ. e. sýslumörkin) milli Austurdals og Nýjabæjarafréttar í Skagafirði og Eyjafjarðardals". Nýjabæjarafrétt sé þar talin liggja vestan sýslumarkanna, sem sýnd eru á herforingjaráðsuppdrættinum, útg. 1945, mælikv. 1 : 500.000. Virðast sýslumörkin þar dregin samhliða norðurkvísl Fossár eftir Urðarvatnahálsi í tunguna milli

norður- og suðurkvísla Fossár. Í ritinu „Göngur og réttir", II. bindi, þar sem skráð er afréttarlýsing Nýjabæjarafréttar af Hjörleifi Kristinssyni, bónda á Gilsbakka, Akrahreppi, Skagafjarðarsýslu, segir svo á bls. 262: „Vel má og vera, að suðurtakmörk Nýjabæjarafréttar hafi verið við Fossá, en ekki Geldingsá, enda ganga Eyfirðingar afréttina framan Fossár. Er það athyglisvert, að hlíðin milli Hvítár og Fossár er af Austurdælingum kölluð afrétt og virðist það sérheiti hennar. Fjallið austur af hlíð þessari heitir líka Afréttarfjall".

Fyrir framan Fossá meðfram Jökulsá eystri, þar til Jökuldal þrýtur við Stórahvamm, heiti Langahlíð. Vorið 1905 hafi bóndinn á Möðruvöllum, Jóhann Jóhannsson, og bændur í Fjósakoti, Guðrúnarstöðum og Öxnafelli í Saurbæjarhreppi rekið geldfé og fráfærulömb suður í Lönguhlíð við Jökulsá eystri. Muni Möðruvallabóndi þar hafa talið sig reka fé í sitt eigið land, en hinir bændurnir leitað samþykkis hans. Telur sóknaraðili, að þessir rekstrar í Lönguhlíð muni hafa tíðkazt um nokkurt árabil, meðan fráfærur voru tíðkaðar, a. m. k. til ársins 1909 (hér mun vera á misskilningi byggt hjá sóknaraðilja, sbr. vitnaleiðslurnar hér að framan).

Á árunum eftir 1850 hafi Eyfirðingar hafið reglulegar fjárleitir á öræfin framan Fossár langt suður fyrir Laugafell allt til Hofsjökuls og suður að Þjórsá og austur að leitarsvæðum Þingeyinga. Við Fossá hafi leitarmörk Eyfirðinga og Skagfirðinga verið og þar hafi fé þeirra verið greint í sundur. Skagfirðingar hafi ekki gengið reglulegar göngur eða fjárleitir fram fyrir Fossá, þótt einstakir menn í Austurdal hafi hins vegar oft farið í leitir á haustin á eigin vegum fram fyrir Fossá, og muni það fé, er fannst í þessum einkaleitum, að mestu hafa verið eign Eyfirðinga og að einhverju leyti Þingeyinga.

Þegar Eyfirðingar hafi einir gert reglulegar leitir á þessu svæði, hafi þeir í fyrstu rekið allt fé, er þeir hafi fundið, norður fyrir fjall til Eyjafjarðardals. Síðan hafi Austdælir farið að koma til að sækja fé sitt, ef þeir hafi vitað, hvenær Eyfirðingar voru á ferðinni. Á þessum tímum hafi þó verið mjög lítið um skagfirzkt fé á þessum slóðum vegna þeirrar fyrirstöðu, sem Fossá veitti.

En vorið 1916 hafi bóndinn í Ábæ í Austurdal rekið geldfé sitt fram fyrir Fossá og eftir það hafi fé af bæjum í Austurdal tekið að leita suður fyrir Fossá. Árið 1920 hafi verið svo komið, að fjárfjöldi úr Austurdal á svæðinu hafi verið orðinn það mikill, að eigi hafi þótt sanngjarnt, að Eyfirðingar sæju einir um göng-

urnar framan Fossár eða kostuðu þær. Jón Sigfússon, þáverandi fjallskilastjóri í Saurbæjarhreppi, hafi því tjáð fjallskilastjóra Akrahrepps, að Eyfirðingar gætu ekki lengur smalað Laugafellsöræfin án þess að taka gjald af skagfirzku fé, er þar kæmi fyrir. Jafnframt hafi hann boðið til samstarfs um smölun á þessu svæði, ef Skagfirðingar vildu það heldur. Hafi Skagfirðingar kosið síðari kostinn og gert samning við Eyfirðinga um tölu leitarmanna, leitartíma og meðferð óskilafjár, er fyrir kæmi á svæðinu. Hafi þá í fyrsta skipti verið sendir menn í göngur þangað suður af hálfu Skagfirðinga. Meðan Eyfirðingar hafi smalað svæðið einir, hafi að jafnaði verið fjórir menn í göngum, en eftir að Skagfirðingar hafi farið að taka þátt í þeim, hafi gangnamennirnir orðið 5, þrír frá Eyfirðingum, en frá Skagfirðingum tveir. Hafi leitirnar staðið í fjóra daga og lokið við Fossá, þar sem féð hafi verið dregið sundur.

Þá bendir sóknaraðili á það, að bæði sýslusjóður Eyjafjarðarsýslu og hreppssjóður Saurbæjarhrepps hafi um áratugi veitt styrk til fjárleitar á svæðinu suður og vestur af Eyjafjarðardal, svo sem rakið hefur verið hér að framan.

Enn fremur leggur sóknaraðili áherzlu á það, að eigi sé það einhlít regla, að sýslumerki liggi á vatnaskilum, og bendir því til áréttingar á mörkin milli Suður-Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu, sem séu ekki um Jökulsá á Fjöllum, heldur aðeins vestan hennar.

Að endingu hefur sóknaraðili haldið því fram, að sýslufundargerð Skagafjarðarsýslu frá aukafundinum 18. september 1947, þar sem fjallað er um umsókn Ferðafélags Akureyrar til byggingar sæluhúss norðan Laugafells, geti eigi haft nein áhrif á úrslit þessa máls, þar sem varnaraðiljar hafi hvorki getað lagt fram bréfið frá ferðafélaginu né bréf sýslumanns Eyjafjarðarsýslu, er eigi að hafa fylgt því, svo sem sóknaraðili hafi skorað á þá að gera í greinargerð sinni.

Varnaraðiljar byggja dómkröfur sínar á því, að í afsali Jóns Tryggvasonar, bónda á Möðruvöllum, til Upprekstrarfélags Saurbæjarhrepps, dags. 11. maí 1963, segi einungis, að hann afsali félaginu öllu því landi, sem tilheyri Möðruvöllum sunnan dalbotna Sölvadals. Um stærð landsins og mörk sé ekkert greint. Í landamerkjaskrá Möðruvalla, dags. 28. apríl 1886, segir: „Afréttarland á jörðin frá Sandá allan Sölvadal að austan og Sandárdal að vestanverðu og Hraunárdal allan báðumegin og þaðan suður á fjall að svonefndu Laugafelli“. Af orðalagi landamerkjaskrár

þessarar sé mjög óvíst, hvaða land sé hér um að ræða og hvar það fell sé, sem þar er kallað Laugafell. Benda varnaraðiljar sérstaklega á, að Möðruvellir standa austan megin í Eyjafjarðardal.

Í skrá um afréttir og fjárréttir í Eyjafjarðarsýslu frá 1894 séu taldar þessar afréttir í Saurbæjarhreppi: Sandárdalur frá heimasta flóa, Sölvadalur, Hraunárdalur og Hraunártungur, en þetta séu þau afréttarlönd, er virðist geta tilheyrt Möðruvöllum.

Í Fasteignabók Eyjafjarðarsýslu 1849—1850 segir svo um Möðruvelli: „Jörðin á afrétt, er með einu nafni nefnast Sölvadalstungur, er rúmlítil, er grýtt, graslítil og skriðuhætt". Ljóst er, að þá hafi afréttarland Möðruvalla eigi verið talið ná fram til Hofsjökuls og vestur að Jökulsá eystri.

Þá segi í Fasteignamatsbók Eyjafjarðarsýslu frá 1916, að jörðinni fylgi afréttarlönd, Sölvadalur, Hraunárdalur og Hraunártungur, þótt jörðin hafi ekki tekjur af þeim. Sé litið á landabréf, sjáist afréttarlönd þessi vel, en hins vegar sé ljóst, að eigi nái lönd þessi fram að Hofsjökli.

Með yfirlýsingu Geirlaugar Jónsdóttur, dags. 19. júlí 1965, sé Upprekstrarfélagi Saurbæjarhrepps fengið til fullra umráða afnot alls lands, sem tilheyri Hólum, sunnan og vestan Eyjafjarðardals, svo lengi sem félagið starfi og vilji nýta það. Það sé hins vegar ekki neitt tekið fram um það, hvert sé landsvæðið eða hvar mörk þess séu.

Í Fasteignabók fyrir Eyjafjarðarsýslu 1849—1850 segir, að jörðin eigi afrétt á svokölluðum Eyjafjarðardal báðum megin og engin önnur hlunnindi. Þá segi í Fasteignamatsbók Eyjafjarðarsýslu frá 1916 varðandi Hóla, að búhagar séu þar þröngir og jörðinni fylgi afréttin Hóladalur. Af þessum ummælum sé það ljóst, að þá hafi ekki verið talin fylgja jörð þessari stór lönd allt fram að Hofsjökli og vestur að Jökulsá eystri.

Austurdalur í Skagafirði hafi fyrr á öldum verið byggður mjög langt fram á öræfi. Hann sé nú í eyði fyrir framan Merkigil. Þar fyrir framan hafi verið þrír bæir, er hér komi sérstaklega við sögu, Nýibær, sem muni hafa farið endanlega í eyði um 1849, og Ábær, sem farið hafi í eyði 1944. Eyðibýlið Tinnársel var einnig á þessum slóðum.

Varnaraðiljar, sem nú eru eigendur þessara jarða, benda á, að samkvæmt landamerkjaskrá Ábæjar frá 24. maí 1888 sé hálf Nýjabæjarafrétt talin fylgja Ábæ. Landamerkjaskrá Nýjabæjar hafi ekki fundizt, en ætið hafi verið talið, að jörðinni fylgdi hálf

Nýjabæjarafrétt, er næði svo vítt sem vötn féllu í Skagafjörð, þ. e. a. s. allur sá dalur, sem myndast af Jökulsá eystri og þverám hennar allt til Hofsjökuls. Þessu til áréttingar benda varnaraðiljar á afsalið frá 29. janúar 1464, þar sem Þorleifur Árnason selur hálfa jörðina Nýjabæ, en þar séu merki talin að Tinná og svo langt á fjöll fram sem vötn draga. Það sé einnig ljóst, að aldrei hafi verið talinn leika vafi á því í hugum manna fram að þeim tíma, er málaferli þessi hófust, að land þetta væri í raun og veru afréttarland Skagfirðinga. Á sömu skoðun hafi stjórnendur Ferðafélags Akureyrar og sýslumaður Eyjafjarðarsýslu verið árið 1947, þegar félagið hafi sótt um leyfi til að reisa sæluhús skammt frá Laugafelli og fengið til þess meðmæli sýslumanns Eyjafjarðarsýslu. Mótmæla varnaraðiljar kröfum sóknaraðilja til þessa landsvæðis sem hreinni markleysu, enda geti það engan rétt skapað þeim til landsins, þótt þeir nú á alsíðustu árum hafi byrjað uppgræðslu á Nýjabæjarafrétti.

Þegar litið sé á uppdrátt að Mið-Norðurlandi, þ. e. a. s. Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslu, sjáist vel, að Skagafjarðardalurinn með þeim dölum, sem fram að honum liggja, nái sem ein órofa heild fram að Hofsjökli. Alkunnugt sé, að það hafi verið gömul venja við landskipti að telja dali með ám frá upptökum til sjávar. Og sé litið á Eyjafjarðardal, þá endi hann að sjálfsögðu þar, sem vatnasvæði Eyjafjarðarár sleppir, enda sjái það allir, hve óvenjulegt það væri, ef tveir bæir í Eyjafirði, þar af annar austan dals, ættu land að Jökulsá eystri og stóran hluta af Jökulsárdalnum sjálfum, dal, er sé í beinu samhengi við meginbyggð Skagafjarðarsýslu, enda þótt nú sé kominn í eyði.

Varnaraðiljar viðurkenna, að á ýmsu hafi gengið með göngur og gangnaskil á þessu svæði, en þó hafi Skagfirðingar ætíð gengið fram að Geldingsá, en þar fyrir framan og Laugafellsöræfi muni Skagfirðingar og Eyfirðingar hafa gengið í félagi. Jafnframt benda varnaraðiljar á, að svo virðist sem þeir, er kalli til eignarréttar á þessu svæði úr Eyjafirði, hafi talið þann eignarrétt hæpinn, þar sem þeir hafi talið sig þurfa að fá sérstakan styrk úr sýslusjóði Eyjafjarðarsýslu til að fara göngur þessar.

Þá telja varnaraðiljar, að mælingar dr. Þorvalds Thoroddsens, þar sem hann telur ýmsa tilgreinda staði þarna á öræfunum vera innan Eyjafjarðarsýslu, skipti hér engu máli, þar sem dr. Þorvaldur hafi ekki verið staðkunnugur á þessu svæði og ekki fengizt við neinar landamerkjaákvarðanir.

Ekki fá varnaraðiljar heldur séð, að lýsingar þeirra Steindórs

Steindórssonar eða Hjörleifs Kristinssonar á Gilsbakka geti skipt hér verulegu máli, enda séu þær ónákvæmar. Í þessu sambandi mótmæla þeir því sérstaklega, að Skagfirðingar hafi eigi gengið fram fyrir Fossá, og einnig, að fé úr Akrahreppi hafi ekki verið rekið fram fyrir Fossá fyrr en árið 1916.

Að endingu hafa varnaraðiljar vakið athygli á því, að á uppdrætti þeim, er sóknaraðili hafi lagt fram, sé orðið „Nýjabæjarafrétt" afmáð, af því að það komi ekki heim við dómkröfur sóknaraðilja. Staðsetning heitisins á uppdráttinn gefi þó allmikla vísbendingu í máli þessu, þar sem ekki sé annað ætlandi en kortagerðarmenn hafi við gerð kortsins einungis gert það, sem þeir hafi álitið réttast. Hljóti þeir að hafa haft einhverjar upplýsingar, munnlegar eða skriflegar, um staðsetningu Nýjabæjarafréttar, þá er þeir gerðu uppdráttinn. Telja varnaraðiljar, að hér sé enn eitt atriði á ferðinni, er renni stoðum undir málstað þeirra.

Samkvæmt lögum Upprekstrarfélags Saurbæjarhrepps er tilgangur félagsins sá, að hlutast til um, að landsvæðið austan Jökulsár í Austurdal frá Fossá að norðan suður að Fjórðungskvísl verði grætt upp og notað til sumarbeitar fyrir sauðfé félagsmanna. Er kröfugerð félagsins í máli þessu á því byggð, að það hafi tekið eignarheimildir að landsvæði þessu frá eigendum Möðruvalla og Hóla í Saurbæjarhreppi, sem frá fornu fari telji til eignar á landsvæðinu. Er ljóst, að aðeins er byggt á afréttarlöndum jarða þessara, en ekki heimalöndum.

Eins og áður er rakið, segir svo um afrétt Möðruvalla í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns: „Afréttarland á staðurinn fram úr Sölvadal, sem heitir Sölvadalstúngur, og brúkast af öllum ábúendum Möðruvalla eigna til upprekstur fyrir lömb og geldfé, og so eru þángað stundum látnir hestar á sumur".

Um Hóla segir svo um sama atriði í Jarðabókinni: „Afrétt á staðurinn fram frá Tjarnarlandi og botninn á Eyjafjarðardal".

Í Fasteignamatsbók Eyjafjarðarsýslu 1849—1850 er þess getið um jörðina Hóla, að afrétt sé fyrir hana og fyrir aðra á svokölluðum Eyjafjarðardal báðum megin og engin önnur hlunnindi. Í Jarðeignamatsbók Eyjafjarðarsýslu 1849—1850 er þess getið um jörðina Möðruvelli með eyðihjáleigunni Sveinshúsum, að jörðin sé næstum haglendislaus. Jafnframt er þess getið, að jörðin eigi afrétt, er með einu nafni kallist Sölvadalstungur, sem sé rúmlítil, grýtt, graslítil og skriðuhætt. Í landamerkjalýsingu Hóla með hjáleigum, sem gerð var hinn 23. maí 1889 og þinglesin 24. s. m. og staðfest var af eigendum Hólatorfunnar, Arnarstaða og Vatns-

enda, er skráð, að Hólar eigi afrétt í Eyjafjarðardal að austanverðu árinnar fram frá Klaufá og að vestanverðu árinnar frá trippagarði þeim, sem sé byggður þar við ána á móti trippagarði austan árinnar, „og fram til jökla að austan og vestan til sýslumóta". Í landamerkjalýsingu Möðruvalla, sem gerð var hinn 28. apríl 1886 og þinglesin 24. maí 1888 og staðfest var af eigendum Möðruvalla, Kálfagerðis, Æsustaða, Helgastaða, Skriðu, hálfra Ánastaða, Núpufells, Stekkjarflata og Fjósakots, er skráð, að jörðin eigi afrétt „frá Sandá allan Sölvadal að austan og Sandárdal að vestanverðu og Hraunárdal allan báðumegin og þaðan suður á fjall að svonefndu Laugafelli". Við lýsingu jarðarinnar Hóla í Fasteignamatsbók Eyjarfjarðarsýslu 1916 er um landamerki vísað til fyrrgreindrar landamerkjalýsingar, sem þinglesin var hinn 24. maí 1889. Í frekari lýsingu jarðarinnar er þess getið, að henni fylgi afréttin, Hóladalur, en henni ekki lýst nánar. Við lýsingu jarðarinnar Möðruvalla í Fasteignabók Eyjafjarðarsýslu árið 1916 er um landamerki vísað til landamerkjalýsingar, sem fram lögð hefur verið í eftirriti, en ekki verður séð, hvernig sú lýsing hefur verið. En þarna í bókinni er gerð sjálfstæð lýsing á jörðinni. Um afrétt jarðarinnar segir þar svo: „Jörðinni fylgja afréttarlönd, Sölvadalur, Hraunárdalur og Hraunártungur, þó jörðin hafi ekki tekjur af þeim". Í landamerkjalýsingu Hóla, sem gerð var hinn 15. júní 1923 og þinglesin hinn 19. júní 1923 og staðfest af eigendum Hóla, Tjarna, Arnarstaða, Skáldastaða, Kolgrímastaða, Vatnsenda og Þormóðsstaða, er þess getið, að jörðin eigi afréttarland sem hér segir: „Á Eyjafjarðardal austanverðum er þverá, er Klaufá heitir. Við hana er hlaðinn fyrirstöðugarður. Gegnt þessum garði er annar garður vestanmegin árinnar. Eiga Hólar afrétt frá Klaufá og garðinum vestanmegin, og fram það sem dalurinn nær, á efstu fjallsbrún að austan og að sýslumótum að vestan".

Ljóst er af því, sem hér hefur verið rakið, að misræmi er milli þessara heimilda um víðáttu afréttarlanda jarðanna Hóla og Möðruvalla, og kemur eigi fram, á hvaða grundvelli víðátta afréttarlandanna, eins og þeim er lýst í landamerkjalýsingunum frá 1886 og 1889, er byggð. Elzta heimild um ítök Möðruvalla á Laugafellsöræfum er sóknarlýsing sr. Einars Thorlacius í Saurbæ frá 1840, þar sem getið er vegar úr Sölvadal „og þaðan undir Laugarfell. Þar hafði Þórunn ríka á Möðruvöllum sumarsel og hélt þar til með hyski sitt, eftir tradition, meðan svartidauði geisaði yfir". En þar sem svipaðar sagnir um flótta fyrirfólks

upp á öræfi í svartadauða eru kunnar víða um land og eru með flökkusagnasvip (t. d. um Torfa í Klofa, sem flúði á Torfajökul, og um aðra húsfreyju í Eyjafirði, Grundar-Helgu, sem flúði á fjöll, Þórunn ríka á Möðruvöllum er og ella ókunn, verður ekki talið, að sögn þessi sé gild heimild. Verður raunar að telja líklegt, að hin óljósa lýsing á afréttarlandi Möðruvalla í landamerkjalýsingu frá 28. apríl 1886: „og þaðan suður á fjall að svonefndu Laugafelli“ — eigi rætur að rekja til fyrrgreindrar sagnar um Þórunni ríku, enda er Laugafell eitt kennimerkja suður á öræfunum nefnt í báðum gögnunum. Þykir því verða að byggja á því við úrlausn máls þessa, að afréttarlönd jarðanna Hóla og Möðruvalla nái ekki suður fyrir Eyjafjarðardal, enda verður ekki talið, að fjárleitir Eyfirðinga eða framkvæmdir á svæðinu suður og vestur af Eyjafjarðardölum hafi skapað Hólum og Möðruvöllum umráðarétt yfir því svæði, sem Upprekstrarfélag Saurbæjarhrepps gerir nú tilkall til.

En hver afréttarmörk milli Hóla og Möðruvalla niður á Eyjafjarðardölum eru gagnvart öðrum jörðum þar í sveitum, er hins vega eigi til úrlausnar í þessu máli.

Rétturinn lítur svo á, að ósannað sé, hvar Nýjabæjarafrétt sé staðsett austan Jökulsár eystri og hver séu takmörk hennar, enda ávallt talað um hana sem sjálfsagðan hlut án skilgreiningar í skjölum málsins, vitnum og aðiljum hefur eigi borið saman um staðfæringu hennar og umfang, og fram hefur komið, að örnefnið hefur eigi verið staðsett á landakort með þeirri nákvæmni, að byggt verði á.

Elzta skjal, sem lagt hefur verið fram í málinu, er afsalið fyrir hálfri jörðinni Nýjabæ frá 29. janúar 1464, frumrit á skinni. Í því afsali er það tekið fram, að jörðin eigi land að Tinná og svo langt á fjöll fram sem vötn draga, „ok egh uard fremst eigandi ath.“ Með þessu orðalagi telur rétturinn, að sé átt við allt land fyrir austan Jökulsá eystri frá Tinná allt til upptaka þeirra vatna, er að staðaldri falla til Austurdals, enda verður ekki á það fallizt með sóknaraðiljum, að með orðinu „fremst“ sé átt við „til austurs“, heldur sé það hér í merkingunni „frekast“. Þetta afsal frá árinu 1464 verður að telja rétthærra heldur en landamerkjaskrár Möðruvalla og Hóla frá 28. apríl 1886 og 23. maí 1889 samkvæmt reglunni prior tempore potior jure. Þá er og á það að líta, að landamerkjaskrárnar stangast á innbyrðis, þær eru óljósari varðandi þrætulandið heldur en afsalið, og að endingu hefur hvorug þeirra verið árituð af eiganda Ábæjar og Nýjabæjar, svo sem lög-

skylt var samkvæmt 3. gr. landamerkjalaga nr. 5/1882, sbr. nú 2. gr. laga nr. 41/1919 um landamerki. Að vísu vanrækti eigandi Nýjabæjar að fullnægja skyldum 3. gr. laga nr. 5/1882 og 2. gr. laga nr. 41/1919 um gerð landamerkjaskrár. Slík vanræksla varðaði sektarrefsingu samkvæmt 5. gr. laga nr. 5/1882 og nú 7. gr. laga nr. 41/1919, en ekki öðrum viðurlögum. Hins vegar verður ekki talið, að hún (vanrækslan) leiði til brottfalls eignarréttar, enda mundi þá eignarréttur falla brott með mjög óvenjulegum hætti, því að beitingarleysi eignarréttarins eitt sér leiðir eigi til brottfalls hans, heldur þarf til að koma beiting annars aðilja, er útiloki nýtingu eigandans sjálfs, en eigi hafa verið færðar sönnur á, að slík skilyrði hafi verið fyrir hendi.

Verður því að telja, að allt það land, sem um er talað í afsalinu frá 1464, tilheyri nú varnaraðiljum máls þessa, enda er ekkert fram komið í málinu, að það hafi síðar gengið undir jarðirnar Hóla eða Möðruvelli, svo að bindandi sé fyrir varnaraðilja, því að hvaða hugmyndir, sem einstakir kaupendur jarðarinnar Nýjabæjar fyrr eða síðar kunna að hafa gert sér um stærð hennar, þá verður eigi talið, að það hafi haft í för með sér breytingar á stærð landsins, eins og því er raunverulega lýst í afsalinu frá 1464, hvorki þannig, að það leiði til réttarmissis fyrir varnaraðilja, né heldur og þaðan af síður til réttarávinnings fyrir sóknaraðilja.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður landamerkjalína varnaraðilja, eins og hún er dregin á uppdrættinum á dskj. nr. 31, þar á meðal fyrir austan Urðarvötn, tekin til greina að öðru leyti en því, að nema ber af henni totu fyrir suðvestan botn Eyjafjarðardals, og enn fremur að færa línuna til vesturs fyrir austan Laugakvísl á milli hæðarpunktanna 915 og 856, með því að rétturinn lítur svo á, að þar hafi varnaraðiljar farið út fyrir vatnaskil. Hefur rétturinn merkt þessa breytingu inn á uppdráttinn með rauðri brotinni línu.

Eftir atvikum öllum þykir rétt, að málskostnaður falli niður með hliðsjón af 178. gr. einkamálalaganna nr. 85/1936.

Málskostnaður sóknaraðilja þykir hæfilega ákveðinn kr. 140.381.40 og greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni sóknaraðilja, Friðriki Magnússyni hæstaréttarlögmanni, kr. 110.000.00 í málssóknarlaun, enda er mál þetta mjög umfangsmikið.

Málskostnaður varnaraðilja og réttargæzluaðilja, Skagafjarðarsýslu, þykir hæfilega ákveðinn kr. 155.787.00 og greiðist úr ríkis-

sjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni þessara aðilja, Gísla G. Ísleifssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 110.000.00 í málsvarnarlaun.

Dóm þennan kváðu upp Magnús Thoroddsen dómsformaður ásamt meðdómendunum Guðmundi Jónssyni borgardómara og Þórhalli Vilmundarsyni prófessor. Nokkur dráttur hefur orðið á uppsögn dóms þessa. Stafar hann af því, hversu umfangsmikið mál þetta var.

Dómsorð:

Kröfugerð varnaraðilja, eigenda Ábæjar og Nýjabæjar með Tinnárseli í Austurdal í Akrahreppi, Skagafjarðarsýslu, eins og hún er mörkuð inn á uppdráttinn á dskj. nr. 31 (Atlasblað nr. 64 og 65, mælikvarði 1 : 100.000), er tekin til greina með þeim breytingum, sem dómurinn hefur merkt inn á uppdráttinn með rauðri, brotinni línu.

Málskostnaður fellur niður.

Málskostnaður sóknaraðilja, Upprekstrarfélags Saurbæjarhrepps í Eyjafjarðarsýslu, ákveðst kr. 140.381.40 og greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni þeirra, Friðriki Magnússyni hæstaréttarlögmanni, kr. 110.000.00 í málssóknarlaun.

Málskostnaður varnaraðilja, eigenda Ábæjar og Nýjabæjar með Tinnárseli í Austurdal í Akrahreppi, Skagafjarðarsýslu, og réttargæzluaðiljans, Skagafjarðarsýslu, ákveðst kr. 155.787.00 og greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni þessara aðilja, Gísla G. Ísleifssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 110.000.00 í málsvarnarlaun.

Þriðjudaginn 29. apríl 1969.

Nr. 220/1968. **Kristján Teitsson og Hagtrygging h/f**
(Sigurður Sigurðsson hrl.)
gegn
Samvinnutryggingum og gagnsök
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. nóvember 1968 og krafizt sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 26. nóvember 1968. Krefst hann þess, að aðaláfrýjendum verði dæmt að bera óskipt að hálfu fébótaábyrgð á tjóni því, er varð á bifreiðinni X 1201 í árekstri við bifreiðina R 15926 á Krísuvíkurvegi í Ölfusi hinn 29. janúar 1967. Þá krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjendum verði óskipt dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvik eru skilmerkilega rakin í héraðsdómi, og ber með skírskotun til forsendna hans að staðfesta ákvæði hans um sakarskiptingu.

Rétt er, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarskiptingu skal vera óraskað.

Aðaláfrýjendur, Kristján Teitsson og Hagtrygging h/f, greiði gagnáfrýjanda, Samvinnutryggingum, óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. nóvember 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 26. f. m., hafa Samvinnutryggingar, hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 17. apríl 1968, gegn Kristjáni Teitssyni, Mosgerði 13, og Hagtryggingu h/f, báðum hér í borg, til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð kr. 54.410.50 með 7% ársvöxtum frá 13. apríl 1967 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu hafa í greinargerð krafizt sýknu af kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða þeim málskostnað að mati réttarins.

Samkvæmt ósk aðilja og með samþykki dómarans hefur sakarefninu verið skipt samkvæmt heimild í 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936 þannig, að nú er aðeins fjallað um skaðabótaábyrgð stefndu.

Málavextir eru þeir, að sunnudaginn 29. janúar 1967, um klukkan fjögur síðdegis, varð árekstur á Krísuvíkurvegi í Ölfusi, skammt austan við bæinn Litla-Land. Fólksbifreiðinni X 1201, sem er af gerðinni Volkswagen 1600, var ekið vestur Krísuvíkurveg. Jeppabifreiðinni R 15926 var ekið austur nefndan veg. Í brekku rétt austan við Litla-Land rákust bifreiðarnar á. Við árekstur inn hvolfdi bifreiðinni X 1201, og fór bifreiðin eina eða tvær veltur á veginum, en staðnæmdist síðan á hjólunum.

Bifreiðin X 1201 var skylduvátryggð hjá stefnanda og jafnframt húftryggð með kr. 10.000.00 eigin áhættu tryggingartaka. Stefnandi kveðst hafa greitt úr húftryggingu bifreiðarinnar vegna þessa tjóns alls kr. 174.821.00. Leysti stefnandi bifreiðina til sín á umsömdu verði, kr. 170.000.00. Af hálfu stefnanda er skýrt svo frá, að ýmiss kostnaður hafi fallið á vegna flutnings á bifreiðinni o. fl. og hafi kostnaður þessi numið alls kr. 4.821.00. Með afsali, dags. 24. apríl 1967, var flakið af bifreiðinni selt Ingólfi H. Herbertssyni, Tunguvegi 15, Reykjavík, fyrir kr. 66.000.00. Í máli þessu krefur stefnandi stefndu um endurgreiðslu á helmingnum af kr. 108.821.00.

Að tilhlutan lögreglunnar á Selfossi fór Jón Sigurðsson, bifreiðaeftirlitsmaður á Selfossi, á vettvang. Gerði hann uppdrátt af vettvangi og skráði niður skýrslu um ökuóhapp þetta. Í skýrslu bifreiðaeftirlitsmannsins segir m. a.:

„Er ég kom á staðinn, var komið rökkur. Nokkrir menn voru þar staddir, en enginn þeirra hafði orðið sjónarvottur að árekstrinum, en töldu sig hafa séð til ferða bifreiðarinnar X 1201, er

hún ók vestur Krýsuvíkurveg móts við Hlíðardalsskóla. Hafi bifreiðinni verið ekið mjög hratt. Búið var að færa bifreiðarnar til, er ég kom á staðinn, en vegsummerki orðin mjög ógreinileg, því nokkur umferð var um veginn. Þó mátti sjá hemlaför í nyrðri vegarbrún, og töldu viðstaddir, að það væri eftir R 15926. Í enda hjólfarsins mátti greina mynztur eftir hjólbarða, og passaði það við mynztur á hjólbörðum R 15926. Eftir bifreiðina X 1201 sáust ekki önnur vegsummerki en glerbrot á veginum, þar sem sú bifreið valt minnsta kosti eina veltu og hafnaði á hjólunum á veginum. Nokkurt rót var í vegarbrúninni, sem gæti verið eftir þá bifreið. ... Skemmdir á R 15926 voru: Frambretti h. m. rifið og beyglað, stuðari boginn, drifloka brotin, stýrisstöng brotin. Bifreiðin X 1201 var mjög illa farin. Virðist hafa skemmzt mest í veltunni. Öll yfirbygging beygluð og rifin (ónýt). Hjólabúnaður virtist aflagaður, skakkur og boginn. Eftir vegsummerkjum að dæma leit út fyrir, að afturhluti þeirrar bifreiðar hafi slegizt í framhorn R 15926, er þær mættust.

Ég hafði tal af ökumönnum. Ökumaður R 15926 skýrði mér svo frá, að hann hafi verið að koma frá Hlíðarenda á leið austur Krýsuvíkurveg. Er hann kom upp brekkuna, sem er austan við bæinn Litla-Land, kom bifreiðin X 1201 á móti, að honum virtist á allmikilli ferð og svansaði nokkuð til á veginum (og nokkuð mikið til hægri). Kvaðst hann þá hafa strax vikið til vinstri og hemlað, en það hafi ekki skipt neinum togum, að bifreiðin X 1201 hafi sveiflazt utan í sína bifreið, afturendi slegizt í framstuðara og síðan hafi bifreiðin oltið jafnvel tvær veltur. Ökumaður R 15926 kvaðst hafa fært sína bifreið til eftir áreksturinn. Fór með hana upp á hæðarbrúnina og út fyrir veginn, svo að umferð stöðvaðist ekki.

Ökumaður R 15926 taldi sig hafa verið á lítilli ferð, mesta lagi 25—30 km hraða. Hafi hann verið í öðrum gear upp brekkuna.

Ökumaður X 1201 skýrði svo frá, að hann hafi verið á leið vestur Krýsuvíkurveg. Er hann kom á hæðina, þar sem slysið varð, hafi hann verið á um 55—60 km hraða. Sá hann þá bifreiðina R 15926 koma á móti sér. Hafi sú bifreið verið nokkuð mikið til hægri á veginum. Kvaðst hann þá hafa hemlað, en bifreiðin lent með afturenda á bifreiðinni, sem á móti kom, og hafi hann þá misst stjórn á sinni bifreið, sem endaði með veltu og slysum á þremur farþegum, sjálfur kvaðst hann vera stirður og hálfdofinn eftir.

Þar sem áreksturinn skeði, er blind hæð, vegur all breiður

uppi á hæðinni. Þarna hafa áður orðið árekstrar. Væri því mikil þörf á, að veginum væri skipt í tvær akbrautir yfir hæðina. Með því væri komið í veg fyrir, að þarna yrðu árekstrar".

Kristján Teitsson, ökumaður bifreiðarinnar R 15926, gaf skýrslu hjá lögreglunni á Selfossi 31. janúar 1967. Þar segir m. a.: „Ég var að koma frá Hlíðarenda í Ölfusi og ók bifreið minni, R 15926. Í framsæti hjá mér sat Halldór Magnússon, en piltarnir Eðvarð Ingólfsson og Kári sonur minn sátu í aftursætinu. Upp brekkuna austan við bæinn Litla-Land ók ég í 2. hraðastigi, og tel ég, að hraðinn hafi verið um 30 km á klst. Ég var vel yfir á mínum vinstri vegarhelmingi. Þegar ég var kominn upp undir brekkubrúnina, sá ég bifreiðina X 1201 koma á móti mér, og sá ég, að hún sneri þannig á veginum, að ég sá á vinstri hlið hennar. Ég sveigði fast út í vinstri vegarkant og stöðvaði. Var bifreið mín kyrr, þegar áreksturinn varð. Bifreiðin X 1201 sveiflaðist til hinnar hliðarinnar, og slóst afturhluti hægra afturbrettis þeirrar bifreiðar í hægra framhorn og framhjól minnar bifreiðar. Eins og áður segir, var ég búinn að stöðva bifreiðina, þegar áreksturinn varð, og ég var fast úti á mínum vinstri vegarkanti. Merki það á uppdrættinum, sem sýna á, hvar áreksturinn gerðist, er því ekki alls kostar rétt, þar sem það er sem næst miðju vegarins. Ef áreksturinn hefði orðið þar, tel ég, að bifreiðin X 1201 mundi hafa farið út af veginum, þegar hún valt. Þegar ég kom út úr bifreið minni, voru allir komnir út úr bifreiðinni X 1201. Ég sá strax, að þarna hafði orðið slys á mönnum og ræddi við þá um, að ég færi upp að Hlíðardalsskóla til að kalla á lögregluna. Fór ég þá upp í bifreið mína og ók af stað, en þá var bifreið mín stjórnlaus, stýrið úr sambandi. Fór bifreiðin til hægri skáhallt yfir veginn, og stöðvaði ég hana svo, eins og sýnt er á uppdrættinum. Mér fannst áreksturinn svo lítill, að ég taldi, að bifreið mín væri óskemmd, og mér datt ekki í hug, að hún væri svo illa farin sem raun varð á. Ég sendi piltana, sem með mér voru, upp að Breiðabólstað til að síma eftir aðstoð. Þegar bifreiðin X 1201 stöðvaðist eftir veltuna, var hún á hjólunum á miðjum veginum og sneri til norðurs".

Hér fyrir dómi 15. október s.l. hefur stefndi Kristján Teitsson meðal annars skýrt svo frá, að hann hafi fundið, um leið og hann tók bifreiðina af stað, að hún lét ekki að stjórn. Kveðst hann því hafa tekið ákvörðun um það að aka henni út fyrir veginn, svo að umferð stöðvaðist ekki. Hann segir, að R 15926 hafi ekki hreyfzt neitt við áreksturinn, enda hafi enginn slasazt eða skrám-

azt. Hafi þeir varla hreyfzt til í sætunum. Eftir árekstur inn hafi bifreiðin staðið alveg út við vinstri vegkant, sem næst rétt á veginum. Hann telur, að hjólfarið merkt D á uppdrættinum sé vinstra hjólfar jeppabifreiðarinnar. Hann staðhæfir, að hann hafi ekið vel á sínum vegarhelmingi í umrætt sinn.

Halldór Magnússon, fæddur 23. apríl 1893, farþegi í bifreiðinni R 15926, hefur í skýrslu hjá lögreglunni á Selfossi þann 31. janúar 1967 skýrt svo frá, að það sé alveg öruggt, að bifreiðin R 15926 hafi verið fast úti á sínum vinstri vegarhelmingi, eins og merkt er D á uppdrættinum. Þá segir hann enn fremur, að bifreiðin R 15926 hafi verið stönzuð, áður en bifreiðin X 1201 rakst á hana. Hann segir, að Kristján Teitsson hafi ekið til vinstri á veginum alla leið upp brekkuna.

Eðvarð Ingólfsson, fæddur 26. júní 1950, og Kári Kristjánsson, fæddur 20. maí 1950, gáfu skýrslu hjá lögreglunni á Selfossi 31. janúar 1967 og skýrðu meðal annars svo frá, að Kristján Teitsson hafi ekið vinstra megin á veginum og hafi bifreiðin R 15926 verið fast úti á sínum vinstri vegarhelmingi og stöðvuð, þegar bifreiðinni X 1201 var ekið á hana. Þeir sátu í aftursæti bifreiðarinnar R 15926.

Vitnið Jón Bjarnason gaf skýrslu hjá lögreglunni á Selfossi þann 31. janúar 1967. Þar segir meðal annars: „Síðastliðinn sunnudag var ég á ferð í bifreið minni í nánd við Hlíðardalsskóla. Er ég var staddur skammt austan við skólann, varð ég var við rauða Volkswagen 1500 bifreið, sem kom þaðan og var síðan ekið niður þjóðveginn. Var bifreið þessari ekið mjög hratt. Nokkru síðar kom ég að, þar sem slys og árekstur hafði orðið skammt frá Litla-Landi. Bifreiðin X 1201 stóð þá úti á sínum vinstri vegarkanti, en bifreiðin R 15926 var hægra megin utan vegar, miðað við stefnu hennar, og voru sumir hinna slösuðu að fara inn í þá bifreið. Einn slasaður maður var þarna utan vegarins, og veitti ég aðstoð við að hlynna að honum. Ég tel eftir ummerkjum á veginum, að bifreiðin X 1201 hafi oltið tvær veltur á veginum".

Guðfinnur Karlsson, ökumaður bifreiðarinnar X 1201, gaf skýrslu hjá lögreglunni á Selfossi 4. febrúar 1967. Þar segir m. a.: „Skömmu áður en ég kom á hæðarbrúnina, var ég búinn að líta á hraðamælinn, og minnir mig, að hann hafi staðið á tæpum 40 mílum. Um leið og ég kom á hæðarbrúnina, sá ég hina bifreiðina koma á móti mér upp brekkuna og alveg á röngum, þ. e. mínum, vegarkanti. Ég get ekki gert mér grein fyrir, hversu langt er þá

á milli bifreiðanna. Ég álít, að þá hafi ég ekið með á að gizka 55 km hraða. Ég hemlaði þegar í stað og sveigði út á kantinn, svo sem ég þorði. Ég tel, að áreksturinn hafi orðið um það bil þar, sem merkt er á uppdrættinum hjólfar C eftir mína bifreið, en ekki þar, sem merkið X er á uppdrættinum. Áreksturinn varð með þeim hætti, að hægra framhorn á R-bifreiðinni rakst á hægra afturhorn á minni bifreið. Ég hygg, að ég hafi þá verið að byrja að beygja bifreið minni aftur inn á veginn. Það skipti engum togum, að það var sem bifreið mín lyftist upp, og þarna valt hún tvær veltur. Ég datt út í fyrri veltunni og kastaðist út fyrir veginn. Ég álít, að ég hafi komið niður tæplega miðja vegu milli merkisins C og bifreiðarinnar, eins og þetta er sýnt á uppdrættinum. Þegar bifreiðin stöðvaðist, sneri hún þversum á veginum og stóð á hjólunum. ... Þótt ég hemlaði skyndilega á hæðarbrúninni, lét bifreið mín eðlilega að stjórn, unz áreksturinn varð. Ég tel það rangt, að hún hafi svansað til fyrir árekstur inn. R-bifreiðin var á einhverri ferð, er áreksturinn varð, en áreiðanlega ekki mikilli. Það getur vel verið, að R-bifreiðin hafi stöðvazt að síðustu, þar sem merkt er D á uppdrættinum, en ég veitti því enga sérstaka athygli, þar eð maður hugsaði mest um það, hvernig farþegum mínum hefði reitt af. ... Ég vil leggja áherzlu á, að höfuðástæðan til árekstursins var sú, að hin bifreiðin ók á röngum vegarhelmingi".

Vitnið Jón Árni Einarsson gaf skýrslu hjá lögreglunni þann 4. febrúar 1967. Þar segir m. a.:

„Ég sat fyrir miðju í aftursæti á X 1201. Um leið og við komum upp á hæðarbrúnina, heyrði ég allt í einu, að Guðmundur, er sat í framsætinu, segir: „Er maðurinn vitlaus". Ég leit þá fram og sá jeppabifreið koma á móti okkur upp brekkuna, á miðjum vegi, og tel ég, að þá hafi verið ca. 15 metrar á milli bílanna. Guðfinnur beygði þá strax út í kantinn, og voru bifreiðarnar komnar alveg hlið við hlið og þétt saman. Ég held, að Guðfinnur hafi verið að byrja að beygja inn á veginn aftur, þegar mér virtist hin bifreiðin beygja að okkar bifreið, og skipti það engum togum, að hægra framhorn hennar rakst í afturhluta okkar bifreiðar hægra megin. Afleiðingin varð sú, að bifreið okkar valt tvær veltur á veginum. Við vorum að skríða út úr brakinu, er ökumaður jeppans kom til okkar og hellti yfir okkur óbótaskömmum án þess að huga sérstaklega að því, hvort einhver lægi dauður eftir. Ég tók eftir, að jeppabifreiðin stóð á miðjum vegi, nær því efst í brekkunni. Ég tel ótrúlegt, að farið, merkt D á

uppdrætti, sé eftir jeppabifreiðina, nema hún hafi þá lent úti í kanti, eftir að hún rakst á okkar bifreið, og síðan farið aftur inn á veginn, áður en hún stöðvaðist. Ökumaður jeppans mun strax hafa sent tvo stráka, er verið höfðu með honum, áleiðis upp að Hlíðardalsskóla, væntanlega til þess að tilkynna slysið. Eftir að ökumaður jeppans hafði veitzt þarna að okkur á miður sæmilegan hátt, fór hann upp í bifreið sína og ók henni, að ég held, þvert yfir veginn, þangað, sem hún er sýnd á uppdrættinum eða því sem næst. Ég tel, að hraði bifreiðarinnar X 1201 hafi verið nærri 50 km, er hún kom á hæðarbrúnina, að minnsta kosti fannst mér hraðinn eðlilegur. Við komum frá Hlíðardalsskóla og ætluðum til Þorlákshafnar. Mér fannst ökulag og framkoma ökumanns R 15926 allundarleg, og seinna hvarflaði að mér, hvort verið geti, að hann hafi verið undir áfengisáhrifum. Ég vil láta þess getið, að bifreiðin X 1201 stöðvaðist á hjólunum og sneri sem næst þvert á veginum. Við færðum framendann til, til þess að bílar kæmust fram hjá, en afturendi bifreiðarinnar var á sama stað og hann stöðvaðist".

Hörður Magnússon gaf skýrslu hjá lögreglunni 4. febrúar 1967. Þar segir svo:

„Við komum frá Hlíðardalsskóla. Ég sat í aftursæti hægra megin í X 1201. Rétt áður en við komum á hæðarbrúnina, leit ég á hraðamælinn og sá, að hann var á tæpum 40 mílum. Ég býst við, að ég hafi séð hina bifreiðina, er á móti kom, svo til strax, er hún kom í augsýn handan hæðarinnar. Þá get ég áætlað, að ca. fimm til sex bíllengdir hafi verið milli bifreiðanna. Mér fannst jeppabifreiðinni vera ekið óeðlilega mikið á hægri vegarhelmingi miðað við stefnu sína. Guðfinnur beygði strax út í vinstri kantinn, og fannst mér koma smávegis fát á hann, því að hin bifreiðin birtist þarna svona skyndilega á hans vegarhelmingi. Mér fannst bifreið sú, er ég var í, taka lítils háttar sveiflu á hæðarbrúninni, en svo náði hún jafnvægi, og er bifreiðarnar voru að mætast, fannst mér allt ætla að fara vel, þó fannst mér eins og jeppabifreiðin væri að beygja yfir á sinn kant, og fannst mér helzt hætta á, að við strykjumst við hægra afturhorn jeppans. Allt í einu sá ég, að jeppinn var kominn alveg að hliðinni aftast, þar sem ég sat, og varð árekstur inn þar á móts við. Ég hélt í fyrstu, að jeppinn hefði snúizt að okkur, vegna þess að X 1201 hefði komið við afturhorn hans, en þar sá ekki á neinu, svo að það getur ekki verið ástæðan. Ég gat ekki greint, að bifreiðin færi nema eina veltu, en mér fannst hún renna eins og hálfvegis á

hliðinni, en þó meira á þakinu, nokkurn spöl, áður en hún valt yfir sig og stöðvaðist á hjólunum. Ég álít, að R 15926 hafi stöðvazt sem næst á miðjum vegi efst í brekkunni eftir áreksturinn. Ég tel, að farið í vegkantinum, merkt D á uppdrætti, sé eftir R 15926, en þangað hafði bifreiðin kastazt eftir áreksturinn. Síðan hafi hún stöðvazt á miðjum vegi, sem fyrr segir. Mér finnst líklegt, að áreksturinn hafi orðið sem næst, þar sem rót merkt C byrjar, og alls ekki svo ofarlega, eins og merkið X er á uppdrætti".

Vitnið Bragi Guðjónsson gaf skýrslu hjá lögreglunni 4. febrúar 1967. Skýrir vitnið svo frá:

„Ég sat í aftursæti vinstra megin. Mér fannst X 1201 ekið með eðlilegum hraða, eða ca. 50—60 km. Er við komum á hæðarbrúnina, sagði strákurinn, sem sat í framsætinu við hlið Guðfinns: „Er maðurinn vitlaus". Ég horði fram á veginn og sá jeppabifreið koma á móti í lítilli fjarlægð, og ók hún, að því er virtist, rólega á miðjum veginum. Guðfinnur beygði strax út í kantinn, og mér virtist hin bifreiðin beygja út í hægri kantinn, miðað við sína stefnu, eða í veg fyrir okkur. Mér varð strax ljóst, að þarna yrði árekstur, enda skipti það ekki togum, að er bifreiðarnar voru orðnar samsíða, rakst hægra framstuðarahorn jeppans í hægra afturhjól á X 1201. Hvort Guðfinnur var þá að byrja að beygja inn á veginn eða þá, að hin bifreiðin hefur snúið henni, veit ég ekki með vissu, en bifreið okkar eins og lyftist, og ég kastaði mér niður á milli sætanna og greip með báðum höndum fyrir andlitið. Rétt í sama mund fékk ég slæmt högg á vinstri handlegginn, og tel ég vafalaust, að ég hefði fengið það högg í höfuðið, ef ég hefði ekki verið búinn að bera fyrir mig hendur. Ég get ekki gert mér ljóst, hversu mikið bifreiðin valt, en hún rann eitthvað á toppnum og stöðvaðist að síðustu á hjólunum. Ég veitti því ekki athygli, hvar R 15926 hafði stöðvazt, því ég fór strax að leita að Guðmundi Ólafssyni, er setið hafði í framsæti. Hann lá þá nokkuð framan við bifreiðina, og hljóp ég til hans og hjúkraði honum. Stjórnandi jeppans var með svívirðingar við okkur, er hann kom til okkar eftir slysið, og hagaði sér á mjög óviðeigandi hátt, því að ekki vissi hann þá, hvort við vorum lifandi eða dauðir í bílnum".

Karl Karlsson, faðir ökumanns X 1201, kom fyrir lögregluna þann 4. febrúar 1967 og óskaði eftir að koma á framfæri eftirtöldum athugasemdum:

„Það mun hafa verið, rétt eftir að áreksturinn varð, sem Guð-

finnur sonur minn kom heim til mín og tilkynnti mér um slysið. Það fyrsta, sem ég gerði, var að hafa samband við tryggingaumboðsmanninn á Selfossi og tjáði honum málavöxtu. Síðan fékk ég Pétur Eiríksson með mér á slasstaðinn. Það fyrsta, sem vakti athygli mína, var, að búið var að færa R 15926 alllanga leið frá þeim stað, er bifreiðin hafði stöðvazt eftir áreksturinn. Lögreglan var þá ekki komin til að gera staðarmælingar. Ég leitaði eftir því, hver hefði fært bifreiðina. Fyrst var mér svarað því til, að mér kæmi það ekkert við, en síðan gaf eigandinn sig fram og kvaðst hafa fært hana. Átaldi ég hann harðlega fyrir að hafa fært bílinn, ekki sízt, ef hann hefði verið staðsettur þar, sem hann og félagar hans bentu á, en það er sá staður, sem merktur er D á uppdrætti. Þrátt fyrir það gaf eigandi þá skýringu á, að hann færði bílinn, að hann hefði verið fyrir umferð. Finnst mér það veikleikamerki fyrir eiganda R 15926, að hann skyldi færa bílinn, því að það hefði verið hans hagur sérstaklega, ef bifreiðin hefði staðið þar, sem hann sagði, og að láta hana óhreyfða, unz vettvangur væri mældur. Með hliðsjón af tjóninu á R 15926 dreg ég mjög í efa, að hægt hafi verið að aka bifreiðinni þaðan, sem merkt er D, þangað, sem bifreiðin stendur, sbr. uppdráttinn. Finnst mér öllu líklegra, að bifreiðin hafi staðið á miðjum vegi og ofar í brekkunni. Í janúar s.l. voru hemlar alveg yfirfarnir á bifreið minni hjá umboðinu í Reykjavík. Auk þess voru öll dekk sett ný undir bifreiðina í kringum áramótin. Bifreiðin var því í mjög góðu akstursástandi".

Guðmundur Ólafsson gaf skýrslu hjá lögreglu þann 6. febrúar 1967. Lá hann þá í sjúkrahúsinu Hvítabandinu í Reykjavík. Í skýrslunni segir:

„Ég sat í framsæti í X 1201. Er við komum á hæðarbrúnina, tók ég strax eftir jeppabifreiðinni, sem kom á móti okkur upp brekkuna, á að gizka 100—200 metra frá okkur. Mér fannst bifreiðin þá aka alveg hægra megin á veginum, miðað við sína stefnu. En svo fór bifreiðin, líklega þegar ökumaðurinn hefur séð okkur koma á móti sér, að svansa til, og fannst mér aksturinn óreglulegur. Mér fannst bifreiðin alls ekki aka hratt, en að því er mér fannst óörugglega. Mér fannst, að bifreiðin væri meira inni á okkar vegarhelmingi, þegar áreksturinn varð. Ég fann, þegar bifreiðin rakst eitthvað utan í jeppann og byrjaði að skoppa til. Síðan vissi ég ekki af mér, fyrr en rétt áður en sjúkrabifreiðin kom. Ekki fann ég fyrir því, að X 1201 svansaði til, áður en áreksturinn varð, og get ég áætlað, að hraði þeirrar bifreiðar

hafi verið í námunda við 50 km á klst., er hún kom á hæðarbrúnina".

Vitnið Níls Jensen gaf skýrslu hjá lögreglunni í Árnessýslu 30. janúar 1967. Kveðst vitnið hafa verið í skólahúsinu í Hlíðardalsskóla daginn, sem slysið varð. Varð vitnið þá vart við brúna Volkswagen-bifreið, sem kom að minnsta kosti tvisvar heim að skólanum. Í síðara skiptið komu út úr bifreiðinni þrjár stúlkur, sem eru við nám í skólanum. Þegar bifreiðin fór, hafi henni verið ekið mjög hratt af stað.

Sama dag tók lögreglan eftirfarandi skýrslu af vitninu Tómasi Guðmundssyni, ráðsmanni að Breiðabólstað í Ölfusi: „Um klukkan fjögur í gærdag var ég staddur í dyrum áhaldahússins hér. Sá ég þá brúna Volkswagen 1500 bifreið aka heim að Hlíðardalsskóla. Virtist mér, að þrjár stúlkur færu þar úr bifreiðinni. Strax þá á eftir ók bifreiðin niður veginn frá skólanum mjög hratt og tók beygjuna inn á þjóðveginn á óeðlilega miklum hraða og ók síðan í vesturátt á ekki minni hraða, og fylgdist ég með ferðum bifreiðar þessarar, unz hún hvarf bak við hæð. Ég kom síðar á árekstursstaðinn, og sá ég ekkert þarna, sem ég held að skipti máli".

Vitnið Sveinn Halldór Guðmundsson hefur hér fyrir dómi þann 15. október 1968 skýrt svo frá, að sunnudaginn 29. janúar 1967 hafi vitnið ekið bifreiðinni Í 992 frá Reykjavík áleiðis til Þorlákshafnar. Er vitnið átti ófarna um 100—200 metra að slysstaðnum, mætti það tveim ungum mönnum, sem tilkynntu vitninu um áreksturinn. Samkvæmt ósk þeirra sneri vitnið við og ók til baka að Hlíðardalsskólanum. Þaðan var hringt á sjúkrabíl og lögreglu. Vitnið ók skömmu síðar á slysstaðinn, og fór skólastjórinn í Hlíðardalsskóla þá með vitninu í bifreiðinni á slysstaðinn. Var þá búið að færa bifreiðina R 15926 út fyrir syðri vegarbrún. Aðeins var byrjað að skyggja, en þó sáralítið, þegar vitnið kom á staðinn. Vitnið fór út úr bifreiðinni, eftir að það hafði stöðvað hana skammt frá jeppabifreiðinni. Fór vitnið fyrst að sinna hinum slösuðu, en á eftir athugaði vitnið árekstrarstaðinn. Vitnið sá hjólför úti á kanti og bremsuför innar á veginum. Kynnir vitnið sér uppdráttinn, dskj. nr. 5. Segir vitnið, að hjólförin hafi sézt um 7—8 metra á veginum, en bremsuförin á að gizka 1½—2 metra í beinu framhaldi af hjólförunum. Bremsuförin voru innar á veginum að sjá, alls ekki úti í kanti, eins og sýnt er á uppdrættinum merkt með D, en bremsuförin náðu ekki inn á miðjan veg. Vitnið minnist þess ekki að hafa séð hjólfar, svo sem merkt

er D á uppdrættinum. Vitnið kveðst gizka á, að hjólförin og bremsuförin hafi verið eftir jeppabifreiðina R 15926 fyrir og við árekstur inn. Vitnið gizkar á, að jeppabifreiðin hafi skrensað aðeins inn á veginn, þegar ökumaður hennar hemlaði. Með hliðsjón af ummerkjum á vettvangi kveðst vitnið hafa gizkað á, að Volkswagen-bifreiðinni hafi verið ekið of innarlega á veginum og að afturendi hennar hafi skollið á hægra framhorn jeppabifreiðarinnar og við það snúizt og oltið, en jeppabifreiðinni hafi verið ekið vel úti á vinstra vegarhelmingi frá henni séð, en jeppabifreiðin hafi hreyfzt dálítið inn á veginn við hemlunina. Gizkar vitnið á, að hægra bremsufarið hafi náð sem svarar að nyrðra enda stafsins X, sem dreginn er inn á uppdráttinn. Vitnið kveðst hafa verið búið að sjá Volkswagen-bifreiðina fyrir árekstur inn. Var vitnið þá rétt komið að veginum heim að Hlíðardalsskólanum. Var Volkswagen-bifreiðinni þá ekið út á þjóðveginn að veginum heim að Hlíðardalsskóla. Segir vitnið, að ökumaður Volkswagen-bifreiðarinnar hafi ekki tekið tillit til þess, að vitnið átti umferðarrétt eftir þjóðveginum. Hafi ökumaður Volkswakenbifreiðarinnar ekið hratt inn á þjóðveginn og mjög hratt vestur hann. Vitnið minnist ekki þess að hafa veitt athygli hjólförum, sem merkt eru C á uppdrættinum.

Vitnið Jón Hjörleifur Jónsson, skólastjóri Hlíðardalsskóla, hefur hér fyrir dómi þann 17. október 1968 skýrt svo frá, að það hafi komið á slysstaðinn rétt eftir árekstur inn. Telur vitnið, að það hafi farið með bifreiðinni Í 922 á slysstaðinn. Vitnið minnir fastlega, að jeppabifreiðin R 15926 hafi staðið á sínum vinstri vegarhelmingi og með stefnu sem svarar í austur, þegar það kom á staðinn. Vitnið kveðst engin för hafa séð eftir bifreiðina R 15926, en vitnið taldi, að R 15926 væri á þeim stað, sem árekstur inn varð. Vitnið kveðst hafa séð áberandi för eftir hina bifreiðina yfir háhæðina og að jeppanum, og síðan eftir snertinguna við jeppann virtist vitninu hin bifreiðin hafa oltið. Þá segir vitnið: „Förin eftir umrædda bifreið lágu í hlykkjum kanta á milli að jeppabifreiðinni. Seinasta stefnan á þessum förum lágu að vinstri kanti og enduðu þar, sem bifreiðin tók að velta við framhorn jeppans, eins og jeppinn stóð á veginum, þegar ég kom. Mér fannst þessi för bera því tvennu ljósan vott, að umræddri bifreið hafi verið ekið með óeðlilegum hraða og ekillinn misst stjórn á henni".

Vitnið kveðst þekkja Jón Sigurðsson, bifreiðaeftirlitsmann á Selfossi. Kveðst vitnið ekki hafa séð hann á staðnum, en hins vegar minnnir vitnið, að það hafi séð tvo lögregluþjóna á vett-

vangi. Vitnið fór af staðnum, fljótlega eftir að lögreglan kom. Vitnið telur, að jeppabifreiðin R 15926 hafi verið á þeim slóðum, sem merkt er með D á uppdrættinum, dskj. nr. 5, þegar vitnið kom á vettvang. Vitnið kveðst hafa rætt um það við þá, sem á staðnum voru, að hreyfa hvorki bílana, glerbrot né annað, sem gæti gefið lögreglunni upplýsingar um áreksturinn. Hópur af unglingum úr Hlíðardalsskóla kom fljótlega á vettvang. Fóru einhverjir þeirra að handleika brot úr Volkswagen-bifreiðinni. Kveðst vitnið hafa bannað þeim það.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að ljóst sé af gögnum málsins, að báðir bifreiðarstjórarnir hafi átt sök á árekstrinum. Stefndi Kristján með því að aka of innarlega á veginum, en ekill X 1201 með því að aka of hratt. Hvort tveggja hafi verið hættulegt með tilliti til blindhæðar, sem bar í milli. Þegar meta skuli sök hvors um sig, komi í ljós, að alveg skiptir í tvö horn um frásögn, annars vegar þeirra, er voru í bifreiðinni X 1201, og hins vegar þeirra, er voru í R 15926. Frásögn ekils X 1201, studd vætti fjögurra farþega, sem allir virðast fullgild vitni að lögum, hnigi eindregið í þá átt, að X 1201 hafi verið utarlega á réttum vegarhelmingi, er bifreiðarnar mættust, og að R 15926 hafi þrengt mjög að þeirri bifreið á veginum. Í þveröfuga átt fer frásögn stefnda Kristjáns og þriggja farþega hans, en af þeim sé einn sonur hans og því haldlítið vitni. Telur stefnandi einsætt, að ráða verði af hinu skýra og óumdeilanlega fari eftir X 1201 yzt til vinstri á vegarhelmingi bifreiðarinnar, að hún hafi verið eins utarlega og komizt varð, er áreksturinn varð. Af því leiði, að rétt sé það, sem þeir fullyrði, sem í þeirri bifreið voru, að R 15926 hafi verið óhæfilega innarlega á veginum. Ef ekki yrði á þetta fallizt, kæmi eigi annað til greina en miða við merkingu Jóns Sigurðssonar bifreiðaeftirlitsmanns á árekstrarstaðnum, en það er bókstafurinn X, sem hann hefur markað nákvæmlega á miðjan veginn, sbr. uppdráttinn. Miðað við þá aðstöðu hefði bifreiðin einnig verið hættulega innarlega á veginum. Hjólfarið yzt á nyrðri brún vegarins, sem merkt sé D á uppdrættinum, sé auðsjáanlega alveg út í bláinn, þegar finna skuli árekstrarpúnktinn á veginum. Því sé mótmælt, að þetta far sé yfirleitt eftir hjól R 15926. En þó svo væri, hljóti það að hafa komið til, eftir að sú bifreið hefur færzt til vinstri eftir áreksturinn. Vekur stefnandi sérstaka athygli á því, að stefndi Kristján hafi gert sig sekan um það glapræði að færa bifreið sína út fyrir veg. Hafi þar verið um að ræða augljós spjöll á mikilsverðum sönnunargögnum, sem

hann verði að bera allan halla af. Það liggi í augum uppi, að nauðsyn á tilfærslu R 15926 eftir áreksturinn og ætluð staðsetning bifreiðarinnar á veginum fyrir hann að mati stefndu fái eigi samrýmzt. Telur stefnandi óhjákvæmilegt, að miðað verði við það, að bifreiðin hafi verið svo innarlega á veginum, að hún hafi verið færð úr stað fyrir þá sök. Þótt bifreiðin hafi torveldað umferð um veginn, var samt skylt að láta hana óhreyfða, unz löggæzlumenn voru komnir á staðinn. Úrlausnarefni það, sem hér sé til álita, lúti 68. gr. umferðarlaga. Samkvæmt því ákvæði skiptist tjón af árekstri bifreiða að tiltölulegri sök þeirra, er hlut eiga að máli. Þegar ósönnuð sé meiri sök annars hlutaðeigandi ökumanns en hins, eins og hér sé um að ræða, en þó víst, að báðir hafa átt sök, sé eðlilegast og réttast að skipta sök til helminga. Verði ekki með réttu sagt, að með þeirri niðurstöðu yrði á stefnda Kristján hallað.

Kröfu sína um sýknu styðja stefndu þeim rökum, að ökumaður X 1201 eigi alla sök á árekstrinum. Það verði að telja stórfellt gáleysi af ökumanni X 1201 að aka blindhæð á að minnsta kosti 50—60 km hraða, jafnframt því sem hér hafi verið um að ræða skýlaust brot á 49. gr., sbr. einnig 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 37. gr. umferðarlaganna nr. 26/1958. Ökuhraði X 1201 hafi verið allt of mikill miðað við aðstæður, en þær hafi að öllum líkindum verið ökumanninum gerkunnugar vegna nálægðar heimilis hans við slysstaðinn.

Ökumaður og farþegar X 1201 beri, að hraði bifreiðarinnar hafi verið milli 50—60 km á klst. Ljóst sé af gögnum málsins, að fyrir áreksturinn hafi bifreiðin verið á mun meiri hraða. Stefndu mótmæla því algerlega, að bifreiðinni R 15926 hafi verið ekið of innarlega á veginum í umrætt sinn, og vitna um það atriði til framburðar stefnda Kristjáns og farþega jeppabifreiðarinnar. Jafnframt telja stefndu, að ljóst sé af hinum framlagða uppdrætti, að í vinstri vegjaðri sé djúpt hjólfar eftir R 15926, merkt með bókstafnum D. Komi þetta heim við frásögn vitna um það, að mynztur hjólbarða R 15926 séu hin sömu og mynztur það, er myndaðist í hjólfarinu. Sé útilokað annað en að hér sé um að ræða hemlafar eða far, er myndazt hafi, er X 1201 hefur þröngvað bifreiðinni R 15926 aftur á bak og niður í kantinn, um leið og áreksturinn varð. Varðandi getgátur stefnanda um ástæður fyrir því, að stefndi Kristján færði bifreið sína eftir áreksturinn, komi ótvíræð skýring á því fram í skýrslu stefnda Kristjáns, en þar skýri hann frá því, að hann hafi ætlað að sækja hjálp. Að

ætla að leggja stefnda Kristjáni þetta til lasts sé gersamlega tilefnislaust, enda hafi honum borið lagaskylda til að gera allt, hvað hann gat, til þess að sækja strax hjálp til handa þeim, sem höfðu slasazt. Stefndu benda á, að engin hemlaför hafi verið sjáanleg á slysstað eftir X 1201, og líkur séu á því, að árekstur-inn hafi orðið á miðju, sbr. uppdrátt, eða á vegarhelmingi stefnda Kristjáns, þegar tillit er tekið til veltu X 1201 eftir þjóðveginum. Aðdragandi að árekstrinum muni hafa verið nokkur, og telja stefndu, að ökumaður X 1201 hafi vanrækt að draga úr ferð bifreiðarinnar, er hann taldi sig sjá hindrun á veginum. Enn fremur megi hugsa sér, að þegar vegurinn þrengist, rétt þar sem áreksturinn varð, en X 1201 muni hafa ekið mun breiðari veg, þá hafi slík þrenging vegarins verkað þannig á ökumann X 1201, að honum virtist bifreið, sem á móti honum kom á hinum þrengra vegi, vera mun innar en hún raunverulega var. Stefndu mótmæla því, sem stefnandi hefur haldið fram, að þar sem ósannað sé, hvernig sök liggi í þessu máli, þá beri að beita ákvæðum 68. gr. umferðarlaganna á þann hátt að skipta sök að jöfnu. Stefndu telja þvert á móti, að óvenjuskýr gögn liggi fyrir um slys þetta og að þau sýni, svo að ekki verði um villzt, að of hraður akstur, fum, reynsluleysi og varúðarskortur ökumanns X 1201 séu þau atvik, er til þess leiddu, að X 1201 lenti á hinni kyrrstæðu bifreið, R 15926. Beri því að leggja alla sök á ökuóhappi þessu á ökumann X 1201, en taka sýknukröfu stefndu til greina.

Dómurinn fór ásamt lögmönnum aðilja á vettvang þann 4. nóvember s.l. til að kynna sér aðstæður. Kom þá í ljós, að veginum á háhæðinni fyrir austan árekstrarstaðinn hefur verið skipt í tvær akbrautir með viðeigandi merkjum á miðjum veginum. Eru aðstæður á hæðinni því breyttar frá því sem var, þegar áreksturinn átti sér stað. Hins vegar virtist engin breyting hafa verið gerð á veginum á því svæði, sem áreksturinn varð. Er vegurinn þar enn nokkuð þröngur miðað við blindhæðina, sem þarna er.

Ökumenn bifreiðanna virðast báðir hafa verið kunnugir staðháttum, enda var Guðfinnur Karlsson búsettur í Þorlákshöfn, en stefndi Kristján Teitsson hafði búið yfir 20 ár að Riftúni í Ölfusi. Mátti þeim því báðum vera ljóst, að nauðsynlegt var að sýna sérstaka gát, er þeir nálguðust umræddan stað, þar sem blindhæð var á veginum. Ljóst er, enda viðurkennt af stefnanda, svo sem fyrr er rakið, að Guðfinnur Karlsson ók allt of hratt og gálauslega fram af hæðarbrúninni og á því sök. Úrlausnarefnið

hér er það, hvort stefndi Kristján Teitsson eigi einnig sök á árekstrinum. Í 41. gr. umferðarlaganna segir m. a.: „Nú verður umferðarslys, sem vegfarandi á hlut að, og skal hann þá þegar nema staðar, hvort sem hann á nokkra sök á eða ekki. Veita skal hann hverja þá hjálp og aðstoð, sem þörf er á". Er stefndi Kristján Teitsson tók þá ákvörðun að aka bifreiðinni R 15926 af árekstrarstaðnum, mátti honum vera ljóst, að með því kynni hann að spilla sönnunargögnunum um atvik að árekstrinum. Verður hann því að bera hallann af sönnunarskorti, að því er varðar staðsetningu bifreiðar hans eftir áreksturinn, enda má ætla, að honum hafi verið unnt að marka staðsetningu bifreiðarinnar á veginn, áður en hann hreyfi hana og/eða kynna mönnum á vettvangi staðsetningu hennar með öðrum hætti, svo að lögreglan ætti þess kost að færa staðsetninguna réttilega inn á uppdrátt af vettvangi. Svo sem rakið hefur verið hér að framan, gefa skýrslur ökumanna og vætti vitna engan veginn fulla sönnun fyrir atvikum að árekstrinum, og uppdráttur af vettvangi sker heldur ekki úr um þetta. Telja verður þó, að gögn málsins gefi til kynna, að stefndi Kristján Teitsson hafi ekki sýnt næga gát með því að aka of innarlega á veginum miðað við aðstæður, en með tilliti til þess, hve vegurinn var tiltölulega mjór við blindhæðina, var alveg sérstök ástæða til að sýna ýtrustu varkárni. Þykir uppdrátturinn af vettvangi styðja þessa skoðun. Þegar þetta er virt svo og þær sönnunarreglur, sem hér eiga við, þá verður að líta svo á, að stefndi Kristjn Teitsson eigi einnig nokkra sök á árekstrinum. Enda þótt gögn málsins séu óskír um atvikin að árekstrinum, þykir þó mega fallast á það með stefndu, að ökumaður X 1201 eigi meginsök á tjóninu vegna hins hóflausa ökuhraða. Þykir eftir öllum atvikum rétt að skipta sök þannig, að ökumaður X 1201 beri ⅔ hluta sakar, en stefndi Kristján Teitsson að ⅓ hluta.

Upplýst er í málinu, að bifreiðin R 15926 var í ábyrgðartryggingu hjá stefnda Hagtryggingu h/f, er áreksturinn varð.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að stefndu, Kristján Teitsson og Hagtrygging h/f, bera in solidum bótaábyrgð að ⅓ hluta á því tjóni, sem eigandi bifreiðarinnar X 1201 varð fyrir í umræddum árekstri.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Kristján Teitsson og Hagtrygging h/f, bera in solidum skaðabótaábyrgð að ⅓ hluta á því tjóni, sem eigandi bifreiðarinnar X 1201 varð fyrir í umræddum árekstri.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 2. maí 1969.

Nr. 72/1969. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
gegn
Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Líndal.

Kærumál. Frávísun máls frá Félagsdómi synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 8. apríl 1969, er hingað barst 15. s. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar samkvæmt 67. gr. laga nr. 80/1938 úrskurð Félagsdóms, uppkveðinn 2. apríl 1969, í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og málinu vísað frá Félagsdómi. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir Félagsdómi og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, fjármálaráðherra f. d. ríkissjóðs, greiði

varnaraðilja, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, kærumálskostnað, kr. 5.000.00.

Úrskurður Félagsdóms 2. apríl 1969.

Dómendur:
Hákon Guðmundsson,
Bjarni K. Bjarnason,
Ragnar Jónsson,
Bjarni Sigurðsson og
Einar B. Guðmundsson.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs með stefnu, útgefinni 5. f. m.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að ákvörðun stefnda frá 27. febrúar þ. á., þess efnis, að laun ríkisstarfsmanna, gjaldkræf í marzbyrjun 1969, yrðu greidd með þeirri verðlagsuppbót, er gilti fyrir febrúarmánuð 1969, hafi verið ólögleg, eins og á stóð.
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða verðlagsuppbót á laun ríkisstarfsmanna fyrir marzmánuð 1969 miðað við vísitölu 1. febrúar 1969.
3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda.

Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Frávísunarkrafa stefnda hefur samkvæmt 2. mgr. 108. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938, verið tekin til meðferðar sérstaklega, og var munnlegur málflutningur um hana 28. f. m.

Málavextir eru þessir:

Með dómi Kjaradóms 21. júní 1968 var ákveðið, að ríkisstarfsmenn þeir, sem nefndur dómur tekur til, skyldu fá verðlagsuppbót, og kveður 2. gr. dómsins nánar á um það, á hvaða laun verðlagsuppbót skuli greidd. Í 4. gr. dómsins segir, að Kauplagsnefnd skuli hinn 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember 1968 og 1. febrúar 1969 reikna þá hækkun, sem hlutfallslega hafi orðið á framfærslukostnaði í Reykjavík frá 1. nóvember 1967.

Þá geymir nefnd 4. gr. enn fremur svohljóðandi ákvæði:

„Frá vísitölunni, eins og hún er hverju sinni samkvæmt þessum útreikningi nefndarinnar, dregur hún 2.34 prósentustig, og fæst þá hundraðshluti þeirrar verðlagsuppbótar, er greidd skal á laun frá 1. degi næsta mánaðar á eftir, í samræmi við ákvæði 2. gr. Verðlagsuppbótin reiknast með tveimur aukastöfum".

Í 6. gr. dómsins segir, að hann gildi frá 1. apríl 1968 og til sama tíma og dómur Kjaradóms frá 30. nóvember 1967, eða til 31. desember 1969.

Hinn 14. febrúar s.l. hafði Kauplagsnefnd eigi enn birt, hver verðlagsuppbótin yrði fyrir tímabilið 1. marz til 31. maí 1969. Þann dag fór stefndi þess á leit við stefnanda, að teknir yrðu upp samningar um endurskoðun dóms Kjaradóms frá 21. júní 1968 á grundvelli ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Stefnandi hafnaði þeim tilmælum stefnda 17. febrúar s.l. með þeim rökum, að lagaheimild skorti þá til viðræðna á grundvelli nefnds ákvæðis laga nr. 55/1962. Hinn 24. febrúar s.l. áréttaði stefndi bréflega áðurgreind tilmæli sín um endurskoðun dóms Kjaradóms frá 21. júní 1968. Vitnar stefndi þar, svo sem segir í bréfinu, „til þeirrar grundvallarreglu laga nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, að kjör þeirra skuli ráðast af kjörum launþega, sem vinna sambærileg störf hjá öðrum en ríki og sveitarfélögum, sbr. 20. gr. laganna".

Enn segir svo í bréfi stefnda:

„Ráðuneytið vitnar einnig til þess, að samningum þeim á almennum vinnumarkaði, sem voru forsenda og viðmiðun í niðurstöðu Kjaradóms frá 21. júní 1968, hefur nú öllum verið sagt upp, og falla þeir úr gildi frá og með 1. marz n. k.". Í bréfi þessu tekur stefndi upp ýmsar fleiri ástæður fyrir þeirri kröfu sinni, að fullnægt sé skilyrðum 1. málsl. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 55/1962 til endurskoðunar kjarasamninga án uppsagnar, og telur að auki „brostnar forsendur fyrir framkvæmd gildandi kjaradóms, að því er varðar verðlagsuppbætur".

Loks fer stefndi í oftnefndu bréfi þess á leit við stefnanda, að hann samþykki, að greiðsla verðlagsuppbótar verði frá og með 1. marz s.l. hin sama og var 1. febrúar, þar til fengin sé endanleg niðurstaða um verðlagsuppbótina.

Stefnandi svaraði þessu bréfi stefnda 25. s. m., og segir þar m. a., að bandalagsstjórnin ítreki þá afstöðu sína, að lagaheimild skorti til endurskoðunar Kjaradóms, þar sem engar kaupbreytingar hafi orðið á almennum vinnumarkaði, og geti hún því eigi

gengið til samningsviðræðna um endurskoðun og þá ekki heldur fallizt á að semja um frávik frá greiðslu verðlagsuppbótar 1. marz, sem sé ótvírætt ákveðin í 4. gr. dóms Kjaradóms frá 21. júní 1968.

Hinn 27. febrúar s.l. ritar stefndi enn bréf til stefnanda. Í því segir m. a. svo:

„Sá ágreiningur, sem nú er risinn milli fjármálaráðuneytisins og BSRB, snýst um tvö atriði.

1. Hvort skilyrðum 2. mgr. 7. gr. laga nr. 55/1962 til endurskoðunar dóms Kjaradóms án uppsagnar né fullnægt.
2. Hvort heimilt sé að greiða verðlagsuppbót febrúarmánaðar á marzlaun þrátt fyrir ákvæði dóms Kjaradóms frá 21. júní 1968".

Um fyrra atriðið segir stefndi, að því máli hafi þann dag verið vísað til sáttasemjara ríkisins og verði það látið ganga áfram til Kjaradóms, telji sáttasemjari viðræður tilgangslausar.

Að því er síðara atriðið varðar, ítrekar stefndi skoðun þá, er hann setti fram í áðurnefndu bréfi sínu 24. febrúar s.l., að það sé grundvallarstefna í lögum um kjarasamninga ríkisstarfsmanna, að kjör þeirra skuli vera sambærileg við aðrar stéttir, og að greiðsla verðlagsuppbótar á laun samkvæmt beinum ákvæðum dóms Kjaradóms mundi því veita opinberum starfsmönnum kjarabætur, sem engir launþegar í landinu nytu að svo stöddu án nýrra samninga. Bryti því framkvæmd ákvæða kjaradómsins að þessu í bága við grundvallarstefnu laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þá heldur stefndi því og fram í nefndu bréfi, að honum sé ekki skylt að greiða verðlagsuppbót á laun ríkisstarfsmanna fyrirfram. Lýsir hann því yfir í lok bréfsins, að með skírskotun til þess, sem að framan sé rakið, verði laun, gjaldkræf í byrjun marzmánaðar, greidd með þeirri verðlagsuppbót, sem gilti fyrir febrúar.

Gaf stefndi út almenna fréttatilkynningu hinn 27. febrúar s.l., þar sem þessari afstöðu hans er lýst.

Á fundi stjórnar stefnanda hinn 1. marz var samþykkt með öllum atkvæðum ályktun þess efnis, að mótmælt væri „laga og samningsbrotum, sem átt hafa sér stað með niðurfellingu á hækkun verðlagsbóta til opinberra starfsmanna 1. marz, þvert ofan í skýr ákvæði í dómi Kjaradóms 21. júní 1968 um, að verðlagsuppbót skuli reikna út í febrúarmánuði og greiða 1. marz". Þá segir enn fremur svo í ályktun þessari:

„Lögum samkvæmt ber að framkvæma ákvæði þessa dóms (þ.

e. Kjaradóms) þangað til nýr samningur hefur verið gerður eða nýr kjaradómsúrskurður liggur fyrir".

Þar sem samkomulag náðist eigi um það, hverja verðlagsuppbót skyldi greiða hinn 1. marz s.l., gekk málið til sáttasemjara og sáttanefndar, sem skipuð var sérstaklega, og vísaði hún málinu að lokinni árangurslausri sáttatilraun til Kjaradóms hinn 4. marz samkvæmt 3. mgr. 14. gr., sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 55/1962. Hefur Kjaradómur nú tekið málið til meðferðar.

Stefndi styður kröfu sína um frávísun þeim rökum, að höfuðágreiningsefni máls þessa sé, hvort fullnægt sé skilyrðum 2. mgr. 7. gr. laga nr. 55/1962 til endurskoðunar og breytinga miðað við 1. marz 1969 á ákvæðum dóms Kjaradóms frá 21. júní 1968 um greiðslu verðlagsuppbótar á laun ríkisstarfsmanna. Hér sé því um kjaraágreining að ræða. Úr þessum ágreiningi eigi Kjaradómur að skera, en ekki Félagsdómur. Hafi ágreiningi þessum þegar verið skotið til Kjaradóms. Fyrr en sá dómur hafi kveðið upp úrskurð sinn, viti enginn, hvaða verðlagsuppbót beri að greiða ríkisstarfsmönnum frá og með 1. marz s.l. Geti því vísitöluuppbót, sem ekki sé enn búið að ákveða, eigi verið gjaldkræf. Í afstöðu stefnda til þessa ágreiningsatriðis málsaðilja felist eigi heldur það, að skyldu til greiðslu marzverðlagsuppbótar sé hafnað af hans hálfu, heldur einungis, að ákvörðun um greiðslu bíði úrslita Kjaradóms. Þá sé hvorki í dómi Kjaradóms né kjarasamningalögunum kveðið á um það, hvenær starfslaun skuli greidd, og eigi það jafnt við um launin sjálf og verðlagsuppbætur. Ágreiningur um þetta efni varði því hvorki skilning á dómi Kjaradóms né kjarasamningalögunum og falli því ekki undir Félagsdóm til úrskurðar. Beri því af þessum ástæðum öllum að vísa báðum dómkröfum stefnanda, eins og þeim sé háttað, frá Félagsdómi.

Stefnandi hefur eindregið mótmælt frávísunarkröfu stefnda og krafizt þess, að henni verði hrundið. Er afstaða hans til málsins sú, að stefndi hafi með því að greiða ekki þeim ríkisstarfsmönnum, sem dómur Kjaradóms frá 21. júní 1968 tekur til, verðlagsuppbót bæði gerzt brotlegur við almenn ákvæði laga nr. 55/1962 og jafnframt gengið gegn beinum skyldum sínum samkvæmt ákvæðum nefnds dóms. Stefnda hafi borið að fylgja ákvæðum oftnefnds dóms frá 21. júní 1968, þar til Kjaradómur hafi ákveðið annað, og skipti það eigi máli í þessu sambandi, þótt því hafi verið skotið til úrskurðar Kjaradóms, hvort efnisástæður séu fyrir hendi til breytinga á ákvæðum framangreinds dóms Kjaradóms. Hér sé þannig um að ræða ágreining um skyldur

stefnda samkvæmt lögum nr. 55/1962 og dómi Kjaradóms frá 21. júní 1968, en um þann ágreining eigi Félagsdómur úrskurðarvald.

Af því, sem að framan er rakið, er ljóst, að aðilja greinir á um skyldur stefnda og réttindi stefnanda samkvæmt oftnefndum dómi Kjaradóms frá 21. júní 1968 á tímabili því, er kann að líða frá 1. marz s.l. og þar til Kjaradómur hefur afgreitt það kjaramál, sem til hans var skotið 4. marz s.l., en báðar dómkröfur stefnanda lúta að þessu efni. Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1962 dæmir Félagsdómur í málum, sem rísa milli samningsaðilja út af brotum á nefndum lögum og ágreiningi um skilning á kjarasamningi og gildi hans, sbr. hér 3. mgr. 21. gr. sömu laga. Skiptir það eigi máli við úrlausn um frávísunarkröfu stefnda, eins og atvikum máls þessa er háttað, þótt skotið hafi verið til Kjaradóms kröfu stefnda um það, að sá dómur tæki til endurskoðunar ákvæði dómsins frá 21. júní 1968 um verðlagsvísitölu á laun starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt þessu verður krafa stefnda um vísun máls þessa frá Félagsdómi eigi tekin til greina.

Kveðið verður á um málskostnað við efnisúrlausn í máli þessu.

Ályktunarorð:

Frávísunarkrafa stefnda er eigi tekin til greina.

Sératkvæði

Einars B. Guðmundssonar

Með bréfi fjármálaráðuneytisins 24. febrúar 1969 til Bandalags starfsmanna ríkis og bæja lýsti ráðuneytið því, að það teldi, að fullnægt væri skilyrðum 7. gr. laga nr. 55/1962 til endurskoðunar kjarasamnings við bandalagið án uppsagnar. Beindi ráðuneytið þeirri kröfu til B. S. R. B., að ákvæðin um greiðslu verðlagsuppbótar á laun frá og með 1. marz 1969 yrðu tekin til endurskoðunar. Jafnframt fór ráðuneytið þess á leit, að samningsviðræður um þá kröfu hæfust án tafar.

Þessu bréfi svaraði B. S. R. B. 25. febrúar og taldi sér ekki fært að verða við tilmælum ráðuneytisins.

Hinn 27. febrúar 1969 sendi fjármálaráðuneytið málið til sáttasemjara ríkisins. Fór ráðuneytið þess á leit, að hann tæki málið þegar upp til sáttaumleitana, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 55/1962. Lýkur bréfi ráðuneytisins með þessum orðum:

„Ráðuneytið leggur jafnframt áherzlu á, að málið verði án tafar sent Kjaradómi til meðferðar, ef þér teljið sáttaumleitanir tilgangslausar".

Hinn 28. febrúar skipaði félagsmálaráðuneytið sérstaka sáttanefnd til að fara með mál þetta ásamt fleiri málum.

Sáttatilraunir reyndust árangurslausar, og vísaði því sáttanefndin hinn 4. marz 1969 málinu til Kjaradóms samkvæmt 3. mgr. 14. gr. laga nr. 55/1962.

Þar sem málið þannig sætir meðferð hjá Kjaradómi og Félagsdómi samtímis, þykir rétt með skírskotun til niðurlagsákvæðis 117. gr. laga nr. 85/1936 að fresta meðferð málsins fyrir Félagsdómi, þar til það hefur hlotið endanlega afgreiðslu í Kjaradómi.

Ályktunarorð:

Meðferð máls þessa fyrir Félagsdómi er frestað.

Föstudaginn 2. maí 1969.

Nr. 176/1968. **Karl Einarsson**
gegn
Oddgeiri Sveinssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Karl Einarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Oddgeiri Sveinssyni, sem látið hefur sækja þing og krafizt ómaksbóta, kr. 3.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. maí 1969.

Nr. 216/1968. **Helgi Benediktsson**
gegn
Björgu h/f og gagnsök.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður í aðalsök.

Áfrýjandi, Helgi Benediktsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Björgu h/f, Stykkishólmi, sem látið hefur sækja þing og krafizt ómaksbóta, kr. 3.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. maí 1969.

Nr. 231/1968. **Sigurður Ólafsson**
gegn
Elvari Bjarnasyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurður Ólafsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Elvari Bjarnasyni, sem látið hefur sækja þing og krafizt ómaksbóta, kr. 3.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. maí 1969.

Nr. 2/1969. **Kristján Eiríksson**
gegn
Árna Guðjónssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristján Eiríksson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Árna Guðjónssyni, sem látið hefur sækja þing og krafizt ómaksbóta, kr. 3.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. maí 1969.

Nr. 67/1969. **Kristján Eiríksson**
gegn
Jóni Magnússyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristján Eiríksson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. maí 1969.

Nr. 109/1968. **Útver h/f**
(Sveinn Snorrason hrl.)
gegn
Sigurði Stefánssyni
(Árni Gunnlaugsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson og prófessorarnir Magnús Þ. Torfason og Theodór B. Líndal.

Kaupgjaldsmál. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. júní 1968. Krefst hann þess, að sér verði aðeins gert að greiða stefnda kr. 26.564.60 með 8% ársvöxtum frá 15. september 1966 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem í héraðsdómi greinir, var stefndi í skiprúmi á skipi áfrýjanda, m/s Margréti, SI 4, þegar skipið var tekið til viðgerðar í Hafnarfirði hinn 24. janúar 1966. Hann hafði verið skipverji fyrir áramót, en hóf aftur störf 7. janúar 1966. Að lokinni viðgerð hélt skipið veiðum áfram hinn 9. marz s. á. Í máli þessu er einungis ágreiningur um ferðakostnað, kr. 1.320.00, og um kaup stefnda þetta tímabil. Krefst hann lágmarkskaups, kauptryggingar, á þessu tímabili, en síðan kaups samkvæmt hlutaskiptum afla til loka tryggingartímabilsins, 15. maí 1966.

Áfrýjandi reisir kröfu sína á því, að stefndi hafi fallizt á að fara í orlof, meðan viðgerðin færi fram, en stefndi hefur mótmælt því.

Staðhæfing áfrýjanda er ósönnuð, og skipshöfnin var ekki afskráð. Þar sem hvorugur aðilja sagði upp skiprúmssamningnum, gilti kjarasamningurinn frá 2. febrúar 1965 áfram

um lögskipti aðilja. Samkvæmt 8. gr. hans var tryggingartímabil það, sem hér skiptir máli, frá 1. janúar til 15. maí 1966. Verðmæti aflahlutar stefnda frá 7. janúar til 15. maí nam kr. 42.263.56, en kauptryggingarfé kr. 59.362.92 (24.146.80 + 35.216.12). Kauptrygging áfrýjanda varð því virk. Ber áfrýjanda að greiða stefnda þessa fjárhæð ásamt 7% í orlofsfé, kr. 4.155.40, og sjúkrasamlagsgjald í 129 daga, kr. 494.07. Samtals eru þessar fjárhæðir kr. 64.012.39, en aðiljar eru sammála um, að til frádráttar komi kr. 29.276.16. Ekki eru efni til að taka kröfu stefnda um ferðakostnað til greina, sbr. 13. gr. sjómannalaga nr. 67/1963. Samkvæmt þessu ber áfrýjanda að greiða stefnda kr. 34.736.23 með vöxtum frá þeim tíma, sem greinir í héraðsdómi, en aðiljar eru sammála um vaxtafótinn, og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 18.000.00. Stefndi á sjóveðrétt í m/s Margréti, SI 4, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Útver h/f, greiði stefnda, Sigurði Stefánssyni, kr. 34.736.23 ásamt 8% ársvöxtum frá 3. ágúst 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00.

Stefndi á sjóveðrétt til tryggingar þessum fjárhæðum í m/s Margréti, SI 4.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 20. apríl 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. marz 1968, hefur Sigurður Stefánsson matsveinn, Unnarbraut 3, Seltjarnarnesi, höfðað á hendur Útveri h/f, Siglufirði, með framlagningu skjala í dóm 29. nóvember 1966, þar sem umboðsmaður varnaraðilja var mættur til að svara til saka. Skriflegt samkomulag um varnarþing var lagt fram við þingfestingu málsins.

Dómkröfur stefnanda eru endanlega þær, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 49.730.28 með 1% vöxtum á mánuði eða

broti úr mánuði frá 3. ágúst 1966 til greiðsludags og málskostnað. Auk þess er krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í m/s Margréti, SI 4, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Af hálfu stefnda er þess krafizt aðallega, að honum verði aðeins gert að greiða kr. 17.789.80, en til vara kr. 26.564.60. Í báðum tilvikum er þess krafizt, að aðeins verði veitt dómsviðurkenning fyrir 8% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi og að málskostnaður falli niður.

Í greinargerð krafðist stefndi aðallega sýknu og málskostnaðar, en til vara, að honum yrði aðeins gert að greiða kr. 26.564.60 með 7% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi, en að málskostnaður yrði felldur niður.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefndi kröfum sínum í það horf, sem nú er, og var þeirri breytingu mótmælt af hálfu stefnanda sem of seint fram kominni.

Málavextir og málsástæður.

7. janúar 1966 réðst stefnandi sem matsveinn á m/s Margréti, SI 4. Eigandi og útgerðarmaður var stefndi.

Stefndi hefur haldið því fram, að stefnandi hafi tekið þátt í uppreisn skipverja gegn skipstjóra á Seyðisfirði 12. júlí 1966 og hafi þeir neitað að fara út á skipinu til veiða. Stefnandi hefur skýrt svo frá fyrir réttinum, að hann hafi aldrei orðið var við nokkra uppreisn á skipinu. Hann kveður skipstjóra hafa komið til sín í eldhúsið 12. júlí 1966 og spurt sig, hvort hann vildi koma með sér sem skipstjóri út. Kveðst hann hafa svarað spurningunni neitandi. Stefndi kveðst hafa sagt upp skiprúmssamningi stefnanda með lögbundnum uppsagnarfresti, en stefnandi kveðst hafa hætt störfum á skipinu með samkomulagi við stefnda 2. ágúst 1966 á Seyðisfirði og tekið sér síðan far með flugvél til Reykjavíkur. Engin lögskil gerði stefndi stefnanda, og er mál þetta höfðað til heimtu eftirstöðva launa fyrir störf stefnanda á skipinu og til greiðslu kostnaðar af ferð hans frá Seyðisfirði til Reykjavíkur að starfstíma hans loknum.

Ekki var lögskráð á skipið. Hins vegar var að sögn stefnanda fært í skipshafnarskrá um borð. Kveður hann skipverja hafa ritað nöfn sín undir bókunina. 6. janúar 1966 sendi Kjartan Friðbjarnarson, framkvæmdastjóri stefnda, lögskráningarstjóranum á Siglufirði bréf með upplýsingum um þá menn, sem ráðnir höfðu verið í skiprúm. 12. janúar 1966 sendi hann lögskráningarstjóra skeyti um, að skipið hefði hafið veiðar 7. janúar. Í byrjun maímánaðar sendi framkvæmdastjórinn nafnalista á tilkynningar-

eyðublaði fyrir breytingar á skipshöfn, undirritaðan af honum sjálfum. Segir þar, að skipshöfnin, og þar á meðal stefndi, hafi verið afskráð 25. janúar 1966 og komið aftur í skiprúm 9. marz sama ár.

25. janúar lagðist skipið að bryggju í Hafnarfirði og var þar til viðgerðar, þar til það hélt aftur á veiðar 9. marz sama ár. Hefur því verið haldið fram af hálfu stefnda, að skipsmenn hafi verið í orlofi á þessum tíma.

Í aðiljaskýrslu sinni skýrir stefnandi svo frá, að ráðningarsamningi hafi ekki verið slitið, þegar skipið var tekið til viðgerðar 24. janúar 1966. Kveðst hann aldrei hafa heyrt á það minnzt, að tíminn, sem skipið var til viðgerðar, yrði skoðaður sem orlof. Hann kveðst ekki hafa starfað við skipið á þessu tímabili og ekki hafa starfað annað.

Málið var upphaflega höfðað til greiðslu á kr. 80.000.00 auk vaxta og kostnaðar, en þess er getið í stefnu, að fjárhæð stefnukröfunnar sé áætluð og fyrirvari gerður um breytingar á henni undir rekstri málsins. Við þingfestingu málsins lagði umboðsmaður stefnanda fram svohljóðandi reikningsyfirlit frá stefnda:

„Hr. Sigurður Stefánsson, Unnarbraut 3, Seltjarnarnesi.

Aflatrygging frá 7/1 til 24/1, 18 dagar, 455.60 ..		kr. 8.200.80
Aflahlutur 10/3 til 31/5, 3.51% úr 1.463.060.43 ..		— 51.353.42
Aflahlutur 10/3 til 31/5, 3.41% úr 334.017.90		— 11.390.00
Aflahlutur úr ufsa, 3.51% úr 47.190.00		— 1.656.40
Orlof		— 5.082.04
Sjúkrasamlag 100 dagar, 3.83		— 383.00
Peningar	kr. 57.978.91	
Fæði í 100 daga, 67.76	— 6.776.00	
Mismunur	— 13.310.75	
	Kr. 78.065.66	Kr. 78.065.66

Bráðabirgðauppgjör frá 1/6 til 31/7, 61 d., 455.60		kr. 27.791.60
Mismunur frá f. yfirliti		— 13.310.75
Áætlað fæði í 61 dag á 100.00	kr. 6.100.00	
Greidd gjöld	— 35.000.00	
Mismunur	— 2.35	
	Kr. 41.102.35	Kr. 41.102.35“

Af hálfu stefnanda var uppgjöri þessu lýst sem röngu og ófullnægjandi, einkum vegna þess að einungis er um bráðabirgðauppgjör að ræða fyrir tímabilið frá 1. júlí til loka samningstímans, og einnig vegna þess, að ekki sé skipt rétt í tryggingartímabil samkvæmt kjarasamningi útvegsmanna og sjómanna. Einkum var þó reikningsyfirlitið gagnrýnt vegna þess, að stefnanda var ekki reiknuð kauptrygging fyrir tímabilið 24. janúar til 9. marz 1966, en því er haldið fram, að stefnandi hafi verið bundinn ráðningu við stefnda allan tímann, tímabilið falli ekki undir aflahlut, þar sem ekki var verið að veiðum, og hafi stefnandi þannig orðið fyrir tjóni, sem stefndi beri ábyrgð á. Þá var því haldið fram, að í reikningsyfirlitinu séu liðir eins og úttekt peninga, sem nemi hærri fjárhæð en stefnandi hafi tekið á móti. Auk þess var það sérstaklega gagnrýnt, að tímabilið frá 7. janúar til 15. maí er skipt niður í kauptryggingartímabil og tímabil, þar sem kaupgreiðslur eru bundnar við aflahlut.

7. febrúar 1967 var lögð fram greinargerð af hálfu stefnda og svohljóðandi reikningsyfirlit fyrir tímabilið 1. júní til loka ráðningartímans:

„Sigurður Stefánsson, Unnarbraut 3, Seltjarnarnesi.

Pro:	Aflahlutur frá 1/6–1/8, 3.51% af 1.229.614.04	kr.	42.842.55
—	Orlof 7%	—	2.990.49
—	Sjúkrasamlag 62 d., 3.83	—	237.46
—	Mism. f. f. yfirliti	—	13.310.75
An:	Fæði í 51 d., 76.16	kr.	3.884.16
—	Fæði í 11 d., 107.59	—	1.183.49
—	Greitt útsvar	—	35.000.00
—	Mismunur	—	19.314.60
		Kr.	59.382.25 Kr. 59.382.25“

Varakrafa stefnda var síðan byggð á því, að þetta reikningsyfirlit yrði lagt til grundvallar lögskilum aðiljanna vegna skiprúmssamningsins. Haldið er fast við reikningsaðferð við útreikning launa stefnanda fyrir fyrra tímabilið frá 7. janúar til 31. maí 1966. Aðalkrafan var studd þeim rökum, að stefnandi hefði tekið þátt í uppreisn gegn skipstjóra, og heimilaði það stefnda að draga af kaupi hans sem næmi inneign hans.

Eftir að gagnasöfnun lauk og áður málið yrði tekið til munnlegs flutnings, féll dómur í máli, sem Bryngeir Vattnes, II. stýrimaður, hafði höfðað hér fyrir dómi á hendur stefnda í máli þessu til heimtu launa fyrir störf á m/s Margréti, SI 4, á sama tímabili og stefndi krefst launa fyrir í máli þessu. Var niðurstaða dóms á þann veg, að stefnanda bæri kauptrygging fyrir tímabilið frá 24. janúar 1966 til 9. marz 1966, er skipið var til viðgerðar í Hafnarfirði.

Er málið var tekið til munnlegs flutnings, var stefnukröfum breytt í það horf, sem nú er. Stefnandi fellur nú að mestu frá gagnrýni sinni á reikningsfærslu stefnda. Krefst hann þess nú, að stefnda verði gert að greiða honum það, sem hann viðurkennir að skulda stefnanda, með smávægilegum leiðréttingum svo og kr. 1.320.00 í ferðakostnað og kr. 7.250.00 vegna starfa, er stefnandi var ráðinn til að gegna um borð í skipinu í ferð þess frá Reykjavík til Akureyrar í slipp. Svo heldur stefnandi og fast við vaxtakröfu og málskostnaðar.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi nú svo:

1. Tímabilið frá 7. 1. 1966 til 31. 5. 1966:

a. Aflatrygging frá 7. 1.—24. 1.
Aflahlutur frá 9. 3.—31. 5.
Orlof 7%.
Sjúkrasamlagsgjald í 100 daga.
Liðir þessir eru samkvæmt uppgjöri stefnda í rskj. nr. 5 .. .. kr. 78.065.66

b. Kauptrygging frá 24. 1. 1966 til 9. 3. 1966:
Frá 24. 1. 1966 til 1. 3. 1966, kr. 459.27 á dag í 35 daga .. .. kr. 16.074.45
Frá 1. 3. 1966 til 9. 3 1966, kr. 463.66 á dag í 9 daga .. .. — 4.172.94
Orlof 7% .. .. — 1.417.32
Sjúkrasamlagsgjald frá 24. 1.—9. 3. 1966 .. .. — 168.58 — 21.833.29

Úttekt:
Fæði í 100 daga, kr. 67.76 á dag .. .. kr. 6.776.00
Peningar .. .. — 5.978.91 — 12.754.91
Mismunur .. .. — 87.144.04

Kr. 99.898.95 Kr. 99.898.95

2. *Tímabilið frá 1. 6. til 2. 8. 1966:*

a. Aflahlutur frá 1. 6.—2. 8. 1966, 3.51% af kr. 1.220.614.04	kr.	42.843.55
b. Orlof 7%	—	2.999.05
c. Sjúkrasamlagsgj. í 63 daga, kr. 3.83 pr. dag	—	241.29
Inneign frá tímabilinu 7. 1.—31. 5. 1966	—	87.144.04
Úttekt:		
Fæði í 51 dag á kr. 76.16 pr. dag	kr. 3.884.16	
Fæði í 11 daga á kr. 107.59 pr. dag	— 1.183.49	
Greitt útsvar	— 35.000.00	
Peningar	— 52.000.00	
Mismunur, inneign	— 41.160.28	
	Kr. 133.227.93	Kr. 133.227.93

Innstæða stefnanda verður því kr. 41.160.28 + kr. 8.570.00 samkvæmt rskj. nr. 7 og 8. Samtals nemur því inneign stefnanda kr. 49.730.28.

Fjárhæð aflahlutar stefnanda fyrir tímabilið frá 1. júní til 2. ágúst er leiðrétt um eina krónu, kr. 42.843.55 í stað kr. 42.842.55. Fjárhæð orlofs af þeirri fjárhæð er leiðrétt um kr. 8.56. Dagafjöldi þessa tímabils er leiðréttur, 63 dagar í stað 62, og bætt við liðinn sjúkrasamlagsgjald kr. 8.83, sem svarar gjaldinu fyrir einn dag. Allar eru leiðréttingar þessar réttar. Stefndi fellst á kröfu stefnanda um greiðslu á kr. 7.250.00 vegna starfa stefnanda á skipinu á siglingu þess frá Reykjavík til Akureyrar, en mótmælir kröfu um greiðslu ferðakostnaðar á þeim grundvelli, að stefnandi hafi neitað að fara með skipinu til veiða og verið sagt upp starfi sínu af þeim sökum, eigi hann því ekki rétt á greiðslu ferðakostnaðar samkvæmt 34. grein sjómannalaga nr. 67 frá 1963, enda hafi hann ekki farið til heimahafnar skipsins. Hins vegar fellur nú stefndi frá aðalkröfu sinni um sýknu vegna óhlýðni stefnanda við skipstjóra og setur fram nýja aðalkröfu um, að stefnda verði aðeins gert að greiða stefnanda kr. 17.789.80. Kveður hann kröfuna byggða á því, að ef reikna eigi laun stefnanda í samræmi við heildarsamninga sjómanna og útgerðarmanna og breytta kröfugerð stefnanda, hafi afli verið meiri á tímabilinu frá 1. janúar til 15. maí en sem svaraði kauptryggingu. Hið sama kveður stefndi um tímabilið frá 15. maí til loka skiprúmssamningsins. Stefndi fellur þannig frá fyrri skoðun sinni, sem fram kemur í reikningsyfirliti hans, og fellst á það sjónarmið stefn-

anda, sem fram kemur í greinargerð hans um, að reikna beri tryggingartímabil í samræmi við 8. gr. síldveiðisamnings milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna og nokkurra sjómannafélaga frá 2. febrúar 1965, þar sem segir, að tryggingartímabil á síldveiðum skuli vera þrjú, það er: 1. janúar til 15. maí, 16. maí til 15. september og frá 16. september til 31. desember.

Mótmæli stefnanda gegn breyttri kröfugerð stefnda byggjast á því, að stefndi hafi með fyrri afstöðu sinni í málinu viðurkennt, að stefnandi eigi inni hjá honum kr. 26.564.60, og að reikna beri laun stefnanda með þeim hætti, sem lýst er hér að framan og stefnandi hefur nú sætt sig við. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að stefndi geti nú ekki breytt þessari afstöðu til óhagræðis fyrir stefnanda.

Af stefnda hálfu er því haldið fram, að afstaða réttarins í málinu: Bryngeir Vattnes gegn Útveri h/f og breytt kröfugerð stefnanda réttlæti afstöðubreytingu stefnda.

Álit réttarins.

Þegar stefnandi lagði fram greinargerð sína, lá fyrir í málinu reikningsyfirlit hans um skuldaskil hans og stefnanda fyrir tímabilið frá 7. janúar 1966 til 31. maí 1966. Einnig lá þá fyrir, að stefnandi taldi vanta í yfirlitið laun sín fyrir tímabilið frá 24. janúar 1966 til 9. marz 1966. Ef stefndi vildi gera breytingu á reikningsgrundvellinum stefnanda í óhag vegna kröfu hans um laun fyrir nefnt tímabil, hefði hann átt að gera kröfu þar að lútandi í greinargerð sinni. Í þess stað leggur hann fram með greinargerðinni reikningsyfirlit fyrir tímabilið frá 1. júní til loka ráðningartímans, þar sem byggt er á reikningsyfirliti fyrir fyrra tímabilið.

Breyting sú, sem stefndi gerði á kröfugerð sinni, stefnanda í óhag, við munnlegan flutning málsins, er þannig of seint fram komin og kemur ekki til álita. Sýknukrafa stefnda byggðist á þeirri málsástæðu, að stefnandi hefði fyrirgert rétti sínum til þeirra launa, sem viðurkennt var, að hann hefði unnið sér inn. Frá þessari kröfu hefur stefndi nú fallið. Gagnrýni umboðsmanns stefnanda í greinargerð á reikningsaðferð stefnda verður ekki skilin þann veg, að hann hafi viljað gera málstað umbjóðanda síns lakari.

Að því er varðar tímabilið frá 25. janúar til 9. marz 1966 er álit réttarins sem hér segir: Stefnandi var í skiprúmi á skipi stefnda, þegar það var tekið til viðgerðar í Hafnarfjarðarhöfn 25. janúar 1966. Hann var þá ekki lögskráður úr skiprúmi. Sam-

kvæmt 8. gr. síldveiðisamnings frá 2. febrúar 1965, sem aðiljar telja gilda um lögskipti sín, bar útgerðarmanni að tryggja stefnanda kr. 11.261.00 í lágmarkskaup fyrir hvern mánuð (30 daga) af ráðningartímanum.

Samkvæmt 26. gr. samningsins skal kauptrygging hækka í sama hlutfalli og kaup verkafólks á viðkomandi stað á gildistíma samningsins. Er því ómótmælt haldið fram af stefnanda, að á tímabilinu frá 1. desember 1965 til 30. apríl 1966 hafi mánaðarkaupið þannig numið kr. 13.668.00 og frá 1. marz 1966 kr. 13.901.00. Samkvæmt 12. gr. samningsins ber stefnanda 7% orlofsfé af öllum launagreiðslum, og samkvæmt sömu grein skal útgerðarmaður greiða sjúkrasamlagsgjöld skipverja. Ráðningarsamningi stefnanda virðist ekki hafa verið slitið, er skipið var tekið til viðgerðar 25. janúar 1966. Ósannað er gegn mótmælum stefnanda, að hann hafi verið í orlofi á viðgerðartímanum.

Meðan skipið lá í höfn, var einskis afla að vænta. Með hliðsjón af því, hversu mjög viðgerðin dróst á langinn, þykir það í bezta samræmi við kjarasamninginn, sem ræður lögskiptum aðiljanna, að reikna stefnanda laun án tillits til aflabragða á tryggingartímabilinu. Fyrir því ber að fallast á kröfu stefnanda um laun fyrir viðgerðartímann.

Í 32. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 er tæmandi talning þeirra atvika, sem heimila skipstjóra að víkja skipverja úr skiprúmi með þeim réttaráhrifum, er greinir í 34. gr. Þykir atferli stefnanda ekki verða fellt þar undir, enda var honum ekki sagt upp fyrirvaralaust. Með því að skipshöfnin hóf störf sín á skipinu í Reykjavíkurhöfn, verður að telja, að þar skyldi ráðningu slitið. Stefndi á því rétt á greiðslu ferðakostnaðar síns frá Seyðisfirði til Reykjavíkur.

Stefndi hefur mótmælt vaxtakröfu stefnanda, bæði hæð hennar og upphafstíma. Engin lagarök virðast leiða til að reikna vextina einungis frá stefnubirtingardegi, svo sem stefndi krefst. Hins vegar verður að fallast á, að vaxtakrafan sé of há. Samkvæmt 13. gr. laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands hefur bankinn vald til að ákveða hámarksvexti samkvæmt lögum nr. 58/1960 um bann við okri, dráttarvexti o. fl. Samkvæmt lögum nr. 71/1965 um breytingu á síðargreindu lögunum skulu dráttarvextir fara eftir því, sem bankinn ákveður. Samkvæmt auglýsingu 30. desember 1965 skulu dráttarvextir í lánsviðskiptum vera 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði. Viðskipti aðilja þessa máls verða ekki talin lánsviðskipti í skilningi greindrar aug-

lýsingar. Bankinn hefur ekki tekið afstöðu til þess, hverjir dráttarvextir skuli reiknast af öðrum skuldum, og virðist í því efni verða að fara eftir þeim reglum, sem giltu fyrir gildistöku laga nr. 71 frá 1965. Verður því að fallast á þá kröfu stefnda, að vextir reiknist aðeins 8%.

Málskostnaður telst hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00.

Dóm þenna kváðu upp Steingrímur Gautur Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógeta, formaður dómsins, og meðdómsmennirnir Þorsteinn Einarsson skipstjóri og Þorsteinn Eyjólfsson skipstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Útver h/f, greiði stefnanda, Sigurði Stefánssyni, kr. 49.730.28 með 8% ársvöxtum frá 3. ágúst 1966 til greiðsludags og kr. 10.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Sjóveðréttur viðurkennist fyrir tildæmdum kröfum í m/s Margréti, SI 4.

Föstudaginn 2. maí 1969.

Nr. 110/1968. **Útver h/f**
(Sveinn Snorrason hrl.)
gegn
Haraldi Sigurðssyni
(Árni Gunnlaugsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson og prófessorarnir Magnús Þ. Torfason og Theodór B. Líndal.

Kaupgjaldsmál. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. júní 1968. Krefst hann þess, að sér verði aðeins gert að greiða stefnda kr. 15.494.49 með 8% ársvöxtum frá 15. september 1966 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem í héraðsdómi greinir, var stefndi í skiprúmi á skipi áfrýjanda, m/s Margréti, SI 4, þegar skipið var tekið til viðgerðar í Hafnarfirði hinn 24. janúar 1966. Hann hafði verið skipverji fyrir áramót, en hóf aftur strörf 7. janúar 1966.

Að lokinni viðgerð hélt skipið veiðum áfram hinn 9. marz s. á. Í máli þessu er einungis ágreiningur um kaup stefnda þetta tímabil. Krefst hann lágmarkskaups, kauptryggingarfjár, á þessu tímabili, en síðan kaups samkvæmt hlutaskiptum afla til loka tryggingartímabilsins, 15. maí 1966.

Áfrýjandi reisir kröfu sína á því, að stefndi hafi fallizt á að fara í orlof, meðan viðgerðin færi fram, en stefndi telur ekkert hafa verið á orlof minnzt.

Staðhæfing áfrýjanda er ósönnuð, og skipshöfnin var ekki afskráð. Þar sem hvorugur aðilja sagði upp skiprúmssamningnum, gilti kjarasamningurinn frá 2. febrúar 1965 áfram um löðskipti aðilja. Samkvæmt 8. gr. hans var tryggingartímabil það, sem hér skiptir máli, frá 1. janúar til 15. maí 1966. Verðmæti aflahluta stefnda frá 7. janúar til 15. maí nam kr. 33.810.88, en kauptryggingarfé kr. 47.491.70 (19.318.50 + 28.173.20). Kaupábyrgð áfrýjanda varð því virk. Ber áfrýjanda að greiða stefnda þessa fjárhæð ásamt 7% í orlofsfé, kr. 3.324.42, og sjúkrasamlagsgjald í 129 daga, kr. 494.07. Samtals eru þessar fjárhæðir kr. 51.310.19, en aðiljar eru sammála um, að til frádráttar komi kr. 27.670.45. Samkvæmt þessu ber áfrýjanda að greiða stefnda kr. 23.639.74 með vöxtum frá þeim tíma, sem greinir í héraðsdómi, en aðiljar eru sammála um vaxtafótinn, og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 16.000.00. Stefndi á sjóveðrétt í m/s Margréti, SI 4, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Útver h/f, greiði stefnda, Haraldi Sigurðssyni, kr. 23.639.74 ásamt 8% ársvöxtum frá 21. júlí 1966

til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 16.000.00.

Stefndi á sjóveðrétt til tryggingar þessum fjárhæðum í m/s Margréti, SI 4.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sjó- og verzlunardómur Hafnarfjarðar 20. apríl 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. marz 1968, hefur Haraldur Sigurðsson háseti, Hólmgarði 5, Reykjavík, höfðað á hendur Útveri h/f, Siglufirði, með framlagningu skjala í dóm 29. nóvember 1966, þar sem umboðsmaður varnaraðilja var mættur til að svara til saka. Skriflegt samkomulag um varnarþing var lagt fram við þingfestingu málsins.

Dómkröfur stefnanda eru endanlega þær, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 32.850.85 með 1% vöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 21. júlí 1966 til greiðsludags og málskostnað. Auk þess er krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í m/s Margréti, SI 4, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Af hálfu stefnda er þess krafizt aðallega, að honum verði aðeins gert að greiða kr. 1.820.49, en til vara kr. 15.494.49. Í báðum tilvikum er þess krafizt, að aðeins verði veitt dómsviðurkenning fyrir 8% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi og að málskostnaður falli niður.

Í greinargerð krafðist stefndi aðallega sýknu og málskostnaðar, en til vara, að honum yrði aðeins gert að greiða kr. 15.494.49 með 7% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi, en að málskostnaður yrði felldur niður. Við munnlegan flutning málsins breytti stefndi kröfum sínum í það horf, sem nú er, og var þeirri breytingu mótmælt af hálfu stefnanda sem of seint fram kominni.

Málavextir og málsástæður.

7. janúar 1966 réðst stefnandi sem háseti á m/s Margréti, SI 4. Eigandi og útgerðarmaður var stefndi. Ráðningarsamningi aðiljanna var slitið 21. júlí 1966, en engin lögskil gerði stefndi stefnanda, og er mál þetta höfðað til heimtu eftirstöðva launa fyrir störf stefnanda á skipinu. Ekki var lögskráð á skipið. Hins vegar var að sögn stefnanda fært í skipshafnarskrá um borð. Kveður

hann skipverja hafa ritað nöfn sín undir bókunina. 6. janúar 1966 sendi Kjartan Friðbjarnarson, framkvæmdastjóri stefnda, lögskráningarstjóranum á Siglufirði bréf með upplýsingum um þá menn, sem ráðnir höfðu verið í skiprúm. 12. janúar 1966 sendi hann lögskráningarstjóra skeyti um, að skipið hefði hafið veiðar 7. janúar. Í byrjun maímánaðar sendi framkvæmdastjórinn nafnalista á tilkynningareyðublaði fyrir breytingar á skipshöfn, undirritaðan af honum sjálfum. Segir þar, að skipshöfnin, og þar á meðal stefndi, hafi verið afskráð 25. janúar 1966 og komið aftur í skiprúm 9. marz sama ár. 25. janúar lagðist skipið að bryggju í Hafnarfirði og var þar til viðgerðar, þar til það hélt aftur á veiðar 9. marz sama ár. Hefur því verið haldið fram af hálfu stefnda, að skipsmenn hafi verið í orlofi á þessum tíma.

Stefnandi hefur gefið aðiljaskýrslu fyrir réttinum. Kvað hann ekki hafa verið um annað talað, þegar skipið var tekið til viðgerðar 24. janúar 1966, en að skipsmenn væru skráðir áfram, og ekki kvað hann hafa verið minnzt á, að tíminn, sem skipið væri til viðgerðar, yrði reiknaður sem orlof. Hann kveðst hafa unnið nokkra daga hjá Hraðfrystistöð Reykjavíkur á þessum tíma. Samkvæmt skattframtali hefur hann þegið kr. 6.624.00 í laun frá Hraðfrystistöð Reykjavíkur árið 1966.

Málið var upphaflega höfðað til greiðslu á kr. 40.000.00 auk vaxta og kostnaðar, en þess er getið í stefnu, að fjárhæð stefnukröfunnar sé áætluð og fyrirvari gerður um breytingar á henni undir rekstri málsins. Við þingfestingu málsins lagði stefnandi fram svohljóðandi reikningsyfirlit af hálfu stefnda:

„Hr. Haraldur Sigurðsson, Hólmgarði 5, Reykjavík.
Uppgjör á m/s Margréti, SI 4, frá 1/1 til 31/5 1966.

Aflatrygging frá 7/1 til 24/1, 18 dagar, 364.50 ..	kr.	6.561.00
Aflahlutur frá 10/3 til 31/5, 2.808% úr 1.797.33(sic)	—	50.461.96
Aflahlutur úr ufsa, 2.808% úr 47.190	—	1.325.09
Orlof 7%	—	4.084.36
Sjúkrasamlag í 100 daga, 3.83	—	383.00
Fæði í 100 daga, 67.76	kr. 6.776.00	
Peningar	— 62.735.00	
Mismunur f. á næsta tímabil	—	6.695.59
	Kr. 69.511.00	Kr. 69.511.00

Bráðabirgðauppgjör 1/6 til 21/7 1966.		
Mismunur frá f. tímabili .. .. kr.	6.695.59	
Aflatrygging frá 1/6 til 21/7, 51 d.		kr. 18.589.50
Áætlað fæði í 51 d., 100.00 .. .. —	5.100.00	
Greitt Gjaldheimtunni í Reykjavík .. —	7.000.00	
Mismunur		— 206.59
	Kr. 18.795.59	Kr. 18.795.59“

Af hálfu stefnanda var uppgjöri þessu lýst sem röngu og ófullnægjandi, einkum vegna þess að einungis er um bráðabirgðauppgjör að ræða fyrir tímabilið frá 1. júní til 21. júlí 1966, og einnig vegna þess, að ekki sé rétt skipt í tryggingartímabil samkvæmt kjarasamningi útvegsmanna og sjómanna. Einkum er þó reikningsyfirlitið gagnrýnt vegna þess, að stefnanda var ekki reiknuð kauptrygging fyrir tímabilið 24. janúar til 9. marz 1966, en því er haldið fram, að stefnandi hafi verið bundinn ráðningu við stefnda allan tímann, tímabilið falli ekki undir aflahlut, þar sem ekki var verið að veiðum, og hafi stefnandi þannig orðið fyrir tjóni, sem stefndi beri ábyrgð á. Auk þess var það sérstaklega gagnrýnt, að tímabilinu frá 7. janúar til 15. maí er skipt niður í kauptryggingartímabil og tímabil, þar sem kaupgreiðslur eru bundnar við aflahlut.

7. febrúar 1967 var lögð fram greinargerð af hálfu stefnda og svohljóðandi reikningsyfirlit fyrir tímabilið 1. júní til 21. júlí 1966:

„Haraldur Sigurðsson, Hólmgarði 5, Reykjavík.		
Pr.: Aflahlutur 2.808% úr 1.160.865.84		kr. 32.597.11
Orlof 7%		— 2.281.80
Sjúkrasamlag 51 d., 3.83		— 195.33
An.: Fæði í 51 dag, 76.16	kr. 3.884.16	
— Skuld f. f. yfirl.	— 6.695.59	
— Greitt Gjaldheimtunni	— 7.000.00	
— Peningar	— 2.000.00	
— Mismunur	— 15.494.49	
	Kr. 35.074.24	Kr. 35.074.24“

Varakrafa stefnda var síðan byggð á því, að þetta reikningsyfirlit yrði lagt til grundvallar lögskilum aðiljanna vegna skip-

rúmssamningsins. Haldið er fast við reikningsaðferð við útreikning launa stefnanda fyrir fyrra tímabilið frá 7. janúar til 31. maí 1966. Aðalkrafa var studd þeim rökum, að stefnandi hefði tekið þátt í uppreisn gegn skipstjóra, og heimilaði það stefnda að draga af kaupi hans sem næmi inneign hans.

Eftir að gagnasöfnun lauk og áður málið yrði tekið til munnlegs flutnings, féll dómur í máli, sem Bryngeir Vattnes, II. stýrimaður, hafði höfðað hér fyrir dómi á hendur stefnda í máli þessu til heimtu launa fyrir störf á m/s Margréti, SI 4, á sama tímabili og stefndi krefst launa fyrir í máli þessu. Var niðurstaða dóms á þann veg, að stefnanda bæri kauptrygging fyrir tímabilið frá 24. janúar 1966 til 9. marz 1966, er skipið var til viðgerðar í Hafnarfirði.

Er málið var tekið til munnlegs flutnings, var stefnukröfum breytt í það horf, sem nú er. Stefnandi fellur nú frá allri gagnrýni á reikningsfærslu stefnda og krefst þess eins, að stefnda verði auk þess, sem hann viðurkennir að skulda stefnanda, gert að greiða honum kauptryggingu fyrir tímabilið frá 24. janúar til 9. marz. Svo heldur stefnandi og fast við vaxtakröfu og málskostnað.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi nú svo:

1. *Tímabilið frá 24. 1. 1966 til 9. 3. 1966:*
   Kauptrygging:
   Frá 24.1. 1966 til 1. 3. 1966, kr.
   363.81 á dag í 35 daga .. .. kr. 12.733.35
   Frá 1. 3. 1966 til 9. 3. 1966, kr. 370.00
   á dag í 9 daga .. .. — 3.330.00 kr. 16.063.35
   Orlof 7% .. .. — 1.124.43
   Sjúkrasamlag frá 24. 1. 1966—9. 3. 1966 .. .. .. — 168.58

   Kr. 17.356.36
2. Innstæða samkvæmt uppgjöri stefnda á rskj. nr. 17 — 15.494.49

   Kr. 32.850.85

Stefndi fellur nú frá aðalkröfu sinni og setur fram nýja aðalkröfu um, að honum verði aðeins gert að greiða stefnanda kr. 1.820.49. Kveður hann kröfuna byggða á því, að ef reikna eigi laun stefnanda í samræmi við heildarsamninga sjómann og útgerðarmanna og breytta kröfugerð stefnanda, hafi afli verið meiri á tímabilinu frá 1. janúar til 15. maí en sem svaraði kauptrygg-

ingu. Hið sama kveður stefndi um tímabilið frá 15. maí til loka skiprúmssamningsins. Stefndi fellur þannig frá fyrri skoðun sinni, sem fram kemur í reikningsyfirliti hans, og fellst á það sjónarmið stefnanda, sem fram kemur í greinargerð hans um, að reikna beri tryggingartímabil í samræmi við 8. gr. síldveiðisamnings milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna og nokkurra sjómannafélaga frá 2. febrúar 1965, þar sem segir, að tryggingartímabil á síldveiðum skuli vera þrjú, það er: 1. janúar til 15. maí, 16. maí til 15. september og frá 16. september til 31. desember.

Mótmæli stefnanda gegn breyttri kröfugerð stefnda byggjast á því, að stefndi hafi með fyrri afstöðu sinni í málinu viðurkennt, að stefnandi eigi inni hjá honum kr. 15.494.49, og að reikna beri laun stefnanda með þeim hætti, sem lýst er hér að framan og stefnandi hefur nú sætt sig við. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að stefndi geti nú ekki breytt þessari afstöðu til óhagræðis fyrir stefnanda.

Af stefnda hálfu er því haldið fram, að afstaða réttarins í málinu: Bryngeir Vattnes gegn Útveri h/f og breytt kröfugerð stefnanda réttlæti afstöðubreytingu stefnda.

Enn er því haldið fram af hálfu stefnda, að komist rétturinn að þeirri niðurstöðu, að stefnandi eigi rétt til launa fyrir tímann, sem skipið var til viðgerðar, beri að draga frá þá fjárhæð, sem hann sannanlega vann sér inn á tímanum.

Álit réttarins.

Þegar stefndi lagði fram greinargerð sína, lá fyrir í málinu reikningsyfirlit hans um skuldaskil hans og stefnanda fyrir tímabilið frá 7. janúar 1966 til 31. maí 1966. Einnig lá þá fyrir, að stefnandi taldi vanta í yfirlitið laun sín fyrir tímabilið frá 24. janúar 1966 til 9. marz 1966. Ef stefndi vildi gera breytingu á reikningsgrundvellinum stefnanda í óhag vegna kröfu hans um laun fyrir nefnt tímabil, hefði hann átt að gera kröfu þar að lútandi í greinargerð sinni. Í þess stað leggur hann fram með greinargerðinni reikningsyfirlit fyrir tímabilið frá 1. júní til 21. júlí 1966, þar sem byggt er á reikningsyfirliti fyrir fyrra tímabilið.

Breyting sú, sem stefndi gerði á kröfugerð sinni, stefnanda í óhag, við munnlegan flutning málsins, er þannig of seint fram komin og kemur ekki til álita. Sýknukrafa stefnda byggðist á þeirri málsástæðu, að stefnandi hefði fyrirgert rétti sínum til þeirra launa, sem viðurkennt var, að hann hefði unnið sér inn. Frá þessari kröfu hefur stefndi nú fallið. Gagnrýni umboðsmanns stefnanda í greinargerð á reikningsaðferð stefnda verður ekki

skilin þann veg, að hann hafi viljað gera málstað umbjóðanda síns lakari.

Að því er varðar tímabilið frá 25. janúar til 9. marz 1966 er álit réttarins sem hér segir: Stefnandi var í skiprúmi á skipi stefnda, þegar það var tekið til viðgerðar í Hafnarfjarðarhöfn 25. janúar 1966. Hann var þá ekki lögskráður úr skiprúmi. Samkvæmt 8. gr. síldveiðisamnings frá 2. febrúar 1965, sem aðiljar telja gilda um lögskipti sín, bar útgerðarmanni að tryggja stefnanda kr. 9.009.00 í lágmarkskaup fyrir hvern mánuð (30 daga) af ráðningartímanum. Samkvæmt 26. gr. samningsins skal kauptrygging hækka í sama hlutfalli og kaup verkafólks á viðkomandi stað á gildistíma samningsins. Er því ómótmælt haldið fram af stefnanda, að á tímabilinu frá 1. desember 1965 til 30. apríl 1966 hafi mánaðarkaupið þannig numið kr. 10.935.00 og frá 1. marz 1966 kr. 11.121.00. Samkvæmt 12. gr. samningsins ber stefnanda 7% orlofsfé af öllum launagreiðslum, og samkvæmt sömu grein skal útgerðarmaður greiða sjúkrasamlagsgjöld skipverja. Ráðningarsamningi stefnanda virðist ekki hafa verið slitið, er skipið var tekið til viðgerðar 25. janúar 1966. Ósannað er gegn mótmælum stefnanda, að hann hafi verið í orlofi á viðgerðartímanum.

Meðan skipið lá í höfn, var einskis afla að vænta. Mið hliðsjón af því, hversu mjög viðgerðin dróst á langinn, þykir það í bezta samræmi við kjarasamninginn, sem ræður lögskiptum aðiljanna, að reikna stefnanda laun án tillits til aflabragða á tryggingartímabilinu. Fyrir því ber að fallast á kröfu stefnanda um laun fyrir viðgerðartímann.

Krafa stefnanda um greiðslu fyrir þetta tímabil er í eðli sínu fremur launakrafa en bótakrafa. Kemur því ekki til greina að draga frá launum hans það, sem honum hefur tekizt að afla sér annars staðar á nefndu tímabili, enda virðist hann ekki hafa bundið sig þannig við önnur störf, að hann gæti ekki gegnt starfsskyldum sínum við stefnda, ef á reyndi. Þessi niðurstaða er enda í fullu samræmi við síldveiðisamninginn frá 2. febrúar 1965, þar sem m. a. segir í 14. gr. um fisk dreginn á færi:

„Háseta, matsveinar og vélstjórar eiga allan fisk, er þeir draga á færi, og fái þeir, nema á reknetaveiðum við Faxaflóa, ókeypis salt í hann hjá útgerðarmanni, enda sé öll lipurð sýnd af skipsráðanda um geymslustað fyrir fiskinn".

Stefndi hefur mótmælt vaxtakröfu stefnanda, bæði hæð hennar og upphafstíma. Engin lagarök virðast leiða til að reikna vextina einungis frá stefnubirtingardegi, svo sem stefndi krefst.

Hins vegar verður að fallast á, að vaxtakrafan sé of há. Samkvæmt 13. grein laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands hefur bankinn vald til að ákveða hámarksvexti samkvæmt lögum nr. 58/1960 um bann við okri, dráttarvexti o. fl. Samkvæmt lögum nr. 71/1965 um breytingu á síðargreindu lögunum skulu dráttarvextir fara eftir því, sem bankinn ákveður. Samkvæmt auglýsingu 30. desember 1965 skulu dráttarvextir í lánsviðskiptum vera 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði. Viðskipti aðilja þessa máls verða ekki talin lánsviðskipti í skilningi greindrar auglýsingar. Bankinn hefur ekki tekið afstöðu til þess, hverjir dráttarvextir skuli reiknast af öðrum skuldum, og virðist í því efni verða að fara eftir þeim reglum, sem giltu fyrir gildistöku laga nr. 71 frá 1965.

Verður því að fallast á þá kröfu stefnda, að vextir reiknist aðeins 8%.

Málskostnaður telst hæfilega ákveðinn kr. 8.750.00.

Dóm þenna kváðu upp Steingrímur Gautur Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógeta, formaður dómsins, og meðdómsmennirnir Þorsteinn Einarsson skipstjóri og Þorsteinn Eyjlófsson skipstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Útver h/f, greiði stefnanda, Haraldi Sigurðssyni, kr. 32.850.85 með 8% ársvöxtum frá 21. júlí 1966 til greiðsludags og kr. 8.750.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Sjóveðréttur viðurkennist fyrir tildæmdum kröfum í m/s Margréti, SI 4.

Föstudaginn 2. maí 1969.

Nr. 111/1968. **Útver h/f**
(Sveinn Snorrason hrl.)
gegn
Bryngeiri Vattnes
(Árni Gunnlaugsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson og prófessorarnir Magnús Þ. Torfason og Theodór B. Líndal.

Kaupgjaldsmál. Sjóveðréttur. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Skúli Thorarensen, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, hefur framkvæmt hið áfrýjaða fjárnám.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 6. júní 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að honum verði einungis dæmt að greiða stefnda kr. 38.285.05 með 8% ársvöxtum frá 25. október 1966 til greiðsludags. Með framhaldsstefnu 5. júlí 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag, áfrýjaði áfrýjandi til Hæstaréttar fjárnámsgerð, framkvæmdri í fógetadómi Hafnarfjarðar 16. marz 1968 til tryggingar hinum áfrýjaða dómi. Krefst áfrýjandi þess, að fjárnámið verði úr gildi fellt. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að einungis verði dæmdir 8% ársvextir. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Samkvæmt gögnum málsins var stefndi stýrimaður á skipi áfrýjanda, v/s Margréti, SI 4, á árinu 1965. Hinn 18. desember 1965 kom skipið til Reykjavíkur, og telur áfrýjandi, að þá hafi verið ráð fyrir því gert, að skipið færi til viðgerðar. Af því varð þó ekki, og var skipinu haldið á veiðar 7. janúar 1966. Hinn 24. janúar 1966 kom skipið af veiðum

og var nú til viðgerðar í höfn til 9. marz s. á., en þann dag var því aftur haldið á veiðar. Stefndi var stýrimaður á skipinu til 2. ágúst 1966, er hann hætti störfum þar með samkomulagi.

Í samningi samtaka útgerðarmanna og samtaka yfirmanna á fiskiskipum frá 29. desember 1963 um kjör skipstjóra og stýrimanna á síldveiðum, en aðiljar eru sammála um, að ákvæði þess samnings gildi um skipti þeirra, þau, sem hér er um fjallað, segir í 4. gr., að útgerðarmaður tryggi skipstjórum og stýrimönnum mánaðarlegar greiðslur upp í hundraðshluta afla þeirra. Þá segir, að tryggingartímabil á síldveiðum skuli vera þrjú, „frá 1. marz til 31. maí, frá 1. júní til 30. september og frá 1. október til febrúarloka". Ákvæði samnings þessa verður að leggja til grundvallar uppgjöri á skiptum aðilja í máli þessu. Ósannað er, að stefndi hafi verið löglega skráður úr skiprúmi eftir 1. október 1965 og þar til hann hætti störfum á skipinu 2. ágúst 1966. Ber því að miða uppgjör á launum stefnda við þrjú tímabil, frá 1. október 1965 til 28. febrúar 1966, frá 1. marz 1966 til 31. maí s. á. og frá 1. júní 1966 til 2. ágúst 1966, er stefndi fór úr skiprúmi. Samkvæmt gögnum málsins nam verðmæti aflahlutar stefnda á hverjum hinna þriggja tryggingartímabila, sem hér um ræðir, mun hærri fjárhæð en kauptrygging hefði numið. Var því rétt að leggja verðmæti aflahlutar stefnda til grundvallar uppgjöri aðilja. Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt og aðiljar eru sammála um, að séu tölulega rétt, nam inneign stefnda þannig reiknuð kr. 36.376.01 hinn 2. ágúst 1966, og er þá ekki litið til þess, að stefndi starfaði hjá öðrum aðilja dagana 26. febrúar til 3. marz 1966. Áfrýjandi hefur hins vegar gert þá kröfu hér fyrir dómi, að skuld hans við stefnda verði talin nema kr. 38.285.05. Verður sú fjárhæð því tekin til greina með 8% ársvöxtum, svo sem aðiljar eru sammála um, og er rétt, að vextir reiknist frá 10. ágúst 1966 til greiðsludags. Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda í málskostnað í héraði kr. 10.000.00, en málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Samkvæmt 2. tl. 216. gr. laga nr. 66/1963 á stefndi sjóveðrétt í v/s Margréti, SI 4, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Staðfesta ber hina áfrýjuðu fjárnámsgerð fyrir dæmdum fjárhæðum, en að öðru leyti er hún úr gildi felld.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Útver h/f, greiði stefnda, Bryngeiri Vattnes, kr. 38.285.05 með 8% ársvöxtum frá 10. ágúst 1966 til greiðsludags og kr. 10.000.00 í málskostnað í héraði, en málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Stefndi á sjóveðrétt í v/s Margréti, SI 4, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest fyrir hinum dæmdu fjárhæðum, en er að öðru leyti felld úr gildi.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 27. desember 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. desember 1967, hefur Bryngeir Vattnes stýrimaður, Nýbýlavegi 23 í Kópavogi, höfðað á hendur Útveri h/f, Siglufirði, með framlagningu skjala í dóm hinn 29. nóvember 1966, þar sem umboðsmaður stefnda var mættur til að svara til saka. Skriflegt samkomulag um varnarþing var lagt fram við þingfestingu málsins.

Dómkröfur stefnanda eru endanlega þær, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 60.970.08 með 1% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 10. ágúst 1966 til greiðsludags og málskostnað.

Auk þess er krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í m/s Margréti, SI 4, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Af hálfu stefnda er þess krafizt, að honum verði aðeins gert að greiða kr. 38.285.05 með 6% ársvöxtum frá 1. desember 1966 til greiðsludags og að málskostnaður falli niður. Til vara er þess krafizt, að málskostnaður verði aðeins reiknaður af kr. 38.285.05.

Málsatvik.

7. janúar 1966 réðst stefnandi sem 2. stýrimaður á m/s Margréti,

SI 4. Eigandi og útgerðarmaður skipsins var stefndi. Með samkomulagi aðiljanna var ráðningarsamningi slitið 3. ágúst 1966. Af hálfu stefnda er viðurkennt, að stefnandi eigi ógreidd laun að fjárhæð kr. 38.285.05.

Ekki var lögskráð á skipið. Hins vegar var að sögn stefnanda fært í skipshafnarskrá um borð. Kveður hann skipverja hafa ritað nöfn sín undir bókunina. 6. janúar sendi Kjartan Friðbjarnarson, framkvæmdastjóri stefnda, lögskráningarstjóranum á Siglufirði bréf með upplýsingum um þá menn, sem ráðnir höfðu verið í skiprúm. 12. janúar 1966 sendi hann lögskráningarstjóra skeyti um, að skipið hefði hafið veiðar 7. janúar. Í byrjun maímánaðar sendi framkvæmdastjórinn nafnalista á tilkynningareyðublaði fyrir breytingar á skipshöfn, undirritaðan af honum sjálfum. Segir þar, að skipshöfnin, og þar á meðal stefnandi, hafi verið afskráð 25. janúar 1966 og komið aftur í skiprúm 9. marz sama ár. 25. janúar lagðist skipið að bryggju í Hafnarfirði og var þar til viðgerðar, þar til það hélt aftur á veiðar 9. marz sama ár. Hefur því verið haldið fram af hálfu stefnda, að skipsmenn hafi verið í orlofi á þessum tíma. Stefnandi hefur komið fyrir réttinn og gefið aðiljaskýrslu. Kveður hann skipstjóra hafa sagt, að skipverjar yrðu skráðir áfram. Hann kveður ekki hafa verið nefnt, að skipverjar færu í orlof. 26. febrúar til 3. marz var stefnandi skráður skipverji á m/b Fróðakletti. Kveðst hann hafa fengið leyfi hjá skipstjóranum til að fara í þá veiðiferð. Hann kveðst hafa unnið sér inn um kr. 16.000.00 í ferðinni.

Hin umdeilda krafa er til launa fyrir tímabilið frá 25. janúar til 9. marz 1966 og sundurliðast þannig:

Kauptrygging frá 24. 1. 1966 til 9. 3. 1966:	
24. 1. 1966—1. 3. 1966, kr. 459.27 á dag í 35 daga ..	kr. 16.074.45
1. 3. 1966—9. 3. 1966, kr. 463.66 á dag í 9 daga	— 4.172.94
Kaup samkv. samningi L.Í.Ú. frá 24. 1.—9. 3. 1966:	
24. 1.—1. 3. 1966, kr. 18.03 á dag í 35 daga	— 631.05
1. 3.—9. 3. 1966, kr. 18.33 á dag í 9 daga	— 164.97
Orlof 7%	— 1.473.04
Sjúkrasaml. frá 24. 1.—9. 3. 1966	— 168.58
	Kr. 22.685.03

Á tímabilinu frá 7. janúar til 24. janúar var afli það rýr, að ekki veiddist upp í tryggingu. Hins vegar er stefnanda reiknaður

aflahlutur fyrir tímabilið frá 9. marz til 31. maí í uppgjöri stefnda.

Málsástæður.

Af stefnanda hálfu er byggt á því, að stefnandi hafi verið skráður á skipið allan þann tíma, sem skipið var til viðgerðar, og bundinn af ráðningarsamningi við skipið. Er á því byggt, að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni, sem útgerðarmaður beri ábyrgð á, við það, að skipinu varð ekki haldið til veiða. Beri honum því kauptrygging fyrir þetta tímabil. Með hliðsjón af dómi Hæstaréttar í XXXVII. bindi dómasafns á bls. 69 er því haldið fram, að ekki beri að draga frá kröfu hans þá fjárhæð, sem hann vann sér inn í veiðiferð með m/s Fróðakletti 26. febrúar til 3. marz. Ef krafa hans ætti að lækka af þeim sökum, kæmi ekki til greina, að frádráttur yrði hærri en sem næmi launum fyrir tímabilið.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi verið skráður úr skiprúmi 25. janúar og hafi hann verið í orlofi á þeim tíma, sem skipið var til viðgerðar, stefnandi hafi sjálfur samþykkt hið afbrigðilega skráningarform og ekki hreyft athugasemdum við því fyrr en við lögsókn. Er aðiljaskýrslu stefnanda mótmælt, að því leyti sem hún fer í bága við þessar staðhæfingar, og einnig því, að stefnandi hafi fengið leyfi skipstjóra til að fara til veiða með m/s Fróðakletti 26. febrúar, enda hafi þess ekki þurft við.

Ef niðurstaða dóms yrði hins vegar sú, að stefnandi ætti rétt til launa þann tíma, sem skipið var í viðgerð, er því haldið fram, að ekki megi skipta því sama tryggingartímabili þannig niður, að af fyrri hluta þess greiðist aflatrygging, þ. e. 7. janúar til 9. marz, en fyrir síðari hlutann aflahlutur 9. marz til 31. maí. Er því haldið fram, að miðað við allt tímabilið mundi afli ekki hrökkva fyrir tryggingu, en laun stefnanda hins vegar vera nokkru hærri en samanlagður aflahlutur og trygging samkvæmt uppgjöri stefnda. Er því og haldið fram, að draga beri þá frá kröfu stefnanda þá fjárhæð, sem hann sannanlega vann sér inn á tímabilinu. Þau sjónarmið, sem koma fram í framangreindum dómi Hæstaréttar, eru ekki talin eiga við, þar sem þar hafi verið um að ræða fyrirvaralausa uppsögn án saka. Þess vegna er því haldið fram, að ef rétturinn sé þeirrar skoðunar, að stefnanda beri laun fyrir tímabilið frá 24. janúar til 9. marz, beri að vísa kröfu stefnanda frá, þar sem reikningsgrundvöllur hennar sé rangur.

Varðandi vaxtakröfu er því haldið fram, að stefnandi hafi ekki átt rétt á uppgjöri fyrr en í desember og að ekki sé venja, að greiddir séu hærri vextir en 6%.

Álit réttarins.

Stefnandi var í skiprúmi á skipi stefnda, þegar það var tekið til viðgerðar í Hafnarfjarðarhöfn 25. janúar 1966. Hann var þá ekki lögskráður úr skiprúmi. Samkvæmt 4. grein síldveiðisamnings frá 29. desember 1963, sem gilti um lögskipti aðiljanna, bar útgerðarmönnum að tryggja stefnanda mánaðarlegar greiðslur upp í hundraðshluta afla frá lögskráningardegi til afskráningardags með mánaðarkaupi, kr. 10.725.00, með vísitöluálagi frá 1. desember til 1. marz 1966, sbr. 28. gr. kjarasamnings, kr. 13.688.00, og frá 1. marz 1966, kr. 13.901.00. Þykir stefnandi ekki í þessu efni eiga að bera hallann af því, að ekki hafði verið lögskráð á skipið, enda hvíldi skráningarskyldan á skipstjóra og útgerðarmanni. Samkvæmt d-lið 2. gr. samningsins bar stefnanda fast mánaðarkaup, kr. 425.00, með vísitöluálagi til 1. marz 1966, kr. 541.00, og frá 1. marz 1966, kr. 550.00. Samkvæmt 24. gr. samningsins og lögum nr. 68/1964 ber að greiða sem orlofsfé 7 af hundraði af öllum launum. Samkvæmt sömu grein ber að greiða sjúkrasamlagsgjöld fyrir skipstjóra og stýrimenn, „meðan þeir eru lögskráðir á skipið".

Stefnandi var lögskráður á annað skip á tímabilinu frá 26. febrúar til 3. marz. Þykir það ekki samrýmast kjarasamningi, að stefnandi þiggi laun af stefnda þann tíma, enda var hann á þeim tíma ekki reiðubúinn til að gegna starfsskyldum sínum við stefnda.

Meðan skipið lá í höfn, var einskis afla að vænta. Í samningi aðiljanna felst skylda til að halda skipinu úti til veiða. Efndabrestur varð á þeirri skyldu af atvikum, sem varða útgerðarmann. Með hliðsjón af því, hversu viðgerðin dróst á langinn, þykir því ekki rétt að jafna aflaverðmætinu yfir allt tímabilið frá 7. janúar til 31. maí, eins og haldið er fram af hálfu stefnda. Reikningsgrundvöllur stefnanda, sem byggist á uppgjöri stefnda, verður því að teljast eðlilegur, eins og á stendur.

Samkvæmt framansögðu ber stefnda að greiða stefnanda eins og hér segir:

Kauptrygging	kr.	17.487.60
Kaup	—	686.94
Orlofsfé	—	1.272.22
Sjúkrrsamlagsgjald	—	145.60
	Alls kr.	19.592.36
Óumþrættar eftirstöðvar launa	—	38.285.05
	Samtals kr.	57.877.41

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 58/1960, sbr. lög nr. 71/1965, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands 20. maí 1965 ber stefnda að greiða stefnanda 1% mánaðarvexti frá eindaga skuldarinnar. Samkvæmt gögnum málsins voru kr. 45.844.97 af kröfunni þegar eindagaðar við lok fyrra tryggingartímabils, 31. maí. Þykir því krafa stefnanda um, að dráttarvextir reiknist frá 10. ágúst, hófleg, og verður á hana fallizt.

Málskostnaður ákveðst kr. 13.600.00.

Tildæmdar kröfur njóta sjóveðréttar samkvæmt 2. tl. 216. gr. siglingalaganna nr. 66/1963.

Steingrímur Gautur Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Þorsteini Einarssyni skipstjóra og Árna Sigurðssyni hafnsögumanni.

Dómsorð:

Stefndi, Útver h/f, greiði stefnanda, Bryngeiri Vattnes, kr. 57.877.41 ásamt 1% mánaðarvöxtum frá 10. ágúst 1966 til greiðsludags og kr. 13.600.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Sjóveðréttur viðurkennist í m/s Margréti, SI 4, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Hafnarfjarðar 16. marz 1968.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Guðni Guðnason héraðsdómslögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 57.877.41 með 1% vöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 10. ágúst 1966 til greiðsludags, kr. 100.00 kostnaði af endurriti og birtingu dóms, kr. 13.600.00 málskostnaði samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, sem á þennan bát, er ekki viðstaddur. Fyrir hann mætir Hjalti Björnsson, sem starfar hér.

Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt kröfu gerðarbeiðanda.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign/eignarhluta gerðarþola, m/b Margrét, SI 4, sjóveði kröfunnar.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mættum að skýra gerðarþola frá gerð þessari.

Upplesið, staðfest.

Gerðinni, sem að nokkru reyndist árangurslaus, lokið.

Föstudaginn 2. maí 1969.

Nr. 112/1968. **Útver h/f**
(Sveinn Snorrason hrl.)
gegn
Jónasi Sigurðssyni
(Árni Gunnlaugsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson og prófessorarnir Magnús Þ. Torfason og Theodór B. Líndal.

Kaupgjaldsmál. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. júní 1968. Krefst hann þess, að sér verði aðeins gert að greiða stefnda kr. 17.948.91 með 8% ársvöxtum frá 15. september 1966 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem í héraðsdómi greinir, var stefndi í skiprúmi á skipi áfrýjanda, m/s Margréti, SI 4, þegar skipið var tekið til viðgerðar í Hafnarfirði hinn 24. janúar 1966. Hann hafði verið skipverji fyrir áramót, en hóf aftur störf 7. janúar. Að lokinni viðgerð hélt skipið veiðum áfram hinn 9. marz s. á. Í máli þessu er einungis ágreiningur um kaup stefnda þetta tímabil. Krefst hann lágmarkskaups, kauptryggingarfjár, á þessu tímabili, en síðan kaups samkvæmt hlutaskiptum afla til loka tryggingartímabilsins, 15. maí 1966.

Áfrýjandi reisir kröfu sína á því, að stefndi hafi fallizt á

að fara í orlof, meðan viðgerðin færi fram, en stefndi hefur mótmælt því.

Staðhæfing áfrýjanda er ósönnuð, og skipshöfnin var ekki afskráð. Þar sem hvorugur aðilja sagði upp skiprúmssamningnum, gilti kjarasamningurinn frá 2. febrúar 1965 áfram um lögskipti aðilja. Samkvæmt 8. gr. hans var tryggingartímabil það, sem hér skiptir máli, frá 1. janúar til 15. maí 1966. Verðmæti aflahlutar stefnda frá 7. janúar til 15. maí nam kr. 33.810.88, en kauptryggingarféð kr. 47.491.70 (19.318.50 + 28.173.20). Kaupábyrgð áfrýjanda varð því virk. Ber áfrýjanda að greiða stefnda þessa fjárhæð ásamt 7% í orlofsfé, kr. 3.324.42, og sjúkrasamlagsgjald í 129 daga, kr. 494.07. Samtals eru þessar fjárhæðir kr. 51.310.19, en aðiljar eru sammála um, að til frádráttar komi kr. 24.935.45. Samkvæmt þessu ber áfrýjanda að greiða stefnda kr. 26.374.74 með vöxtum frá þeim tíma, sem greinir í héraðsdómi, en aðiljar eru sammála um vaxtafótinn, og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 16.000.00. Stefndi á sjóveðrétt í m/s Margréti, SI 4, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Útver h/f, greiði stefnda, Jónasi Sigurðssyni, kr. 26.374.74 ásamt 8% ársvöxtum frá 21. júlí 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 16.000.00.

Stefndi á sjóveðrétt til tryggingar þessum fjárhæðum í m/s Margréti, SI 4.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 20. apríl 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. marz 1968, hefur Jónas Sigurðsson háseti, Arnarhrauni 22 hér í bæ, höfðað á hendur Útveri h/f, Siglufirði, með framlagningu skjala í dóm 29. nóvember 1966, þar sem umboðsmaður varnaraðilja var mættur til að svara

til saka. Skriflegt samkomulag um varnarþing var lagt fram við þingfestingu málsins.

Dómkröfur stefnanda eru endanlega þær, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 35.305.27 með 1% vöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 21. júlí 1966 til greiðsludags og málskostnað. Auk þess er krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í m/s Margréti, SI 4, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Af hálfu stefnda er þess krafizt aðallega, að honum verði aðeins gert að greiða kr. 10.928.91, en til vara kr. 17.948.91. Í báðum tilvikum er þess krafizt, að aðeins verði veitt dómsviðurkenning fyrir 8% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað.

Í greinargerð krafðist stefndi aðallega sýknu og málskostnaðar, en til vara, að honum yrði aðeins gert að greiða kr. 17.948.91 með 7% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi, en að málskostnaður yrði felldur niður.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefndi kröfum sínum í það horf, sem nú er, og var þeirri breytingu mótmælt af hálfu stefnanda sem of seint fram kominni.

Málavextir og málsástæður.

7. janúar 1966 réðst stefnandi sem háseti á m/s Margréti, SI 4. Eigandi og útgerðarmaður var stefndi. Ráðningarsamningi aðiljanna var slitið 21. júlí 1966, en engin lögskil gerði stefndi stefnanda, og er mál þetta höfðað til heimtu eftirstöðva launa fyrir störf stefnanda á skipinu.

Ekki var lögskráð á skipið. Hins vegar var að sögn stefnanda fært í skipshafnarskrá um borð. Kveður hann skipverja hafa ritað nöfn sín undir bókunina. 6. janúar 1966 sendi Kjartan Friðbjarnarson, framkvæmdastjóri stefnda, lögskráningarstjóranum á Siglufirði bréf með upplýsingum um þá menn, sem ráðnir höfðu verið í skiprúm. 12. janúar 1966 sendi hann lögskráningarstjóra skeyti um, að skipið hefði hafið veiðar 7. janúar. Í byrjun maímánaðar sendi framkvæmdastjórinn nafnalista á tilkynningareyðublaði fyrir breytingar á skipshöfn, undirritaðan af honum sjálfum. Segir þar, að skipshöfnin, og þar á meðal stefndi, hafi verið afskráð 25. janúar 1966 og komið aftur í skiprúm 9. marz sama ár. 25. janúar lagðist skipið að bryggju í Hafnarfirði og var þar til viðgerðar, þar til það hélt aftur á veiðar 9. marz sama ár. Hefur því verið haldið fram af hálfu stefnda, að skipsmenn hafi verið í orlofi á þessum tíma.

Stefnandi hefur gefið aðiljaskýrslu fyrir réttinum. Kveður hann

sér ekki hafa verið sagt upp skiprúmi, þegar skipið var tekið til viðgerðar 24. janúar 1966. Hann kveður ekki hafa verið um annað talað en að skipið yrði skamman tíma í höfn og að hann héldi skiprúmi sínu áfram.

Málið var upphaflega höfðað til greiðslu á kr. 40.000.00 auk vaxta og kostnaðar, en þess er getið í stefnu, að fjárhæð stefnukröfunnar sé áætluð og fyrirvari gerður um breytingar á henni undir rekstri málsins. Við þingfestingu málsins lagði stefnandi fram svohljóðandi reikningsyfirlit af hálfu stefnda:

„Hr. Jónas Sigurðsson, Arnarhrauni 22, Hafnarfirði.
Uppgjör á m.s. Margréti, SI 4, frá 1/1 til 31/5 1966.

Aflatrygging frá 7/1 til 24/1 18 daga, 364.50	kr.	6.561.00
Aflahlutur frá 10/3 til 31/5, 2.808% af 1.463.060.43	—	41.081.04
Aflahlutur frá 10/3 til 31/5, 2.73% af 334.017.90 ..	—	9.118.69
Aflahlutur úr ufsa, 2.808% af 47.190.00	—	1.325.09
Orlof 7%	—	4.066.01
Sjúkrasamlag 100 daga, 3.83	—	383.00
Fæði í 100 daga, 67.76	kr.	6.776.00
Peningar	—	33.000.00
Mismunur	—	22.758.83
	Kr.	62.534.83 Kr. 62.534.83

Bráðabirgðauppgjör frá 1/6 til 21/7 1966.

Mismunur frá fyrra tímabili	kr.	22.758.83
Aflatrygging frá 1/6 til 21/7 51 dag, 364.50	—	18.589.50
Áætlað fæði í 51 dag, 100.00	kr.	5.100.00
Greitt til Bæjarsjóðs Hafnarfjarðar ..	—	25.000.00
Greitt til Bæjarfógetaskrifstofunnar .	—	11.000.00
Mismunur	—	248.33
	Kr.	41.348.33 Kr. 41.348.33“

Af hálfu stefnanda var uppgjöri þessu lýst sem röngu og ófullnægjandi, einkum vegna þess að einungis er um bráðabirgðauppgjör að ræða fyrir tímabilið frá 1. júní til 21. júlí 1966, og einnig vegna þess, að ekki sé rétt skipt í tryggingartímabil samkvæmt kjarasamningi útvegsmanna og sjómanna. Einkum er þó reikningsyfirlitið gagnrýnt vegna þess, að stefnanda var ekki reiknuð kauptrygging fyrir tímabilið 24. janúar til 9. marz 1966,

en því er haldið fram, að stefnandi hafi verið bundinn ráðningu við stefnda allan tímann, tímabilið falli ekki undir aflahlut, þar sem ekki var verið að veiðum, og hafi stefnandi þannig orðið fyrir tjóni, sem stefndi beri ábyrgð á. Auk þess var það sérstaklega gagnrýnt, að tímabilinu frá 7. janúar til 15. maí er skipt niður í kauptryggingartímabil og tímabil, þar sem kaupgreiðslur eru bundnar við aflahlut.

7. febrúar 1967 var lögð fram greinargerð af hálfu stefnda og svohljóðandi reikningsyfirlit fyrir tímabilið 1. júní til 21. júlí 1966:

„Jónas Sigurðsson, Arnarhrauni 22, Hafnarfirði.

Pro: Aflahlutur 1/6—21/7, 2.808% úr 1.160.865.84	kr.	32.597.11
— Orlof 7%	—	2.281.80
— Sjúkrasamlag 51 dag, 3.83	—	195.33
— Mismunur f. f. yfirliti	—	22.758.83
An.: Fæði 51 dagur, 76,16 kr.	3.884.16	
— Greitt Bæjarsj. Hafnarfj. —	25.000.00	
— Greitt bæjarfógeta Hafnarfj. —	11.000.00	
— Mismunur —	17.948.91	
	Kr. 57.833.07	Kr. 57.833.07“

Varakrafa stefnda var síðan byggð á því, að þetta reikningsyfirlit yrði lagt til grundvallar lögskilum aðiljanna vegna skiprúmssamningsins. Haldið er fast við reikningsaðferð við útreikning launa stefnanda fyrir fyrra tímabilið frá 7. janúar til 31. maí 1966. Aðalkrafan var studd þeim rökum, að stefnandi hefði tekið þátt í uppreisn gegn skipstjóra, og heimilaði það stefnda að draga af kaupi hans sem næmi inneign hans.

Eftir að gagnasöfnun lauk og áður málið yrði tekið til munnlegs flutnings, féll dómur í máli, sem Bryngeir Vattnes, II. stýrimaður, hafði höfðað hér fyrir dómi á hendur stefnda í máli þessu til heimtu launa fyrir störf á m/s Margréti, SI 4, á sama tímabili og stefndi krefst launa fyrir í máli þessu. Var niðurstaða dóms á þann veg, að stefnanda bæri kauptrygging fyrir tímabilið frá 24. janúar 1966 til 9. marz 1966, er skipið var til viðgerðar í Hafnarfirði.

Er málið var tekið til munnlegs flutnings, var stefnukröfum breytt í það horf, sem nú er. Stefnandi fellur nú frá allri gagnrýni á reikningsfærslu stefnda og krefst þess eins, að stefnda verði,

auk þess sem hann viðurkennir að skulda stefnanda, gert að greiða honum kauptryggingu fyrir tímabilið frá 24. janúar til 9. marz. Svo heldur stefnandi og fast við vaxtakröfu og málskostnað.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi nú svo:

1. Tímabilið frá 24. 1. 1966 til 9. 3. 1966:		
Kauptrygging:		
Frá 24. 1. 1966 til 1. 3. 1966, kr. 363.81		
pr. dag í 35 daga	kr. 12.733.35	
Frá 1. 3. 1966 til 9. 3. 1966, kr. 370.00		
pr. dag í 9 daga	— 3.330.00	
		kr. 16.063.35
Orlof 7%		— 1.124.43
Sjúkrasamlagsgj. frá 24. 1.—9. 3. 1966		— 168.58
		Kr. 17.356.36
2. Innstæða samkvæmt uppgjöri stefnda á rskj. nr. 17		— 17.948.91
		Kr. 35.305.27

Stefndi fellur nú frá aðalkröfu sinni og setur fram nýja aðalkröfu um, að honum verði aðeins gert að greiða stefnanda kr. 10.928.91. Kveður hann kröfuna byggða á því, að ef reikna eigi laun stefnanda í samræmi við heildarsamninga sjómanna og útgerðarmanna og breytta kröfugerð stefnanda, hafi afli verið meiri á tímabilinu frá 1. janúar til 15. maí en sem svaraði kauptryggingu. Hið sama kveður stefndi um tímabilið frá 15. maí til loka skiprúmssamningsins. Stefndi fellur þannig frá fyrri skoðun sinni, sem fram kemur í reikningsyfirliti hans, og fellst á það sjónarmið stefnanda, sem fram kemur í greinargerð hans um, að reikna beri tryggingartímabil í samræmi við 8. gr. síldveiðisamnings milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna og nokkurra sjómannafélaga frá 2. febrúar 1965, þar sem segir, að tryggingartímabil á síldveiðum skuli vera þrjú, það er: 1. janúar til 15. maí, 16. maí til 15. september og frá 16. september til 31. desember.

Mótmæli stefnanda gegn breyttri kröfugerð stefnda byggjast á því, að stefndi hafi með fyrri afstöðu sinni í málinu viðurkennt, að stefnandi eigi inni hjá honum kr. 17.948.91, og að reikna beri laun stefnanda með þeim hætti, sem lýst er hér að framan og stefnandi hefur nú sætt sig við. Er því haldið fram af hálfu stefn-

anda, að stefndi geti nú ekki breytt þessari afstöðu til óhagræðis fyrir stefnanda.

Af stefnda hálfu er því haldið fram, að afstaða réttarins í málinu: Bryngeir Vattnes gegn Útveri h/f og breytt kröfugerð stefnanda réttlæti afstöðubreytingu stefnda.

Álit réttarins.

Þegar stefndi lagði fram greinargerð sína, lá fyrir í málinu reikningsyfirlit hans um skuldaskil hans og stefnanda fyrir tímabilið frá 7. janúar 1966 til 31. maí 1966. Einnig lá þá fyrir, að stefnandi taldi vanta í yfirlitið laun sín fyrir tímabilið frá 24. janúar 1966 til 9. marz 1966. Ef stefndi vildi gera breytingu á reikningsgrundvellinum stefnanda í óhag vegna kröfu hans um laun fyrir nefnt tímabil, hefði hann átt að gera kröfu þar að lútandi í greinargerð sinni. Í stað þess leggur hann fram með greinargerðinni reikningsyfirlit fyrir tímabilið frá 1. júní til 21. júlí 1966, þar sem byggt er á reikningsyfirliti fyrir fyrra tímabilið. Breyting sú, sem stefndi gerði á kröfugerð sinni, stefnanda í óhag, við munnlegan flutning málsins, er þannig of seint fram komin og kemur ekki til álita. Sýknukrafa stefnda byggðist á þeirri málsástæðu, að stefnandi hefði fyrirgert rétti sínum til þeirra launa, sem viðurkennt var, að hann hefði unnið sér inn. Frá þessari kröfu hefur stefndi nú fallið. Gagnrýni umboðsmanns stefnanda í greinargerð á reikningsaðferð stefnda verður ekki skilin þann veg, að hann hafi viljað gera málstað umbjóðanda síns lakari.

Að því er varðar tímabilið frá 25. janúar til 9. marz 1966 er álit réttarins sem hér segir: Stefnandi var í skiprúmi á skipi stefnda, þegar það var tekið til viðgerðar í Hafnarfjarðarhöfn 25. janúar 1966. Hann var þá ekki lögskráður úr skiprúmi. Samkvæmt 8. gr. síldveiðisamnings frá 2. febrúar 1965, sem aðiljar telja gilda um lögskipti sín, bar útgerðarmanni að tryggja stefnanda kr. 9.009.00 í lágmarkskaup fyrir hvern mánuð (30 daga) af ráðningartímanum.

Samkvæmt 26. gr. samningsins skal kauptrygging hækka í sama hlutfalli og kaup verkafólks á viðkomandi stað á gildistíma samningsins. Er því ómótmælt haldið fram af stefnanda, að á tímabilinu frá 1. desember 1965 til 30. apríl 1966 hafi mánaðarkaupið þannig numið kr. 10.935.00 og frá 1. marz 1966 kr. 11.121.00. Samkvæmt 12. gr. samningsins ber stefnanda 7% orlofsfé af öllum launagreiðslum, og samkvæmt sömu grein skal útgerðarmaður greiða sjúkrasamlagsgjöld skipverja.

Ráðningarsamningi stefnanda virðist ekki hafa verið slitið, er skipið var tekið til viðgerðar 25. janúar 1966. Ósannað er gegn mótmælum stefnanda, að hann hafi verið í orlofi á viðgerðartímanum.

Meðan skipið lá í höfn, var einskis afla að vænta. Með hliðsjón af því, hversu mjög viðgerðin dróst á langinn, þykir það í bezta samræmi við kjarasamninginn, sem ræður lögskiptum aðiljanna, að reikna stefnanda laun án tillits til aflabragða. Fyrir því ber að fallast á kröfu stefnanda um laun fyrir viðgerðartímann.

Stefndi hefur mótmælt vaxtakröfu stefnanda, bæði hæð hennar og upphafstíma. Engin lagarök virðast leiða til að reikna vextina einungis frá stefnubirtingardegi, svo sem stefndi krefst. Hins vegar verður að fallast á, að vaxtakrafan sé of há. Samkvæmt 13. grein laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands hefur bankinn vald til að ákveða hámarksvexti samkvæmt lögum nr. 58/1960 um bann við okri, dráttarvexti o. fl. Samkvæmt lögum nr. 71/1965 um breytingu á síðargreindu lögunum skulu dráttarvextir fara eftir því, sem bankinn ákveður. Samkvæmt auglýsingu 30. desember 1965 skulu dráttarvextir í lánsviðskiptum vera 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði. Viðskipti aðilja þessa máls verða ekki talin lánsviðskipti í skilningi greindrar auglýsingar. Bankinn hefur ekki tekið afstöðu til þess, hverjir dráttarvextir skuli reiknast af öðrum skuldum, og virðist í því efni verða að fara eftir þeim reglum, sem giltu fyrir gildistöku laga nr. 71 frá 1965.

Verður því að fallast á þá kröfu stefnda, að vextir reiknist aðeins 8%.

Málskostnaður telst hæfilega ákveðinn kr. 8.750.00.

Dóm þenna kváðu upp Steingrímur Gautur Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógeta, formaður dómsins, og meðdómsmennirnir Þorsteinn Einarsson skipstjóri og Þorsteinn Eyjólfsson skipstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Útver h/f, greiði stefnanda, Jónasi Sigurðssyni, kr. 35.305.27 með 8% ársvöxtum frá 21. júlí 1966 til greiðsludags og kr. 8.750.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Sjóveðréttur viðurkennist fyrir tildæmdum fjárhæðum í m/s Margréti, SI 4.

Mánudaginn 5. maí 1969.

Nr. 135/1968. **Rósmundur Runólfsson og Sigtryggur Runólfsson**
(Þorsteinn Júlíusson hdl.)
gegn
Sigurði Hafsteini Konráðssyni og Hermanni Helgasyni
(Kristinn Einarsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Skaðabótamál. Sýkna. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. s. m. Krejast þeir sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvik eru skilmerkilega rakin í héraðsdómi. Eins og þar greinir, keypti stefndi Sigurður Hafsteinn Konráðsson íbúð í kjallara hússins nr. 32 við Sólheima af áfrýjendum hinn 21. júní 1958. Var íbúðin seld fokheld. Í kaupsamningi aðilja er sagt, að kaupandi gangi „inn í sameiginlegan kostnað við miðstöðvarkerfi eftir reikningi". Jóhannes Árnason pípulagningameistari annaðist allar pípulagnir í húsið samkvæmt samkomulagi við áfrýjendur. Ekki er ljóst, hvort samningur þessi lá fyrir, er stefndi Sigurður Hafsteinn keypti íbúðina. Hann galt áfrýjendum þá fjárhæð, sem í hlut kjallaraíbúðarinnar kom af kostnaðinum við pípulögnina. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að stefndi Sigurður Hafsteinn hafi samþykkt, að Jóhannes Árnason leysti verkið af hendi. Áfrýjendur bera því ekki gagnvart stefnda Sigurði Hafsteini ábyrgð á þeim mistökum, sem Jóhannesi

hafa orðið á við framkvæmd verksins, enda stafa gallar þeir, sem málið fjallar um, ekki af tilverknaði áfrýjanda. Ber því að sýkna áfrýjendur af kröfum stefnda Sigurðar Hafsteins Konráðssonar.

Stefndi Hermann Helgason keypti 1. hæð hússins af áfrýjendum hinn 9. september 1958. Samkvæmt kaupsamningnum var íbúðin seld tilbúin „undir tréverk og málningu, og skal öllu sameiginlegu múrverki vera lokið". Samkvæmt gögnum máls þessa verður að leggja til grundvallar þá úrlausn héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum kunnáttumönnum, að sprungan á kaldavatnspípunni hafi stafað „af missmíð við uppsetningu kaldavatnsleiðslunnar". Þykir því stefndi Hermann Helgason eiga rétt til afsláttar á kaupverði því, sem hann galt áfrýjendum fyrir íbúðina, vegna galla, sem raktir yrðu til þessa vansmíðis, en þessi þáttur málsins er svo vanreifaður, að ekki verður dómur á hann lagður. Ber því að vísa málinu frá héraðsdómi að þessu leyti.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu stefnda Hermanns Helgasonar er vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjendur, Rósmundur Runólfsson og Sigtryggur Runólfsson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnda Sigurðar Hafsteins Konráðssonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. febrúar 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hafa höfðað fyrir bæjarþinginu þeir Hermann Helgason og Sigurður Hafsteinn Konráðsson, báðir til heimilis að Sólheimum 32 hér í borg, með stefnu, útgefinni hinn 29. nóvember 1963, á hendur þeim Rósmundi Runólfssyni, Melgerði 18, og Sigtryggi Runólfssyni, Heiðargerði 11, báðum hér í borg, til greiðslu skaðabóta in solidum að fjárhæð kr. 107.671.97 ásamt 9% ársvöxtum frá 1. janúar 1963 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins.

Stefnendur hafa stefnt þeim Jóhannesi Árnasyni pípulagningameistara, Ásgarði 75, og Halldóri Halldórssyni, Hólsvegi 17 hér í borg, til réttargæzlu í málinu. Halldór Halldórsson er nú látinn, og hefur dánarbú hans komið í hans stað í málinu. Þá hafa stefnendur tilkynnt sameigendum sínum að húseigninni nr. 32 við Sólheima, þeim Heiðari Steingrímssyni og Skarphéðni Kristjánssyni, báðum til heimilis að Sólheimum 32, um málarekstur þennan samkvæmt ákvæði 52. gr. einkamálalaganna. Á hendur þessum aðiljum eru engar kröfur gerðar, og af þeirra hálfu hafa engar kröfur verið hafðar uppi að öðru leyti en því, að af hálfu dánarbús Halldórs Halldórssonar er krafizt málskostnaðar úr hendi stefnenda.

Af hálfu stefndu eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnenda og þeim jafnframt dæmdur málskostnaður úr hendi stefnenda og að mati dómsins, en til vara, að dómkröfur stefnenda verði lækkaðar og málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Með kaupsamningi, dags. hinn 21. júní 1958, keypti stefnandinn Sigurður fjögurra herbergja íbúð í kjallara hússins nr. 32 við Sólheima hér í borg af þeim stefndu Sigtryggi og Rósmundi. Nánar tiltekið er íbúðin 4 herbergi, eldhús, baðherbergi, ytri- og innrigangur og sérgeymsla svo og hlutfallslegur eignarréttur að sameiginlegu þvottahúsi, hitaklefa og göngum í kjallara. Samkvæmt nánari ákvæðum í kaupsamningnum var eignarhlutinn seldur í fokheldu ástandi, múrhúðaður að utan, með einföldu gleri í gluggum, og skyldi kaupandi ganga inn í „sameiginlegan kostnað við miðstöðvarkerfi eftir reikningi". Þá skyldi járn vera á þaki, útihurð í aðalinngangi kjallaraíbúðarinnar og ytri svalahurð (garðhurð). Skyldi eignin vera laus til fullra afnota fyrir kaupanda, þegar húsið væri fokhelt, og frá sama tíma skyldi kaupandi greiða skatta og skyldur af eignarhlutanum. Kaupverð var ákveðið kr. 150.000.00, er greiðast skyldi samkvæmt nánari ákvæðum kaupsamningsins. Með kaupsamningi, dags. hinn 9. september 1958, keypti stefnandinn Hermann sex herbergja íbúð á fyrstu hæð í húsinu nr. 32 við Sólheima. Nánar tiltekið er íbúðin sex herbergi, eldhús, bað ásamt sérgeymslu í kjallara svo og sameiginleg geymsla undir útitröppum. Þá fylgdi íbúðinni þvottahús, kyndiherbergi gangur að ¼ hluta og leigulóðarréttindi að ¼ hluta svo og bílskúrsréttindi, „annars allt nánar samkvæmt eignaskiptasamningi, dags. 19. ágúst 1958", eins og segir í kaupsamningnum. Sam-

kvæmt nánari ákvæðum í samningnum skyldi seljandi skila íbúðinni í því ástandi, að hún væri tilbúin undir tréverk og málningu, og skyldi öllu sameiginlegu múrverki vera lokið. Þá skyldi fullgengið frá útitröppum og svölum, og útihurð úr teak skyldi fylgja og svalahurðir úr oregonpine. Þá skyldi einnig fullgengið frá járni á þaki og niðurföllum. Þá skyldi kaupandi greiða heimtaugargjald fyrir rafmagn. Að fullu skyldi gengið frá miðstöðvarlögn og miðstöðvartækjum. Kaupverðið var ákveðið kr. 440.000.00 og skyldi greiðast samkvæmt nánari ákvæðum í kaupsamningnum. Með kaupsamningi, dags. hinn 20. júní 1958, hafði Hallgrímur Heiðar Steingrímsson keypt af stefndu 3. hæð hússins (risíbúð). Var eignarhlutinn seldur í smíðum og skyldi afhendast í fokheldu ástandi. Skyldi miðstöðvarlögn fylgja uppsett með í kaupunum og frágengin að öllu leyti og einnig skyldu vatns- og skolplagnir að tækjum fylgja.

Eins og fram kemur í síðastgreindum kaupsamningi, höfðu þáverandi eigendur fasteignarinnar nr. 32 við Sólheima, þeir stefndu Sigtryggur og Rósmundur, stefnandinn Sigurður Hafsteinn og Heiðar Steingrímsson gert með sér sameignarsamning um eignina. Er þar tilgreind séreign hverrar hæðar fyrir sig, sameignarhlutföll, skipting sameiginlegs kostnaðar o. fl. Stefnendur kveða í ljós hafa komið, að frágangur hins selda, fokhelda húss hafi verið alsendis óforsvaranlegur og hafi sí og æ verið að koma fram stórir og smáir gallar og skemmdir, sem í fyrstu hafi verið leyndar, en smátt og smátt hafi orðið augljósar. Aðalstefndu hafi verið tilkynnt um gallana, jafnóðum og þeir hafi orðið ljósir, og hafi þeir gert tilraunir til úrbóta og lagfæringa, en ekki hafi þær borið tilætlaðan árangur. Kveða stefnendur svo hafa verið komið síðla árs 1962, að húseigendur hafi eigi getað unað lengur við svo búið, og hafi þeir hinn 4. október 1962 fengið dómkvadda matsmenn til að skoða og meta til fjár hina ýmsu og margþættu galla, sem komið höfðu fram á húseigninni. Kveða stefnendur matsmenn hafa talið þegar eftir fyrstu skoðun sína, að óhjákvæmilegt væri að hefjast tafarlaust handa um viðgerðir á húsinu og hafi það verið gert. Í matsgerðinni segir um atriði þau, sem fjallað er um í máli þessu: „... í kjallara eru skemmdir öllu mestar, í fremri gangi að sameiginlegum geymslum, í íbúðinni sjálfri á eldhúsinnréttingu, gólfdúk á innri gangi og eldhúsi, málning er farin af veggjum í eldhúsi, fremri og innri forstofu, svefnherbergisskápum og í stofu. ... Aðalinntak kalda vatnsins slagar mjög, og myndast raki af því, sem einnig kann að hafa

valdið skemmdum í kjallara ...". Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, þeirra Einars Sveinssonar múrarameistara og Magnúsar Jóhannessonar húsasmíðameistara, dags. hinn 18. júní 1963, segir m. a. svo:

„Eitt af því, sem matsmönnum var bent á við skoðun, var, að leka hefði orðið vart í kjallaraherbergi, sem er undir baðherbergi á 1. hæð. Þegar það var athugað nánar, kom í ljós, að biluð var tenging á frárennsli frá baðkerinu, við skolprörið. Þetta var lagfært, og hefur ekki borið á leka í herberginu síðan.

Einn af þeim göllum, sem nefndir eru í matsbeiðninni, er, að raki muni vera á milli steypulaga í kjallaragólfinu, en þar liggja hita- og vatnsleiðslurnar fyrir allt húsið, sérlögn fyrir hverja íbúð. Gólfdúkur hafði losnað af fremri gangi að sameiginlegum geymslum, eins var í eldhúsi og víðar, að raka hafði orðið vart.

Gólfið í fremri ganginum var höggvið upp. Greinilegur raki var í einangruninni og rörin ryðguð utan og hrúðruð, en hvergi fannst leki.

Gólfið í geymslunni, þar sem aðalinntak kalda vatnsins er tekið upp úr gólfsteypunni, var blautt allt í kringum rörið.

Þannig stóð þetta um tíma, að hvergi fannst leki, en greinilegt var, að raki var í gólfinu, bæði í fremri gangi að sameiginlegum geymslum og eins í suðurenda, í íbúðargangi og eldhúsi, einkum hjá ísskáp. Ekki virtist rakinn í eldhúsinu aukast neitt, þótt vatnslekinn frá baðinu á 1. hæð kæmi niður í litla herbergið, sem er næst við eldhúsið.

Þegar höggvið var gat á slitlagið í innri gangi kjallaraíbúðarinnar, kom í ljós, að þar var leki á hitaleiðsluröri fyrir kjallaraíbúðina. Rörin voru þar öll hrúðruð og meira og minna tærð. Þegar húseigendum varð ljóst, hvað leiðslurnar voru skemmdar, gengust þeir í að fá pípulagningamenn til að rífa öll skemmd rör upp úr kjallaragólfinu og setja ný í staðinn.

Í sambandi við þessa viðgerð kom í ljós, að vatnsrör frá risíbúðinni var bilað inni í vegg bak við ísskápinn. Sennilega hefur vatnsleiðslan bilað, þegar húsið var í smíðum, en lekinn verið svo lítill, að hans gætti ekki fyrr en eftir langan tíma.

Við viljum geta þess, að við álítum að lekinn frá þakinu hafi ekki valdið skemmdum nema á risíbúð og í baðherbergi og barnaherbergi á 2. hæð.

Þegar matsmenn komu fyrst í húsið, hafði viðgerð á þakinu farið fram, og voru til reikningar fyrir þeirri vinnu ásamt efni, einnig voru til reikningar fyrir viðgerð í ketilhúsi og gangi.

Þegar lekinn á miðstöðvarrörinu fannst, var svo mikið af rörum orðið skemmt, að heita má, að allar lagnir í kjallaragólfinu hafi verið endurnýjaðar, síðan þurfti frauðsteypu í gólfið, slitlag, gólfdúka og málningu. Fyrir öllu þessu eru til reikningar.

Þeir reikningar, sem við höfum séð fyrir ofangreindar viðgerðir, eru að upphæð	kr. 69.811.00
Það, sem við tökum til mats, er málun á því, sem skemmzt hefur af vatnsleka í risíbúð. Það teljum við hæfilega metið á	— 5.500.00
Málun á 2. hæð	— 3.500.00
Að ganga frá svölum og undir gluggum	— 2.200.00
	Samtals kr. 81.011.00“

Stefnendur hafa höfðað mál þetta til heimtu bóta fyrir tjón það, sem varð í kjallara og þeir telja, að stafi af leyndum göllum á frágangi íbúða þeirra á 1. hæð og í kjallara, og er því haldið fram af þeirra hálfu, að á göllum þessum og tjóni því, sem af þeim hafi orðið, beri stefndu Rósmundur og Sigtryggur ábyrgð sem húsbyggjendur og seljendur.

Sýknukrafa stefndu er byggð á því, að skemmdir þær á leiðslum í kjallaragólfi hússins, sem fjallað er um í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, verði á engan hátt raktar til óhæfilegs frágangs af hendi stefndu. Er því haldið fram, að stefnandinn Hermann hafi látið tengja baðker í íbúð sinni við niðurfall án þess að kveða til sérfróðan mann. Tenging þessi hafi verið stórgölluð og hafi valdið því, að vatn úr baðkerum 1., 2. og 3. hæða hafi runnið út í einangrun í vegg og niður í vikureinangrun í gólfi kjallarans. Þá er því haldið fram, að stefnandinn Sigurður hafi keypt kjallaraíbúðina í fokheldu ástandi og án miðstöðvarlagnar, en hann hafi gengið inn í tilboð Jóhannesar Árnasonar, sem hann hafi gert um lagningu miðstöðvar í allt húsið, og hafi Sigurður greitt sinn hluta samkvæmt því. Þá hafi Sigurður að eigin ósk fengið að leggja vikurplötur til einangrunar í kjallaragólfið í staðinn fyrir rauðamöl, sem stefndu hafi átt að leggja til. Þeir hafi því lagt til vikurplötur og sement, en Sigurður hafi svo framkvæmt verkið sjálfur. Þá er því haldið fram, að áður en Jóhannes Árnason pípulagningameistari hafi skilað verkinu af sér, hafi hann þrýstiprófað miðstöðvar- og vatnslagnir og hafi því stefndu ekki vitað annað en lagnir þessar væru í fullkomnu lagi. Eftir að Jóhannes hafi svo skilað sínu verki, hafi stefnandinn

Sigurður haft allan veg og vanda af framkvæmdum í kjallaraíbúðinni, þar með talinn frágangur á gólfi og veggjum, og hljóti því leki sá, sem matsmenn telja sig hafa fundið á kaldavatnslögn í kjallaravegg, hafa orsakazt af sköddun í rörinu, sem stefnandinn Sigurður eða starfsmenn hans hafi valdið. Er því haldið fram, að stefndu beri enga ábyrgð á þessu ástandi kjallarans.

Matsmaðurinn Einar Sveinsson hefur staðfest matsgerð sína fyrir dómi. Skýrði hann svo frá, að alls staðar hafi verið mikil bleyta í kjallaragólfinu, þar sem þeir matsmennirnir hafi látið höggva það upp. Hann kveður rörin í gangi kjallaraíbúðarinnar hafa verið mjög skemmd. Matsmaðurinn kveður vatnsrörið frá risíbúðinni í veggnum bak við ísskápinn í kjallara hafa verið sprungið. Ekki kveðst matsmaðurinn vilja fullyrða um það, hvort vatnsaginn frá baðinu á 1. hæð hafi getað komizt í einangrunina í kjallaragólfinu. Kveðst hann enga sprungu hafa séð í kjallaragólfinu, þar sem lekinn kom niður, og kveður þeim matsmönnum hafa verið tjáð, að leki þessi hafi ekki verið nema öðru hverju. Hann kveðst ekki geta fullyrt um, hvort tengingunni frá frárennslinu frá baðkerinu á 1. hæð hafi verið áfátt frá upphafi. Ekki kveðst matsmaðurinn nú muna, hvar umrædd tenging frá frárennslinu var biluð, og ekki kveðst hann vita, hvað orðið hafi af vatni því, sem lak um tenginguna. Matsmaðurinn kveður það álit sitt, að raki hafi komizt í vikureinangrun kjallaragólfsins frá lekanum á kaldavatnsrörinu í veggnum bak við ísskápinn og stafi tæringin á rörunum í kjallaragólfinu frá því. Matsmaðurinn kveðst ekki muna, hvort niðurfallsrörin niður í kjallarann hafi verið í stokk eða ekki. Matsmaðurinn kveður þá matsmennina ekki hafa farið „kritiskt" í gegnum reikninga þá að fjárhæð kr. 69.811.00, sem greint er frá í matsgerð þeirra.

Matsmaðurinn Magnús Jóhannesson hefur staðfest matsgerð sína fyrir dómi. Skýrði hann svo frá, að mikill raki hafi verið í einangrun í kjallaragólfi og hafi rör þar verið mjög tærð. Ekki kveðst hann treysta sér til að fullyrða um orsakir þess, að rörin tærðust. Matsmaðurinn kveður lekann frá baðkerinu á 1. hæð hafa komið fram í lofti kjallaraherbergis. Kveður hann vel geta verið, að eitthvað hafi komizt með niðurfallsrörinu niður í kjallaragólf. Hann kveður lekann hafa verið mjög greinilegan í lofti kjallaraherbergisins og hafi beint dropið úr loftinu, þegar vatni var hleypt úr baðkerinu. Ekki kveðst vitnið geta lýst galla þeim, sem var á tengingu baðkersstútsins við niðurfallsrörið, þar sem hann hafi ekki skoðað þann galla. Kveður matsmaðurinn stefn-

andann Hermann Helgason hafa fengið pípulagningamann til þess að gera við það, sem áfátt var. Matsmaðurinn kveður þá matsmennina hafa lesið yfir reikninga þá að fjárhæð kr. 69.811.00, sem getið er um í lok fyrri matsgerðar þeirra, og hafi þeir ekki séð ástæðu til að gera athugasemdir við þá.

Stefnandinn Sigurður H. Konráðsson hefur skýrt svo frá, að hann hafi flutt í kjallaraíbúðina í ágústmánuði 1959. Kveður hann það líklega hafa verið fyrir jólin 1962, að rakinn í íbúðinni kom fyrst í ljós og hafi viðgerð svo farið fram um páskana 1963. Sigurður kveður stefndu hafa ráðið Jóhannes Árnason pípulagningameistara til að leggja leiðslur í allt húsið. Jóhannes eða menn undir hans stjórn hafi lagt allar leiðslur í húsið, þar með leiðslur fyrir kalt vatn. Kveðst Sigurður hafa greitt stefndu þá fjárhæð, sem komið hafi í hlut kjallaraíbúðarinnar af þeim kostnaði. Sigurður kveðst hafa tekið við kjallaraíbúðinni í fokheldu ástandi og kveðst sjálfur og menn, sem hann réð, hafa unnið við að fullgera hana. Sigurður kveður rör það í vegg bak við ísskáp, sem skaddazt hafi, hafa verið lagt af Jóhannesi Árnasyni eða mönnum hans og hafi verið búið að leggja það, er hann tók við íbúðinni, og hafi það verið rauf í veggnum, sem ekki hafi verið búið að loka. Hins vegar telur Sigurður, að búið hafi verið að vefja tjörupappa utan um öll rör, sem verið hafi í raufinni, og hafi Jóhannes og menn hans gert það. Sigurður kveður síðan múrarameistara, sem unnið hafi á sínum vegum, hafa lokað raufinni. Sigurður kveðst sjálfur hafa lagt einangrun í kjallaragólfið og hafi þá verið búið að vefja tjörupappa og gosull utan um rör þau, sem lágu í gólfinu, en rörin kveður hann ekki liggja í raufum. Sigurður kveður vikurplötur hafa verið notaðar til að einangra kjallaragólfið í stað rauðamalar að ósk stefndu, sem komið hafi með plöturnar, og kveður hann, að þar hafi verið um að ræða afgang frá íbúðum efri hæða hússins. Sigurður kveður stefnendur í fyrstu hafa talið, að rakinn í kjallaragólfinu stafaði frá leka, sem komið hafði fram á efri hæðunum, og hafi þá verið kvartað við stefndu, en ekki kveðst Sigurður muna, hvenær fyrsta sinn var kvartað. Telur hann, að eigendur efri hæðanna hafi fyrst kvartað út af lekanum hjá þeim. Sigurður kveður rörin í kjallaragólfinu hafa verið tærð af raka, en aðrir gallar ekki sjáanlegir. Hafi rörin hvorki verið rifin né sprungin, heldur aðeins ryðguð í sundur. Sigurður kveðst hafa verið viðstaddur, er matsmenn athuguðu, hvað ylli lekanum frá baðkeri á 1. hæð. Kveður hann þéttingu hafa verið áfátt, þar sem stúturinn frá

baðkerinu kom inn í niðurfallsrörið, og hafi það valdið því, að vatnið skvettist til baka, þegar hleypt var úr baðkerinu. Af þessu hafi komið fram leki ofarlega á vegg í herbergi í kjallaranum. Sigurður kveður niðurfallsrör þetta vera í rauf í veggnum og ekki einangrað að öðru leyti en því, að það hafi verið vafið með tjörupappa. Kveður hann fyllt hafa verið upp í raufina með múrhúðun. Sigurður kveður samskeytin á niðurfallsrörinu vera um 40 cm fyrir neðan loftið og rörin þar óeinangruð, og kveður hann vatnið koma þar út úr veggnum. Ekki kveður Sigurður sér kunnugt um, hvort rörin í húsinu hafi verið reynd með þrýstingi. Sigurður kveðst hafa þurft að flytja úr kjallaraíbúðinni, á meðan stóð á viðgerð á rörum í kjallaragólfinu. Kveðst hann hafa verið í burtu í einn mánuð og leigt sér herbergi á meðan og greitt fyrir kr. 1.000.00, að því er hann minnir.

Stefndi Sigtryggur hefur skýrt svo frá, að eiginlega hafi ekki verið kvartað yfir skemmdum í kjallara, fyrr en til málsóknar þessarar kom. Sigtryggur kveður Jóhannes Árnason hafa gert tilboð í vinnu við pípulagnir í húsinu og hafi það tilboð verið samþykkt. Þetta hafi gerzt, áður en íbúðirnar voru seldar, en hins vegar hafi stefnandinn Sigurður Konráðsson óskað eftir að ganga inn í tilboðið eftir reikningi. Sigtryggur kveðst hafa heyrt um það talað, að bilun hefði fundizt í röri í kjallaravegg, en ekki hafi sér verið tilkynnt um þá bilun eða skemmdir út af henni. Sigtryggur kveðst hafa verið boðaður af matsmönnum, þegar fyrsta skoðun þeirra fór fram, en eftir það hafi þeir aðeins einu sinni hringt í sig og hafi það verið í sambandi við bilun á tengingu baðkers á 1. hæð. Kveðst hann þá hafa beðið Jóhannes Árnason um að fara og athuga bilun þessa. Sigtryggur kveðst hafa heyrt, að járnsmíðanemi á vegum stefnandans Hermanns Helgasonar hafi tengt baðkerið á 1. hæð við niðurfallsrörið. Sigtryggur kveður stefnandann Sigurð Konráðsson hafa farið fram á það, að þeir seljendurnir legðu til vikurplötur, sement og sand í stað rauðamalar samkvæmt samningi og hafi Sigurður jafnframt boðizt til að leggja í gólfið. Kveður Sigtryggur þá seljendurna hafa keypt vikurplötur gagngert í þessum tilgangi.

Stefndi Rósmundur Runólfsson hefur skýrt svo frá, að þeir Sigtryggur hafi ráðið Jóhannes Árnason til að leggja vatns-, hita- og skolplagnir í húsið, og telur, að Jóhannes hafi unnið verkið samkvæmt föstu tilboði í verkið. Ekki kvaðst hann muna, hvort tilboð þetta lá fyrir, er stefnandinn Sigurður Konráðsson keypti íbúð sína, eða hvort það var borið undir hann, en Sigurður

hafi alla vega verið samþykkur því, að Jóhannes ynni verkið. Rósmundur kveðst hafa verið kvaddur til, er búið var að brjóta upp úr gólfinu í kjallara, og kveðst hafa séð tærð rör skammt frá þeim stað, þar sem klóaksrammi liggi upp á hæðirnar. Hann kveðst hafa frétt af því, að rör hafi verið bilað í vegg bak við ísskáp í eldhúsi kjallaraíbúðarinnar, en ekki kveðst hann vita neinar sönnur á því, og kveður skemmd þessa ekki hafa verið borna undir sig á neinn hátt. Rósmundur kveðst telja, að rakinn í einangrun kjallaragólfsins geti vel hafa stafað frá leka þeim, sem stafaði af hinni ófullkomnu tengingu bakers á 1. hæð við niðurfallsrör. Rósmundur kveður það hafa verið samkvæmt beiðni Sigurðar Konráðssonar, að þeir stefndu lögðu til vikurplötur í stað rauðamalar í kjallaragólfið, og kveður þá hafa keypt vikurplötur sérstaklega í þessu skyni að langmestu leyti. Hann kveður ódýrara hafa verið að nota rauðamöl í stað vikurplatnanna.

Jóhannes Árnason hefur skýrt svo frá, að hann hafi annazt pípulagnir í húsinu nr. 32 við Sólheima samkvæmt tilboði. Kveðst hann aðeins hafa lagt að hreinlætistækjum og því ekki annazt tengingu á baðinu á 1. hæð. Jóhannes kveðst hafa verið viðstaddur, er matsmenn brutu upp í baðherberginu á 1. hæð til að athuga leka frá baðkerinu. Kveður hann í ljós hafa komið, að tengingu baðkersins við niðurfallsrör hafi verið áfátt. Hafi 1¼″ blýrör verið lagt frá baðkerinu og í niðurfallsrörið, sem sé úr potti 2½″ á vídd. Hafi ekki verið sjáanleg nein þéttiefni í samskeytum röranna að öðru leyti en því, að í ofanverðri múffunni hafi mátt sjá leifar venjulegs kíttis, en að neðan hafi samskeytin öll verið opin. Auk þess kveður hann blýrörið hafa gengið of langt inn í niðurfallsrörið og vatn spýtzt til baka, þegar hleypt hafi verið úr baðkerinu, og hafi það flætt út úr múffunni. Einnig kveður hann flætt hafa úr múffunni, þegar hleypt var úr baðkerinu á 2. hæð. Telur Jóhannes þetta hafa verið reynt þarna á staðnum að viðstöddum matsmönnum, eigendum hússins, að undanskildum líklega eiganda 2. hæðar, og sér. Jóhannes kveður vatn það, sem spýtzt hafi til baka, hafa átt greiðan gang eftir raufinni niður á kjallaragólf. Jóhannes kveðst hafa séð, að rör voru tærð í kjallara, en ekki kveðst hann hafa fylgzt neitt meira með því eða viðgerðum þar. Ekki kveðst Jóhannes hafa frétt neitt af bilun í kjallaraveggnum. Jóhannes kveðst hafa þrýstiprófað vatnslagnir með 10 kg. þrýstingi, sem látinn hafi verið standa í 6 klst. án þrýstifalls.

Þrátt fyrir ósk dómenda hefur aðiljum ekki tekizt að afla uppdráttar af fyrirkomulagi vatns- og skolpleiðslna í húsinu.

Samkvæmt matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna svo og öðru því, sem fram er komið, verður að telja ljóst, að miklar skemmdir hafi orðið á leiðslum í kjallaraglófi hússins og einangrun gólfsins. Verður einnig að telja fram komið, að af þessum sökum hafi borið nauðsyn til að endurnýja leiðslur þessar að mestu eða öllu leyti svo og einangrun þess. Ágreiningslaust er, að í kjallaragólfinu liggi leiðslur kjallaraíbúðarinnar og allra efri hæða hússins, sérleiðslur fyrir hverja íbúð. Tjónið hefur því m. a. orðið á hinni skiptilegu sameign hússins. Hins vegar sáu eigendur kjallaraíbúðarinnar og íbúar 1. hæðar um viðgerðir, sem nauðsynlegar voru, og greiddu einir kostnað við þær. Hafa þeir síðan höfðað mál þetta til heimtu bóta af þessum sökum úr hendi stefndu. Með vísan til þessa þykir mega leggja dóm á mál þetta, þótt íbúðareigendur standi ekki allir að málshöfðun þessari, enda hefur aðild stefnenda einna eigi sætt andmælum.

Samkvæmt matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna verður að telja fram komið, að tjónið á leiðslum í kjallaragólfinu og einangrun þess hafi stafað frá hinu sprungna kaldavatnsröri rishæðar í vegg bak við ísskáp í eldhúsi kjallaraíbúðarinnar, en eigi er nægilega fram komið, að tjón þetta verði einnig rakið til leka þess, sem fram kom frá frárennsli baðkers 1. hæðar. Það verður að telja, að sprungan á kaldavatnsröri rishæðarinnar stafi af missmíð við uppsetningu kaldavatnsleiðslunnar. Er ósannað, að sprungan stafi af aðgerðum stefnandans Sigurðar, eftir að hann tók við kjallaraíbúðinni og hóf sjálfur framkvæmdir þar. Verður að telja, að stefndu, sem voru húsbyggjendur og létu leggja umræddа leiðslu og seldu síðan sameiginlega og hvor fyrir sig einstakar íbúðir í húsinu, beri báðir ábyrgð á því tjóni, sem varð á leiðslum í kjallaragólfinu og einangrun þess vegna hins sprungna kaldavatnsrörs. Þykir ekki skipta máli í þessu sambandi, þótt stefnandinn Sigurður hafi gengið inn í samning þann, sem stefndu höfðu gert um lagningu hitakerfis hússins. Er ekki annað fram komið í því sambandi en Sigurður hafi í öllu átt við stefndu út af því atriði og greitt þeim sinn hluta kostnaðarins af því. Verður því að líta svo á, að þar hafi raunverulega verið um að ræða kaup Sigurðar á þeim þætti byggingarframkvæmdanna á kostnaðarverði af stefndu. Það er ekkert fram komið í málinu, sem bendir til þess, að stefndu hafi verið kunnugt eða mátt vera kunnugt um þessa missmíð á kaldavatnsröri ris-

íbúðarinnar, enda var verkið unnið á vegum pípulagningameistara. Greiðsluskylda stefndu verður því eigi byggð á skaðabótaskyldu þeirra gagnvart stefnendum, en þegar málsatvik eru virt, þá þykja stefnendur eiga rétt á afslætti af kaupverði íbúða þeirra, enda þykir rétt að dæma málið á þessari málsástæðu, þótt hún hafi ekki verið höfð uppi sérstaklega, sbr. 113. gr. laga nr. 85/1936. Þegar virtir eru hagsmunir þeir, sem í húfi eru, og hliðsjón höfð af niðurstöðu matsgerðar matsmannanna varðandi þetta efni, þá þykir afsláttur þessi hæfilega ákveðinn kr. 70.000.00. Verður því stefndu gert að greiða stefnendum þá fjárhæð in solidum svo og vexti af þeirri fjárhæð, sem með hliðsjón af kröfugerð stefnenda ákveðast 7% frá 1. janúar 1963 til 1. janúar 1965, 6% frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% frá þeim degi til greiðsludags. Þá verður stefndu og gert að greiða stefnendum málskostnað, sem ákveðst kr. 15.500.00, og er þá tekið tillit til kostnaðar við matsgerð þá, sem aflað var.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður gagnvart dánarbúi Halldórs Halldórssonar falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Diðriki Helgasyni múrarameistara og Óskari Smith pípulagningameistara.

Dómsorð:

Stefndu, Rósmundur Runólfsson og Sigtryggur Runólfsson, greiði in solidum stefnendum, Sigurði Hafsteini Konráðssyni og Hermanni Helgasyni, kr. 70.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1963 til 1. janúar 1965, með 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 15.500.00 í málskostnað.

Málskostnaður gagnvart dánarbúi Halldórs Halldórssonar fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 5. maí 1969.

Nr. 212/1968. **Halldór Sveinbjörn Þórðarson**
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
gegn
Hraðfrystistöðinni í Reykjavík h/f
(Guðmundur Pétursson hrl.)
Landshöfn Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps
Sjávarútvegsmálaráðherra og Fjámálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Bergur Bjarnason hdl.)
og svo til réttargæzlu Tryggingamiðstöðinni h/f
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Vinnuslys. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. nóvember 1968. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 6.110.522.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 16. maí 1964 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en honum var með bréfi dómsmálaráðherra 6. marz 1969 veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti. Þá krefst áfrýjandi sjóveðréttar í v/s Viðey, RE 12, til tryggingar greindum fjárhæðum.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Hér fyrir dómi er af hendi áfrýjanda höfð uppi hærri fjárkrafa en gerð var í héraði, án þess að efni séu til að leyfa þá hækkun samkvæmt 45. gr. laga nr. 57/1962.

Með hliðsjón af því, hversu fjarlæg afleiðing af staðsetningu bryggjustaursins slys áfrýjanda var, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti þykir eiga að falla niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti, þar með talin laun talsmanns hans, kr. 80.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti, þar með talin laun talsmanns hans, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Sératkvæði

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

I.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega staðfesta niðurstöðu hans um sýknu Hraðfrystistöðvarinnar í Reykjavík h/f. Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður, að því er þennan málsaðilja varðar.

II.

Atvik að slysi þessu eru skilmerkilega rakin í héraðsdómi. Slysið varð um bjartan dag og í góðu veðri. Áfrýjandi virðist hafa verið allkunnugur í höfninni. Fyrir slysið stóð hann þar á skipinu, að hann mátti manna gerst sjá, að hætta var á, að skipið ræki st á staur þann, er á bryggjuhorninu stóð, og að eigi mundi vera unnt að koma úr skipinu höggvara milli skips og bryggju án stórhættu fyrir þann, er það gerði. Bar áfrýjanda að tilkynna skipstjóra þetta, svo skipinu yrði lagt á annan hátt að bryggjunni. Þegar til þessa er litið og gætt menntunar áfrýjanda og stöðu á skipinu, verður að telja, að hann hafi sýnt af sér verulegt gáleysi í störfum sínum í umrætt sinn.

Samkvæmt lögum nr. 23/1955 eru hafnarmannvirki stefnda Landshafnar í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi starfrækt á kostnað ríkissjóðs. Hlutverk Landshafnarinnar

er að veita skipum og útgerðarfyrirtækjum hafnarþjónustu gegn gjaldi. Meðal annars skulu fiskiskip, sem leggja afla sinn á land innan hafnarsvæðisins eða hafa þar uppsátur, greiða til hafnarsjóðs 1% af andvirði afla. Samkvæmt gögnum málsins hefur staur sá, sem slysið varð við, staðið þarna um langt skeið og bar ljósker til að lýsa bryggjuna. Á árinu 1963 var lýsingu á bryggjunni breytt og ljósker tekið af staur þessum og öðrum sams konar staurum á bryggjunni. Staurarnir sjálfir voru hins vegar látnir standa óhreyfðir, þótt þeir væru nú eigi lengur til nota. Staur sá, sem slysið varð við, var þó fjarlægður eftir slys það, sem um er fjallað í máli þessu. Svo sem í héraðsdómi er rakið, mun staur sá, sem slysið varð við, hafa staðið í um 0.75 m fjarlægð frá bryggjuendanum og í um 1.0 m fjarlægð frá austurbrún bryggjunnar. Þar sem staurinn stóð svo nálægt bryggjubrúnum, var nokkur hætta á, að skip, er lögðust að bryggjunni, rækjust á hann. Svo sem áður var rakið, er það meðal annars hlutverk stefnda Landshafnar í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi að selja fiskiskipum legurými við bryggjur sínar til að leggja á land afla og annarra athafna. Gera verður þá öryggiskröfu til slíkra þjónustufyrirtækja, að þau nemi á brott tæki og hluti, sem ónauðsynlegir eru orðnir, en hætta getur stafað af, enda þótt áður hafi verið nauðsynlegir og til bætts öryggis. Samkvæmt þessu þykir verða að leggja að nokkru á stefnda Landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi svo og sjávarútvegsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs fébótaábyrgð á tjóni því, er áfrýjandi varð fyrir í umrætt sinn.

Eftir atvikum þykir rétt að skipta fébótaábyrgð á tjóni þessu þannig að dæma stefndu Landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi svo og sjávarútvegsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að bæta áfrýjanda tjón hans að ¼ hluta.

Kröfu sína hér fyrir dómi sundurliðar áfrýjandi þannig:

1. Örorkubætur, kr. 6.319.242.00, að frádregnum dagpeningum, kr. 51.065.00, verðmæti örorkulífeyris, kr. 412.950.00, og

bótum frá Tryggingamiðstöðinni h/f, kr. 150.000.00	kr.	5.705.227.00
2. Bætur fyrir þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum	—	400.000.00
3. Kostnaður við örorkumat og tjónreikning	—	4.545.00
4. Kostnaður við tjónreikning eftir uppsögu héraðsdóms	—	750.00
	Kr.	6.110.522.00

Um 1. kröfulið. Við slysið skaddaðist vinstri handleggur áfrýjanda svo, að taka varð framhaldlegg af honum um 5 cm neðan við olnbogalið. Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir hefur metið örorku áfrýjanda af völdum slyssins, og segir svo í skýrslu hans um þetta efni: „Hér er um að ræða 23 ára mann, sem slasaðist við vinnu sína fyrir rúmlega 1 ári og missti vinstri handlim upp undir olnboga. Stúfurinn neðan olnboga er svo lítill, að hann kemur tæplega að gagni við að stýra gervilim. Vegna slyssins þá hefur maðurinn hlotið varanlega örorku, og telst sú örorka hæfilega metin þannig: Í 1 ár 100% örorka og síðan varanleg örorka 75%". Þórir Bergsson tryggingafræðingur hefur hinn 14. október 1965 og 12. maí 1967 reiknað með líkindatölum fjárhagstjón áfrýjanda vegna slyssins. Við reikninga þessa er fyrrgreind örorka áfrýjanda svo og tekjur hans síðustu þrjú árin fyrir slysið lögð til grundvallar. Þá er gætt breytinga á kjörum og tekjum stýrimanna á fiskiskipum frá slysdegi til hins síðara reikningsdags. Þá er í hinum síðara reikningi miðað við 7% ársvexti. Eru niðurstöðutölur tryggingafræðingsins þær, að verðmæti fjárhagstjóns áfrýjanda vegna slyssins nemi miðað við slysdag alls kr. 6.319.242.00. Verðmæti örorkulífeyris þess, sem áfrýjandi fær frá Tryggingastofnun ríkisins, taldi tryggingafræðingurinn nema kr. 412.950.00.

Með hliðsjón af líkindareikningi þessum og þegar þess er gætt, að tekjur fiskimanna miðast við aflahlut, sem er ærið óviss á hverjum tíma, og að bætur þessar eru undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari, þá þykir heildartjón áfrýj-

anda samkvæmt þessum kröfulið hæfilega ákveðið kr. 2.500.000.00, og hafa þá verið frádregnir dagpeningar, kr. 51.065.00, og verðmæti örorkulífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 412.950.00.

Um 2. kröfulið. Tjón áfrýjanda samkvæmt þessum kröfulið þykir hæfilega ákveðið kr. 200.000.00.

Um 3. kröfulið. Kostnað þann, er hér um ræðir, er rétt að taka með málskostnaði.

Um 4. kröfulið. Eigi eru fyrir hendi skilyrði 45. gr. laga nr. 57/1962 til að hafa uppi hærri kröfugerð hér fyrir dómi en í héraði. Kemur þessi kröfuliður því eigi til álita.

Samkvæmt þessu telst heildartjón áfrýjanda samtals kr. 2.700.000.00. Ber stefndu Landshöfn Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps svo og sjávarútvegsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að bæta áfrýjanda ¼ hluta þess, kr. 675.000.00, að frádregnum þeim bótum, kr. 150.000.00, sem áfrýjandi hefur þegar fengið greiddar frá réttargæzlustefnda, Tryggingamiðstöðinni h/f, eða kr. 525.000.00 með 7% ársvöxtum frá 16. maí 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber stefndu Landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi svo og sjávarútvegsmálaráðherra og fjámálaráðherra f. h. ríkissjóðs að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 150.000.00.

Áfrýjandi fékk hinn 6. marz 1969 gjafsókn fyrir Hæstarétti í máli þessu og sér skipaðan talsmann. Þykja gjafsóknarlaun hins skipaða talsmanns fyrir Hæstarétti hæfilega ákveðin kr. 80.000.00.

Dómsorð:

Stefndi Hraðfrystistöðin í Reykjavík h/f skal vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Halldórs Sveinbjörns Þórðarsonar, í máli þessu, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Stefndu Landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvík-

urhreppi svo og sjávarútvegsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs greiði áfrýjanda kr. 525.000.00 með 7% ársvöxtum frá 16. maí 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 150.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málssóknarlaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, ákveðast kr. 80.000.00.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 27. september 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 4. þ. m., hefur Halldór S. Þórðarson, Klapparstíg 5, Keflavík, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 10. maí 1967, á hendur Hraðfrystistöðinni í Reykjavík h/f, Landshöfn Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og sjávarútvegs- og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta in solidum að fjárhæð kr. 4.641.462.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 16. maí 1964 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Þá hefur stefnandi krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í v/b Viðey, RE 12, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Í greinargerð stefnanda var kröfugerð hans breytt á þann hátt, að þess var krafizt, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða kr. 6.109.772.00 ásamt vöxtum og málskostnaði sem í stefnu. Þá var og krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í v/b Viðey, RE 12, fyrir dæmdum fjárhæðum. Af hálfu stefndu var samþykkt, að kröfugerð stefnanda væri breytt á þennan veg án framhaldsstefnu.

Af hálfu Hraðfrystistöðvarinnar í Reykjavík h/f eru þær dómkröfur gerðar, að hún verði sýknuð af kröfum stefnanda og henni dæmdur hæfilegur málskostnaður að mati dómsins, en til vara er þess krafizt, að fjárhæð dómkröfu stefnanda verði lækkuð.

Af hálfu stefndu Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og sjávarútvegsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs eru þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins. Til vara er þess krafizt

af hálfu þessara stefndu, að fjárhæð dómkröfu stefnanda verði lækkuð.

Til þrautavara er þess krafizt, að sök verði skipt og þessir stefndu aðeins dæmdir til að greiða hluta af tjóni stefnanda.

Þá hefur stefnandi stefnt Tryggingamiðstöðinni h/f til réttargæzlu í málinu. Á hendur réttargæzlustefnda eru engar kröfur gerðar, og af hans hálfu eru heldur engar kröfur hafðar uppi í málinu.

Málavextir eru þeir, að um hádegisbil hinn 16. maí 1964 var v/b Viðey, RE 12, sem er stálskip 230 tonn að stærð, að koma úr róðri til Keflavíkur og var með farm af síld, sem landa átti þar. Var stefnandi stýrimaður á báti þessum. Voru skipverjar kvaddir til starfa til að aðstoða við að koma bátnum að bryggju. Var ætlunin að leggja v/b Viðeyju við svonefnda Miðbryggju, milli v/b Vöggurs og bryggjunnar. Var v/b Vöggur bundinn við bryggjuna nálægt bryggjuendanum. Var v/b Viðey beint meðfram bryggjunni í átt að v/b Vögg. Var stefnandi á hvalbak v/b Viðeyjar bakborðsmegin og hugðist koma fyrir „stuðpúða" milli skipsins og bryggju. Hásjávað var. Vildi þá svo til, að vinstri handleggur stefnanda varð milli hvalbaksbrúar skipsins og staurs, er stóð við bryggjuendann. Hlaut stefnandi við þetta áverka, sem leiddi til þess, að taka varð af vinstri handlegg um olnboga.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að lítið rými hafi verið í höfninni, er skipið kom þar. Hann kveðst hafa bent skipstjóranum á, að hægt mundi að leggja skipinu við garðinn, þar sem v/b Ingvar Guðjónsson hafi legið bundinn, en skipstjóranum hafi ekki litizt á það, enda hefði þá þurft að leysa v/b Ingvar Guðjónsson og fara með v/b Viðey inn á milli. Kveður stefnandi skipstjórann þá hafa ákveðið að leggjast að bryggjunni, þar sem v/b Vöggur hafi legið, og fara þar inn á milli v/b Vöggurs og bryggjunnar. Kveður stefnandi v/b Vögg hafa legið við svokallaða Miðbryggju, sem sé beint fyrir framan Olíusamlagið. Stefnandi kveðst hafa verið á hvalbak skipsins ásamt þremur öðrum skipverjum og kveðst muna, að einn þeirra hafi verið Jóhannes Halldórsson. Er komið var að v/b Vögg, kveður hann tvo af mönnum þeim, sem á hvalbaknum voru, hafa stokkið niður á bryggjuna. Kveður stefnandi menn þessa hafa farið í land til að losa v/b Vögg, þar sem engir menn hafi verið um borð í bátnum til þess að losa hann. Mætti telur, að stórstraumsflæði hafi verið, er atburður þessi varð, og áætlar, að hæðin frá hvalbak og niður á bryggjubrún hafi verið á þriðja metra. Kveðst stefn-

andi hafa verið með „stuðpúða“ í hendinni og kveðst hafa verið að koma honum fyrir milli skips og bryggju til þess að verja skipið skemmdum. Stefnandi kveðst hafa beygt sig niður og teygt vinstri handlegg sinn, sem hann hafi haldið „stuðpúðanum“ í, út á milli efstu og næst efstu rimar í handriðinu niður fyrir hvalbaksbrúnina. Áður en v/b Viðey kom að bryggjunni, kveður stefnandi hana hafa rekizt á v/b Vögg, sem þá hafi ekki verið búið að losa, og við það hafi v/b Viðey hrokkið aðeins aftur á bak og aðeins til bakborða. Kveðst stefnandi við það hafa klemmzt á milli brúnar hvalbaksins og ljósastaurs, er staðið hafi mjög nærri horni bryggjunnar. Kveður stefnandi handlegg sinn hafa klemmzt fyrir neðan olnboga. Stefnandi kveður brún hvalbaksins skaga það langt út, að hann hafi orðið að teygja sig, eins langt og hann gerði, til þess að geta séð niður á bryggjuna, ef hann hafi átt að geta varið skipið með „stuðpúðanum“. Ekki kveðst hann þó muna, hvort hann hafi séð bryggjubrúnina í umrætt sinn. Stefnandi kveðst að mestu hafa verið fyrir innan handriðið á hvalbaknum, þegar slysið varð. Hann kveðst ekki hafa lagzt á hvalbakinn við verk sitt. Ekki hefur stefnandi getað gert grein fyrir því, hvar á hvalbaknum hann hafi staðið, er slysið varð, en gizkar á, að hann hafi verið fyrir miðjum hvalbaknum bakbordsmegin. Ekki kveður stefnandi skipstjóra skipsins hafa tekið eftir atburðinum, fyrr en hann hafi kallað til hans og sýnt honum handlegginn. Stefnandi kveður veður hafa verið mjög gott og heiðskýrt, er umrætt slys varð, og telur að golukaldi hafi verið á austan eða norðaustan. Stefnandi kveðst ekkert hafa séð athugavert við siglingu v/b Viðeyjar að bryggjunni í umrætt sinn.

Sævar Brynjólfsson, skipstjóri á v/b Viðeyju, hefur skýrt svo frá, að er skipið hafi komið inn á höfnina í umrætt sinn, hafi ekkert legurúm verið við bryggjurnar. Hann kveðst hafa séð, að v/b Vöggur hafi legið austan við svonefnda Miðbryggju og hafi verið lokið við að afferma hann. Kveðst Sævar hafa ætlað að leysa v/b Vögg frá og leggjast að bryggjunni, þar sem hann hafi verið, en binda hann síðan á stjórnborðssíðu v/b Viðeyjar. Sævar kveður v/b Vögg hafa legið um einn til tvo metra frá bryggjuendanum. Kveðst hann nú hafa stöðvað v/b Viðey um einn metra frá bryggjuendanum. Hann kveður vind hafa staðið á stjórnborðssíðu bátsins og kveður hann hafa rekið að bryggjunni. Hann kveður hásjávað hafa verið og kveður hæðarmismun á efstu brún á hvalbak og niður á bryggju hafa verið um tvo

metra. Sævar kveður menn hafa verið um borð í v/b Vögg og kveður vél bátsins hafa verið í gangi. Hann kveður stefnanda hafa staðið frammi á hvalbak v/b Viðeyjar, svo sem venja sé, og hafi tveir menn verið með honum, Jóhannes Halldórsson og maður, sem Sævar kveðst ekki muna, hvað heitir. Sjálfur kveðst Sævar hafa verið í stýrishúsi bátsins og stjórnað bátnum. Sævar kveður stýrimanninn eða einhvern annan af skipshöfninni hafa kallað til þeirra, sem voru um borð í v/b Vögg, og sagt þeim þá fyrirætlun að leggja Viðeyju í rúm v/b Vöggurs, eftir að hann hefði verið leystur frá bryggjunni. Kveðst Sævar telja, að einhver af áhöfn v/b Vöggurs hafi leyst hann frá bryggjunni. Sævar kveðst hafa séð stefnanda krjúpa undir eina rimina á handriðinu fremst á hvalbaknum bakborðsmegin til þess að koma fyrir „stuðpúða" af venjulegri gerð. Kveður hann stefnanda hafa orðið að teygja sig fram yfir borðstokkinn til þess að geta séð hornið á bryggjunni. Ekki kveður Sævar neinn hafa verið á bryggjunni úr landi, er skipið lagðist að henni, en skipverji af v/b Viðeyju hafi stokkið niður á bryggjuna til að taka á móti festarendanum og muni það hafa verið í sömu mund og slysið varð. Sævar kveður stefnanda hafa verið staðinn upp, næst þegar hann leit á hann. Kveður hann sér hafa virzt eitthvað að honum og hafi hann haldið um vinstri höndina. Kveðst Sævar þá hafa séð, að stefnandi hafði slasazt, og kveðst hafa gert ráðstafanir til að ná í lækni og sjúkrabifreið, svo fljótt sem unnt var. Nokkru síðar kveður hann lækni og sjúkrabifreið hafa komið á vettvang, en á meðan hafi verið hlúð að stefnanda eftir föngum. Sævar kveður gamlan ljósastaur standa þarna á bryggjuendanum og kveður hann ekki vera til neinna nota. Kveður hann stefnanda munu hafa lent með handlegginn milli ljósastaursins og brúnar hvalbaksins framarlega bakborðsmegin. Ekki kveður Sævar neitt óvenjulegt hafa verið við landtöku skipsins í umrætt sinn.

Jóhannes Halldórsson var háseti á v/b Viðeyju í umrætt sinn, hefur skýrt svo frá, að v/b Viðey hafi verið að koma úr veiðiferð í umrætt sinn. Lítið rúm hafi verið í höfninni og hafi það ráð því verið tekið að leggjast upp að svonefndri Miðbryggju, en þar hafi v/b Vöggur legið bundinn. Kveður hann v/b Viðeyju hafa verið rennt upp að bryggjuendanum með bakborðssíðu að bryggjunni og kveður ætlunina hafa verið að koma skipinu milli v/b Vöggurs og bryggjunnar. Jóhannes kveðst hafa verið frammi á hvalbak ásamt stefnanda og öðrum manni. Hann kveður mann þann, sem með þeim var, hafa stokkið yfir á bryggjuna til að

leysa v/b Vögg og taka á móti festarenda frá v/b Viðeyju. Jóhannes kveður stefnanda hafa lagzt á hvalbakinn og verið að hagræða „stuðpúða“, sem hann hafi verið með í hendinni. Sjálfur kveðst Jóhannes hafa verið að fást við festarendann. Jóhannes kveðst hafa litið upp í sama mund og skipið hafi rekizt á ljósastaur, sem sé staðsettur fremst á bryggjusporðinum. Kveðst hann þá hafa séð, að stefnandi hafði klemmzt á milli staursins og hvalbaksins. Ekki kveður Jóhannes v/b Vögg hafa verið farinn að síga frá bryggjunni, þegar v/b Viðey hafi siglt á hann. Ekki kveðst hann muna eftir því, að v/b Viðey hafi hrokkið til við árekstur inn á v/b Vögg, og kveðst telja það fremur ósennilegt, þar sem skrúfa skipsins hafi unnið áfram. Jóhannes kveður það hafa verið skipverja af v/b Viðeyju, sem hafi losað v/b Vögg, en kveður ekki hafa verið búið að losa bátinn, þegar v/b Viðey rakst á hann. Jóhannes kveður ekki hægt að tala um árekstur í þessu sambandi, þar sem v/b Viðey hafi ekki rekizt með það miklu afli á v/b Vögg. Jóhannes kveður ekki hafa verið neitt óvenjulegt við siglingu v/b Viðeyjar í umrætt sinn. Hann kveður bátinn hafa verið látinn síga á milli v/b Vöggurs og bryggjunnar, eins og venjulega sé gert í slíkum tilvikum. Jóhannes kveður mjög hásjávað hafa verið og kveður hæð frá hvalbak og niður á bryggju hafa verið um tvo metra. Hann kveðst telja vafasamt, að stefnandi hafi veitt ljósastaurnum athygli, því að hann hafi verið að reyna að koma „stuðpúðanum“ á milli skipsins og bryggjunnar. Jóhannes kveður einhvern drátt hafa orðið á því, að læknir kæmi á vettvang, því að neyðarsími hafnarinnar hafi verið bilaður, og hafi einn skipverjanna, sem heima eigi rétt við höfnina, því hlaupið heim til sín og hringt í lækni þaðan.

Þorsteinn Árnason, háseti á v/b Viðeyju, hefur skýrt svo frá, að hann hafi staðið á brúarvæng skipsins og því haft gott útsýni yfir hvalbak þess, þar sem stefnandi og Jóhannes Halldórsson hafi verið. Hann kveður ætlun skipstjórans hafa verið að leggja skipinu að svonefndri Miðbryggju, en þar hafi v/b Vöggur legið. Því hafi þurft að koma v/b Viðeyju milli Vöggurs og bryggjunnar og þá losa afturenda v/b Vöggurs. Þorsteinn telur, að skipið hafi verið því sem næst stöðvað, en aðeins sigið undan vindi, er hann hafi séð, að stefnandi hafi lagzt á hvalbakinn undir handriðið og hafi verið með „stuðpúða“ í hendinni. Hafi stefnandi verið að koma „stuðpúðanum“ fyrir, svo að byrðingur skipsins skemmdist ekki, er skipið legðist að bryggjunni. Kveður hann stefnanda hafa teygt sig út fyrir handriðið og hafi herðar hans verið á móts við

handriðið, en höfuð og herðar hans aðeins út fyrir það. Þorsteinn kveðst telja líklegt, að stefnandi hafi ekki tekið eftir ljósastaurnum, sem var staðsettur yzt á bryggjusporðinum fast við bryggjubrúnina. Hann kveður hásjávað hafa verið, eða rétt um það bil háflæði, og hafi skipið því verið mjög hátt á sjó. Þorsteinn kveðst hafa gert sér grein fyrir því, rétt áður en slysið varð, að skipið mundi rekast á staurinn, en kveðst þó ekki hafa talið stefnanda í neinni hættu, því að ella hefði hann að sjálfsögðu kallað til hans og aðvarað hann. Þorsteinn kveður skipið hafa snert staurinn og kveðst hafa séð, að hann skókst til. Strax á eftir kveður hann stefnanda hafa staðið upp og hafi hann sagzt hafa orðið á milli. Kveðst Þorsteinn þá hafa hlaupið fram á hvalbak og þá séð, að stefnandi hafði hlotið stórt opið sár á vinstri upphandlegg og að blóð fossaði úr sárinu.

Þráinn Ögmundsson, háseti á v/b Viðeyju, hefur skýrt svo frá, að í umrætt sinn hafi verið ætlunin að koma skipinu milli v/b Vöggurs og bryggjunnar. Hann kveður því skipinu hafa verið rennt að bryggjunni með bakborðssíðu að bryggjusporðinum. Kveðst hann hafa stokkið um borð í v/b Vögg, þegar færi gafst, til þess að komast niður á bryggjuna, því að mjög hásjávað hafi verið og ekki hægt að stökkva úr v/b Viðeyju niður á bryggjuna. Þráinn kveðst hafa verið nýkominn upp á bryggjuna og ætlað að fara að festa taug úr skipinu, er hann hafi heyrt bresti og óp. Kveðst hann þá hafa litið upp og séð, að stefnandi hélt um handlegginn og hafði slasazt.

Ragnar Björnsson, sem verið hefur hafnarstjóri í Keflavík frá 1950, hefur skýrt svo frá, að umræddur staur, sem verið hafi ljósastaur til lýsingar á bryggjunni, muni hafa verið reistur, um leið og bryggjan var byggð, en það hafi verið fyrir hans tíð sem hafnarstjóra. Ragnar telur, að það hafi verið sumarið 1963, að sett hafi verið upp fullkomnari lýsing við höfnina, svonefnd flóðlýsing. Þá hafi staurinn á bryggjunni verið óþarfur og hafi rafmagnið verið tekið af honum, en staurinn hafi verið látinn standa áfram. Ragnar kveðst hafa látið fjarlægja staurinn þegar eftir slysið. Ekki kveður Ragnar sér kunnugt um, að önnur slys hafi orðið við svona staura við höfnina. Hins vegar kveður hann það hafa komið fyrir nú í seinni tíð, að „bóma" hafi slegið niður svona staur. Ekki kveður Ragnar sér kunnugt um, að bátar hafi áður rekizt á umræddan staur, þó að vera kunni, að bátar með mikinn „útslátt" hafi rekizt á staurinn.

Af hálfu stefnanda er fébótaábyrgð stefnda Hraðfrystistöðvar-

innar í Reykjavík byggð á því, að orsök slyssins megi rekja til þess, að er verið var að leggja v/b Viðeyju að bryggju umrætt sinn, hafi skipið lent á v/b Vögg, sem þá hafi ekki verið búið að losa frá bryggjunni. Við þetta hafi v/b Viðey hrokkið aftur á bak og hafi brún hvalbaks skipsins náð inn fyrir bryggjuna og lent á staur, sem þar hafi verið, en stefnandi, sem verið hafi að koma fyrir „stuðpúða" til að verja v/b Viðey hnjaski, hafi orðið á milli skipsins og staursins með vinstri handlegg. Hafi stefnandi slasazt svo, að nema hafi orðið vinstri handlegg fyrir neðan olnboga í burt. Er því haldið fram, að slysið hafi orðið vegna vítaverðs gáleysis skipstjóra v/b Viðeyjar, sem stjórnað hafi siglingu skipsins í umrætt sinn. Þá er fébótaábyrgð þessa stefnda einnig byggð á því, að aðrir skipverjar, sem höfðu betri sýn yfir allar aðstæður, hafi ekki aðvarað stefnanda, og megi því einnig rekja orsök slyssins til þess. Er því haldið fram, að í báðum tilvikum beri stefndi Hraðfrystistöðin í Reykjavík sem eigandi og útgerðarmaður v/b Viðeyjar fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins, sbr. 8. gr. laga nr. 66/1963.

Við munnlegan flutning málsins var því haldið fram, að jafna megi atburði þeim, sem hér er fjallað um, til árekstrar og beita ákvæðum VII. kafla siglingalaga nr. 66/1963 við úrlausn málsins.

Fébótaábyrgð stefndu Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og sjávarútvegs- og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er byggð á því, að ástand bryggju þeirrar, sem v/b Viðeyju var lagt að í umrætt sinn, hafi ekki verið forsvaranlegt, enda staðsetning staurs þess, sem slysið varð við, verið óforsvaranleg og staurinn hættulegur þar, sem hann stóð, og til þess fallinn að valda slysi sem þessu. Var því haldið fram við munnlegan flutning málsins, að þessir stefndu beri því hlutlæga ábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins. Því er og haldið fram, að það hafi verið vanræksla fyrirsvarsmanna hafnarinnar að láta ekki fjarlægja staurinn, og því beri þessir stefndu einnig fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af þeim sökum.

Við munnlegan flutning málsins var að því vikið, að neyðarsími hafnarinnar hafi ekki verið nothæfur, er kveðja hafi átt til læknis eftir slysið. Virðist fébótaábyrgð þessara stefndu einnig vera á því byggð, að þar hafi einnig verið um að ræða vanrækslu fyrirsvarsmanna hafnarinnar, sem þessir stefndu beri ábyrgð á.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að honum verði gefin sök á slysi þessu. Er því haldið fram, að hann hafi ekki hagað sér öðruvísi en honum hafi borið, en auk þess sé á það að líta, að

hann hafi starfað undir verkstjórn og umsjón skipstjóra v/b Viðeyjar.

Af hálfu stefnda Hraðfrystistöðvarinnar í Reykjavík er því haldið fram, að slysið verði ekki rakið til neinna þeirra orsaka, sem valdi því, að þessi stefndi verði talinn bera fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins. Er því haldið fram, að ekki hafi verið færðar að því sannanir eða líkur, að slysið megi rekja til stjórnanda skipsins eða annarra þeirra manna, sem þessi stefndi beri ábyrgð á. Þá er því haldið fram, að staðsetning staursins, sem slysið varð við, hafi skapað hættu, og hafi það verið vanræksla af hálfu fyrirsvarsmanna hafnarinnar að fjarlægja ekki staurinn. Er því og haldið fram, að því er varðar þennan stefnda, að hér sé um hreina óhappatilviljun að ræða, og verði stefnandi því að bera tjón sitt sjálfur.

Sýknukrafa stefndu Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og sjávarútvegs- og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er í fyrsta lagi byggð á því, að umrætt slys verði eingöngu rakið til gáleysis stefnanda sjálfs, og verði hann því að bera tjón sitt sjálfur. Verði eigi fallizt á þessar sýknuástæður, þá er því haldið fram, að slysið megi rekja til ógætilegrar siglingar v/b Viðeyjar að bryggjunni, og beri því eigandi bátsins fébótaábyrgð á tjóni stefnanda.

Að lokum er því haldið fram til vara, að slysið verði rakið til gáleysis stefnanda sjálfs og gáleysis skipstjórans á v/b Viðeyju, og verði eigandi skipsins því að bæta stefnanda tjón hans að nokkru, en stefnandi að bera tjón sitt að hluta sjálfur.

Umrædd Miðbryggja í Keflavíkurhöfn er steinsteypt um 30 m löng og 7.6 m breið með viðlegurúmi báðum megin. Stóð staur sá, sem slysið varð við, á suðausturhorni bryggjunnar í um 0.75 m fjarlægð frá bryggjuendanum og í um 1.0 m fjarlægð frá austurbrún bryggjunnar. Má ætla, að staurinn hafi verið um 3—4 m hár.

Það verður eigi fallizt á það með stefnanda, að rétt sé að jafna atvikum máls þessa til árekstrar milli skipa og beita ákvæðum VII. kafla laga nr. 66/1963 við úrlausn málsins.

Það er alkunna, að þegar þrengsli eru í höfnum sé skipum, sem afferma þarf, lagt að bryggju fyrir innan skip, sem þar liggur. Stefnandi hefur haldið því fram, að hann hafi verið búinn að benda skipstjóra v/b Viðeyjar á annan stað í höfninni til að leggja skipinu. Ekki kemur það fram, að það hafi verið vegna öryggissjónarmiða, enda þurfti þar einnig að leggja skipinu að

bryggju fyrir innan annað skip, sem þar var fyrir. Þótt stefnandi hafi haldið því fram, að v/b Viðey hafi rekizt á staurinn, vegna þess að hún hafi rekizt harkalega á v/b Vögg, þá kemur fram hjá skipverjum, m. a. stefnanda sjálfum, að ekkert hafi verið athugavert við siglingu skipsins að bryggjunni. Stefnandi var stýrimaður á skipinu og var samkvæmt stöðu sinni frammi á hvalbak til að segja fyrir verkum. Ætlaði hann sjálfur að koma fyrir „stuðpúða" til að verja skipið fyrir hnjaski, er það legðist að bryggjunni. Vegna menntunar sinnar og reynslu sem stýrimaður svo og samkvæmt eðli málsins mátti stefnandi gera ráð fyrir hreyfingum skipsins og því, að það kynni að snerta v/b Vögg, og einnig mátti honum vera ljóst, að brún hvalbaks skipsins næði inn fyrir bryggjubrúnina. Slysið varð um hádegisbil, og var heiðskírt og bjart veður. Hlaut stefnandi að mega sjá staurinn á bryggjunni, og hafði hann sjálfur beztar aðstæður til að meta afstöðu sína til hans og haga sér í samræmi við það. Það þykir því eigi nægilega í ljós leitt, að slysið hafi orðið vegna mistaka skipstjóra v/b Viðeyjar við stjórn skipsins eða af öðru gáleysi skipverja, og verður stefndi Hraðfrystistöðin í Reykjavík sýknuð af kröfum stefnanda í máli þessu.

Ekki munu vera fyrir hendi sérstakar reglur um fyrirkomulag lýsingar við íslenzkar hafnir. Staur sá, sem slysið varð við, hafði verið notaður við lýsingu bryggjunnar, bæði þegar unnið var á henni og eins til að lýsa upp bryggjuna, er skip legðu að henni. Staurinn mun hafa verið reistur, um leið og bryggjan var byggð. Það er komið fram, að á árinu 1963 var fyrirkomulagi lýsingar við höfnina breytt. Var þá komið fyrir svonefndri flóðlýsingu á háum stálgrindarturnum, sem standa ofan við bryggjurnar. Var þá hætt að nota umræddan staur við lýsingu á bryggjunni. Það er eigi fram komið, að slys hafi áður orðið við umræddan staur eða aðra slíka staura á bryggjum hafnarinnar, og ekki er fram komið, að kvartað hafi verið yfir þeim. Það verður eigi talið, að staðsetning staursins á bryggjunni hafi verið óforsvaranleg. Verður eigi á það fallizt, að staurinn hafi haft í för með sér slíka hættueiginleika, að fella beri á þá, sem ábyrgð bera á rekstri hafnarinnar, hlutlæga ábyrgð á tjóni stefnanda. Það verður heldur eigi metið fyrirsvarsmönnum hafnarinnar til sakar, þótt þeir eigi létu fjarlægja staurinn, eftir að fyrirkomulagi lýsingar við höfnina var breytt. Þótt neyðarsími hafnarinnar hafi verið óvirkur, þá er eigi fram komið, að neitt samband hafi verið milli þess og slysstins eða afleiðingar þess. Þykir því verða að sýkna stefndu

Landshöfn Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og sjávarútvegs- og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs af kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður í máli þessu falli niður.

Eiríkur Kristófersson, fyrrverandi skipherra, og Guðmundur Hjaltason skipstjóri kváðu upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Hraðfrystistöð Reykjavíkur, Landshöfn Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og sjávarútvegs- og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Halldórs Sveinbjarnar Þórðarsonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

Guðmundar Jónssonar borgardómara.

Ég er sammála niðurstöðu meiri hluta dómenda um sýknu stefnda Hraðfrystistöðvarinnar í Reykjavík og forsendur fyrir henni.

Að því er varðar kröfur stefnanda á hendur öðrum hinna stefndu, er niðurstaða mín þessi:

Eftir að fyrirkomulagi lýsingar við höfnina var breytt, var rafmagn tekið af ljósastaur þeim, sem umrætt slys varð við, en staurinn sjálfur svo og aðrir slíkir staurar voru látnir standa áfram. Þótt staðsetning staursins utarlega við bryggjubrún hafi áður verið talin nauðsynleg, þá var staurinn nú orðinn óþarfur, enda var hann fjarlægður þegar eftir slysið. Staurinn gat verið til trafala, er skip og bátar voru að leggja að þeirri hlið bryggjunnar, sem hann stóð við, og eins við affermingu og fermingu þeirra og gat skapað nokkra hættu í því sambandi, þótt eigi væru hættueiginleikar staursins brýnir. Við þessar aðstæður þykir rétt, að þeir, sem ábyrgð bera á rekstri hafnarinnar, beri nokkra áhættu af þessum hættueiginleikum samfara staðsetningu staursins. Þykir því rétt að fella á stefndu Landshöfn Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og sjávarútvegs- og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins.

Þegar virt er það, sem rakið hefur verið um aðdraganda slyssins, þá verður að telja, að stefnandi hafi ekki sýnt nægilega aðgæzlu, er hann hugðist koma „stuðpúðanum“ fyrir til að verja

skipið hnjaski, og verði hann því að bera tjón sitt að nokkru leyti sjálfur.

Eftir öllum atvikum þykir rétt að skipta fébótaábyrgð á tjóni stefnanda þannig, að hann beri sjálfur ⅔ hluta þess, en stefndu Landshöfn Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og sjávarútvegs- og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs bæti stefnanda ⅓ hluta þess.

Verður nú afstaða tekin til fjárkrafna stefnanda, en þær eru sundurliðaðar þannig:

1. Bætur fyrir örorkutjón vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku	kr.	6.319.242.00
Frá þeirri fjárhæð hefur stefnandi dregið dagpeninga, sem hann hefur fengið greidda	—	51.065.00
svo og örorkulífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins	—	412.950.00
og örorkubætur, sem Tryggingamiðstöðin hefur greitt	—	150.000.00
	Kr.	5.705.227.00
2. Bætur fyrir þjáningar, óþægindi og lýti	—	400.000.00
3. Kostnaður við mat á örorku og örorkutjónsútreikning	—	4.545.00
	Kr.	6.109.772.00

Um 1. Páll Sigurðsson læknir hefur metið örorku stefnanda af völdum slyssins. Í bréfi, dags. hinn 13. ágúst 1965, segir svo um grundvöll matsins og niðurstöðu:

„Slysið varð með þeim hætti, að slasaði, er var stýrimaður á m.b. Viðey, varð á milli með vinstri handlim, er skipið var að leggjast að bryggju í Keflavík, þannig að handleggurinn marðist af.

Slasaði var til meðferðar hjá Jóni Jóhannssyni, sjúkrahúslækni í Keflavík, og í vottorði hans 26. 6. 1964 þá segir, að um hafi verið að ræða amputatio traumatica antibrachii sin. Hann lá á Keflavíkurspítala frá slysdegi til 25. 5.

Slasaði kom til viðtals hjá undirrituðum 22. 6. 1965. Hann skýrir frá slysi og meðferð, eins og lýst hefur verið. Segir, að

stúfurinn hafi verið nokkuð lengi að gróa, en hefur verið gróinn nú síðustu mánuði.

Skoðun: Vinstri handlimur: Það er aflimun á framhandlegg u. þ. b. 5 cm. neðan við olnbogaliðinn. Góð hreyfing virðist vera í liðnum, en stúfurinn er það stuttur, að hann kemur tæplega að nokkru gagni til að stýra framhandleggsgervilim. Maðurinn er nú að fá gervilim hjá Arnóri Halldórssyni.

Ályktun: Hér er um að ræða 23 ára gamlan mann, sem slasast við vinnu sína fyrir rúmlega 1 ári og missti vinstri handlim upp undir olnboga. Stúfurinn neðan olnboga er svo lítill, að hann kemur tæplega að gagni við að stýra gervilim.

Vegna slyssins þá hefur maðurinn hlotið varanlega örorku, og telst sú örorka hæfilega metin þannig:

Í 1 ár 100% örorka og síðan varanleg örorka 75%".

Á grundvelli þessa örorkumats hefur Þórir Bergsson tryggingafræðingur reiknað verðmæti áætlaðs taps vinnutekna stefnanda. Um grundvöll útreikningsins og niðurstöðu segir svo í bréfi tryggingafræðingsins, dags. hinn 14. október 1965:

„Halldór er sagður fæddur 17. september 1941 og hefur því verið 22 ára á slysdegi.

Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum Halldórs árin 1962—1964 hafa vinnutekjur hans þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið verið:

Árið 1961	kr. 144.599.00
— 1962	— 120.412.00
— 1963	— 279.372.00

Þessara tekna hefur hann aflað sem háseti og stýrimaður á fiskiskipum. Ég hef því umreiknað þessar tekjur til kauplags á slysdegi og síðan samkvæmt breytingum á kjörum stýrimanna á fiskiskipum. Við þann umreikning er tekið tillit til þess, að Halldór stundaði nám við Stýrimannaskólann árin 1961 og 1962. Einnig eru hásetatekjur hans árið 1961 umreiknaðar til stýrimannstekna, en Halldór fékk strax að loknu námi stýrimannsstöðu.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að vinnutekjutapið sé á hverjum tíma sami hundraðshluti af áætluðum vinnutekjum og örorkan er metin:

	Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað vinnutekjutap
1. árið eftir slysið	kr. 409.975.00	kr. 409.975.00
Síðan árlega	— 423.783.00	— 317.837.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 99.454.00
Vegna varanlegrar örorku	— 4.758.478.00
Samtals	kr. 4.857.932.00

Hér er varanleg örorka reiknuð 75% frá slysdegi og tímabundna örorkan umframörorka, meðan hún er metin.

Frá Tryggingastofnun ríkisins hefur Halldór fengið greidda dagpeninga fyrir tímabilið frá 24. maí 1964 til 28. júní 1965, kr. 51.065.00. Frá 28. júní 1965 fær Halldór greiddan fullan örorkulífeyri frá Tryggingastofnuninni, og nemur verðmæti hans á slysdegi kr. 412.950.00.

Við útreikninginn hef ég notað 6% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu".

Að frumkvæði lögmanns stefnanda reiknaði tryggingafræðingurinn að nýju verðmæti áætlaðs taps vinnutekna stefnanda hinn 12. maí 1967, og segir svo um grundvöll þess útreiknings og niðurstöðu í bréfi tryggingafræðingsins, dags. þann dag:

„Fyrri útreikningur minn á örorkutjóni Halldórs er dags. 14. október 1965. Síðan hafa átt sér stað verulegar hækkanir á atvinnutekjum sjómanna og komið fram nýjar úrtakstölur frá Efnahagsstofnuninni. Vextir, sem notaðir eru við útreikning skaðabóta, hafa einnig hækkað úr 6% í 7%.

Ég hef gert alveg nýjan útreikning á tjóni þessu.

Forsendur eru þær sömu og í fyrri útreikningi nema vextir.

Áætlaðar vinnutekjur og vinnutekjutap verður nú:

	Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað vinnutekjutap
1. árið eftir slysið	kr. 442.923.00	kr. 442.923.00
2. — — —	— 548.867.00	— 411.650.00
3. — — —	— 621.648.00	— 466.236.00
Síðan árlega	— 639.556.00	— 479.667.00

Verðmæti á slysdegi reiknast:

Vegna tímabundinnar örorku ..... kr. 106.960.00
Vegna varanlegrar örorku ..... — 6.212.282.00

Samtals kr. 6.319.242.00"

Eru endanlegar dómkröfur stefnanda byggðar á framangreindu örorkumati og hinum síðari útreikningi tryggingafræðingsins.

Af hálfu stefndu Landshafnar Keflavíkur og Njarðvíkur og sjávarútvegsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. rkissjóðs er fjárhæð kröfuliðs þessa mótmælt sem of hárri. Er því haldið fram, að niðurstaða framangreinds örorkumats sé óeðlilega há. Einnig er því haldið fram, að í útreikningi sínum miði tryggingafræðingurinn við óeðlilega háar meðaltekjur, og byggist sú niðurstaða á viðmiðun við hæstu tekjur stýrimanna á síldveiðiskipum á einstæðum aflaárum, en slíkt sé algerlega óraunhæft. Þá er því haldið og fram, að við ákvörðun bóta beri að taka tillit til þess, að bætur sem þessar séu undanþegnar álagningu opinberra gjalda, svo og þess hagræðis, sem stefnandi hafi af eingreiðslu bóta.

Framangreindu mati á örorku stefnanda hefur ekki verið hnekkt, og verður það því lagt til grundvallar við úrlausn málsins. Það er ljóst, að tekjur fiskimanna byggjast að verulegu leyti á aflaverðmæti, sem er breytilegt og háð ýmsum atvikum, en ekki þykja hafa verið færð að því nægileg rök, að útreikningur tryggingafræðingsins sé byggður á slíkum grundvelli, að ekki megi hafa hann til viðmiðunar við úrlausn málsins.

Þegar framangreind atriði eru virt svo og önnur þau atriði, sem hafa ber í huga við ákvörðun bóta sem þessara, þá þykir tjón stefnanda hæfilega metið kr. 3.100.000.00, og hafa þá verið dregnar frá greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og réttargæzlustefnda, enda er eigi annað fram komið en að sú greiðsla sé óendurkræf.

Um 2. Af hálfu stefnda er fjárhæð þessa liðs mótmælt sem of hárri. Hér er að framan lýst afleiðingum slyss þess, sem stefnandi varð fyrir. Eftir öllum atvikum þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 175.000.00.

Um 3. Kröfuliður þessi er studdur framlögðum gögnum og hefur ekki sætt sérstökum andmælum. Verður hann því lagður til grundvallar við úrlausn málsins óbreyttur.

Samkvæmt þessu tel ég tjón stefnanda nema kr. 3.279.545.00

(3.100.000.00 + 175.000.00 + 4.545.00), og af því tel ég, að dæma beri stefndu Landshöfn Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og sjávarútvegs- og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til að greiða ⅓ hluta, eða kr. 1.093.181.66, með 7% ársvöxtum frá 16. maí 1964 til 1. janúar 1965, með 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 92.000.00 í málskostnað.

Dómsorð mitt verður því þannig:

Stefndi Hraðfrystistöðin í Reykjavík skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Halldórs Sveinbjarnar Þórðarsonar, í máli þessu, og fellur málskostnaður milli þessara aðilja niður.

Stefndu Landshöfn Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og sjávarútvegs- og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs greiði in solidum stefnanda kr. 1.093.181.66 með 7% ársvöxtum frá 16. maí 1964 til 1. janúar 1965, með 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 92.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. maí 1969.

Nr. 59/1969. **Bjarni Bender og Ingi Ársælsson**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Þjóðleikhússtjóra f. h. Þjóðleikhúsráðs
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hin'r reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Útburðarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. marz 1969. Krefjast þeir þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, synjað verði um útburð þann, sem krafizt er á hendur þeim, og stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst saðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málsatvikum er rækilega lýst í hinum áfrýjaða úrskurði. Eigi sagði stefndi leigumálanum lausum fyrir 1. október 1968, þ. e. með þriggja mánaða fyrirvara, en hinn 27. september það ár taldi hann skuld áfrýjenda nema kr. 189.860.08, og hinn 6. nóvember s. á., er hann ritaði þeim og krafðist riftunar á leigusamningnum, taldi hann skuld þeirra nema kr. 214.860.04, en hinn 15. janúar 1968 krafðist stefndi útburðar á starfsemi áfrýjenda úr kjallara Þjóðleikhússins. Frá því í október 1968 og fram að næstu áramótum tók hann við greiðslum frá áfrýjendum, og er ósannað gegn andmælum þeirra, að hann hafi gert nokkurn fyrirvara um útburð, er hann veitti greiðslum þessum viðtöku. Við greind áramót taldi stefndi skuld áfrýjenda nema kr. 61.031.06, en þeir mótmæla því að hafa þá verið í nokkrum vanskilum með húsaleigugreiðslur. Telja þeir hér vera um að ræða reikninga fyrir rafmagn o. fl., sem þeir hafi mótmælt sem röngum, og hefur stefndi eigi fært sönnur á, að síðastgreind fjárhæð, kr. 61.031.06, sé eftirstöðvar vangoldinnar húsaleigu, en í reikningsyfirliti hans yfir skipti aðilja fyrstu 10 mánuði ársins 1968, þar sem getið er fjárhæðarinnar kr. 189.860.08, eru áfrýjendur auk húsaleigu skuldfærðir fyrir ýmsum kostnaði, svo sem fyrir sorphreinsun, rafmagnsnotkun og auglýsingu í Leikskrá 1968—1969.

Samkvæmt framansögðu eru eigi rök að því leidd, að áfrýjendur hafi um áramót 1968 og 1969 verið í slíkum vanskilum með greiðslu húsaleigu, að útburði varði, og eins og í hinum áfrýjaða úrskurði greinir, verður eigi talið sannað, að áfrýjendur hafi að öðru leyti brotið svo leigumálann, að réttlæti útburð. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi, en samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fram í Hæstarétti, hafa áfrýjendur staðið skil á húsaleigugreiðslum eftir s.l. áramót og komið greindri fjárhæð, kr. 61.031.06, í greiðslugeymslu.

Rétt er, að málskostnaður fyrir fógetadómi og Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað útburðar.

Málskostnaður fyrir fógetadómi og Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 25. marz 1969.

Gerðarbeiðandi, Guðlaugur Rósinkranz þjóðleikhússtjóri, hefur krafizt vegna Þjóðleikhúsráðs, að gerðarþolar, þeir Bjarni Bender, Bústaðavegi 103, og Ingi Björgvin Ársælsson, Ljósheimum 18, verði með útburðargerð sviptir umráðum alls þess húsnæðis, sem þeir hafa að undanförnu haft til afnota í kjallara Þjóðleikhússins og rekið þar veitingastarfsemi undir nafninu „Leikhúskjallarinn". Hann krefst þess, að gerðarþolum verði in solidum gert að greiða málskostnað.

Gerðarþolar hafa mótmælt því, að gerð þessi nái fram að ganga. Þeir krefjast þess enn fremur, að þeim verði úrskurðaður málskostnaður.

Mál þetta var fyrst tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram 27. febrúar s.l. Samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda var málið endurupptekið til frekari gagnaöflunar hinn 17. þ. mán. og að nýju tekið til úrskurðar 18. þ. mán.

Í máli þessu liggur fyrir leigusamningur, gerður seint á árinu 1966, en dagsetning er ekki árituð. Er samningur þessi í heild á þessa leið:

„Guðlaugur Rósinkranz, þjóðleikhússtjóri, f. h. Þjóðleikhússins, í samningi þessum hér eftir nefndur leigusali, og Bjarni Bender, Stangarholti 18, Reykjavík, og Ingi Ársælsson, Sólheimum 27 hér í bæ, í samningi þessum hér eftir nefndir leigutakar, gera með sér svofelldan

LEIGUMÁLA:

1. Leigusali leigir leigutökum húsnæði það í kjallara Þjóðleikhússins, sem ætlað er fyrir veitingastarfsemi ásamt húsgögnum, borðbúnaði, eldhústækjum, borðdúkum og öðru sem tilheyrir og er til, allt í því ástandi, sem það er, er leigutakar taka við því.
2. Leigutakar greiða umsamda leigu, kr. 45.000.00 — fjörutíu og fimm þúsund krónur — fyrir hvern mánuð leigutímans,

en hann er tvö ár, frá 1. janúar 1967 til 31. desember 1968. Leigugreiðslur skulu fara fram fyrsta dag hvers mánaðar.

3. Auk veitingasölu í Leikhúskjallaranum skal leigutaki hafa kaldar veitingar til sölu, þó ekki áfenga drykki, í anddyri leikhússins í hléum á leiksýningum.
4. Leigutaki skuldbindur sig til að hafa einhvern hluta veitingasalanna í Leikhúskjallaranum opna fyrir leikhúsgesti í aðalhléi þau kvöld, sem leikið er í leikhúsinu, og skulu leikhúsgestir eiga kost á að fá þar keyptar veitingar. Allir veitingasalir skulu vera opnir á frumsýningum.
5. Leigutaki hefur ekki heimild til sölu sælgætis í leikhúsinu.
6. Leigutakar skulu láta starfsfólki leikhússins í té veitingar, heitan mat og kaldan svo og drykki heita og kalda, þó ekki áfenga drykki, í matstofu leikhússins og kaffistofu, um hádegi og að kvöldi, nema á mánudagskvöldum, á svo vægu verði sem unnt er, í samkomulagi við leigusala. Enda greiði leigutakar framreiðslufólki laun.
7. Leigutakar greiði rafmagn og heitt vatn og annist og greiði ræstingu á hinu leigða húsnæði.
8. Leigutakar eru skyldir að leyfa leigusala afnot af Leikhúskjallaranum, þegar leigusali óskar að hafa skemmtiatriði þar, eða samkvæmi á vegum leikhússins. Skal leigusali þá sjá um skemmtiatriðin og greiða allan kostnað í sambandi við þau, enda fái hann inngangseyri óskertan. Leigutakar skulu hins vegar sjá um og kosta veitingar allar og hafa allan hagnað af þeim, enda skulu tiltekin skemmtikvöld ákveðin með minnst viku fyrirvara.
9. Leigutakar skulu skila hinu leigða húsnæði og öllum tækjum og áhöldum í sama ástandi og magni og þegar hann tók við því, að undanskildri eðlilegri fyrningu samkvæmt mati 2ja manna, einum tilnefndum af leigutökum og hinum af leigusala.
10. Leigusali áskilur sér rétt til þess að hafa eftirlit með verðlagi og umgengni um salarkynni og meðferð áfengis og setja um það reglur, ef þurfa þykir. Eftirlit af hálfu leikhússins hefur þjóðleikhússtjóri og einn fulltrúi úr Þjóðleikhúsráði.
11. Leigutaki skal hafa eftirlit með snyrtiherbergjum veitingasalanna og bera þann kostnað, sem því eftirliti fylgir.
12. Umsaminn leigutími er frá 1. janúar 1967 til 31. desember 1968. Að þeim tíma liðnum framlengist samningur þessi um

eitt ár í senn, hafi hvorugur aðili sagt honum upp með minnst 3ja mánaða fyrirvara.

Guðlaugur Rósinkranz	Bjarni Bender
þjóðleikhússtjóri	Ingi B. Ársælsson
f h.. Þjóðleikhússins	leigutakar".

Útburðarbeiðni er dagsett 15. janúar s.l. Þar segir að útburðarbeiðni byggist á vanskilum gerðarþolanna og á öðrum vanefndum samnings, sem heimili riftingu hans, enn fremur á loforði þeirra að rýma húsnæðið. Er svo frá skýrt, að gerðarþolar hafi nokkurn veginn staðið í skilum með greiðslur fyrir árið 1967, þannig að skuld þeirra pr. 1. janúar 1968 var kr. 56.086.17, en brátt hafi vanskil orðið verulegri. Hefur gerðarbeiðandi lagt fram endurrit af viðskiptareikningi gerðarþolanna, sjá rskj. nr. 4. Vísar gerðarbeiðandi til þessa reiknings um greiðsludrátt á húsaleigu, þannig hafi þeir ekki greitt marz- og aprílleigur fyrr en í maí og leiga fyrir maí hafi verið greidd í júní. Kveðst þjóðleikhússtjóri margsinnis hafa fundið að greiðsludrætti við gerðarþolana, en án árangurs, þó að greiðslu væri lofað. Þá kveðst þjóðleikhússtjóri hafa átt tal við gerðarþolana hinn 27. september 1968 og hafi þeir þá skuldað 189.860.04 kr., og þá lofuðu þeir að greiða upp fyrir 4. október. Ekki hafi enn orðið af efndum og hinn 6. nóvember hafi þeim því verið ritað bréf, sem er viðurkennd móttaka á athugasemdalaust af Bjarna Bender, en með áritaðri athugasemd Inga B. Ársælssonar um vefengingu tilgreindrar skuldar og mótmælum riftingar leigumála. Er bréfið á þessa leið, eins og það liggur fyrir í málinu sem rskj. 5:

„Hr. Bjarni Bender og Ingi Ársælsson
Þjóðleikhúskjallarinn. 6. nóvember 1968.

Eins og yður er kunnugt, skuldið þér Þjóðleikhúsinu húsaleigu og rafmagn eftir Þjóðleikhúskjallarann kr. 214.860.04.

Með þessum vanskilum hafið þér fyrirgert leigurétti yðar til húsnæðisins, og neyðist ég því hér með að fella samninginn úr gildi og skora á yður að rýma húsnæðið fyrir 1. desember næstkomandi.

Virðingarfyllst,
Þjóðleikhúsið,
Guðl. Rósinkranz

Samhljóða bréf móttekið hinn 7. nóv. '68 kl. 16.45. Tilfærð skuldaupphæð er ekki rétt og oftalin, ég mótmæli, að með skuldinni sé fyrirgert leigurétti, enda bréf þetta sent fyrirvaralaust.

Áskil mér fullan og óskoraðan rétt, að því er varðar leigu og aðstöðu í Leikhúskjallaranum, þrátt fyrir þetta bréf.

Ingi B. Árnælsson".

Kveðst þjóðleikhússtjóri hafa átt nokkur samtöl við gerðarþolana eftir riftingu leigumálans, hvorn í sínu lagi og báða saman. Kveðst hann hafa fallizt á það fyrir brýna beiðni þeirra að leyfa þeim að hafast við í húsplássinu með rekstur þeirra til áramótanna 1968—1969, og enn kveðst hann hafa framlengt brottfarartíma þeirra til 15. janúar þ. á. Hér er minnt á bréfaskriftir, sem lögmönnum aðilja hefur farið á milli um og eftir áramót, og hafa bréf þessi verið lögð fram í málinu. Í bréfi umboðsmanns gerðarbeiðanda, dagsettu 27. desember 1968, eru gerðarþolar minntir á rýmingarskyldu þeirra 15. janúar og þeim jafnframt boðað, að þegar eftir áramótin verði farið fram á talningu og mat, sbr. 9. gr. samnings. Í svarbréfi er rýmingarkröfu gerðarbeiðanda mótmælt, og jafnframt er fyrirætlun um matsgerð vísað á bug.

Útburðarkrafan byggist á vanskilum gerðarþolanna, svo sem að framan er lýst, enn fremur á skýlausu loforði þeirra um rýmingu húsnæðisins. Neitun þeirra um matsgerð, sbr. 9. gr. samnings, sjá hér að framan, sé stórlega vítaverð framkoma, þar eð með því séu þeir jafnframt beinlínis að hindra gerðarbeiðanda í að hafa eftirlit með húsnæðinu og notkun þess, sem þeim sé þó skylt. Sé þetta afar tilfinnanlegt fyrir Þjóðleikhúsið, þar um sé að ræða mikil verðmæti og eðlilegt sé að halda, að fjárhagur gerðarþolanna sé ekki svo mjög traustur, sbr. vanskil þeirra.

Þá er útburðarkrafan einnig byggð á því, að gerðarþolar hafi vanrækt þá samningsskyldu sína að reka sómasamlega veitingastarfsemi fyrir almenning og fyrir starfsfólk Þjóðleikhússins og skyldur sínar að halda eignum leikhússins, er þeir tóku við, í sæmilegu ástandi. Þá sé hreinlæti og umgengni ábótavant.

Gerðarbeiðandi hefur lagt fram nokkur gögn hér að lútandi. Lúta þau að slæmri hirðu og umgengni og vanrækslu á veitingaskyldum, vanrækt hafi verið í eitt sinn að hafa til reiðu veitingar fyrir leikhúsgesti, eitt vottorðið skýrir svo frá, að útihurð að veitingastaðnum hafi eitt sinn verið skilin eftir opin utan veitingatíma, og enn eitt vottorð segir, að gerðarþolar hafi eitt sinn beðizt undan því, að aðgöngumiðasalan sinnti kaffipöntunum leikhúsgesta. Húsvörðurinn Ögmundur Kristófersson segir í vottorði, að hann hafi hvað eftir annað orðið áskynja vondrar umgengni og hirðu á veitingasölum og öðru húsnæði, er gerðarþolar

hafa umráð yfir, og kveðst hann margsinnis hafa kvartað yfir því við þá. Vanrækt hafi verið viðhald á kæliklefum og nokkrum sinnum hafi borið við, að aðaldyr kjallarans hafi verið opnar næturlangt. Vottorðsgefendur þessir hafa allir mætt sem vitni og gengizt þar við vottorðum sínum. Enn liggur fyrir í málinu vottorð framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlitsins, rskj. 18, dagsett 3. janúar þ. á. Er þar fundið að hreinlæti og umgengni, sérstaklega í eldhúsi, geymslum og víðar, geymsla matvæla hafi verið slæm í kæliklefa, enda kælikerfi bilað. Þá er fundið að málningu, vinnuborðum og innréttingu í eldhúsi og setubekkjum í vínstúku.

Gerðarþolarnir mótmæla útburðarástæðum í hverri grein. Þeir mótmæla því, að þeir séu í vanskilum við gerðarbeiðanda. Fyrst og fremst vefengja þeir frásögn um rafmagnsskuldir og aðrar aukagreiðslur, sem þeim eru færðar til skuldar á reikningum gerðarbeiðanda, og varði slíkar skuldir raunar ekki útburði, þó að réttar væru. En þeir segja, að húsaleigukröfum hafi verið fullnægt. Rétt sé að sönnu, að fyrir hafi komið greiðsludráttur, en gerðarbeiðandi hafi sætt sig við það. Gerðarþolar segjast hafa átt tal við þjóðleikhússtjóra hinn 27. september 1968. Þar hafi samizt svo um, að leigusamningur yrði framlengdur um eitt ár frá 1. janúar 1968, en samkvæmt ákvæðum samnings skyldi mega slíta honum með 3ja mánaða uppsagnarfresti miðað við áramót. Þannig hafi þjóðleikhússtjóri haft í hendi sér að tilkynna þeim uppsögn á þessum fundi þeirra 27. september, ef hann þá hefði talið áframhald leigumála óæskilegt af Þjóðleikhússins hálfu. Þetta hafi hann ekki gert og hafi þó verið orðin nokkur skuld af þeirra hálfu, og mótmæla gerðarþolar því eindregið, að þeir hafi lofað að vera búnir að gera upp hinn 4. október. Segir Bjarni Bender, að þeir hafi lofað að greiða svo fljótt sem verða mætti á næstu mánuðum, en Ingi B. Árnason kveður þá hafa lofað að hafa greitt upp húsaleiguskuldir að fullu um áramótin 1968—69. Við þetta hafi verið staðið og síðan hafi leiga verið greidd með depositionum í banka. Samkomulag hafi hins vegar ekki orðið um ýmsar aukagreiðslur stafandi af veru þeirra í húsplássinu og engar umræður hafi orðið um leigutímalok, eins og áður segir, né síðan, og mótmæla gerðarþolar því eindregið, að þeir hafi lofað að rýma um áramót eða 15. janúar s.l.

Gerðarþolar vefengja riftingu þá, er fram kom við þá 6. nóvember í bréfi þjóðleikhússtjóra. Hafi gerðarbeiðandi alls ekki verið vanhaldinn þá, samanber það, sem að ofan segir. Þeir benda á það, að tekið hafi verið við leigu til áramóta án alls fyrirvara af

hálfu gerðarbeiðanda, og verði það ekki lagt út nema sem viðurkenning þess, að fallið hafi verið frá riftingunni 6. nóvember.

Gerðarþolar mótmæla því, að þeim hafi borið skylda til að tilnefna matsmann af sinni hálfu samkvæmt 9. gr. leigusamnings. Ekki sé gert ráð fyrir slíkri gerð, fyrr en húsnæðið verði rýmt. Þeir mótmæla því, að hreinlæti og umgengni sé ábótavant, og hafi verið bætt úr smávægilegum aðfinningum heilbrigðiseftirlitsins, en jafnframt sé þess að geta, að kælikerfi sé orðið úr sér gengið og gamalt og illviðráðanlegt að halda því í lagi.

Vottorðum nokkurra starfsmanna gerðarbeiðanda, sem á er drepið hér að framan, er mótmælt sem röngum og vilhöllum. Tekið er fram, að ef svo standi á, að mjög stór samkvæmi séu haldin í Leikhúskjallaranum, sé ekki hægt að sinna kaffipöntunum leikhúsgesta. Eitt skipti hafi svo borið við, að kaldar veitingar hafi ekki verið til reiðu í leikhléi, hafi birgðir þá verið uppseldar.

Gegn mótmælum gerðarþolanna er ekki sannað, að þeir hafi gefið loforð um rýmingu um s.l. áramót né hinn 15. janúar s.l. Verður útburður ekki byggður á því atriði. Aðfinningar þær um rekstur gerðarþola, sem fram hafa komið í málsútlistun gerðarbeiðanda, sbr. framlögð vottorð og framburði vitna, þykja heldur smávægilegar. Þá þykir hart í sakir farið að láta synjun gerðarþolanna á tilnefningu matsmanns, sbr. 9. gr. samnings, valda þeim svo miklum vítum, að útburði ættu að varða.

Gerðarbeiðandi hefur lagt fram yfirlitsreikning um viðskipti við Leikhúskjallarann frá og með áramótum 1967—1968. Þar er skuld gerðarþolanna talin kr. 56.086.17 pr. 1. janúar 1968. Þess ber að geta þegar í upphafi, að gerðarþolar hafa venfengt, að rétt sé farið með þær tölur, sem lúta að ýmiss konar aukakostnaði, sem þeim er talinn til skuldar, svo sem rafmagnskostnaði o. þ. h. Þeir hafa þó ekki sýnt fram á neinar ákveðnar skekkjur í því sambandi, en að sjálfsögðu er t. d. rafmagnskostnaður mjög verulegur fyrir húsnæði sem þetta, bæði til eldunar og ljósa o. fl. Það verður ekki annað fyrir hendi en að leggja til grundvallar tölur þær, sem gerðarbeiðandi hefur gefið upp í þessu efni.

Gerðarþolar hafa haldið því fram í málinu, að þær upphæðir, sem þeir kunni að skulda fyrir annað en áfallandi umsamda húsaleigu, geti ekki verið skuld, er varði útburði. Nú hefur ekki verið upplýst í málinu af þeirra hálfu, að þeir hafi látið þau fyrirmæli fylgja greiðslum, að þær skyldu ganga upp í ákveðna skuldaliði.

Verður ekki annað fyrir hendi en að telja gerðarbeiðanda hafa haft um það frjálst val, hvort hann í bókhaldi sínu léti þessar greiðslur ganga til kvittunar ákveðnum kröfuliðum eða hvort inn var fært sem almenn innborgun á hlaupandi viðskiptareikning. Þannig eru ekki atvik til að fara út í þetta atriði í úrskurði í máli þessu.

Það er komið fram í málinu, að þjóðleikhússtjóri hefur átt viðræður við gerðarþolana hinn 27. september 1968 um skuld þeirra, sem þá var kr. 132.321.91. Hefur þjóðleikhússtjóri borið fram í málinu, að hann hafi áður á árinu fundið að greiðsludrætti gerðarþolanna, en því er mótmælt af þeirra hálfu, og hefur þetta ekki verið sannað gegn þeim mótmælum. Aðiljum ber ekki saman um, hvað gerðist á fundi þessum. Hefur þjóðleikhússtjóri haldið því fram, að þeir gerðarþolarnir hafi lofað að hafa gert upp fyrir 4. október, en þeir mótmæla því að hafa gefið neitt loforð um það. Bjarni Bender hefur sagt, að þeir hafi lofað að greiða svo fljótt sem verða mætti á næstu mánuðum, en Ingi B. Ársælsson segir, að þeir hafi lofað að gera upp húsaleiguskuldina fyrir áramót 1968—69. Er ekkert um þetta upplýst, og verður að miða við það, að almennar reglur um vanskil komi hér til greina.

Í októbermánuði 1968 greiða gerðarþolar í peningum kr. 20.000.00 og leggja inn reikninga samtals að upphæð kr. 42.185.42. Á sama tíma fellur til húsaleiga fyrir október, kr. 45.000.00, og rafmagnskostnaður o. fl., samtals að auki kr. 54.723.55. Hinn 1. nóvember féll á nóvemberleigan, kr. 45.000.00, og riftar þjóðleikhússtjóri þá leigusamningi hinn 6. sama mánaðar. Sé aðeins litið á viðskipti aðilja frá 1. október til og með 1. nóvember, er niðurstaðan kr. 82.538.13 gerðarþolum í óhag. Verður að telja, að þjóðleikhússtjóri hafi samkvæmt almennum reglum verið í sínum fulla rétti að slíta samningum við gerðarþolana, þó að aðeins sé tekið tillit til áðurgreinds mánaðartíma, enda liggur ekki fyrir, að hann hafi gefið þeim neinn sérstakan frest til að standa í skilum, en aftur á móti fram komið, að skuld gerðarþolanna var sérstaklega til umræðu þá heldur nýlega. Þrátt fyrir þessa riftun er það fyrst 14. nóvember, að gerðarþolar greiða 90.000.00 krónur upp í skuldina og hinn 25. sama mánaðar kr. 65.000.00, svo og leggja þeir inn reikning að upphæð kr. 10.521.20 í þessum mánuði.

Þótt gerðarbeiðandi hafi tekið við greiðslum af hálfu gerðarþolanna upp í skuld þeirra allt til áramóta s.l., þá þykir ekki sanngjarnt að ætla, að hann hafi með því viljað falla frá rift-

ingu leigumálans eða að gerðarþolar hafi mátt ætla, að sú væri meining hans, enda höfðu þeir ekki nærri lokið því að greiða skuld sína um áramót.

Vegna þessara vanskila, sem að framan er lýst, þykir ekki verða hjá því komizt að taka kröfu um útburð til greina. Þó þykir rétt, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 13. maí 1969.

Nr. 7/1969. **Knud Andersen og Willum Andersen**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Guðmundi Guðlaugssyni
(Gunnar Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Skipstjóralaun. Sjóveðréttur. Ómerking ummæla.

Dómur Hæstaréttar.

Pétur Gautur Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Angantýr Elíasson og Páll Þorbjörnsson skipstjórar hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 13. janúar 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Krefjast þeir sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og hér fyrir dómi. Þá krefjast þeir þess, „að ummæli í dómsforsendum, „verður framkoma Knuds ... í því

ljósi með afbrigðum óhreinlynd", verði ómerkt og að héraðsdómarinn látinn sæta vítum" fyrir þau.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendum dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa þeir áfrýjandinn Willum Andersen og stefndi komið fyrir dóm og gefið skýrslur um málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins var stefndi ráðinn skipstjóri á skip áfrýjanda, Metu, VE 236, 22. október 1966, og var ráðningartíminn óákveðinn. Var stefndi síðan skipstjóri á skipinu fram í miðjan desember 1966. Hinn 15. eða 16. desember 1966 virðist stefndi hafa beðið áfrýjandann Knud Andersen um leyfi til þess að fara til Reykjavíkur og dveljast þar fram yfir hátíðar. Eigi er ljóst, hvernig orðaskipti hafa fallið með aðiljum í umrætt sinn, en ætla verður samkvæmt málflutningi, að svör áfrýjandans Knuds Andersens hafi verið slík, að stefndi hafi mátt treysta því, að leyfi þetta væri veitt. Fór stefndi síðan til Reykjavíkur, en kom aftur til Vestmannaeyja milli jóla og nýjárs. Tók stefndi eigi við skipstjórn hjá áfrýjendum eftir það, enda seldu þeir skipið um þessar mundir.

Samkvæmt ákvæðum 19. gr. kjarasamnings þess, sem aðiljar eru sammála um, að gilt hafi um skipti þeirra, er uppsagnarfrestur skipstjóra þrír mánuðir. Gegn andmælum stefnda er ósannað, að hann hafi sjálfur sagt lausum starfa sínum. Eigi eru heldur sannaðar þær ávirðingar stefnda, er hefðu heimilað áfrýjendum að víkja honum úr skiprúmi án fyrirvara. Þar sem stefnda var vikið úr skiprúmi án uppsagnar, á hann rétt á bótum vegna þessa úr hendi áfrýjenda. Samkvæmt þessu og þar sem kröfur stefnda hafa eigi sætt tölulegum andmælum, ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 12.000.00.

Rétt þykir að ómerkja og átelja greind ummæli.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Knud Andersen og Willum Andersen, greiði stefnda, Guðmundi Guðlaugssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 17. júlí 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., er höfðað hér fyrir dómi með utanréttarstefnu, útgefinni 6. marz 1967 og birtri næsta dag, af Guðmundi Guðlaugssyni skipstjóra, Heimagötu 11 hér í bæ, á hendur þeim Knud Andersen útgerðarmanni, Hásteinsvegi 27 hér í bæ, og Willum Andersen útgerðarmanni, Heiðarvegi 55 hér í bæ, til greiðslu skaðabóta (eigi er tekið fram berum orðum, að krafan sé um ábyrgð in solidum) að fjárhæð kr. 54.207.27 með 8% ársvöxtum frá 28. janúar 1967 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu svo og til viðurkenningar á sjóveðrétti í m/b Metu, VE 236, fyrir kröfunum.

Enn fremur er málið höfðað „til réttargæzlu" af sama aðilja með sömu stefnu á hendur þeim Jóni Ingólfssyni útgerðarmanni, Urðarvegi 15 hér í bæ, og Friðriki J. Garðarssyni útgerðarmanni, Urðarvegi 18 hér í bæ, báðum til að viðurkenna og þola sjóveðrétt í m/b Metu, VE 236, (eign þeirra) fyrir ofangreindum kröfum.

Af hálfu stefndu Knuds og Willums er krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda svo og að þeim verði tildæmdur ríflegur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Af hálfu hinna meðstefndu Jóns og Friðriks eru engar kröfur gerðar.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að um skeið árið 1966 hafi hann verið ráðinn skipstjóri á m/b Metu, VE 236, þá eign stefndu Knuds og Willums, og hafi hann verið ráðinn til óákveðins tíma. Rétt fyrir áramót 1966—1967 hafi skipið verið selt þeim meðstefndu Jóni Ingólfssyni og Friðriki J. Garðarssyni, þannig að stefnandi hafi misst stöðu sína fyrirvaralaust og án nokkurrar uppsagnar af hálfu hinna stefndu, og telur stefnandi aðalstefndu bera skýlausa fébótaábyrgð gagnvart sér vegna þessa

fyrirvaralausa starfsmissis. Hafi stefndu neitað bótum og málshöfðun því óhjákvæmileg.

Í greinargerð er ekki gerður greinarmunur á þeim stefndu Knud og Willum annars vegar og þeim Jóni og Friðriki hins vegar og allir jafnt stefndir nefndir, en greinarmun á kröfum er haldið, utan hvað þeir Jón og Friðrik eru ekki nefndir stefndir til réttargæzlu.

Nánara kveður stefnandi sig hafa verið skipstjóra á téðum báti haustið 1966 og hafi hann lögskráð á skipið 22. október þ. á. og hafi hann haft skipstjórn undir höndum fram undir jól umrætt ár, er hann hafi farið í jólafrí til Reykjavíkur með leyfi eigenda skipsins. Hafi ætlunin verið, að stefnandi yrði í fríi fram yfir nýjár, en hefði með höndum skipstjórn á komandi vetrarvertíð, enda hafi stefnandi „lagt drög að ráðningu skipshafnar af þeim sökum". Hafi stefnandi komið fyrr úr jólafríinu en ráðgert var, eða strax eftir jól, og þá skömmu síðar frétt, að þeir stefndu Knud og Willum hefðu skyndilega selt m/b Metu til meðstefndu Jóns og Friðriks, en stefnanda hafi verið með öllu ókunnugt um, að sala á skipinu stæði fyrir dyrum, enda stefndu Knud og Willum á engan hátt gefið slíkt til kynna.

Með þessu móti kveðst stefnandi skyndilega og fyrirvaralaust hafa verið sviptur stöðu sinni sem skipstjóri á Metu án nokkurrar uppsagnar af hálfu útgerðarmanna og án þess að vera vikið úr stöðunni með öðru móti og beri stefndu Knud og Willum skýlausa fébótaábyrgð vegna þess arna.

Skaðabótakröfur sínar kveður stefnandi reistar á skýlausum ákvæðum sjómannalaga og vertíðarsamningi milli L. Í. Ú. v/ „Útvegsm.fél. Vestmannaeyja" og Skipstjóra og stýrimannafélagsins Verðandi hér í bæ með síðari breytingum á þeim samningi.

Bótakröfurnar sundurliðar stefnandi þannig:

1) Kauptrygging skipstjóra í 3 mánuði, kr. 16.283.00 p. m. = 48.849.00.
2) Fast mánaðarkaup, kr. 604.00, kr. 1.812.00.
3) Orlof 7% af kr. 50.661.00 (þ. e. 44.849.00 + 1.812.00), kr. 3.546.27.

Samtals gera kröfur þessar höfuðstól stefnukrafnanna.

Kröfur þessar eru byggðar á umburðarbréfi F. F. S. Í. um kaupgjald yfirmanna á skipum frá 1. september 1966 og síðar.

Umrætt umburðarbréf svo og áðurgreindur samningur etc.

hafa verið lögð fram sem dómsskjöl í máli þessu (dskj. nr. 4 og 8).

Stefnandi kveður, að í því tilfelli, er hér um ræðir, hafi eiginleg frávikning eigi átt sér stað, en aftur á móti hafi salan á skipinu og afhending þess til nýrra eigenda haft í för með sér fyrirvaralausan stöðumissi fyrir stefnanda, sem að öllu leyti megi jafna til frávikningar án saka, hvað hann snerti.

Þá kveður stefnandi sér eigi hafa verið sagt upp, svo sem lög standi til, sbr. auk 2. gr. sjómannalaga 19. grein samnings L. Í. Ú. og F. F. S. Í.

Þá kveðst stefnandi ekki heldur hafa sagt upp stöðu sinni né vikið úr henni á annan hátt, þar eð hann hafði búizt við að gegna henni út „yfirstandandi" vetrarvertíð, svo sem ráð hafi verið fyrir gert.

Þá áskilur stefnandi sér rétt til frekari kröfugerðar síðar, verði tilefni til, þ. á m. til aflahlutar samkvæmt 8. gr. sjómannalaga. Þessi krafa hefur þó ekki komið fram.

Stefndu Jón og Friðrik hafa ekki séð ástæðu til að skila greinargerð, en í greinargerð aðalstefndu Knuds og Willums segir m. a. svo:

Stefnandi málsins hafi komið drukkinn til stefnda Knuds hinn 15. eða 16. desember 1966 og fengið leyfi þessa stefnda til þess að fara „suður" í þeim tilgangi að láta „renna af sér", en hafi jafnframt heitið því að koma allsgáður eftir jól og fara út á veiðar. Raunin hafi þó orðið önnur. Hafi stefnandi komið „jafndrukkinn og hann fór" og hafi því allar forsendur verið brostnar fyrir greindu leyfi. Stefnandi hafi sagt Knud, að hann færi ekki út í bátinn framar, og hafi ekki haft frekara fyrir því að tala við útgerðarmann m/b Metu. Hafi stefnandi ekki sagt löglega upp, en hlaupið af bátnum „án heimildar".

Þá segir í greinargerð, að gert hafi verið upp við stefnanda til þess tíma, er hann fór, og hafi stefnandi aldrei gert athugasemdir við uppgjörið.

Þá kveða stefndu Knud og Willum í greinargerð stefnanda ljóslega mjög hafa vanrækt starfa sinn, er hann hafi legið í drykkjuskap og ekki stundað veiðar, en útgerðin orðið að borga áhöfn kaup án þess að fá afla í staðinn.

Þá kveða þeir stefndu Andersen, en þeir eru bræður, að er þeir hafi séð, „hvert stefndi, eftir að stefnandi hafi sagt, að hann stigi aldrei út í bátinn framar, þá voru þeir tilneyddir til að selja bátinn, og var það ekki gert fyrr en 6. janúar 1967". Hafi

stefnandi haft nægan tíma til að taka orð sín um brottför aftur, hefði áhugi verið fyrir hendi.

Þá telja stefndu Knud og Willum, að stefnandi hafi ekki hagað sér alls kostar rétt, áður en téð atvik urðu. M. a. hafi hann, er hann fór með skipið í „sölutúr", átt að selja í Grimsby, en hafi í þess stað selt í Aberdeen að útgerðinni „fornspurðri", en vitað mál verið, að þar fengist minna verð fyrir aflann en í Grimsby. Þá kveða þeir stefnanda hafa verið sektaðan fyrir smygl, „og er það ekki til eftirbreytni", eins og segir í greinargerð.

Áskilja stefndu Knud og Willum sér rétt til að gagnstefna í málinu og krefja stefnanda málsins um skaðabætur fyrir „aflatjón vegna legu stefnanda í drykkjuskap" og bætur fyrir „greiðslu kaups til skipverja, þegar bátnum var ekki haldið til fiskjar af sömu ástæðum, en var bundinn við bryggju, þegar aðrir reru".

Stefndi Willum hefur eigi gefið aðiljaskýrslu í málinu, enda þess krafizt af hvorugum lögmanni aðilja, enda ekki nein líkindi til sjálfstæðs framburðar af hans hendi, er horfa mætti málinu til upplýsingar. Hins vegar hefur stefndi Knud, sem talinn var útgerðarstjóri, gefið aðiljaskýrslu, dags. 7. apríl 1967.

Staðfesti Knud skýrslu sína sem aðiljaskýrslu fyrir dómi hinn 13. s. m. án þess að hafa nokkuð frekara fram að færa en í skýrslunni stendur, en þar segir m. a. svo:

Að stefndi hafi skráð á Metu 22. október til ákveðins tíma, þ. e. til 31. desember 1966. Hafi hann siglt einn túr til Aberdeen með 19 tonn fiskjar og selt fyrir 1.906 sterlingspund og þar verið dæmdur í 12 punda sekt fyrir vindlingasmygl, en eytt 42 pundum meira en lög leyfa í eigin þágu, rekið síðan matsveininn af skipinu, er heim kom, og hafi matsveinn þessi þá staðið í 3 þúsund ísl. kr. skuld við útgerð skipsins. Síðan hafi stefndi stundað veiðar fram í desember, en komið til skýrslugjafans 15. eða 16. þ. m. og þá verið drukkinn og sagzt ætla að fara til Reykjavíkur til föður síns til að hætta drykkju. Hafi stefnandi spurt Knud, hvort hann „væri nokkuð vondur út af því". Hafi Knud kveðið nei við, en stefnandi lofað að koma strax aftur eftir jól og fara til veiða „milli hátíða". Hafi stefnandi og sagt Knud, að hann þyrfti ekki að óttast „að hann myndi ekki standa í stykkinu vegna drykkjuskapar". Síðan hafi stefnandi komið til stefnda Knuds 28. s. m. og verið þá „enn drukkinn" og spurt hann, hvort hann væri nokkuð „vondur út í sig". Hafi Knud þá kveðið svo vera, enda allt of langt gengið hjá stefnanda. Hafi stefnandi þá sagt Knud hafa vitað, að hann ætlaði „suður", en Knud kveðst

hafa játað því og einnig sagt, að stefnandi hefði lofað „að fara strax út eftir jól", en stefnandi ekki verið þesslegur þá stundina. Hafi nú stefnandi spurt, hvort hér væri um uppsögn að ræða, en Knud kveðið nei við því, en sér (þ. e. Knud) hins vegar „heimilt að láta hann vita, að ekki væri hægt að láta bjóða sér allt". Hafi stefnandi þá kveðizt taka þetta sem uppsögn, en Knud kveðið svo ekki vera. Hafi stefnandi síðan vitnað til forspár um viðskipti stefnanda og beggja aðalstefndu og sagzt ekki mundu stíga út í umrætt skip framar. Hafi hann síðan gengið að dyrum fram og þá endurtekið síðastgreinda yfirlýsingu.

Loks kvað stefndi Knud í skýrslu sinni vitað vera um báta, er stundað hafi veiðar á því tímabili, er stefnandi „hreyfði margtéð skip ekki úr höfn", hafa gert, flestir hverjir, „tvo túra" og sumir aflað ágætlega, eða fyrir 150–180 þús. krónur. Hálfsmánaðartrygging, „sem Meta varð að greiða þennan tíma", muni svo hafa numið um 35 til 40 þús. krónum.

Að síðustu kveður stefndi Knud stefnanda aldrei hafa talað við sig orð eftir marggreinda samræðu.

Í framangreindu réttarhaldi, er stefndi Knud gaf skýrslu sína, kvað hann aðspurður, að víst hefði ætlunin verið, að stefnandi yrði áfram skipstjóri, hefði skipið eigi verið selt.

„Aðspurður kveður stefndi eigi hafa verið búið að ræða sölu á skipinu, er samtalið 28/12 átti sér stað". Hér er upp tekin orðrétt setning úr skýrslutöku af stefnda Knud áðurgreindan dag, sbr. síðar, en stefndi Knud kvað umræður um sölu fyrst hafa komið til tals 29. eða 30. desember umrætt ár.

Aðspurður kvað Knud útgerðina aldrei hafa sagt stefnanda upp skipstjórn samkvæmt gildandi kjarasamningum svo og hafi útgerðin ekki tekið við skriflegri uppsögn stefnanda, enda kvað hann og aðspurður stefnanda ekki á annan hátt hafa verið vikið úr starfi.

Aðspurður í sama réttarhaldi neitaði stefnandi að hafa „rokið" af Metu „í fússi" og eigi róið milli jóla og nýárs, með því að sér hafi verið sagt, „að búið væri að selja bátinn og að aðrir menn væru ráðnir þar til starfa". Hafi þetta verið eftir samtalið við stefnda Knud 28. desember, en fregnin enn fremur verið síðar staðfest af stefnda Willum, enda réttmæti hennar komið á daginn. Þá kveðst stefnandi hafa farið að skipshlið einhvern tíma eftir umrædda atburði og þá séð þá meðstefndu Jón og Friðrik „við vinnu". Hafi stefnandi síðar ekki farið um borð í Metu, „nema til að sækja dót sitt nokkru síðar". Aðspurður kvað

stefnandi þó „engin orðaskipti“ hafa „átt sér stað í þessu tilefni“.

Hinn 30. maí s.l. gáfu þeir meðstefndu Jón og Friðrik aðiljaskýrslur fyrir dómi.

Þar aðspurður, hvort stefndi Jón mundi, hvenær fyrst hefði borið í tal, að hann og meðstefndi Friðrik keyptu m/b Metu af hinum stefndu Knud og Willum, kvaðst stefndi Jón muna það *„greinilega“*, „en það hafi verið fyrsta rúmhelgan dag eftir jól 1966, þ. e. 27. desember þ. á.“.

Ekki hafi kaupin þó verið endanlega ákveðin þann dag, en eigi mundi stefndi Jón, hvenær það hefði orðið.

Aðspurður kvað stefndi Jón þá félaga „að sjálfsögðu hafa farið niður á bryggju að skipinu, þegar eftir að salan kom til tals“, og eigi þvertók hann fyrir, að þeir hefðu farið um borð, en minnist þess eigi að hafa séð stefnanda þarna niður frá, en kvaðst hafa tekið við skipinu tilbúnu til veiða.

Í sama réttarhaldi gaf meðstefndi Friðrik skýrslu. Hné hún mjög til sömu áttar sem Jóns.

Þó kvað Friðrik *endanleg* kaup eigi ákveðin verið hafa fyrr en jafnvel eftir áramót.

Þá kvað stefndi þá félaga eigi hafa farið um borð til vinnu, fyrr en eftir að kaup voru gerð endanlega, en neitaði ekki, að þeir félagar hefðu farið niður að skipi, eftir að kaupin komu til tals.

Við munnlegan málflutning urðu að kröfu dómsformanns nokkrar reifanir um áburð þann um drykkjuskap stefnanda og aðra óeðlilega hegðan, er fram kemur í skjölum málsins.

Mótmælti umboðsmaður stefnanda með öllu staðhæfingum í þessar áttir sem órökstuddum og ósönnuðum fullyrðingum umfram það, er viðurkennt væri í dskj. nr. 7 varðandi tímabilið milli jóla og nýárs 1966. Sérdeilislega mótmælti lögmaðurinn því, að stefnandi hafi að eigin frumkvæði selt í Aberdeen í stað Grimsby á sínum tíma, enda hafi sú sala farið fram á umræddum stað að tilhlutan umboðsmanns m/b Metu í Grimsby vegna bilunar á siglingatækjum etc., og sérstaklega mótmælti hann sérhverjum áburði um óreglu af hálfu stefnanda, „meðan hann hafði á hendi skipstjórn á m/b Metu“.

Þá andmælti lögmaður stefnanda atriðum í málflutningi stefndu, er fólu í sér sem málsatriði niðurfall róðra, „eftir að stefnandi hafði verið sviptur skipstjórn“.

Lögmaður hinna stefndu lagði hins vegar höfuðáherzlu á

drykkjuskap og óeðlilega hegðan stefnanda „án þess þó að mótmæla skýringum lögmanns stefnanda í þá átt, bæði að því er varðar áburð um drykkjuskap stefnanda, meðan hann hafði skipstjórn á hendi, og skýringum á sölunni í Aberdeen".

Loks mótmælti lögmaður stefnanda við málflutning án endurmótmæla frá lögmanni hinna stefndu því sem málsatriði, að eigi hefði verið lögskráð á m/b Metu, VE 236, TFGQ, nema til ársloka 1966, enda sé samkvæmt formum og eyðublöðum gert ráð fyrir, enda föst venja hér í Eyjum, er m. a. byggist á lögum um lögskráningu etc., að skipshafnir séu skráðar til ársloka, en síðan endurskráðar.

Þá lagði lögmaður stefnanda höfuðáherzlu á, að útgerðarstjórinn, stefndi Knud, hefði gert ráðningarsamning við stefnanda um skipstjórn fyrir vetrarvertíðina 1967, enda verði og að telja, að skipstjóri sé aldrei „lögskráður", þar eð hann á hinn bóginn lögskrái skipshöfn með viðeigandi undirritunum.

Þessum síðustu staðhæfingum var heldur eigi mótmælt við flutning af hálfu lögmanns hinna stefndu.

Í málinu er hins vegar sammæli um, að stefnanda hafi eigi verið sagt upp í samræmi við ákvæði 19. gr. vertíðarsamnings L. Í. Ú. og F. F. S. Í., dskj. nr. 8 í málinu.

Varðandi varnir hinna stefndu, er byggja á 2. mgr. og 4. gr. og á 5. gr. sjómannalaga nr. 67/1963, er þess að gæta, að engar sönnur hafa verið færðar á, að stefnandi hafi sýnt af sér ódugnað, óráðvendni, stórkostlegar yfirsjónir né leynt sjúkdómi o. þ. h., meðan hann hafði skipstjórn á m/b Metu.

Telja verður fyrri ávirðingar stefnanda, svo sem sölu á röngum stað, eyðslu gjaldeyris, brottvikningu matsveins eða sektir fyrir meint smygl, fyrst og fremst ósannaðar að saknæmi fyrir stefnanda, en í annan stað málinu öldungis óviðkomandi.

Telja verður sem ósannaðar staðhæfingar í málinu, að stefnandi hafi hlaupizt á brott af skipinu „í fússi" eða þess háttar, að hann hafi legið í drykkjuskap, að hann hafi ekki stundað róðra vegna hins síðastnefnda, að hann hafi lofað að róa milli jóla og nýjárs (þ. e. áður en aðalvertíð hefst) svo og um aflatjón útgerðar m/b Metu vegna hugsanlegra róðra í síðari hluta desembermánaðar umrætt ár, enda er og síðastnefnt atriði ekki haft uppi sem grundvöllur skuldajafnaðarkröfu, sem eðlilegast væri, ef staðhæfing sú væri alvarlega meint.

Þá verður þess að geta, að öldungis ósannað er gegn neitun stefnanda, að hann hafi lýst því yfir, að hann mundi „ekki stíga

út í bátinn framar", og þá eigi síður staðhæfingin um, að salan hafi orðið vegna brottfarar stefnanda, sbr. síðar.

Í framhaldi af áðurröktum atvikum verður svo að telja eðlilegt hátterni af stefnanda hálfu, að hann fór eigi síðar um borð í margrætt skip, utan til þess að sækja pjönkur sínar.

Óumdeilt er í málinu, að stefnandi hefur leyfi útgerðarstjóra frá skipstjórn frá því eftir miðjan desember og fram yfir jól (enda þótt ósönnuð sé staðhæfing stefnanda um leyfi fram yfir nýjár).

Ómótmælt er, að stefnandi kemur hingað til Eyja hinn fyrsta rúmhelgan dag eftir jól 1966, þ. e. 27. desember.

Það er óvefengt, að stefnandi á tal við útgerðarstjóra, stefnda Knud, hinn 28. desember 1966.

Samkvæmt framburði stefnanda, sem studdur er viðurkenningum meðstefndu Jóns og Friðriks, verður að telja sannað, að undirbúningur að kaupum m/b Metu hafi hafizt hinn 27. desember, eða degi áður en margrætt tal þeirra stefnanda og Knuds átti sér stað, og verður framkoma Knuds samkvæmt eigin frásögnum í því ljósi með afbrigðum óhreinlynd, sbr. aðiljaskýrslu hans dsj. nr. 6.

Ljóst er, að annað hvort telst stefnanda hafa verið vikið úr stöðu sinni vegna eigin hegðunar og eigi hann því ekki rétt á kaupi nema samkvæmt áðurgerðu uppgjöri miðað við þann tíma, er skipstjórn lauk, ellegar að stefnanda hafi verið sagt upp stöðu sinni samkvæmt heimild 1. mgr. 3. gr. sjómannalaganna, sem útgerðarmanni stendur jafnan opin, hversu sem högun skipstjóra er háttað.

Ljóst þykir, að fyrri möguleikinn sé ekki fyrir hendi.

Telja verður, að með sölu skipsins (m/b Metu) hafi útgerðarmenn, stefndu Knud og Willum, raunverulega vikið stefnanda úr stöðu hans, þannig að jafngildi frávikningu samkvæmt 1. mgr. 3. gr. sjómannalaga, sem að vísu er jafnan útgerðarmanni heimil án tillits til aðstæðna.

Er svo stendur á, á skipstjóri, og gildir það um stefnanda í máli þessu, jafnan rétt á bótum fyrir allt tjón vegna frávikningarinnar samkvæmt 2. mgr. téðrar greinar.

Samkvæmt 3. mgr. skal, ef ekki er annað sannað um upphæð tjóns, ákveða bætur sem 3ja mánaða kaup etc.

Síðastgreinda kröfu á stefnandi án tvímæla á hendur stefndu Knud og Willum í máli þessu.

Kaupútreikningi stefnanda samkvæmt dskj. nr. 2 hefur hvergi

verið mótmælt af hinum stefndu, og verður hann því lagður til grundvallar sem skaðabætur óbreyttur.

Með vísan til ofangreindra raka er og öllum gagnkröfum stefndu á hendur stefnanda vísað á bug.

Að því er varðar vaxtakröfu stefnanda á hinn bóginn, verður eigi fallizt á vaxtahæð.

Þykir hæfilegt að reikna vexti 7% í stað 8% p. a., svo sem krafizt er.

Þá þykir einungis bera að tildæma vexti af höfuðstólsfjárhæðinni frá stefnubirtingardegi.

Samkvæmt 2. tl. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963 fylgja framangreindum kröfum auk málskostnaðar sjóveðréttur í m/b Metu, VE 236, TEGQ, þeim til tryggingar, og ber stefndu Jóni og Friðriki að þola dóm í þá átt.

Eftir atvikum málsins ber að dæma stefndu Knud og Willum til greiðslu málskostnaðar in solidum til stefnanda, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 12.500.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu Knud Andersen og Willum Andersen greiði in solidum stefnanda, Guðmundi Guðlaugssyni, kr. 54.207.27 með 7% vöxtum p. a. frá 7. marz 1967 til greiðsludags og kr. 12.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Sjóveðréttur í m/b Metu, VE 236, EFGQ, eign stefndu Jóns Ingólfssonar og Friðriks J. Garðarssonar, til tryggingar öllum framangreindum dæmdum kröfum viðurkennist.

Þriðjudaginn 13. maí 1969.

Nr. 16/1969. **Matthías Andrésson**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Emilíu Guðlaugsdóttur
(Guðjón Steingrímsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Bifreiðar. Kaup og sala. Skaðabætur. Veðskuldabréf. Tómlæti. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. janúar 1969. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hennar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Veðskuldabréf það, sem mál þetta fjallar um, var gefið út hinn 7. maí 1962 til handhafa. Fjárhæð þess, kr. 60.000.00, skyldi greidd á tíu árum með jöfnum árlegum afborgunum. Gjalddagar voru 7. maí ár hvert, í fyrsta sinn 7. maí 1963. Var skuldin tryggð með fasteignaveði. Samkvæmt gögnum málsins verður talið, að í kaupum aðilja hafi veðskuldabréfið verið tekið sem fullnaðargreiðsla á hluta andvirðis hinnar seldu bifreiðar. Ef stefndi vildi síðar bera fyrir sig, að þessari greiðslu væri áfátt, bar henni að skýra áfrýjanda frá því án ástæðulauss dráttar, og því heldur, þar sem verðmæti veðsins hafði borið á góma við kaupin. Þau voru gerð hinn 21. júlí 1962, en af hálfu stefnda kom umkvörtun eigi fram fyrr en 14. október 1963. Var því krafa, sem stefndi kynni að eiga á hendur áfrýjanda, fallin niður fyrir tómlæti hennar, enda voru svik ekki höfð í frammi.

Héraðsdómsstefna var birt 23. janúar 1968. Krafan var því

einnig fallin niður fyrir fyrningu, sbr. 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905.

Áfrýjanda verður því dæmd sýkna af kröfum stefnda.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Matthías Andrésson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Emilíu Guðlaugsdóttur.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 30. október 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 18. þ. m., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 22. janúar s.l. af Emilíu Guðlaugsdóttur, Safamýri 39, Reykjavík, gegn Matthíasi Andréssyni, Þinghólsbraut 78 í Kópavogi, til greiðslu eftirstöðva kaupverðs bifreiðar að upphæð kr. 68.300.00 auk 7% ársvaxta frá 7. maí 1962 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda eru þær *aðallega*, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér verði tildæmdur málskostnaður úr hendi hennar, en *til vara*, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar, vextir felldir niður, svo og málskostnaður.

Samkvæmt gögnum málsins eru málavextir þessir:

Með afsali, dags. 21. júlí 1962, seldi stefnandi stefnda fólksbifreiðina R 10985, Mercedes Benz 180, árgerð 1956. Í afsalsbréfi þessu segir svo m. a.:

„Bifreiðin afsalast í núverandi ástandi, sem kaupandi þekkir og sættir sig við að öllu leyti.

Umsamið kaupverð er kr. 150.000.00 — eitt hundrað og fimmtíu þúsund krónur — sem kaupandi greiðir þannig:

A) Í peningum ..... kr. 50.000.00
B) Með skuldabréfi, sem tryggt er með veði í fasteign ..... — 60.000.00
C) Fyrir eftirstöðvum samþykkir kaupandi víxla 16 að tölu, hvern að fjárhæð kr. 2.500.00, sem greið-

ast skulu mánaðarlega, í fyrsta sinn 5. september 1962, samtals að fjárhæð .. .. kr. 40.000.00

Kr. 150.000.00"

Alla samningsgerð af hálfu stefnanda í sambandi við kaup þessi annaðist Ari Guðmundsson bankastarfsmaður í umboði hennar. Hafði komizt á samband milli stefnda og Ara fyrir tilstilli bílasala í Reykjavík og Stefáns Gíslasonar, flugmanns Loftleiða h/f, en bifreiðin var geymd í einu flugskýla félagsins á Reykjavíkurflugvelli. Stefndi, sem hafði verið búsettur í Reykjavík, var að flytjast búferlum norður í land, en hann hafði verið ráðinn framkvæmdastjóri bílaverkstæðis á Akureyri. Þar sem hann varð að hafa heimili sitt á Möðruvöllum í Hörgárdal og sækja vinnu á Akureyri, hafði hann mikinn áhuga á að fá sér sparneytinn bíl, en bifreið stefnanda, R 10985, var með dieselvél. Stefndi átti bifreið með benzínvél, sem hann ætlaði sér að selja, svo að sér yrði kleift að kaupa aðra bifreið. Fór svo, að stefndi seldi bifreið sína manni nokkrum í Reykjavík, Sigurjóni Hallgrímssyni að nafni, fyrir veðskuldabréf að upphæð kr. 60.000.00. Veðskuldabréf þetta var útgefið 7. maí 1962 af Sturlaugi Friðrikssyni, Grettisgötu 46 í Reykjavík. Var bréfið til 10 ára og fyrsti gjalddagi 7. maí 1963, og bar bréfið 7% ársvexti og tryggt með 3. veðrétti í „Sigurðarhúsi" á Stokkseyri á eftir samtals kr. 88.000.00 á 1. og 2. veðrétti.

Stefndi kveður bróður Sigurjóns, Jónas Hallgrímsson, hafa annazt um kaupin og hafi hann tjáð sér, að allt væri í lagi með bréfið, þar sem tiltölulega lítið hvíldi á undan því og væri þinglýsing þess annmarkalaus samkvæmt upplýsingum sýsluskrifstofunnar á Selfossi. Hins vegar kveðst stefndi sjálfur engar sérstakar athuganir hafa gert viðvíkjandi bréfinu og hafði alls enga vitneskju um, hvers konar hús þetta svonefnda „Sigurðarhús" var eða hvaða maður útgefandi bréfsins var.

Veðskuldabréf þetta bauð stefndi síðan fram sem greiðslu á hluta kaupverðs bifreiðar stefnanda, og varð það síðan að samkomulagi. Ari Guðmundsson hefur borið, að hann hafi spurt stefnda, hvort bréf þetta væri öruggt og vel tryggt, og kveður hann stefnda hafa svarað því til, að það væri veðtryggt í íbúðarhúsi á Stokkseyri og væri alveg öruggt. Þessu hefur stefndi mótmælt, en kveðst hafa viðhaft nákvæmlega sömu ummæli um bréfið og Jónas Hallgrímsson við sig.

Þegar gengið hafi verið frá bílakaupunum, eins og greinir í afsalinu frá 21. júlí 1962, fékk stefndi bifreiðina afhenta og fluttist fljótlega búferlum norður í land.

Ari Guðmundsson, umboðsmaður stefnanda, kom veðskuldabréfinu til innheimtu í útibúi Landsbankans á Selfossi. Þegar bréfið féll í gjalddaga í fyrsta sinn, stóð útgefandi þess eigi í skilum með afborgunina, og var þá bréfið sent til lögfræðingadeildar Landsbankans í Reykjavík til frekari innheimtuaðgerða. Leiddi þetta til þess, að veðið, hið svonefnda „Sigurðarhús" á Stokkseyri, var selt á opinberu nauðungaruppboði hinn 2. marz 1965 fyrir kr. 10.000.00, og krafðist 1. veðréttarhafi útlagningar sem ófullnægður veðhafi.

Þar sem veðtrygging skuldabréfsins var eigi lengur fyrir hendi, höfðaði nú stefnandi mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn útgefanda, Sturlaugi Friðrikssyni, og með dómi, uppkveðnum 5. júlí 1965, var Sturlaugur dæmdur til að greiða höfuðstól bréfsins, kr. 60.000.00, með 7% ársvöxtum frá 7. maí 1962 til greiðsludags og kr. 8.300.00 í málskostnað.

Stefnandi kveður, að eigi hafi reynzt mögulegt að innheimta dómskuldina hjá Sturlaugi Friðrikssyni, þar sem hann sé eignalaus og allsendis ógjaldfær, og því hafi hann eigi átt annarra kosta völ en snúa sér að stefnda, heimildarmanni sínum að veðskuldabréfinu og kaupanda bifreiðarinnar.

Stefnandi rökstyður dómkröfur sínar með því, að tekið hafi verið við veðskuldabréfinu fyrir sína hönd í þeirri góðu trú, að það væri ágætlega veðtryggt. Þessi góða trú af sinni hálfu hafi verið byggð á yfirlýsingum stefnda sjálfs þar að lútandi.

Umboðsmaður sinn við kaupin hafi beint því til lögmannsins, sem annaðist gerð afsalsins, hvort eigi væri ástæða til að taka baktryggingu í hinum selda bíl, en eigi hafi verið talin ástæða til þess, þegar stefndi ítrekað lýsti því yfir, að bréfið væri alveg öruggt. Samkvæmt því, sem síðar hafi komið í ljós með veðskuldabréfið, sé einsýnt, að hann hafi verið beittur svikum við kaupin. Þótt ef til vill verði eigi talið, að stefndi hafi framið þessi svik sín með fullkomnum ásetningi, sé hins vegar algerlega ljóst, að hann gerði það af vítaverðu gáleysi, þegar hann ítrekað við kaupin fullyrti, að bréfið væri ágætlega veðtryggt og öruggt. Leiði því af 30. gr. laga nr. 7/1936, að ógilda beri þessa greiðslu og dæma stefnda til að greiða stefnukröfurnar.

Í annan stað rökstyður stefnandi dómkröfur sínar með því, að þar sem greint veðskuldabréf, sem stefndi afhenti sem hluta

greiðslu, hafi reynzt gersamlega ónýtt og einskis virði, þá sé andvirði bifreiðarinnar enn ógreitt, sem nemi fjárhæð þess. Við það bætist að sjálfsögðu tildæmdur málskostnaður í málinu gegn útgefanda. Hér sé alls eigi um að ræða kaup og sölu veðskuldabréfs, heldur kaup og sölu bifreiðar, þar sem kaupandi afhendi seljanda veðskuldabréf sem hluta greiðslu. Greint veðskuldabréf hafi alls eigi verið tekið sem fullnaðargreiðsla á þeim hluta kaupverðsins, sem upphæð þess sagði til um, heldur hafi við því verið tekið af stefnanda hálfu á þeim forsendum og í þeirri trú, að það fengist greitt hjá útgefanda þess eftir ákvæðum bréfsins, eða a. m. k. með aðför að veðinu. Þegar það nú liggi ljóst fyrir, að aðför að veðinu og útgefanda bréfsins hafi reynzt árangurslaus, þá uppvekist skuldasamband milli sín og stefnda út af kaupum hans á bifreiðinni.

Stefndi rökstyður aðalkröfu sína með því að vísa til þess, að viðskipti þau, sem mál þetta sé risið af, hafi átt sér stað fyrir u. þ. b. sex árum, hinn 21. júlí 1962, og því séu allar kröfur stefnanda vegna þessara viðskipta fallnar niður fyrir fyrningu, sbr. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

Þá kveður stefndi, að aðrar málsástæður styðji einnig sýknukröfu sína og þá helzt sú, að bifreiðin, sem stefnandi seldi sér, hafi verið stórlega gölluð. Hafi verið um leynda galla að ræða, sem fram komu strax um haustið 1962, og hafi þetta valdið sér fjárhagslegu tjóni, sem fyllilega samsvari kröfum stefnanda. Stefndi heldur því fram, að Ari Guðmundsson, umboðsmaður stefnda, hafi lýst bifreiðinni þannig við kaupin, að hún væri nýinnflutt og nýyfirfarin hjá þekktu fyrirtæki í Þýzkalandi, og væri þetta sérstaklega góður bíll og alveg í sérflokki. Kílómetramælirinn sýndi 76.000 og hafi Ari talið, að bíllinn væri aðeins á fyrstu 100 þúsund kílómetrunum, eins og sagt er. Hafi sér litizt vel á bílinn samkvæmt þessum upplýsingum, því að alkunna væri, að vélar í bílum af þessari gerð ættu að duga allt upp í 400 þúsund kílómetra akstur, áður en til þess komi, að taka þurfi þær upp. Það hafi aftur á móti komið í ljós strax um haustið, að stórfelld svik höfðu verið höfð í frammi við viðgerð á vél bílsins og lýsingu ástands hennar, því að vélin reyndist algerlega útkeyrð. Viðgerðarkostnaður hennar nam milli 30 og 40 þúsund krónum, og þar við bættist kostnaður vegna afnotamissis í margar vikur.

Viku eftir kaupin kveður stefndi, að í ljós hafi komið, að

hjólbarðar bílsins, sem sagðir voru nýsólaðir, voru ónýtir. Þá hafi það einnig sýnt sig, eftir að kaupin voru útkljáð, að ógreiddir skattar hvíldu á bílnum, en við söluna hafi verið gengið út frá, að hann væri kvaða- og veðbandalaus. Stefndi kveðst hafa orðið að greiða þessi áhvílandi gjöld og eigi hafa fengið þau endurgreidd þrátt fyrir gefin loforð um það frá umboðsmanni stefnanda.

Stefndi mótmælir því alfarið að hafa fullyrt við kaupin, að veðskuldabréfið, sem hann bauð fram sem hluta greiðslu, væri fullkomlega veðtryggt og öruggt, heldur kveðst hann hafa lýst bréfinu nákvæmlega eins og heimildarmaður sinn lýsti því við sig. Hafi hann alls engum svikum beitt í þessu sambandi.

Stefndi rökstyður varakröfu sína á eftirfarandi hátt: Verð bílsins hafi verið ákveðið kr. 150.000.00 með tilliti til affalla af veðskuldabréfinu. Hafi verð sams konar bíla verið þá kr. 120 til 125 þúsund. Samkvæmt því hafi afföll bréfsins verið kr. 25 til 30 þúsund. Þá komi það einnig til, að stefnandi hafi alls ekkert tjón beðið vegna þessara viðskipta, þar sem bíllinn hafi eigi kostað stefnanda nema u. þ. b. kr. 60.000.00 kominn hingað til lands og tollafgreiddur. Þvert á móti sé það svo, að stefnandi hagnist í reynd, þótt greiðslan samkvæmt veðskuldabréfinu sé ekki reiknuð með.

Stefndi kveður enn fremur, að stefnandi hafi eigi alls kostar borið sig rétt að við innheimtu bréfsins og hafi þetta ef til vill leitt til þess, að bréfið fór í vanskil. Bendi gögn málsins m. a. til þess, að veðskuldabréfið hafi verið sett í innheimtu hjá útibúi Landsbankans á Selfossi eftir fyrsta gjalddaga þess. Einnig liggi ekkert fyrir um það, að útgefandi bréfsins sé raunverulega ógjaldfær, þótt einhvern tíma fyrir þremur árum hafi verið gert árangurslaust fjárnám hjá honum.

Stefnandi mótmælir sýknukröfu stefnda byggðri á fyrningu og heldur því fram, að fyrningarfrestur kröfu sinnar hafi fyrst byrjað að líða um haustið 1965, er fullljóst var orðið, að eigi reyndist unnt að fá greiðslu samkvæmt veðskuldabréfinu hjá útgefanda þess.

Þá mótmælir stefnandi því alfarið, að hin selda bifreið hafi verið með göllum þeim, sem stefndi heldur fram, og vísar á bug öllum ásökunum hans um svik af sinni hálfu við kaupin. Hann telur jafnframt, að hefði stefndi átt einhverjar kröfur á sig út af þessu atriði, væru þær allar niður fallnar fyrir tómlæti hans

sjálfs, þar sem hann fyrst nú undir rekstri máls þessa komi fram með kröfur í þessa átt.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið um viðskipti þau, sem mál þetta er risið af, verður að telja, að ósannað sé, að þeir aðiljarnir hvor um sig hafi beitt hinn svikum við kaupin. Verður því niðurstaða í máli þessu eigi byggð á ákvæðum laga nr. 7/1936 að þessu lútandi.

Telja verður, að ekkert sé fram komið í málinu, sem sýni fram á eða sanni, að stefnandi hafi á sínum tíma undirgengizt að taka við nefndu veðskuldabréfi sem fullnaðargreiðslu á þeim hluta kaupverðs bifreiðarinnar, sem það hljóðaði upp á. Það er álit dómarans, að með viðtöku veðskuldabréfsins hafi stefnandi skuldbundið sig til þess að leita eftir greiðslu á þessum hluta bílverðsins samkvæmt ákvæðum bréfsins, en á þeirri forsendu, að það væri tryggt og innheimtanlegt hjá skuldaranum. Álíta verður, að hann hafi gegnt þessari skyldu sinni á viðunandi hátt eftir atvikum, og þar sem þessi viðleitni hans til innheimtu veðskuldabréfsins varð árangurslaus með öllu, ber að telja, að þá hafi endurvakizt krafa stefnanda á hendur stefnda um greiðslu þessa hluta bílverðsins.

Eftir því sem upplýst er í málinu, lauk innheimtuaðgerðum stefnanda vegna veðskuldabréfsins seint á árinu 1965. Samkvæmt því, sem áður er sagt, varð þá krafa stefnanda um fullnaðargreiðslu bílverðsins gildandi á ný og gjaldkræf gagnvart stefnda.

Í samræmi við ofanritað og með hliðsjón af ákvæðum 5. gr. laga nr. 14/1905 verður talið, að fyrningarfrestur kröfu stefnanda hafi fyrst byrjað að líða, er hún varð gildandi á ný og gjaldkræf hjá stefnda. Sama máli verður og talið, að gegni um áfallna vexti frá og með söludegi bifreiðarinnar hinn 21. júlí 1962. Verður því kröfu stefnda um sýknu vegna fyrningar hafnað.

Eins og fram er komið, styður stefndi enn fremur sýknukröfu sína með því, að fram hafi komið mjög verulegir leyndir gallar í hinni seldu bifreið. Upplýst er, að stefndi hefur fyrst nú undir rekstri málsins haft uppi formlegar kröfur í þessa átt. Verður því, sbr. 54. gr. laga nr. 39/1922, að telja, að allar þær kröfur, sem stefndi kynni að hafa átt á hendur stefnanda af þessu tilefni, séu löngu niður fallnar.

Eigi þykja efni til að taka til greina varakröfu stefnda um stórfellda lækkun á kröfum stefnanda. Ósannað er í málinu, að við ákvörðun söluverðs bílsins hafi verið höfð hliðsjón af afföllum

af veðskuldabréfinu. Þessu hefur verið mótmælt af hálfu stefnanda, og umboðsmaður hans við kaupin hefur borið, að í upphafi hafi verið sett upp hærra verð en síðar samdist um. Þá ber að líta til þess, að liðnir eru u. þ. b. ⅔ hlutar þess tíma, sem höfuðstóll veðskuldabréfsins átti að greiðast á, án þess að stefnandi hafi fengið nokkra greiðslu.

Rétt þykir að fella á stefnanda greiðsluskyldu vegna kostnaðar þess, sem stefnandi hafði af tilraunum sínum til innheimtu veðskuldabréfsins með höfðun máls á hendur útgefanda þess, en eins og áður er rakið, nam hann kr. 8.300.00. Stefnandi lýsti því yfir við munnlegan flutning málsins, að hann mundi framselja stefnda bæjarþingsdóminn á hendur Sturlaugi Friðrikssyni.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 68.300.00 með 7% ársvöxtum af kr. 60.000.00 frá 21. júlí 1962 til 5. júlí 1965, en af kr. 68.300.00 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 13.000.00 í málskostnað.

Ólafur St. Sigurðsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Matthías Andrésson, greiði stefnanda, Emilíu Guðlaugsdóttur, kr. 68.300.00 með 7% ársvöxtum frá 21. júlí 1962 til 5. júlí 1965, en af kr. 68.300.00 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 13.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 16. maí 1969.

Nr. 5/1969. **Göltur h/f**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Lilju Ólafsdóttur vegna sjálfar sín og fyrir hönd ófjárráða barna sinna, Lovísu, Ernu, Guðmundar Hafþórs og Kristjáns Ibsens, og gagnsök.
(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Dánarbætur. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. janúar 1969. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hennar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 7. febrúar 1969. Hún hafði gjafsóknarleyfi í héraði og hefur verið veitt gjafsóknarleyfi hér fyrir dómi. Gerir hún þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða bætur, samtals að fjárhæð kr. 1.444.792.00, ásamt 8% ársvöxtum frá 2. nóvember 1963 til 1. janúar 1965 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Eru þessar bætur til hennar sjálfrar og barnanna sundurliðaðar í kröfugerð fyrir héraðsdómi. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál. Loks krefst hún sjóveðréttar í m/s Stefni, IS 150, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi. Eins og þar er rakið, benda gögn málsins til þess, að eldsupptökin megi rekja til þess, að of mikil olía hafi runnið í eldhólf eldavélarinnar. Að áliti hinna sérfróðu meðdómenda í héraðsdómi gátu ástæður til þess hafa verið bilun í olíustillitækinu, sem tengt var við eldavélina, eða að handstillir hefur verið

of hátt stilltur. Gert var við eldavélina eftir brunann, og mun blöndungurinn hafa verið notaður eitthvað áfram, en síðar var eldavél með miðstöðvarkerfi sett í skipið. Eigi er vitað um afdrif hinna eldri tækja. Þau voru ekki rannsökuð af fagmönnum, en með slíkri skoðun á vettvangi strax eftir slysið hefði líklega mátt ganga úr skugga um það, hvort olíurennslið í eldhólfið hafi verið of mikið, og þá einnig, hver var orsök þess.

Samkvæmt skýrslu skipverjans Guðmundar Elí Guðmundssonar, sem fór frá borði, um tveim klukkustundum áður en eldsins varð vart, var í hásetaklefanum „hiti mikill og sótti værð að mönnum". Tveir skipverja „lágu á gólfinu, en Kristján Ibsen sat á bekknum og lá fram á borðið". Þegar að var komið eftir brunann, fannst lík Kristjáns Ibsens skipstjóra alklætt á gólfinu í hásetaklefanum. Hann og Eiríkur Sigurðsson háseti höfðu sofið þar einir um borð um nóttina. Virðist Eiríkur hafa farið að sofa á undan skipstjóra. Eins og áður er sagt, kunna eldsupptökin að hafa orðið vegna of mikillar olíugjafar, en skipstjóra bar að gæta þess, áður en lagzt var til svefns frá opnum eldi, að handstillirinn væri ekki of hátt stilltur.

Samkvæmt framansögðu er óvíst um orsakir brunans. Ekki var lögboðið að koma fyrir á eldavélinni bræðiloka þeim, sem fjallað er um í héraðsdómi, en það var eðlileg öryggisráðstöfun og kynni að hafa komið að haldi. Að svo vöxnu máli þykir rétt, að aðaláfrýjandi, sem átti að hlutast til um rannsókn sérkunnáttumanna á tækjum strax eftir slysið og gæta þess, að þau færu ekki forgörðum, bæti gagnáfrýjanda tjónið að hálfu.

Bjarni Þórðarson tryggingafræðingur hefur samið tjónútreikning, þar sem tekið er tillit til breytinga á kauplagi, greiðslum almannatrygginga og vöxtum, sem orðið hafa, síðan tjónútreikningur Guðjóns Hansens var saminn. Þessi nýi tjónútreikningur er dagsettur 1. þ. m. Segir þar m. a.:

„Ég hefi umreiknað vinnutekjur Kristjáns árin 1961—1963 til kauplags á slysdegi og síðan, annarsvegar með hliðsjón af breytingum á fiskverði á vetrarvertíð og hins vegar með

hliðsjón af breytingum á kjörum togarasjómanna. ...

Árlegur barnalífeyrir almannatrygginga nemur nú kr. 18.876.00. Sé reiknað með, að bætur til hvers barns nemi á hverjum tíma sömu upphæð og barnalífeyrir almannatrygginga, reiknast mér verðmæti bótanna á slysdegi nema:

Vegna Lovísu ..... kr. 34.646.00
— Ernu ..... — 46.381.00
— Guðmundar Hafþórs — 108.980.00
— Kristjáns ..... — 144.304.00

... Verðmæti framfærslueyris til Lilju Ólafsdóttur, sem fundinn er á sama hátt og í útreikningi Guðjóns, reiknast mér nema á slysdegi:

Miðað við umr. eftir breyt. á fiskverði ..... kr. 860.112.00
Miðað við umr. eftir breyt. á kjörum tog.sjóm. — 968.225.00

... Verðmæti mæðralauna og ekkjulífeyris reiknast mér nema á slysdegi kr. 233.280.00.

Við útreikningana eru notaðir 7% vextir p. a., dánarlíkur íslenzkra karla og kvenna samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku samkvæmt sænskri reynslu".

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykja bætur til gagnáfrýjanda sjálfrar fyrir missi fyrirvinnu og vegna röskunar á stöðu og högum hæfilega ákveðnar í heild kr. 225.000.00, og hafa þá verið virtar til frádráttar dánarbætur, kr. 106.517.00, sem hún fékk greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins, og verðmæti mæðralauna og ekkjulífeyris, kr. 233.280.00. Heildarbætur til ófjárráða barna gagnáfrýjanda þykja hæfilega ákveðnar:

Til Lovísu Ibsens ..... kr. 23.000.00
— Ernu Ibsens ..... — 25.000.00
— Guðmundar Hafþórs Ibsens .. — 37.000.00
— Kristjáns Ibsens ..... — 50.000.00

Eftir þessum úrslitum ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um kröfu gagnáfrýjanda samkvæmt 8. gr. kjarasamnings frá 14. júní 1963.

Samkvæmt þessu verður aðaláfrýjanda dæmt að greiða gagnáfrýjanda samtals kr. 360.000.00 (225.000.00 + 23.000.00 + 25.000.00 + 37.000.00 + 50.000.00).

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um vaxtafót og upphafstíma vaxta.

Þá ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda sjálfri og fyrir hönd greindra barna hennar málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 120.735.00, og hljóti af fjárhæð þessari skipaður talsmaður þeirra í héraði og fyrir Hæstarétti, Árni Grétar Finnsson hæstaréttarlögmaður, kr. 110.000.00.

Samkvæmt 4. tl. 216. gr. laga nr. 66/1963 á gagnáfrýjandi sjóveðrétt í m/s Stefni, IS 150, fyrir framangreindum fjárhæðum.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Göltur h/f, greiði gagnáfrýjanda, Lilju Ólafsdóttur, sjálfri kr. 225.000.00 og f. h. Lovísu Ibsens kr. 23.000.00, f. h. Ernu Ibsens kr. 25.000.00, f. h. Guðmundar Hafþórs Ibsens kr. 37.000.00 og f. h. Kristjáns Ibsens kr. 50.000.00 ásamt vöxtum af hverri fjárhæð, sem reiknast 7% ársvextir frá 2. nóvember 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvextir frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda sjálfri og fyrir hönd greindra barna hennar málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 120.735.00, og hljóti af fjárhæð þessari skipaður talsmaður þeirra í héraði og fyrir Hæstarétti, Árni Grétar Finnsson hæstaréttarlögmaður, kr. 110.000.00.

Gagnáfrýjandi á sjóveðrétt í m/s Stefni, IS 150, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. nóvember 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 24. f. m., hefur Lilja Ólafsdóttir, Hjallavegi 5, Suðureyri við Súgandafjörð, höfðað fyrir sína hönd og ófjárráða barna sinna, Lovísu, Ernu, Guðmundar og Kristjáns, fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 1. nóvember 1965, gegn Gelti h/f, Suðureyri við Súgandafjörð, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1.244.792.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 2. nóvember 1963 til 1. janúar 1965, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Í þinghaldi 24. október 1968 hækkaði stefnandi kröfur sínar um kr. 200.000.00, eða í kr. 1.444.792.00, og samþykkti lögmaður stefnda, að sú hækkun fengi að komast að án framhaldsstefnu. Er þetta aðalkrafa. Til vara krefst stefnandi skaðabóta að fjárhæð kr. 1.325.187.00 og til þrautavara, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 200.000.00. Þá krefst stefnandi viðurkenningar á sjóveðrétti í m/s Stefni, ÍS 150, til tryggingar dæmdum fjárhæðum. Enn fremur að stefnda verði dæmt að greiða málskostnað að skaðlausu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðneytisins, dagsettu 1. október 1965, hefur stefnanda verið veitt gjafsókn í máli þessu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði dæmt að greiða honum málskostnað.

Stefnandi hefur stefnt Tryggingamiðstöðinni h/f til að gæta réttar síns í málinu, en engar kröfur gert á hendur réttargæzlustefnda, og réttargæzlustefndi hefur engar kröfur gert.

Málavextir eru þeir, að um miðnætti aðfaranótt 2. nóvember 1963 kom Kristján Ibsen, skipstjóri á m/s Stefni, ÍS 150, sem er eign stefnda Galtar, á nefndu skipi til Suðureyrar við Súgandafjörð frá Ísafirði. Hann mun hafa ætlað að róa til fiskjar síðar um nóttina eða snemma næsta morgun. Lagðist hann til svefns í hásetaklefa ásamt hásetanum Eiríki Sigurðssyni. Um nóttina varð eldur laus í hásetaklefanum. Bjargaðist hásetinn Eiríkur Sigurðsson úr brunanum, en skipstjórinn, Kristján Ibsen, eiginmaður Lilju Ólafsdóttur og faðir áðurgreindra barna hennar, andaðist af afleiðingum þessa eldsvoða. Hefur ekkjan, Lilja Ólafsdóttir, persónulega og fyrir hönd áðurgreindra barna sinna höfðað skaðabótamál á hendur eiganda skipsins, Gelti h/f, til greiðslu bóta vegna þess tjóns, sem hún telur, að þau hafi orðið fyrir vegna andláts eiginmanns hennar.

Sjópróf fóru fram í sjó- og verzlunardómi Ísafjarðar út af elds-

voða þessum þann 20. marz 1964. Var þar lögð fram skýrsla hreppstjórans á Suðureyri, Sturlu Jónssonar, um atvik þetta. Skýrslan er dagsett 4. nóvember 1963. Þar segir m. a.:

„Kristján kom á m.s. Stefni frá Ísafirði um kl. 12.00 um kvöldið 1. nóvember. Hugði hann til sjóróðra síðar um nóttina. Svaf Kristján í hásetaklefa ásamt háseta sínum, Eiríki Sigurðssyni, sem vaknaði kl. rúmlega 4 við mikinn reyk og eld við eldavél. Eiríkur sá ekkert fyrir reyk og fór strax upp á dekk að fá sér hreint loft. Reyndi hann að nota slökkvitæki, er þar var, en það virkaði ekki hjá honum. Fór hann síðan og vakti Þórð Pétursson, vélstjóra, sem kom strax, en komst ekki inn í hásetaklefann fyrir eldi og reyk. Setti Þórður þá vél í gang og sjóslöngu í samband og fór svo strax og vakti slökkviliðsstjóra. Kom slökkviliðið á augabragði með slökkvitækin og brunadælur. Á meðan Þórður vakti slökkviliðsstjóra, sprautaði Eiríkur sjó á eldinn. Var svo strax farið að svipast um eftir Kristjáni Ibsen, fannst hann örendur og nokkuð brunninn á öðrum fæti. Niðurlögum eldsins var skjótlega ráðið. Læknir, sem var á staðnum, hóf strax lífgunartilraunir ásamt aðstoðarmönnum, fyrst lengi um borð, en síðar í sjúkraskýlinu. Bar þetta engan sýnilegan árangur, því maðurinn var látinn. Bendir allt til, að hann hafi kafnað, en síðar brunnið á fæti, en eldur hafði læst sig í gólfdregil, nær því sem Kristján var".

Þórður Pétursson vélstjóri gaf skýrslu í sjóprófinu og hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið vélstjóri á m/s Stefni og verið með í ferðinni frá Ísafirði til Súgandafjarðar. Hann kveðst hafa farið niður í hásetaklefa, rétt áður en hann stöðvaði vélina í bátnum og fór í land. Hafi þá allt verið í lagi með eldavélina, að því er hann bezt gat séð, og ekki óeðlilegur hiti í hásetaklefanum. Þegar hann kom um borð aftur um nóttina, kveðst hann hafa farið niður í ganginn aftan við hásetaklefann, en ómögulegt hafi þá reynzt að fara niður í hásetaklefann vegna elds og reyks. Engin ljós hafi þá verið logandi í bátnum, enda höfðu rafmagnsleiðslur brunnið í hásetaklefanum. Hann áætlar, að ekki hafi tekið meir en 6 til 8 mínútur að kæfa eldinn. Hafi að mestu leyti verið búið að kæfa eldinn með sjóslöngu bátsins, þegar slökkviliðið kom á vettvang. Hann segir, að eldavélin hafi staðið í hásetaklefanum við milliþil milli lestar og hásetaklefans. Hann heldur, að eldurinn muni hafa stafað frá eldavélinni, þannig að of mikil olía hafi farið inn á hana. Eftir að eldurinn hafði verið slökktur, sá vélstjórinn, að málning á lofti hafði losnað frá og sviðnað

lítils háttar við vaskborð við eldavélina, en veggurinn á bak við eldavélina hafi að mestu leyti verið klæddur með járni.

Vélstjórinn, Þórður Pétursson, gaf skýrslu hér fyrir dómi 15. september 1967. Hann hefur þar skýrt m. a. svo frá, að hann hafi verið búinn að vera um 1½ ár sem vélstjóri á skipinu, þegar slysið varð. Kveðst hann hafa sofið í hásetaklefanum, en í honum séu sjö kojur. Kveðst hann ekki vita, í hvaða koju skipstjórinn, Kristján Ibsen, svaf nóttina, er slysið varð. Hann segir, að eldavélin hafi verið það nærri milliveggnum, að vel hafi verið hægt að koma hendi á milli eldavélarinnar og þilsins. Hann telur, að eldavélin hafi verið búin að vera í bátnum, frá því að báturinn var byggður. Þetta hafi verið Scandia vél. Við hana var tengdur blöndungur, en hann man ekki, af hvaða tegund blöndungurinn var, en hann telur, að hann hafi verið af algengri tegund, sem bæði sé notuð til sjós og lands. Ekki veit hann, hver kom blöndungnum fyrir. Olíugeymir eldavélarinnar hafi verið staðsettur í vélarúmi og hafi geymirinn verið hæðarkútur, en lítill hæðarmismunur hafi verið frá úrtaki geymisins og inntaki vélarinnar. Á milli blöndungsins og lestarþilsins hafi verið handloki, sem alltaf var hafður opinn, nema eitthvað sérstakt væri um að ræða. Blöndungurinn hafði stillanlegan skammtara, sem hægt var að stjórna olíugjöfinni með. Vélstjórinn veit ekki, hvernig blöndungurinn var stilltur í umrætt sinn. Hann veit ekki til þess, að borið hafi á göllum í blöndungnum, áður en slysið varð. Hann segir, að það hafi verið venja að láta loga í eldavélinni í landlegum, þegar frost var. Hann kveðst ekki hafa hugað að eldavélinni sérstaklega, þegar hann fór í land um kvöldið, en hann kveðst ekki hafa orðið var við neitt óeðlilegt við vélina, þegar hann yfirgaf skipið. Matsveinninn á bátnum, sem að jafnaði notaði eldavélina til matargerðar, hafi aðallega séð um stillingu og hirðingu eldavélarinnar. Ekki man hann, hver var matsveinn á þessum tíma. Annars hafi hver og einn af skipverjum stillt olíugjöfina, eftir því sem þurfa þótti í hvert sinn. Vélstjórinn kvaðst ekkert frekar geta upplýst um eldsupptökin. Hann tekur hins vegar fram, að blöndungurinn hafi verið notaður áfram eftir slysið. Hann veit ekki, hvort nokkrar lagfæringar voru gerðar á honum, en segir, að hugsanlegt sé, að einhverjir menn á staðnum hafi yfirfarið hann eftir brunann. Hann segir, að nú sé búið að fjarlægja umrædda eldavél og blöndunginn, og veit hann ekki, hvað af þeim hefur orðið, en hann segir, að eldavélin hafi ekki verið fjarlægð vegna slyssins, heldur vegna þess, að rétt þótti að fá eldavél með miðstöðvarkerfi,

sem notað var til þess að hita upp káetu og kortaklefa. Hann kveðst ekki vita, hver stillti blöndunginn síðast fyrir slysið. Hann álítur, að það hafi ekki verið í hans verkahring að hafa eftirlit með eldavél í bátnum, þótt oft sé leitað til vélstjóra, ef um eitthvað sérstakt sé að ræða, sem gera þurfi við. Hann kveðst hafa séð um að fylla olíugeymi eldavélarinnar, enda sé það sami olíugeymir og notaður sé fyrir aðalvél skipsins, en úr olíugeyminum sé dælt í hæðarkútinn, sem minnzt sé á hér að framan, og annist vélstjórinn það. Hann kveðst ekki hafa litið á klukkuna, þegar hann fór í land, en hann telur, að klukkan hafi þá verið um 12 á miðnætti. Báturinn var þá kominn til Suðureyrar frá Ísafirði, en þar hafði verið skipt um hljóðdeyfi í vélinni. Hann minnir, að þeir hafi lagzt að bryggjunni í bátahöfninni, um það bil hálftíma áður en hann fór í land. Veðurútlit hafi þá verið tvísýnt, en komið hafi til tals að róa um nóttina eða morguninn eftir. Hann man, að einn bátur reri frá Suðureyri morguninn eftir slysið. Þegar vélstjórinn fór í land, voru eftir í hásetaklefanum Kristján heitinn Ibsen, Eiríkur Sigurðsson háseti, Hannes Alexandersson og Guðmundur Elí Guðmundsson. Hann segir, að Kristján heitinn hafi ekki verið búinn að afklæða sig neitt, þegar hann fannst.

Eiríkur Sigurðsson háseti gaf skýrslu í sjóprófinu á Ísafirði þann 20. marz 1964. Þar skýrir hann meðal annars svo frá, að hann hafi ekki orðið var við annað en að eldavélin væri í lagi, þegar hann fór að sofa, og hafði hún verið í lagi undanfarið. Hann hyggur, að eldsupptökin hafi verið frá eldavélinni, of mikil olía hafi runnið inn á eldavélina. Allt hafi verið sviðið í kringum eldavélina og loftið í hásetaklefanum. Hann veit ekki til, að neitt hafi verið sett nýtt af viði við viðgerðina nema hurð á skáp, sem var rétt hjá eldavélinni. Hann segir, að enginn ventill hafi verið á olíuleiðslunni í því skyni að loka fyrir olíuna, ef of mikil olía rynni inn á vélina.

Eiríkur Sigurðsson gaf skýrslu hér fyrir dómi 18. september 1967. Kveðst hann hafa lagzt til svefns í koju sinni, áður en skipverjarnir Hannes og Guðmundur Elí yfirgáfu skipið. Koja vitnisins var aftasta kojan bakborðsmegin, rétt við uppganginn. Hann kveðst hafa farið í koju upp úr miðnætti og þá hafi ekki borið á neinu athugaverðu við eldavélina, svo að hann tæki eftir, en hann kveðst ekki hafa haft nein afskipti af blöndungi eldavélarinnar. Hann kveðst ekki geta sagt um ástæðuna fyrir því, að eldurinn kom upp, en kveðst hafa heyrt menn tala um, að blönd-

ungurinn hefði bilað. Hann kveðst hafa verið búinn að vera á bátnum frá því um vorið. Veit hann ekki til þess, að blöndungurinn hafi bilað, á meðan hann var á bátnum fyrir slysið. Ekki kveðst hann hafa gætt að því, hvernig blöndungurinn var stilltur, þegar búið var að slökkva eldinn. Ekki veit hann, hvort blöndungurinn var notaður áfram eftir brunann. Hann man ekki, hver var matsveinn á bátnum í umrætt sinn. Hann tekur fram, að hann hafi lítið sem ekkert séð fyrir reyk, þegar hann vaknaði við eldsvoðann, en eldurinn hafi þá verið stjórnborðsmegin aftan til í lúkarnum við eldavélina. Hann vissi þá ekki, að Kristján heitinn Ibsen væri í hásetaklefanum.

Í málinu liggur frammi skýrsla, dagsett 25. júní 1968, frá hreppstjóranum á Suðureyri, svohljóðandi:

„Varðandi slys, sem varð um borð í m.s. Stefni hinn 2. nóvember 1963, hitti ég í dag rétt snöggvast Hannes Alexandersson, er hann kom að landi úr veiðitúr með handfæri við suðurland. Bað ég hann um frekari upplýsingar um ástand eldavélar og karboators um borð í Stefni, er hann fór frá borði. Sagðist hann ekki geta gefið neinar upplýsingar umfram það, er hann gerði 4. 11. 1963 í skýrslu sinni. Hefðu engin merki um íkveikju verið sjáanleg, er hann fór frá borði. Fór hann á sjóinn aftur eftir stutta viðdvöl".

Þá hefur einnig verið lögð fram skýrsla áðurgreinds hreppstjóra, svohljóðandi:

„Skýrsla

Guðmundar Elí Guðmundssonar vegna slyss, sem varð um borð í m.s. Stefni hinn 2. nóv. 1963. Mættur Guðm. Elí Guðmundss. taldi sig engu geta bætt við skýrslu, er hann gaf 4. nóvember 1963, er var svohljóðandi:

Ég kom um borð í Stefni, eftir að hann kom í bátahöfnina um kl. 12 að kvöldi 1. nóv. Fór ég í hásetaklefa, er þar voru fyrir Kristján Ibsen, Eiríkur Sigurðsson, Hannes Alexandersson og Þórður Pétursson, er fór fljótlega heim til sín. Var spjallað um daginn og veginn. Um kl. 2 fór ég heim til mín. Var hiti mikill og sótti værð að mönnum. Hannes og Eiríkur lágu á gólfinu, en Kristján Ibsen sat á bekknum og lá fram á borðið. Enginn eldur var þá laus í hásetaklefa.

Suðureyri, 4. 11. '63.

Guðm. Elí Guðmundsson.

Hinn 10. okt. 1968 mætti Guðm. Elí Guðm.s. og sagðist staðfesta fyrri frásögn sína.

Suðureyri, 10. 10. 1968

Guðm. Elí Guðmundsson".

Eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir Óskar Kristjánsson, framkvæmdastjóra stefnda, Galtar h/f:

1. Var blöndungurinn notaður eftir brunann?
2. Sé svo, var hann yfirfarinn af fagmönnum?
3. Þurfti að gera við blöndunginn, eða var hann notaður áfram án sérstakrar lagfæringar?
4. Er vitað um nokkra sérstaka galla, sem kunna að hafa valdið ofrennsli inn á eldavélina?

Þessum spurningum svaraði Óskar Kristjánsson með bréfi, dagsettu 2. nóvember 1967, á eftirfarandi hátt:

„1. Eftir því sem bezt er vitað, mun blöndungurinn hafa verið notaður áfram.
2. Vélsmiðja Guðjóns Halldórssonar hér á staðnum tók eldavélina til viðgerðar eftir brunann og mun hafa yfirfarið blöndunginn ásamt öðrum hlutum eldavélarinnar.
3. Sjá svar nr. 2.
4. Mér er ekki kunnugt um það".

Í málinu liggur frammi vottorð Guðsteins Þengilssonar héraðslæknis, dagsett á Suðureyri 16. febrúar 1967. Þar segir meðal annars:

„... Ég hefi undir höndum afrit af dánarvottorði um Kristján Albert Ibsen, Suðureyri, fæddur 24. 4. 1920, skrifað af Magnúsi Karli Péturssyni, þáverandi héraðslækni á Flateyri, dagsett 2. nóvember 1963 á dánardegi Kristjáns. Á vottorðinu eru tilgreind dánarorsökin, köfnun og sem undanfarandi orsök, eldsvoði. Lífgunartilraunir voru reyndar í 5 klst., en án árangurs, enda engin lífsmörk með hinum látna, er hann náðist. Krufning fór ekki fram".

Samkvæmt skýrslu, sem hreppstjórinn í Suðureyrarhreppi, Sturla Jónsson, tók af Agli Guðjónssyni, vélsmið á Suðureyri, kveðst Egill ekki muna eftir, að nein viðgerð hafi farið fram á olíublöndungi eldavélarinnar.

Mál þetta var sent skipaskoðunarstjóranum til umsagnar. Af því tilefni ritaði skipaskoðunarstjórinn bréf, dagsett 22. janúar 1968. Þar kemur fram, að engin ákvæði hafi verið um olíulagnir við eldavélar í reglum um eftirlit með skipum, en að skoðunarmönnum hafi að sjálfsögðu borið að sjá um, að frá þeim væri gengið þannig, að ekki stafaði af þeim hætta. Í reglum frá 28. febrúar 1962 sé gerð krafa um, að brunaboði af viðurkenndri

gerð sé í vélarrúmi svo og í vistarverum skipanna, sé í þeim eldfæri, olíu- eða kolakynntur ofn eða eldavél. Síðasta skoðunarskýrsla viðvíkjandi umræddu slysi fyrir slysið sé frá 10. júní 1963, en þar sé ekki getið um, að neitt sé ábótavant. Íslenzkar reglur geri ekki kröfu til, að bræðirofi sé í olíuleiðslum á eldavélum skipa. Þótt þessara bræðirofa sé ekki krafizt samkvæmt íslenzkum reglum, þá hafi þeir þegar verið settir í fjölda íslenzkra skipa samkvæmt ábendingu Skipaskoðunar ríkisins. Hins vegar komi þessir bræðirofar ekki að gagni, fyrr en verulegur eldshiti sé kominn í rúm það, sem þeir eru staðsettir í, því að þeir vinni ekki, fyrr en hitinn hefur brætt málmþráð, sem heldur fjaðurloka opnum. Þessir lokar hindri því ekki eða stilli á neinn hátt aðrennsli á olíu að olíubrennara eldavélar, meðan allt sé eðlilegt, jafnvel þótt eldavél verði mjög heit.

Kröfur sínar í málinu styður stefnandi þeim rökum, að eldavélin í hásetaklefanum og eða búnaður hennar hafi verið í ólagi eða eitthvað hafi bilað í eldavélinni eða í olíublöndungnum, sem tengdur var við hana. Þessi bilun eða galli verði að teljast orsök eldsvoðans og hafi leitt til dauða Kristjáns Ibsens. Á þessum göllum á eldavélinni eða blöndungnum hljóti stefndi að bera ábyrgð gagnvart stefnanda. Ef einhver vafi sé á, að þessar staðhæfingar séu réttar, þá beri stefndi sem eigandi og útgerðaraðili bátsins sönnunarbyrðina, þar sem stefndi hafi látið hjá líða að rannsókn færi fram á eldavélinni og umbúnaði hennar, en alveg sérstök ástæða hafi verið fyrir stefnda að láta slíka rannsókn fara fram, vegna þess að hér var um dauðaslys og mikið tjón að ræða. Stefnandi hafi hins vegar ekki haft aðstöðu til að koma við slíkri rannsókn. Verði stefndi því að bera hallann af því, ef rétturinn kynni að líta svo á, að einhver vafatriði væru að þessu leyti. Þá heldur stefnandi því fram, að enginn eldsvoði hefði orðið, ef útgerðin hefði hirt um þá sjálfsögðu skyldu að hafa bræðirofa tengdan við eldavélina. Auðvelt sé að koma slíkum bræðirofa við. Enda þótt Skipaeftirlit ríkisins hafi ekki gert skýlausar kröfur um, að slíkir rofar skyldu settir á eldavélar í íbúðum skipverja, hafi þó verið alveg sérstök ástæða til þess að koma fyrir öllum venjulegum öryggisútbúnaði á eldavélinni í m/s Stefni með tilliti til þess, að útgöngumöguleiki fyrir þá, sem í klefanum bjuggu, var þannig, að þeir þurftu að ganga upp brattan stiga til þess að komast út. Þá heldur stefnandi því fram, að vélstjórinn á bátnum, sem bjó ásamt öðrum skipverjum í klefanum, hafi samkvæmt 47. gr. sjómannalaganna nr. 67/1963 haft þá

skyldu að fylgjast með eldavélinni og umbúnaði hennar, þ. á m. að öryggisútbúnaður hennar væri í lagi. Bendir stefnandi sérstaklega á í þessu sambandi, að eldsneytisgeymir fyrir eldavélina hafi verið í vélarrúmi. Hafi vélstjórinn séð um áfyllingu geymisins og eðlilegast sé að líta svo á, að það hafi verið í verkahring vélstjórans sem fagmanns að líta eftir og sjá um eldavélina. Samkvæmt þessu heldur stefnandi því fram, að stefndi beri sem eigandi og útgerðarmaður umræddss skips ábyrgð á því tjóni, sem stefnandi telur sig hafa orðið fyrir, og beri stefnda því að greiða stefnanda skaðabætur, sem hún hefur krafizt í málinu. Auk þessa heldur stefnandi því fram, að stefnda hafi verið skylt að slysatryggja Kristján heitinn Ibsen fyrir kr. 200.000.00 samkvæmt 8. gr. kjarasamnings útvegsmanna á Vestfjörðum og Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Bylgjunnar á Ísafirði frá 14. júní 1963. Stefndi hafi hins vegar ekki tekið þessa tryggingu. Verði stefndi því sjálfur að greiða kr. 200.000.00, þar sem hann hirti ekki um að taka slysatrygginguna.

Aðalkröfu sína sundurliðar stefnandi nú þannig:

A. Bætur til hennar sjálfrar:			
1. fyrir missi framfæranda ..	kr. 760.705.00		
2. fyrir röskun á stöðu og högum —	80.000.00		
		kr.	840.705.00
B. Bætur til Lovísu Ibsens:			
1. fyrir missi framfæranda ..	kr. 33.830.00		
2. fyrir röskun á stöðu og högum —	30.000.00		
		—	63.830.00
C. Bætur til Ernu Ibsens:			
1. fyrir missi framfæranda ..	kr. 43.781.00		
2. fyrir röskun á stöðu og högum —	30.000.00		
		—	73.781.00
D. Bætur til Guðmundar Hafþórs Ibsens:			
1. fyrir missi framfæranda ..	kr. 90.040.00		
2. fyrir röskun á stöðu og högum —	30.000.00		
		—	120.040.00
E. Bætur til Kristjáns Ibsens:			
1. fyrir missi framfæranda ..	kr. 116.436.00		
2. fyrir röskun á stöðu og högum —	30.000.00		
		—	146.436.00
F. Krafa samkvæmt 8. gr. kjarasamnings		—	200.000.00
		Samtals kr.	1.444.792.00

Stefndi styður sýknukröfu sína fyrst og fremst þeim rökum, að hvorki verði um kennt vanbúnaði skipsins né tækja þess né heldur mistökum annarra skipverja. Heldur stefndi því fram, að frágangur eldavélarinnar í m/s Stefni hafi ekki verið óvenjulegur miðað við önnur vélskip af svipaðri stærð hér á landi. Skipaeftirlit ríkisins hafi ekki gert kröfu um, að öryggislokur væru tengdir við slíkar eldavélar. Verði því ekki hægt að líta svo á, að neitt hafi verið athugavert við eldavélina, en hafi svo verið, þá hafi skipstjóranum, Kristjáni heitnum Ibsen, borið skylda til að sjá um, að eldavélin og þau tæki, sem voru við hana tengd, væru í fullkomnu lagi. Ef rétturinn líti svo á, að öryggisloka hafi verið þörf við eldavélina, þá hafi það verið skylda skipstjórans, en ekki vélstjórans, að sjá um uppsetningu hans. Hafi skipstjórinn almennt átt að gæta þess, að umbúnaður eldavélarinnar væri í lagi. Að því er varðar sönnunarreglur, þá heldur stefndi því fram, að hreppstjórinn hafi tekið skýrslu og sjópróf hafi farið fram, og meira verði ekki krafizt af útgerðinni. Beri því að taka sýknukröfurnar til greina, að því er skaðabæturnar varðar. Að því er varðar kröfu stefnanda samkvæmt 8. gr. áðurgreinds kjarasamnings, þá byggir stefndi sýknukröfu sína að því leyti á því, að í framkvæmdinni hafi þessar tryggingar verið tíðkaðar þannig, að þegar skráð sé á skip, sýni viðkomandi skipstjóri skráningarstjóra yfirlýsingu tryggingafélagsins eða tryggingarskýrteini til sönnunar því, að skyldutrygging þessi hafi verið keypt. Í þessu tilfelli hafði útgerðarfélagið ekki keypt þessa skyldutryggingu. Hafi hér raunverulega verið um vanrækslu af hálfu skipstjórans að ræða, þar sem tryggingin hafi fallið niður eða ekki verið tekin, þegar skrásetningin fór fram. Að lokum bendir stefndi á, að fari svo, að aðalkrafa eða varakrafa stefnanda verði tekin til greina að einhverju leyti, þá eigi samkvæmt áðurgreindri 8. gr. kjarasamningsins að draga vátryggingarfjárhæðina frá skaðabótafjárhæðinni.

Svo sem lýst hefur verið hér að framan, benda gögn málsins eindregið til þess, að rekja megi eldsupptökin í vistarveru skipverja til eldavélarinnar. Líkur eru fyrir því, að of mikil olía hafi runnið í eldhólf vélarinnar. Hins vegar er ekki upplýst, hvaða ástæður lágu til þess. Hinir sérfróðu meðdómendur telja, að annað hvort hafi orðið bilun í olíustillitækinu, sem tengt er við eldavélina, eða handstillir hafi verið of hátt stilltur. Þá er það álit þeirra, að með vandlegri skoðun á vettvangi strax eftir slysið,

hefði væntanlega mátt fá úr því skorið, hvor af framangreindum ástæðum muni hafa verið fyrir hendi. Verður stefndi, eins og málavöxtum er háttað, að bera hallann af sönnunarskorti að þessu leyti. Það er álit hinna sérfróðu meðdómenda, enda þótt þeir hafi ekki séð umrædda eldavél, en með tilliti til lýsingar á henni, að hægt mundi hafa verið að koma fyrir á henni svokölluðum bræðiloka á þann hátt, að með yfirgnæfandi líkum megi staðhæfa, að slíkur loki hefði, eins og á stóð, komið í veg fyrir, að eldur yrði laus utan hennar eða ofhitun á og eða reykmyndun frá næsta umhverfi hennar. Telja hinir sérfróðu meðdómendur því, að það hafi verið sjálfsögð öryggisráðstöfun að koma fyrir slíkum bræðiloka við eldavélina ásamt brunaboða, ekki sízt með tilliti til þess, hversu útgöngu úr vistarverunni var háttað. Svo sem fram kemur í málinu, var olíugeymir eldavélarinnar staðsettur í vélarrúmi. Vélstjórinn sá um áfyllingu hans úr aðalgeymi skipsins. Verður því að telja, að olíuleiðslur og lokar ásamt olíukynditæki eldavélarinnar hafi, eins og á stóð, verið í umsjá vélstjórans. Þegar það er virt, sem hér að framan er frá greint, svo og þegar tekið er tillit til þeirra sönnunarreglna, sem hér eiga við, þá verður að fallast á það með stefnanda, að stefndi sem eigandi og útgerðarmaður skipsins verði talinn bera skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna þess tjóns, sem hún varð fyrir við missi eiginmanns síns.

Verða nú hinir einstöku kröfuliðir teknir til athugunar.

Um kröfulið A 1.

Til stuðnings kröfu sinni samkvæmt A 1 hefur stefnandi fengið Guðjón Hansen tryggingafræðing til að reikna út tjónið samkvæmt þessum kröfulið. Er álitsgerð tryggingafræðingsins dagsett 14. október 1965. Þar segir meðal annars:

„Kristján Ibsen, skipstjóri, Hjallavegi 5, Suðureyri, lézt af slysförum 2. nóvember 1963. Með bréfi, dags. 6. þ. m., hafið þér, herra héraðsdómslögmaður, óskað eftir útreikningi á dánarbótum til handa ekkju hans og börnum þeirra fjórum.

Samkvæmt vottorði skiptaráðanda, dags. 14. nóvember 1963, var Kristján fæddur 24. apríl 1920 og hefur því verið 43 ára að aldri, er hann lézt. Ekkja hans, Lilja Ólafsdóttir, er sögð fædd 27. júlí 1923. Börn þeirra eru þessi:

Lovísa f. 17. jan. 1951, Erna f. 29. jan. 1952, Guðmundur Hafþór f. 20. nóv. 1957, Kristján f. 20. okt. 1962.

Auk ofangreindra fjögurra barna er stjúpsonur Kristjáns, Ingvar Bragason, f. 24. ágúst 1949, á heimilinu.

Samkvæmt upplýsingum yðar var Kristján að atvinnu skipstjóri á fiskibátum. Samkvæmt staðfestum endurritum skattaframtala fyrir starfsárin 1961—1963 voru vinnutekjur hans þau ár sem hér segir:

Árið 1961	kr. 103.590.00
Árið 1962	— 85.428.00
Árið 1963	— 134.745.00

Tekið skal fram, að síðasta árið mun ekki hafa verið talið fram, en framtalseyðublað útfyllt af skattayfirvöldum.

Ljóst er, að ofangreindar tekjur eiga að langmestu leyti rót sína að rekja til sjómennsku. Árið 1961 er Kristján talinn skráður á fiskiskip í 190 daga, og árin 1962 og 1963 er hann sagður hafa verið slysatryggður á fiskiskipi 33 vikur hvort ár.

Þegar um er að ræða tekjur bátasjómanna, er ég vanur að umreikna árstekjurnar til kauplags á slysdegi og síðar með tilliti til breytinga á verði fisks á vetrarvertíð. Ástæða er til að ætla, að slíkur útreikningur hafi í för með sér óeðlilega lága niðurstöðu, og stafar það einkum af þrennu:

a. Hér er um að ræða tiltölulega lágar skipstjóratekjur, og má búast við, að stundum hafi þurft að grípa til kauptryggingar, sem hækkað hefur mun meira en fiskverð.
b. Ef hækkun verður á fiskverði á vetrarvertíð til samræmis við kauphækkanir, sem átt hafa sér stað í sumar og haust, kemur hún ekki til framkvæmda fyrr en eftir næstkomandi áramót, og verður því ekki reiknað með henni hér.
c. Hugsanlegt er, að einhver hluti framangreindra tekna eigi rót sína að rekja til vinnu í landi, en laun fyrir hana hafa hækkað mun meira en fiskverð.

Vegna þeirra vafaatriða, sem hér hafa verið nefnd, hef ég umreiknað framangreindar vinnutekjur til kauplags, eins og það hefur verið frá slysdegi til þessa, með tvennum hætti, þ. e. annars vegar með hliðsjón af breytingum á fiskverði á vetrarvertíð og hins vegar með hliðsjón af breytingum á kjörum togarasjómanna, sem að nokkru leyti fara eftir fiskverði og að nokkru leyti eftir umsömdu mánaðarkaupi.

Umreiknaðar eftir breytingum á fiskverði á vetrarvertíð reiknast mér meðaltekjur Kristjáns árin 1961—1963 verða sem hér segir:

Árið 1963	kr. 117.395.00
Árið 1964	— 124.439.00
Eftir þann tíma	— 133.150.00

Séu tekjurnar hins vegar umreiknaðar með hliðsjón af breytingum á kjörum togarasjómanna, reiknast mér hinar umreiknuðu meðaltekjur verða sem hér segir:

Árið 1963	kr. 121.510.00
Árið 1964	— 130.854.00
1. 1. til 10. 2. 1965	— 138.019.00
11. 2. til 28. 2. 1965	— 141.898.00
1. 3. til 31. 5. 1965	— 144.001.00
1. 6. til 31. 7. 1965	— 144.417.00
1. 8. til 31. 8. 1965	— 154.399.00
Eftir þann tíma	— 155.363.00

Bætur til barna:

Venja er að miða útreikning á bótum til barna vegna dauða fyrirvinnu við barnalífeyri almannatrygginga, en árlegur barnalífeyrir hefur frá slysdegi verið sem hér segir:

Desember 1963	kr. 9.799.54
Jan. 1964—febr. 1965	— 11.109.00
Marz—maí 1965	— 11.447.82
Júní 1965	— 11.515.59
Júlí—ágúst 1965	— 12.540.48
Eftir þann tíma	— 12.688.07

Sé reiknað með þessum bótum til fullnaðs 16 ára aldurs hvers hinna fjögurra barna hjónanna, reiknast mér verðmæti bótanna á slysdegi nema:

Vegna Lovísu	kr. 33.830.00
Vegna Ernu	— 43.781.00
Vegna Guðmundar Hafþórs	— 90.040.00
Vegna Kristjáns	— 116.436.00
	Kr. 284.087.00

(Ef tilsvarandi krafa væri gerð vegna stjúpsonarins, Ingvars Bragasonar, mundi verðmæti bóta nema kr. 18.516.00, en verðmæti bóta ekkjunnar mundi þá lækka um kr. 9.254.00).

Tekið skal fram, að barnalífeyrir hefur á undanförnum árum hækkað minna en ýmsar aðrar bætur almannatrygginga, en í staðinn hefur verið tekin upp og aukin greiðsla mæðralauna, og fjölskyldubætur eru nú greiddar samtímis barnalífeyri.

Bætur til ekkjunnar Lilju Ólafsdóttur:

Af umreiknuðum meðalvinnutekjum Kristjáns árin 1961—1963, sbr. framanritað, er fyrst tekinn framfærslueyrir barnanna fjögurra, jafnhár barnalífeyri almannatrygginga, til 16 ára aldurs hvers barns. Síðan er ekkjunni reiknaður helmingur af þeim vinnutekjum, sem afgangs verða. Verðmæti slíks framfærslueyris til Lilju Ólafsdóttur reiknast mér nema á slysdegi:

Miðað við umreikning eftir breytingum á fiskverði kr. 641.100.00
Miðað við umreikning eftir kjörum togarasjómanna — 760.705.00

Frá almannatryggingum hefur Lilja fengið slysabætur í einu lagi að fjárhæð kr. 106.517.00, sem ekki hefur verið tekið tillit til við útreikning framangreindra bóta. Enn fremur á hún rétt á mæðralaunum til októberloka 1978. Árleg mæðralaun eru þessi (með þremur eða fleiri börnum til janúarloka 1968, með tveimur börnum frá 1. 2. 1968 til 30. 11. 1973, en eftir það með einu barni):

Desember 1963	kr. 19.599.09
Jan. 1964—febr. 1965	— 24.122.40
Marz—maí 1965	— 24.858.13
Júní 1965	— 25.005.28
Júlí—ágúst 1965	— 27.230.75
Sept. 1965—jan. 1968	— 27.551.23
Febr. 1968—nóv. 1973	— 13.775.62
Des. 1973—okt. 1978	— 2.537.61

Í nóvember 1978 ætti ekkjulífeyrir, kr. 14.464.40, að taka við. Verðmæti mæðralauna og ekkjulífeyris á slysdegi reiknast mér nema kr. 182.773.00.

Framangreindir útreikningar á verðmæti framfærslueyris og bótagreiðslna eru miðaðir við starfsorkulíkur samkvæmt sænskri reynslu, íslenzkar dánarlíkur og 6% vexti p. a.“.

Kröfu sína um bætur fyrir missi framfæranda byggir stefnandi á útreikningi tryggingafræðingsins miðað við umreikning eftir kjörum togarasjómanna, kr. 760.705.00.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið stefnanda sem allt of háum. Telur stefndi, að miða beri bætur samkvæmt þessum lið við lægri fjárhæðina, kr. 641.100.00, en ekki þá hærri. Auk þess telur stefndi, að draga beri frá þessum lið kr. 106.517.00, sem stefnandi hefur fengið greiddar í einu lagi, svo og verðmæti mæðralauna og ekkjulífeyris, sem samkvæmt útreikningi tryggingafræðingsins reiknist á slysdegi kr. 182.773.00.

Þegar það er virt, sem hér að framan hefur verið rakið, og annað það haft í huga, sem hér skiptir máli, þá þykja bætur til Lilju Ólafsdóttur hæfilega ákveðnar fyrir missi framfæranda kr. 260.000.00, og hafa þá verið dregnar frá dánarbætur, kr. 106.517.00, sem hún fékk greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins, og kr. 182.773.00, sem er áætlað verðmæti mæðralauna og ekkjulífeyris á slysdegi.

Um kröfulið A 2.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum.

Þegar virt er það, sem fram er komið um hagi stefnanda og haft í huga annað það, sem máli skiptir, þykja bætur til Lilju Ólafsdóttur vegna röskunar á stöðu og högum hæfilega ákveðnar kr. 50.000.00.

Um kröfuliði B, C, D og E.

Stefndi hefur mótmælt kröfuliðum þessum sem allt of háum.

Svo sem að framan er rakið, hefur stefnandi miðað fjárhæð bótakrafna barnanna fyrir missi framfæranda við útreikning tryggingafræðingsins, eins og rakið var undir kröfulið A 1.

Eftir atvikum þykir rétt að ákveða börnunum bætur fyrir missi framfæranda og vegna röskunar á stöðu og högum í einu lagi. Þykja bætur þessar hæfilega ákveðnar kr. 35.000.00 til Lovísu Ibsens, kr. 37.000.00 til Ernu Ibsens, kr. 45.000.00 til Guðmundar Hafþórs Ibsens og kr. 60.000.00 til Kristjáns Ibsens.

Um kröfulið F.

Í 8. gr. áðurgreinds kjarasamnings er svofellt ákvæði:

„8. grein. Útgerðarfélög þau, er að samningi þessum standa, vátryggja á sinn kostnað skipstjóra og stýrimenn, sem eru í þjón-

ustu þeirra og samningur þessi nær yfir, fyrir öllum slysum, hvort heldur þau verða um borð eða í landi.

Tryggingarupphæðin kr. 200.000.00 — tvö hundruð þúsund krónur — enda hækki hún í sömu upphæð og önnur sjómannasamtök kunna að semja um við LÍÚ á hverjum tíma og greiðist við dauðsfall eða fulla örorku. Upphæðin greiðist aðstandendum samningsaðila, ef hann deyr, en honum sjálfum, ef um örorku er að ræða að dómi læknis.

Trygging þessi skerðir ekki rétt þessa samningsaðila til greiðslu úr lífeyris- eða eftirlaunasjóðum, ef fyrir hendi eru, en kemur hins vegar til frádráttar slysa- og dánarbótakröfum á hendur útgerðinni með sama hætti og bætur frá Tryggingastofnun ríkisins".

Svo sem hér að framan er greint, hefur stefnanda þegar verið tildæmdar hærri bætur en sem nemur kr. 200.000.00. Samkvæmt ákvæðum nefndrar greinar verður bótakrafa stefnanda að þessu leyti ekki tekin til greina. Verður stefnda því dæmd sýkna, að því er þennan lið varðar.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður stefnda því dæmt að greiða stefnanda, Lilju Ólafsdóttur, bætur vegna hennar sjálfrar og f. h. ófjárráða barna hennar kr. 437.000.00 (260.000.00 + 50.000.00 + 35.000.00 + 37.000.00 + 45.000.00 + 60.000.00) með vöxtum, sem reiknast 7% ársvextir frá 2. nóvember 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvextir frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% frá þeim degi til greiðsludags.

Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda sjálfri og f. h. ófjárráða barna hennar málskostnað, er ákveðst kr. 82.795.00. Þar af hljóti talsmaður stefnanda, Árni Grétar Finnsson hæstaréttarlögmaður, kr. 75.000.00.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/s Stefni, ÍS 150, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Guðmundi Björnssyni verkfræðingi og Guðmundi Péturssyni vélstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Göltur h/f, greiði stefnanda, Lilju Ólafsdóttur, sjálfri kr. 310.000.00 og f. h. Lovísu Ibsens kr. 35.000.00, f. h. Ernu Ibsens kr. 37.000.00, f. h. Guðmundar Hafþórs Ibsens kr. 45.000.00 og f. h. Kristjáns Ibsens kr. 60.000.00 ásamt vöxtum af ofangreindum fjárhæðum, sem reiknast 7% árs-

vextir frá 2. nóvember 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvextir frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% frá þeim degi til greiðsludags.

Þá greiði stefndi stefnanda sjálfri og f. h. ófjárráða barna hennar málskostnað, samtals kr. 82.795.00. Þar af hljóti hinn skipaði talsmaður hennar, Árni Grétar Finnsson hæstaréttarlögmaður, kr. 75.000.00.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/s Stefni, ÍS 150, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. maí 1969.

Nr. 91/1969. **Valdstjórnin**
gegn
Guðmundi Jóhanni Hallvarðssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Úrskurð héraðsdóms hefur kveðið upp Ólafur St. Sigurðsson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. maí 1969, sem barst dóminum 14. s. m., og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Varnaraðili er grunaður um háttsemi, sem getur varðað hann fangelsisrefsingu eftir ákvæðum XVIII. og XXVII. kafla, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Eru því samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 fyrir hendi skilyrði til gæzluvarðhalds, sem rétt er að beita, eins og á stendur, sbr. 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Kópavogs 11. maí 1969.

Lögreglurannsókn í máli þessu hófst í gær, laugardaginn 10. maí, kl. 2245, en þá kom ungur skólanemandi, Ásmundur Jón Jónsson, Bjarnhólastíg 1 hér í bæ, á lögreglustöðina í Kópavogi og kvaðst hafa upplýsingar fram að færa varðandi tilraun til að sprengja upp og brenna herskála varnarliðsins uppi í Hvalfirði snemma í síðustu viku. Áframhaldandi rannsókn í máli þessu leiddi í ljós mjög sterkar líkur fyrir því, hverjir hefðu verið viðriðnir þessa meintu tilraun til sprengingar og brennu.

Eiríkur Kolbeinsson skólanemandi, Digranesvegi 44 hér í bæ, fæddur 13. september 1953, hefur skýrt svo frá við lögreglurannsóknina, að hann hafi útbúið klukkur þær, sem settar höfðu verið í samband við heimatilbúna sprengju, sem fannst í herskála uppi í Hvalfirði í síðustu viku. Eiríkur kveðst hafa afhent klukkur þessar síðastliðið mánudagskvöld við Tjarnargötu 20 í Reykjavík tilteknum mönnum, sem síðan fóru með þær ásamt sprengjunni og komu þessu fyrir í herskálanum. Sjálfur kveðst Eiríkur ekki hafa farið með.

Samkvæmt upplýsingum Eiríks, sem studdar eru frekari gögnum undir rannsókn málsins, segir hann menn þá, sem fóru með klukkurnar og sprengjuna upp í Hvalfjörð og komu þessu fyrir í herskála þar eftir að hafa hellt steinolíu á gólf skálans í kring, vera þessa: Magnús Sæmundsson kennaraskólanema, Hrauntungu 73 hér í bæ, Guðmund Jóhann Hallvarðsson iðnnema, Auðbrekku 21 hér í bæ, Jón Sigurðsson, 19 ára, til heimilis að Óðinsgötu í Reykjavík, Steingrím, 16—17 ára, til heimilis í Reykjavík, og Helga Kúld, fullorðinn mann, til heimilis í Kópavogi.

Guðmundur Jóhann Hallvarðsson iðnnemi, Auðbrekku 21 hér í bæ, er fæddur 26. janúar 1947 í Hafnarfirði. Hann hefur neitað öllum sakargiftum og kveðst ekkert vita um mál þetta annað en það, sem hann hafi lesið í dagblöðum.

Það þykir ljóst, þótt rannsókn málsins sé á frumstigi, að veiga-

miklar líkur séu fram komnar fyrir því, að Guðmundur Jóhann Hallvarðsson iðnnemi hafi tekið þátt í för upp í Hvalfjörð síðastliðið mánudagskvöld til þess að koma fyrir heimatilbúinni tímasprengju í herskála þar.

Þar sem rannsókn málsins er á algeru frumstigi, og málið virðist vera allyfirgripsmikið, og ekki hefur enn náðst til allra þeirra, sem fyrirliggjandi upplýsingar nú benda til, að séu sakborningar, og ekki hefur gefizt tími til að taka skýrslur af ýmsum vitnum, þykir verða, sbr. 1. tölulið 67. gr. laga nr. 82/1961 um rannsókn opinberra mála, að úrskurða kærða, Guðmund Jóhann Hallvarðsson iðnnema, Auðbrekku 21 hér í bæ, í gæzluvarðhald í allt að 14 daga, á meðan rannsókn málsins stendur.

Því úrskurðast:

Guðmundur Jóhann Hallvarðsson iðnnemi, Auðbrekku 21 í Kópavogi, sæti gæzluvarðhaldi í allt að 14 daga.

Mánudaginn 19. maí 1969.

Nr. 92/1969. **Valdstjórnin**
gegn
Magnúsi Sæmundssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Úrskurð héraðsdóms hefur kveðið upp Ólafur St. Sigurðsson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. maí 1969, sem barst dóminum 14. s. m., og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Varnaraðili er grunaður um háttsemi, sem getur varðað

hann fangelsisrefsingu eftir ákvæðum XVIII. og XXVII. kafla, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Eru því samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 fyrir hendi skilyrði til gæzluvarðhalds, sem rétt er að beita, eins og á stendur, sbr. 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Kópavogs 11. maí 1969.

Lögreglurannsókn í máli þessu hófst í gær, laugardaginn 10. maí, kl. 2245, en þá kom ungur skólanemandi, Ásmundur Jón Jónsson, Bjarnhólastíg 1 hér í bæ, á lögreglustöðina í Kópavogi og kvaðst hafa upplýsingar fram að færa varðandi tilraun til að sprengja upp og brenna herskála varnarliðsins uppi í Hvalfirði snemma í síðustu viku. Áframhaldandi rannsókn í máli þessu leiddi í ljós mjög sterkar líkur fyrir því, hverjir hefðu verið viðriðnir þessa meintu tilraun til sprengingar og brennu.

Eiríkur Kolbeinsson skólanemandi, Digranesvegi 44 hér í bæ, fæddur 13. september 1953, hefur skýrt svo frá við lögreglurannsóknina, að hann hafi útbúið klukkur þær, sem settar höfðu verið í samband við heimatilbúna sprengju, sem fannst í herskála uppi í Hvalfirði í síðustu viku. Eiríkur kveðst hafa afhent klukkur þessar síðastliðið mánudagskvöld við Tjarnargötu 20 í Reykjavík tilteknum mönnum, sem síðan fóru með þær ásamt sprengjunni og komu þessu fyrir í herskálanum. Sjálfur kveðst Eiríkur ekki hafa farið með.

Samkvæmt upplýsingum Eiríks, sem studdar eru frekari gögnum undir rannsókn málsins, segir hann menn þá, sem fóru með klukkurnar og sprengjuna upp í Hvalfjörð og komu þessu fyrir í herskála þar eftir að hafa hellt steinolíu á gólf skálans í kring, vera þessa: Magnús Sæmundsson kennaraskólanema, Hrauntungu 73 hér í bæ, Guðmund Jóhann Hallvarðsson iðnnema, Auðbrekku 20 hér í bæ, Jón Sigurðsson, 19 ára, til heimilis að Óðinsgötu 1 Reykjavík, Steingrím, 16—17 ára, til heimilis í Reykjavík, og Helga Kúld, fullorðinn mann, til heimilis í Kópavogi.

Magnús Sæmundsson kennaraskólanemandi er fæddur 8. október 1950. Hann hefur neitað öllum sakargiftum og lýst því yfir, að hann viti ekkert um tilraun til sprengingar og brennu í Hvalfirði.

Ljóst þykir, þótt rannsókn máls þessa sé á frumstigi, að veigamiklar líkur séu fram komnar fyrir því, að Magnús Sæmundsson kennaraskólanemi hafi tekið þátt í för upp í Hvalfjörð síðastliðið mánudagskvöld til þess að koma fyrir heimatilbúinni tímasprengju í herskála þar.

Þar sem rannsókn máls þessa er á algeru frumstigi, og málið virðist vera allyfirgripsmikið, og ekki hefur náðst til allra þeirra, sem fyrirliggjandi upplýsingar nú benda til, að séu sakborningar, og ekki hefur enn þá náðst til ýmissa vitna, þykir verða, sbr. 1. tölulið 67. gr. laga nr. 82/1961, að úrskurða kærða, Magnús Sæmundsson kennaraskólanema, í gæzluvarðhald í allt að 14 daga, á meðan rannsókn málsins stendur.

Því úrskurðast:

Magnús Sæmundsson kennaraskólanemi, Hrauntungu 73 í Kópavogi, sæti gæzluvarðhaldi í allt að 14 daga.

Mánudaginn 19. maí 1969.

Nr. 93/1969. **Valdstjórnin**
gegn
Rúnari Freysteini Björgvinssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Úrskurð héraðsdóms hefur kveðið upp Haraldur Henrysson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga

nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. maí 1969, sem barst dóminum 14. s. m., og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Varnaraðili er grunaður um háttsemi, sem getur varðað hann fangelsisrefsingu eftir ákvæðum XVIII. og XXVII. kafla, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Eru því samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 fyrir hendi skilyrði til gæzluvarðhalds, sem rétt er að beita, eins og á stendur, sbr. 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Kópavogs 11. maí 1969.

Lögregluranns6kn í máli þessu hófst í gær, laugardaginn 10. maí, kl. 2245, en þá kom ungur skólanemandi, Ásmundur Jón Jónsson, Bjarnhólastíg 1 hér í bæ, á lögreglustöðina í Kópavogi og kvaðst hafa upplýsingar fram að færa varðandi tilraun til að sprengja upp og brenna herskála varnarliðsins uppi í Hvalfirði snemma í síðustu viku. Áframhaldandi rannsókn í máli þessu leiddi í ljós mjög sterkar líkur fyrir því, hverjir hefðu verið viðriðnir þessa meintu tilraun til sprengingar og brennu.

Eiríkur Kolbeinsson skólanemandi, Digranesvegi 44 hér í bæ, fæddur 13. september 1953, hefur skýrt svo frá við lögregluranns6knina, að hann hafi útbúið klukkur þær, sem settar höfðu verið í samband við heimatilbúna sprengju, sem fannst í herskála uppi í Hvalfirði í síðustu viku. Eiríkur kveðst hafa afhent klukkur þessar síðastliðið mánudagskvöld við Tjarnargötu 20 í Reykjavík tilteknum mönnum, sem síðan fóru með þær ásamt sprengjunni og komu þessu fyrir í herskálanum. Sjálfur kveðst Eiríkur ekki hafa farið með.

Samkvæmt upplýsingum Eiríks, sem studdar eru frekari gögnum undir rannsókn málsins, segir hann menn þá, sem fóru með klukkurnar og sprengjuna upp í Hvalfjörð og komu þessu fyrir í herskála þar eftir að hafa hellt steinolíu á gólf skálans í kring,

vera þessa: Magnús Sæmundsson kennaraskólanema, Hrauntungu 73 hér í bæ, Guðmund Jóhann Hallvarðsson iðnnema, Auðbrekku 21 hér í bæ, Jón Sigurðsson, 19 ára, til heimilis að Óðinsgötu í Reykjavík, Steingrím, 16—17 ára, til heimilis í Reykjavík, og Helga Kúld, fullorðinn mann, til heimilis í Kópavogi. Svo og er tilgreindur piltur að nafni Rúnar, en Rúnar þessi var sagður eiga heima einhvers staðar á Réttarholtsveginum.

Rúnar Freysteinn Björgvinsson nemandi, Réttarholtsvegi 81, fæddur 14. febrúar 1951 í Reykjavík, kom fyrir rannsóknarlögreglu nú í kvöld til yfirheyrslu vegna máls þessa, og neitaði hann þá að vera nokkuð viðriðinn mál þetta og ekkert um það vita og ekki heyrt á það minnzt, fyrr en hann hafi lesið um það í dagblaðinu Vísi. Hann kvaðst þekkja Steingrím Steinþórsson og Jón Sigurðsson.

Enda þótt rannsókn máls þessa sé enn á frumstigi, verður þó að telja, að veigamiklar líkur séu fram komnar fyrir því, að nefndur Rúnar Freysteinn Björgvinsson hafi tekið þátt í för upp í Hvalfjörð síðastliðið mánudagskvöld til þess að koma þar fyrir heimatilbúinni sprengju í herskála.

Þar sem rannsókn málsins er á algeru frumstigi enn, en málið virðist allyfirgripsmikið, og ekki hefur enn náðst til allra þeirra, sem fram komnar upplýsingar benda til, að séu sakborningar, og ekki hefur gefizt tími til að taka skýrslur af vitnum, þykir verða, sbr. 1. tölulið 67. gr. laga nr. 82/1961 um rannsókn opinberra mála, að úrskurða kærða, Rúnar Freystein Björgvinsson nemanda, Réttarholtsvegi 81, Reykjavík, í gæzluvarðhald í allt að 14 daga, meðan frekari rannsókn fer fram.

Því úrskurðast:

Rúnar Freysteinn Björgvinsson nemandi, Réttarholtsvegi 81, Reykjavík, sæti gæzluvarðhaldi í allt að 14 daga.

Mánudaginn 19. maí 1969.

Nr. 94/1969. **Valdstjórnin**
gegn
Steingrími Steinþórssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Úrskurð héraðsdóms hefur kveðið upp Haraldur Henrysson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. maí 1969, sem barst dóminum 14. s. m., og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Varnaraðili er grunaður um háttsemi, sem getur varðað hann fangelsisrefsingu eftir ákvæðum XVIII. og XXVII. kafla, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Eru því samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 fyrir hendi skilyrði til gæzluvarðhalds, sem rétt er að beita, eins og á stendur, sbr. 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Kópavogs 11. maí 1969.

Lögregluranns6kn í máli þessu hófst í gær, laugardaginn 10. maí, kl. 2245, en þá kom ungur skólanemandi, Ásmundur Jón Jónsson, Bjarnhólastíg 1 hér í bæ, á lögreglustöðina í Kópavogi og kvaðst hafa upplýsingar fram að færa varðandi tilraun til að

sprengja upp og brenna herskála varnarliðsins uppi í Hvalfirði snemma í síðustu viku. Áframhaldandi rannsókn í máli þessu leiddi í ljós mjög sterkar líkur fyrir því, hverjir hefðu verið viðriðnir þessa meintu tilraun til sprengingar og brennu.

Eiríkur Kolbeinsson skólanemandi, Digranesvegi 44 hér í bæ, fæddur 13. september 1953, hefur skýrt svo frá við lögregluranns óknina, að hann hafi útbúið klukkur þær, sem settar höfðu verið í samband við heimatilbúna sprengju, sem fannst í herskála uppi í Hvalfirði í síðustu viku. Eiríkur kveðst hafa afhent klukkur þessar síðastliðið mánudagskvöld við Tjarnargötu 20 í Reykjavík tilteknum mönnum, sem síðan fóru með þær ásamt sprengjunni og komu þessu fyrir í herskálanum. Sjálfur kveðst Eiríkur ekki hafa farið með.

Samkvæmt upplýsingum Eiríks, sem studdar eru frekari gögnum undir rannsókn málsins, segir hann menn þá, sem fóru með klukkurnar og sprengjuna upp í Hvalfjörð og komu þessu fyrir í herskála þar eftir að hafa hellt steinolíu á gólf skálans í kring, vera þessa: Magnús Sæmundsson kennaraskólanema, Hrauntungu 73, Kópavogi, Guðmund Jóhann Hallvarðsson iðnnema, Auðbrekku 21, Kópavogi, Jón Sigurðsson, 19 ára, til heimilis að Óðinsgötu í Reykjavík, Steingrím, 16—17 ára, til heimilis í Reykjavík, og Helga Kúld, fullorðinn mann, til heimilis í Kópavogi.

Steingrímur Steinþórsson menntaskólanemi, Flókagötu 57, fæddur 15. janúar 1951 í Reykjavík, kom fyrir rannsóknarlögreglu nú í kvöld til yfirheyrslu vegna máls þessa, og neitaði hann með öllu að vita nokkuð um mál þetta annað en það, sem í dagblöðum greindi. Hann kannaðist við að þekkja þá Magnús Sæmundsson og Rúnar Björgvinsson.

Það þykir ljóst, þrátt fyrir það að rannsókn málsins sé enn skammt komin, að miklar líkur séu til þess, að nefndur Steingrímur Steinþórsson hafi síðastliðið mánudagskvöld tekið þátt í för upp í Hvalfjörð til að koma þar fyrir heimatilbúinni sprengju í herskála þar.

Þar sem rannsókn málsins er enn á byrjunarstigi og ekki hefur enn náðst til allra þeirra, sem framkomnar upplýsingar benda til, að séu sakborningar, og ekki hefur gefizt tími til að yfirheyra ýmis vitni, þykir verða, sbr. 1. tölulið 67. gr. laga nr. 82/1961 um rannsókn opinberra mála, að úrskurða Steingrím Steinþórsson nemanda, Flókagötu 57, Reykjavík, í gæzluvarðhald í allt að 14 daga, á meðan frekari rannsókn stendur yfir.

Því úrskurðast:
Steingrímur Steinþórsson nemandi, Flókagötu 57, Reykjavík, sæti gæzluvarðhaldi í allt að 14 daga.

Miðvikudaginn 21. maí 1969.

Nr. 190/1968. **G. Þorsteinsson og Johnson h/f**
(Jón N. Sigurðsson hrl.)
gegn
Málmiðjunni h/f og gagnsök
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. október 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 8 s. m. Krefst hann, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til greiðslu kr. 47.838.98 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar til 12. júní 1965 og með 1% vöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 27. nóvember 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. s. m. Krefst hann sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Baldur Ólafsson, framkvæmdastjóri og stjórnarformaður gagnáfrýjanda, og Garðar Þorsteinsson, forstjóri aðaláfrýjanda, áttu vorið 1965 viðræður um viðskipti þau, sem málið fjallar um. Í þinghaldi 27. febrúar 1967 kveðst Baldur Ólafsson ekki minnast þess, að í þessum viðræðum hafi verið

samið um ákveðinn gjaldfrest á andvirði vélarinnar. Hins vegar „hafi hann dregizt á það að greiða vélina með það í huga, að Blikksmiðja Akraness myndi kaupa hana, en eigi hafi orðið úr kaupunum af hálfu blikksmiðjunnar". Hinn 8. júní 1966 ritaði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda bréf, þar sem m. a. er sagt: „Um miðjan síðastliðinn mánuð gáfuð þér ákveðið loforð um að koma hingað á skrifstofu vora og gera þessi viðskipti upp fyrir 28. maí 1966". Var þetta efni bréfsins borið undir Baldur Ólafsson í sama þinghaldi, sem kvað „þar rétt frá greint, og tekur fram í því sambandi, að hann hafi ekki fengið heimild meðeigenda sinna til greiðslunnar". Þetta greiðsluloforð er bindandi fyrir gagnáfrýjanda, og ber því að dæma hann til að greiða aðaláfrýjanda andvirði vélarinnar, kr. 47.838.98, en þessi fjárhæð er ekki tölulega vefengd, ásamt 7% ársvöxtum frá birtingu stefnu í héraði, 2. september 1966, til greiðsludags. Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Málmiðjan h/f, greiði aðaláfrýjanda, G. Þorsteinsson og Johnson h/f, kr. 47.838.98 ásamt 7% ársvöxtum frá 2. september 1966 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 18. júní 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. maí s.l., hefur stefnandi, firmað G. Þorsteinsson & Johnson h/f, Reykjavík, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 31. ágúst 1966, á hendur Málmiðjunni h/f, Vallholti 3, Akranesi, til greiðslu verzlunarskuldar að fjárhæð kr. 47.838.98 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1965 til 12. júní 1965, en 1% vöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst algerrar sýknu og að honum verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu samkvæmt reikningi eða mati dómsins.

Stefnandi kveður tildrög máls þessa vera þau, að á árinu 1964 hafi hann selt stefnda vél til vinnslu á málmlistum ásamt fylgihlutum. Andvirði vélarinnar með söluskatti hafi numið stefnufjárhæðinni, eða kr. 47.838.98. Vélin hafi verið afgreidd til stefnda í október 1964, en andvirði hennar hafi ekki fengizt greitt þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir og hafi stefndi einkum borið því við, að vél sú, sem keypt var, hentaði ekki til þeirrar framleiðslu, sem henni var ætluð.

Nokkur bréfaviðskipti höfðu farið fram á milli aðilja, áður en til málssóknar kom, og þykir rétt að rekja efni þeirra.

Með bréfi, dags. 28. maí 1966, krefur stefnandi stefnda skriflega fyrst um skuldina. Þessu bréfi svarar stefndi með bréfi, dags. 5. júní 1966, þar sem hann hafnar greiðsluáskorun stefnanda á þeim forsendum, að vélin hafi reynzt með öllu ónothæf til þess verks, sem henni var ætlað, og kveðst stefndi hafa tilkynnt stefnanda það þegar í stað, eftir að kaupin gerðust og fullreynt var, að vélin reyndist ekki hæf. Í þessu bréfi neitar stefndi algerlega að greiða vélina og óskar þess, að stefnandi taki hana aftur.

Þessu bréfi svarar stefnandi hinn 8. júní 1966. Þar tekur hann fram, að stefndi hafi ákveðið, hvaða gerð af vél hentaði til að búa til lista þá, sem til var ætlazt. Stefnandi kveðst hafa fyrir þeirra hönd sent út til verksmiðjanna sýnishorn af þeim listum, sem hún átti að framleiða, til þess að hægt væri að ákveða, hvernig valsa skyldi smíða í vélina, en eftir að vélin hafi komizt í hendur stefnda, hafi honum orðið ljóst, að hún gat ekki framleitt umrædda lista eins nákvæmlega og hann þurfti á að halda.

Af þessu leiði, að stefndi beri algerlega ábyrgð á því, hvaða vél var valin. Þegar stefnanda var aftur á móti kunnugt um vandræði hans, hafi hann reynt að hjálpa til að leysa málið, þó að það hafi ekki tekizt á viðunandi hátt.

Þá kveðst stefnandi hafa varið bæði fé og fyrirhöfn til þess að reyna að selja vélina fyrir stefnda, en án árangurs. Einnig bendir hann á, að fullt samkomulag hafi orðið um það vorið 1965 milli forstjóra stefnanda og framkvæmdastjóra stefnda, að stefndi greiddi vélina með ákveðnum gjaldfresti, en við þann samning hafi ekki verið staðið af stefnda hálfu og því borið við, að meðeigendur hefðu ekki viljað samþykkja gert samkomulag.

Veturinn 1965 hafi þetta mál verið margrætt við forstjóra stefnda í síma og stefndi ekki talið neitt því til fyrirstöðu að greiða vélina, sérstaklega ef stefnandi seldi fyrir hann aðra vél eða vélar og notaði andvirði af þeirri sölu til greiðslu umræddrar

vélar. Í maí 1966 hafi svo forstjóri stefnda gefið ákveðið loforð um að koma á skrifstofu stefnanda og gera þessi viðskipti upp fyrir 28. maí 1966. Þar sem ekki hafi verið staðið við þetta loforð, hafi ekki verið um annað að ræða fyrir stefnanda en að krefja skuldina, svo sem gert hafi verið.

Með bréfi, dags. 18. júní 1966, mótmælir stefndi því með öllu, að hann hafi valið eða ákveðið, hvaða gerð af vél mundi henta til framleiðslu á listum þeim, sem hér um ræðir. Eftir að sýnishorn af listum þeim, sem vélin átti að framleiða, höfðu verið sendir viðkomandi verksmiðju, hafi stefnandi gefið þær upplýsingar, að vélin gæti framleitt slíka lista, og hafi það ráðið úrslitum, að vélin var pöntuð. Í bréfinu ítrekar stefndi, að stefnandi taki vélina í sínar vörzlur.

Þessu bréfi svarar stefnandi 1. júlí s. á og ítrekar, að hann hafi aldrei tekið að sér fyrir neina aðilja að velja vélar til ákveðinnar framleiðslu, eins og um geti í bréfinu.

Í bréfi stefnda, dags. í september 1966, til lögmanns þeirra kemur fram lýsing á málsatvikum, og þykir því rétt að rekja efni þess í fáum dráttum.

Stefndi skýrir svo frá, að á árinu 1964 hafi hann gert pöntun hjá stefnanda á vél, er vinna átti ákveðinn hlut í framleiðslu á miðstöðvarofnum, þ. e. a. s. loftspjöld, sem er einn hluti ofnsins. Forstjóri stefnda, Baldur Ólafsson, kveðst hafa farið til stefnanda og var þá vísað til starfsmanns hans, Ragnars Guðmundssonar vélstjóra, sem hafði með að gera tæknilegan undirbúning að pöntun véla. Kveðst forstjórinn hafa beðið hann að athuga, hvort vél, er hann hafði í huga, svonefndur hjólavals, mundi henta til þeirrar framleiðslu, sem hann þurfti á að halda, og afhent honum jafnframt sýnishorn af loftspjöldum þeim ásamt fjöðrum, sem falla áttu inn í rauf á spjöldunum, en spjöldin síðan að velta í fjöðrinni. Eftir þessar viðræður hafi stefnandi skrifað verksmiðjunni og sent þau sýnishorn, er hann hafði afhent honum.

Svar hafi borizt fljótlega, þar sem sagt var, að vél þessi mundi henta til áðurgreindra nota og þyrfti aðeins að smíða í hana sérstök hjól, sem verksmiðjan mundi annast. Eftir þetta svar ákvað forstjórinn að panta vélina.

Meðan á afgreiðslufrestinum stóð, hafi svo borizt teikningar af þeim sérstöku hjólum, sem smíða átti, og hafi Ragnar Guðmundsson afhent sér þær, svo að hann gæti glöggvað sig á, hvernig framleiðsla þessi ætti að fara fram.

Þegar svo vélin kom og farið var að reyna hana, kom í ljós,

að hún vann ekki eins og til var ætlazt, og kveðst forstjórinn hafa tilkynnt stefnanda það strax. Skrifaði stefnandi þá verksmiðjunni og bar fram kvartanir sínar, en svar barst á þá leið, að breyta mætti völsum vélarinnar, og var það gert, en kom ekki að gagni. Forstjórinn kveðst þá hafa leitað aðstoðar Magnúsar Hallfreðssonar tæknifræðings og hafi hann rannsakað fyrst teikningar þær, sem komu af völsunum, og komizt að raun um, að ekki væru neinir möguleikar til að framleiða loftspjöld með þeim völsum og efazt um hæfni vélarinnar til þeirra nota. Að ráði Magnúsar Hallfreðssonar hafi verið búnir til nýir valsar, en þeir hafi ekki komið að gagni.

Ástæðan fyrir því, að ekki var hægt að nota þessa vél, hafi verið sú, að spjöldin, sem úr henni komu, urðu teygð og hvergi nærri bein, svo að raufin varð mjög misvíð og of grunn, þannig að ekki var möguleiki á að koma fjöðrinni í hana.

Tvö vitni hafa komið fyrir dóm svo og framkvæmdastjórar málsaðilja. Skulu nú framburðir þeirra raktir, svo sem tilefni gefst til.

Vitnið Magnús Hallfreðsson tæknifræðingur hefur borið, að fljótlega eftir að vélin kom til stefnda, hafi verið leitað til sín vegna erfiðleika við framleiðslu á loftspjöldum í ofna þá, sem Málmiðjan h/f, Akranesi, framleiðir. Við athugun sína hafi hann komizt að þeirri niðurstöðu, að vél sú, sem hér um ræðir, hafi í eðli sínu verið þannig upp byggð og unnið eftir þeim grundvallarlögmálum um breytingu og lögun málma, að mjög hæpið, ef ekki með öllu útilokað, væri að nota hana við áðurgreinda framleiðslu. Þó hafi verið eftir ráðleggingum sínum gerð tilraun til þess að bæta úr þessu með því að smíða ný hjól í valsinn. Það, sem hann telji réttlæta þessa tilraun, var fyrst og fremst það, að hjól þau, sem fylgdu vélinni, voru að stærð og lögun fjarri því, sem vitnið kvaðst álíta, að þau ættu að vera. Þessi tilraun hafi svo ekki borið tilætlaðan árangur.

Vitnið Ragnar Þór Guðmundsson hefur borið, að það hafi séð um umrædda pöntun af hálfu stefnanda. Það kveður Baldur Ólafsson, framkvæmdastjóra stefnda, hafa afhent málmlista og fjöður og teikningu af listunum. Vitnið sá ekki um bréfaskriftir í sambandi við pöntun vélarinnar, hins vegar kveðst það hafa komið fyrrnefndum gögnum, sem Baldur Ólafsson kom með, í hendur þess manns, sem sá um bréfaskriftirnar, og telur vitnið, að það hafi verið Garðar Þorsteinsson. Vitnið skýrir svo frá, að undirbúningi að pöntun vélarinnar hafi verið þannig hagað, að

Baldur Ólafsson hafi komið að máli við vitnið og innt það eftir því, hvort fyrirtæki stefnanda gæti útvegað vél til að annast framleiðslu á sams konar málmlistum og lagðir hafa verið fram í málinu sem dskj. nr. 13. Hafði Baldur þá slíka lista meðferðis.

Vitnið kveðst hafa sýnt Baldri myndir af hugsanlegum vélum og hafi þá Baldur fengið áhuga á einni vél. Var þá skrifað út til framleiðanda vélarinnar og innt eftir því, hvort vélin gæti framleitt slíka lista. Með þessu bréfi telur vitnið, að gögn þau, er Baldur hafði meðferðis, hafi verið send. Þegar svo jákvætt svar barst, ákvað Baldur að panta vélina. Vitnið kvaðst ekki muna það með vissu, hvort um það hafi verið rætt milli þeirra Baldurs, að vélin ætti að framleiða sams konar lista og dskj. nr. 13, en a. m. k. kveðst það hafa tekið það þannig, og tekur það fram í því sambandi, að Baldur hafi komið með bút af sams konar lista um 20 cm langan og hafi hann verið alveg beinn.

Garðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri stefnanda og einn af hluthöfum félagsins, hefur borið eftirfarandi: Hann kveðst hafa séð um pöntun á vél þeirri, sem hér um ræðir, hjá framleiðanda. Baldur Ólafsson, framkvæmdastjóri og einn af eigendum stefnda, hafði, áður en pöntun vélarinnar var gerð, komið með málmlista til sín og óskað eftir því, að hann yrði sendur út til framleiðanda vélarinnar með fyrirspurn um það, hvort vélin gæti framleitt þess konar lista. Hafi jákvætt svar borizt frá framleiðanda vélarinnar og hann þá ákveðið að panta vélina.

Hann tekur fram, að Baldur hafi þegar verið búinn að hugsa sér þessa gerð af vél, án þess að stefnandi hefði nein afskipti af þeirri ákvörðun. Fljótlega eftir að vélin kom í hendur stefnda, hafi þeir kvartað undan því við forsvarsmenn stefnanda, að vélin gæti ekki framleitt þá lista, sem hún var keypt til. Hafi þá forsvarsmenn stefnanda boðizt til að reyna að útvega nýja valsa í vélina, en þar sem stefnda hafi legið mjög mikið á, hafi þeir leitað til vélsmiðju hér í borginni til þess að fá framleidda nýja valsa eða breyta þeim, sem með henni höfðu komið, en þetta hafi orðið árangurslaust.

Þegar hér var komið, kveður hann stefnda hafa farið að malda í móinn með að greiða vélina.

Um vorið 1965 hafi hann verið staddur á Akranesi og þá átt tal við Baldur Ólafsson. Þá hafi orðið samkomulag milli þeirra um það, að stefndi greiddi vélina með ákveðnum gjaldfresti, en það hafi brugðizt og hafi Baldur skýrt það þannig, að hann hefði eigi fengið samþykki meðeigenda sinna til þess. Síðan segir hann,

að stefnandi hafi leitazt við að selja vélina fyrir stefnda að beiðni hans. Þá tók hann fram, að þegar vélin var pöntuð, hafi kaupendur ekki bent á, að framleiðsla nefndra lista þyrfti að vera nákvæm, enda hafi stefndi aldrei gefið upp neinar upplýsingar um tóleransa.

Síðar kveður hann stefnda hafa fengið þær upplýsingar hjá þýzku verkfræðifirma, að eigi væri unnt að framleiða þessa lista eins nákvæmlega eins og nauðsyn væri, þar sem alltaf kæmi einhver vindingur á málminn úr slíkri vél og nauðsynlegt væri að nota pressu til framleiðslunnar.

Hann tók fram, að stefnandi hafi kvartað við framleiðendurna, er í ljós kom, að eigi væri hægt að framleiða á fullnægjandi hátt áðurgreinda lista í vélinni, en þessari kvörtun hafi þó ekki verið fylgt eftir, fyrst og fremst sökum þess, að stefnda hafi legið svo á að hefja framleiðslu með vélinni, og í öðru lagi vegna þess, að stefndi hafi leyst málið á annan hátt, eða með því að taka í notkun pressuvél.

Þá tók hann fram, að hann væri viss um, að svar hefði borizt frá framleiðanda vélarinnar við fyrrgreindri kvörtun stefnanda, en svarbréf þetta hefur ekki verið lagt fram í málinu, sökum þess að samkvæmt upplýsingum stefnanda hefur það ekki fundizt í vörzlum hans.

Baldur Ólafsson, framkvæmdastjóri og stjórnarformaður stefnda, hefur borið eftirfarandi fyrir dómi:

Hann kveðst hafa afhent Ragnari Guðmundssyni hjá stefnanda, áður en hann pantaði umrædda vél, sýnishorn af málmlista þeim, sem vélin átti að framleiða, ásamt fjöður í málmlistann svo og teikningu af honum. Þessi sömu gögn kveðst hann hafa afhent öðru þýzku fyrirtæki eftir að hafa gefizt upp á að framleiða listana með hinni umdeildu vél og hafi það fyrirtæki tjáð sér, að eigi væri unnt að framleiða þessa lista á fullnægjandi hátt með þeirri tegund vélar, sem stefndi hafði pantað, heldur þyrfti að nota annað hvort pressuvél eða lockformer við framleiðsluna. Þá tók hann fram, að vél sú, sem hér er um deilt, hafi einungis átt að gera stillur í málmlistann og síðan hafi átt að fullvinna hann í öðrum vélum.

Hann kveðst minnast þess, að Garðar Þorsteinsson hafi rætt þetta mál við sig á Akranesi 1965, og hafi þá komið fram hjá þeim báðum vilji í þá átt að reyna að leysa málið á friðsamlegan hátt og þá með því móti, að báðir aðiljar féllust á að selja vélina. Ekki kveðst hann minnast þess, að samið hafi verið um, að stefndi

fengi gjaldfrest á vélinni, en hins vegar kveðst hann hafa fallizt á það að greiða vélina með það í huga, að Blikksmiðja Akraness mundi kaupa hana, en úr þeim kaupum hafi ekki orðið og hafi hann rætt þá þetta mál við meðeigendur sína, sem hafi óskað eftir, að leitað yrði til lögfræðings með málið.

Þá var fyrir dóminum eftirfarandi málsgrein úr bréfi stefnanda til stefnda borin undir hann, þ. e. dskj. nr. 4.: „Á síðastliðnum vetri og vori hefur mál þetta verið marg rætt við yður í síma og þér ekki talið neitt því til fyrirstöðu að greiða vélina, sérstaklega ef vér seldum fyrir yður aðra vél eða vélar og notuðum andvirðið af þeirri sölu til greiðslu umræddrar vélar". Hann kveður þetta rétt, að stefndi hafi lofað að greiða vélina, ef stefnanda tækist að selja vél þá, sem um var talað, en það hafi ekki tekizt.

Þá var eftirfarandi grein lesin fyrir framkvæmdastjórann: „Um miðjan síðastliðinn mánuð gáfuð þér ákveðið loforð um að koma hingað á skrifstofu vora og gera þessi viðskipti upp fyrir 28. maí 1966. Þar sem þér ekki stóðuð við þetta munnlega loforð, sjáum vér okkur ekki annað fært en að senda yður kröfubréf til að knýja fram lausn á þessu máli, sem dregizt hefur allt of lengi".

Framkvæmdastjórinn kvað þarna rétt frá greint, en tekur fram í því sambandi, að hann hafi ekki fengið heimild meðeigenda sinna til greiðslunnar og af þeim sökum hafi ekki af henni orðið. Þá segir hann, að framleiðandi vélarinnar hafi gert teikningu af völsum þeim, sem framleiðslan átti að fara fram í, og hafi þær teikningar verið sendar hingað til landsins, um það bil viku eða 10 dögum áður en stefndi fékk vélina í hendur.

Með bréfi, dags. 24. nóvember 1964, skýrir stefnandi framleiðanda vélarinnar frá því, að hjólavalsar þeir, er fylgdu vélinni, hafi ekki unnið eins og til var ætlazt. Hann getur þess enn fremur í bréfinu, að með pöntun vélarinnar hafi verið sent sýnishorn af þeim loftspjöldum, sem vélin átti að framleiða. Í bréfinu skýrir hann frá, að komið hafi fram af hálfu stefnda alvarlegar kvartanir, og biður um tillögur til úrbóta. Ekki verður séð á skjölum málsins, að svar við þessu bréfi stefnanda hafi nokkurn tíma borizt.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að hér sé um lausafjárkaup að ræða. Vélin hafi frá upphafi verið í vörzlu stefnda. Hann hafi að vísu kvartað undan því, að vélin hentaði ekki til þeirrar framleiðslu, sem henni var ætlað, en um slíkt verði stefnandi ekki

sakaður, þar sem forsvarsmenn stefnda hafi valið vélina. Vélin hafi komið í hendur stefnda á árinu 1964 og þeir ekki borið fyrir sig riftunarástæður fyrr en með bréfi, dags. 5. júní 1966. Með þessum langa drætti hafi þeir firrt sig öllum vörnum í málinu.

Stefndi reisir sýknukröfur sínar á því, að hann hafi keypt vél þá, sem hér um ræðir, í þeirri góðu trú, að hún væri hæf til að vinna það verkefni, sem henni var ætlað, og haft til þess fyllstu ástæðu, þar sem framleiðandi hennar hafi fullyrt, að svo væri. Þegar svo vélin kom, reyndist hún með öllu óhæf til þess hlutverks, sem henni var ætlað, og breytingar þær, sem á henni voru gerðar, reyndust haldlausar. Með þessu hafi allar forsendur fyrir kaupunum verið brostnar og beri stefnda því ekki að greiða andvirði hennar.

Þá hefur stefndi haldið því fram, að allur sá ádráttur, sem forsvarsmaður stefnda gaf um greiðslur, hafi verið skilorðsbundinn og á engan hátt bindandi. Leiði þetta til þess, að sýkna beri í málinu.

Hafa nú verið rakin í helztu dráttum viðhorf aðilja í málinu, eins og þau koma fram í skjölum þess og við munnlegan málflutning. Hinir sérfróðu dómendur hafa skoðað hina umdeildu vél. Þá hafa þeir einnig skoðað sýnishorn af málmlistum þeim, sem lagðir hafa verið fram sem dskj. nr. 12 og 13. Þeir eru sammála um, að tæknilegum undirbúningi að pötun vélarinnar hafi ekki verið ábótavant. Það er óumdeilt í málinu, að vélin, eins og hún kom í hendur stefnda, hafi reynzt óhæf til að framleiða þá hluti, sem henni var ætlað, og að stefndi kom fljótlega á framfæri við stefnanda kvörtunum út af því, að vélin væri óhæf til þeirrar framleiðslu, sem henni var ætluð.

Þá er það enn fremur upplýst, að stefnandi afhenti stefnda vélina án þess að krefjast greiðslu eða neinnar tryggingar. Kvartanir stefnda leiddu til þess, að stefnandi skrifaði framleiðanda vélarinnar bréf og fór fram á, að bætt yrði úr göllum þeim, sem á vélinni voru og hann taldi, að verksmiðjan ætti sök á. Ekki er þó ljóst, hvers vegna hann framfylgdi ekki þessum kvörtunum sínum frekar.

Báðir málsaðiljar virðast hafa verið sammála um að reyna að bæta úr þeim ágöllum, sem á vélinni voru, og er í ljós kom, að það reyndist óframkvæmanlegt, þá að reyna að selja hana.

Meðan á þessu stóð, gaf forsvarsmaður stefnda stefnanda skilorðsbundinn ádrátt um greiðslu. Þegar sá greiðsludráttur er

skoðaður í ljósi undangenginnar viðleitni beggja málsaðilja til þess að bæta úr mistökum þeim, sem framleiðandi vélarinnar hafði gert, verður ekki unnt að líta svo á, að hér hafi verið um bindandi greiðsluloforð að ræða.

Svo sem að framan greinir, kom stefndi, fljótlega eftir að vélin kom í þeirra hendur, kvörtunum á framfæri við stefnanda um það, að vélin gæti ekki framleitt þá lista, sem hún var keypt til. Verður því ekki fallizt á þá skoðun stefnanda, að stefndi hafi firrt sig rétti til þess að bera fyrir sig þá annmarka á kaupunum.

Eftir þessu ber með hliðsjón af öllum málsatvikum að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eins og málsatvikum er háttað, þykja ekki efni standa til að dæma stefnda málskostnað, og ber að fella hann niður.

Dóm þennan kvað upp Kristján Jónsson borgardómari ásamt meðdómendunum Jóhanni Zoëga verkfræðingi og Andrési Guðjónssyni tæknifræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Málmiðjan h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, G. Þorsteinsson & Johnson h/f, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 21. maí 1969.

Nr. 69/1969. **The Richards Company Incorporated**
(Bjarni Beinteinsson hdl.)
gegn
Aðalsteini Brynjólfssyni og gagnsök
(Skúli J. Pálmason hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál. Gengi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. apríl 1969 og krafizt þess, að gagnáfrýjanda verði

dæmt að greiða honum $ 180.00 ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern „byrjaðan mánuð“ frá 1. október 1968 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 18. apríl 1969, og eru kröfur hans þessar:

Aðalkrafa, að honum verði dæmd sýkna.

I. varakrafa, að samningur hans við Handbækur h/f frá 17. júlí 1967 verði dæmdur ógildur og aðaláfrýjanda dæmt að endurgreiða honum fé það, sem hann þegar hefur innt af hendi samkvæmt samningnum, gegn því, að hann skili bókum þeim, sem hann hefur tekið við.

II. varakrafa, að honum verði einungis dæmt að greiða aðaláfrýjanda andvirði umræddra bóka, miðað við sölugengi bandaríkjadollara hinn 17. júlí 1967.

III. varakrafa, að honum verði einungis dæmt að greiða aðaláfrýjanda krafða skuld, miðað við sölugengi bandaríkjadollara, þá er hver einstök greiðsla átti að fara fram samkvæmt samningi.

Loks krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi flutti bækur þær, sem í máli þessu greinir, sjálfur til Íslands og fól Handbókum h/f sölumeðferð þeirra í umsýslu, þannig að eignarréttur aðaláfrýjanda til þeirra héldist, unz þær væru greiddar, enda þótt umsýsluaðilinn kæmi fram sem seljandi gagnvart kaupanda. Gagnáfrýjandi skuldbatt sig til að kaupa þær fyrir 240 bandaríkjadollara auk 18 dollara söluskatts og að öðru með þeim skilmálum, sem í samningi hans við umsýsluaðiljann, Handbækur h/f, frá 17. júlí 1967 segir. Gagnáfrýjandi hefur greitt af kaupverðinu í íslenzkum krónum jafnvirði 78 bandaríkjadollara, miðað við gengi á greiðsludegi. Eins og málið er lagt í dóm, verður við það að miða, að þessir 78 bandaríkjadollarar hafi farið til greiðslu á söluskatti og afgangurinn til aðaláfrýjanda. Gagnáfrýjandi skuldar því enn 180 bandaríkjadollara. Samkvæmt gögnum máls og málflutningi nemur sölukostnaður bókanna hér á landi 60 bandaríkjadollurum. Þessi fjárhæð er í eðli sínu greiðsla frá kaupanda, vistföstum á Íslandi,

til aðilja, sem einnig eru vistfastir hér á landi, en afgangurinn, 120 bandaríkjadollarar, eru í raun réttri greiðsla frá aðiljum, vistföstum á Íslandi, til aðilja, vistfastra erlendis, jafnvel þótt hérlendur umsýsluaðili kæmi fram gagnvart gagnáfrýjanda sem seljandi. Að málavöxtum athuguðum og samkvæmt grunnreglum 1. mgr. og 3. mgr. 1. gr. laga nr. 71/1966 ber því að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda 60 bandaríkjadollara í íslenzkum krónum eftir gengi í Reykjavík hinn 17. júlí 1967 og 120 bandaríkjadollara í íslenzkum krónum eftir gengi í Reykjavík á greiðsludegi. Með tilvísun til raka héraðsdóms ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda 7% ársvexti af dæmdum fjárhæðum frá 30. janúar 1969 til greiðsludags.

Rétt er, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðs kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Aðalsteinn Brynjólfsson, greiði aðaláfrýjanda, The Richards Company Incorporated, 60 bandaríkjadollara í íslenzkum krónum eftir gengi í Reykjavík hinn 17. júlí 1967 og 120 bandaríkjadollara í íslenzkum krónum eftir gengi í Reykjavík á greiðsludegi ásamt 7% ársvöxtum frá 30. janúar 1969 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. apríl 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var, að afloknum munnlegum málflutningi, þann 24. marz s.l., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 30. janúar s.l., af The Richards Company Inc., 635 Madison Avenue, New York 22, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, gegn Aðalsteini Brynjólfssyni, nú til heimilis að Nesvegi 55, en áður til heimilis að Grandavegi 4, Reykjavík.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að

greiða sér U.S. $ 180.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. október 1968 til greiðsludags og málskostnað að mati dómsins. Við munnlegan málflutning gerði stefnandi þá varakröfu, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnufjárhæðina í íslenzkum krónum, miðað við gengi hennar gagnvart Bandaríkjadollara á gjalddaga hverrar afborgunar samkvæmt samningi á dskj. nr. 5.

Stefndi hefur gert þá aðalkröfu, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, til vara, að umræddum kaupum verði rift, til þrautavara, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða þá upphæð í íslenzkum krónum, er samsvari hinni erlendu upphæð, á því gengi, er gilti, er kaupsamningur var gerður, og loks til þrauta-þrautavara, að hann verði einungis dæmdur til að greiða umsamið kaupverð, miðað við gengi það, er gilti, er umsamdar greiðslur áttu að fara fram. Við munnlegan málflutning gerði stefndi þá viðbótarkröfu við þrautavarakröfu sína, að stefnda yrði gefinn kostur á, ef þrautavarakrafan yrði tekin til greina, að greiða stofnfjárhæð dómskuldarinnar með afborgunum, kr. 775.00 á mánuði.

Kröfu þessari mótmælti lögmaður stefnanda þegar sem of seint fram kominni.

Í öllum tilvikum hefur stefndi krafizt málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins, hvernig svo sem málið fari.

Mál þetta var upphaflega höfðað sem áskorunarmál, en er nú rekið í samræmi við 9. gr. laga nr. 49 frá 1. maí 1968.

Stefndi hafði gert kröfu um frávísun málsins, en féll frá þeirri kröfu í þinghaldi þann 13 marz s.l.

Stefndi hafði krafið stefnanda um framlagningu málskostnaðartryggingar, og hefur hún verið lögð fram með samkomulagi aðilja.

Sættir hafa verið reyndar í málinu án árangurs.

I.

Málavöxtum lýsir stefnandi svo, að hinn 17. júlí 1967 hafi stefndi gert kaupsamning við stefnanda um kaup á tveim bókaflokkum: „The Book of Art" í 10 bindum og „The basic home library", einnig í 10 bindum. Umboðssali stefnanda hér á landi, Handbækur h/f, hafi annazt samningsgerðina fyrir hönd stefnanda. Með samningnum hafi stefndi skuldbundið sig til að greiða kaupverðið, U.S. $ 240.00, auk söluskatts, U.S. $ 18.00, til Handbóka h/f, sem þá hafi einnig annazt fyrir stefnanda innheimtur á öllum samningsfjárhæðum og greiðslur á söluskattinum til bæj-

arfógetaembættisins í Kópavogi, en þar hafi heimilisfang Handbóka h/f verið.

Samkvæmt kaupsamningnum hafi stefnda borið að greiða við undirritun samningsins U.S. $ 24.00, en eftirstöðvarnar, U.S. $ 234.00, með jöfnum mánaðarlegum afborgunum, hverri að fjárhæð U.S. $ 18.00, þar til upphæðin væri að fullu greidd. Gjalddagi fyrstu afborgunarinnar skyldi vera 1. október 1967, en hinn síðasti 1. október 1968.

Stefnandi segir í greinargerð sinni, að við fyrri hliðstæðar samningsgerðir stefnanda hér á landi hafi sá háttur verið hafður á, að kaupendur hafi gefið út eiginvíxla fyrir andvirði hins selda, en greiðsluviðtakandi á þeim hafi verið skráður stefnandi þessa máls. Víxlar þessir hafi verið sendir hérlendum bönkum til innheimtu, sem síðan hafi lagt andvirði þeirra inn á hlaupareikning stefnanda í útibúi Landsbanka Íslands, Laugavegi 77, Reykjavík. Þessi innheimtuaðferð hafi hins vegar eigi gefizt vel, þar eð skilagreinar hafi borizt seint frá ýmsum bönkum og einnig hafi ýmsir kaupendur reynzt tregir til að gangast undir víxilskuldbindingar í sambandi við kaupin.

Á miðju ári 1967 hafi því sá háttur verið tekinn upp að fella niður innheimtu með víxlum, en ákveðið að haga innheimtu afborgana þannig, að mánaðarlega fengi kaupandi senda tilkynningu um gjalddaga ásamt póstávísunarformi, svo sem hér umræddur kaupsamningur beri með sér, dskj. nr. 5. Þessi innheimtuaðferð hafi heldur ekki gefizt vel, þar sem allmikil brögð hafi verið að því, að greiðslur bærust ekki á réttum tíma. Sá háttur hafi verið hafður á, að félli ein mánaðargreiðsla niður hafi næsta póstávísunareyðublað verið útfyllt af Handbókum h/f með tvöfaldri fjárhæð. Hafi þó oft komið fyrir, að vanskilagreiðslan hafi borizt, eftir að seinna eyðublaðið hafði verið sent út, og hafi þetta valdið allmiklum ruglingi og misskilningi hjá kaupendum. Ýmsir kaupendur hafi einnig tekið að greiða afborganir sínar á sjálfri skrifstofu Handbóka h/f, án þess að þeir notuðu póstávísunareyðublöðin, einkanlega þeir, sem hafi viljað greiða fleiri en eina afborgun í einu. Af þessum sökum m. a. hafi verið gripið til þess ráðs að óska eftir því, að Innheimtuskrifstofan Tjarnargötu 10, Reykjavík, annaðist innheimtuna.

II.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að stefndi hafi gert við stefnanda samning hinn 17. júlí 1967 um kaup á áðurnefndum

bókum og með honum hafi stefndi skuldbundið sig til að greiða stefnanda fyrir þær samtals U.S. $ 258.00. Við undirritun samningsins hafi stefndi greitt U.S. $ 24.00 og síðar U.S. $ 54.00. Meira hafi stefndi hins vegar ekki fengizt til þess að greiða þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir og nemi skuld stefnda við stefnanda því stefnufjárhæðinni.

Stefnandi byggði málatilbúnað sinn í upphafi á viðskiptareikningi, sem lagður hefur verið fram í málinu. Hann ber með sér, að við undirritun samningsins hafi verið greiddir U.S. $ 24.00 og síðan þrjár afborganir, U.S. $ 18.00 hver.

Verða nú kröfur stefnda teknar til athugunar hver fyrir sig.

1. *Aðalkrafa.*

Stefndi rökstyður sýknukröfu sína með tilvísun til 45. gr. laga nr. 85 frá 1936, lokamálsgrein. Hann hafi aldrei orðið samningsbundinn gagnvart stefnanda þessa máls um greiðslur vegna andvirðis umræddra bóka. Slíkan samning hafi hann hins vegar gert við innlendan aðilja, Handbækur h/f, sem hafi áskilið sér eignarréttarfyrirvara í hinu selda, þar til það væri að fullu greitt. Við munnlegan málflutning sagði lögmaður stefnda, að samningurinn sjálfur bæri þetta með sér, þar sem í honum segi m. a.:

„Ég samþykki að greiða Handbókum h.f. fyrir ofantalið umsamið kaupverð ...“.

Í samningnum sjálfum segi enn fremur, að keyptar bækur teljist eign Handbóka h/f, þar til þær hafi verið að fullu greiddar. Hvergi í samningnum sé um það talað, að Handbækur h/f geri hann f. h. stefnanda. Yfirskrift stefnanda og heimilisfang efst á samningnum skipti ekki máli í þessu sambandi, enda megi líta á áritunina sem eins konar vörumerki. Eignarréttarfyrirvari í samningnum verði ekki skilinn öðruvísi en Handbækur h/f hafi verið eigandi bókanna. Verði samkvæmt þessu að líta á Handbækur h/f sem sjálfstæðan samningsaðilja gagnvart stefnda. Mótmælir stefndi því, að samningur stefnanda og Handbóka h/f á dskj. nr. 8 eigi við hér umrædd viðskipti sérstaklega.

Stefnandi heldur því fram, að eigandi hér umræddrs samnings og kröfuhafi í málinu sé tvímælalaust The Richards Company Inc. Samningurinn sé gerður af Handbókum h/f aðeins í umboði stefnanda og beri þar að hafa í huga samninginn á dskj. nr. 8, þar sem skýrt sé tekið fram í 2. gr. hans, að Handbækur h/f séu sjálfstæður umboðsaðili, sem greitt sé eingöngu með umboðslaunum. Þar sé einnig skýrt tekið fram, að Handbækur h/f ábyrgist, að

það sé löglega stofnað hlutafélag samkvæmt íslenzkum lögum og hafi undir höndum öll þau leyfi og skilríki, sem lögin krefjist.

Við munnlegan málflutning upplýsti lögmaður stefnanda, að eftirgrennslan hefði leitt í ljós, að Handbækur h/f hefðu engin slík leyfi haft.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að þrátt fyrir orðalag samningsins á dskj. nr. 5 hafi aldrei farið á milli mála, að samningurinn hafi verið gerður af Handbókum h/f í umboði stefnanda, enda sé nafn hans skráð stórum stöfum efst á samningseyðublaðinu. Þá er því haldið fram, að ákvæðið í samningnum um, að bækurnar skyldu teljast eign Handbóka h/f, unz þær væru að fullu greiddar, hafi einungis verið sett til hagræðis fyrir aðiljana. Samningur stefnanda og Handbóka h/f á dskj. nr. 8 taki af allan vafa í þessu efni, en í 4. gr. þess samnings segi, að Handbækur h/f samþykki og viðurkenni, að eignarréttur allra vara The Richards Company Inc., sem fluttar séu til Íslands, skuli vera í höndum The Richards Company Inc. og flytjist til kaupenda, er þeir hafi greitt reikninga sína að fullu. Í 2. mgr. sömu greinar samningsins segir svo orðrétt: „Viðurkenni Handbækur, að enda þótt slíkur varningur sé stílaður á reikning þeirra (og/eða Einars Sveinssonar framkvæmdastjóra), skuli Handbækur ekki eiga neinn eignarrétt á eða tilkall til slíks varnings og að slík aðferð við sendingar og stílun er viðhöfð eingöngu til þæginda fyrir alla einstaklinga, félög og ríkisyfirvöld, sem þátt eiga í viðskiptum þeim, er lýst er í samningi þessum".

2. *Varakrafa*

Varakröfu sína styður stefndi þeim rökum, að ef svo verði litið á, að samningur hafi komizt á milli stefnanda og stefnda varðandi umrædd kaup, þá áskilji hann sér rétt til þess að skila aftur umræddum bókum gegn greiðslu þess, er hann hafi þegar innt af hendi. Í umræddum kaupsamningi hafi seljandi skuldbundið sig til, að innheimtu á afborgunum yrði þannig háttað, að mánaðarlega fengi kaupandi senda tilkynningu um gjalddaga ásamt póstávísunarformi. Þessa skuldbindingu hafi seljandi svo gersamlega vanrækt, að stefnda hafi ekki verið gert kleift að standa réttilega í skilum. Seljanda hafi hins vegar mátt vera ljóst, að það væri veruleg forsenda hjá stefnda, að kaupverð hins selda væri greitt reglulega, af ástæðum, sem augljóslega kæmu fram í stefnu. Telur stefndi, að skuldbinding hans hafi svo stórlega

aukizt vegna vanefnda og viðtökudráttar seljanda, að forsendur séu brostnar fyrir oftnefndum skuldbindingum.

Í munnlegum málflutningi vísaði lögmaður stefnda til framburðar stefnda sjálfs fyrir rétti um það, að hann hefði gert ítrekaðar tilraunir til að greiða skuld sína með afborgunum, en enginn hafi verið við af hálfu þess, sem hann telur sig hafa gert samning við, til að taka við greiðslu. Sömuleiðis vísaði lögmaðurinn til framburðar stefnda sjálfs um það, hve margar greiðslutilkynningar hann hafði fengið, og mótmælti sem ósönnuðu, að umbjóðandi hans hefði komið á Innheimtuskrifstofuna í Tjarnargötu 10 hinn 19. febrúar 1968.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að um nokkrar vanefndir eða viðtökudrátt hafi verið að ræða, sem stefnandi beri ábyrgð á. Og þó svo yrði litið á, að um viðtökudrátt væri að ræða, þá var því mótmælt við munnlegan málflutning af hálfu stefnanda, að viðtökudráttur gæti leitt til riftunar. Þessu til stuðnings sagði stefnandi, að hinn 26. janúar 1968 hefði stefnandi ritað öllum viðskiptavinum sínum, og þar á meðal stefnda, bréf, þar sem þeim hafi verið tilkynnt, að frá og með þeim degi annaðist Innheimtuskrifstofan Tjarnargötu 10, Reykjavík, innheimtu fyrir The Richards Company Inc. og beri að senda Innheimtuskrifstofunni greiðslur. Viðbrögð stefnda við þessu bréfi hafi verið þau, að hann hafi komið í Innheimtuskrifstofuna hinn 19. febrúar 1968 og sýnt póstkvittun fyrir greiðslu í nóvember 1967, sem eigi hafði komið fram á reikningsyfirlitinu. Hinn 10. maí 1968 hafi stefndi svo komið enn á skrifstofu hins nýja innheimtuaðilja, svo sem áður greini.

Hin mánaðarlega tilkynning um gjalddaga, sem getið sé um í samningnum, hafi í rauninni aðeins verið fólgin í sendingu áðurnefndra póstávísunareyðublaða. Þar sem sending slíkra eyðublaða hafi fallið niður með sendingu bréfsins, dags. 26. janúar 1968, og þar sem í samningnum hafi verið samið um jafnar mánaðarlegar greiðslur, sem hæfust ákveðinn dag, hafi úr þessu þótt nægilegt að tilkynna kaupendum aðeins um breyttan greiðslustað.

3. *Þrautavarakrafa.*

Þessa kröfu rökstyður stefndi með því, að umræddur kaupsamningur hafi verið gerður hér á landi milli tveggja íslenzkra aðilja og sé því andstæður t. d. 1. gr. laga nr. 71 frá 1966, sbr. og 7. gr. laga nr. 30 frá 1960 og tilheyrandi reglugerð, sbr. lög nr. 92 frá 1965 o. fl.

Til frekari rökstuðnings segir stefndi í greinargerð, að umrædd skuld hafi orðið til hér á landi milli íslenzkra aðilja, að minnsta kosti hafi hinn innlendi seljandi aldrei upplýst, að hann væri að skuldbinda stefnda gagnvart erlendum aðilja, er hefði tilskilin leyfi, né hafi þess sérstaklega verið getið í margræddum kaupsamningi, að kaupverðið væri tryggt miðað við gengi. Sé stefnandi álitinn réttur aðili að stefnukröfunni, hafi hann ekki sýnt fram á, að hann hafi tilskilin leyfi eða vottorð til að krefjast fjárskuldbindinga miðað við gengi, né hafi hann söluleyfi með svo löngum gjaldfresti.

Af hálfu stefnanda er því í fyrsta lagi haldið fram, að ef umræddur kaupsamningur sé talinn gerður milli stefnanda og stefnda í þessu máli, þá sé hann í fullu samræmi við heimildarákvæði 3. mgr. 1. gr. laga nr. 71 frá 1966. Samkvæmt því beri stefnda að greiða stefnukröfuna á því gengi dollara gagnvart íslenzkri krónu, sem sé í gildi á greiðsludegi.

Ef hins vegar samt sem áður yrði talið, að umræddur kaupsamningur hafi verið gerður milli tveggja íslenzkra aðilja, þ. e. a. s. Handbóka h/f og stefnda, þá falli samningurinn eigi að síður undir heimildarákvæði 1. mgr. 2. gr. laga nr. 71 frá 1966, þar sem líta verði svo á, að Handbækur h/f hafi verið að endurlána erlent lánsfé, sem kaupanda beri að endurgreiða á því gengi, sem í gildi sé, þegar endurgreiðslan fari fram. Enn fremur sé ljóst, að hér sé um erlent lánsfé að ræða, þar sem engin greiðsla hafi verið innt af hendi af hálfu Handbóka h/f, er bókasending sú, sem um geti á dskj. nr. 11, hafi borizt til landsins, enda sé það í fullu samræmi við áðurnefnda 4. gr. samnings stefnanda og Handbóka h/f á dskj. nr. 5. Jafnframt sé á innflutningsskjali áritun Seðlabanka Íslands um gjaldfrest á greiðslu sendingarinnar til 15. marz 1967. Bækur þær, sem stefndi hafi keypt, muni einmitt hafa verið úr þessari sendingu.

Við munnlegan málflutning mótmælti lögmaður stefnda því sérstaklega, að nokkuð það væri komið fram í málinu, sem benti til þess, að hér væri um endurlán á erlendu fé að ræða, og þess vegna ætti umrædd lagagrein ekki við.

4. *Þrauta-þrautavarakrafa.*

Stefndi kveður kröfu þessa vera alfarið byggða á viðtökudrætti þeim og vanefndum, sem getið sé í varakröfunni.

Af hálfu stefnanda hefur þessari kröfu verið mótmælt með sama rökstuðningi og gagnvart varakröfu stefnda, en við munn-

legan málflutning gat lögmaður stefnanda þess sérstaklega, að stefnda hefði verið í lófa lagið að losna undan greiðsluskuldbindingu sinni með því að deponera hverri afborgun.

Varakrafa stefnanda, sem fram kom í munnlegum málflutningi, er ekki sérstaklega rökstudd og aukakrafa stefnda, sem kom fram í munnlegum málflutningi, ekki heldur. Þeirri kröfu var mótmælt sem of seint fram kominni. Verður á það fallizt með stefnanda og afstaða því ekki tekin til hennar að öðru leyti.

Stefndi í máli þessu hefur komið fyrir dóm og gefið skýrslu. Stefndi sagði m. a., að ekkert hefði verið rætt um gengi eða hver áhrif skuldbinding í dollurum gæti haft, þegar af þeirri ástæðu, að aðeins hafi verið talað um íslenzkar krónur.

Stefnda voru sýnd í réttinum dskj. nr. 20 og 21, sem eru tilkynningar um afborgun vegna bókakaupa með viðfestu póstávísunarformi. Stefndi kannaðist við að hafa fengið þessar tilkynningar og hafi hann borgað samkvæmt þeim. Er engin tilkynning hafi komið, er næsta afborgun skyldi fram fara samkvæmt samningnum, sagðist stefndi hafa haft samband við Handbækur h/f og spurt, hvernig á þessu stæði. Honum hafi þá verið sagt að bíða rólegum, þar til tilkynning bærist. Engin tilkynning hafi komið fyrr en sú, er greiðsla í maí var innt af hendi samkvæmt, en sú tilkynning hafi ekki verið í sama formi og áðurnefndar tvær. Aðrar tilkynningar sagðist stefndi ekki hafa fengið og því ekki greitt meir og ekki tekizt að ná sambandi við Handbækur h/f, sem hann hafi þó reynt, þar sem honum hafi fundizt þetta eitthvað skrýtið. Þá sagði stefndi, að greiðsluna í maí hafi hann talið vera greiðslu fyrir afborgun desembermánaðar. Sagði stefndi, að hann hefði ekki hugsað út í það sérstaklega, að þessi afborgun væri hærri heldur en hinar fyrri, en eftir á hafi hann farið að hugsa um þetta og látið sér þá detta í hug, að mismunurinn væri innheimtukostnaður eða vextir eða eitthvað svoleiðis.

Stefndi sagði enn fremur í réttinum, að eftir að hann hafi greitt áðurnefnda maígreiðslu, hafi hann reynt að ná sambandi við Handbækur, en án árangurs, svo sem áður greinir. Það hafi hann gert með því að hringja í númer það, sem upp sé gefið á kaupsamningnum, en enginn hafi svarað. Sagði stefndi, að hann hafi hringt oft og stundum dag eftir dag án árangurs. Einu sinni hafi hann farið niður í Tjarnargötu á heimilisfang Handbóka h/f, en þar hafi enginn verið og svo hafi virzt, að Handbækur h/f hefðu ekki lengur haft þar aðsetur. Eftir þetta hafi hann ekki gert frekar til þess að reyna að borga. Næst hafi það gerzt, að

komið hafi tilkynning um það, að Bjarni Beinteinsson væri tekinn við innheimtu, og síðan hafi stefna verið birt honum. Sagði stefndi, að hann hefði ekki fengið sérstakt innheimtubréf frá Bjarna Beinteinssyni, áður en honum var birt áskorunarstefna. Stefnda var sýnt í réttinum dskj. nr. 7, sem er afrit af bréfi, dags. 26. janúar 1968, og áður er minnzt á. Stefndi sagðist ekki kannast við það skjal og sagðist ekki kannast við að hafa fengið slíka tilkynningu.

Af tilefni frá lögmanni stefnanda sagðist stefndi ekki muna eftir því, að hann hefði komið á Innheimtuskrifstofuna í Tjarnargötu þann 19. febrúar 1968. Þá gat stefndi þess, að hann hafi flutt af Grandavegi á Nesveg um mánaðamótin maí—júní 1968.

Ítrekað aðspurður sagði stefndi í réttinum, að hann hefði eftir maí aðeins reynt að ná sambandi við Handbækur h/f, en ekki Innheimtuskrifstofuna.

Vitnið Einar Sveinsson, framkvæmdastjóri Handbóka h/f á hér umræddum tíma, hefur komið fyrir dóm.

Vitnið sagði m. a., að bækur þær, sem stefndi í þessu máli hefði keypt, hafi verið til á lager hér á landi. Vitnið sagði, að bækurnar hefðu verið í eigu stefnanda, en Handbækur hafi ekki keypt þær. Vitnið sagði, að þegar greiðsluform hafi verið með þeim hætti, að kaupandi kæmi og borgaði á skrifstofu Handbóka h/f, hafi þeir íslenzku peningar, sem þannig hafi komið inn, verið lagðir inn á reikning stefnanda í þessu máli í banka. Vitnið sagðist ekki muna eftir viðskiptum við stefnda í þessu máli sérstaklega og ekki geta sagt um, hvernig hann hafi greitt, en almennt hafi það verið þannig, að eftir samningsgerð hafi samningarnir verið sendir til stefnanda í New York, en fyrsta greiðsla samkvæmt þeim lögð inn á bankareikning stefnanda.

Vitnið sagði, að þrátt fyrir orðalag í samningnum á dsk. nr. 5 hafi bækurnar raunverulega ekki verið eign Handbóka h/f, því að samkvæmt samningi Handbóka h/f og stefnanda hafi stefnandi áskilið sér eignarréttarfyrirvara í þeim, en vitnið tók fram, að með heimild þess ákvæðis samningsins (dskj. nr. 5) hafi Handbækur h/f tekið bækur af kaupanda.

Vitnið sagði, að allt, sem Handbækur h/f hefðu selt hér á landi, hefðu þeir selt f. h. stefnanda. Þá sagði vitnið: „Okkar hlutverk var að selja bækur, og reyndum þá auðvitað að draga athyglina frá heildarkaupverðinu. Þess vegna m. a. var kaupanda ekki sagt, hvert kaupverðið væri í íslenzkum krónum miðað við mánaðar-

legar afborganir, en hins vegar sagt, hver mánaðarafborgun væri í dollurum".

Upplýst hefur verið af hálfu lögmanna, að eigi hafi verið unnt að láta sölumann þann, sem seldi stefnda hér umræddar bækur, koma fyrir rétt, þar sem hann væri ekki hér á landi.

III.

Þrátt fyrir orðalag framlagðs kaupsamnings, dskj. nr. 5, en með hliðsjón af 3. gr. samnings Richards Company Inc. og Handbóka h/f, dskj. nr. 8, og skiptum þeirra yfirleitt, eins og lýst hefur verið, verður að telja, að umræddar bækur hafi hið síðarnefnda fyrirtæki selt í umboði hins fyrrnefnda og stefnandi sé því réttur aðili þessa máls að réttarfarslögum.

Á umræddan kaupsamning er skráð svofellt ákvæði:

„Innheimtun á afborgunum verður þannig háttað, að mánaðarlega fær kaupandi senda tilkynningu um gjalddaga, ásamt póstávísunarformi. Er hægt að greiða afborgun af bókunum á hvaða pósthúsi sem er".

Óumdeilt er, að stefndi hafi tvisvar fengið tilkynningu samkvæmt þessu, en ósannað er, að hann hafi fengið fleiri. Viðurkennt er, að stefndi hafi fengið eina annars konar tilkynningu síðar, en ósannað er gegn framburði stefnda fyrir dómi, að hann hafi fengið bréf frá stefnanda, dags. 26. janúar 1968, eða hann hafi komið á Innheimtuskrifstofuna í Tjarnargötu 10 þann 19. febrúar 1968.

Leggja verður til grundvallar þá skýrslu stefnda fyrir dómi, að hann hafi ítrekað reynt að efna samninginn, en ekki getað vegna atvika, sem stefnandi ber ábyrgð á, enda ekkert fram komið í málinu um hið gagnstæða.

Samkvæmt þessu verður fallizt á að það með stefnda, að um viðtökudrátt sé að ræða af hálfu stefnanda.

Hins vegar verður eigi talið, að um vanefndir sé að ræða af hálfu stefnanda, er heimili stefnda riftun samningsins, og ekki heldur, að með viðtökudrætti stefnanda séu brostnar forsendur fyrir skuldbindingu stefnda, enda var honum sú leið opin að deponera greiðslum sínum.

Viðtökudráttur stefnanda orkar hins vegar á ákvörðun vaxta og málskostnaðar í máli þessu.

3. mgr. 1. gr. laga nr. 71 frá 1966 hljóðar svo: „Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga þó ekki við þær lögmætu fjárskuldbindingar, sem

innlendir aðilar taka á sig gagnvart aðilum búsettum erlendis".

Hugtakið „aðilar búsettir erlendis" í efnisskilningi verður að skýra hér með hliðsjón af tilgangi laganna og eðli máls. Í beztu samræmi við þau sjónarmið og öryggi viðskiptalífsins virðist verða að telja ákvæðið eiga við þá erlendu aðilja eina, sem ekki hafa hér á landi söluaðilja, sem þarf lögum samkvæmt leyfi íslenzkra yfirvalda til umsvifa sinna og starfar að öðru leyti á sama grundvelli og með sömu skilyrðum og sams konar innlend fyrirtæki. Samkvæmt þessu var gengistrygging á skuldbindingu stefnda ólögmæt, og engin önnur ákvæði áðurnefndra laga heimila hana, enda ekkert fram komið í málinu, sem styður þá fullyrðingu stefnanda, að hér hafi verið um heimilt endurlán erlends lánsfjár að ræða.

Stefnandi hefur gert þá varakröfu, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnufjárhæðina í íslenzkum krónum, miðað við gengi íslenzku krónunnar gagnvart bandaríkjadollara á gjalddaga hverrar afborgunar. Af ofannefndri niðurstöðu leiðir, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda íslenzkar krónur samsvarandi U.S. $ 180.00 á því sölugengi, sem var á íslenzku krónunni gagnvart bandaríkjadollara á undirritunardegi umrædds samnings, þ. e. 17. júlí 1967. Á þeim tíma jafngiltu íslenzkar krónur 43.06 einum bandaríkjadollar, og verður því stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 7.750.80 (43.06 × 180.00).

Með tilliti til þess, að stefndi fékk ekki af hálfu stefnanda aðvörunarbréf, áður en honum var birt stefna, og að öðru leyti vegna viðtökudráttar stefnanda verður krafa stefnanda um vexti, sem ákveðast 7% ársvextir, ekki tekin til greina frá fyrri tíma en birtingu áskorunarstefnu, þ. e. frá 30. janúar 1969, til greiðsludags.

Þrátt fyrir viðtökudrátt stefnanda, en með hliðsjón af málavöxtum öllum, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Björn Þ. Guðmundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Aðalsteinn Brynjólfsson, greiði stefnanda, The Richard Company Inc., kr. 7.750.80 með 7% ársvöxtum frá 30. janúar 1969 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. maí 1969.

Nr. 36/1969. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Björn Hermannsson hrl.)
gegn
Kristjáni G. Jóhannssyni
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kaupgjaldsmál. Vinnusamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. febrúar 1969, krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Hinn 4. nóvember 1966 undirrituðu Vélstjórafélag Íslands og Starfsmannahald varnarliðsins samkomulag um greiðslur til vélstjóra í rafstöð varnarliðsins fyrir „sérstaka frídaga". Upphafsákvæði samkomulags þessa er svohljóðandi: „Samkvæmt gagnkvæmu samkomulagi við vinnuveitanda vinna vélstjórar varnarliðsins fjórar tólf stunda vaktir á viku hverri; hver vakt telst sem 11 dagvinnustundir og ein stund næturvinnu; auk þess greiðist 1 klst. fyrir hverja vakt á eftirvinnukaupi sem þóknun fyrir að vinna án sérstakra kaffitíma eða matarhléa". Samkomulag þetta skyldi vera „uppsegjanlegt af hvorum aðilja fyrir sig með 30 daga fyrirvara, er skal tilkynnast skriflega til gagnaðilja". Eigi verður séð, að samkomulagi þessu hafi verið sagt upp, fyrr en hætt var að greiða umrædda þóknun. Að svo vöxnu máli ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 9.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Kristjáni G. Jóhannssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 9.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. desember 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 29. f. m., hefur Kristján Jóhannsson, Sæviðarsundi 42, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 7. maí 1968, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu á kr. 25.292.27 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1967 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður algerlega af kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Leitazt hefur verið við að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Stefnandi er og hefur verið í mörg undanfarin ár vélstjóri hjá varnarliðinu við rafstöð Keflavíkurflugvallar.

Allar götur frá árinu 1954 eða 1955 hafa slíkir vélstjórar fengið greiddan einn tíma í eftirvinnu á hverjum vinnudegi fyrir þá kaffitíma, sem þeir geta ekki tekið sér á vaktavinnu sinni við varðstöðu og eftirlit með vélum rafstöðvarinnar. Kaupuppbót þessi hefur aldrei verið samningsbundin, hvorki í sérstökum ráðningarsamningum þeirra né í heildarsamningum vélstjóra, heldur mun hafa gilt um þetta nánast þegjandi samkomulag. Vélstjórar varnarliðsins munu vera einu íslenzku vélstjórarnir, sem notið hafa slíkrar kaupuppbótar. Fyrstu vélstjórarnir, sem ráðust í störf þessi, voru aðeins á persónulegum ráðningarsamningum, en féllu ekki undir neina heildarsamninga íslenzkra vélstjóra.

Árið 1959 var því komið á, að vélstjórar þessir skyldu í einu og öllu fylgja kjörum vélstjóra við Toppstöðina við Elliðaár, og telur stefnandi það gilda í raun enn þann dag í dag. Þótt vélstjórar toppstöðvarinnar nytu ekki ofangreindrar kaupuppbótar,

var hún þó látin haldast gagnvart vélstjórum við rafstöð varnarliðsins.

Árið 1963 tók gildi um laun vélstjóra þessara úrskurður Kjaradóms um laun opinberra starfsmanna (Reykjavíkurborgar), og enn héldu vélstjórarnir kaupuppbótinni, jafnvel þótt hennar væri hvergi getið í nefndum úrskurði Kjaradóms. Heildarsamningur Vélstjórafélags Íslands við Landsvirkjun tók síðan gildi 1. október 1966, og enn í þeim samningi er í engu getið þessarrar sérstöku kaupuppbótar hér umræddra vélstjóra, en í báðum síðastnefndu samningunum er ákvæði þess efnis, að „þeir, sem vinna á reglubundnum vinnuvöktum, skulu ekki fá sérstaklega matar- eða kaffitíma", og kveður stefnandi það ákvæði aðeins vera staðfestingu á því, sem ávallt hafi gilt um „vaktgangandi" vélstjóra.

Í júní 1967 byrjaði varnarliðið að greiða vélstjórum þessum, þar á meðal stefnanda, kaup samkvæmt fyrrnefndum samningi Landsvirkjunar. Brá þá svo við, að ekki aðeins var margnefnd kaupuppbót felld niður fyrirvaralaust, heldur var og dregið af kaupi þeirra það, sem henni nam frá 1. október 1966 til júnímánaðar 1967, og er það þessi kaupfrádráttur, sem stefnandi krefur endurgreiðslu á í máli þessu.

Stefnandi undirritar stefnukröfuna þannig, að hann telur sig hafa verið hýrudreginn um 143.6 klst. á kr. 176.13 pr. klst.

Stefnandi hefur komið fyrir réttinn og gefið skýrslu á þann veg sem málavöxtum hefur verið lýst hér að framan. Jafnframt skýrði hann þá svo frá, að vorið 1967, eftir að Landsvirkjunarsamningarnir tóku gildi, hafi hann átt viðræður við Guðna Jónsson, vinnumálafulltrúa varnarliðsins, og enn fremur Hallgrím Dalberg, starfsmann félagsmálaráðuneytisins, um túlkun á Landsvirkjunarsamningunum. Hafi báðir þessir menn leitað eftir því við sig, hvern skilning þeir vélstjórarnir legðu í Landsvirkjunarsamninginn, en stefnandi kom fram á þessum fundum sem trúnaðarmaður Vélstjórafélags Íslands. Hann kvað það ekki hafa komið fram á þessum fundum með þeim Hallgrími Dalberg og Guðna Jónssyni, að þeir vildu fella niður greiðslur til vélstjóranna fyrir kaffitímann. Hins vegar sagði stefnandi, að allt frá árinu 1963 hefði því verið hótað að fella niður greiðslur þessar fyrir kaffitímana. Aftur á móti hafi aldrei verið tekið fram, hvenær það mundi gert og ekki sérstaklega, að það mundi verða gert, þegar Landsvirkjunarsamningarnir tækju gildi. Stefnandi bar, að þegar felld hafði verið niður greiðsla fyrir kaffitímana, hafi það verið gert með þeim hætti, að vélstjórarnir fengu greitt

kaup samkvæmt 17. launaflokki frá 1. janúar 1966 til 30. september s. á. Áður hafði þeim verið greitt kaup fyrir þetta tímabil samkvæmt 16. launaflokki. Hafi þetta því leitt til þess, að þeir hafi ekki þurft að endurgreiða varnarliðinu fé, þótt greiðsla fyrir kaffitímana væri felld niður aftur til 1. október 1966. Stefnandi bar, að kaupleiðréttingin þessi frá 1. janúar 1966 hafi verið í samræmi við gerða félagssamninga.

Vitnið Þráinn Sigtryggsson vélstjóri, starfsbróðir stefnanda, hefur komið fyrir réttinn og borið, að greiðslan fyrir kaffitímana hafi verið felld niður fyrirvaralaust. Hafi þeir vélstjórarnir fyrst tekið eftir þessu á launaseðli, sem þeir hafi fengið 17. júní 1967, en ekki haft hugmynd um þetta fyrr.

Vitnið Guðni Jónsson, settur forstöðumaður starfsmannahalds varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, hefur komið fyrir réttinn og borið, að greiðslan fyrir kaffitímana til vélstjóranna hafi verið felld niður án fyrirvara. Hafi það gerzt með þeim hætti, að fyrirmæli hafi komið um það frá kaupskrárnefnd, að Landsvirkjunarsamningarnir skyldu taka gildi fyrir vélstjóra þessa, að því er vitnið minnti frá 1. október 1966. Samkvæmt Landsvirkjunarsamningunum hafi vélstjórar á vaktavinnu ekki átt að fá kaffitímana. Þegar Landsvirkjunarsamningarnir tóku gildi, segir vitnið, að vélstjórarnir hafi fengið einhverja kaupleiðréttingu, sem hafi leitt til þess, að vélstjórarnir hafi ekki þurft að greiða fé úr eigin vasa, þótt kaffitímarnir yrðu felldir niður aftur í tímann, til þess er Landsvirkjunarsamningarnir tóku gildi. Þvert á móti hafi flestir vélstjórarnir fengið eitthvað greitt í peningum og hafi sá mismunur verið mismunandi mikill fyrir hvern starfsmann. Hafi launabreyting þessi stafað bæði af því, að vélstjórar hjá Reykjavíkurborg hafi verið hækkaðir, að því er vitnið minnti, um einn launaflokk, úr 16. í 17. launaflokk. Taldi vitnið, að það hafi verið fyrir tímabilið frá 1. janúar 1966 til 30. september s. á. Enn fremur hafi launabreytingin til vélstjóranna stafað af því, að frá 1. október 1966 hafi þeir komizt undir kjarasamninga við Landsvirkjun.

Vitnið bar, að það hefði, einhvern tíma áður en Landsvirkjunarsamningarnir tóku gildi, verið búið að benda lögfræðingum vélstjórafélagsins á það í bréfi fyrir milligöngu varnarmálanefndar, að vélstjórar þeir, sem ynnu á vaktavinnu, hafi ekki rétt til sérstakra kaffitíma samkvæmt samningum. Hins vegar hafi hér verið um að ræða „arf“ frá eldri tíma, allt frá þeim tíma,

þegar vélstjórarnir voru upphaflega á kjörum Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að svo löng hefð hafi verið komin á aukagreiðslu þá, sem fjallað er um í máli þessu, að hann hafi með fullum rétti getað talið hana sérstakan, óskrifaðan hluta af ráðningarsamningi sínum, sem að minnsta kosti yrði ekki sagt upp með afturverkandi áhrifum. Þessu til stuðnings vitnar stefnandi til ítarlegrar skýrslu, sem hann kveður stafa frá vinnumálafulltrúa varnarliðsins frá árinu 1965, þar sem fjallað er um kröfur rafveitustarfsmanna um aukinn ferðastyrk og hér umrædda kaupuppbót. Í þeirri skýrslu kemur fram sú skoðun, „að varnarliðið kunni að breyta, lækka eða fella alveg niður ofangreinda styrki með viðeigandi fyrirvara". Það megi því um það deila annars vegar, hvort og með hvaða fyrirvara varnarliðið hefði getað hætt greiðslu á þessari kaupuppbót, en hins vegar telur stefnandi ótvírætt samkvæmt anda og öllum meginreglum íslenzkra laga, að heimildarlaust hafi verið með öllu að draga hina útborguðu kaupuppbót af síðar gjaldföllnu kaupi.

Þá bendir stefnandi á það, að hann og starfsfélagar hans muni vera eini starfshópurinn á Keflavíkurflugvelli hjá varnarliðinu, sem þessi kaupuppbót hafi verið dregin af, hafi hún verið fyrir hendi á annað borð.

Stefndi byggir dómkröfur sínar á því, að síðari hluta árs 1966 hafi tekið gildi nýr kjarasamningur milli Vélstjórafélags Íslands og Landsvirkjunar. Stefnandi sé einn af starfsmönnum í rafmagnsstöð flotastöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli. Undanfarin ár hafi þessum starfsmönnum verið greidd laun samkvæmt ákvæðum launa- og kjarasamninga Reykjavíkurborgar þar til í júnímánuði 1967, er laun þeirra breyttust til samræmis við ákvæði áðurnefnds kjarasamnings við Landsvirkjun, sem gilti frá 1. október 1966. Eftir þann tíma skyldu laun velstjóranna miðast við 17. launaflokk ríkisstarfsmanna.

Enn fremur vekur stefndi athygli á eftirfarandi umsögn varnarliðsins í bréfi, sem fjallar um ágreiningsefni þetta og lagt hefur verið fram í málinu: „Í þessu sambandi viljum vér leggja áherzlu á, að þegar algerlega nýr samningur um laun gekk í gildi í apríl-mánuði 1967, er fól í sér breytingar, sem virkuðu aftur fyrir sig frá 1. október1966 að telja, reyndist nauðsynlegt að endurskoða öll laun og önnur kjör. Afleiðing þessa varð sú, að ekki reyndist unnt að halda þeim launum og kjörum, sem gert var ráð fyrir

samkvæmt fyrri samningi, nema því aðeins að ráð væri einnig fyrir þeim gert í nýja samningnum. Samkvæmt fyrri kjarasamningi höfðu starfsmenn fengið greitt kaup fyrir eina vinnustund á hverri vakt (eftir yfirvinnutaxta) fram yfir þær stundir, sem þeir raunverulega voru við störf sín. Þetta ákvæði var „arfur" frá þeim tíma, er vélstjórunum voru greidd laun samkvæmt ákvæðum launa- og kjarasamnings Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík. Þannig var litið á, að vélstjórarnir ættu ekki rétt á þessari aukagreiðslu samkvæmt ákvæðum launa- og kjarasamnings Reykjavíkurborgar, og vélstjórunum hafði verið tilkynnt, á meðan þeir enn störfuðu samkvæmt ákvæðum launa- og kjarasamnings Reykjavíkurborgar, að varnarliðið kynni að breyta þessari greiðslu, draga úr henni eða fella hana með öllu niður. Sú breyting, sem þannig verkaði aftur fyrir sig, þar með talin niðurfelling greiðslu fyrir „ónotaða" kaffitíma, kom venjulega þannig út, að nokkur umframgreiðsla féll í hlut vélstjóranna. Enginn þeirra starfsmanna, sem hlut áttu að máli, þurftu að inna af hendi neinar endurgreiðslur á launum vegna þessarar breytingar".

Enn fremur rökstyður stefndi sýknukröfu sína með því að vitna til 3. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, en þar segir: „Stéttarfélög ráða málefnum sínum sjálf með þeim takmörkunum, sem sett eru í lögum þessum. d) Einstakir meðlimir félaganna eru bundnir við löglega gerðar samþykktir og samninga félagsins og stéttarsambands þess, sem það kann að vera í", og enn fremur vitnar stefndi í 5. gr. nefndra laga, en þar segir: „Stéttarfélög eru lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna, enda hafi félagið í samþykktum sínum ákveðið að láta starfsemi sína taka til slíkra málefna".

Af þessu telur stefndi ljóst, að vélstjórarnir séu bundnir af löglega gerðum samningi stéttarfélags síns og geti ekki krafizt né ætlazt til að njóta góðs af „beztu kjara"-ákvæðum bæði nýs og eldra samnings.

Svo sem að framan er rakið, hefur vélstjórum þeim, sem unnið hafa við rafstöðina á Keflavíkurflugvelli, verið greiddur einn yfirvinnutími á dag vegna ónotaðra kaffitíma, allt frá árinu 1954 eða 1955, eftir því sem haldið er fram af hálfu stefnanda, og er því ómótmælt af hendi stefnda. Upphaflega mun þetta hafa byggzt á því, að vélstjórar þessir voru ráðnir samkvæmt Dagsbrúnarsamningum.

Árið 1959 var því komið á, að vélstjórar þessir skyldu njóta

sömu kjara og vélstjórar, er störfuðu við Toppstöðina við Elliðaár. Vélstjórar við rafstöðina á Keflavíkurflugvelli nutu þó áfram þessarar kaupuppbótar, þótt starfsbræður þeirra við Toppstöðina við Elliðaár nytu hennar ekki.

Árið 1963 tók gildi um laun vélstjóra þessara úrskurður Kjaradóms um starfsmenn Reykjavíkurborgar, og enn var vélstjórunum greidd kaupuppbót þessi áfram, þótt eigi væri ráð fyrir því gert í nefndum kjaradómi.

Hinn 1. október 1966 tóku heildarsamtök Vélstjórafélags Íslands við Landsvirkjun gildi. Í fjórðu grein þeirra samninga er það tekið fram, að „þeir, sem vinna á reglubundnum vöktum, sbr. 7. gr., skulu ekki fá sérstaklega matar- eða kaffitíma". Allt að einu er vélstjórum við rafstöð Keflavíkurflugvallar, sem eru vaktavinnumenn, greidd framangreind kaupuppbót áfram, og þar á meðal stefnanda, þar til í júnímánuði 1967, að kaupuppbót þessi er fyrirvaralaust dregin frá kaupi til þeirra aftur til 1. október 1966, er samningar Vélstjórafélags Íslands við Landsvirkjun tóku gildi, svo sem fyrr segir.

Þegar virtur er sá langi tími, sem tíðkazt hefur að greiða vélstjórum þessum kaupuppbót fyrir ónotaða kaffitíma án samningsskyldu, og því er haldið áfram, eftir að ofangreindur samningur Vélstjórafélags Íslands við Landsvirkjun tók gildi hinn 1. október 1966, verður að telja, að stefnandi hafi haft réttmæta ástæðu til þess að ætla, að hann fengi að halda þeim greiðslum fyrir ónotaða kaffitíma, sem honum yrðu greiddar, eftir að margnefndur samningur tók gildi og þar til greiðslan yrði niður felld, enda kom ekkert fram um það á viðræðufundum þeim, er stefnandi kveðst hafa átt við Hallgrím Dalberg og Guðna Jónsson vorið 1967, að fella ætti niður greiðslur þessar til vélstjóranna, sem þá tíðkuðust enn. Verður stefndi því dæmdur til að endurgreiða stefnanda þá fjárhæð, sem um er stefnt í máli þessu, enda hefur hún eigi sætt tölulegum andmælum.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi er dæmdur til að greiða stefnanda kr. 25.292.27 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1967 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 7.000.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Kristjáni G. Jóhannssyni, kr. 25.292.27 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1967 til greiðsludags og kr. 7.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. maí 1969.

Nr. 224/1968. **Skarphéðinn Björnsson**
(Birgir Ísleifur Gunnarsson hrl.)
gegn
Síldarverksmiðjum ríkisins og til réttargæzlu Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f og gagnsök
(Logi Guðbrandsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Skaðabótamál. Vinnuslys.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. nóvember 1968. Gerir hann þær dómkröfur, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða kr. 719.532.40 með 8% ársvöxtum frá 3. september 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en aðaláfrýjanda hefur verið veitt gjafsóknarleyfi fyrir báðum dómum.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 1. apríl 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. marz 1969. Krefst hann sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi. Meginorsök slyssins var ógætni aðaláfrýjanda, en eigi verður talið, að af hálfu gagnáfrýjanda hafi verið gætt þess öryggisbún-

aðar, er kostur var. Að atvikum athuguðum þykir rétt að gera gagnáfrýjanda að bera ⅓ hluta af tjóni aðaláfrýjanda.

Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur enn samið nýjan tjónútreikning, dags. 14. maí 1969, og hefur hann verið lagður fram í Hæstarétti. Segir svo m. a. í tjónútreikningi þessum:

„Við umreikning tekna Skarphéðins árin 1963 og 1964 var að nokkru leyti miðað við breytingar á fiskverði á vetrarvertíð, og hef ég því nú tekið tillit til verðhækkunar um síðastliðin áramót. Að öðru leyti studdist umreikningur við almennan taxta Dagsbrúnar í Reykjavík, en sá taxti hækkaði fjórum sinnum á árinu 1968, 19/3, 1/6, 1/9 og 1/12. Hér var um að ræða verðlagsuppbætur vegna hækkunar vísitölu, en uppbætur þessar eru ekki greiddar að fullu nema að vissu marki tekna. Þarf því að áætla þann hluta teknanna, sem uppbætur eru greiddar á, með hliðsjón af dagvinnutaxta og skiptingu tekna í tekjur af dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu. Hef ég hér áætlað, að uppbætur komi á 65% árstekna. ...

Miðað við tekjugrundvöllinn, svo breyttan, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

	Miðað við grundvöll a kr.	Miðað við grundvöll b kr.	Miðað við grundvöll c kr.
Vegna tímabundins orkutaps í 21 mánuð eftir slysið ..	201.163.00	220.230.00	261.206.00
Vegna varanlegs orkutaps	421.024.00	457.323.00	540.253.00
Samtals	622.187.00	677.553.00	801.459.00

Í sambandi við fyrri útreikning var getið um meðaltekjur verkamanna, reiknaðar á grundvelli úrtaksrannsóknar Efnahagsstofnunarinnar á vinnutekjum kvæntra verkamanna í Reykjavík samkvæmt skattframtölum starfsáranna 1957—1966. Sé miðað við 10 ára tímabilið 1958—1967 og enn fremur tekið tillit til áhrifa kauphækkana á árinu 1968, reiknast

mér slíkar meðaltekjur nema kr. 206.410.00 á núverandi kauplagi".

Kröfur aðaláfrýjanda eru sundurliðaðar í héraðsdómi. Þykir atvinnutjón hans hæfilega ákveðið kr. 550.000.00 og 2. kröfuliðar kr. 60.000.00. Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um kröfuliði 4—7. Samtals eru þessar fjárhæðir kr. 633.855.00 (550.000.00 + 60.000.00 + 11.150.00 + 5.700.00 + 405.00 + 2.000.00 + 3.200.00 + 1.400.00). Til frádráttar koma greiðslur, sem aðaláfrýjandi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins, samtals kr. 184.229.40. Eftir standa þá kr. 449.625.60, sem gagnáfrýjanda ber að bæta að ⅓ hluta, þ. e. kr. 149.875.20, en frá þessum bótum ber að draga kr. 11.545.52 + kr. 808.18, sem gagnáfrýjandi hefur greitt aðaláfrýjanda eftir slysið. Úrslit málsins verða því þau, að gagnáfrýjandi verður dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda kr. 137.521.50 ásamt 7% ársvöxtum frá 3. september 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 67.756.00, og hljóti af þessari málskostnaðarfjárhæð skipaður talsmaður aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Birgir Ísleifur Gunnarsson hæstaréttarlögmaður, kr. 45.000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Síldarverksmiðjur ríkisins, greiði aðaláfrýjanda, Skarphéðni Björnssyni, kr. 137.521.50 með 7% ársvöxtum frá 3. september 1966 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 67.756.00, og hljóti af fjárhæð þessari skipaður talsmaður hans í héraði og fyrir Hæstarétti, Birgir Ísleifur Gunnarsson hæstaréttarlögmaður, kr. 45.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. október 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 1. þ. m., hefur Skarphéðinn Björnsson, Lindargötu 11, Siglufirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 21. marz 1968, gegn Síldarverksmiðjum ríkisins, Siglufirði, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 719.532.40 ásamt 8% ársvöxtum frá 3. september 1966 til greiðsludags auk málskostnaðar, eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál, en stefnandi hefur fengið gjafsókn í málinu með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 8. marz 1968.

Stefndi hefur krafizt þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður að mati réttarins úr hendi stefnanda.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu. Á hendur réttargæzlustefnda hafa ekki verið gerðar kröfur, og hann hefur heldur engar kröfur gert.

Samkomulag er með málsaðiljum að reka mál þetta hér fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Leitazt hefur verið við að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að hann hafi hafið störf hjá Síldarverksmiðjum ríkisins 1. desember 1947. Hafi hann unnið þar eitthvað á hverju ári, þangað til slys það vildi til, sem mál þetta snýst um. Sum árin kveðst hann hafa unnið alveg. Hann kveðst hafa verið pressuformaður hjá Síldarverksmiðjum ríkisins á sumrum, allt frá því er hann hóf störf og þar til hann varð aðstoðarmaður verkstjóra sumarið 1963. Kvað hann starf sitt sem aðstoðarmaður verkstjóra hafa verið fólgið í því að annast um viðgerðir á bilunum á vélunum og hafa eftirlit með þeim til þess að halda þeim í gangi svo og að fylgjast með formalinsblöndunum, á meðan vinnsla fer fram í verksmiðjunni.

Þegar stefnandi kom til vinnu sinnar rétt fyrir klukkan sex laugardagsmorguninn 3. september 1966, kveður hann það m. a. hafa verið verkefni sitt að fylgjast með því, að til væri formalín, en efni það er notað í sambandi við síldarbræðsluna. Formalínið var geymt á tunnum, sem stóðu á göngubrú, er lá yfir síldarþrær þeirrar verksmiðju, sem kölluð er SR 30. Göngubrýr þessar voru úr timbri og sömuleiðis handrið, sem komið var fyrir með fram brún þeirra, þar sem op síldarþrónna taka við. Handrið þetta var með einni þverslá að ofan. Var neðri brún þverslárinnar í um það bil 90 cm fjarlægð frá gólfi göngubrúnna, en slétt var

af göngubrúnum niður í þrærnar. Um það bil 150 cm voru á milli staura í handriði þessu. Síldarþróin var með steyptum hallandi botni, þannig að hæðin frá göngubrúnni niður á botn þróarinnar var frá 2½ metra og tæpa 4 metra.

Formalínstunna er um 185 kíló að þyngd, þegar hún er full, en vegur um 30 kíló tóm. Venja er, að einn maður sæki hverja formalínstunnu. Veltir hann henni eftir göngubrúnni að fortanki, sem stendur til hliðar við þrær SR 30, en þar er formalínið blandað.

Þennan umræddda morgun kveður stefnandi allmargar tunnur hafa staðið á göngubrúnni vestan við þró SR 30. Hafi þar ýmist verið um fullar eða tómar tunnur að ræða, sem geymdar hafi verið hverjar innan um aðrar. Stefnandi kveðst þá m. a. hafa komið að tunnu, sem staðið hafi upp á endann. Hafi hann kannað tunnuna fyrst með því að leggja vinstri hönd yfir botn tunnunnar og síðan slegið í hana með fæti og talið tunnuna fulla. Að einhverju leyti segir stefnandi, að tunna þessi muni hafa verið skorðuð undir stiga, sem þarna hafi verið á göngubrúnni. Þegar stefnandi tók á tunnunni af því afli, sem hann taldi mundu duga til að fella hana, svo að unnt væri að velta henni að blöndunartanknum, kveður hann tunnuna skyndilega hafa losnað, þannig að hann hafi svipzt aftur á bak og fallið viðstöðulaust undir þróarhandriðið án þess að koma við það, að því er hann telur. Hafi hann fallið ofan í þróna, sem er steinsteypt í botninn og hallandi. Hafi fallið verið um það bil 3½ metri. Tunnan, sem hann hafi verið að glíma við, hafi reynzt tóm.

Stefnandi telur sig hafa komið láréttan niður og á grúfu. Kveðst hann telja, að hann hafi borið hendur fyrir sig og á þann hátt hlíft andliti sínu, en fengið þungt höfuðhögg og skrámur á enni, hægri olnboga, brjóst og vinstra hné. Alvarlegustu afleiðingar slyssins hafi verið hins vegar slæmt lærbrot á hægra læri.

Engir sjónarvottar voru að slysi þessu.

Vitnið Steingrímur Kristinsson, starfsmaður stefnda, var nýkominn á vakt, er slys þetta vildi til. Var hann staddur inni í kaffistofu ásamt Jóhanni Matthíassyni, Jóhanni Tómassyni og Hlyni Óskarssyni. Hafi þeir heyrt eins og hrópað á hjálp og farið til að athuga, hverju þar gegndi. Þeir hafi þá fundið stefnanda í þró SR 30, þar sem hann hafi hálfsetið á botni þróarinnar. Steingrímur kvaðst hafa verið fyrstur ofan í þróna til stefnanda og spurt hann, hvað gerzt hefði. Hafi stefnandi sagt, að hann hafi verið að taka formalínstunnu, sem hann hafi álitið fulla.

Tunnan hafi verið skorðuð undir stiga, sem liggur af göngubrúnni og upp að palli, sem er við verksmiðjuhús SR 30. Hafi stefnandi sagt, að hann hafi verið að reyna að fella tunnuna og tekizt það, en þar sem tunnan hafi reynzt tóm, hafi hann kastazt aftur fyrir sig á þróarbarminn og farið heilan hring aftur yfir sig og lent á hnjám og höfði í þróarbotninum. Steingrímur gat þess, að það þyrfti að taka með nokkuð snöggu átaki á fullri formalínstunnu til þess að geta fellt hana, því að hann taldi, að hún innihéldi um 200 lítra. Hann skýrði svo frá, að fullar formalínstunnur hafi yfirleitt legið að vestan- og austanverðu við þró SR 30. Þó hafi þær stundum staðið upp á endann, þ. e. þegar þær hafi verið lekar, sem oft komi fyrir. Tómar tunnur hafi iðulega verið innan um fullu tunnurnar án sérstakrar auðkenningar. Steingrímur gat þess, að kvöldið fyrir slysið milli klukkan 7 og 8 hafi hann átt leið um göngubrúna að vestanverðu við þró SR 30. Hafi gangvegurinn þá verið lokaður af tómum tunnum. Hafi hann fjarlægt þarna nokkrar tómar tunnur. Meðal annars kvaðst hann hafa tekið í tunnu þá, sem staðið hafi undir áðurnefndum stiga, en þar sem hann hafi talið, að umrædd tunna væri full, lét hann hana eiga sig. Steingrímur lýsti starfi því, sem stefnandi vann, er hann slasaðist, þannig, að formalínstunnu sé velt, þaðan sem hún liggi á göngubrúnni, að trekt, sem sé inngreypt í göngubrúna yfir blöndunarkerinu. Síðan sé sponsið leyst úr tunnunni og innihaldið látið renna í kerið.

Vitnið Hlynur Sævar Óskarsson, starfsmaður stefnda, er kom að stefnanda ásamt fleiri mönnum eftir slysið, hefur m. a. borið, að ein eða ef til vill tvær tunnur hafi staðið vestan við þróna, þegar slysið varð, og einnig nokkrar tunnur norðan við þróna og hafi þær ýmist verið tómar eða fullar, sem stóðu upp á endann. Tómu tunnurnar hafi ekki verið auðkenndar sérstaklega. Hlynur gat þess, að honum fyndist, að tómar tunnur ættu að vera merktar til aðgreiningar frá fullum tunnum.

Vitnið Jóhann Örn Matthíasson, starfsmaður stefnda, kom á vettvang eftir slysið ásamt fyrrgreindum mönnum. Hefur hann m. a. borið, að fullar formalínstunnur hafi verið geymdar á göngubrú að vestan- og norðanverðu við þróna. Hafi tunnurnar ýmist legið eða staðið upp á endann. Hann hélt, að tómar tunnur hefðu ekki átt að vera innan um fullar, þó geti það hafa komið fyrir. Hann bar, að tómu tunnurnar hefðu ekki verið auðkenndar sérstaklega, ekki öðru vísi en svo, að taka hafi mátt eftir því eftir sponsi á tunnunum.

Vitnið Haukur Kristjánsson, verkstjóri hjá stefnda, hefur skýrt svo frá, að stefnandi hafi verið aðstoðarmaður sinn. Þegar unnið sé að síldabræðslu, sé unnið á sex tíma vöktum og um 15 menn eða svo séu á vakt. Vakt Hauks hóf störf klukkan sex að morgni hinn 3. september 1966. Haukur segir, að þarna um morguninn hafi stefnandi farið að athuga um formalínið, sem geymt sé í tunnum, sem legið hafi á göngubrúnni vestan við þró SR 30. Fullar formalínstunnur hafi einnig stundum staðið upp á endann. Tómar tunnur hafi oft verið innan um fullar tunnur, án þess að þær væru auðkenndar sérstaklega. Haukur kvað stefnanda hafa haft það fyrir fasta venju að athuga það, er hann hafi komið á vakt, hvort formalínsblanda væri fyrir hendi, enda hefði stefnandi áður gegnt starfi pressuformanns, en pressumenn annist venjulega blöndun formalínsins. Haukur kvaðst þegar hafa farið niður í þróna, er slysið varð, ásamt mönnum þeim, sem fyrr eru taldir. Hafi þeir reynt að hlúa að stefnanda eftir föngum. Haukur kvaðst hafa spurt stefnanda að því, meðan hann lá í þrónni, hvernig slysið hefði viljað til, og hafi stefnandi sagt, að hann hafi verið að taka á tunnu, sem hann hafi talið, að væri full. Sú tunna hafi verið undir stiga, er liggur frá göngubrú vestan við SR 30 upp á pall og við verksmiðjuhús SR 30. Muni stefnandi ekki hafa varað sig á því, að tunnan hafi verið skorðuð undir fyrrnefndum stiga, og því sennilega talið, að tunnan væri full. Er tunnan hafi losnað undan stiganum við átak stefnanda, hafi hann svipzt út í þróna.

Vitnið Jóhannes Valgarð Blöndal, starfsmaður hjá Síldarverksmiðjum ríkisins, hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið á vakt hjá Gísla Elíassyni verkstjóra. Hafi hann hætt vinnu klukkan sex að morgni þess dags, sem slysið varð. Jóhannes kvaðst hafa verið pressumaður og blandað formalínið. Formalínið hafi verið geymt í tunnum, sem liggi yfirleitt á göngubrú vestantil við þró SR 30. Þó standi tunnurnar stundum upp á endann. Það geti hent sig, að tómar tunnur séu stundum innan um fullar tunnur. Tómu tunnurnar séu þá ekki sérstaklega merktar. Jóhannes bar, að um morguninn, sem slysið varð, sennilega um fimmleytið, hafi annar hvor verkstjóranna á vaktinni, Gísli Elíasson eða Stefnir Guðlaugsson, komið til sín, þar sem hann hafi verið inni í verksmiðjuhúsi SR 30, og beðið sig um að blanda formalín og jafnframt sagt, að full formalínstunna væri undir margnefndum stiga, og skildist Jóhannesi, að þeir hefðu athugað það. Jóhannes

kveðst nú hafa farið og ætlað að taka tunnuna, sem staðið hafi upp á endann undir stiganum og reynzt þar skorðuð. Hafi hann ýtt á tunnuna með höndunum og spyrnt við með fótum. Hafi tunnan reynzt tóm, og kveðst Jóhannes hafa fallið ofan á hana.

Hann kvaðst síðan hafa skellt tunnunni upp aftur, þannig að hún hafi lent aftur á þeim stað, þar sem hún hafði áður verið, að því er hann heldur. Jóhannes kveðst því ekkert formalín hafa blandað það sem eftir var vaktarinnar og taldi, að það hafi stafað að því, að ekkert formalín hafi verið til. Er hann hafi komið á vakt aftur þennan sama dag kl. 12 á hádegi, kveðst hann hafa heyrt það hjá vinnufélögum sínum, að stefnandi hefði verið að reyna við þessa sömu tunnu, er slysið vildi til.

Vitnið Jóhann Georg Möller, verkstjóri hjá Síldarverksmiðjum ríkisins, hefur skýrt svo frá, að Jóhannes Blöndal pressumaður hafi skýrt sér frá því 3. september, eftir að slysið varð, að Jóhannes hafi fengið fyrirmæli um það rétt fyrir vaktaskiptin kl. 0600 um morguninn að kanna það, hvort formalínstunna, sem skorðuð hafi verið undir stiga, sem liggi frá göngubrú við þró SR 30 og upp á pall við SR 30, væri full. Hafi Jóhannes spyrnt tunnunni undan tröppunum, þar sem hún hafi verið skorðuð, en tunnan reynzt tóm. Jóhannes hafi síðan skorðað tunnuna aftur undir tröppunum. Jóhann kvaðst telja mjög líklegt, að þetta hafi verið sama tunnan og stefnandi hafi reynt við skömmu eftir vaktaskiptin, þegar hann slasaðist. Jóhann telur varla hafa verið um aðra tunnu að ræða. Jóhann kvað tunnum yfirleitt hafa verið staflað að norðanverðu við þróna og meðfram henni og rétt vestur fyrir þróarhorn. Hann gat þess, að hann hafi iðulega sumarið, sem slysið varð, og stundum áður séð um það verk að færa formalínstunnur á göngubrú SR 30 til notkunar. Hafi tunnurnar yfirleitt verið látnar liggja í einni röð, þó geti það hafa komið fyrir, að fullar tunnur hafi verið látnar standa upp á endann, einkum ef þær voru lekar. Hann kvað það geta hent sig, að tómar tunnur hafi verið þarna innan um fullar, án þess að það verði séð á tunnunum. Jóhann gat þess, að stefnandi hefði haft orð á því við hann kvöldið fyrir slysið, að mikið væri af tómum formalínstunnum við þrærnar og þyrfti að fjarlægja þær. Hafi stefnandi spurt sig að því, hvort hann gæti ekki séð um, að það væri gert. Kveðst Jóhann hafa lofað að sjá til þess daginn eftir og hafi svo verið gert.

Vitnið Stefnir Guðlaugsson, aðstoðarmaður verkstjóra hjá Síld-

arverksmiðjum ríkisins, hefur komið fyrir dóminn og borið, að hann hafi gegnt sams konar starfi og stefnandi, en á annarri vakt. Hann sagði, að yfirleitt hafi það verið verk pressumanna að sækja formalínstunnur, sem yfirleitt hafi legið vestan við þró SR 30, og hafi þeir losað þær í ker, sem sé norðanvert við þróna. Þar hafi þeir jafnan raðað tómu tunnunum meðfram þrónni. Fullar tunnur hafi einnig getað staðið upp á endann vestanvert við þróna, einkum ef þær voru lekar eða skaddaðar, sem oft kom fyrir. Tómar tunnur hafi yfirleitt ekki verið innan um fullar tunnur, en þó hafi það getað átt sér stað. Tómu tunnurnar hafi þá ekki verið auðkenndar sérstaklega, en helzt hafi mátt átta sig á því, hvort um tóma tunnu hafi verið að ræða, ef sponsið hafi vantað á hana. Stefnir segir það hafa komið fyrir, að þeir aðstoðarmenn verkstjóra hafi séð um blöndun á formalíni, ef þannig stóð á. Stefnir sagði, að ein tunna hafi verið skorðuð undir margnefndum stiga. Hann taldi, að tunna þessi hefði verið full, og hefði hann sjálfur reynt að ná henni undan stiganum aðfaranótt 3. september, daginn sem slysið varð, en hætti við það, því að hann hafi þurft að sinna einhverju öðru. Kvaðst hann því hafa farið inn í SR 46 og sagt við Jóhannes Blöndal pressumann, að full tunna væri undir stiganum og hann skyldi sækja hana. Á næstu vakt hafi Jóhannes Blöndal sagt sér, að hann hefði spyrnt umræddri tunnu undan stiganum, en hún þá reynzt tóm, svo að hann hafi sett hana aftur á sama stað og skorðað hana þar. Stefnir kvaðst hafa spurt stefnanda að því, er hann hafi hjálpað til við að flytja hann út á flugvöll að morgni slysdagsins, hvaða tunna hefði orðið honum að falli. Hafi stefnandi þá sagt sér, að það hafi verið tunna sú, sem hafði verið undir stiganum.

Vitnið Hreiðar Gísli Elíasson, verkstjóri hjá Síldarverksmiðjum ríkisins, hefur skýrt svo frá, að það hafi jafnan fallið í hlut pressumannanna að sækja formalínstunnur og blanda formalínið. Aðrir starfsmenn hafi þó hlaupið í þetta, þegar því hafi verið að skipta. Hreiðar sagði, að fullar formalínstunnur liggi eða standi upp á endann. Venjulega liggi þær þó að vestan og norðanverðu við þró SR 30. Sé formalínið blandað í keri, sem sé norðan við þróna. Innan um fullu tunnurnar séu einnig iðulega tómar tunnur. Þessar tómu tunnur séu ekki merktar sérstaklega, þannig að jafnvel þurfi að kanna það hverju sinni, hvort tunna sé tóm eða full. Stundum sé sponsið skrúfað í tómu tunnurnar og líti þær því út eins og fullar væru.

Með bréfi saksóknara til öryggismálastjóra, dagsettu 1. nóv-

ember 1967, er leitað álits öryggismálastjóra um slys þetta. Álitsgerð öryggismálastjóra er dagsett 17. nóvember 1967. Í henni segir svo að loknum upphafsorðum:

„Við rannsókn þá, sem nú hefur farið fram í málinu, kemur það í ljós, að engin regla hefur verið á því, að tómar tunnur væru fjarlægðar, hafi því tómar tunnur staðið eða legið innan um fullar tunnur, ekkert auðkenndar, nema ef gleymzt hafi að skrúfa tappann í sponsgatið að tæmingu lokinni, þá þekktust þær á því.

Þá kemur það og einnig fram við rannsóknina, að á uppdrátt lögreglunnar vantar veigamikið atriði, en það er trappa eða stigi af þróargangbrúnni upp í SR 30, en undir þessari tröppu mun tunnan, sem slysinu olli, hafa verið skorðuð.

Einn starfsmannanna, Jóhannes Valgarð Blöndal, skýrir frá því, að hann hafi ætlað að taka tunnu, sem skorðuð var undir tröppunni og álitin var full, hafi reynzt tóm, og þegar hún losnaði úr skorðum, hafi hún fallið og hann ofan á hana. Segist hann síðan hafa reist tunnuna og skorðað hana á sama stað. Í hvaða augnamiði, verður ekki séð, en sýnir, að tómum tunnum var ekki ætlaður sérstakur staður aðskilinn frá fullum tunnum. Að minnsta kosti þrír samstarfsmanna hins slasaða, sem töluðu við hann eftir slysið, bera það, að hann hafi sagt þeim, að það hafi verið tunnan, sem skorðuð var undir tröppunum, sem hann var að eiga við, þegar hann féll, en á þetta minnist hann hvorki í framburði sínum í sakadómi Siglufjarðar 18. janúar s.l. eða í lýsingu sinni af aðdraganda slyssins til Öryggiseftirlitsins 4. júní s.l., en það, að tunnan var skorðuð föst, gerði það eðlilegt, að töluverðu átaki þurfti að beita við að losa hana, en þegar hún var orðin laus, var það ekki nema þungi tunnunnar, sem veitti viðnám gegn átakinu, og því kastaðist maðurinn aftur yfir sig.

Miðað við þá umferð og störf, sem venjulega eru unnin á gangbrúm síldarþróa, hefur Öryggiseftirlitið talið nægilegt að hafa eina langslá í andriði kringum opin, enda var millislá talin til óhagræðis, meðan það tíðkaðist að salta í þrær, hins vegar geri ég ráð fyrir, að eftirlitið hefði talið æskilegt og krafizt þess, að millislá væri í handriðum á því svæði, sem unnið var að formalínblöndunni, ef eftirlitsmaður hefði gert sér grein fyrir því, að þar væri vinnusvæði umfram það, sem venjulegt er á gangbrún síldarþróa, og ég tel öruggt, að millislá í handriðinu hefði komið í veg fyrir slys þetta.

Orsök slyssins tel ég því skipulagsleysi í meðferð tómra og

fullra umbúða og ónógar grindur kringum þróaropin á því svæði, sem formalínblöndunin fór fram".

Stefnandi rökstyður skaðabótaábyrgð stefnda á slysi þessu í fyrsta lagi með því, að um vanbúnað á vinnustað hafi verið að ræða. Vinnuaðstaðan hafi verið þannig, að unnið hafi verið á tiltölulega mjórri göngubrú úr tré með djúpar síldarþrær að minnsta kosti á annan veginn og stundum á báða vegu. Stefnandi hafi verið að glíma við formalínstunnur, sem séu um 185 kíló að þyngd fullar. Handrið úr tré hafi verið meðfram göngubrúnni, en aðeins ein þverslá hafi verið á handriði þessu og hafi hæð hennar fyrir ofan göngubrú verið um það bil 90 cm. Bendir stefnandi á, að hann hafi fallið á göngubrúna og viðstöðulaust undir þverslána og niður í þróna. Hefði hins vegar verið millislá á handriðinu, hefði hann ekki fallið ofan í síldarþróna, og vitnar stefnandi máli sínu til stuðnings í framangreinda álitsgerð öryggismálastjóra. Enn fremur vekur stefnandi athygli á 13. gr., 2. mgr., laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Þar segir, að hættulegar gryfjur, skurðir og annað þess háttar skuli vera nægilega varið. Þessu ákvæði hafi ekki verið fullnægt, að því er hina djúpu síldarþró varðar, sem stefnandi féll í. Af þessu telur stefnandi ljóst, að um vanbúnað á vinnustað hafi verið að ræða og að öryggis hafi ekki verið gætt af hálfu stefnda við frágang handriðsins, ekki sízt þegar haft sé í huga, að starfsmönnum fyrirtækisins hafi verið gert að vinna þarna, eins og nánar hefur verið lýst hér að framan í dóminum. Þá sé það og ljóst, að fleiri þverslár á handriðinu hefðu komið í veg fyrir umrætt slys.

Í annan stað byggir stefnandi skaðabótaábyrgð stefnda á því, að algert skipulagsleysi hafi ríkt í meðferð tómra og fullra umbúða. Sé enginn vafi á því, að hér sé um að ræða eina af veigamestu orsökum slyssins. Vitnar stefnandi máli sínu til stuðnings í framangreint bréf öryggismálastjóra. Þegar vinnuaðstaðan sé höfð í huga, það er, að starfsmenn hafi verið látnir glíma við tunnur, sem verið hafi 185 kíló að þyngd, á mjóum göngubrúm, sem legið hafi yfir síldarþrærnar, verði það að teljast vítavert gáleysi af hálfu forráðamanna verksmiðjunnar að hafa ekki haft betra skipulag á vinnubrögðum.

Í þriðja lagi byggir stefnandi bótakröfu sína á því, að um mistök af hálfu starfsmanna stefnda hafi verið að ræða. Sumir þeirra hafi vitað um það, að margnefnd tunna hafi verið tóm. Samt sem áður hafi enginn þeirra aðvarað stefnanda um þetta.

Þvert á móti hafi starfsmaðurinn Jóhannes Valgarð Blöndal, sem, einum til tveimur tímum áður en stefnandi slasaðist, hafi næstum orðið fyrir svipuðu slysi af nefndri tunnu, aftur skorðað tunnuna undir stiga þeim, þar sem hún hafði áður verið, og látið hana bíða næsta manns án þess að gera nokkrar ráðstafanir. Þetta sé vítavert gáleysi umræddS starfsmanns, sem stefndi beri húsbóndaábyrgð á og leiði til skaðabótaskyldu hans.

Stefndi byggir dómkröfur sínar á því, að stefnandi hafi verið búinn að vinna 20 sumur hjá Síldarverksmiðjum ríkisins, þegar slysið vildi til. Hann hafi m. a. haft það starf að sjá um formalínsblöndun, er slys það vildi til, sem mál þetta snýst um. Þá hafi stefnandi verið orðinn aðstoðarmaður verkstjóra. Stefnandi hafi því verið þrautkunnugur staðháttum og starfi sínu og vitað, að fyrirfram verði ekkert um það sagt, hvort tunnur séu fullar eða tómar, og rannsaka þurfi það hverju sinni, hvort svo sé. Stefnandi hafi kannað málið á þann hátt að leggja vinstri hönd yfir botn tunnunnar og slá í hana með fætinum til þess að kanna, hvort tómahljóð væri í tunnunni. Eftir þessa athugun hafi hann talið tunnuna fulla. Þar hafi stefnandi ályktað rangt og hann geti ekki sakazt um það við neinn annan en sjálfan sig.

Formalínstunnurnar hafi staðið á trépalli við síldarþróna, sem stefnandi féll ofan í. Trépallur þessi hafi verið vandlega girtur og þversláin í handriðinu hafi verið í 90—100 cm hæð, en 150 cm hafi verið á milli staura. Op í handriði þessu hafi því aðeins verið um 90×150 cm og hornlína um 175 cm. Þennan frágang hafi Öryggiseftirlit ríkisins talið fullnægjandi. Pallbreidd frá grindverki að formalínstunnunum hafi verið um 120 cm, en tunnurnar verið á hæð við grandverkið. Stefndi mótmælir því, að tunna sú, sem stefnandi tók á í umrætt sinn, hafi verið skorðuð undir stiga. En hafi svo verið, þá hljóti jafnvanur maður og stefnandi að hafa tekið eftir því og sé gáleysi hans því þeim mun meira.

Þá hefur stefndi mótmælt því algerlega, að grindverk það, sem um ræðir í málinu, hafi eigi verið fullnægjandi. Telur hann mjög ósennilegt, ef ekki alveg útilokað, að stefnandi hafi fallið undir grindverkið. Miklu líklegra sé, að hann hafi tekið svo fast á tunnunni, að hann hafi henzt yfir grindverkið, en ástæður þess, að hann tók svo fast á, verði að rekja til rangrar ályktunar hans sjálfs svo og ef til vill til þess, að hann hafi ekki tekið eftir því, að stigi studdi við tunnuna. Aðbúnaður allur á vinnustað hafi verið mjög vandaður og í fullu samræmi við kröfur Öryggis-

eftirlits ríkisins. Því hafi verið ógerlegt að sjá fyrir, að slys af því tagi, sem henti stefnanda, gæti komið fyrir, og hugleiðingar stefnanda um, að millislá hefði getað komið í veg fyrir slysið, telur stefndi eigi hafa við rök að styðjast og ekki heldur umsögn öryggismálastjóra í sömu átt.

Verði ekki á það fallizt, að sýkna beri stefnda af kröfum stefnanda, telur stefndi hins vegar alveg ljóst, að skipta verði sökinni og láta stefnanda bera mjög verulegan hluta tjóns síns sjálfan sakir þess stórkostlega gáleysis hans sjálfs, sem að framan er lýst.

Svo sem að framan er rakið, var síldarþró sú, sem stefnandi féll ofan í, 2½—4 metrar á dýpt. Göngubrú sú, sem við hana lá, var girt handriði, sem aðeins hafði eina þverslá í um það bil 90 cm hæð, en 150 cm voru á milli staura í handriðinu. Göngubrú þessi var athafnasvæði. Þangað voru sóttar fullar formalínstunnur, sem eru mjög þungar. Tunnur þessar lágu skipulagslaust innan um tómar tunnur án sérstakrar auðkenningar. Rétturinn lítur svo á, að nauðsynlegt hafi verið að hafa millislá á handriði þessu. Þar sem hún var eigi fyrir hendi, verður að telja, að um óforsvaranlegar vinnuaðstæður hafi verið að ræða, sem stefndi beri ábyrgð á.

Á hinn bóginn er á það að líta, að stefnandi hafði unnið í 20 ár hjá stefnda, er slysið vildi til, og var þá orðinn aðstoðarmaður verkstjóra. Hann var því mjög reyndur í starfi og gerkunnugur aðstæðum á vinnustað. Er það skoðun réttarins, að hann hafi ekki sýnt af sér þá gát í umrætt sinn, sem af slíkum starfsmanni má með sanngirni krefjast. Er því óhjákvæmilegt að láta stefnanda bera nokkurn hluta tjóns síns sjálfan, sem eftir atvikum þykir hæfilegt, að sé ⅓ hluti, en ⅔ hluta er stefnda gert að bæta honum.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar þannig:

1.	Örorkutjón samkvæmt útreikningi Guðjóns Hansens tryggingafræðings	kr. 764.901.00
2.	Bætur fyrir þjáningar, lýti og annan miska . .	— 100.000.00
3.	Fæði og húsnæði vegna ferðar til Reykjavíkur	— 11.150.00
4.	Fargjöld o. fl. vegna þriggja ferða til Reykjavíkur	— 25.000.00
5.	Greiðsla vegna örorkumats	— 2.000.00
6.	Greiðsla vegna tjónútreiknings	— 3.200.00
7.	Fatatjón á slysdegi	— 1.400.00
		Kr. 907.651.00

Frá þessari fjárhæð hefur stefnandi dregið greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins að fjárhæð kr. 188.118.60. Mismunurinn nemur því stefnufjárhæð málsins, kr. 719.532.40.

Verður nú fjallað um hina einstöku liði stefnukröfunnar.

Um 1. lið.

Þegar eftir slysið var Sigurður Sigurðsson, héraðslæknir á Siglufirði, kvaddur á slysstað. Hann hlúði að stefnanda á slysstaðnum, en síðan var hann fluttur á Sjúkrahús Siglufjarðar í sjúkrakörfu. Í vottorði Sigurðar Sigurðssonar héraðslæknis, dagsettu 1. febrúar 1967, segir m. a. svo: „Við skoðun sást mjög mikil fyrirferðaraukning um og ofan við hægra hné. Góð blóðrás var í fætinum, slasaði hreyfði vel tærnar og hafði óskerta tilfinningu í þeim. Eins og áður segir, var hann hruflaður á enni, en hafði ekki einkenni um heilahristing. Þá var hann hruflaður á hægri olnboga og vinstra hné. Röntgenmynd af hægra hné sýndi, að lærleggurinn var þverbrotinn rétt ofan við condylana og talsvert flaskað úr beinendunum. Þá var og sprunga frá aðalbrotinu niður í hnéliðinn. Talsverð skekkja var á brotstaðnum. Þar sem um mjög slæmt beinbrot var að ræða, var slasaði sendur á Landspítalann í Reykjavík með sjúkraflugvél, fáum klukkustundum eftir að slysið varð, og var þar gert að brotinu".

Á Landspítalanum annaðist Hannes Finnbogason læknir um stefnanda. Hann hefur gefið vottorð, dags. 2. apríl 1968. Í því vottorði segir m. a. á þessa leið:

„Við komuna á deildina var sjúklingur í all góðu ásigkomulagi, hann var ekki í losti. Kvartaði um verk neðst á hægri lærlegg og um hægra hné. Auk þess hafði hann minniháttar eymsli á vinstra hné og niður á hnéskelinni og auk þess eymsli á vinstri rist.

Við rannsókn kemur í ljós, að hann hafði hlotið þverbrot rétt ofan við hægri hnélið og niður í hnéliðinn. Mikil skekkja er á brotstaðnum, og hefir neðra brotið gengið aftur á við, en ekki voru nein einkenni um blóðrásarhindrun niður í fótinn og ekki heldur nein einkenni um sköddun á taugum. Á röntgenmyndum, sem teknar voru af vinstra hné og vinstri rist, var ekki hægt að greina nein brot.

Fljótlega eftir komuna á deildina var í svæfingu gert að brotinu. Brotinu var þannig háttað, að ekki þótti heppilegt að reyna að festa því með innri festingu, þ. e. a. s. spöng og skrúfum, og var því notuð togmeðferð. Fyrst var lagður Kirschner þráður í gegnum femurcondylana, en Steinmann nagli rekinn í gegnum

tibia bak við tuberositas. Brotið var síðan lagfært, og fékkst góð stelling, en að þessu loknu var sett sjö kílóa tog á Steinmann naglann og 1½ kg. tog á Kirschners þráðinn.

Togmeðferðin var viðhöfð í sex vikur, en þá voru þræðirnir, sem reknir voru í gegnum beinin, teknir. Næstu vikurnar var hann síðan í æfingum. Reyndist hnéliðurinn vera mjög stirður, og í fyrstu gat hann ekki beygt meira en nokkrar gráður, en það jókst smám saman, og við brottför af spítalanum hinn 11. nóvember, eða sex vikum eftir slysið, gat hann orðið beygt um 20°, en þó vantaði um 5° upp á fulla réttingu í hnéliðnum. Hann fluttist af Landspítalanum á sjúkrahúsið á Siglufirði til áframhaldandi æfinga.

Á röntgenmyndum, sem teknar voru tveim dögum fyrir brottförina af sjúkrahúsinu, mátti sjá, að brotið var á góðum vegi með að festast, en að vísu með dálítilli skekkju.

Þann tíma, sem sjúklingurinn lá í strekknum, var hann oft illa haldinn af verkjum og þá fyrst og fremst í hnéliðnum, sem bólgnaði allmikið, og auk þess hafði hann nokkurn bjúg á fótleggnum fyrst í stað, en sá bjúgur hvarf eftir nokkrar vikur.

Sjúklingur hefur nokkrum sinnum komið til eftirlits, frá því að hann fór af deildinni, síðasta skiptið í október 1967. Var þá enn mikill stirðleiki í hægri hnélið, gat þá beygt um það bil 50° og gat rétt hnéliðinn að fullu. Hafði þá töluverða rýrnun á vöðvum hægra læris og dálitla rýrnun á vöðvum hægri kálfa. Hreyfing í ökklaliðnum var því sem næst eðlileg".

Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir hefur skoðað stefnanda og metið örorku hans af völdum slyssins. Örorkumat læknisins er dags. 10. nóvember 1967. Í því segir m. a. svo:

„Slasaði lá á Landspítala þar til 11/11 1966, en var þá aftur fluttur á Sjúkrahús Siglufjarðar, þar sem hann dvaldist til 20/11 1966.

Á Siglufirði var slasaði til eftirlits hjá Sigurði Sigurðssyni héraðsl. þar, og í vottorði frá honum er staðfest, að slasaði hafi verið í stöðugri æfingameðferð, eftir að hann kom af Landspítala, og um miðjan janúar 1967 var svo komið, að hann gat komizt með staf og hækju í nuddmeðferð á nuddstofu.

Slasaði kom fyrst til viðtals hjá undirrituðum 22/8 1967. Hann skýrir frá því, að við slysið þá hafi hann fengið nokkurn áverka, bæði á höfuð og brjóst, en aðaláverkinn hafi verið á hægri lærlegg rétt ofan við hnéð.

Undirritaður ráðlagði honum æfingameðferð hjá Jóni Þorsteins-

syni, og var hann í slíkri æfingameðferð þar til um miðjan október. Slasaði kom síðast til viðtals hjá undirrituðum 16/10 1967. Hann gengur haltur á hægri ganglim. Allmikill stirðleiki er í hægra hné (hreyfingarsvið, hægri 180—130, vinstri 180/60).

Nokkur rýrnun er á vöðvum á hægra læri, og mælist 2 cm miðað við vinstra. Það er góð hreyfing í öklaliðnum, en greinilega nokkru stirðara en vinstra megin, enda þótt ekki sé mælanlegur munur.

Röntgenskoðun var gerð 27/4 1967 og síðast 5/10 1967, og eru umsagnir röntgenlækna þannig:

„27/4 '67. H. femur / h. hné, contro.

Það er ekki úrkölkun í h. femur, en brot hafði orðið á honum í neðri endanum, T-formabrot, þ. e. a. s. þvert fyrir ofan condylana og langsprunga niður á milli þeirra. Situs á brotstaðnum verður að teljast nokkuð góður, það er kannske dál. valgus-stelling á hnénu, en óveruleg þó, og profilmyndin sýnir ágætan situs, og facturan sýnist gróin og þannig í nokkuð góðri stefnu ant. post, en profilmyndin sýnir, að rotation hefur verið á neðra fragmeni í yfirextension, þ. e. a. s. að condylarnir eru ekki roteraðir nógu mikið aftur á við".

„5/10 1967, h. femur / h. hné — control.

Supracondylær fractura í hægri femur, nú gróin með óreglulegum beinstructur, töluvert, enda var fracturan comminut. Brotið hafði legið þannig: að það var extension-deformitet á condylunum, liðflöturinn veit of mikið fram og upp, og er það enn, svo að búast má kannske við einhverjum flectionsdefect".

Ályktun: Hér er um að ræða 42ja ára gamlan verkstjóra, sem slasast við vinnu sína fyrir rúmlega einu ári. Við slysið hlaut hann brot á hægra læri auk minniháttar áverka á höfuð og brjóst.

Vegna slyssins þá hefur maðurinn nú allmikinn stirðleika í hægra hné, og er þess ekki að vænta, að bót verði á því ráðin, vegna þess að brotið hefur gróið með nokkurri skekkju, svo að liðurinn leyfir ekki meiri hreyfingu en orðið er. Af þessum sökum verður að telja, að maðurinn hafi hlotið tímabundna og varanlega örorku, sem telst hæfilega metin þannig:

Í 12 mánuði . . . . . 100% örorka
Í 3 — . . . . . 75% —
Í 3 — . . . . . 50% —
Í 3 — . . . . . 35% —
Og síðan varanleg örorka 25%".

Á grundvelli þessa örorkumats hefur Guðjón Hansen tryggingafræðingur reiknað út örorkutjón stefnanda. Útreikningur tryggingafræðingsins er dagsettur 3. febrúar 1968. Hann hefst á tilvitnun í örorkumat Páls Sigurðssonar tryggingayfirlæknis. Síðan segir svo í útreikningnum:

„Samkvæmt staðfestum endurritum skattframtala Skarphéðins fyrir starfsárin 1963—1966 voru launatekjur hans og hreinar tekjur samkvæmt sjávarútvegsskýrslu á því tímabili sem hér segir:

Ár	Laun	Tekjur samkv. sjávarútvegssk.	Samtals
1963	kr. 42.715.77	kr. 30.023.98	kr. 72.739.75
1964	— 86.866.00	— 18.380.00	— 105.246.00
1965	— 160.835.00	— 0	— 160.835.00
1966	— 149.698.00	— 0	— 149.698.00

Síðastnefnda árið hefur Skarphéðinn talið fram dagpeninga að fjárhæð kr. 15.001.00, og munu þeir eiga rót sína að rekja til slyssins.

Skarphéðinn er sagður fæddur 11. nóvember 1924 og hefur samkvæmt því verið 41 árs að aldri, er hann varð fyrir slysi því, sem hér um ræðir. Hann var þá í starfi hjá Síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði, og frá þeim vinnuveitanda hefur hann fengið nær allar framangreindar launatekjur. Slysatryggðar vinnuvikur á fiskiskipi eru tilgreindar 17 vikur árið 1963, 27 vikur árið 1964 og 7 vikur árið 1965. Hann mun því sjálfur hafa stundað sjó í sambandi við útgerð þá, er hann samkvæmt upplýsingum í bréfi yðar frá 26. f. m. kveðst hafa stundað, en tekjur af þeirri starfsemi kveður hann hafa brugðizt vegna aflaleysis og því hafi vinnutekjur hans orðið óvenjulega rýrar árin 1963 og 1964.

Oft reynist erfitt að meta vinnutekjur þeirra, sem sjálfstæðan atvinnurekstur stunda, þar eð blandazt geta saman vinnutekjur, tekjur af fjármagni og hagnaður af rekstrinum. Hitt er einnig algengt, að hreinar tekjur samkvæmt skattframtölum svari alls ekki til eðlilegra vinnutekna, og geta framtöl þá reynzt ónothæfur grundvöllur við áætlun tekna í framtíðinni.

Með hliðsjón af framanrituðu hef ég reiknað tekjur samkvæmt sjávarútvegsskýrslu sem vinnutekjur og áætlað vinnutekjur fram í tímann á þrennan hátt. Er tekjugrundvöllur eftirfarandi:

a. Umreiknaðar meðaltekjur 1963—1965, þ. e. þriggja ára fyrir

slysið. Með þessu móti verða hinar reiknuðu tekjur nokkuð lágar, sbr. framangreindar skýringar.

b. Umreiknaðar meðaltekjur 1964—1966. Hér er sjálft slysárið tekið með, en samt verða reiknaðar tekjur nokkuð hærri en samkvæmt a-lið.

c. Umreiknaðar tekjur ársins 1965. Eitt ár veitir að jafnaði ekki nægilega trausta vitneskju til áætlunar fram í tímann, en hins vegar er þetta eina árið á framangreindu fjögurra ára tímabili, sem eingöngu er um launatekjur að ræða, og slysið hefur ekki rýrt þær.

Við umreikning tekna til kauplags, eins og það hefur verið frá slysdegi til þessa, hef ég miðað við breytingar á fiskverði á vetrarvertíð, að því er snertir tekjur samkvæmt sjávarútvegsskýrslu, en við breytingar á almennum taxta Dagsbrúnar í Reykjavík, að því er snertir launatekjur (taxtar verkstjóra eru yfirleitt í föstu hlutfalli við taxta almennra starfsmanna). Umreiknaðar á þennan hátt reiknast mér hinar þrenns konar vinnutekjur verða sem hér segir:

	a. Umreiknaðar tekjur 1963—1965	b. Umreiknaðar tekjur 1964—1966	c. Umreikn. tekjur ársins 1965
Frá slysdegi til 31/12 1966	kr. 149.726.00	kr. 164.948.00	kr. 196.250.00
Frá 1/1 til 30/11 1967	— 151.402.00	— 165.562.00	— 196.250.00
Frá 1/12 til 31/12 1967	— 155.771.00	— 170.898.00	— 202.908.00
Frá 1/1 1968 ..	— 158.034.00	— 171.726.00	— 202.908.00

Miðað við þann þrenns konar tekjugrundvöll, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

	Miðað við grundvöll a. kr.	Miðað við grundvöll b. kr.	Miðað við grundvöll c. kr.
Vegna tímabundins orkutaps	200.990.00	220.019.00	260.943.00
Vegna varanlegs orkutaps	392.505.00	426.512.00	503.958.00
Samtals	593.495.00	646.531.00	764.901.00

Til samanburðar má geta þess, að meðaltekjur verkamanna, reiknaðar á grundvelli úrtaksrannsóknar Efnahagsstofnunarinnar á vinnutekjur kvæntra verkamanna í Reykjavík samkvæmt skattframtölum fyrir starfsárin 1957—1966, reiknast mér nema kr. 179.992.00, þegar miðað er við núverandi kauplag, þ. e. nokkru hærra en grundvöllur b. hér að ofan.

Við útreikninginn hefur ekki verið tekið tillit til greiðslna vegna slyssins frá Tryggingastofnun ríkisins.

Reiknað er með 7% töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenzkra karla 1951—1960".

Stefnandi miðar dómkröfu sína samkvæmt þessum lið við C-liðinn í útreikningi tryggingafræðingsins. Sýnist honum það eðlilegasti viðmiðunarliðurinn, þar sem C-liður útreikningsins séu umreiknaðar tekjur ársins 1965, en það kveður stefnandi hafa verið fyrsta árið, sem hann hafi haft hreinar launatekjur og unnið alveg hjá stefnda. Jafnframt bendir stefnandi á, að á árunum 1963 og 1964 hafi hann stundað útgerð og tekjur hans þá orðið mjög rýrar sakir aflabrests. Sýnist stefnanda óeðlilegt, að þessar lágu tekjur hans þau árin verði til þess að lækka örorkutjón hans.

Stefndi hefur í fyrsta lagi mótmælt örorkumatinu sem röngu og allt of háu. Í annan stað vekur stefndi athygli á því, að C-liðurinn í útreikningi tryggingafræðingsins sé byggður á eins árs tekjum. Það sé óvanalegt og ekki réttur útreikningur á örorkutjóni. Hitt sé venja að miða við atvinnutekjur síðustu þriggja ára fyrir slysið. En sé sá útreikningur viðhafður í þessu máli, verði útkoman kr. 593.495.00, sbr. A-lið í útreikningi tryggingafræðingsins. Að sjálfsögðu beri að miða við þá fjárhæð, en ekki tekjur eins árs, eins og stefndi geri í sinni kröfugerð. Að endingu bendir stefndi á, að við ákvörðun bóta beri að taka tillit til hagræðis af eingreiðslu og til skattfrelsis svo og veikindakaups frá stefnda og greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins.

Örorkumati Páls Sigurðssonar tryggingayfirlæknis hefur ekki verið hnekkt, og er því eigi unnt að taka til greina mótmæli stefnda gegn því. Hins vegar þykir mega fallast á það með stefnda, að við ákvörðun bóta samkvæmt þessum lið beri að leggja til grundvallar A-liðinn í útreikningi tryggingafræðingsins, sem byggður er á tekjum stefnanda síðustu þrjú árin fyrir slysið. Með tilliti til framangreindra röksemda stefnda til lækkunar á þeirri fjárhæð þykir atvinnutjón stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðið kr. 500.000.00.

Um 2. lið.

Stefnandi rökstyður þennan kröfulið með því að vitna til meiðsla sinna og sjúkrasögu, sem rakin hefur verið hér að framan. Enn fremur hefur stefnandi lagt fram vottorð heimilislæknis síns, Sigurðar Sigurðssonar, héraðslæknis á Siglufirði. Vottorð þetta er dagsett 10. september 1968:

„Skarphéðinn slasaðist við vinnu hjá Síldarverksmiðjum ríkisins, Siglufirði, 3. sept. 1966. Samdægurs var hann fluttur á Landspítalann, Reykjavík, þar sem hann lá til 11. nóv., lengst af illa haldinn.

Til Siglufjarðar kom hann 14. nóv. og lá á Sjúkrahúsi Siglufjarðar til 20. nóv. Slasaði var að mestu rúmliggjandi til 18. jan. 1967, en fór þá að bera sig um á tveim hækjum í fyrstu, en síðan á hækju og staf. Síðan í maí 1967 hefur hann notað staf.

Æfinga- og nuddmeðferð var hafin á Landspítala og haldið stöðugt áfram, er hingað kom. Fram yfir 20. marz fékk hann meðferð í heimahúsum, enda ekki ferðafær, en síðan gekk hann til nuddkonu fram til 17. ágúst, og var þá bætt hljóðbylgjum við meðferðina. Um 20. ágúst fór hann til Reykjavíkur og var þar í æfingameðferð hjá Jóni Þorsteinssyni 6. sept. til 24. okt. Eftir heimkomuna hélt hann áfram í meðferð fram að jólum 1967.

26. marz 1968 byrjaði Skarphéðinn að vinna á rafmagnsverkstæði S.R., Siglufirði. Fyrstu 6 vikurnar vann hann 3½ klst. á dag (5 daga vikunnar), síðan 6 klst. daglega til 29. júlí og síðan 8 stundir á dag.

Þrátt fyrir það, að vinna þessi sé létt og vinnuaðstaða góð, t. d. nægur hiti, veitist honum erfitt að stunda þessa vinnu. Hann hefur daglega meiri eða minni óþægindi og verki í hægra fæti. Þreytist mjög fljótt og á erfitt með gang og stöður. Bjúgur sígur á fótinn, er á daginn líður, og mikill kuldi sækir á hann, jafnvel svo, að hann sefur í ullarsokk.

Síðan Skarphéðinn slasaðist, hefur töluvert borið á almennri vanlíðan og taugaslappleika, sem hann hafði aldrei orðið var við áður. Vegna þessa hefur hann þurft að taka lyf um alllangt skeið, í smáum stíl þó. Þá hefur hann einnig þurft lyf vegna bjúgs á fæti. Lengi vel kvartaði slasaði um þyngsli fyrir brjósti, en lítið hefur borið á því í sumar.

Slasaða finnst, að um enga framför sé að ræða hjá sér síðustu 12 mánuði, og verður það að teljast nærri lagi.

Hér er um 43 ára verkamann að ræða, kvæntan 4 barna föður, sem slasaðist illa fyrir tveim árum og hlaut af varanlega bæklun.

Telja verður útilokað, að hann geti stundað erfiðisvinnu hér eftir, og hann er ekki samkeppnisfær á almennum vinnumarkaði. Þetta er mjög mikið áfall fyrir slasaða og röskun á högum, sérstaklega þar sem hann var mjög ötull og kappsamur verkmaður, sem hafði lífsframfæri sitt af erfiðisvinnu".

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem of háum.

Bætur samkvæmt þessum lið þykja hæfilega ákveðnar kr. 80.000.00.

Um 3. lið.

Stefnandi kveðst þrisvar sinnum hafa þurft að fara til Reykjavíkur til læknisaðgerða á árinu 1967. Í þessi þrjú skipti kveðst hann hafa dvalizt hjá Jóhanni Skarphéðinssyni, Reykjavíkurvegi 10, Hafnarfirði. Hafi hann haft þar fæði og húsnæði á þeim tíma, sem hann dvaldist í Reykjavík. Hafi hér samtals verið um 75 daga að ræða, en Jóhann Skarphéðinsson hefur gert stefnanda reikning fyrir dvöl þessari, og er í þeim reikningi krafizt kr. 150.00 fyrir hvern dag, en samtals gerir það 11.250.00 krónur. Hins vegar krefst stefnandi ekki hærri fjárhæðar undir þessum kröfulið heldur en kr. 11.150.00.

Stefndi hefur mótmælt þessari fjárhæð sem of hárri.

Rétturinn lítur svo á, að stefndi beri fébótaábyrgð á kostnaði samkvæmt þessum lið sem einum þætti í tjóni stefnanda. Og þar sem krafa stefnanda þykir vera við hóf, verður hún tekin til greina óbreytt.

Um 4. lið.

Undir þessum kröfulið krefur stefnandi greiðslu vegna ferðakostnaðar til Reykjavíkur þrisvar sinnum. Eina ferðina til Reykjavíkur hefur stefnandi farið fljúgandi. En hinar tvær fór hann í eigin bifreið. Kostnaður við flugferðina er samkvæmt framlögðum reikningum kr. 1.900.00. Þykir eðlilegt, að hann fái greidda sömu fjárhæð fyrir þær tvær ferðir, sem hann fór suður til Reykjavíkur á eigin bifreið. Þá hefur stefnandi lagt fram reikning frá Bílaleigunni h/f að fjárhæð kr. 405.00, en stefnandi kveðst eitt sinn hafa þurft að taka þar bifreið á leigu. Við mat á þessum lið bendir stefnandi á það, að vegna heilsufars hans hafi hann átt mjög örðugt með gang og orðið að hafa bifreið til þess að komast á milli lækna daglega, meðan hann hafi dvalið hér fyrir sunnan.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem of háum.

Við mat á þessum kröfulið lítur rétturinn svo á, að eðlilegt sé að meta ferðakostnað stefnanda með eigin bifreið til jafns við

kostnað þann, er hann hafði af flugferðinni, það er kr. 1.900.00. Kostnaður við þrjár ferðir stefnanada ákveðst því kr. 5.700.00. Þá er einnig rétt að taka til greina reikninginn frá Bílaleigunni h/f að fjárhæð kr. 405.00. Að öðru leyti eru eigi efni til að taka þennan kröfulið frekar til greina gegn andmælum stefnda, enda hefur ekki verið sýnt fram á, að stefnandi hafi orðið fyrir frekari útgjöldum vegna ferða sinna en að framan greinir.

Um liði 5—7.

Þessir kröfuliðir hafa eigi sætt tölulegum andmælum af hálfu stefnda. Verða þeir því teknir til greina óbreyttir.

Samkvæmt framansögðu ákveðst tjón stefnanda af völdum slyssins samtals kr. 603.855.00 (þ. e. kr. 500.000.00 + 80.000.00 + 11.150.00 + 405.00 + 5.700.00 + 2.000.00 + 3.200.00 + 1.400.00).

Stefnandi á sjálfur að bera ⅓ hluta tjóns síns, þ. e. kr. 201.285.00. Eftir standa þá kr. 402.570.00. Frá þeirri fjárhæð ber að draga greiðslur til stefnanda frá Tryggingastofnun ríkisins, samtals að fjárhæð kr. 184.229.40, og kaup, sem stefndi hefur greitt stefnanda eftir slysið, að fjárhæð kr. 11.545.52 auk orlofs að fjárhæð kr. 808.18. Samkvæmt þessu er stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 205.986.90 ásamt 7% ársvöxtum frá 3. september 1966 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Samkvæmt reikningi, sem lögmaður stefnanda hefur lagt fram í málinu, er útlagður kostnaður stefnanda kr. 3.522.00.

Málskostnaður til handa stefnanda ákveðst kr. 33.522.00 og greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnanda, Birgi Ísleifi Gunnarssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 30.000.00 í talsmannslaun.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Síldarverksmiðjur ríkisins, greiði stefnanda, Skarphéðni Björnssyni, kr. 205.986.90 auk 7% ársvaxta frá 3. september 1966 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Málskostnaður stefnanda, kr. 33.522.00, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnanda, Birgi Ísleifi Gunnarssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 30.000.00 í talsmannslaun.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. maí 1969.

Nr. 209/1968. **Vegagerð ríkisins**
(Kristinn Gunnarsson hr.)
gegn
Hauki Tómassyni
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnuslys. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. nóvember 1968. Krefst áfrýjandi lækkunar á dæmdum fjárhæðum í héraðsdómi, þannig að honum verði aðeins dæmt að bæta tjón stefnda að hálfu og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er rækilega lýst í héraðsdómi. Fallast má á rök héraðsdóms fyrir því, að öryggisumbúnaður á steypuhrærivél þeirri, er stefndi vann við, þegar hann slasaðist, hafi eigi verið fullnægjandi af hálfu framleiðanda vélarinnar. Slys það, er hér um ræðir, varð 3. september 1966, en samkvæmt gögnum málsins hafði stefndi stjórnað steypuhrærivélinni frá því í maímánuði sama ár og var því verkinu vanur og þekkti vélina. Mátti honum vera ljóst, að það verklag að klifra upp vélina, þar sem stjórntæki skúffunnar voru, fól í sér mikla hættu. Þegar til þessa er litið, verður að telja, að slysið hafi að nokkru orðið fyrir ógætni stefnda sjálfs. Samkvæmt þessu þykir rétt að skipta fébótaábyrgð á slysi þessu þannig, að áfrýjandi bæti stefnda tjón hans að ⅔ hlutum.

Kröfur stefnda eru sundurliðaðar í héraðsdómi.

Þórir Bergsson tryggingafræðingur hefur hinn 22. maí 1969 reiknað af nýju með líkindatölum fjárhagstjón stefnda

vegna slyssins. Er þá gætt þeirra kauplagsbreytinga, sem orðið hafa, frá því að tryggingafræðingurinn gerði sams konar reikning hinn 18. desember 1967, svo sem í héraðsdómi greinir. Telur tryggingafræðingurinn nú, að tjón vegna tímabundinnar örorku nemi kr. 240.435.00 og verðmæti rýrnunar vinnutekna vegna varanlegrar örorku kr. 647.733.00.

Með hliðsjón af líkindareikningi þessum og þegar þess er gætt, að bætur þessar eru undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari, þykir óbætt heildartjón stefnda vegna örorku hæfilega metið kr. 560.000.00, og hafa þá verið dregnar frá bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 144.300.10. Tjón stefnda vegna þjáninga og lýta er hæfilega ákveðið í héraðsdómi, kr. 60.000.00. Útlagt fé stefnda vegna slyssins, kr. 5.000.00, hefur eigi sætt andmælum og verður því tekið til greina að fullu.

Samkvæmt þessu telst óbætt heildartjón stefnda kr. 625.000.00. Ber áfrýjanda að bæta honum ⅔ hluta þess, kr. 416.666.70, með 7% ársvöxtum frá 3. september 1966 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 100.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Vegagerð ríkisins, greiði stefnda, Hauki Tómassyni, kr. 416.666.70 með 7% ársvöxtum frá 3. september 1966 til greiðsludags og kr. 100.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Jónatans Hallvarðssonar og Einars Arnalds.

Um kröfugerð málsaðilja hér fyrir dómi er vísað til atkvæðis meiri hluta dómenda.

Stefnda, sem var tæplega tvítugur, hafði verið falið að gæta þess, að vatnsmagn það, sem rynni í steypuna, væri hæfilegt. Verkstjórinn lýsir aðstæðunum við þetta starf stefnda þannig: „Að ofan á steypuvélinni hafi verið vatnsgeymir, sem úr hafi verið tekið vatn í steypulögunina, og að á þeim vatnsgeymi hafi verið mælir, sem tempraði vatnið í hverja lögun, en þann mæli hafi þó Haukur orðið að stilla annað slagið eftir atvikum. Til þess að ná til þess að stilla þann mæli hafi Haukur, eða stjórnandi vélarinnar, þá orðið að fara hverju sinni upp á vélina og hafi hann þá jafnaðarlega stigið upp á hjólbarða á hjóli undir vélinni". Slysdagginn gekk á með regnskúrum, og skrikaði stefnda fótur á hálum hjólbarðanum. Í fallinu varð slysið, eins og nánar er lýst í héraðsdómi. Í desembermánuði 1967 var steypuvélin skoðuð af hálfu Öryggiseftirlits ríkisins. Í skoðunarskýrslu eftirlitsmanns þess segir m. a. svo: „Búið var að setja stiga á vélina til þess að nota, þegar hagræða þarf vatnsstillingu, sem er ofan á vélinni, og virtist mér ógerlegt að ná til þess án stigans, nema að stíga á einhverja upphækkun, svo sem hjólbarða vélarinnar. Búnaður vélarinnar virtist mér góður eftir tilkomu stigans". Þá segir öryggismálastjóri m. a. svo í bréfi, dags. 9. janúar 1968, til lögmanns stefnda: „Tekið skal fram, að aðspurður telur eftirlitsmaðurinn, að hægt hefði verið að flytja stillitæki vatnsins niður með liðabúnaði, svo að ekki þyrfti að klifra til að ná til stillitækjanna". Samkvæmt framansögðu er ljóst, að öryggisbúnaði steypuvélarinnar var mjög áfátt. Stefndi kvartaði ekki undan öryggisskortinum, en eigi þykja þó, eins og á stóð, efni til að lækka bætur til hans af þeim sökum. Ber því að staðfesta ákvæði héraðsdóms um fulla ábyrgð áfrýjanda á tjóni stefnda. Við erum sammála mati og reikningi meiri hluta dómenda á tjóni stefnda. Nemur það samkvæmt því kr. 625.000.00. Ber að dæma áfrýjanda til að greiða þessa fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 3. september 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 150.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Vegagerðar ríkisins, greiði stefnda, Hauki Tómassyni, kr. 625.000.00, ásamt 7% ársvöxtum frá 3. september 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 150.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. október 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Haukur Tómasson, Vallargerði 32, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 21. febrúar 1968, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Vegagerðar ríkisins til greiðslu á kr. 807.248.00 auk 8% ársvaxta frá 3. september 1966 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndi hins vegar gerir þær kröfur *aðallega*, að hann verði sýknaður og honum tildæmdur málskostnaður, en *til vara*, að stefnukrafan verði verulega lækkuð og að málskostnaður verði þá felldur niður.

Í stefnu er málavöxtum lýst þannig, að sumarið 1966 hafi stefnandi unnið við brúargerð á Holtsá undir Eyjafjöllum sem starfsmaður Vegagerðar ríkisins. Hinn 3. september 1966 hafi verið unnið við steypu og hafi það verið starf stefnanda að stjórna steypuhrærivélinni, sem hafi verið svo til ný og tekið tvo poka af sementi í hræru. Ofan á grind vélarinnar yfir belgnum kveður stefnandi hafa verið vatnskút, sem vatnið hafi verið leitt í með gúmmíslöngu, og hafi stefnandi blandað vatni í hræruna með því að taka í handfang og þá hafi vatnið runnið úr kútnum ofan í belginn. Til þess að stilla, hve mikið vatn færi í hræruna, hafi hins vegar þurft að klifra upp á vélina og færa til handfang, sem verið hafi til hliðar við vatnskútinn, en þá hafi færzt til nál, sem hafi sýnt, hve margir lítrar væru í hverri hræru.

Þennan umrædda dag kveður stefnandi hafa gengið á með regnskúrum og hafi því þurft breytilegt vatnsmagn í hræruna. Kveðst stefnandi því oft hafa þurft að klifra upp til að breyta vatnsstillingunni. Vegna rigningarinnar hafi verið orðið sleypt að klifra upp og eitt sinn, er stefnandi hafi klifrað upp eftir vélinni til þess að breyta vatnsstillingunni, hafi hann misst fótanna. Kveðst hann hafa náð með hægri hendi taki í vír þann, sem lyfti skúffunni, en sá vír liggi í hjólkopp, sem vírinn vefjist utan um,

þegar skúffunni er lyft. En um leið og stefnandi missti fótanna, muni hann hafa snert stöng, sem setur hjólkoppinn af stað, með þeim afleiðingum, að vírinn hafi vafizt upp á hjólkoppinn og lyft skúffunni, en hægri hönd stefnanda hafi orðið á milli vírs og hjólkopps og slasazt illa.

Stefnandi kveður verkstjórann ásamt fleiri mönnum hafa komið á vettvang og losað sig. Hálftíma síðar hafi læknirinn komið frá Hvolsvelli og síðar sjúkrabíll, sem hafi flutt stefnanda í sjúkrahúsið á Selfossi, þar sem hann hafi legið um skeið. Höndin hafi síðar verið brotin upp aftur af dr. Snorra Hallgrímssyni og hafi stefnandi þá verið til aðgerðar á Landspítalanum í Reykjavík.

Stefnandi kveður vinnuveitanda ekkert hafa aðhafzt í þá átt að rannsaka slysið eða láta taka lögregluskýrslu af vitnum.

Hins vegar gekkst lögmaður sá, er stefnandi leitaði til, fyrir því, að rannsókn færi fram.

Skal nú rakið það helzta, sem vitni hafa um málið að segja.

Vitnið Guðmundur Ármann Sigurjónsson kveðst hinn 3. september 1966 hafa verið við vinnu með vinnuflokki hjá Vegagerð ríkisins og hafi verið unnið við að steypa brú á Holtsá undir Eyjafjöllum. Hann kveðst þar og þá hafa verið sjónarvottur að því, er vinnufélagi hans við umrætt verk hafi slasazt mikið á hægri handlegg. Vitnið kveður þennan vinnufélaga sinn hafa verið Hauk Tómasson verkamann, til heimilis að Þórsgötu 22, Reykjavík, þ. e. stefnanda í máli þessu. Vitnið segir, að Haukur hafi haft þann starfa á hendi að stjórna steypuhrærivél, sem notuð hafi verið við verkið, og hafi Haukur verið við það starf, er hann varð fyrir umræddu slysi. Vitnið segir, að vatni, sem notað var í steypuna, hafi verið dælt í gegnum þar til gerða gúmmí- eða plastslöngu upp í vatnsgeymi, sem staðsettur hafi verið ofan á vélinni, en úr þeim vatnsgeymi hafi svo vatnið verið skammtað í hverja hræru með nokkurs konar sjálftemprandi tæki, sem Haukur hafi þó einnig stjórnað. Í sambandi við skömmtun vatnsins í steypuna segir vitnið, að Haukur hafi oft þurft að fara upp á vélina til þess að breyta eða laga þar einhvers konar stillingu, sem skammtaði vatnið í steypuna. Kveður vitnið hann ekki hafa getað náð til að stilla þetta, ef hann stóð hjá vélinni, og hafi hann því jafnan stigið upp á hjólbarða á hjóli vélarinnar, þegar hann hafi þurft að stilla vatnsskömmtunina þar uppi. Vitnið segir, að slysið hafi átt sér stað með þeim hætti, að Haukur hafi verið að vinna við svona stillingu á vatninu, og þá eins og

endranær stigið upp á hjólbarða vélarinnar, en þá runnið til eða skrikað fótur á hálum hjólbarðanum, sem verið hafi blautur, eins og á stóð. Í fallinu, segir vitnið, að Haukur hafi gripið í vír, sem notaður hafi verið til að lyfta með skúffu, sem flutti malar- og sementsefni í hrærivélina og knúin var einnig af afli sömu vélar. Vitnið kveður vír þessum hafa verið brugðið um hjól í vélinni, en í fallinu hafi Haukur einnig komið við stilli, sem sett hafi það hjól og þar með einnig umræddan vírstreng af stað, og hafi þá hægri hönd og handleggur Hauks vafizt með vírstrengnum upp á hjólið. Segir vitnið, að þetta hafi allt skeð svo að segja samtímis, en mjög fljótlega hafi þá komið þarna að verkstjóri vinnuflokksins, Hugi Jóhannesson, sem verið hafi þarna nærstaddur, og hafi hann stöðvað vélina. Strax eftir það kveðst vitnið ásamt Vilhjálmi Guðbjörnssyni hafa rakið umræddan vír af hjólinu, svo að handleggur Hauks hafi losnað, en þá segir vitnið, að strax hafi verið augljóst, að handleggur Hauks hafi verið mikið og illa brotinn. Vitnið kveður strax eftir þetta hafa verið gerðar ráðstafanir til að kveðja lækni á vettvang, en síðan hafi hinn slasaði verið fluttur á brott í sjúkrabifreið.

Vitnið Vilhjálmur Guðbjörnsson kveðst hafa verið að vinna hjá Vegagerð ríkisins við brúargerð á Holtsá undir Eyjafjöllum, þegar þar átti sér stað slys það, sem um ræðir í máli þessu. Kveðst vitnið og hafa verið nærstatt, þar sem slysið skeði, og séð nokkurn veginn hvernig það atvikaðist. Vitnið segir, að maðurinn, sem fyrir slysinu varð, Haukur Tómasson, hafi þegar þetta gerðist, haft á hendi þann starfa að stjórna nokkuð stórri steypuhrærivél, sem notuð hafi verið til þess að hræra með steinsteypu í brúna. Segir vitnið, að við verk þetta hafi Haukur þurft annað slagið að stilla einhvers konar mæli uppi á steypuhrærivélinni, sem tempraði vatnið í steypuna, og hafi Haukur orðið að fara að nokkru leyti upp á vélina til þess að ná til að gera þetta. Vitnið kveður slysið hafa átt sér stað með þeim hætti, að Haukur hafi einmitt verið að stíga upp á hjól vélarinnar til þess að ná til umrædds mælis og hafi hann þá tekið í vír, sem verið hafi í sambandi við skúffu vélarinnar, sem í því tilfelli hafi verið kyrrstæð. En um leið og Haukur hafi verið að ná til umrædds mælis, hafi honum skrikað fótur á hjólbarða vélarinnar, en við það hafi hann með einhverjum hætti rekið sig í skiptistöng, sem setti umrædda skúffu af stað og jafnframt umræddan vír, en við þetta hafi Haukur lent með höndina í spilkopp, sem umræddur vír hafi vafizt um, og þannig orðið fastur með höndina á koppnum.

Vitnið segir, að einhver hafi þá fljótlega stöðvað vélina, svo að umræddur spilkoppur hafi stöðvazt, og kveðst vitnið þá hafa aðstoðað við að losa hönd og handlegg Hauks af spilkoppnum. Segir vitnið, að strax hafi þá verið augljóst, að Haukur hafi slasazt mikið bæði á hendinni og handleggnum.

Vitnið Hugi Jóhannesson kveðst hafa verið verkstjóri við brúarbyggingu þá á Holtsá undir Eyjafjöllum, sem um ræðir í máli þessu. Kveðst vitnið ekki beinlínis hafa verið sjónarvottur að umræddu slysi, nema hvað það hafi komið að svo fljótlega eftir að slysið hafði átt sér stað, að það hafi hjálpað til að losa hönd og handlegg hins slasaða af spilkopp umræddrar hrærivélar. Með hvaða hætti það atvikaðist, að hinn slasaði lenti með höndina á spilkoppnum og festist þar undir vírnum, kveðst vitnið hins vegar ekki hafa séð. Vitnið segir það rétt vera, að maðurinn, sem fyrir slysinu varð, Haukur Tómasson, hafi þarna haft á hendi að stjórna umræddri hrærivél, sem notuð hafi verið til að hræra með steinsteypuna í brúna. Vitnið segir það einnig rétt vera, að ofan á steypuvélinni hafi verið vatnsgeymir, sem úr hafi verið tekið vatn í steypulögunina, og að á þeim vatnsgeymi hafi verið mælir, sem tempraði vatnið í hverja lögun, en þann mæli hafi þó Haukur orðið að stilla annað slagið eftir atvikum. Til þess að ná til þess að stilla þann mæli hafi Haukur eða stjórnandi vélarinnar orðið að fara hverju sinni upp á vélina og hafi hann þá jafnaðarlega stigið upp á hjólbarða á hjóli undir vélinni. Kveðst vitnið ekki efast um, að Haukur hafi einmitt verið að vinna við þetta verk, þegar slysið atvikaðist, þótt ekki sæi það það beinlínis. Vitnið segir, að umrædd steypuhrærivél hafi verið mjög nýleg og í fullkomnu lagi og á allan hátt í því ástandi, sem hún hafi verið, þegar Vegagerðin hafði keypt hana alveg nýja, nokkrum vikum áður en þetta gerðist.

Hafa þá verið raktir framburðir vitna um atvik að slysinu, og eru þeir í samræmi við það, sem stefnandi heldur sjálfur fram um það.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að algerlega hafi verið óforsvaranlegt að láta hann standa þannig að verkinu sem gert var og vélin, sem hann vann við, hafi verið óforsvaranlega útbúin, hvað öryggi snerti. Hvíli því ábyrgðin vegna slyssins að öllu leyti á vinnuveitanda, þ. e. stefnda í máli þessu. Enn fremur bendir stefnandi á, að hann hafi verið ungur að árum, er slysið skeði, og því hvílt þyngri leiðbeiningarskylda og eftirlitsskylda en ella á vinnuveitanda. Það þyngi og ábyrgð vinnuveitanda, að

hann hafi ekki hlutazt til um, að rannsókn færi fram vegna slyssins.

Stefndi styður dómkröfur sínar hins vegar þeim rökum, að stefnandi geti sjálfum sér um kennt, hvernig fór. Stefnandi hafi verið maður á bezta aldri, er slysið varð. Athyglisgáfa hans hafi átt að vera óskert. Hann hafi verið búinn að vera talsvert til sjós og unnið við umræddа steypuhrærivél frá því um vorið, er slysið varð. Hann hafi því ekki verið neinn óharðnaður unglingur, eins og geti í stefnu, maður um tvítugt, fullharðnaður af margra ára erfiðisvinnu. Hegðun hans, er slysið vildi til, hafi verið óforsvaranleg. Hann hafi teflt á tæpasta vað og ekki gætt að hættunni. Eftir að rignt hafði um daginn og hjólið var orðið sleypt af rigningu, hafi hann átt að gæta sérstakrar varkárni, en það hafi hann því miður ekki gert. Hann hafi getað og átt að gæta sín betur. Hefði hann t. d. staðið á kassa eða öðrum stöðugum hlut, hefði slysi verið forðað. Ekki hafi verið hægt að ætlazt til þess, að verkstjórinn fylgdist með hverju fótmáli og handtaki stefnanda við verkið, sem hann hafi átt og hann hafi hlotið að kunna til hlítar. Umrædd steypuhrærivél hafi verið mjög nýleg, er slysið varð, og í fullkomnu lagi. Hafi slíkar vélar verið notaðar hér á landi áratugum saman án sérstaks aukabúnaðar, þannig að stefndi eigi ekki neina sök á, hvernig fór. Þá hafi verið tilkynnt um slysið, svo sem lög mæli fyrir um.

Í bréfi Öryggiseftirlits ríkisins á dskj. nr. 24 segir eftirlitsmaðurinn svo: „Vegna slyss, er Haukur Tómasson varð fyrir við brúargerð á Holtsá undir Eyjafjöllum þann 3. 9. 1966, fór ég undirritaður í áhaldahús Vegagerðar ríkisins og hitti þar að máli Svavar Júlíusson, verkstjóra, og vísaði hann mér á steypuhrærivél, er hann kvað vera hina sömu, sem var við Holtsá, er slysið varð, og væri þetta eina vélin af þessari tegund, sem heima væri. Búið var að setja stiga á vélina til þess að nota, þegar hagræða þarf vatnsstillingu, sem er ofan á vélinni, og virtist mér ógerlegt að ná til þess án stigans, nema að stíga á einhverja upphækkun, svo sem hjólbarða vélarinnar. Búnaður vélarinnar virtist mér góður eftir tilkomu stigans“.

Þá segir öryggismálastjóri m. a. svo í bréfi sínu á dskj. nr. 23 til lögmanns stefnanda: „Skv. beiðni yðar hef ég látið athuga vél þá, er um ræðir, og fylgir hér með ljósrit af skýrslu eftirlitsmannsins, sem athugunina gerði. Tekið skal fram, að aðspurður telur eftirlitsmaðurinn, að hægt hefði verið að flytja stillitæki

vatnsins niður með liðabúnaði, svo að ekki þyrfti að klifra til að ná til stillitækjanna".

Samkvæmt því, sem fram kemur í gögnum málsins og rakið hefur verið hér að framan, þykir ekki leika á því neinn vafi með hverjum hætti umrætt slys hafi átt sér stað. Hins vegar kemur hvergi fram í málinu, að orsakir slyssins verði raktar til sérstakrar óvarkárni af hálfu stefnanda sjálfs. Aftur á móti líta dómendur svo á, að mjög hafi skort á, að öryggisbúnaður hinnar umræddu steypuhrærivélar, eins og henni er lýst í gögnum málsins, hafi verið fullnægjandi. Kemur og hið sama fram í bréfum Öryggiseftirlits ríkisins og öryggismálastjóra á dskj. nr. 24 og 23, eins og áður hefur verið rakið.

Samkvæmt þessu líta dómendur svo á, að stefndi beri fulla fébótaábyrgð á tjóni því, sem stefnandi varð fyrir vegna umrædds slyss.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína sem hér segir:

1. Örorkubætur	kr.	796.548.00
2. Þjáninga- og lýtabætur	—	150.000.00
3. Útlagður kostnaður	—	5.000.00
Samtals	kr.	951.548.00
Frá dregst innborgun	—	144.300.10
	Kr.	807.247.90

Páll Sigurðsson læknir hefur metið örorku stefnanda vegna umrædds slyss, og hefur örorkumatið verið lagt fram sem dskj. nr. 15 í málinu og hljóðar svo:

„Slysið varð með þeim hætti, að slasaði, sem vann við brúargerð hjá Vegagerð ríkisins, var stjórnandi hrærivélar og var að lagfæra vélina, en lenti þá með hægri handlegg milli vírs og hjólkopps með þeim afleiðingum, að framhandleggurinn skaddaðist.

Slasaði var fluttur á sjúkrahúsið á Selfossi, og í vottorði Óla Kr. Guðmundssonar, sjh.læknis þar, frá 20/9 1966 þá segir, að um hafi verið að ræða fract. diaph. radii dx comminuta cum luxatio radio-ulnaris. Slasaði dvaldist á sjúkrahúsinu frá 3/9—7/9, en útskrifaðist þá með gipsumbúðir.

Brotið mun ekki hafa gróið eðlilega, og af þeim sökum var maðurinn lagður inn á Landspítala og lá þar frá 13/2—20/2 1967. Í vottorði Hannesar Finnbogasonar, læknis á Landspítala, frá 29/4 1967, þá er sjúkdómsgreining Pseudarthrosis antibrachii og

í vottorði Snorra Hallgrímssonar, yfirl., frá 19/5 1967, þá segir, að aðgerðin hafi verið op. pro. pseudarthrosis.

Slasaði kom til viðtals hjá undirrituðum hinn 6/11 1967. Hann skýrir frá meðferðinni, eins og fram kemur hér að framan.

Núverandi óþægindi: Kvartar um kraftleysi í hægri handlim og stirðleika.

Skoðun: Maðurinn kveðst vera rétthentur. Hægri handlimur: Hreyfingar í hægri öxl eru eðlilegar. Hreyfingar í olnboga: Hjararhreyfing er eðlileg og eins og vinstra megin, en hverfihreyfing er nær engin, aðeins nokkurra gráðu hreyfing kringum o-stöðu. Úlnliður. Dorsalflexion 20° (vinstri 70°). Volarflexion 40° (vinstri 80°). Radial og ulnarvindingur greinilega minni hægra megin. Það er lítilsháttar marr yfir örinu á framhandlegg við hreyfingar á úlnlið.

Röntgenskoðun var gerð 7/11 1967, og segir svo í umsögn röntgenlæknis:

„7/11 '67, h. úlnliður — h. framhandleggur, control.

Proc. styloideus ulnae er enn laus frá, en aðallega með fibrösri festingu. Fracturan í radius hefur verið spengd með málmspöng og tveimur skrúfum í hvorum brotenda og er fyllilega gróin, en sclerotisk svæði þó á brotsvæðinu. Engin resorption sjáanleg í kringum skrúfur.

NB.: Situs er ágætur".

Eftir skoðun hinn 6/11 sendi undirritaður slasaða til þeirra lækna, sem hafa haft hann til meðferðar, en þeir telja ekki, að um frekari aðgerðir sé að ræða vegna slyssins.

Ályktun: Hér er um að ræða 21 árs gamlan mann, sem slasaðist fyrir rúmlega einu ári og brotnaði á hægri framhandlegg. Brotið greri ekki eftir fyrstu meðferð, og var síðan gerð skurðaðgerð á Landspítala og því fest með spöng og skrúfum.

Sem afleiðingu brotsins nú þá hefur maðurinn stirðleika í úlnlið og enga hverfihreyfingu á framhandlegg. Um frekari aðgerðir er ekki að ræða til að bæta ástand slasaða.

Vegna slyssins þá hefur maðurinn hlotið tímabundna og varanlega örorku, sem telst hæfilega metin þannig:

Í 8 mánuði	100%	örorka
Í 4 —	75%	—
Í 3 —	50%	—
Í 3 —	35%	—

og síðan varanleg örorka 20%".

Skulu nú einstakir kröfuliðir stefnanda athugaðir nánar.

Um I. lið, bætur vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku.

Stefnandi var 20 ára að aldri, þegar hann varð fyrir umræddu slysi. Hann hefur fengið sérfróðan mann um tryggingamál til að reikna út tjón það, sem hann hefur beðið vegna slyssins, og leggur hann útreikning tryggingafræðingsins til grundvallar bótafjárhæð samkvæmt þessum lið, en útreikningur tryggingafræðingsins er meðal annars grundvallaður á framanskráðu örorkumati. Er útreikningur tryggingafræðingsins svohljóðandi:

„Haukur Tómasson slasaðist 3. september 1966. Hægri handleggur hans lenti milli vírs og hjólkopps á hrærivél og brotnaði. Páll Sigurðsson, tryggingayfirlæknir, hefur í örorkumati, dags. 1. des. 1967, metið orkumissi Hauks vegna þessa áverka þannig:

Í 8 mánuði	100%	örorka
Í 4 —	75%	—
Í 3 —	50%	—
Í 3 —	35%	—

og síðan varanleg örorka 20%.

Haukur er sagður fæddur 4. júlí 1946 og hefur því verið 20 ára á slysdegi.

Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum Hauks árin 1965—1967 hafa vinnutekjur hans tvö almanaksárin fyrir slysið og slysárið verið:

Árið 1964	kr. 155.691.00
— 1965	— 131.036.00
— 1966	— 145.666.14 (9 mánuðir)

Þessara tekna hefur Haukur aflað að mestu sem háseti á togurum og fiskibátum. Árið 1966 eru þó kr. 90.666.14 fyrir verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins.

Þegar um er að ræða svo unga menn sem Hauk, er venja að áætla þeim hækkandi laun til 27½ árs aldurs, sem er meðalgiftingaraldur íslenzkra karla samkvæmt nýjustu rannsóknum. Þegar tekjur Hauks eru umreiknaðar til kauplags nú, kemur í ljós, að hann hefur 17, 18 og 19 ára aflað allt að því jafnmikils og nemur meðalvinnutekjum kvæntra verkamanna samkvæmt úrtakstölum Efnahagsstofnunarinnar. Ég tel því rétt að ætla tekjur hans frá byrjun sem meðalvinnutekjur verkamanna samkvæmt úrtakstöl-

um. Þótt Haukur hafi unnið sem sjómaður, verður einungis miðað við verkamenn, þar eð Haukur vann sem slíkur, er slysið varð, og eini hugsanlegi bótagreiðandi er atvinnurekandi hans.

Áætlaðar vinnutekjur verða því eins og næsta tafla sýnir. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að það sé á hverjum tíma sami hundraðshluti af áætluðum tekjum og örorkan er metin.

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
1. árið eftir slysið	kr. 222.466.00	kr. 203.927.00
2. — — —	— 228.748.00	— 71.248.00
Síðan árlega	— 230.008.00	— 46.002.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 240.435.00
Vegna varanlegrar örorku	— 556.113.00
Samtals	kr. 796.548.00

Frá Tryggingastofnun ríkisins hefur Haukur fengið greidda dagpeninga fyrir tímabilið frá 11/9 1966 til 30/6 1967, samtals kr. 38.881.10, og eingreiðslu þann 15/12 1967, kr. 105.419.00, sem ekki hefur verið dregið frá.

Ekki hefur heldur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu".

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem allt of háum.

Þegar allt það hefur verið virt, sem að framan hefur verið rakið, og þess meðal annars gætt, að tryggingafræðingurinn hefur í tjónútreikningi sínum ekki reiknað frádrátt vegna opinberra gjalda, þykir hæfilegt að meta tjón stefnanda samkvæmt þessum lið kr. 635.000.00.

Um II. lið, þjáninga- og lýtabætur.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum.

Sjúkrasaga stefnanda hefur að nokkru verið rakin í örorkumati Páls Sigurðssonar læknis hér að framan. Samkvæmt henni og öðru því, sem hér þykir skipta máli, þykir hæfilegt að meta stefnanda bætur samkvæmt þessum lið kr. 60.000.00.

Um III. lið, útlagðan kostnað.

Stefndi hefur ekki sérstaklega mótmælt þessum kröfulið. Verður hann því tekinn til greina óbreyttur.

Samkvæmt þessu telst tjón stefnanda, þ. e. hér skiptir máli, nema alls kr. 700.000.00 (kr. 635.000.00 + 60.000.00 + 5.000.00).

Ber stefnda því að greiða stefnanda framangreinda fjárhæð ásamt vöxtum, sem ákveðast 7% ársvextir frá þeim degi, sem krafizt er í stefnu, til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 80.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Guðmundi Björnssyni verkfræðingi og Ásmundi Ólasyni múrarameistara.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Vegagerðar ríkisins, greiði stefnanda, Hauki Tómassyni, kr. 700.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 3. september 1966 til greiðsludags og kr. 80.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. maí 1969.

Nr. 234/1968. **Páll S. Pálsson hrl. f. h.**
Ludwig Wünsche & Co.
(Þorsteinn Júlíusson hdl.)
gegn
Óskari Ingiberssyni og
Jóni Ingiberssyni
(Einar Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Uppboð. Gengi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 13. desember 1968. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og ákveðið, að fiskflatningsvél sú, sem um er fjallað í málinu, verði seld til lúkningar á eftirstöðvum dómskuldar, DM 10.868.96, auk 1% dráttarvaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 18. febrúar 1968 til greiðsludags svo og eftirstöðvum uppboðskostnaðar, allt að frádregnum kr. 13.037.10. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er rækilega lýst í hinum áfrýjaða úrskurði. Hinn 14. maí 1969 greiddu stefndu kr. 7.00 upp í kröfur áfrýjanda og töldu þær þar með að fullu greiddar.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða úrskurði, deila aðiljar í máli þessu um fimm atriði.

Atriði a. b. og e. Greiðsla 24. október 1967.

Staðfesta ber úrlausn uppboðsdómara um þessi atriði, þar sem málinu hefur eigi verið gagnáfrýjað. Ber því að miða við, að ógreitt hafi verið af dómkröfum áfrýjanda hinn 31. desember 1967 11.084.59 vestur-þýzk mörk.

Atriði c. Greiðslur 29. febrúar 1968.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða úrskurði, greiddu stefndu á uppboðsþingi 29. febrúar 1968 til áfrýjanda kr. 10.547.90 í reiðu fé og afhentu uppboðsdómara sparisjóðsbók með innstæðu kr. 85.000.00, sem þeir þó mótmæltu, að afhent yrði áfrýjanda. Samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi hefur áfrýjandi eigi fengið það fé, sem var í sparisjóðsbók þessari. Afhending sparisjóðsbókar þessarar til uppboðsdómara jafngildir eigi greiðslu upp í uppboðskröfu áfrýjanda, sbr. ákvæði 41. gr. laga nr. 93/1933, og getur því fé það, sem hér um ræðir, ekki komið til frádráttar kröfum áfrýjanda. Af greiddu reiðufé, kr. 10.547.90, er áfrýjanda heimilt að taka fyrst eftirstöðvar málskostnaðar, kr. 870.80, sem eigi er um deilt, kr. 9.727.10 skulu renna til greiðslu höfuðstóls kröfu áfrýjanda, miðað við sölugengi vestur-þýzkra marka í Reykjavík á greiðsludegi, en 100.00 vestur-þýzk mörk jafngiltu þá kr. 1.424.95.

Atriði d. Leyfisgjald og bankaþóknun.

Stefndu er rétt að greiða skuld þá, sem um er fjallað í máli þessu, með krónum, miðað við sölugengi vestur-þýzkra marka á greiðsludegi. Verður því eigi ákveðið uppboð til lúkningar þessum fjárhæðum.

Fjárhæðir þær, er stefndu greiddu áfrýjanda 4. marz 1968, 6. nóvember 1968 og 14. maí 1968, ber með skírskotun til raka í hinum áfrýjaða úrskurði að reikna sem greiðslu á kröfum áfrýjanda, miðað við sölugengi vestur-þýzkra marka á greiðsludögum.

Samkvæmt framangreindu og því, sem í hinum áfrýjaða úrskurði greinir, nam ógreiddur höfuðstóll kröfu áfrýjanda 1. desember 1968 7.233.57 vestur-þýzkum mörkum og ógreiddir vextir 468.50 vestur-þýzkum mörkum, en frá þeirri fjárhæð ber að draga 0.32 vestur-þýzk mörk, jafnvirði þeirra kr. 7.00, sem greiddar voru 14 maí 1969.

Ber því að leyfa nauðungaruppboð á hinni fjárnumdu eign til lúkningar vestur-þýzkum mörkum 7.701.75, auk 1% vaxta á mánuði af vestur-þýzkum mörkum 7.233.57 frá 1.

desember 1968 til greiðsludags í íslenzkum krónum eftir gengi í Reykjavík á greiðsludegi, svo og ógreiddum uppboðskostnaði.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndu greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Hið umbeðna uppboð skal fram fara til lúkningar á vestur-þýzkum mörkum 7.701.75, auk 1% vaxta á mánuði af vestur-þýzkum mörkum 7.233.57 frá 1. desember 1968 til greiðsludags í íslenzkum krónum eftir gengi í Reykjavík á greiðsludegi, svo og ógreiddum uppboðskostnaði.

Stefndu, Óskar Ingibersson og Jón Ingibersson, greiði áfrýjanda, Páli S. Pálssyni hrl. f. h. Ludwig Wünsche & Co., kr. 30.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsdóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 25. nóvember 1968.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 6. nóvember s.l.

Mál þetta var höfðað með uppboðsauglýsingu, fyrst birtri 21. febrúar 1968. Aðiljar uppboðsmálsins eru uppboðsbeiðandi, Ludwig Wünsche & Co., Hamborg, og uppboðsþolar, Óskar Ingibersson, Keflavík, og Jón Ingibersson, Ytri-Njarðvík. Uppboðshaldari hefur reynt sáttir í máli þessu, en án árangurs.

Dómkröfur gerðarbeiðanda eru þær, að seld verði á nauðungaruppboði hið fjárnumda, Baader fiskflatningsvél, til lúkningar eftirstöðvum dómskuldar og eftirfarandi kostnaðar, sem gerðarbeiðandi sundurliðar þannig: Höfuðstóll DM 10.868.95 að frádregnum ísl. kr. 11.447.90 (innborgun 29. febrúar 1968, kr. 12.267.90, að frádregnum eftirstöðvum kostnaðar, kr. 820.80) ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 18. febrúar 1968 til greiðsludags. Jafnframt hefur uppboðsbeiðandi krafizt málskostnaðar úr hendi uppboðsþola.

Uppboðsþolar hafa gert þær dómkröfur, að synjað verði um framgang uppboðsins og að uppboðsbeiðanda verði gert að greiða uppboðsþolum málskostnað.

I.

Málavextir eru þeir, að með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum árið 1967, voru þeir Óskar Ingibergsson og Friðrik Jörgensen in solidum dæmdir til að greiða uppboðsbeiðanda víxil að fjárhæð DM 20.761.94 ásamt vöxtum og kostnaði.

Umboðsmaður uppboðsbeiðanda, Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður, kveðst þá um sumarið hafa haft samband við Óskar Ingibergsson og tjáð honum kröfu uppboðsbeiðanda um tafarlausa fullnægju dómsins. Seint í ágústmánuði 1967 eru uppboðsþolar sagðir hafa komið á skrifstofu lögmanns uppboðsbeiðanda og beðið um nokkurn greiðslufrest, meðal annars til að fá tóm til að skrifa uppboðsbeiðanda út af viðskiptum þeirra, en einnig vegna greiðsluerfiðleika. Af skjölum málsins verður séð, að þann 13. október 1967 hafi uppboðsbeiðandi gert fjárnám í áðurnefndri Baader flatningsvél fyrir dómkröfunni ásamt áföllnum og eftirfarandi kostnaði.

Þann 24. október 1967 greiddu uppboðsþolar inn á dómkröfuna kr. 150.000.00 til lögmanns uppboðsbeiðanda. Lögmaður uppboðsbeiðanda gaf kvittun fyrir nefndri inngreiðslu, sem hljóðar svo: „Inngreitt á ofannefnda kröfu í dag, kr. 150.000.00 — eitt hundrað og fimmtíu þúsund —. Reykjavík 24/10 1967, Páll S. Pálsson".

Ekki verður séð, að aðiljar málsins hafi gert neins konar fyrirvara við umrædda inngreiðslu.

Lögmaður uppboðsbeiðanda hefur hér fyrir uppboðsréttinum skýrt svo frá, að uppboðsþolar hafi þá við inngreiðsluna á áðurnefndri fjárhæð beðið sig enn um að fresta uppboðsbeiðni og haft góð orð um það að greiða eftirstöðvarnar innan hálfs mánaðar, eða að minnsta kosti mjög fljótlega.

Uppboðsþolar hafa hér fyrir dómi lýst því, að áðurnefnd inngreiðsla, kr. 150.000.00, hafi verið lágmarksgreiðsla, til þess að þeir fengju einhvern frest. Kváðust þeir ekki muna eftir því, að ákveðinn frestur hafi verið settur til að greiða eftirstöðvarnar, en þó hafi verið miðað við það, að þær yrðu greiddar, strax og uppboðsþolar gætu. Við áðurnefnt tækifæri kváðust uppboðsþolar hafa boðið umboðsmanni uppboðsbeiðanda 5% afslátt þann, sem þeir töldu sig eiga á uppboðsbeiðanda út af kaupum á nót,

og hafi uppboðsþolar á þessum tíma talið þann afslátt nema kr. 50.000.00. Umboðsmaður uppboðsbeiðanda hafi þó ekki viljað taka við afslættinum sem greiðslu, en bent uppboðsþolum á að snúa sér beint til uppboðsbeiðanda og fá samþykki hans.

Seint í nóvembermánuði 1967 varð verðfall á íslenzkum gjaldmiðli. Hefur lögmaður uppboðsbeiðanda skýrt svo frá, að þann 11. desember 1967 hafi uppboðsþolar engan lit verið farnir að sýna á því að efna loforðið frá 24. október þ. á. Hafi hann því sótt um yfirfærslu á DM 8.282.55, sem séu áðurnefndar kr. 150.000.00 að frádregnum málskostnaði. Yfirfærslan hafi fengizt á Þorláksdag og hafi ávísunin verið send til uppboðsbeiðanda þann 27. desember 1967.

Með bréfi, dags. 21. desember 1967, fór umboðsmaður uppboðsbeiðanda þess á leit við sýslumann Gullbringu- og Kjósarsýslu, að hið fjárnumda yrði selt á nauðungaruppboði. Af skjölum málsins er svo að sjá, að gerðarþolar hafi greitt til umboðsmanns uppboðsbeiðanda kr. 25.000.00 auk ávísunar á innstæðu að fjárhæð kr. 22.500.00 og að fjárhæðir þessar hafi verið yfirfærðar þann 16. febrúar 1968 (DM 3.342.35), og féllst lögmaður uppboðsbeiðanda á í hinum munnlega flutningi, að þetta væri rétt, enda lýsti hann því yfir, að fyrri skilningur sinn um, að ávísunin á kr. 22.500.00 innstæðu hefði ekki fengizt innleyst, hefði verið á misskilningi byggður.

Þann 29. febrúar 1968 var mál þetta fyrst tekið fyrir í uppboðsrétti Gullbringu- og Kjósarsýslu. Greiddi þá umboðsmaður uppboðsþola kr. 10.547.90 með ávísun og kr. 85.000.00 með sparisjóðsbók til uppboðshaldara, og taldi umboðsmaður uppboðsþola fjárhæðina þá fullnaðargreiðslu á kröfum uppboðsbeiðanda. Umboðsmaður uppboðsbeiðanda taldi hins vegar greiðsluna ófullnægjandi og krafðist þess, að uppboðinu yrði fram haldið. Málinu var þó frestað með samkomulagi aðiljanna. Þann 4. marz s. á. var uppboðsrétturinn settur á ný. Greiddi þá umboðsmaður uppboðsþola til uppboðshaldara kr. 1.720.00, sem hann þá taldi fullnaðargreiðslu. Af gögnum málsins verður ráðið, að uppboðsþolar höfðu beðið um kyrrsetningu á áðurnefndri sparisjóðsbók vegna kröfu, sem þeir töldu sig eiga á uppboðsbeiðanda út af meintu loforði hans um 5% afslátt vegna kaupa á nót þeirri, sem að framan greinir. Uppboðsþolar létu framkvæma kyrrsetningu í sparisjóðsbók þessari út af áðurnefndum meintum kröfum þann 18. marz 1968.

Í fyrrgreindu réttarhaldi þann 4. marz 1968 var af þessu tilefni

meðal annars bókað: „Lýsir hann (umboðsmaður uppboðsþola) því yfir, að löghaldsbeiðni hans, sem lögð var fyrir bæjarfógetann í Hafnarfirði 29/2 s.l., nái aðeins til kr. 85.000.00, sem hann telur nægja til tryggingar gagnkröfu sinni. Gerðarbeiðandi krefst þess að fá í sínar hendur allt það fé, sem greitt hafi verið til uppboðshaldara. Umboðsmaður uppboðsþola lýsir því yfir, að hann samþykki, að gerðarbeiðanda verði afhentar kr. 12.267.90, en mótmælir, að kr. 85.000.00 séu afhentar gerðarbeiðanda, þar sem beðið hafi verið um löghald fyrir þeirri fjárhæð.

Gerðarbeiðandi kveðst líta svo á, að eigi sé um greiðslu að ræða, fyrr en féð sé komið í sínar hendur eða umbj. síns og þar eð nú sé viðurkennt af umboðsmanni uppboðsþola, að honum sé skylt að greiða umræddar kr. 85.000.00 — og hann greiði þær ekki til sín og haldi uppi mótmælum gegn því, að uppboðshaldari afhendi þessa fjárhæð, þá telji hann, að viðurkennt sé, að uppboðskröfu sinni sé ekki fullnægt. Krefst hann þess, að uppboðið haldi áfram".

II.

Höfuðstóll skuldarinnar nam DM 20.761.94. Uppboðsþolar hafa látið þessar greiðslur af hendi rakna:

1. Kr. 150.000.00, greiddar 24. október 1967. Fjárhæðin að frádregnum málskostnaði, provision og leyfisgjaldi yfirfærð 23. desember 1967 með DM 8.282.55.

2. Peningar og ávísun á geymslufé, samtals kr. 47.500.00, afhent í janúar 1968, en yfirfært 16. febrúar 1968 með DM 3.342.35.

3. Ávísun, kr. 10.547.90, afhent í uppboðsþingi þann 29. febrúar 1968, og kr. 1.720.00, afhentar á uppboðsþingi 4. marz s. á., samtals kr. 12.267.90.

4. Kr. 1.583.00, afhentar á uppboðsþingi þann 6. nóvember 1968. Óumdeilt er, að allar þessar inngreiðslur hafi farið fram.

5. Sparisjóðsbók með kr. 85.000.00 innstæðu, afhent á uppboðsþingi þann 29. febrúar 1968.

Umþrætt er, hvort umrædd sparisjóðsbók hafi verið lögleg greiðsla eða ekki, eins og á stóð.

Enn fremur greinir aðilja verulega á um það, hvernig reikna beri út eftirstöðvar af kröfu gerðarbeiðanda.

Gerðarbeiðandi telur, að eftirstöðvarnar beri að reikna út þannig:

„Höfuðstóll		DM 20.761.94
1% dráttarvextir frá 31/5 1967—31/12 1967		DM 1.453.27
Yfirfært 23/12 1967	DM 8.282.55	
1% dráttarvextir frá 31/12 1967 —18/2 1968 af DM 13.932.66		DM 278.64
Yfirfært 16/2 1968	DM 3.342.35	
	DM 11.624.90	DM 22.493.85
Eftirstöðvarnar eru því	DM 10.868.95	

ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 18. febrúar 1968 til greiðsludags.

Af 150.000.00 kr. inngreiðslunni var tekið samkvæmt neðanrituðu kr. 30.127.00 fyrir málskostnaði og útlögðum kostnaði og sótt um yfirfærslu fyrir afgangnum. Fengin var yfirfærsla fyrir kr. 119.723.20, sem skiptast þannig:

DM 8.282.55 á 1.431.10	kr. 118.531.55
Provision	— 592.65
Leyfisgjald	— 599.00

en mismunurinn á þeirri upphæð og 150.000.00 kr. er kr. 30.276.80, sem endanlega reiknaðist upp í kostnað og málskostnað.

Seinni yfirfærslan var algjörlega reiknuð út af Útvegsbankanum, og greiddi skrifstofan af þeirri ávísun kr. 25.000.00 (sic), er greiddar voru til hennar með ávísun 29/1 1968.

Kostnaður sundurliðast þannig:

Málskostnaður	kr. 25.340.00
Stimpil- og afsagnarkostnaður	— 707.00
Endurrit dóms	— 30.00
Birting dóms	— 130.00
Gr. bæjarfógeta .v fjárnáms	— 2.420.00
Mót dagpen. + bílkostn. v/ fjárn.	— 1.500.00
Bílkostn. til Njarðvíkur v. uppboðsfyrirtöku 26/1 1967	— 500.00
Mót vegna sama	— 500.00
Samtals	kr. 31.127.00
Greitt	— 30.276.80
Eftirstöðvar	kr. 820.20“

Uppboðsbeiðandi telur þó, að af DM 10.868.95 eigi að koma til frádráttar kr. 11.447.90 (inngreiðsla 29. febrúar 1968, kr. 12.267.90 að frádregnum eftirstöðvum kostnaðar, kr. 820.80). Uppboðsþoli telur skuldina að fullu greidda. Hann hefur gert svofellda grein fyrir kröfum sínum:

„Ég tel því að reikna eigi kröfuna þannig:

1. Höfuðstóll		DM 20.761.94
Þar frá dregst greiðsla 24/10 '67 kr. 150.000.00 á gengi DM 100.00 á móti kr. 1.075.62		DM 13.945.50
		DM 6.816.44
2. Vextir		
Af DM 20.761.94 í 5 mán. DM 1.038.09		
Af DM 6.816.44 í 4 mán. DM 272.66		DM 1.310.75
		DM 8.127.19
á gengi DM 100.00 : kr. 1.425.35		kr. 115.840.90
3. Kostnaður		— 29.927.00
		Kr. 145.767.90
Innborgað í jan. '68	kr. 25.000.00	
Innborgað með geymslufé	— 23.500.00	
Innborgað 29/2 '68	— 95.547.90	
		— 144.047.90
Mismunur, sem ég bíð greiðslu á		kr. 1.720.00

Samkvæmt þessum útreikningi tel ég, að krafan sé að fullu uppgerð og beri því að synja þess, að hið umbeðna uppboð fari fram".

Uppboðsþoli greiddi auk þess kr. 1.583.00 í réttinum þann 6. nóvember 1968. Telur hann nú skuldina að fullu greidda.

III.

Ágreiningur aðilja stendur um þessi atriði.

a. Á hvaða gengi beri að reikna inngreiðsluna þann 24. október 1967 að fjárhæð kr. 150.000.00.

Uppboðsþoli heldur því fram, að þá inngreiðslu beri að reikna á því gengi ísl. krónu, sem skráð hafi verið á þeim tíma, þegar fjárhæðin hafi verið greidd, þ. e. 24. október 1967, en þá hafi

gengið verið DM 100 : ísl. kr. 1.075.62. Hafa uppboðsþolar bent á, að almenn regla sé, að skuldarar megi greiða erlendar kröfur í ísl. krónum og að gengi eigi að miðast við greiðsludag. Hafa uppboðsþolar vísað í 41. gr. víxillaga skoðun sinni til stuðnings.

Af hálfu uppboðsbeiðanda hefur því verið haldið fram, að inngreiðsluna eigi að reikna á því gengi, sem hafi gilt, þegar sú fjárhæð hafi verið yfirfærð, þ. e. DM 100 : ísl. kr. 1.431.10.

Hefur uppboðsbeiðandi haldið því fram, að uppboðsþola hafi borið að greiða fjárhæðina í erlendri mynt.

Jafnframt hefur hann bent á máli sínu til stuðnings, að uppboðsþolar hafi lofað að greiða eftirstöðvar skuldarinnar innan hálfs mánaðar frá nefndri inngreiðslu. Enn fremur hafi uppboðsbeiðanda engin skylda borið til þess að yfirfæra inngreiðsluna, fyrr en öll skuldin hefði fengizt að fullu greidd.

b. Hvort lögmanni uppboðsbeiðanda hafi verið heimilt að taka af inngreiðslunni, þ. e. kr. 150.000.00, upp í málskostnað og útlagðan kostnað.

Svo sem að framan er rakið, tók lögmaður uppboðsbeiðanda af áðurnefndri inngreiðslu kr. 30.276.80 upp í málskostnað og annan kostnað, sem á var fallinn, en yfirfærði afganginn, þ. e. ísl. kr. 119.723.20.

Uppboðsþolar halda því fram, að heimildarlaust hafi verið að taka fyrst af greiðslu þessari upp í málskostnað. Skuldari ráði því almennt, hvaða kröfu hann greiði af mörgum, og í þessu falli hafi verið ætlun uppboðsþola, að inngreiðslan gengi öll til lækkunar á höfuðstólnum. Uppboðsbeiðandi heldur því fram á hinn bóginn, að heimilt hafi verið að taka af inngreiðslunni strax upp í áfallinn málskostnað.

c. Sparisjóðsbók með innstæðu kr. 85.000.00, afhent 29. febrúar 1968.

Sjónarmið uppboðsþola er það, að hann hafi átt gagnkröfur á hendur uppboðsbeiðanda. Hann hafi því afhent uppboðshaldara sparisjóðsbók með þessari upphæð, en gert kyrrsetningu í bókinni skömmu síðar, sem þá var í vörzlum uppboðshaldara. Sé því fjárhæð þessi þegar greidd til uppboðsbeiðanda og eigi að reiknast á gengi greiðsludagsins. Uppboðsbeiðandi hefur á hinn bóginn haldið því fram, að ekki sé um greiðslu að ræða, fyrr en féð sé komið í sínar hendur. Uppboðsþoli hafi haldið uppi andmælum gegn því, að féð yrði afhent uppboðsbeiðanda, áður en kyrrsetningin hafi verið framkvæmd, og beri því að telja, að ekki sé um greiðslu að ræða, heldur eigi uppboðsþoli sjálfur peningana.

d. Leyfisgjald, kr. 599.00, og provision, kr. 592.65. Gjald þetta er kostnaður við að yfirfæra áðurnefndar kr. 119.723.20, eins og útreikningar uppboðsbeiðanda hér að framan bera með sér.

Uppboðsþoli heldur því fram, að þennan kostnað beri sér ekki að greiða, með því að hann hafi ekki verið dæmdur, og sé hann því málinu óviðkomandi.

Uppboðsbeiðandi telur sér heimilt að taka gjald þetta af nefndri inngreiðslu.

e. Aðilja greinir á um vexti og útreikning þeirra. Hefur uppboðsþoli einkum mótmælt því, að uppboðsbeiðanda sé heimilt að láta áðurgreindar inngreiðslur fyrst ganga upp í þegar áfallna vexti, og heldur því fram, að skuldari ráði því, upp í hvaða hluta kröfu inngreiðsla gangi.

Uppboðsbeiðandi heldur því fram, að það sé á hans valdi að kveða á um það, upp í hvaða hluta kröfu inngreiðsla gangi.

Enn fremur heldur uppboðsþoli því fram, að dráttarvextir séu reiknaðir af dráttarvöxtum, eins og yfirlit uppboðsbeiðanda er fram sett, en slíkt sé ekki heimilt.

IV.

Um a. Uppboðsþolum var rétt að greiða hina erlendu kröfu í ísl. krónum. Styðst sú niðurstaða við 41. gr. laga nr. 93/1933, en er auk þess almenn skoðun fræðimanna. Uppboðsbeiðandi hefur heldur ekki skotið neinum viðhlýtandi stoðum undir það, að skuldina hafi átt að greiða í „virkri erlendri mynt".

Af hálfu uppboðsbeiðanda var tekið við kr. 150.000.00 upp í uppboðskröfuna án athugasemda 24. október 1967. Var ekki gerður fyrirvari vegna hugsanlegrar gengisbreytingar né hefur verið sýnt fram á, að viðtaka peninganna hafi farið fram á þeirri forsendu.

Verður því við það miðað, að ofangreind fjárhæð hafi verið greidd 24. október 1967, og miðað við það gengi, sem gerðarþolar töldu gilda á þeim tíma, þ. e. DM 100 : 1.075.62 ísl. krónum. Samkvæmt því verður gerðarbeiðandi að bera hallann af þeirri verðrýrnun ísl. krónu, sem skeði seint í nóvembermánuði 1967, áður en fjárhæðin var yfirfærð.

Um b. Samkvæmt almennum reglum um greiðslur og með því að fullnustugerðir voru hafnar var uppboðsbeiðanda rétt að kveða á um það, upp í hvaða hluta af hinum gjaldföllnu fullnustukröfum inngreiðslan á áðurnefndum kr. 150.000.00 skyldi ganga. Gerðarbeiðandi lét framangreinda fjárhæð ganga upp í

áfallinn málskostnað, kr. 30.267.80. Verður það talið heimilt samkvæmt ofansögðu. Afleiðingin verður sú, að aðeins kr. 119.723.20 reiknast á genginu DM 100 : 1.075.62.

Um c. Gerðarþolar afhentu í uppboðsrétti þann 29. febrúar 1968 sparisjóðsbók með kr. 85.000.00 innstæðu, eins og áður er rakið, sem greiðslu upp í uppboðskröfuna. Töldu gerðarþolar þá fjárhæð ásamt kr. 10.547.90, sem þeir greiddu einnig við þetta tækifæri, þá nægja til greiðslu uppboðskröfunnar. Ekki verður annað séð en að uppboðsbeiðandi hafi bæði sætt sig við það, að greitt var með sparisjóðsbók og að greiðsla þessi var innborgun en ekki fullnaðargreiðsla (að áliti uppboðsbeiðanda).

Við mat á þessu er á það að líta, að uppboðsbeiðanda var í lófa lagið að krefjast úrskurðar uppboðshaldara um lögmæti greiðslu þessarar, ef deilur hefðu risið:

1. Þar eð uppboðsbeiðandi teldi sér óskylt að taka við sparisjóðsbók sem greiðslu eða
2. Uppboðsbeiðandi teldi sér óskylt að taka við fjárhæð, sem ekki var fullnaðargreiðsla.

Uppboðsbeiðandi krafðist þess á hinn bóginn, að uppboðið færi fram, þar sem framboðin greiðsla væri ófullnægjandi. Þessi krafa uppboðsbeiðanda verður þó ekki skilin öðru vísi en svo, að uppboðsbeiðandi hafi talið á skorta, að uppboðskrafan væri að fullu greidd þrátt fyrir ofannefndar inngreiðslur, enda hafði þá þegar risið ágreiningur milli aðilja um útreikning og jafnvel tilvist einstakra inngreiðslna.

Það er óumdeilt, enda augljóst, að uppboðsþolar hugðust greiða nefnda sparisjóðsinnstæðu til greiðslu á uppboðskröfunni. Eins og málum var hér háttað, þar uppboðsbeiðanda að taka skýra og ótvíræða afstöðu, strax og tilefni var til, til áðurnefndra inngreiðslna, ef hann taldi sér af einhverjum orsökum óskylt að taka við þeim, og eftir atvikum að krefjast úrskurðar uppboðshaldara um deiluatriði, ef því var að skipta, sbr. 2. gr. laga nr. 57/1949.

Uppboðsbeiðandi fylgdi ekki þessum meginsjónarmiðum og gaf þar með uppboðsþolum ástæðu til að ætla, að hann sætti sig við inngreiðsluna á kr. 85.000.00 með sparisjóðsbók þeirri, sem fyrr er nefnd. Verður því að telja, að uppboðsbeiðandi hafi samþykkt að veita fjármunum þessum viðtöku í réttarhaldinu þann 29. febrúar 1968.

Í uppboðsrétti þann 4. marz 1968 krafðist uppboðsbeiðandi þess að fá m. a. afhenta ofangreinda sparisjóðsbók, sem þá var í vörzlum uppboðsréttar. Uppboðsþolar mótmæltu, þar sem beðið hafði

verið um kyrrsetningu í bókinni. Ekki krafðist uppboðsbeiðandi þó úrskurðar uppboðshaldara um afhendingu bókarinnar þá þegar, heldur lét sitja við yfirlýsingar þær, sem að framan eru raktar. Þær yfirlýsingar breyta þó engu um það, að uppboðsbeiðandi telst hafa samþykkt að taka við ofangreindum fjármunum þann 29. febrúar 1968 upp í uppboðskröfuna. Eigi breytir það heldur neinu hér um, þótt gerðarþolar hafi látið framkvæma kyrrsetningu í sparisjóðsbókinni þann 18. marz 1968.

Um d. Kostnaður sá, sem hér um ræðir, hefur ekki verið tildæmdur, og hvorki hefur hann fallið á við eftirfarandi fullnustugerðir né leiðir hann af vanskilum gerðarþola.

Ekki verður séð, að kostnaður þessi hafi neitt komið til álita, þegar áðurnefnd inngreiðsla á kr. 150.000.00 fór fram. Þar sem svo var ástatt, var gerðarbeiðanda óheimilt að láta hluta af nefndri greiðslu ganga upp í kostnað þennan, eins og á stóð.

Um e. Samkvæmt ástæðum, sem nefndar eru í *b* hér að framan, var gerðarbeiðanda rétt að taka fyrst af inngreiðslunum upp í áfallna dráttarvexti.

Niðurstaða málsins verður því sú, að DM 11.130.67 (ísl. kr. 119.723.20) verða fyrst látnar ganga upp í vexti til 31. desember 1967 í samræmi við kröfu gerðarbeiðanda, enda hefur hvorki vaxtaútreikningi né vaxtatíma verið sérstaklega mótmælt, en afgangurinn upp í höfuðstólinn. Eftirstöðvar skuldarinnar voru þá 31. desember 1967 DM 11.084.59. Af yfirfærslunni 18. febrúar 1968, þ. e. DM 3.342.35, sem tölulega hefur ekki verið vefengd, verður í samræmi við kröfur gerðarbeiðanda fyrst látnir greiðast vextir til 18. febrúar 1968, enda hefur gerðarþoli ekki mótmælt þeim vaxtatíma sérstaklega, en afgangurinn upp í höfuðstólinn. Eftirstöðvarnar 18. febrúar 1968 eru þá DM 7.908.51. Því næst verður inngreiðsla 29. febrúar 1968 (kr. 95.547.90 — óumþrættur málskostnaður, kr. 820.80), þ. e. kr. 94.727.10 að jafngildi DM 6.638.43 látnar ganga beint upp í höfuðstól, enda hefur gerðarbeiðandi ekki krafizt þess um greiðslur þessar, að vextir yrðu fyrst greiddir. Standa þá eftir DM 1.270.08. Þann 4. marz 1968 voru greiddar jafngildi DM 120.54. Loks greiddi gerðarþoli þann 6. nóvember 1968 jafngildi DM 110.19 (þ. e. kr. 1.583.00), og standa þá eftir af skuldinni DM 1.039.21 (þar sem inngreiðslur hafa verið reiknaðar til þýzkra marka í úrskurði þessum, hefur verið miðað við sölugengi á greiðsludegi hinna einstöku inngreiðslna).

Gerðarbeiðanda verður því heimilað nauðungaruppboð fyrir

DM 1.039.21 ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem ákveðast af DM 7.908.51 frá 18. febrúar 1968 til 29. febrúar s. á., af DM 1.270.08 frá þeim degi til 4. marz s. á., af DM 1.149.54 frá þeim degi til 6. nóvember 1968, en af DM 1.039.21 frá þeim degi til greiðsludags. Ekki er tilefni til að dæma málskostnað í máli þessu.

Stefán M. Stefánsson, setuuppboðshaldari samkvæmt skipunarbréfi 10. september 1968, kvað upp úrskurð þennan.

Það athugast, að með úrskurði, uppkveðnum 16. maí 1968, vék hinn reglulegi uppboðshaldari Gullbringu- og Kjósarsýslu sæti í máli þessu.

Úrskurðarorð:

Hið umbeðna uppboð skal fram fara til lúkningar DM 1.039.21 ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af DM 7.908.51 frá 18. febrúar 1968 til 29. febrúar s. á., af DM 1.270.08 frá þeim degi til 4. marz, af DM 1.149.54 frá þeim degi til 6. nóvember s. á., en af DM 1.039.21 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 28. maí 1969.

Nr. 10/1969. **Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f**
(Benedikt Sveinsson hdl.)
gegn
Byr h/f
Frosta h/f
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
Samábyrgð Íslands á fiskiskipum
Hafnarsjóði Ísafjarðar
Bæjarfógetanum í Keflavík
Bæjarfógetanum á Ísafirði og
Sýslumanni Ísafjarðarsýslu
Guðmundi Guðröðssyni
Flateyrarhreppi
Fiskveiðasjóði Íslands og
(Axel Kristjánsson hrl.)
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason hrl.).
og til réttargæzlu
Sjúkra- og styrktarsjóði
Verkalýðsfélagsins Skjaldar
Radiostofu Vilbergs & Þorsteins
Atvinnujöfnunarsjóði og Landsbanka Íslands.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Úthlutunargerð ógild og uppboðsafsal úr gildi fellt.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. janúar 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. desember 1968. Krefst hann þess, „að hin áfrýjaða afsalsgerð verði úr gildi felld og lagt fyrir uppboðshaldara Ísafjarðarsýslu að semja frumvarp að úthlutunargerð uppboðsandvirðis m/b Hilmis II, KE 8, skv. 34. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, þar sem tekin sé til greina krafa áfrýjanda um greiðslu af uppboðsandvirðinu á kr. 277.069.00 auk

7% ársvaxta frá uppboðsdegi, 31. maí 1968, til greiðsludags, en synjað verði um greiðslu lögveðs- og sjóveðskrafna Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, Hafnarsjóðs Ísafjarðar, bæjarfógetans í Keflavík, sýslumanns Ísafjarðarsýslu, Guðmundar Guðröðssonar og Flateyrarhrepps, að svo miklu leyti sem þær teljast fyrndar eða veðréttur þeirra niður fallinn, svo og verði greiðsla til Fiskveiðasjóðs Íslands lækkuð, að því leyti sem höfuðstóll kann að vera of hátt talinn og veðréttur fyrndur fyrir vaxtakröfu.

Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi þessara aðila allra, svo og hæstbjóðanda, Frosta h/f, uppboðsþola, Byrs h/f, og ríkissjóðs vegna innheimtumanna sinna og uppboðshaldarans í Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað".

Stefndi Frosti h/f krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og að hið áfrýjaða uppboðsafsal verði staðfest og svo málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi Fiskveiðasjóður Íslands krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og að hið áfrýjaða uppboðsafsal og úthlutunargerð verði staðfest og svo málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs krefst sýknu, að því leyti sem málssóknin beinist gegn honum og innheimtumönnum ríkissjóðs, og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Af hálfu annarra stefndu hefur ekki verið sótt dómþing fyrir Hæstarétti.

Í uppboðsdómi Ísafjarðarsýslu 31. maí 1968 var eftir kröfu stefnda Fiskveiðasjóðs Íslands háð nauðungaruppboð á v/b Hilmi II, KE 8, eign stefnda Byrs h/f, eins og í hinni áfrýjuðu uppboðsgerð greinir, en hæstbjóðandi á uppboðinu var stefndi Frosti h/f, og samþykkti uppboðsdómari boð þetta með bréfi, dags. 5. júní 1968. Með bréfi, dags. 11. júní 1968, tilkynnti stefndi Fiskveiðasjóður Íslands uppboðsdómara, að hann væri samþykkur því, að stefnda Frosta h/f yrði gefið uppboðsafsal fyrir bátnum, enda skuldbindi stefndi Frosti h/f sig til að greiða stefnda Fiskveiðasjóði Íslands lán samkvæmt

veðskuldabréfi að fjárhæð kr. 5.565.360.00, tryggt með 1. veðrétti í bátnum, auk þess sem stefndi Frosti h/f hefði samþykkt að greiða stefnda Fiskveiðasjóði Íslands kr. 1.860.000.00 samkvæmt veðskuldabréfi, útgefnu 6. júní 1968. Með áritun 23. september 1968 á veðskuldabréf stefnda Fiskveiðasjóðs Íslands var því lýst yfir, að stefndi Frosti h/f skuldbindi sig til að greiða áðurnefnda lánsfjárupphæð, kr. 5.565.360.00, auk vaxta.

Með bréfi, dags. 13. júlí 1968, til uppboðsdómara tilkynnti umboðsmaður áfrýjanda, að hann gæti f. h. áfrýjanda samþykkt, að stefnda Frosta h/f yrði gefið uppboðsafsal fyrir v/b Hilmi II, KE 8, gegn greiðslu eftirstöðva veðskuldar, er hvíli á 2. veðrétti í bátnum, kr. 242.566.00, ásamt 1% mánaðarvöxtum frá 1. október 1967 til uppboðsdags, kr. 19.405.00, innheimtulaunum, kr. 13.098.00, og kostnaði, kr. 2.000.00, samtals kr. 277.069.00, auk vaxta frá uppboðsdegi til greiðsludags.

Áður en uppboðsafsal var gefið fyrir bátnum, var þörf á að semja frumvarp að úthlutunargerð uppboðsandvirðis samkvæmt 34. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð og gefa uppboðsaðiljum síðan kost á að taka afstöðu til frumvarpsins. Þar sem uppboðsdómari lét það undir höfuð leggjast, ber að ógilda hina áfrýjuðu úthlutunargerð og svo fella úr gildi hið áfrýjaða uppboðsafsal, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða úthlutunargerð er ógild og hið áfrýjaða uppboðsafsal úr gildi fellt.

Málskostnaður fellur niður.

Uppboðsafsal uppboðsdóms Ísafjarðarsýslu 23. september 1968.

Ár 1968, mánudaginn 23. september kl. 1130, var uppboðsdómur Ísafjarðarsýslu settur í sýsluskrifstofunni á Ísafirði og haldinn af Jóhanni Gunnari Ólafssyni sýslumanni með undirrituðum vottum. Fyrir tekið: Uppboðsdómsmál nr. 3/1966: Að gefa út uppboðsafsal fyrir v/b Hilmi II, KE 8, eign Byrs h/f, Flateyri.

Í uppboðsdómi 31. maí 1968 var v/b Hilmir II, KE 8, eign Byrs h/f, Flateyri, seldur á nauðungaruppboði samkvæmt kröfu Fiskveiðasjóðs Íslands.

Hæstbjóðandi varð Frosti h/f, Súðavík, og var boð hans kr. 7.505.000.00 — sjö milljónir fimm hundruð og fimm þúsund krónur — og samþykkti uppboðshaldari boðið.

Uppboðsandvirðið greiðist þannig:

I. Lögveðs og sjóveðskröfur:			
1. Samábyrgð Íslands	kr.	31.215.73	
2. Hafnarsjóður Ísafjarðar	—	4.798.00	
3. Bæjarfógetinn, Keflavík, lestagjald	—	11.661.00	
4. Sýslumaður Ísafjarðarsýslu, tryggingariðgjald	—	31.861.50	
5. Guðmundur Guðröðsson, sjóveð	—	7.645.00	
6. Flateyrarhreppur, hafnargjöld	—	7.320.34	
			kr. 94.501.57
II. Veðkröfur:			
1. veðréttur, Fiskveiðasjóður Íslands	kr.	5.565.360.00	
Upp í vexti	—	1.845.138.43	— 7.410.498.43
		Samtals	kr. 7.505.000.00

Hefur hæstbjóðandi þannig gert full skil á uppboðsandvirðinu.

Uppboðskostnaður ásamt stimpil- og þinglestrargjöldum nemur kr. 279.110.00, og hefur kaupandi greitt hann að fullu.

Veð á 2.—9. veðrétti falla niður, og skal afmá þau úr veðmálaskrá.

Vökvavinda með dælu og fylgihlutum, sem er í skipinu, er eign Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f.

Þar sem hæstbjóðandi hefur þannig samkvæmt framanskráðu fullnægt uppboðsskilmálunum, er honum hér með afsalað v/b Hilmi II, KE 8, til fullrar eigna og umráða.

Föstudaginn 30. maí 1969.

Nr. 99/1968. **Margrét Hjaltested fyrir sjálfa sig og f. h. ófjárráða barna sinna, Margrétar , Sigurðar Kristjáns og Karls Lárusar Hjaltesteds**
(Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
Magnúsi Sigurðssyni Hjaltested og Ólafi Þorgrímssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Markúsar Ívars Hjaltesteds og Sigríðar Hjaltesteds og gagnsök.
(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Þór Vilhjálmsson.

Skiptamál. Úthlutun.

Dómur Hæstaréttar.

Unnsteinn Beck setuskiptaráðandi framkvæmdi hina áfrýjuðu útlagningargerð.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1968. Gera þeir aðallega þær dómkröfur, að ákvörðun skiptadóms Kópavogs á skiptafundi hinn 7. maí 1968 um afhendingu umráða og afnota fasteignarinnar Vatnsenda verði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar af nýju. Til vara krefjast þeir þess, að hin áfrýjaða ákvörðun verði úr gildi felld. Þá krefjast þeir og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjenda.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 29. maí 1968. Krefjast þeir staðfestingar hinnar áfrýjuðu ákvörðunar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Sigurður Lárusson Hjaltested lézt 13. nóvember 1966. Við upphaf skipta í febrúarmánuði 1967 á dánar- og félagsbúi Sigurðar og eftirlifandi maka, Margrétar G. Hjaltesteds, aðaláfrýjanda máls þessa, kom upp ágreiningur um gildi erfðaskrár Magnúsar Einarssonar Hjaltesteds, en Magnús, sonur

Sigurðar af fyrra hjónabandi, gagnáfrýjandi í máli þessu, reisti rétt sinn til viðtöku á jörðinni Vatnsenda í Kópavogi á þessari erfðaskrá. Í úrskurði skiptadóms Kópavogs hinn 24. júlí 1967 var ekki talið, „að eftirlifandi maka landseta samkvæmt erfðaskránni sé áskilin búseta á jörðinni eftir lát hans". Varð niðurstaða skiptadóms, að Magnúsi Sigurðssyni Hjaltested var „áskilinn réttur eftir látinn föður sinn til að taka við til ábúðar og hagnýtingar jörðina Vatnsenda". Þessi úrskurður skiptadóms var staðfestur í Hæstarétti hinn 5. apríl 1968. Á skiptafundi hinn 7. maí 1968 í greindu búi „lýsti skiptaráðandi yfir því, að hann afhenti Magnúsi Sigurðssyni Hjaltested, Sólbakka, Vatnsenda, umráð og afnot fasteignarinnar Vatnsenda í Kópavogskaupstað með því, sem henni fylgir og fylgja ber, samkvæmt þeim réttindum, sem honum sem erfingja eru áskilin í erfðaskrá Magnúsar Einarssonar Hjaltesteds, dagsettri 4. jan. 1938 og 29. okt. 1940, að geymdum rétti þeirra, sem löglega kunna að eiga tilkall til afnota eða annarra réttinda á jörðinni eða hluta hennar, enda tekur Ólafur Þorgrímsson, hæstaréttarlögmaður, ásamt erfingjunum ábyrgð á greiðslu skiptakostnaðar, erfðafjárskatts og annarra opinberra gjalda, sem á erfingjana kann að falla í sambandi við skiptin".

Krafa aðaláfrýjenda um ómerkingu og heimvísun málsins hefur ekki verið studd neinum haldbærum rökum. Aðaláfrýjendur reisa kröfuna um, að hin áfrýjaða ákvörðun skiptadóms verði felld úr gildi, fyrst og fremst á því, að nafnritanir Magnúsar Einarssonar Hjaltesteds á erfðaskrána séu falsaðar. Í bréfi aðaláfrýjanda Margrétar G. Hjaltesteds til saksóknara ríkisins, dags. 2. febrúar 1969, fór hún þess á leit, að saksóknari hlutaðist til um, að þetta efni yrði rannsakað. Báðir arfleiðsluvottarnir komu fyrir sakadóm og staðfestu nafnritun sína á erfðaskrána. Annar þeirra staðfesti með eiði, að Magnús Einarsson Hjaltested hefði undirritað erfðaskrána í sinni viðurvist. Hinn arfleiðsluvotturinn kvaðst ekki þora að fullyrða, hvort Magnús hafi verið búinn að rita nafn sitt undir skjalið eða gert það, um leið og þeir vottarnir undirrituðu. Vann vitnið drengskaparheit að fram-

burði sínum. Í máli milli sömu aðilja, sem dæmt var í Hæstarétti 5. apríl 1968, eins og áður er greint, var því ekki hreyft, að erfðaskráin væri fölsuð. Ekki eru efni til að sinna þessari málsástæðu aðaláfrýjenda. Úttekt á jörðinni fór fram hinn 16. maí 1969. Eins og málum er háttað, geta aðaláfrýjendur eigi reist rétt á ábúðarlögum.

Samkvæmt framansögðu ber því að staðfesta ákvörðun skiptadóms.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða ákvörðun skiptadóms á að vera óröskuð. Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 30. maí 1969.

Nr. 117/1968. **Margrét Hjaltested fyrir sjálfa sig og f. h. ófjárráða barna sinna Margrétar, Sigurðar Kristjáns og Karls Lárusar Hjaltesteds**
(Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
Magnúsi Sigurðssyni Hjaltested
(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Þór Vilhjálmsson.

Útburðarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa með stefnu, birtri 30. ágúst 1968, skotið til Hæstaréttar úrskurði fógetadóms Kópavogs, sem var uppkveðinn hinn 25. júní 1968. Krefjast þeir þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, synjað verði um útburð og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar og forsendna dóms Hæstaréttar í málinu nr. 99/1968, sem upp var kveðinn í dag, ber að staðfesta úrskurð fógetadóms.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Kópavogs 25. júní 1968.

Mál þetta, sem tekið var undir úrskurð 21. júní 1968, hefur Magnús S. Hjaltested, Sólbakka, Vatnsenda, Kópavogskaupstað, höfðað á hendur Margréti Hjaltested, Vatnsenda, Kópavogskaupstað, með kröfu um, að fógeti láti bera hana út af jörðinni Vatnsenda í Kópavogskaupstað ásamt öllu því, sem henni tilheyrir, svo og hvern þann, sem leiðir þar dvöl sína frá rétti hennar. Enn er krafizt málskostnaðar og réttur áskilinn til að krefja gerðarþola bóta fyrir þrásetu.

Af hálfu gerðarþola er aðallega krafizt frávísunar frá fógetarétti, en til vara, að synjað verði um framgang gerðarinnar. Svo er og krafizt málskostnaðar.

Málavextir.

„Árið 1967, mánudaginn 24. júlí, var kveðinn upp í skiptarétti Kópavogskaupstaðar svofelldur

úrskurður:

í málinu:

Margrét Hjaltested og ófjárráða börn hennar
og Sigurðar Lárussonar Hjaltesteds
gegn
Magnúsi Sigurðssyni Hjaltested.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 15. þ. m., er risið í sambandi við opinbera skiptameðferð á dánarbúi Sigurðar Lárussonar Hjaltesteds og eftirlifandi konu hans, Margrétar Hjaltesteds.

Hinn reglulegi skiptaráðandi hefur vikið sæti við búskipti þessi, en með þau fer sem setuskiptaráðandi Unnsteinn Beck borgarfógeti, og kveður hann upp þennan úrskurð.

Arfláti, Sigurður Lárusson Hjaltested, bjó að Vatnsenda innan Kópavogskaupstaðar og andaðist 13. nóvember 1966. Hann kvæntist árið 1961 sóknaraðilja máls þessa, Margréti Hjaltested að Vatnsenda. Þau eiga tvo syni fædda í hjónabandi þeirra, Sigurð Kristján, fæddan 5. febrúar 1962, og Karl Lárus, fæddan 30. júní 1963. Þriðja barnið, sem er skráð dóttir Sigurðar, Margrét, er fædd 1. nóvember 1955, áður en slitið var hjónabandi Margrétar og fyrri eiginmanns hennar. Hefur faðerni eiginmannsins að barninu ekki verið vefengt að lögum. Barn þetta telst því ekki meðal erfingja að búinu.

Áður en þau arfláti og Margrét Hjaltsted gengu í hjónaband, var arfláti kvæntur og á þrjú börn á lífi úr því hjónabandi, Magnús, varnaraðilja máls þessa, Markús Ívar og Sigríði. Hin síðastnefnda er ófjárráða sakir æsku. Hefur Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður verið skipaður réttargæzlumaður hennar við búskiptin, en hann er jafnframt lögmaður alsystkina hennar við skiptin. Skipaður réttargæzlumaður ófjárráða barna Margrétar Hjaltesteds, sem ásamt móður sinni eru sóknaraðiljar að máli þessu, er Jón Einarsson, heimilismaður að Vatnsenda.

Ágreiningur sá, sem liggur hér fyrir til úrskurðar, varðar erfðaskrá Magnúsar Einarssonar Hjaltesteds, dagsetta 4. janúar 1938 og staðfesta að nýju með áritun arfleiðanda, dags. 29. október 1940. Staðfest endurrit af erfðaskránni úr notarialbók sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefur verið lagt fram sem dómsskjal nr. 3. Nánar verður efni þessa gernings getið hér á eftir, að því leyti sem það snertir málsúrslit.

Í greinargerðinni gerðu sóknaraðiljar þær dómkröfur, að öllum eignum dánar- og félagsbús Sigurðar Hjaltesteds og eftirlifandi maka, Margrétar Hjaltesteds, verði skipt eftir almennum skiptareglum erfðalaga, enda verði taldar brostnar forsendur fyrir gildi og framkvæmd erfðaskrár Magnúsar Einarssonar Hjaltesteds frekar en orðið er, þ. e. frá og með tölul. 3 og til loka erfðaskrárinnar. Einnig kröfðust þeir málskostnaðar. Við munnlegan flutning málsins breytti lögmaður sóknaraðilja kröfugerðinni á þá lund, að hann krafðist þess, að öllum eignum dánar- og félagsbús Sigurðar Hjaltesteds og eftirlifandi maka, Margrétar Hjaltesteds, verði skipt eftir almennum skiptareglum erfðalaga, enda verði taldar brostnar forsendur fyrir gildi og framkvæmd erfðaskrár Magnúsar Einarssonar Hjaltesteds umfram það, er segir í upphafi erfðaskrárinnar, svohljóðandi: „... allar eignir mínar, fastar og lausar skulu ganga að erfðum til Sigurður Kristjáns Lárussonar

Hjaltested ...". Þá krafðist hann málskostnaðar úr hendi varnaraðilja að mati dómara.

Varnaraðili gerir þær dómkröfur, að hin umdeilda erfðaskrá verði tekin gild í öllum greinum og metin veita honum óskoraðan rétt til að taka við jörðinni Vatnsenda í Kópavogi með öllum gögnum og gæðum, þar á meðal rétti til leiguafgjalda af sumarbústaðalöndum jarðarinnar. Málskostnaðar krefst hann ekki.

Í þessu máli er enginn ágreiningur um aðrar eignir búsins en tilkall til Vatnsenda, enda er því lýst yfir af hálfu varnaraðilja, að hann geri ekki erfðatilkall í lausafé búsins, þar með talinn búfénaður.

Af hálfu alsystkina varnaraðilja hefur réttargæzlumaður þeirra og málflytjandi lýst yfir því, að þau samþykki gildi hinnar umdeildu erfðaskrár í öllum greinum, enda hafa þau ekki gerzt aðiljar að máli þessu.

Magnús Einarsson Hjaltested úrsmiður eignaðist jörðina Vatnsenda, sem þá var í Seltjarnarneshreppi, í september 1914. Hann mun hafa búið á jörðinni á tímabili, a. m. k. að einhverju leyti, samkvæmt því, sem upplýst var við munnlegan flutning málsins. Þó mun Lárus Pétursson Hjaltested hafa verið tekinn þar við búi að mestu eða öllu leyti, áður en Magnús dó. Hinn 4. janúar 1938 gerir Magnús, sem var ókvæntur og barnlaus, erfðaskrá, dskj. nr. 3 í máli þessu, þar sem hann arfleiðir bróðurson sinn, Sigurð Kristján Lárusson Hjaltested, sem er arfláti í búi þessu, að öllum eignum sínum, föstum og lausum, eftir sinn dag. Um jörðina Vatnsenda eru þó sett ákveðin skilyrði í erfðaskránni, og er helzta efni þeirra, sem hér skipta máli, á þessa lund: Arftaki skal búa á eigninni sjálfur, þó með þeim fyrirvara, að föður hans, Lárusi Hjaltested, er áskilinn ábúðarrétturinn, svo lengi sem hann lifir. Arftaka er óheimilt að selja jörðina eða veðsetja hana fyrir meiru en nemur 50% af fasteignamati jarðarinnar, og þó aðeins til greiðslu erfðafjárskatts, ef með þarf, eða til nauðsynlegra varanlegra endurbóta á jörðinni sjálfri eða húsum hennar. Arftaka er heimilt að selja á leigu lóðir úr óræktuðu landi jarðarinnar.

Lárusi Hjaltested eða síðari ábúanda jarðarinnar er heimilt að semja um og krefja bætur fyrir bótaskyld landspjöll á jörðinni, sem orðin voru eða kynnu að verða. Þá er svo áskilið, að að Sigurði L. Hjaltested látnum skuli jarðeignin ganga að erfðum til elzta sonar hans og svo til niðja hans í beinan karllegg ... „þannig að aðeins fær einn maður allan arfinn, sá elzti í þeim

þeim legg, er að réttu ber arfur samkvæmt því, er nú hefur verið sagt". Þá eru ákvæði um það, hvernig fara skuli, ef hinn arfborni karlleggur deyr út, en þá gengur jörðin til afkomenda næst elzta sonar Sigurðar og niðja hans í beinan karllegg, og tilsvarandi gildir, ef karlleggur frá Sigurði verður aldauða, þá taka við afkomendur þess bróður hans, sem næstur honum var að aldri, eftir sömu reglum.

Ákveðið er, að ef einhver erfingjanna hættir búskap á Vatnsenda, missi hann rétt sinn samkvæmt erfðaskránni, en sá, sem næstur er í röðinni, taki við. Enn er það tilskilið, að sérhver erfingi, sem fær erfðarétt samkvæmt arfleiðsluskránni, skuli skyldur til að halda öll þau skilyrði, sem Sigurði eru sett með henni, og gæta þeirra takmarkana, sem erfðaskráin setur honum, en vanræksla á því veldur tafarlausum réttindamissi fyrir hlutaðeiganda. Loks eru ákvæði um stofnun sjóðs fyrir andvirði eigna þeirra, sem arfleiðslugerningurinn tekur til, ef afkvæmi Lárusar Hjaltesteds í karllegg deyja út.

Ekki þykir ástæða til að rekja hér nánar efni margnefnds erfðagernings, en í máli þessu er upprunalegt gildi hans sem erfðaskrá ekki vefengt né heimild arfláta til að ráðstafa eftirlátnum eignum sínum á þann hátt, sem þar er gert. Hins vegar er því haldið fram af hálfu sóknaraðilja, að forsendur séu brostnar fyrir því, að erfðagerningurinn eða nánar tiltekið ákvæðum ákvæðum hans verði beitt í samræmi við ákvæði erfðaskrárinnar og tilgang arfleiðandans. Byggja sóknaraðiljar þetta á því, að jörðin Vatnsendi sé ekki bújörð lengur. Hún hafi verið skert svo með eignarnámum lands fyrir Rafveitu Reykjavíkur, Landssíma Íslands vegna útvarpsstöðva og Reykjavíkurborgar vegna friðlandsins í Heiðmörk svo og með leigu um eða yfir 400 landspildna undir sumarbústaði, að á jörðinni verði ekki rekinn búskapur framar. Þá sé jörðin nú innan skipulagssvæðis Kópavogskaupstaðar og fullnægi því ekki lengur skilyrðum til að teljast jörð eða lögbýli samkvæmt 1. gr. ábúðarlaga nr. 36 frá 1961. Með því að jörðin geti nú ekki lengur talizt bújörð og að fyrirsjáanlegt sé, að þar verði ekki unnt að reka búskap í framtíðinni, geti varnaraðili eða aðrir ekki uppfyllt þau skilyrði a-liðs 1. gr., sbr. 4. og 6. gr. arfleiðsluskrárinnar, að búa á jörðinni, en það leiði til þess, að jörðin falli í arf eftir arflátann Sigurð Hjaltested á sama hátt sem aðrar eignir hans og eigi að deilast til erfingja hans samkvæmt venjulegum erfðareglum.

Í annan stað hafa sóknaraðiljar haldið því fram, að tilgangur

Magnúsar E. Hjaltesteds með erfðaskrá sinni hafi verið að gera jörðina Vatnsenda að ættaróðali í merkingu óðalslaga, en af því leiði, að beita verði þeim ákvæðum óðalslaganna, að ekkja óðalseta njóti ábúðar á óðalinu að maka sínum látnum. Þá hefur sóknaraðili hreyft því, að skilyrði margnefndrar erfðaskrár hafi ekki verið haldin af fyrri ábúendum og því þurfi að fara fram könnun á gildi hennar út frá því sjónarmiði og m. a. þurfi í því skyni að fara fram innköllun allra þeirra erfingja, sem hugsanlega komi til greina, ef svo yrði litið á, að erfðaskráin sé fallin niður af þessum ástæðum.

Varnaraðili, Magnús Sigurðsson Hjaltested, er elzti sonur arfláta, en hann tók fyrstur arf samkvæmt hinni umdeildu erfðaskrá Magnúsar Einarssonar Hjaltesteds. Kröfur hans eru byggðar á því, að erfðaskráin sé að öllu leyti í fullu gildi. Hann kveðst ætla að setjast að á Vatnsenda og taka þar upp búskap, þegar hann fær umráð jarðarinnar. Hann mótmælir því, að nokkuð sé því til fyrirstöðu að reka búskap á jörðinni Vatnsenda, enda sé hún enn í tölu lögbýla samkvæmt gildandi fasteignamati. Núverandi áhöfn jarðarinnar sýni einnig, að hún framfleyti meiru en lágmarksáhöfn lögbýlis og að ekki séu líkur fyrir, að breyting verði á því í náinni framtíð, enda þótt land jarðarinnar kunni að teljast til skipulagssvæðis Kópavogskaupstaðar. Hann mótmælir því, að réttur sinn sem erfingja samkvæmt erfðaskránni sé niður fallinn vegna þess, að aðrir landsetar hafi rofið skilmála erfðaskrárinnar.

Því er ekki haldið fram, að arfláti Sigurður Hjaltested eigi eða kunni að eiga fleiri erfingja en þá, sem komið hafa fram við búskiptin, sem mál þetta rís af. Því er tilefnislaust að gefa út innköllun til erfingja í sambandi við úrlausn málsins, enda virtist þessi málsástæða sóknaraðilja byggjast á því, að til séu kvaddir aðiljar, sem ekki eru erfingjar að búinu, en það er ekki vettvangur skiptaréttarins að gefa út slíka innköllun. Verður þessi málsástæða því ekki tekin til greina.

Af hálfu sóknaraðilja er það ekki reifað, sem þó hefur verið drepið á, að ákvæðin í erfðaskrá Magnúsar Einarssonar Hjaltesteds varðandi jörðina Vatnsenda séu niður fallin vegna aðgerða fyrri landseta, og verður því ekki byggt á þeirri málsástæðu gegn mótmælum varnaraðilja.

Ekki eru efni til að vefengja, að varnaraðili ætli sér að setjast að á Vatnsenda og hefja þar búskap, ef hann fær umráð jarðarinnar. Landsnot jarðarinnar hafa að vísu verið skert verulega frá því sem var, þegar erfðaskráin var gerð, bæði með eignarnámum

og útleigu á löndum. Þó er jörðin að fasteignamati talin löðbýli, og þar er enn rekinn búskapur í venjulegri merkingu þess orðs. Hafa ekki verið færð rök fyrir því gegn mótmælum varnaraðilja og gegn opinberu vottorði um skráningu jarðarinnar sem lögbýlis, að jörðin hafi verið rýrð svo, að þar verði ekki rekinn búskapur. Ekki verður fallizt á, að það útiloki búskap á jörðinni, þótt hún hafi fyrir aðgerðir hins opinbera verið dregin undir skipulagssvæði Kópavogskaupstaðar, enda er ekki sýnt, að neinar fyrirætlanir séu á prjónunum, sem útiloki eða rýri núverandi búskaparmöguleika á jörðinni. Það, sem gerast kann í óvissri framtíð, skiptir ekki máli í sambandi við úrlausn málsins.

Því verður ekki talið, að núverandi ástand jarðarinnar útiloki varnaraðilja frá að uppfylla þau skilyrði erfðaskrárinnar, að hann búi á jörðinni.

Ákvæðum erfðaskrárinnar varðandi jörðina Vatnsenda svipar í ýmsu til reglnanna um ættaróðul, en heimildarlaust er að draga þá ályktun, að hér hafi verið um stofnun óðalsbýlis að ræða, enda vantar mikið á, að reglunum um þau sé fylgt í erfðaskránni. Því verður ekki ályktað gegn skýrum orðum erfðaskrárinnar, að eftirlifandi maka landseta samkvæmt erfðaskránni sé áskilin búseta á jörðinni eftir lát hans.

Niðurstaða málsins verður því sú, að varnaraðilja sé einum af erfingjum arflátans áskilinn réttur til umráða og búsetu á jörðinni Vatnsenda.

Málskostnaður fellur niður.

Því úrskurðast:

Varnaraðilja, Magnúsi Sigurðssyni Hjaltested, er áskilinn réttur eftir látinn föður sinn til að taka við til ábúðar og hagnýtingar jörðina Vatnsenda í Kópavogskaupstað með þeim takmörkunum og skilmálum, sem settir eru í arfleiðsluskrá Magnúsar Einarssonar Hjaltesteds, dagsettri 4. janúar 1938.

Málskostnaður fellur niður".

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 5. apríl 1968, var úrskurður þessi staðfestur.

Á skiptafundi í dánar- og félagsbúi Sigurðar L. Hjaltesteds og Margrétar Hjaltesteds 7. maí 1968 lýsti skiptaráðandi yfir því, að hann afhenti Magnúsi Sigurðssyni Hjaltested, Sólbakka, Vatnsenda, umráð og afnot fasteignarinnar Vatnsenda í Kópavogskaupstað með því, sem henni fylgir og fylgja ber, samkvæmt þeim réttindum, sem honum sem erfingja eru áskilin í erfðaskrá

Magnúsar Einarssonar Hjaltesteds, dagsettri 4. janúar 1938 og 29. október 1940, að geymdum rétti þeirra, sem löglega kunna að eiga tilkall til afnota eða annarra réttinda á jörðinni eða hluta hennar, enda tekur Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður ásamt erfingjum ábyrgð á greiðslu skiptakostnaðar, erfðafjárskatts og annarra opinberra gjalda, sem á erfingjana kann að falla í sambandi við skiptin.

Þessari gerð skiptaréttarins hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Málsástæður.

Af hálfu gerðarbeiðanda er á því byggt, að fógeta beri að framkvæma hina umbeðnu gerð samkvæmt dómi Hæstaréttar.

Meginröksemd gerðarþola bæði fyrir aðalkröfu og varakröfu er sú, að hinn áfrýjaði úrskurður skiptaréttarins sé ekki aðfararhæfur, ófullkominn og óendanlegur, þar sé gerðarbeiðanda áskilinn réttur, en ekki veittur réttur, og felist í því, að hann verði að sanna áskilinn rétt sinn, hvað honum hafi ekki tekizt í þessu máli. Enn er á því byggt, að ekkjunni beri samkvæmt ábúðarlögum réttur til að sitja jörðina eftir lát eiginmanns síns. Svo er því og haldið fram, að skiptum á dánar- og félagsbúi hennar og látins eiginmanns hennar sé ekki lokið, og geti hin umbeðna gerð ekki farið fram af þeim sökum. Þá er því og haldið fram, að þar sem Hæstiréttur hefur enn ekki lokið dómi á hina áfrýjuðu afhendingargerð skiptaréttarins, geti útburðarkrafan ekki náð fram að ganga að svo stöddu.

Af hálfu gerðarbeiðanda er á því byggt, að umdeildur réttur aðiljanna til jarðarinnar Vatnsenda sé afnotaréttur, arfur eftir Magnús Einarsson Hjaltested, og óviðkomandi dánar- og félagsbúinu. Af hálfu gerðarþola er því haldið fram, að henni verði ekki vikið af jörðinni með beinni fógetagerð, heldur yrði, ef lögmætar ástæður væru fyrir hendi, að segja upp ábúðinni og fara fram úttekt á jörðinni.

Álit réttarins.

Rétturinn getur ekki fallizt á þá röksemd gerðarþola, að hinn staðfesti skiptaréttarúrskurður sé ekki aðfararhæfur, og hvað sem líður orðalagi hans, er augljóst, að gerðarbeiðandi á rétt til að taka jörðina til ábúðar og hagnýtingar. Seta gerðarþola á jörðinni stendur í vegi fyrir þessum rétti hans, og ekkert er fram komið í málinu um, að takmarkanir eða skilmálar í erfðaskrá Magnúsar Einarssonar Hjaltesteds hindri, að hann taki rétt sinn. Það atvik, að afhendingargerð skiptaréttarins hefur verið áfrýjað, virðist að dómi réttarins ekki geta staðið fyrir framgangi gerðar-

innar, því að ef um væri að ræða beina fógetagerð, sem ekki styddist við dóm, mundi því líkt ekki vera til hindrunar, ef fógeti teldi réttinn nógu glöggan og skíran. Þeim mun síður gagnar þessi mótbára, þegar um framkvæmd endanlegs dóms Hæstaréttar er að ræða. Um aðrar varnarástæður gerðarþola er óþarft að fjölyrða, þar sem í dómsúrlausnum þeim, sem útburðarkrafan byggist á, hefur afstaða verið tekin til þeirra.

Það er þannig aldeilis augljóst, að fallast ber á kröfu gerðarbeiðanda.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00.

Hinn reglulegi bæjarfógeti, Sigurgeir Jónsson, hefur vikið sæti í máli þessu, og er úrskurðurinn kveðinn upp af Steingrími Gaut Kristjánssyni setubæjarfógeta.

Ályktarorð:

Hin umbeðna útburðargerð skal fara fram.

Gerðarþoli, Margrét Hjaltested, greiði gerðarbeiðanda, Magnúsi Sigurðssyni Hjaltested, kr. 10.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðarins að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. maí 1969.

Nr. 87/1969. **Áki Gränz og Jósafat Arngrímsson**
gegn
Birgi Þorvaldssyni og
Jóni Sveinssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa með heimild í 21. gr., 1, b, laga nr. 57/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. apríl 1969, er barst dóminum 9. maí 1969. Gera sóknaraðiljar þær dómkröfur, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur,

lagt verði fyrir héraðsdómara að dæma efni máls og að varnaraðiljum verði gert að greiða kærumálskostnað.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar héraðsdóms og kærumálskostnaðar óskipt úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Sóknaraðiljar greiði varnaraðiljum óskipt kærumálskostnað, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar, Áki Gränz og Jósafat Arngrímsson, greiði varnaraðiljum, Birgi Þorvaldssyni og Jóni Sveinssyni, óskipt kærumálskostnað, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. apríl 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar hinn 11. þ. m., hafa þeir Áki Gränz og Jósafat Arngrímsson, báðir til heimilis í Ytri-Njarðvík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 12. nóvember 1968, á hendur þeim Birgi Þorvaldssyni framkvæmdastjóra, Hjarðarhaga 29, og Jóni Sveinssyni rafvirkjameistara, Óðinsgötu 9, báðum í Reykjavík.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnendum kr. 621.050.10 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. maí 1965 til 31. desember 1965, 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1966 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt mati réttarins.

Dómkröfur stefndu eru aðallega þær, að málinu verði vísað frá dómi. Til vara krefjast stefndu sýknu af öllum kröfum stefnenda. Í báðum tilvikum er krafizt málskostnaðar úr hendi stefnenda in solidum að mati dómsins.

Í þessum dómi er fjallað um formhlið málsins, frávísunarkröfu stefndu.

Leitazt hefur verið við að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir:

Hinn 31. marz 1964 gerðu stefnendur og stefndu með sér samn-

ing um kaup á hlutabréfum Ísfélags Keflavíkur h/f, svohljóðandi:

„Vér undirritaðir, Jósafat Arngrímsson, Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík, og Áki Gränz, Heimakletti, Ytri-Njarðvík, eigendur hlutabréfa í Ísfélagi Keflavíkur h/f, Keflavík, í samningi þessum nefndir seljendur, og vér undirritaðir, Jón Sveinsson og Birgir Þorvaldsson, í samningi þessum nefndir kaupendur, gerum með oss svohljóðandi samning um kaup á hlutabréfum Ísfélags Keflavíkur:

KAUPSAMNINGUR

1. Seljendur lofa að selja kaupendum hlutabréf sín í Ísfélagi Keflavíkur h/f, eins og nánar greinir hér á eftir:

2. Verð hins selda skal vera í samræmi við efnahagsreikning, dagsettan 17. marz 1964, en niðurstöðutölur hans eru kr. 9.652.973.95, enda yfirtaka kaupendur eignir og skuldir fyrirtækisins, sem nema framangreindri fjárhæð, þar á meðal kaup á hlutabréfum á nafnverði, kr. 22.000.00, er greiðast núverandi eigendum.

3. Í yfirtöku skulda felst, að kaupendur taka m. a. að sér að semja um að greiða skuld fyrirtækisins við Póst- og símamálastjórnina, að fjárhæð ca. kr. 2.659.000.00 ásamt vöxtum og öðrum kostnaði af þeirri skuld, þar á meðal innheimtulaunum.

4. Í yfirtöku skulda felst sömuleiðis að semja um og greiða skuld við Messrs. Anthony Gibbs Ltd., London, að fjárhæð kr. 2.168.350.00 (£ 18.000), ásamt vöxtum og kostnaði, og semja við Brekkes Ltd. og Pétur Einarsson í samræmi við samninga við þá aðila, þ. e. við Brekkes Ltd. vegna sölusamnings fyrir framleiðslu ársins 1964, og við Pétur Einarsson, vegna umboðslauna, er hann kynni að eiga kröfu til vegna sölusamningsins við Brekkes Ltd.

5. Kaupendur lofa að losa seljendur með samningum við skuldheimtumenn fyrirtækisins úr persónulegum ábyrgðum og veðum vegna skulda fyrirtækisins. Ef fjárnám eða lögbald verður gert í persónulegum eignum seljenda vegna einhverra hinna yfirteknu skulda Ísfélags Keflavíkur h/f á tímabilinu fram að 25. maí 1964, er samningur þessi þegar úr gildi fallinn.

6. Kaupendur lofa enn fremur að yfirtaka Kassagerð Suðurnesja h/f og Prentsmiðju Suðurnesja h/f samkvæmt efnahagsreikningi þeirra fyrirtækja til dagsins í dag, þó þannig, að kaupverð þeirra fyrirtækja fari ekki fram úr kr. 850.000.00, allt eftir nánara samkomulagi, en kaupendur lofa að losa seljendur undan persónulegum ábyrgðum vegna þeirra fyrirtækja, er nema ca. kr. 200.000.00.

Sem greiðslu á kaupverði þeirra fyrirtækja taka kaupendur að sér að semja um og greiða skuld við Messrs. Clark Built Williams Ldt. fyrir frystitæki, sem koma ekki fram á efnahagsreikningi Ísfélags Keflavíkur h/f, dags. 17. marz 1964, og losa seljendur undan persónulegum ábyrgðum og veðsetningum í því sambandi. Skal þetta gert fyrir 25. maí 1964.

Hugsanlegur mismunur á kaupverðinu og hinni yfirteknu skuld skal gerður upp sérstaklega eftir nánara samkomulagi.

7. Seljendur skuldbinda sig til að greiða alla áfallna reikninga, sem kunna að hafa gleymzt við uppgjör án innkallana, sé til skuldarinnar stofnað fyrir 13. febrúar 1964, en kaupendur skuldbinda sig til að greiða allar skuldir, er til hefur verið stofnað frá og með sama degi að telja, þar á meðal kostnað við að ganga frá lánum við Framkvæmdabanka Íslands og Fiskimálasjóð, er féllu í gjalddaga hinn 28. febrúar 1964, svo og alla áfallna vexti og opinber gjöld, er á kunna að verða lögð vegna rekstursins fram til dagsins í dag.

8. Kaupendur taka að sér greiðslur launa til fastráðinna starfsmanna frá og með 13. febrúar 1964, að undanteknum þeim Albert K. Sanders og Aðalsteini Sigurðssyni.

9. Trésmíðaherbergi Aðalsteins Sigurðssonar í húsi fyrirtækisins verður rýmt með viku fyrirvara frá undirritun þessa samnings.

10. Tryggingariðgjöld vegna Ísfélags Keflavíkur h/f eftir 13. febrúar 1964 greiðast af kaupendum, miðað við gjalddaga iðgjalda.

11. Við undirskrift samnings þessa skal ákveðið, hvort endurskoðunarskrifstofa Þorgeirs Sigurðssonar og Verzlunin Kyndill verða áfram í húsnæði Ísfélags Keflavíkur h/f eða eigi, enda skal gerður leigusamningur sama dag, ef þessir aðilar verða áfram í húsnæðinu.

12. Undanskilið við sölu eru afgreiðsluborð og lausar innréttingar í verzlunarhúsnæðinu, er tilheyra verzluninni Kyndli h/f.

13. Ef kaupsamningur þessi af einhverjum ástæðum eigi verður endanlega bindandi fyrir seljendur hinn 25. maí 1964, skulu kaupendur greiða seljendum leigu fyrir afnot af eignum fyrirtækisins frá deginum í dag til þess tíma. Skal gerður um þetta sérstakur leigusamningur, er undirrita skal á sama degi og þenna samning, en sá leigusamningur kemur eigi til framkvæmda, ef af endanlegum kaupum verður.

14. Engar frekari veðsetningar, aðrar en fram koma á nefndum efnahags og rekstrarreikningi, nema til tryggingar þeim

skuldum, er ófrágengið er nú, skulu heimilaðar nema í samráði við og með samþykki lögfræðinga seljenda á tímabilinu fram til 25. maí 1964. Ríkistryggð bréf, er kunna að fást út á eignir Ísfélagsins, skulu eingöngu notuð til greiðslu á skuld við Póst- og símamálastjórnina, og skal óheimilt að ráðstafa þeim á annan hátt nema með samþykki lögfræðinga seljenda.

15. Aðilar hafa komið sér saman um, að á tímabilinu fram til 25. maí 1964 skuli Þorgeir Sigurðsson, endurskoðandi, Keflavík, einn hafa prókúru fyrir Ísfélag Keflavíkur h/f.

16. Um útborganir af hálfu kaupenda til seljenda er samkvæmt framanskráðu ekki að ræða. Greiðslu fyrir hlutabréf og tryggingariðgjöld, sem greidd kunna að hafa verið fyrirfram, verður samið um við yfirtöku Kassagerðar Suðurnesja h/f og Prentsmiðju Suðurnesja h/f svo og reikninga, er seljendur kunna að hafa greitt, en kaupendur hefðu átt að greiða samkvæmt efnahags- og rekstrarreikningi Ísfélags Keflavíkur h/f, sem að framan er vísað til.

17. Skilyrði fyrir því, að samkomulag þetta sé endanlega bindandi fyrir seljendur, er, að samningar um skuldir við framangreinda skuldheimtumenn og lausn seljenda frá persónulegum ábyrgðum og veðsetningum hafi tekizt eigi síðar en 25. maí 1964.

18. Rísi mál út af samningi þessum má reka það fyrir bæjarþingi Keflavíkur án atbeina sáttamanna.

19. Samningur þessi er gerður í 2 samhljóða eintökum og halda seljendur öðru og kaupendur hinu".

Stefndu tóku við eignum Ísfélags Keflavíkur h/f, sem aðallega voru hraðfrystihús ásamt tilheyrandi vélum og áhöldum. Hófu þeir rekstur hraðfrystihússins.

Hinn 14. apríl 1964 var haldinn aukaaðalfundur í Ísfélagi Keflavíkur h/f. Voru þá mættir allir hinir nýju hluthafar í hlutafélaginu, sem voru þá orðnir þessir: Jón Sveinsson, Birgir Þorvaldsson, Einar Karl Magnússon, Guðrún Einarsdóttir og Jórunn Rósmundsdóttir. Á fundi þessum voru þeir Jón Sveinsson, Birgir Þorvaldsson og Einar Karl Magnússon kosnir í stjórn félagsins. Var stjórninni falið á fundi þessum að sjá um tilkynningar til firmaskrár Keflavíkur. Tilkynning til firmaskrár Keflavíkur er dagsett 14. apríl 1964.

Eftir stuttan rekstur komst Ísfélag Keflavíkur h/f í greiðsluvanskil. Stefndu sömdu hvorki við póst- og símamálastjórnina um greiðslu á þeirri skuld, sem getið er í 3. lið kaupsamningsins hér

að framan, né heldur við fyrirtækið Messrs. Anthony Gibbs Ltd., London, um greiðslu á skuld þeirri, sem getið er um í 4. lið nefnds kaupsamnings. Á nauðungaruppboði 21. október 1964 var frystihús Ísfélags Keflavíkur h/f selt ásamt tækjum. Póst- og símamálastjórnin var hæstbjóðandi í eignir þessar og fékk þær útlagðar sem ófullnægður veðhafi á uppboðsþingi 27. október 1964. Í útlagningargerðinni er talið, að eftirstöðvar kröfu póst- og símamálastjórnarinnar á hendur Ísfélagi Keflavíkur h/f nemi kr. 948.392.02 og að upp í kröfu Anthony Gibbs Ltd., kr. 2.168.350.00, hafi engin greiðsla komið við uppboðið. Bú Ísfélags Keflavíkur h/f var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 11. desember 1964, en skiptum er enn eigi lokið.

Stefnendur töldu, að stefndu bæri að standa sér skil á eftirstöðvum kröfu póst- og símamálastjórnarinnar á hendur Ísfélagi Keflavíkur h/f, kr. 948.392.02, svo og á kröfu Anthony Gibbs Ltd., kr. 2.168.350.00. Samtals nema þessar fjárhæðir kr. 3.116.742.02. Hinn 26. apríl 1965 gáfu stefnendur út stefnu á hendur stefndu til greiðslu in solidum á nefndri fjárhæð ásamt vöxtum og kostnaði. Var mál þetta þingfest á bæjarþingi Keflavíkur 7. maí 1965. Dómur í því máli var uppkveðinn á bæjarþingi Keflavíkur 31. október 1967. Í þeim dómi eru stefndu sýknaðir af kröfum stefnenda.

Dómi þessum vildu stefnendur eigi una og áfrýjuðu honum til Hæstaréttar. Stefndu gagnáfrýjuðu undirréttardóminum til staðfestingar og kröfðust greiðslu málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í Hæstarétti gekk dómur í málinu hinn 15. maí 1968, og urðu málsúrslit þar á sömu lund og í undirrétti. Í forsendum Hæstaréttardómsins segir m. a. svo: „Samkvæmt ákvæðum 3. og 4. greinar kaupsamnings aðilja frá 31. marz 1964 skulu gagnáfrýjendur „semja um og greiða“ skuldir Ísfélags Keflavíkur h/f við póst- og símamálastjórnina og Anthony Gibbs & Sons Ltd. Hins vegar er þar ekki áskilið, að gagnáfrýjendur skuli greiða aðaláfrýjendum fé, ef eigi verði staðið í skilum við þessa kröfuhafa, og engin gögn hafa komið fram í málinu um, að aðaláfrýjendur hafi greitt skuldir þessar að meira eða minna leyti. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber aðaláfrýjendum að greiða gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilegur kr. 40.000.00“.

Stefndu hvorki sömdu um né greiddu skuld þá við firmað

Anthony Gibbs & Sons Ltd., sem um getur í 4. lið kaupsamningsins hér að framan. Kveðast stefnendur því hafa hafið samninga við firma þetta. Leiddu þeir samningar til þess, að lögmaður stefnenda, Áki Jakobsson hæstaréttarlögmaður, greiddi umboðsmanni Anthony Gibbs & Sons Ltd., Einari Baldvin Guðmundssyni hæstaréttarlögmanni, fjárhæð þá, sem um er stefnt í máli þessu. Kvittun fyrir greiðslu þessari er dagsett 15. maí 1965 og hljóðar svo:

„Krafa Anthony Gibbs & Sons, Ltd., London, á hendur Ísfélagi Keflavíkur h/f £ 18.000-0-0, að frádregnum kr. 86.560.00, samkvæmt 3 víxlum, hverjum að fjárhæð £ 6.000-0-0 með gjalddögum 29. febr., 31. marz og 30. apríl 1964 og sama krafa skv. víxli að fjárhæð kr. 2.168.350.00, útgefnum af Pétri Einarssyni á hendur Ísfélagi Keflavíkur h/f og samþykktum af félaginu með gjalddaga 1. nóvember 1964, tryggðum samkvæmt tryggingarbréfi, útgefnu 20. júní 1964, með 10. veðrétti í fasteignum Ísfélags Keflavíkur h/f í Keflavík, en með 13. veðrétti samkvæmt veðbókarvottorði bæjarfógetaskrifstofunnar í Keflavík, dags. 14. okt. 1964.

Hrl. Áki Jakobsson hefir í dag greitt mér undirrituðum, f. h. Anthony Gibbs & Sons, Ltd., kr. 581.050.10, að viðbættum kr. 40.000.00 upp í kostnað, eða samtals kr. 621.050.10, til fullrar og endanlegrar lúkningar á ofangreindri kröfu. Fær greiðandi kröfunnar þann rétt, er greiðsla hennar veitir honum lögum samkvæmt. Fari svo að riftunarmál, er höfðuð kunna að verða af þrotabúi Ísfélags Keflavíkur h/f eða einstökum kröfuhöfum búsins, leiði til þess, að greitt verði meira af kröfunni en kr. 621.050,10, skal það, sem umfram greiðist, falla til Anthony Gibbs & Sons, Ltd.“.

Stefndu styðja frávísunarkröfu sína þeim rökum, að sakarefni máls þessa sé þegar dæmt með dómi bæjarþings Keflavíkur 31. október 1967 og dómi Hæstaréttar 15. maí 1968 milli málsaðilja þessa máls. Telja stefndu, að sakarefnið verði ekki aftur borið upp til úrlausnar fyrir hliðsettum dómstóli. Sakarefnið sé þegar res judicata. Niðurlag fyrrgreindra dóma segi til um það, um hvað þeir séu bindandi úrslit sakarefnis. Þeir séu án vafa sýknudómar, þ. e. að stefndu séu sýknaðir af greiðslu kröfu stefnenda. Sérstaklega vekja stefndu athygli á því, að fyrra málið milli aðiljanna hafi verið höfðað fyrir bæjarþingi Keflavíkur 7. maí 1965. Þann 15. maí 1965 virðast stefnendur hafa greitt hina umstefndu skuld að hluta gegn fullnaðarkvittun. Þrátt fyrir það

séu engin gögn lögð fram í fyrra málinu um þetta atriði. Heldur séu stefndu krafðir um alla fjárhæðina, þ. e. £ 18.000-0-0. Það sé því eingöngu sök stefnenda, að gögn um þetta atriði komu eigi fram í hinu fyrra máli. Geti stefnendur því eigi höfðað nýtt mál á hendur stefndu á grundvelli þessara gagna, þar sem þeim hefði borið að koma þeim að í hinu fyrra málinu, ef þeir hefðu ætlazt til þess, að til þeirra yrði tekið tillit sem málsástæðu.

Stefnendur krefjast þess, að frávísunarkröfu stefndu verði hrundið. Rökstyðja þeir þá kröfu sína með því, að málsgrundvöllurinn í fyrra og síðara málinu sé ólíkur. Í fyrra málinu hafi verið krafið um greiðslu samkvæmt 4. og 5. lið í framangreindum kaupsamningi málsaðiljanna frá 31. marz 1964. Í þessu máli sé hins vegar krafið um endurgreiðslu á því fé, sem stefnendur hafa innt af hendi upp í kröfu firmans Anthony Gibbs & Sons Ltd. að fjárhæð kr. 621.050.10. Ekki hafi verið unnt að bera fram þessa kröfu, fyrr en Hæstaréttardómur um gildi fyrrgreinds kaupsamnings hafi verið genginn í máli aðiljanna fyrir Hæstarétti. Það hafi verið 15. maí 1968. Þá fyrst hafi verið unnt að bera fram þá kröfu, sem stefnendur hafa nú uppi á hendur stefndu.

Svo sem áður getur, var fyrra málið milli sömu málsaðilja þingfest fyrir bæjarþingi Keflavíkur 7. maí 1965. Hinn 15. maí 1965 greiðir lögmaður stefnenda, Áki Jakobsson hæstaréttarlögmaður, umboðsmanni Anthony Gibbs & Sons Ltd., Einari B. Guðmundssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 621.050.10 „til fullrar og endanlegrar lúkningar á“ kröfu Anthony Gibbs & Sons Ltd. á hendur Ísfélagi Keflavíkur h/f.

Dómur í máli aðiljanna var kveðinn upp 31. október 1967 á bæjarþingi Keflavíkur, en í Hæstarétti 15. maí 1968. Hvorki fyrir bæjarþingi Keflavíkur né fyrir Hæstarétti var sú málsástæða borin fram af hálfu stefnenda, að þeir hefðu þegar greitt firmanu Anthony Gibbs & Sons Ltd., svo sem að ofan getur. Gáfu þó varnir stefndu í fyrra málinu stefnendum tilefni til þess, því að í greinargerð stefndu í því máli sagði m. a. svo: „Meðan sóknaraðiljar hafa ekki greitt skuldir þessar (þ. e. við Anthony Gibbs & Sons Ltd. og póst- og símamálastjórnina, innskot dómara), þá geta þeir að sjálfsögðu ekki heldur krafið umbj. m. Sóknaraðiljar hafa ekki orðið fyrir neinu tjóni í þessu sambandi. Þegar af þessari ástæðu er ekki um neinar fjárkröfur að ræða, sem sóknaraðiljar eiga á hendur umbj. m. Leiðir þetta réttaratriði að sjálfsögðu til sýknu umbj. m.“.

Úr því að stefnendur gátu í fyrra málinu komið að málsástæðu

þeirri, er þeir nú byggja á í þessu máli, og var jafnframt gefið sérstakt tilefni til þess af hálfu stefndu, verður að fallast á það með þeim, að stefnendur geti eigi nú höfðað nýtt mál á hendur stefndu á grundvelli málsástæðu, sem þeir vel máttu koma að í fyrra málinu, en gerðu eigi. Ber því samkvæmt reglunum um res judicata að vísa þessu máli frá dómi ex officio, sbr. 2. mgr. 196. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936.

Samkvæmt þessum málsúrslitum verða stefnendur dæmdir in solidum til að greiða stefndu málskostnað. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 25.000.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio. Stefnendur, Áki Gränz og Jósafat Arngrímsson, greiði stefndu, Birgi Þorvaldssyni og Jóni Sveinssyni, in solidum kr. 25.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. maí 1969.

Nr. 88/1969. **Eyjólfur Bjarnason**
gegn
Hellugleri h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Málskostnaðartrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 21. gr., 1, g, laga nr. 57/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. apríl 1969, er barst dóminum 9. maí 1969. Krefst sóknaraðili þess, að varnaraðilja verði dæmt að setja tryggingu, kr. 187.000.00 eða lægri fjárhæð samkvæmt mati dómsins, fyrir hugsanlegum málskostnaði sóknaraðilja í bæjarþingsmálinu nr. 689/1968: Hellugler h/f gegn Eyjólfi Bjarnasyn og gagn-

sök. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Eyjólfur Bjarnason, greiði varnaraðilja, Hellugleri h/f, kærumálskostnað, kr. 5.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 14. apríl 1969.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 10. þ. m., hefur Ingvar S. Ingvarsson forstjóri, Ísafirði, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur f. h. Fjöliðjunnar h/f, Hellu á Rangárvöllum, með stefnu, birtri 26. apríl 1968, gegn Eyjólfi Bjarnasyni rafvirkjameistara, Háaleitisbraut 30 hér í borg.

Eftir að mál þetta var höfðað, hefur stefnandi breytt um nafn, og heitir félagið nú Hellugler h/f.

Í stefnu hefur aðalstefnandi gert svofellda grein fyrir kröfum sínum:

„1) Félagið Fjöliðjan h/f, Hellu, var stofnað 25. okt. 1967. Voru þau kjörin í stjórn félagsins Sigurlaug M. Jónsdóttir, frú, Engjavegi 15 á Ísafirði, Ingvar S. Ingvarsson, forstjóri, s. st., og Eyjólfur Bjarnason, Háaleitisbraut 30 í Reykjavík, enda er Sigurlaug M. Jónsdóttir formaður. Varastjórnendur eru Sigurbjörn Ólafsson, Skeiðarvogi 141 í Reykjavík, og Hrefna Ingvarsdóttir, frú, s. st. Samkvæmt 2. mgr. 10. gr. í stofnsamningi félagsins er Ingvar S. Ingvarsson „ráðinn forstjóri félagsins til lífstíðar og verður honum fyrir engar sakir sagt upp því starfi hjá félaginu eða sviptur launum". Þá hefur hann og prókúru fyrir félagið. Enn var 29. nóv. 1967 stefndum Eyjólfi Bjarnasyni veitt prókúruumboð fyrir félagið, og var hann ráðinn framkvæmdastjóri.

Hinn 4. marz 1968 afréð meiri hluti félagsstjórnar ásamt vara-

stjórnendum að segja upp frá og með þeim degi stefndum Eyjólfi Bjarnasyni störfum hjá félaginu. Reit stjórnin honum þar um sem hér segir:

„Hér með er yður sagt upp frá og með þessum degi öllum störfum fyrir hlutafélag voru, FJÖLIÐJUNA H/F, HELLU, og fyrir útibú félagsins í Reykjavík, enda hafið þér upp þaðan ekkert umboð til að skuldbinda félagið né til neins konar ráðstafana eða athafna fyrir það. Laun verða yður ekki goldin eptir þenna tíma, enda teljum vér yður hafa fyrirgert öllum kröfum þar um á hendur félaginu. Hins vegar lýsir félagið ábyrgð á hendur yður og geymir sér rétt til bóta fyrir tjón það, sem þér kunnið að hafa valdið oss.

Með tilvísun til þess, er nú var ritað krefjumst vér þess, að þér tafarlaust skilið oss

1) öllum skjölum félagsins, þeim er enn eru í yðar vörzlum, bókum, bókhaldsgögnum og fylgiskjölum, tékkheptum, notuðum og ónotuðum, og öðrum skjölum, að engu undanskildu,
2) öllum lyklum, þar á meðal að húsnæði voru, bíl, pósthólfi og öðrum geymslum,
3) öllum öðrum eignum félagsins, þar á meðal víxlum og tékkum, þeim er þér hafið í yðar vörzlum, og öðrum eignum hverju nafni sem nefnast".

Í fyrstu tregðaðist stefndur við að skila skjölum og öðrum eignum félagsins, þeim er nú var getið. Höfðaði stefnandi þá mál gegn honum fyrir fógetarétti Reykjavíkur 6. marz 1968 og krafðist þess, að fógeti tæki af stefndum umrædd skjöl og eignir og setti stefnanda inn í vörzlur þeirra. Eptir all-mikið þras fyrir fógetarétti skilaði stefndur hinum helztu skjölum félagsins og öðrum mikilvægum eignum þess, þeim er nú var getið. Eigi gerði stefndur nein reikningsskil og eigi skilaði hann bókhaldi, nema mjög ófullkomnu. Neyddist stefnandi til að fá endurskoðendur til að koma í aðgengilegt horf bókhaldi félagsins. Gerði það Jarl Jónsson, lögg. endurskoðandi. Kom nú í ljós það, sem félagsstjórnina grunaði, að mjög mikil óreiða var á fjárhaldi stefnds fyrir félagið, enda reyndist hann skulda því mikið fé. Gerir Jarl Jónsson grein fyrir efninu í skýrslu til hrl. Gústafs A. Sveinssonar, dags. 1. apríl 1968. Þar segir svo:

„Eftir ósk hr. Ingvars S. Ingvarssonar, framkvæmdastjóra Fjöliðjunnar h.f., Hellu, hefi ég endurskoðað fylgiskjöl og reikningshald Eyjólfs Bjarnasonar yfir fjárreiður hans hjá Fjöliðjunni h.f., Hellu (og Reykjavík).

Þetta tímabil mun vera frá ca. 9. nóvember 1967, en þá er opnaður hlr. nr. 88 við Búnaðarbanka Íslands á Hellu og til ca. 1. marz 1968, en þá eru dagsett síðustu fylgiskjölin.

Í hendur mér voru lögð fylgiskjöl samkvæmt tveim upptalningum fulltrúa borgarfógetans í Reykjavík, dagsettum 9. marz 1968. Önnur yfir fylgiskjöl nr. 1—234, hin yfir fylgiskjöl nr. 1—70. Ýmis af þessum skjölum eru þó ekki bókhaldsfylgiskjöl. Ennfremur dálkadagbók með færzlum á opnu 2 og 3 (vegna 1967) og 7, 8 og 9 vegna 1968.

Þar sem fjölmargar athugasemdir og leiðréttingar hefði þurft að gera við færzlur í dálkabókina, tók ég það ráð að færa bókhaldið upp á nýtt.

Það skal tekið fram, að bókhald það, er eg hefi fært upp, er ekki bókhald Fjöliðjunnar h.f., Hellu, í heild, heldur fyrst og fremst það, er snert hefur fjárreiður Eyjólfs Bjarnasonar hjá fyrirtækinu.

Niðurstöður bókhaldsins eru:

Neikn. nr.		*Debet*		*Kredit:*
101 Sjóður Eyjólfur Bjarnason .	kr.	188.395.85		
212 Viðsk.reikn. Eyjólfs Bjarnas.	—	67.801.00		
110 Ófullkomin greiðslufskj., önnur en launafskj.	—	15.473.04		
115 Ófullkomin launafylgiskjöl .	—	362.230.50		
210 Óskýrðar innborganir			kr.	60.000.00
102 Sjóður Gunnar Ingvarsson ..			—	5.000.00
104 Geymslufé, Olíufél. Skelj. ..	—	1.000.00		
201 Hlr. 88, Búnaðarb. Ísl., Hellu			—	783.381.28
202 Hlr. 1728, Iðnaðarb. Ísl., R. .	—	9.10		
211 Gr. víx. Híbýlaprýði	—	5.206.00		
211 Samþ. víx. Trésm. Víðir h.f.			—	16.677.00
212 Samþ. víx. Búnaðarb. Ísl., Hellu			—	175.000.00
212 Viðsk.reikn. Kf. Þór, Hellu .			—	99.348.90
212 Afborgunarsamn. Fönix, O. Kornerup-Hansen s.f.			—	2.280.00
212 Viðsk.reikn. Ingvar S. Ingv. .	—	79.881.00		
215 Viðsk.reikn. Fjöliðjan, Ísaf. .	—	34.668.90		
291 Innb. hlutafé Eyj. Bjarnas. ..			—	20.000.00
120 Áhöld	—	51.407.77		

150	Stofnkostnaður	kr.	162.537.70	
300	Hráefni	—	680.856.75	
310	Vinnulaun gr. af Búnaðarb.	—	222.776.50	
320	Kostnaður	—	100.363.07	
400	Tekjur			kr. 863.430.00
			Kr. 2.029.947.18	Kr. 2.029.947.18

Bókhaldið er fært í vél. Því miður er ekki texti í ritmáli á vélinni. Á sumum ofangreindra reikninga hefi ég þó handskrifað texta til glöggvunar, svo sem á sjóðreikning Eyjólfs Bjarnasonar (101), viðskiptareikning sama (212) og reikninga, sem ófullkomin fylgiskjöl eru færð á (110, 115 og 210).

Í vélskrifuðum texta bókhaldsins er fyrst tékk nr., þar sem það á við nr. mótreiknings. Í fylgiskjaladálk er fyrst færzlunúmer mitt í áframhaldandi röð, og seinni hlutinn (3 tölustafir) er nr. fylgiskjala samkvæmt skráningu fulltrúa borgarfógetans. Þar sem sú skráning er í tvennu lagi, er önnur skráningin auðkennd með 2 í fyrsta sæti. Fylgiskjal 1 úr fyrri skráningu er auðkennt 001, en fylgiskjal 1 úr seinni skráningu 201.

Fylgiskjöl, sem auðkennd eru frá 801 og áfram, eru færzlur á upphæðum, sem ávísað hefir verið á á hlaupareikninga fyrirtækisins, en fylgiskjöl eru *ekki* fyrir hendi. Þessar upphæðir eru færðar samkvæmt „stubbum" tékkheftanna og færðar í sjóð Eyjólfs Bjarnasonar. Heimildir fyrir handskrifuðum texta eru í þessu tilviki „stubbar" tékkheftanna.

Með því að raða fylgiskjölum upp eftir dagsetningum, eftir því sem hægt hefir verið, og athuga síðan, hvort ávísað hefir verið á hlaupareikninga félagsins fyrir viðkomandi upphæð, hef ég komist að raun um, hvað af fylgiskjölunum hefir verið greitt úr tékkheftum fyrirtækisins.

Þau fylgiskjöl, sem þannig hefir verið ávísað á fyrir sömu upphæð, hef ég fært á viðkomandi gjaldaliði og kredit á hlaupareikninga, þ. e. a. s. færslan hefir ekki komið að neinu leyti á sjóðreikning Eyjólfs Bjarnasonar. Þau fylgiskjöl, sem mér hefir ekki tekizt að rekja greiðslu á á ofangreindan hátt, og einnig þær ávísanir, sem ekki hefir verið tilsvarandi fylgiskjöl fyrir hendi, hef ég hinsvegar fært yfir sjóðreikning Eyjólfs.

Þeir reikningar, sem hér koma einna helzt máli við sögu, eru:

101 Sjóðreikningur Eyjólfs Bjarnasonar,

212 Viðskiptareikningur Eyjólfs Bjarnasonar,
110 Ófullkomin greiðslufylgiskjöl, önnur en launafylgiskj.,
115 Ófullkomin launafylgiskjöl,
210 Óskýrðar innborganir.

Hér á eftir mun ég leitast við að skýra þessa reikninga.

101 Sjóðreikningur Eyjólfs Bjarnasonar, kr. 188.395.85.

Ég hefi leitast við að færa eingöngu yfir sjóð þær upphæðir, sem ég hef ekki getað fundið, að greiddar væru með tékkum, þannig að reikningur er tekjufærður fyrir þeim upphæðum, er greiðslufylgiskjöl segja til um og ekki eru greidd með tékka á hlaupareikninga fyrirtækisins. Ennfremur er sjóðreikningurinn tekjufærður fyrir þeim „ófullkomnu launafylgiskjölum", sem síðar er sagt frá. Hér má að vísu rekja, að eitthvað af þessum greiðslum hafi verið, að minnsta kosti að hluta til, greitt með tékkum.

Sjóðreikningur Eyjólfs Bjarnasonar er fyrst og fremst skuldfærður fyrir þeim upphæðum, er ávísað hefir verið á hlaupareikninga fyrirtækisins, án þess að tilsvarandi fylgiskjöl séu fyrir hendi. Hér með eru taldar ávísanir til launþega samkvæmt næstu málsgrein á undan.

Ennfremur er sjóðreikningurinn skuldfærður fyrir kr. 5.000.00, sem samkvæmt upplýsingum Gunnars Ingvarssonar og af uppgjöri hans fyrir tímabil næst á undan því, er hér um ræðir, var greitt Kristni Sigurjónssyni upp í laun. Laun Kristins eru færð sjóðreikningnum til tekna í heild, sbr. áður sögðu.

Vegna ávísana, sem hafa runnið í sjóð, tel ég áberandi, hvað í sumum tilfellum er um stórar upphæðir (kr. 75.000.00 og kr. 50.000.00), sem samkvæmt texta tékkheftanna virðast hafa verið lagðar inn á persónulega hlaupareikninga Eyjólfs Bjarnasonar, t. d. hlr. 8591 í Landsbanka Íslands.

Í einstaka tilfellum er sjóðreikningurinn skuldfærður fyrir mismun á ákveðnum tékkum og viðkomandi fylgiskjali. Nokkrum sinnum eru færzlur annað hvort til gjalda eða tekna, en mótfærzlur síðar, þannig að jöfnuður er á. Er þetta auðkennt á reikningnum.

Að lokum er reikningurinn tekjufærður fyrir launum og bifreiðastyrk Eyjólfs Bjarnasonar, samtals kr. 79.000.00. Ingvar S. Ingvarsson hefir ekki viljað viðurkenna þau fylgiskjöl, er Eyjólfur Bjarnason hefir gefið fyrir sínum launum og bifreiðakostnaði, en hinsvegar samþykkt að færa honum til tekna eftirfarandi:

Laun fyrir nóvember	kr. 10.000.00
Laun fyrir desember, janúar og febrúar, kr. 20.000.00 pr. mánuð	— 60.000.00
Bifreiðastyrk fyrir desember, janúar og febrúar, kr. 3.000.00 pr. mánuð	— 9.000.00
	Kr. 79.000.00

Gegn mótmælum Ingvars S. Ingvarssonar hefi ég ekki talið mér fært að taka til greina þau fylgiskjöl, sem Eyjólfur Bjarnason hefir gefið fyrir launum sínum og bílakostnaði, en þau eru:

Nr. samkvæmt skráningu borgarfógetans:	
Nr. 69, bílkostnaður 1/11—31/12, kr. 5.000.00 pr. mán.	kr. 10.000.00
— 70, bílkostnaður 1/7—31/10, kr. 1.000.00 pr. mán.	— 4.000.00
— 179, bílkostnaður 1/1—29/2, kr. 5.000.00 pr. mán.	— 10.000.00
— 180, vinnulaun 1/11 1967—31/3 1968, kr. 35.000.00 pr. mán.	— 175.000.00
— 183, hluti, laun 1/7—31/10 1967	— 100.000.00

Enn fremur hef ég ekki talið mér fært að taka til greina sem greiðsluviðurkenningu fylgiskjal nr. 183, sem auk áður nefndra launa E. B., kr. 100.000.00, er upptalning Eyjólfs Bjarnasonar á ýmsum greiðslum. Sumt af þessum greiðslum er þegar fært samkvæmt upprunalegum greiðslufylgiskjölum. Ég tel ekki eðlilegt að taka upptalningu sem þessa sem heimild fyrir greiðslum í þágu fyrirtækisins.

212 Viðskiptareikningur Eyjólfs Bjarnasonar, kr. 67.801.00.

Á þennan reikning er í fyrsta lagi fært hlutafjárloforð Eyjólfs Bjarnasonar, kr. 20.000.00. Samkvæmt upplýsingum Ingvars S. Ingvarssonar hefir E. B. átt að standa skil á hlutafjárloforði sínu inn á bankareikning félagsins. Þar sem engin heimild er fyrir greiðslu hlutafjárloforðsins, er það skuldfært á viðskiptareikning E. B.

Að öðru leyti eru færðar upphæðir, sem ég tel persónuleg gjöld Eyjólfs Bjarnasonar og fylgiskjöl eru fyrir hendi í bókhaldinu. Er hér aðallega um að ræða kostnað við bifreið E. B., R 22482, símkostnað o. fl. Þar sem Eyjólfur fær bifreiðastyrk, tel ég óeðlilegt, að kostnaður við eigin bifreið E. B. komi til gjalda hjá fyrirtækinu.

Ennfremur eru færð hér til gjalda laun Bjarna Jarlssonar, rafvirkjanema Eyjólfs, kr. 8.640.00 og kr. 3.000.00. Ingvar S. Ingvarsson hefir neitað, að greiðsla á launum til Bjarna sé í þágu Fjöliðjunnar, og talið, að þau séu eingöngu viðkomandi rekstri Eyjólfs sjálfs.

110 Ófullkomin greiðslufylgiskjöl, önnur en launafylgiskjöl, kr. 15.473.04.

Þessi upphæð samanstendur af eftirfarandi upphæðum:

1. Rafmagn og hiti, *kr. 7.596.54.*

Vegna athugasemdar Ingvars S. Ingvarssonar á hluta af viðkomandi fylgiskjali, þ. e. reikning fyrir hita að upphæð kr. 5.604.50 fyrir tímabilið frá 1/1 til 26/6 1967, en Ingvar telur sig hafa lagt fyrir Eyjólf Bjarnason að greiða ekki þennan reikning. Er fylgiskjalið í heild fært hér til nánari athugunar.

Hitakostnaður að upphæð kr. 5.604.50 fyrir tæpan 1 mánuð er vægast sagt óeðlilegur. Ég tel þó álitamál, hvort Eyjólfur verði talinn ábyrgur fyrir þessari upphæð, m. a. með hliðsjón af, hvort ekki fengist leiðrétting hjá Hitaveitunni.

2. Eiríkur Davíðsson, glerísetning, kr. 6.240.00, 2 nótur kr. 886.50, samtals *kr. 7.126.50.*

Ingvar S. Ingvarsson vill ekki taka þennan kostnað til greina nema með frekari skýringum, svo sem hvar glerið var sett í og hvers vegna. Það gæti ekki talist eðlilegur kostnaður fyrirtækisins sem framleiðanda að kosta ísetningu glers nema gegn sérstöku endurgjaldi eða vegna ábyrgðar á vörunni.

3. „10/1 Bjarni, ferð austur, leigubíl *kr. 500.00*".

Þessi texti og upphæð er skrifað neðanmáls á færzluskjali nr. 93, fylgiskjali nr. 72. Þennan sama dag er fylgiskjal fyrir greiðslu á akstri í leigubíl frá Selfossi til Hellu, kr. 530.00, færzluskjal nr. 94, fylgiskjal nr. 121. Umrætt „fylgiskjal" verður að teljast mjög ófullkomið og tæplega hægt að taka gilt sem sönnun fyrir greiðslu.

4. Bréfaskrift á ensku, *kr. 250.00.*

Ingvar S. Ingvarsson telur sér ekki vera kunnugt um neitt bréf, er Eyjólfur hafi látið skrifa á ensku í þágu fyrirtækisins, og því sé Eyjólfur ábyrgur fyrir þessari upphæð nema að fengnum nánari skýringum.

115 Ófullkomin launafylgiskjöl, kr. 362.230.50.

Laun virðast hafa verið greidd á tvennan hátt. Í fyrsta lagi hafi Búnaðarbankinn á Hellu greitt í reikning viðkomandi launþega ákveðnar upphæðir og gefið kvittun þar fyrir. Ég tel ekki ástæðu til að gera sérstakar athugasemdir, enda þótt ekki komi

fram á kvittunum, að um laun sé að ræða, og því síður fyrir hvaða tímabil. Þessi laun eru gjaldfærð á vinnulaunareikning.

Í öðru lagi hafa laun verið greidd af Eyjólfi Bjarnasyni. „Kvittanir" fyrir þessum greiðslum eru oft óundirritaðar. Þessar „kvittanir" hafa þó verið færðar sjóði Eyjólfs til tekna samkvæmt ósk Ingvars S. Ingvarssonar og gjaldfærðar á „ófullkomin fylgiskjöl", að undanteknum launakvittunum frá Bjarna Jarlssyni, rafvirkjanema Eyjólfs Bjarnasonar, sem Ingvar samþykkir ekki sem launakostnað Fjöliðjunnar h.f. Laun Bjarna eru skuldfærð á viðskiptareikning Eyjólfs Bjarnasonar.

Þær launakvittanir, sem óundirritaðar eru, tel ég, að útbúnar séu allar á sama tíma. Þær eru allar dagsettar 31. des. 1967, að tveim undanteknum, sem dagsettar eru „jan 1968". Þessi fylgiskjöl virðast eiga að vera launakvittanir fyrir mánuðina október, nóvember og desember 1967 og í einu tilviki einnig fyrir janúar 1968.

Í þrem tilvikum tel ég, að í ofangreindum heildarkvittunum hafi verið meðtalin laun, sem áður hafði verið kvittað fyrir, þ.e.:

1. Færzla nr. 29, fskj. 27, 2/12 1967, greitt Þorgrími Guðnasyni upp í laun, kr. 1.000.00.

2. Færzla nr. 31, fskj. 30, 12/12 1967, greitt Ingibjörgu Sigurgeirsdóttur upp í laun, kr. 2.000.00.

3. Færzla nr. 224 (fært í sjóð E. B. úr sjóði Gunnars Ingvarssonar) 19/10 1967, greitt Kristni Sigurjónssyni upp í laun, kr. 5.000.00.

Þar sem fylgiskjölum fyrir launum, er Eyjólfur Bjarnason hefur greitt, er að mörgu leyti ábótavant og jafnvel tortryggileg, hefi ég fært þau í heild á „ófullkomin launafylgiskjöl".

Að lokum hefi ég ennfremur fært á þennan reikning laun og bifreiðakostnað Eyjólfs sjálfs, sbr. fyrri sundurliðun.

210 Óskýrðar innborganir, kr. 60.000.00.

Hér er um að ræða tvær upphæðir, sem lagðar hafa verið inn á hlr. Fjöliðjunnar h.f., Hellu, nr. 88 í Búnaðarbanka Íslands, Hellu.

Þann 30/11 1967 leggur Eyjólfur Bjarnason inn kr. 50.000.00, og þann 5. janúar 1968 leggur Bjarni Jarlsson inn kr. 10.000.00. Þetta er hvorutveggja lagt inn í aðalbankanum í Reykjavík.

Á meðan annað kemur ekki í ljós, verður að álíta, að hér hafi Eyjólfur Bjarnason (og Bjarni Jarlsson) móttekið peninga fyrir hönd Fjöliðjunnar h.f. og lagt þá síðan inn á hlr. fyrirtækisins.

Að lokum vil ég taka fram, að ég hefi ekki framkvæmt neina

könnun á tekjuliðum fyrirtækisins. Gunnar Ingvarsson tjáði mér, að allir reikningar hefðu átt að afhendast Búnaðarbankanum á Hellu til innheimtu og að andvirði þeirra rynni síðan inn á hlaupareikning fyrirtækisins hjá bankanum. Gunnar hefir ekki að svo stöddu máli talið ástæðu til að gera athugasemdir þar að lútandi".

2) Enn telur stefnandi stefndan hafa valdið félaginu tjóni með ýmsri vanrækslu og annarri aðferð sinni um stjórn á félaginu eða stjórnleysi. Hefur Gunnar Ingvarsson, endurskoðandi, dregið saman nokkrar niðurstöður sínar um hér greint efni, og ritar hann þar um hrl. Gústafi A. Sveinssyni sem hér segir:

„1. Framleiðsla í verksmiðju að Hellu féll alveg niður vegna verkfallanna í rúmar 2 vikur, þrátt fyrir að ekki kom til verkfalls að Hellu. Ástæðan fyrir þessu var eingöngu sú, að Eyjólfur Bjarnason lét alveg hjá líða að hafa fyrir hendi hráefni til framleiðslunnar, þrátt fyrir að þau væru liggjandi á hafnarbakkanum í Reykjavík. Það tók okkur ½ dag að fá þau í hendur, daginn eftir að verkfalli lauk. Krafa á Eyjólf Bjarnason vegna þessa held ég eðlilega eftirfarandi:

Vegna mannakaups	kr.	92.885.80
Vegna kostnaðar v/húsnæðis	—	5.000.00
Vegna ýmislegs (áætlað)	—	9.788.60
	Kr.	107.674.40
Tap á hagnaði (áætlað)	—	20.000.00
	Samtals kr.	127.674.40

2. Í verksmiðju að Hellu voru að hálfu framleiddar pantanir v/Búlands 34 og 40. Var þetta framleitt samkvæmt skriflegum fyrirmælum Eyjólfs Bjarnasonar. Pöntun frá eigendum húsanna fannst ekki á skrifstofu Fjöliðjunnar h.f., enda neita þeir að hafa gert þessa pöntun, en þeir viðurkenna aftur á móti að hafa beðið um tilboð.

Til þess að forða algjörum skaða vegna þessa neyddumst við til að gefa 10% afslátt frá venjulegu söluverði, *kr. 6.026.70* (sjá meðf. bréf).

3. Bifreið Fjöliðjunnar h.f., sem er FORD-vörubifreið 10 tonn með hlassi, árgerð 1966, er stórlega skemmd eftir útafkeyrslu. Við höfum ástæðu til að ætla, að bifreiðarstjóri sá, er Eyjólfur Bjarnason réð til starfa, og sem stjórnaði bifreiðinni (að því er okkur er tjáð), er henni var ekið út af, hafi ekki réttindi til að

aka svo stórri bifreið, auk þess sem hann mun óvanur slíkum akstri. Téður bifreiðarstjóri er bróðir Eyjólfs, Jóhann Bjarnason. Auk framanritaðs var bifreiðin í algjörri óhirðu, er hún var tekin af Eyjólfi Bjarnasyni. Lágt áætlaður skaði á bifreiðinni myndi ég segja kr. 100.000.00, en eðlilegast væri að fá lögskipaða matsmenn til að meta þetta. Teljum við Eyjólf Bjarnason ábyrgan fyrir tjóninu".

3) Það hefur komið í ljós, að stefndur hefur 30. jan. 1968 gefið út „pr. pr. Fjöliðjan h/f, Reykjavík" víxil á hendur sjálfum honum, að upphæð kr. 40.000.00, og samþykkt til greiðslu 30. marz 1968. Téðan víxil hefur stefndur selt í Iðnaðarbanka Íslands h/f. Hefur stefndur eigi goldið víxilinn, enda krefur bankinn stefnanda um greiðslu á umræddum fjárhlut.

4) Eptir að stefndur lét af störfum í þjónustu stefnanda, hefur hann hitt að máli margan mann og afflutt mjög stefnanda, ráðstafanir hans og fjárreiður. Hefur stefndur einkum gert sér far um að lýsa slíku fyrir viðskiptamönnum stefnanda og öðrum þeim, er ætla má, að með einhverjum hætti sinni um málefni félagsins og hafi hug á þeim. Telur stefnandi örðugt að áætla tjón sitt af hérgreindu efni, en eigi getur hann haldið það nema minni upphæð en kr. 500.000.00, enda muni slíkt tjón hans raunar vera miklu meira.

Ofangreindar tölur tekur stefnandi saman sem hér segir:

a) Samkv. 1) hér á undan:			
Sjóðreikningur stefnds	kr. 188.395.85		
Viðskiptareikningur sama	— 67.801.00		
Ófullkomin fylgiskj.	— 15.473.04		
Ófullkomin launafylgiskj.	— 362.230.50		
		kr.	633.900.39
b) Samkv. 2)			
Framleiðslutjón	kr. 127.674.40		
Tjón af viðsk. Búlands	— 6.026.70		
Tján á bifreið	— 100.000.00		
		—	233.701.10
c) Samkv. 3)			
Víxilupphæð	kr. 40.000.00		
Afsögn	— 180.00		
		—	40.180.00
d) Samkv. 4)		—	500.000.00
		Samtals kr.	1.407.781.49

Vöxtu telur stefnandi sér rétt að reikna 1% fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 40.000.00 frá 30. marz 1968 til útgáfu stefnu og af allri stefnukröfunni, kr. 1.407.781.49, frá þeim degi til greiðsludags.

Fyrir bæjarþingi óskar stefnandi, að sátta verði leitað með aðiljum. Verði eigi sætzt á málið, mun stefnandi krefjast þess, að stefndur Eyjólfur Bjarnason verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1.407.781.49 með 1% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 40.000.00 frá 30. marz 1968 til útgáfu stefnu og af allri stefnukröfunni, kr. 1.407.781.49, frá stefnudegi til greiðsludags svo og kostnaði sakarinnar að mati dómsins".

Í aðalsök hefur gagnstefnandi, Eyjólfur Bjarnason, gert þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum aðalstefnanda og að aðalstefnanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í aðalsökinni.

Lögmaður gagnstefnanda hefur í greinargerð gert svofellda grein fyrir kröfum gagnstefnanda í aðalsökinni:

„1. *Um kröfur, sem byggðar eru á niðurstöðu Jarls Jónssonar, endurskoðanda.*

Upphaf þess máls er, að hinn 25. október 1967 var undirritaður stofnsamningur um fyrirtækið Fjöliðjan h.f., Hellu. Stofnendur voru eftirtaldir aðilar: Sigurlaug M. Jónsdóttir, Ingvar S. Ingvarsson, Hrefna Ingvarsdóttir, Sigurbjörn Ólafsson og Eyjólfur Bjarnason, stefndi í máli þessu. Skömmu síðar var umbj. m. ráðinn framkvæmdastjóri nefnds fyrirtækis með prókúruumboði, en „Ingvar S. Ingvarsson, Engjavegi 15, Ísafirði, er ráðinn forstjóri til lífstíðar og verður honum fyrir engar sakir sagt upp því starfi hjá félaginu eða sviptur launum, en nánar verður samið um að greiða honum", eins og til orða er tekið í 9. gr. stofnsamnings áðurgreinds fyrirtækis. Rétt er að geta þess, að þau hjónin, Sigurlaug M. Jónsdóttir og Ingvar S. Ingvarsson, munu vera aðalhlut-hafar í fyrirtækinu, Fjöliðjan h.f., Ísafirði, enda er nefndur Ingvar forstjóri þess fyrirtækis, eins og flestum mun nú kunnugt vera.

Í stefnu segir, að meiri hluti félagsstjórnar, ásamt varastjórnendum, hafi hinn 4. marz sagt umbj. m. fyrirvaralaust upp starfi. Hér mun rangt með farið, þar sem varastjórnendur áttu hér engan hlut að máli.

Þá gerist það aðfaranótt 3. marz s.l., að farið er inn á skrifstofu Fjöliðjunnar h.f., Hellu, og þaðan numin á brott öll skjöl varðandi viðskipti Fjöliðjunnar h.f., Hellu, við Fjöliðjuna h.f., Ísafirði, svo og öll skjöl varðandi viðskipti þjónustufyrirtækisins

í Reykjavík og einnig persónuleg skjöl umbj. m., er þar voru geymd.

Síðar kom í ljós, að hér hafði verið að verki lífstíðarforstjóri Fjöliðjunnar h.f., Hellu, Ingvar S. Ingvarsson, og taldi hann sér þessa framkomu heimila. Um þessi atvik vísast að öðru leyti til dskj. nr. 12. Þá var hinn 6. marz fyrir tilstilli margnefnds Ingvars S. Ingvarssonar v/Fjöliðjunnar h.f., Hellu, höfðað mál fyrir fógetarétti Reykjavíkur gegn umbj. m., þar sem sú krafa var m. a. gerð, að hann afhenti öll skjöl viðkomandi bókhaldi fyrirtækisins, sem og hann gerði.

Skjöl þessi, eða hluti þeirra, var fenginn í hendur löggiltum endurskoðanda, Jarli Jónssyni, og honum falið af Ingvari S. Ingvarssyni að endurskoða fylgiskjöl og reikningshald Eyjólfs Bjarnasonar yfir fjárreiður hans hjá Fjöliðjunni h.f., Hellu (og Reykjavík). Niðurstöður endurskoðandans er að finna á dskj. nr. 4, og er hluti stefnukröfunnar byggður á því skjali, enda hefur lögmaður stefnanda tekið það í stefnu sína í heild.

Á þessu stigi er rétt að vekja athygli virðulegs dóms á eftirfarandi:

Að aldrei hafði umræddur endurskoðandi samband við umbj. m. varðandi athugunina, þótt hann væri einmitt sá maður, sem gerzt þekkti til.

Að aldrei var leitað eftir skýringum bókhaldara fyrirtækisins, viðskiptafræðings Sigurðar Tómassonar.

Að einvörðungu virðist hafa verið farið eftir skýringum Ingvars S. Ingvarssonar, en slíkt hlaut endurskoðanda þessum að vera ljóst, að varhugavert væri, þar sem hatramt deilumál var þá þegar risið millum Ingvars þessa og umbj. m. Engan skal því undra, þótt hugarframleiðsla endurskoðanda á dskj. nr. 4 sé ekki hafin yfir gagnrýni, enda ekki langt seilzt til þeirrar gagnaöflunar, sem leitt gæti í ljós óbrigðulan sannleika, sbr. það sem áður segir. Með þetta í huga hef ég fengið hr. viðskiptafræðing Sigurð Tómasson til að gera greinargerð um bókhald Fjöliðjunnar h.f., Hellu, og er sú greinargerð m. a. gerð með sérstöku tilliti til dskj. nr. 4. Greinargerð Sigurðar Tómassonar er dskj. nr. 11. Viðskiptafræðingurinn telur, að stefnandi sé skuldugur umbj. m. um kr. 221.010.50 (þar með eru reyndar faldar kr. 104.000.00, sem er skuld Fjöliðjunnar h.f., Ísafirði, við umbj. m.). Þessi fjárhæð kann þó að hækka, er gagnaöflun lýkur endanlega. Eins og áður segir, mun umbj. m. gagnstefna til heimtu þessarar skuldar o. fl. Fjölmörg atriði í skýrslu Jarls Jónssonar, endurskoðanda, eru

gagnrýni verð, en ekki skal hirt um að fara náið út í þá sálma hér, þar sem óskað er, að dskj. nr. 11 verði skoðað sem hluti greinargerðar minnar. Þau skjöl, sem einkum eiga við þennan lið og nú eru lögð fram, eru þessi: Nr. 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17, 18, 19, 20, 21 og 22.

Eins og áður segir, verða lögð fram mun fleiri skjöl í sambandi við kröfur skv. þessum lið.

2. *a) Um framleiðslutjón, b) Tjón v/viðskipta við Búland, c) Tjón á bifreið.*

a) Um framleiðslutjón: Kröfuliður þessi nemur kr. 107.674.00 og er byggður á tilskrifi Gunnars nokkurs Ingvarssonar, sem nefndur er endurskoðandi, til lögmanns stefnanda, en bréf þetta er á dskj. nr. 5.

Sem kunnugt er, hófst allvíðtækt verkfall hinn 4. marz s.l. Ekki kom þó til verkfalls að Hellu. Í nefndu bréfi Gunnars Ingvarssonar segir svo m. a.: „Framleiðsla í verksmiðju á Hellu féll alveg niður vegna verkfalla í rúmar tvær vikur, þrátt fyrir að ekki kom til verkfalls á Hellu. Ástæða fyrir þessu var eingöngu sú, að Eyjólfur Bjarnason lét alveg hjá líða að hafa fyrir hendi hráefni til framleiðslunnar, þrátt fyrir að þau væru fyrirliggjandi á hafnarbakkanum í Reykjavík".

Hin raunverulega ástæða fyrir þessu var hins vegar féleysi, sem stafaði af eftirfarandi: Hinn 17. apríl 1967 gerði framkvæmdanefnd byggingaráætlunar samning um kaup glerja við Sandsöluna, Reykjavík, en það fyrirtæki var umboðsaðili fyrir Fjöliðjuna h.f., Ísafirði. Þessi sami aðili hugðist gera annan samning um kaup á gleri fyrir allt að kr. 200.000.00 við Fjöliðjuna h.f., Hellu. Í lok febrúarmánaðar kom í ljós, að um stórfelldar vanefndir var að ræða á fyrrnefndum samningi af hálfu verksala, Fjöliðjunnar h.f., Ísafirði. Þessar vanefndir orsökuðu beinlínis, að ekki varð samningur við Fjöliðjuna h.f., Hellu, enda virðast fyrirsvarsmenn framkvæmdaáætlunarinnar hafa skirrzt við að hafa frekari viðskipti við þú aðila, er réðu Fjöliðjunni h.f., Ísafirði, en það eru einmitt þeir sömu, er eiga meirihluta hlutafjár fyrirtækisins að Hellu.

Fé það, sem fengizt hefði vegna fyrirhugaðs samnings við byggingarnefnd framkvæmdaáætlunar, skyldi notað til innlausnar þess hráefnis, er um getur í bréfi Gunnars Ingvarssonar. Í þessu sambandi er vísað til dskj. nr. 24 og 25.

Hitt er svo annað mál, að kröfuliður þessi er algerlega út í hött, eins og reyndar annað af hálfu stefnanda, þegar af þeirri ástæðu,

að umbj. m. verður ekki frekar en aðrir þjóðfélagsþegnar gerður ábyrgur fyrir tjóni, sem af verkföllum stafar, enda geta engir sagt óyggjandi til um, hvort og hvenær verkföll skella á.

Rétt er að benda á í þessu sambandi, að láðzt hefur að beina kröfum skv. þessum lið að þeim forstjóra Fjöliðjunnar h.f., Hellu, sem ráðinn er til lífstíðar, þ. e. Ingvari S. Ingvarssyni, en slíkt kann að hafa farizt fyrir af vangá.

b) Um tjón af viðskiptum við Búland.

Um kröfur samkvæmt þessum lið læt ég nægja að vísa til dskj. nr. 23.

c. Tjón á bifreið.

Sjá dskj. nr. 24, 26, 27, 28 og 29. Rétt er að geta þess strax, að ég undrast það hugmyndaflug, sem stendur að baki þessari kröfu, og fæ ég alls ekki séð, á hvern hátt hún snertir umbj. m.

Hins vegar sýna greind dskj., að margnefndur Gunnar Ingvarsson virðist eiga ýmislegt ólært, en slíkt gerir hann upp við eigin samvizku og ef til vill á öðrum vettvangi.

3. Um víxil.

Á ofanverðu árinu 1967 var svo komið málum, að Fjöliðjan h.f., Hellu og Ísafirði, skuldaði umbj. m. allmikla fjárhæð, en ekkert fé handbært til greiðslu. Það varð úr, með samþykki Ingvars S. Ingvarssonar, að umbj. m. freistaði þess að selja í Iðnaðarbanka Íslands h.f. víxil að fjárhæð kr. 50.000.00 Þetta tókst. Umræddur víxill var samþykktur af umbj. m., en útg. af Fjöliðjan h.f., Hellu. Var að sjálfsögðu ætlanin, að fyrirtækið greiddi víxilinn (eða víxlana), þá hann félli, enda var, eins og áður segir, um að ræða laun umbj. m. Raunin varð hins vegar sú, að einungis voru greiddar kr. 10.000.00, en gefinn út og samþykktur framlengingarvíxill, að fjárhæð kr. 40.000.00. Á þeim víxli er umbj. m. samþ., en Fjöliðjan h.f. útgefandi. Gjalddagi þess víxils var 30. marz 1968. Eins og sjá má af framanrituðu, er hér um óafturkræf laun að ræða. Skylt er að geta þess, að mér er ókunnugt um, að Fjöliðjan h.f. hafi leyst til sín víxil þennan með greiðslu, en slíkt mun sannreynt við væntanlegar vitnaleiðslur.

4. Um róg.

Að þessum kröfulið er vart orðum eyðandi, en skorað er á stefnanda að upplýsa hverjir þeir aðilar eru, sem umbj. m. hefur afflutt fyrirtækið við, svo og hvenær og þá hvernig. Verði ekki orðið við þessum kröfum á fullnægjandi hátt, hlýtur umbj. m. að líta þessar fullyrðingar sem rangar sakargiftir og áskilur sér

allan rétt til bóta- og refsikrafna gagnvart hlutaðeigandi aðilum".

Með gagnstefnu, birtri 19. febrúar 1969, höfðaði gagnstefnandi gagnsök í málinu á hendur aðalstefnanda, og hefur gagnstefnandi gert þær dómkröfur í gagnsökinni, að aðalstefnanda verði gert að greiða honum kr. 187.010.50 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 1. apríl 1968 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt mati réttarins.

Í gagnstefnu er gerð svofelld grein fyrir kröfum gagnstefnanda í gagnsökinni:

„Atvik máls þessa eru þau, að í byrjun nóvembermánaðar 1967 réðst gagnstefnandi sem framkvæmdastjóri til gagnstefnda. Var í upphafi svo umsamið, að gagnstefnandi skyldi hafa í laun kr. 35.000.00 pr. mánuð að viðbættum kr. 5.000.00 á mánuði í bifreiðastyrk. Gagnstefnandi starfaði í þágu gagnstefnda frá 1/11 1967 til 4/3 1968, en þá var honum fyrirvaralaust og án tilefnis vikið frá störfum. Telur gagnstefnandi sig eiga rétt á 3ja mánaða uppsagnarfresti. Stefnukrafan er því laun fyrir mánuðina nóv. '68—maí '69, kr. 245.000.00 og bifreiðastyrkur fyrir mánuðina nóv. '68 til feb. '69, kr. 20.000.00. Upp í þessa fjárhæð hefur gagnstefnandi fengið greiddar kr. 77.989.50, en þó skal fram tekið, að sú greiðsla kann að reynast lægri, er öll kurl koma til grafar. Af því tilefni er réttur áskilinn til hækkunar stefnukröfum. Stefnukröfur í máli þessu eru m. a. byggðar á skjölum, sem fram hafa verið lögð í aðalmálinu, og vísast til þeirra um nánari málsatvik".

Aðalstefnandi hefur ekki enn skilað greinargerð í gagnsökinni.

Í þinghaldi 12. f. m. lagði lögmaður gagnstefnanda fram sérstakt kröfuskjal, dskj. nr. 63. Þar segir m. a.:

„Í réttarhaldi fyrir fógetarétti Reykjavíkur þann 11. febrúar 1969 í málinu nr. A-378/1969: Sandsalan við Elliðavog s. f. gegn Hellugeri h.f. er fært til bókar eftir framkvæmdastjóra gerðarþola:

„Framkv.st. Áminntur um sannsögli og kveðst hann ekki geta greitt. Umboðsmenn gerðarþola lýsa því yfir að engar eignir félagsins séu á Hellu, þar sem gerðarþoli hafi selt eignir sínar þar Samverki h.f. Upplýst er, að félagið eigi bifreið, sem á hvílir kr. 180.000.00, L-281, en aðilar eru sammála um, að verðmæti bílsins fari ekki fram úr áhvílandi skuldum. Aðrar eignir séu engar nema krafa félagsins á hendur Eyjólfi Bjarnasyni, Háaleitisbraut 30, Rvk., og er krafa sú til meðferðar á bæjarþingi

Reykjavíkur (bæjarþingsmál nr. 689/1968). Stefnufjárhæð kr. 1.407.781.49 auk vaxta og málskostnaðar".

Með hliðsjón af framburði þessum, tilvísun til 183. gr. l. nr. 85/1936 og eðli máls samkvæmt er sú krafa hér með framborin, að stefnandi bæjarþingsmálsins, fyrirtækinu Hellugleri h/f, verði með úrskurði gert að setja tryggingu að fjárhæð kr. 187.000.00 eða lægri fjárhæð, sem dómari ákveður, til greiðslu huganlegs málskostnaðar í bæjarþingsmálinu. Áðurgreind fjárhæð er miðuð við stefnukröfur og gjaldskrá L. M. F. Í.

Verði umrædd trygging eigi sett, er þess krafizt, að málinu verði vísað frá dómi. Þá er sú krafa gerð, að Hellugleri h/f verði gert að greiða málskostnað vegna væntanlegs úrskurðar".

Aðalstefnandi hefur gert þær dómkröfur í þessum þætti málsins, að synjað verði kröfu gagnstefnanda um málskostnaðartryggingu og að gagnstefnanda verði gert að greiða aðalstefnanda málskostnað í þessum þætti málsins.

Munnlegur málflutningur fór fram um ágreiningsefni þetta 10. þ. m., og var atriðið því næst tekið til úrskurðar.

Í 183. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði er svofellt ákvæði: „Nú höfðar maður erlendis búsettur mál fyrir íslenzkum dómi, og getur þá stefndur gert þá kröfu á þingfestingardegi, að stefnandi setji þá tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar innan ákveðins tíma, sem dómari tiltekur. Ef hann gerir það ekki, skal vísa máli frá dómi.

Ef menn búsettir á Íslandi eru undanþegnir því að setja sams konar tryggingu í landi stefnanda, skal hann einnig vera undanþeginn því hér á landi".

Gagnstefnandi bendir á, að í áðurgreindu réttarhaldi í fógetarétti Reykjavíkur hafi komið í ljós, að aðalstefnandi sé raunverulega eignalaus, enda sé bifreiðin, sem tilgreind var, yfirveðsett og stefnukrafan í aðalsök máls þessa sé óraunveruleg eign, þar sem allar líkur séu fyrir því, að hann (gagnstefnandi) verði sýknaður af öllum kröfum aðalstefnanda í aðalsökinni. Dómsmál þetta sé allviðamikið. Hin framlögðu skjöl séu þegar orðin 64. Ýmiss konar gagnaöflun sé enn eftir í málinu, þar á meðal eigi eftir að taka skýrslur af vitnum fyrir dómi. Hlaðist því stöðugt kostnaður á mál þetta. Ekki sé eðlilegt né réttmætt, að gagnstefnandi þurfi að leggja í frekari kostnað, eins og atvikum er háttað, nema því aðeins að aðalstefnandi setji tryggingu fyrir hugsanlegum málskostnaði. Hin tilvitnaða lagagrein eigi að vísu ekki beint við um ágreiningsefni það, sem hér er til úrlausn-

ar, en beita megi ákvæði þessu með lögjöfnun um það ágreiningsefni, sem hér er um fjallað, sbr. og 12. gr. kyrrsetningarlaga nr. 18/1949. Einnig sé rétt að hafa í huga ákvæði réttarfarslaga um gjafsókn þeim til handa, sem illa eru staddir fjárhagslega. Nú sé ljóst, að aðalstefnandi sé raunverulega ógjaldfær, og líkur fyrir því, að hann verði gjaldþrota, áður en langt um líður. Aðalstefnandi hafi ekki tryggt sér gjafsókn í málinu. Málssóknin sé hins vegar svo hæpin, að nærri stappi, að um ófyrirleitni sé að ræða. Verði krafa gagnstefnanda um málskostnaðartryggingu ekki tekin til greina, þá sé erfitt að sjá, hvaða varnir menn hafi gegn því að verða fyrir fjárútlátum, sem stafa af réttarfarslegum aðgerðum aðilja, sem eignalausir eru og því raunverulega ábyrgðarlausir, þar sem þeir taki enga áhættu. Beri því að taka kröfu gagnstefnanda til greina.

Aðalstefnandi bendir í fyrsta lagi á það, að ákvæði nefndrar 183. gr. einkamálalaga feli í sér glögg og skýr fyrirmæli um það, hvenær varnaraðili í dómsmáli hér á landi geti krafizt þess, að stefnandi setji tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar. Skilyrði fyrir slíkri kröfu sé, að stefnandi sé maður erlendis búsettur, sbr. þó síðari málsgrein greinarinnar, og að stefndi geri kröfu um málskostnaðartryggingu á þingfestingardegi. Skilyrðum þessarar lagagreinar sé engan veginn uppfyllt. Mál þetta sé þingfest 2. maí 1968, en krafa gagnstefnanda hafi fyrst komið fram 12. marz 1969. Þá sé aðalstefnandi alíslenzkt firma. Geti gagnstefnandi því ekki byggt neitt á nefndri lagagrein, enda sé algerlega óheimilt að beita lögjöfnun um undantekningarákvæði þetta. Auk þess sé á það að líta, að gagnstefnandi sé ekki eignalaus, enda þótt mjög hafi gengið á eignir hans. Í aðalsök sé gagnstefnandi krafinn um meðal annars víxilskuld að fjárhæð kr. 40.000.00, sem gagnstefnandi hafi engar varnir gegn. Þá séu miklar líkur fyrir því, að aðrar kröfur aðalstefnanda í aðalsök verði teknar til greina, enda þótt eigi sé unnt eða efni til að ræða um einstaka kröfuliði á þessu stigi málsins, þar sem gagnaöflun í málinu sé ekki lokið. Telur aðalstefnandi samkvæmt þessu, að hafna beri kröfu gagnstefnanda um nefnda málskostnaðartryggingu.

Telja verður, eins og málavöxtum er háttað, að gagnstefnandi hafi hvorki sannað, að ákvæði 183. gr. laga nr. 85/1936, ákvæði sömu laga um gjafsókn, 12. gr. laga nr. 18/1949 né aðrar réttarheimildir skyldi aðalstefnanda til að setja hina umkröfðu málskostnaðartryggingu. Verður þessi krafa gagnstefnanda því ekki tekin til greina.

Rétt þykir að taka ákvörðun um málskostnað í þessum þætti við væntanlegan efnisdóm í málinu.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Krafa gagnstefnanda, Eyjólfs Bjarnasonar, um málskostnaðartryggingu úr hendi aðalstefnanda, Helluglers h/f, er ekki tekin til greina.

Föstudaginn 30. maí 1969.

Nr. 95/1969. **Sigmund Jóhannsson**
gegn
Árna Ólafssyni & Co. og
Vélaverkstæði Bernhards Hannessonar.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 7. maí 1969, er barst dóminum 16. s. m. Krefst sóknaraðili þess, að fjárhæðir lögbannstryggingar af hans hendi samkvæmt hinum kærða úrskurði „verði færðar niður í þær kr. 500.000.00, sem þegar hafa verið lagðar fram", og að varnaraðiljum verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðiljar krefjast þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða þeim kærumálskostnað.

Lagaheimild brestur til kæru máls þessa, sbr. 21. gr., 3, a, laga nr. 57/1962. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Sóknaraðili greiði varnaraðiljum kærumálskostnað, kr. 3.000.00, hvorum þeirra.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Sigmund Jóhannsson, greiði varnaraðiljum, Árna Ólafssyni & Co. og Vélaverkstæði Bernhards Hannessonar, kærumálskostnað, kr. 3.000.00, hvorum þeirra, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 30. apríl 1969.

Gerðarbeiðandi, Sigmund Jóhannsson, Brekastíg 12 í Vestmannaeyjum, hefur krafizt þess, að lögbann verði lagt við því, að gerðarþolar, Árni Ólafsson & Co., Suðurlandsbraut 12 hér í borg, og Vélaverkstæði Bernharðs Hannessonar, sama stað, framleiði og selji garnúrtökuvélar og flokkunarvélar í sambandi við humarvinnslu, en vélar þessar kveðst gerðarbeiðandi hafa fundið upp. Hann hefur krafizt málskostnaðar úr höndum gerðarþolanna in solidum.

Gerðarþolar hafa hvor um sig skilað greinargerð í málinu.

Þess er krafizt af hálfu Árna Ólafssonar & Co., að synjað verði um lögbannsgerð þessa, og er jafnframt krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda. Verði gerðin látin ná fram að ganga, er krafizt 5.000.000.00 króna tryggingar af hans hálfu, og er sérstaklega tekið fram, að þá sé miðað við líklegt tjón gerðarþola af gerð þessari um eins árs tímabil, eftir að lögbann verði lagt á.

Af hálfu Vélaverkstæðis Bernharðs Hannessonar er þess krafizt, að synjað verði um framgang lögbanns gagnvart því. Þá er krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda. Til vara er þess krafizt, að lögbann nái því aðeins fram að ganga, að gerðarbeiðandi setji 500.000.00 kr. tryggingu fyrir tjóni því, er verkstæðinu stafi af lögbannsgerðinni.

Hinn 29. þessa mánaðar barst fógeta yfirlýsing Útvegsbanka Íslands í Vestmannaeyjum í staðfestu símskeyti, þar sem bankinn tekst á hendur að ábyrgjast tryggingu, allt að 500.000.00 kr., vegna lögbannskröfu Sigmunds Jóhannssonar á hendur Árna Ólafssyni & Co. og Vélaverkstæði Bernharðs Hannessonar.

Þessi trygging lá fyrir í réttarhaldi í máli þessu nú í dag, og gerðu umboðsmenn gerðarþolanna engar athugasemdir við yfirlýsingu þessa, en héldu að öllu leyti fast við gerðar kröfur um tryggingu.

Var málið tekið til úrskurðar í sama réttarhaldi.

Gerðarbeiðandi skýrir þannig frá málavöxtum, að hann hafi á árinu 1965 fundið upp flokkunarvél fyrir humar og á árinu 1966 vél til garnaúrtöku fyrir humar, og kveðst hann hafa framleitt vélar þessar fyrir sameignarfirma undir nafninu Sigmundsfiskvinnsluvélar s/f í Vestmannaeyjum frá því seint á árinu 1966. Hann segir, að Árni Ólafsson hafi verið sameigandi sinn að þessu firma og annast söluhlið rekstrarins og hafi þessi félagsskapur staðið þar til 21. marz 1969, en þá hafi nefnt firma verið afmáð úr firmaskrá Vestmannaeyja. Segir gerðarbeiðandi ýmsar ástæður hafa ráðið um þetta. Sama dag kveðst gerðarbeiðandi svo hafa tilkynnt til firmaskrár Vestmannaeyja firmað SIMFISK til framleiðslu og sölu á þessum vélum.

Gerðarbeiðandi kveðst hafa sótt um einkaleyfi fyrir flokkunarvél á humar á árinu 1966 og hinn 29. marz 1969 fyrir garnaúrtökuvél til iðnaðarmálaráðuneytisins. Þessar umsóknir báðar séu þar enn til athugunar og því verndaðar samkvæmt lögum nr. 12/1923. Hann kveðst nú hafa komizt að því, að Árni Ólafsson, Hraunbraut 30 í Kópavogi, hafi nú gegnum firma sitt, Árna Ólafsson & Co., gert reka að því að hefja framleiðslu á garnaúrtökuvélum í leyfisleysi sínu sem uppfinningamanns og hafi Árni í því skyni fengið léða garnaúrtökuvél frá Keflavík og fengið Vélaverkstæði Bernharðs Hannessonar til að hefja smíðina og muni Bernharð vinna að þessum verkefnum. Þetta hafði Bernharð ráðizt í algerlega leyfislaust. Árni Ólafsson & Co. muni þegar hafa gert nokkra sölusamninga.

Gerðarbeiðandi kveðst ekki sjá annað ráð vænna en að stöðva þessar framkvæmdir gerðarþolanna með lögbanni. Það sé ótvírætt brot á rétti sínum sem uppfinningamanns að framleiða þessar vélar og bjóða til sölu án síns leyfis.

Af hálfu Árna Ólafssonar & Co. er málsútlistun gerðarbeiðanda mótmælt. Frásögn gerðarbeiðanda um umsókn um einkaleyfi sé röng að því leyti, að hann hafi að vísu sótt um einkaleyfin, en verið synjað um þau, sbr. bréf ráðuneytisins 22. marz 1966 og 13. marz 1967, og vísar gerðarþoli þar til rskj. 9 og 10. Sameignarsamningur, sem lagður hafi verið fram í málinu sem rskj. 7, sýni, að gerðarbeiðandi og Árni Ólafsson & Co. séu sameigendur að þeim humarvinnsluvélum, sem hér um ræðir, þ. e. allri framleiðslu sameiginlegs fyrirtækis þeirra, unz þeir slitu félagsskapnum 21. marz s.l. Þó gerðarbeiðandi gæti e. t. v. fengið einka-

leyfi, gæti hann þó alls ekki á neinn hátt beitt því gegn Árna Ólafssyni & Co. eða Árna Ólafssyni persónulega.

Eins og fyrr segi, þá hafi beiðni um einkaleyfi á flokkunarvél verið hafnað og hún hafi ekki verið endurnýjuð. Geti því hver sem er með fullum rétti tekið slíka vél til framleiðslu og sölu. Varðandi umsókn gerðarbeiðanda um garnaúrtökuvélina sé þess að gæta, að sú vél hafi aldrei verið framleidd til notkunar, og á árinu 1967 hafi gerðarbeiðandi breytt vél þessari þannig, að hún vann öðruvísi og með þægilegra móti, en um sömu vél sé raunar að ræða, og hafi afdrif fyrri gerðarinnar verið ráðin af ráðuneytinu.

Þannig telur Árni Ólafsson & Co. sig hafa sýnt fram á, að gerðarbeiðandi eigi ekki þann einkaleyfisrétt, sem hann telur sér, og þar með verði að telja réttarkröfur hans í máli þessu staðlausar með öllu. Gerðarþoli hefur í sambandi við kröfu sína um hina óvenjulega háu lögbannstryggingu, ef gerðin næði fram að ganga gegn mótmælum hans, lagt fram fjöldann allan af skjölum, þ. á m. staðfestingu á pöntunum og ýmiss konar umsögnum, og vísast til þeirra, en tjón verði í öllu falli geysimikið, ef til þessa komi.

Af hálfu Vélaverkstæðis Bernharðs Hannessonar er lagður fram verksamningur við Árna Ólafssonar & Co., rskj. 32 og 33. Um er að ræða verk fyrir kr. 430.900.00, og segir gerðarþoli athafnir hafa hafizt 24. marz s.l. Verkstæðið sé ábyrgt gagnvart verksala fyrir því, að verkinu verði lokið á réttum tíma, og jafnframt sé Árni Ólafsson & Co. einn ábyrgur um greiðslu fyrir verkið. Séu hagsmunir verkstæðisins því mjög miklir af því, að verkið geti náð fram að ganga, svo sem til var stofnað. Því er haldið fram, að hin framkomna lögbannsbeiðni sé órökstudd, þar eð gerðarbeiðandi hafi ekkert einkaleyfi við að styðjast og sé henni að auki alveg ranglega beint að Vélaverkstæði Bernharðs Hannessonar, sbr. það, er að framan segir um réttarsamband gerðarþolanna.

Eftir því sem mál þetta liggur fyrir, er ekki útilokað, að framleiðsla og sala á margnefndum humarvinnsluvélum sé brot á rétti, sem gerðarbeiðandi kann að eiga þar að lútandi. Þykir verða að taka til greina kröfu gerðarbeiðanda um lögbann á hendur gerðarþolum, eins og hún er fram sett í lögbannsbeiðni, þannig að hún taki til beggja gerðarþolanna.

Fallast má á kröfur gerðarþolanna um, að gerðarbeiðandi setji aðskildar tryggingar hvorum um sig til handa. Þykir trygging til

handa gerðarþolanum Árna Ólafssyni & Co. hæfilega tiltekin kr. 3.000.000.00, en til handa Vélaverkstæði Bernharðs Hannessonar kr. 500.000.00. Hefur gerðarbeiðandi, eins og áður segir, þegar lagt fram gilda tryggingu fyrir kr. 500.000.00 af heildartryggingunni.

Málskostnaður í lögbannsmáli þessu verður látinn falla niður, enda má ætla, að málskostnaðarkröfur komi fram í staðfestingarmáli lögbanns og verði þar dæmdar.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Umbeðin lögbannsgerð skal fara fram samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda og á ábyrgð hans gegn tryggingu af hans hálfu, þannig: kr. 3.000.000.00 vegna lögbanns á hendur Árna Ólafssyni & Co. og kr. 500.000.00 vegna lögbanns á hendur Vélaverkstæði Bernharðs Hannessonar.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 30. maí 1969.

Nr. 199/1968. **Efnagerð Reykjavíkur h/f**
(Þorsteinn Júlíusson hdl.)
gegn
H/f Eimskipafélagi Íslands
(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. október 1968 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 214.750.28 ásamt 8% ársvöxtum frá 7. nóvember 1967 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Það eru eigi upp komin slík mistök af hendi stefnda, sem berum orðum hafði undanþegið sig ábyrgð á bruna, að honum verði dæmt áfall í máli þessu. Samkvæmt þessu og að öðru með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í Hæstarétti, sem ákveðst kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Efnagerð Reykjavíkur h/f, greiði stefnda, H/f Eimskipafélagi Íslands, málskostnað í Hæstarétti, kr. 30.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 18. október 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þessa mánaðar, hefur Efnagerð Reykjavíkur h/f, Reykjavík, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 5. desember 1967, gegn H/f Eimskipafélagi Íslands til greiðslu á kr. 214.750.28 með 8% ársvöxtum frá 7. nóvember 1967 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins. Til ýtrustu vara hefur stefndi krafizt þess, að stefnukröfurnar verði lækkaðar til verulegra muna.

Málsatvik eru þau, að hinn 30. ágúst 1967 varð mikill eldsvoði í vörugeymsluhúsi stefnda í Borgarskála. Tveir af fjórum vöruskálum, nr. 2 og 4, brunnu ásamt þeim vörum, sem geymdar voru í þeim skálum.

Stefndi hafði annazt flutning fjögurra vörusendinga fyrir stefnanda frá Evrópu til Íslands á sumrinu 1967. Hafði hin fyrsta þeirra komið til landsins hinn 21. júní 1967, önnur sending komið 6. ágúst 1967, hin þriðja 14. s. m. og hin síðasta 26. sama mánaðar. Stefnandi hafði ekki sótt vörur þessar til stefnda, er framangreindur eldsvoði átti sér stað. Með bréfi stefnda til stefnanda, dagsettu í september 1967, skýrir stefndi frá því, að allt frá því er umræddur bruni hafi átt sér stað, hafi starfsmenn stefnda

unnið sleitulaust að því að sannreyna, hvaða vörur hafi verið í hinum brunnu skálum og hverjir væru skráðir móttakendur þeirra á farmskrám félagsins. Er þess getið í bréfinu, að því tímafreka starfi væri þá að mestu lokið. Að sögn stefnda hafi þessi rannsókn leitt í ljós, að framangreindar vörusendingar stefnanda hafi strax eftir komu þeirra til landsins verið skipað í land hér og fluttar inn í Borgarskála nr. 2 og 4, en við brunann hafi þær brunnið til kaldra kola. Var eftir því óskað af hálfu stefnda, að stefnandi framvísaði og afhenti honum frumfarmskírteini hans yfir vörurnar í þeim tilgangi, að stefndi gæti afhent stefnanda brunavottorð gegn greiðslu áfallins kostnaðar af vörunum, sem stefnandi gæti þá framvísað til vátryggjanda vörunnar.

Í bréfi stefnanda til stefnda, dagsettu 7. nóvember 1967, tilkynnir stefnandi, að umræddar vörur hafi ekki verið vátryggðar af hans hálfu. Gerði hann kröfu til þess, að stefndi greiddi honum andvirði umræddra vörusendinga, þar sem stefnanda bæri að afhenda vörurnar, en ella andvirði þeirra, ef þær hefðu farizt í vörugeymslum hans.

Stefnandi hefur mótmælt því sem ósönnuðu, að umræddar vörusendingar hans hafi brunnið í eldsvoðanum. Stefndi hafi ekki fært að því nægar sönnur, að vörurnar hafi við komu þeirra til landsins verið settar í Borgarskála, og þá sérstaklega í ákveðinn skála. Byggir stefnandi kröfur sínar í málinu á því, að þótt svo hafi verið, að vörurnar hafi brunnið, þá beri stefndi ábyrgð á þeim gagnvart stefnanda sem geymslumaður þeirra. Stefndi hafi auk flutningastarfsemi sinnar rekið vörugeymslur. Sú starfsemi hans sé rekin gegn fullu gjaldi, og er hún óháð flutningaskyldum hans. Flutningasamningi stefnda og vörueiganda ljúki við komu varanna í geymslurými, en þá hefjist nýtt réttarsamband millum þeirra um geymslu varanna. Engin mörk séu um lengd geymslutímans, og heldur stefnandi því fram, að engar vörusendingar hans liggi óeðlilega langan tíma í vörugeymslum stefnda. Af þessu leiði, að stefnandi mátti treysta því, að vörugeymslur stefnda væru öruggar og að stefndi mundi greiða vörurnar að fullu, ef þær skemmdust eða misfærust í vörugeymslunni, af hvaða ástæðum sem væri. Einhliða yfirlýsing stefnda um það, að hann taki ekki ábyrgð á vörum í vörugeymslu sinni, geti ekki leyst hann undan því að skila vörunum til vörueiganda eða andvirði þeirra.

Telur stefnandi og, að brunavarnir hafi ekki verið fullnægjandi í vörugeymslunni. Ekki hafi verið nægjanlegt að hafa eingöngu

slökkvitæki, heldur sé nauðsynlegt að fyrirbyggja útbreiðslu elds með því að hafa einhver skilrúm í svo stórum skálum sem hér um ræðir.

Þá verði að telja það vanrækslu af hálfu vaktmanns þess, er á staðnum var, að hafa ekki orðið eldsins var, fyrr en löngum tíma eftir að hann kom upp, en af þeim sökum megi ætla, að tjón hafi orðið meira.

Eigi stefnandi því kröfu úr hendi stefnda til greiðslu á verðmæti umræddra vörusendinga. Kostnaðarverð hinna upphaflegu vörusendinga nam samtals kr. 188.714.85. Stefnandi verði hins vegar að kaupa sambærilegar vörur fyrir hærra gengi nú en þá, er hann keypti þær vörur, er stefndi hafi átt að afhenda honum. Hefur stefnandi því miðað stefnufjárhæð sína við verð varanna að viðbættum gengismun.

Sýknukrafa stefnda er studd þeim rökum, að hann hafi ekki bakað sér neina skaðabótaskyldu, hvorki gagnvart stefnanda né öðrum vörutegundum, við brunann í Borgarskála hinn 30. ágúst 1967.

Engin geymsluskylda hvíli á stefnda. Hins vegar þyki eðlilegt, að skipafélag, sem annist flutninga á stykkjavöru, hafi eitthvert geymslurúm eða útvegi geymslurúm fyrir fluttar vörur, en þá aðeins um mjög skamman tíma, eða þann eðlilega tíma, sem það taki viðtakanda að veita vörum viðtöku. Geymsluskylda skipafélaga þekkist ekki í hinum vestræna heimi, nema því aðeins að félag hafi með sérstökum samningi tekið að sér geymslu á vörum fyrir eigendur þeirra. Stefndi hafi aldrei gert neina slíka samninga eða skuldbundið sig til geymslu á aðfluttum vörum. Hins vegar hafi þróunin orðið sú, að vörueigendur hafa látið undir höfuð leggjast að sækja vörur sínar, sem hafi þá legið í vörugeymslunum marga mánuði eða jafnvel ár eftir komu þeirra. Af þessum sökum hafi stefndi neyðzt til að láta byggja og taka á leigu vörugeymsluhús, þar sem vörur eru geymdar gegn hóflegu gjaldi, sem þó hvergi nægi til að standa straum af rekstri geymsluhúsnæðisins. Hafi stefndi haft milljón króna halla á ári af vörugeymslunum, en þó rekið þær til að greiða sem bezt fyrir viðskiptamönnum stefnda, þá nánast sem óbeðinn erindisrekstur.

Þrátt fyrir þennan mikla halla á rekstri vörugeymslanna hafi stefndi ekkert til sparað til geymslu og öryggis. Umræddir skálar hafi verið byggðir samkvæmt ströngustu kröfum yfirvalda. Að tilmælum stefnda hafi farið fram rannsókn á því, hvort eldvarnir hjá stefnda væru fullnægjandi. Náði sú rannsókn einnig til Borgar-

skála. Hafi sú rannsókn verið framkvæmd af færustu hérlendum aðiljum á sviði eldvarna. Að fenginni þeirri rannsókn hafi stefndi gert allt til úrbóta, sem þurfa þótti, og jafnvel gert betur í því efni en óskað var. Einnig hafði stefndi sérstakan vaktmann í Borgarskála sem öðrum vörugeymslum sínum, sem fór um allt svæðið á reglulegum fresti til athugunar á, að allt væri í lagi. Þá hafi stefndi sjálfur átt vörur og tæki að verðmæti kr. 1.800.000.00 í skála þeim, sem brann. Stefndi fullnægði því öllum skyldum geymslumanns og verði hann á engan hátt sakaður um vanrækslu í því efni, enda leiddi rannsókn eigi í ljós upptök elds eða orsakir eldsvoðans.

Á hinn bóginn hafi stefndi undanþegið sig ábyrgð á vörum, sem í vörugeymslum hans liggja. Þegar eftir komudag skips, sem vörur flytja, sé vörumóttakendum sent afrit af farmskírteini og reikningur yfir flutningsgjald og áfallinn kostnað. Reikningurinn sé jafnframt tilkynning og stimplað á hann, í hvaða vöruskála vörurnar hafi verið fluttar. Á reikningi þessum sé skráð skýru letri: „Vegna hagsmuna yðar og Eimskipafélagsins leggjum við ríka áherzlu á, að þér sækið hið allra fyrsta vörur þær, sem greindar eru á ofanskráðu farmskrárnr., sem er hið sama og á farmskírteini yðar. Er hvort tveggja, að löng geymsla á vörunum skapar yður tilfinnanlegan kostnað og aukna áhættu, og hitt, að geymsla varanna hjá okkur er margvíslegum erfiðleikum bundin vegna þrengsla. Í þessu efni er þeirri áskorun beint til yðar:

1) Að þér kynnið yður rækilega skilmála farmskírteinisins, sem marka réttarstöðu Eimskipafélagsins gagnvart yður, og er í því efni sérstök athygli vakin á ákvæðum 11. gr. a—i. Áskilur Eimskipafélagið sér rétt til að senda, án fyrirvara, nýja tilkynningu um leiðrétt flutningsgjöld og eftirkröfu.
2) Pakkhúsleigan reiknast fyrir vörusendingu, sem ekki hefur verið vitjað 15 dögum eftir komudag til Reykjavíkur. Sérstök athygli skal vakin á því, að við berum ekki ábyrgð á vörum, sem liggja í vörugeymslum félagsins, og eru þær geymdar þar að öllu leyti á ábyrgð vörueigenda, þannig að félagið getur ekki bætt fyrir skemmdir af völdum frosts, bruna, rýrnunar eða hvers konar annars tjóns, sem fyrir kann að koma.

   Skal vörueigendum því bent á að tryggja vörur sínar gegn hvers konar tjóni, sem hægt er að tryggja gegn, einkum að brunatryggja vörurnar, með því að við vátryggjum ekki vörur, sem liggja í vörugeymslum okkar, og sjótrygging var-

anna fellur jafnan úr gildi, strax þegar vörurnar hafa verið affermdar".

Fyrirtæki stefnanda er samkvæmt Viðskiptaskránni stofnað árið 1919. Á þeim árum, sem það hefur starfað, hefur það flutt inn mörg hundruð eða jafnvel mörg þúsund sendingar með skipum stefnda. Á árinu 1966 hafi stefnandi flutt inn á þann hátt 48 sendingar og á fyrra hluta ársins 1967 31 sendingu. Stefnanda hafi jafnan tafarlaust verið sendar tilkynningar þær, sem greindar eru að framan. Þær tilkynningar hafi um langt árabil einnig verið auglýstar hvað eftir annað, bæði í blöðum og útvarpi. Margnefndar tilkynningar, áskoranir og upplýsingar séu svo áberandi skýrar og afdráttarlausar og öllum þeim, sem atvinnu hafa af vörusölu og innflutningi, hafi verið kunnugt um efni þeirra, þar á meðal stefnanda, sem notið hefur vörugeymslu stefnda í svo ríkum mæli. Var stefnda og heimilt lögum samkvæmt að undanþiggja sig ábyrgð á geymslu þeirra vara, sem í vörugeymslum hans eru.

Varakrafa stefnda er studd þeim rökum, að stefnandi hafi sýnt af sér svo verulega handvömm með því að tryggja ekki vörur sínar, að hann verði að bera mestan hluta af tjóni sínu sjálfur. Er því og mótmælt, að stefnandi geti hækkað vörur sínar frá kaupverði þeirra um gengislækkun þá, sem orðið hefur. Þá beri og að draga frá stefnukröfunni skuld stefnanda við stefnda vegna kostnaðar, sem á vörurnar er kominn.

Stefndi hefur haldið því fram, að vörur þær, sem í máli þessu greinir, hafi verið geymdar í skálum þeim, sem brunnu, og þar af leiðandi orðið eldinum að bráð. Þessum staðhæfingum stefnda hefur stefnandi í engu hnekkt. Verður því að leggja til grundvallar dómi í málinu, að umræddar vörur stefnanda hafi farizt í eldsvoðanum.

Svo sem fram kemur af gögnum málsins, þá annast stefndi geymslu á vörum þeirra aðilja, er hann flytur vörur fyrir til landsins, og tekur fyrir þá þjónustu sérstakt gjald. Engin tímamörk eru af hans hálfu sett um þá geymslu. Ber því að telja stefnda bera skyldur geymslumannsins gagnvart eigendum varanna.

Stefnandi hefur viðurkennt, að hann hafi jafnan, þá er stefndi hafi flutt vörur fyrir hann, fengið tilkynningu um komu þeirra á þann hátt, er segir hér að framan, og með því efni, er þar er rakið. Það er upplýst í málinu, að stefnandi hefur um margra ára skeið flutt inn vörur með skipum stefnda, sum árin meira og

sum árin minna, og hafi þær vörur verið í geymslum stefnda mismunandi langan tíma hverju sinni.

Telja verður, að svo áberandi sé bent á það í umræddri tilkynningu, að stefndi undanþiggi sig ábyrgð á vörum þeim, sem í geymslum hans liggja, og að þær séu þar geymdar að öllu leyti á ábyrgð vörueigenda, að stefnandi, sem rekur allnokkur innflutningsviðskipti, sé bundinn við þann fyrirvara, enda verður hann ekki talinn óeðlilegur.

Þær aðrar málsástæður stefnanda, sem hann hefur haft uppi í málinu til stuðnings kröfum sínum, verða ekki taldar víkja til hliðar umræddum fyrirvara.

Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Vilhjálmi Jónssyni forstjóra og Guðmundi Björnssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, H/f Eimskipafélag Íslands, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Efnagerðar Reykjavíkur h/f, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 2. júní 1969.

Nr. 184/1968. **Ingvar S. Ingvarsson f. h. Ingvars Jóns Ingvarssonar og Sigurlaug M. Jónsdóttir** gegn **Óla J. Sigmundssyni persónulega og f. h. Timburverzlunarinnar Bjarkar.**

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Ingvar S. Ingvarsson f. h. Ingvars Jóns Ingvarssonar og Sigurlaug M. Jónsdóttir, er eigi sækja dómþing í

máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði þau stefndu, Óla J. Sigmundssyni persónulega og f. h. Timburverzlunarinnar Bjarkar, sem látið hefur sækja þing og krafizt ómaksbóta, kr. 4.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. júní 1969.

Nr. 227/1968. **Kristján B. Laxfoss.**
gegn
Magnúsi Stefánssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristján B. Laxfoss, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 2. júní 1969.

Nr. 23/1969. **Jóhann Marel Jónasson**
gegn
Halldóri Guðnasyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jóhann Marel Jónasson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Halldóri Guðnasyni, sem látið

hefur sækja þing og krafizt ómaksbóta, kr. 4.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. júní 1969.

Nr. 35/1969. **Elín Ólafsdóttir**
gegn
Jóni Magnússyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Elín Ólafsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 2. júní 1969.

Nr. 79/1969. **Stefán G. Ásmundsson**
gegn
Gylfa Gunnarssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Stefán G. Ásmundsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 2. júní 1969.

Nr. 55/1969. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Sigurði Þór Söebech
(Örn Clausen hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn skipulagslögum og byggingarsamþykkt. Brottflutningur húss.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta er réttilega höfðað, sbr. 1. gr. og 11. tl. 2. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála.

Á kaupsamning þann, dags. 11. maí 1966, sem gerður var við ákærða um landspildu hans úr jörðinni Laugabóli í Mosfelssveit, er áritun undirrituð af Matthíasi Sveinssyni, sveitarstjóra Mosfellshrepps, 28. maí 1966 þess efnis, að hreppsnefnd hafni forkaupsrétti og að óheimilt sé „að byggja á ofangreindu landi, nema samþykkt sé af því skipulag og leyfi byggingarnefndar Mosfellshrepps sé fengið". Sama áritun er einnig á afsali fyrir landspildunni, en afsali þessu var þinglýst hinn 19. september 1966.

Að þessu athuguðu ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða og brottflutning húss hans, er í málinu greinir.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 10.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, Sigurðar Þórs Söebechs, og um brottflutning húss hans á land-

spildu hans úr landi Laugabóls í Mosfellssveit skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 10.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans í héraði og fyrir Hæstarétti, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 14. janúar 1969.

Árið 1969, þriðjudaginn 14. janúar, er í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem háður er af Steingrími Gaut Kristjánssyni, fulltrúa sýslumanns, kveðinn upp dómur í málinu nr. 465/1967: Ákæruvaldið gegn Sigurði Þ. Söebech, sem tekið var til dóms 18. desember 1967.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 5. júní 1967, á hendur Sigurði Þór Söebech kaupmanni, Stórageröi 23 í Reykjavík.

Í ákæruskjalinu er ákærða gefið að sök að hafa brotið gegn byggingarsamþykkt fyrir Mosfellshrepp í Kjósarsýslu nr. 125/1960 og skipulagslögum nr. 19/1964 með því að staðsetja í október 1966 sumarbústað um 5×10 metra að flatarmáli á landspildu sinni, skipulagsskyldri, milli Suðureyrar og Köldukvíslar úr landi Laugabóls í Mosfellshreppi án samþykkis og gegn synjun hreppsnefndar Mosfellshrepps og án samþykkis skipulagsyfirvalda.

Af ákæruvaldsins hálfu er því haldið fram, að atferli ákærða varði við auglýsingu um staðfestingu á byggingarsamþykkt fyrir Mosfellshrepp í Kjósarsýslu nr. 125/1960, sbr. 4. gr. með áorðinni breytingu samkvæmt nefndri auglýsingu, og 37. gr. og 38. gr. byggingarsamþykktarfyrirmyndar í auglýsingu nr. 97/1948, sbr. lög nr. 19/1905 um byggingarsamþykktir, lög nr. 55/1921 um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, sbr. nú skipulagslög nr. 19/1964, sbr. enn fremur auglýsingu nr. 120/1960 um skipulag í Mosfellshreppi, og enn fremur við 5. gr., sbr. 6. gr. og 36. gr. nefndra skipulagslaga nr. 19/1964.

Er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar, og enn fremur, að nefnd bygging verði fjarlægð

af nefndri landspildu ákærða á hans kostnað og með niðurrifi, ef með þarf.

Af ákærða hálfu er krafizt sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins og málskostnaðar að mati réttarins.

Ákæröi er fæddur 26. ágúst 1936 í Reykjavík.

Samkvæmt sakavottorði, dags. 5. júní 1967, hefur hann hlotið áminningu fyrir brot gegn 1. mgr. 36. gr. tolllaga á árinu 1953.

Frá 1954 til 1959 hefur hann níu sinnum gengizt undir sektargreiðslu fyrir brot á umferðarreglum, kr. 75.00—kr. 200.00 hverju sinni, og fjórum sinnum hlotið áminningu fyrir ólöglegt bifreiðastæði. Á árinu 1963 hefur hann þolað dóm fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga, 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár. Loks hefur hann á árinu 1966 gengizt undir greiðslu 3.500.00 króna sektar og upptöku á matvælum fyrir brot á 38. og 39. gr. laga nr. 68/1956.

Málavextir.

Með kaupsamningi, dags. 11. maí 1966, og afsali, dags. 2. september 1966, varð ákærði löglegur eigandi að landspildu úr landi Laugabóls í Mosfellssveit. Hafði sveitarsjóði Mosfellshrepps áður verið boðið að neyta forkaupsréttar, en því boði verið hafnað.

27. maí 1966 ritaði sveitarstjóri hreppsins ákærða bréf, þar sem gerð er grein fyrir ákvæði byggingarsamþykktar Mosfellshrepps um, að ekki megi reisa hús eða önnur mannvirki innan hreppsins nema með samþykki byggingarnefndar og sveitarstjórnar. Er ákærða jafnframt tilkynnt, að byggingar verði ekki leyfðar á landi hans, fyrr en ákvæðið hafi verið heildarskipulag á landsvæði því, sem lóð ákærða er hluti af, samþykkt bæði af skipulagsstjóra ríkisins og hreppsnefnd Mosfellshrepps.

3. júní 1966 ritaði ákærði ásamt fimm öðrum eigendum lóða úr landi Laugabóls bréf til hreppsnefndar Mosfellshrepps, þar sem þeir sækja um heimild til að láta skipuleggja lönd sín til íbúðarhúsabygginga. Lönd þessara manna munu liggja saman. Erindi þetta var borið upp á fundi hreppsnefndar 3. júní 1966 og ákveðið að leita umsagnar skipulagsstjóra. Umsögn skipulagsstjóra var á þann veg, að hann teldi ekki tímabært að taka svæðið til skipulagningar og gæti því ekki mælt með erindinu.

4. ágúst 1966 ritaði ákærði hreppsnefnd bréf, þar sem hann fer þess á leit að fá að reisa sumarbústað á landi sínu og láta hann standa þar næstu 5 árin, en kveðst munu skuldbinda sig til að fjarlægja húsið án tafar, ef þarfir skipulags krefjist. Lofar hann

að nota bústaðinn aðeins fyrir sig og fjölskyldu sína og hvorki selja hann né leigja. Býðst hann til að greiða gatnagerðargjald án þess að gera kröfu til gatnagerðar og kveðst sjálfur munu kosta og framkvæma frárennslislögn og vatnslögn, ef þörf krefji.

Þetta erindi var tekið fyrir á fundi hreppsnefndar 16. ágúst 1966 og vísað til skipulagsstjóra. Í bréfi til hreppsnefndar, dags. 20. september 1966, mælir skipulagsstjóri gegn erindinu með þeim rökum, að svæðið sé óskipulagt og því óráðlegt að leyfa þar nokkra byggð. Á fundi hreppsnefndar 27. september 1966 var umsókninni synjað og ákærða síðan tilkynnt ákvörðunin í bréfi, dags. 7. október 1966.

Eftir þessi málalok flutti ákærði tilbúið sumarhús úr timbri á land sitt. Mun það hafa verið eftir miðjan október 1966. Hús þetta er sem næst 5×10 metrar að flatarmáli. Hvílir það á járngrind af bifreið, og eru bílhjól undir. Stálbitar eru festir ofan á bílgrindina, 5 metra langir, og hvílir húsið á þeim. Hjólin hafa verið grafin ofan í svörðinn, þannig að húsið stendur lárétt. Grindin er bundin með jarðföstum járnstöngum. Undir útveggi hússins hafa verið settar sex stoðir, sem virðast hvíla á jörðinni. Við hlið bústaðarins hefur verið komið fyrir sökklum í jörðu, steinsteyptum sívalningum, sem steyptir hafa verið í mót úr pappatunnum. Upp úr sökklinum ganga járnboltar, ætlaðir til að festa botngrind hússins við sökklana.

Ákærði hefur skýrt svo frá fyrir dóminum, að hann hafi í fyrstu viku ágústmánaðar árið 1966 steypt undirstöður þessar með það fyrir augum að reisa á þeim sumarbústað. Þegar þar var komið verkinu, að ákærði hugðist reisa húsgrindina, kom byggingarfulltrúi hreppsins að máli við hann og lagði fyrir hann að fjarlægja allt byggingarefnið, bæði það, sem óunnið var, og það, sem unnið hafði verið úr.

Ákærði kveðst tafarlaust hafa flutt byggingarefnið til Reykjavíkur og reist húsið þar á stálgrind. Síðan kveðst hann hafa flutt húsið á land sitt aftur fullsmíðað í því skyni að geyma það þar, þar til hann hefði fengið lóð annars staðar. Telur hann, að hann geti fjarlægt húsið fyrirvaralaust á nokkrum mínútum, verði það talið í vegi fyrir skipulagi. Síðan hefur ákærði notað húsið sem sumarbústað, dvalið þar um helgar á sumrum með fjölskyldu sinni, en síður á vetrum vegna rafmagnsleysis, að því er hann sjálfur segir.

Í bréfi til réttarins, dagsettu 14. febrúar 1968, skýrir skipulagsstjóri svo frá, að hann hafi gefið ákærða greinilegar upplýsingar

um það, hvaða lög og reglur giltu í byggingarmálum Mosfellshrepps, áður en hann flutti húsið á land sitt.

Málsástæður.

Skipaður verjandi ákærða hefur rökstutt sýknukröfu með því, að ákærði hafi ekki brotið gegn þeim ákvæðum skipulagslaga og byggingarsamþykktar, sem mæli ólögmætt og refsivert það atferli að reisa hús án tilskilins leyfis, þar sem húsið hafi verið sett saman annars staðar og hafi verið flutt á staðinn á hjólum. Er á því byggt, að húsið sé sem hvert annað lausafé, sem skipulagslög taki ekki til, enda megi fjarlægja það fyrirvaralaust.

Í annan stað er því haldið fram, að þótt ekki verði fallizt á þessa aðalröksemd, beri ekki að refsa ákærða fyrir atferli hans, þar sem fjöldi manna hafi reist hús í Mosfellssveit án leyfis og án þess að skipulagsyfirvöld hafi amazt við því.

Sérstök áherzla er lögð á, að ef ákærða yrði refsað, væri brotið gegn þeirri meginreglu, að lög eigi að ganga jafnt yfir alla.

Álit réttarins.

1. Refsikrafa.

Samkvæmt framansögðu er leitt í ljós, að ákærði hóf byggingarframkvæmdir á landspildu sinni í Mosfellshreppi án leyfis og eftir að honum höfðu sérstaklega verið kynntar reglur þær, sem óheimila framkvæmdir hans, og honum verið tilkynnt af þar til bæru yfirvaldi, að byggingar yrðu ekki leyfðar á landi hans. Eftir að byggingarfulltrúi hafði stöðvað framkvæmdir hans, flutti hann síðan fullbyggt hús á land sitt, staðsetti það þar og hefur síðan hagnýtt það sem sumarbústað og ekki sinnt kröfum um að flytja það brott.

Ákærði hefur þannig brotið gegn ákvæðum þeim, sem greind eru í ákæruskjali svo og gegn 26. gr. lögreglusamþykktar fyrir Kjósarsýslu nr. 146/1941, sbr. 42. gr. samþykktarinnar. Þykir það ekki geta breytt þessari niðurstöðu, að stefnandi hefur flutt hús sitt fullbúið á hjólum á land sitt, en við ákvörðun refsingar þykir bera að virða þessa háttsemi sem tilraun til að sniðganga lög og reglur. Ekki þykir fært að fallast á þá röksemd, að refsing ákærða eigi að falla niður, vegna þess að aðrir hafi brotið sömu reglur og hann. Með hliðsjón af ofangreindu og öðrum atvikum, sem máli skipta, þykir sekt ákærða hæfilega ákveðin kr. 10.000.00.

2. Krafa um brottflutning húss.

6. gr. skipulagslaga nr. 19 frá 1964 hljóðar svo:

„Nú er bygging eða gerð mannvirkis hafin á skipulagsskyldu svæði, án þess að tilskilin leyfi séu fengin, eða á annan hátt byggt

en leyfi stendur til og skipulag gerir ráð fyrir, og skal sveitarstjórn (byggingarnefnd) þá hlutast til um, að framkvæmdir verði þegar stöðvaðar og fjarlægt það, sem byggt kann að hafa verið án leyfis. Gerist þess þörf, skal leitað til hlutaðeigandi yfirvalds, og skal farið með slík mál að hætti opinberra mála.

Sveitarsjóður greiðir kostnað við framkvæmd yfirvalds, en skyldur skal hinn seki að endurgreiða kostnaðinn. Sveitarsjóður á forgangsveð fyrir endurgreiðslukröfu sinni í því efni, sem komið er í hina ólöglegu byggingu.

Nú kemur í ljós, að skipulagsákvæði eru brotin, og sveitarstjórn beitir ekki valdi sínu til að leiðrétta það, og skal þá ráðuneytið, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar, hlutast til um, að mannvirki, sem tvímælalaust brjóta í bág við gildandi skipulag, verði fjarlægð á kostnað sveitarsjóðs".

Í 2. gr. laga nr. 82 frá 1961 um meðferð opinberra mála segir svo um mál til brottnáms ólögmæts ástands, að þau skuli sæta rannsókn og meðferð samkvæmt lögunum, enda eigi fyrirsvarsmaður almenningshagsmuna aðild.

Ákvæði þetta ber að skilja á þann veg, að því aðeins skuli rannsókn og meðferð máls til brottnáms ólögmæts ástands fara samkvæmt lögunum, að ólögmætt ástand sé talið fara í bág við opinbera hagsmuni. Ákvæði þetta virðist og fela í sér, að gæzlumenn þeirra hagsmuna fari með aðild máls. Val hugtaksins aðild í nýlegum réttarfarslögum verður vart skilið á annan veg, enda hníga eðlisrök til þess skilnings. Regla 11. tl. 2. gr. laga nr. 82/1961 er frávik frá almennum réttarfarsreglum, og ber að skýra hana þröngt. Hreppsnefnd Mosfellshrepps á þannig aðild brottnámskröfunnar og að henni frágenginni félagsmálaráðuneytið. Ekki girðir þessi ályktun þó fyrir, að krafan verði höfð uppi í opinberu refsimáli með hliðstæðum hætti og bótakrafa vegna tjóns af refsiverðu atferli, sbr. XVII. kafla laga nr. 82/1961.

Við þingfestingu málsins 21. september 1967 var eftirfarandi bókað að ósk umboðsmanns Mosfellshrepps: „Ég er mættur hér að tilhlutan dómarans. Hins vegar lít ég svo á, að Mosfellshreppur sé ekki aðili máls, þar sem saksóknari hefur gefið út ákæruskjal, sem innifelur allar kröfur Mosfellshrepps, sem ég skoða sem kæranda. Af þeim sökum tel ég, að saksóknara ríkisins beri að reka málið".

Ekki verður talið, að umboðsmaðurinn hafi með þessari yfirlýsingu viljað hindra, að krafa umbjóðanda hans um brottflutning næði fram að ganga í málinu. Í yfirlýsingunni felast hins vegar

mótmæli gegn því, að Mosfellshreppur verði talinn hliðsettur ákæruvaldinu sem aðili að rekstri málsins.

Samkvæmt framansögðu ber ákærða þannig að hlýta því, að sumarbústaður hans verði fjarlægður af landspildu hans í Laugabólslandi í Mosfellssveit á hans kostnað og með niðurrifi, ef með þarf.

Loks þykir bera að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dráttur hefur orðið á meðferð málsins, meðan beðið var greinargerðar hreppsnefndar um ólöglega staðsettar byggingar í Mosfellssveit. Að öðru leyti hefur rekstur málsins verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Þór Söebech, greiði 10.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 10 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Hús ákærða á spildu hans úr landi Laugabóls í Mosfellssveit skal fjarlægjast á kostnað ákærða með niðurrifi, ef með þarf.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 2. júní 1969.

Nr. 78/1969. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Sveinbirni Björnssyni
(Ingi R. Helgason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn umferðarlögum og reglum um öxulþunga bifreiða.

Dómur Hæstaréttar.

Málavöxtum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi og brot ákærða þar réttilega fært til refsiákvæða.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 6.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 6 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og málflutningslaun verjanda síns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sveinbjörn Björnsson, greiði 6.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 6 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og málflutningslaun verjanda síns, Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. janúar 1969.

Ár 1969, fimmtudaginn 23. janúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörns-

syni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 35/1969: Ákæruvaldið gegn Sveinbirni Björnssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dagsettri 19. f. m., gegn Sveinbirni Björnssyni bifreiðarstjóra, Dunhaga 18, fæddum 2. júní 1943 í Reykjavík, „fyrir ofhleðslu vöruflutningabifreiðarinnar R 13230 fimmtudaginn 25. janúar 1968 á leiðinni frá Vatnsskarði til Reykjavíkur, með því að heildarþyngd bifreiðarinnar, er lögreglan stöðvaði akstur ákærða á Reykjanesbraut við Jófríðarstaði áðurnefndan dag um kl. 1640, var 16.100 kg., þungi á framöxli 3.700 kg., þungi á afturöxli (einföldum) 12.400 kg., en samkvæmt skráningarskírteini bifreiðarinnar er leyfður hámarksþungi á öxli 10.500 kg. og heildarþyngd bifreiðarinnar 16.500 kg., en leyfður hámarksþungi á öxli ökutækis á umræddri leið 10.000 kg., sbr. auglýsingu frá vegamálastjóra 29. júlí 1967 um undanþágur frá 55. og 56. gr. laga nr. 26/1958, sbr. nú lög nr. 40/1968, um mestu breidd og hámarksöxulþunga bifreiða.

Telst brot ákærða varða við 2. mgr. 17. gr. og framangreinda auglýsingu vegamálastjóra frá 29. júlí 1967, sbr. 3. mgr. 56. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, sbr. nú lög nr. 40/1968.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Hinn 25. janúar 1968 kl. 1640 var ákærði stöðvaður af bifreiðaeftirlitsmönnum, er hann var að aka bifreiðinni R 13230 með hraunfarm (bruna) frá Vatnsskarði. Var bifreiðin tekin til athugunar á því, hvort hún væri löglega hlaðin. Reyndist heildarþyngd 16.100 kg., þungi á framöxli 3.700 kg. og á afturöxli 12.400 kg. Samkvæmt skráningarskírteini bifreiðarinnar var leyfður hámarksþungi á framöxli 6.000 kg., en á afturöxli 10.500 kg. Samkvæmt auglýsingu vegamálastjóra 17. júlí 1967 mátti hámarksöxulþungi á umræddri leið vera 10.000 kg.

Ákærði hefur gert þá athugasemd við ákæruna, að hann efi, að aðstæður hafi verið slíkar á vigtunarstað, að rétt mæling hafi fengizt. Telur hann að halli hafi verið þar, sem bifreiðin var vegin. Þá hefur ákærði dregið í efa, að um löglega vog hafi verið að ræða.

Þeir Arnkell Jónas Einarsson vegaeftirlitsmaður og Hafsteinn Sölvason bifreiðaeftirlitsmaður framkvæmdu vigtunina. Þeir hafa staðfest framanskráðar þungatölur, og segja þeir bifreiðina hafa verið vegna á hábungu Reykjanesbrautar ofan við Jófríðarstaði

(í Hafnarfirði) og hafi þar ekki verið um neinn halla að ræða. Þeir segja að birtu hafi verið tekið að bregða, en þeir hafi haft ljósker til þess að lýsa á vogina. Við vigtunina hafi þeir fylgt þeirri reglu að miða við næsta heila strik neðan við nálina á voginni. Geti það leitt til þess, að þunginn sé í kæru tilgreindur allt að 100 kg. minni en verið hafi, þar sem bil milli strika sé 100 kg.

Arnkell Jónas hefur hinn 22. júní 1967 verið löggiltur vigtarmaður til þess að vega ökutæki við eftirlit með ákvæðum umferðarlaga um öxulþunga.

Samkvæmt vottorði Löggildingarstofunnar voru 12. maí 1967 prófaðar vogir frá Vegagerð ríkisins, og var Vegagerðinni heimiluð notkun þeirra við ákvörðun öxulþunga bifreiða á árinu 1967 upp í allt að 8.500 kg. með þeim takmörkunum, að miðað sé við minnst 100 kg. Við vigtun bifreiðar ákærða voru samkvæmt framburði Arnkels Jónasar Einarssonar notaðar í senn tvær slíkar vogir, þannig að þegar þungi á afturöxli var mældur, var sín vogin undir hvoru afturhjóli. Samkvæmt framburði Arnkels Jónasar og Hafsteins var þungi talinn samkvæmt striki því, sem næst var neðan við nálina á voginni.

Niðurstöður.

Samkvæmt vigtun þeirri, sem eftirlitsmenn framkvæmdu 25. janúar 1968, en ekki hefur verið sýnt fram á annað en að hún hafi verið gerð að öllu leyti samkvæmt réttum reglum, reyndist þungi á afturöxli bifreiðar ákærða 1.900 kg. meiri en skoðunarvottorð bifreiðar heimilaði og 2.400 kg. meiri en lögleyfður hámarksþungi á umræddum vegi. Hefur ákærði þannig unnið til refsingar samkvæmt 2. mgr. 17. gr. og 56. gr. umferðarlaga, sbr. auglýsingu vegamálastjóra 29. júlí 1967. Refsing ákærða, sem hefur hinn 30. ágúst 1967 sætzt á greiðslu 2.400 kr. sektar fyrir sams konar brot, þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga hæfilega ákveðin 4.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 7 daga varðhald fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Sveinbjörn Björnsson, greiði 4.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 7 daga í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 4. júní 1969.

Nr. 119/1968. **Kristján Ómar Kristjánsson**
(Ingi R. Helgason hrl.)
gegn
Páli Aðalsteinssyni
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. júní 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda og hið áfrýjaða fjárnám verði fellt úr gildi. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa aðiljar gefið skýrslur fyrir dómi, og nokkur önnur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Með samningi 11. febrúar 1963 sömdu aðiljar um kaup á sandi til múrhúðunar. Var magn áætlað 7.000 tunnur og verð ákveðið kr. 15.00 fyrir hverja tunnu. Í samningi þessum var einnig greint um greiðsluskilmála. Stefndi hefur fyrir dómi viðurkennt, að áfrýjandi hafi greitt honum kr. 10.000.00 upp í viðskipti samkvæmt samningi þessum og auk þess greitt honum eftir samningsgerðina kr. 17.500.00, sem hann hafi á þeim tíma, sem greiðslur fóru fram, „í og með talið að ... væru uppí eldri reikninga“. Hér fyrir dómi hefur stefndi talið, að samningi þessum hafi hann rift vegna vanefnda áfrýjanda.

Stefndi gat ekki samnings þessa og greiðslna í héraðsstefnu né í málflutningi sínum í héraði. Málið er því svo vanreifað,

að ómerkja ber hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð alla í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Áfrýjanda, sem ekki sótti þing í héraði, ber að dæma til að greiða stefnda málskostnað bæði í héraði og hér fyrir dómi, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Kristján Ómar Kristjánsson, greiði stefnda, Páli Aðalsteinssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 12.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. júní 1967.

Mál þetta, sem fyrst var dómtekið 18. maí s.l., en endurupptekið og dómtekið að nýju þann 2. júní s.l., hefur Páll Aðalsteinsson, Frumskógum 4, Hveragerði, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 10. maí s.l., gegn Kristjáni Ómari Kristjánssyni, Kleppsvegi 42, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 30.600.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. desember 1963 til 12. júní 1965, en með 1% vöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að á árinu 1963 hafi samizt svo um milli stefnanda og stefnda, að stefnandi léti stefnda í té sand til pússningar á íbúðum í húsinu nr. 5—7 við Meistaravelli hér í borg. Hafi stefnandi staðið við sinn hluta samkomulagsins og keyrt sand til stefnda fyrir sem svarar stefnufjárhæðinni. Segir stefnandi, að viðskiptin hafi átt sér stað á tímabilinu júní til september 1963 og hafi þau ekki fengizt upp gerð þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir stefnanda til að fá greiðslu.

Stefnandi vísar í framlagða reikninga í málinu, þar sem viðskiptin eru sundurliðuð á fylginótum. Í greinargerð tekur stefnandi sérstaklega fram varðandi reikninga á dómsskjölum nr. 3 og 4, að yfirskrift þeirra: „Mjölnir, Árnessýslu", byggist á því, að stefnandi sé félagi í Vörubílstjórafélaginu MJÖLNI, Árnessýslu, og skrifi þar af leiðandi á eyðublöð þess félags. Þá bendir stefnandi á, að áfastar við reikning á dómsskjali nr. 3 séu 9 nótur og

áfastar við reikning á dómsskjali nr. 4 fjórar nótur, en móttökukvittanir séu á öllum nótunum.

Þann 2. júní var mál þetta endurupptekið, og skilaði þá stefnandi sókn í málinu til þess að skýra nánar einstakar nótur, sem fram eru lagðar í málinu, og þá sérstaklega varðandi bifreiðar þær, sem skráðar eru á nóturnar. Í sókn stefnanda segir m. a.:

„... Að gefnu tilefni vil ég taka eftirfarandi fram varðandi dómskjöl nr. 3 og 4, lögð fram á bæjarþingi Reykjavíkur 18. maí 1967 í máli þessu.

1. Bifreiðarnar X-1532 og X-1417 átti stefnandi sjálfur á greindum tíma. Með þeim bifreiðum var ekið sandi þeim, sem greint er frá á fskj. nr. 5 á dskj. nr. 3, og eru nöfn þau, sem á þá nótu eru rituð, móttökukvittanir þeirra aðila, sem tóku við sandinum fyrir hönd stefnda.
2. Bifreiðina X-454 á Svavar Marteinsson, Hveragerði, en bifreiðina X-754 á Skúli Marteinsson, Hveragerði. Ástæðan til þess, að þessir aðilar óku sandi á vegum umbjóðanda míns, er sú, að umbj. minn hefði ella ekki getað staðið við afhendingarskyldu sína samkvæmt pöntunum frá stefnda. Bræðurnir Skúli og Svavar Marteinssynir óku sandi þeim, sem getur á nótum nr. 20, 27, 26, 28, 36, 38, 30, 31 á dskj. 3 og nótum nr. 17, 19, 40 á dskj. 4. Akstur skv. reikningi dags. 30. 9. 1963 á dskj. nr. 4 mun stefnandi sjálfur hafa séð um.
3. Varðandi ástæðuna til þess, að nafnið Pétur Árnason er á nótum nr. 20, 27, 26, 28, 36, 38, 30, 31 á dskj. nr. 3 og nr. 19 á dskj. nr. 4, er greind á dskj. nr. 6, en af því er ljóst, að Pétur Árnason, múrarameistari, mun hafa annazt múrverk á húsi stefnda, Meistaravöllum nr. 5—7, og skráðu bræðurnir Svavar og Skúli nafn Péturs á nóturnar af vanþekkingu sinni á málavöxtum. Varðandi aðrar nafnritanir á nótur þessar er rétt að geta þess, að þar mun vera um að ræða móttökukvittanir ýmissa starfsmanna stefnda ...“.

Á dskj. nr. 6 er svohljóðandi yfirlýsing, dagsett í Hveragerði 30. maí 1967:

„Við undirritaðir vörubifreiðarstjórar í Hveragerði ókum sandi að Meistaravöllum 5—7 í Reykjavík að beiðni Páls Aðalsteinssonar í Hveragerði. Þetta var á miðju árinu 1963. Af ókunnugleik spurðum við að múrarameistara til að nafnsetja nóturnar, sem ekki var rétt að öðru en því, sem Páll tjáði okkur, að Kristján

Ómar Kristjánsson væri greiðandi sandsins, en Pétur Árnason mun hafa verið meistari við múrverk hússins.

X-754 X-454

Skúli Marteinsson, Hveragerði Svavar Marteinsson, Hveragerði".

Á nótu nr. 5, sem er fyrsta fylgiskjal með dskj. nr. 3, sést, að fyrsta úttekt á sandi hefur átt sér stað 10. júní 1963, en hinar allar síðar næstu mánuði.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina, eins og þær liggja fyrir.

Málskostnaður ákveðst kr. 6.000.00.

Björn Þ. Guðmundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan. Dómsuppkvaðningin hefur dregizt vegna gífurlegra anna dómarans.

Dómsorð:

Stefndi, Kristján Ómar Kristjánsson, greiði stefnanda, Páli Aðalsteinssyni, kr. 30.600.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. desember 1963 til 12. júní 1965, en með 1% vöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags og kr. 6.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 4. júní 1969.

Nr. 206/1968. **Blikksmiðja J. B. Pétursson**
(Kristinn Sigurjónsson hrl.)
gegn
Bjarna Linnet (Gústaf A. Sveinsson hrl.)
og Sæmundi Jóhannssyni (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál. Fjárnám. Ósönnuð aðild. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. nóvember 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. október 1968. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði ómerkt og stefnda Bjarna Linnet dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Bjarni Linnet krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi fyrir Hæstarétti.

Stefndi Sæmundur Jóhannsson hefur ekki sótt þing.

Áfrýjandi var ekki aðili máls þessa í héraði. Í stefnu og greinargerð hér fyrir dómi kveðst áfrýjandi áfrýja máli þessu „sem meðalgöngumaður" án þess að greina á hverju byggist aðild hans að málinu. Þar sem áfrýjandi hefur engin gögn fært fram fyrir því, að hann eigi aðild máls þessa, ber að sýkna stefndu af kröfum hans.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda Bjarna Linnet málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Stefndu, Bjarni Linnet og Sæmundur Jóhannsson, skulu vera sýknir af kröfum áfrýjanda, Blikksmiðju J. B. Pétursonar, í máli þessu.

Áfrýjandi greiði stefnda Bjarna Linnet kr. 8.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 28. október 1967.

Ár 1967, laugardaginn 28. október, var fógetaréttur Gullbringu- og Kjósarsýslu settur að Lækjarfit 5, Garðahreppi, og haldinn með undirrituðum vottum af Skúla Thorarensen.

Fyrir var tekið fógetaréttarmálið: Bjarni Linnet gegn Sæmundi Jóhannssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 og 2 gerðarbeiðni og endurrit fjárnáms, svohljóðandi ....

Gerðarbeiðandi mætir sjálfur og Gústaf A. Sveinsson hæstaréttarlögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 100.000.00 með 1% vöxtum á mánuði frá 25. júlí 1967 til greiðsludags, kr. 1.440.00 í banka-, stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 16.025.00 í málskostnað, kostnað við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, er skráður er til lögheimilis hér, er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir Már Pétursson að tilhlutan fógeta.

Áminntur um sannsögli kveðst mætti ekki geta greitt og bendir ekki á eignir.

Samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda og ábendingu hans lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign/eignarhluta gerðarþola sem gler talið í vörzlu Cudoglers h/f, Reykjavík. Magn þess er ókunnugt. Krafa gerðarþola á hendur Jóhannesi Jónassyni bifreiðarstjóra, Móaflöt 51, Garðahreppi, kr. 70.000.00 að áætlun gerðarbeiðanda.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar.

Fógeti bryndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá gerð þessari.

Föstudaginn 6. júní 1969.

Nr. 56/1968. **Björn Pálsson og Húni h/f**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Kaupfélagi Eyfirðinga og gagnsök
(Friðrik Magnússon hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Verksamningur. Skuldamál. Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

I.

Aðaláfrýjendur hafa, að fengnu gjafsóknarleyfi 18. marz 1968, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. marz 1968 og gert þessar dómkröfur:

Aðalkrafa, að þeim verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda.

1. varakrafa, að þeim verði dæmd sýkna gegn greiðslu úr hendi Húna h/f á kr. 450.412.62 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1963 til greiðsludags.

2. varakrafa, að þeim verði dæmd sýkna gegn greiðslu úr hendi Húna h/f á kr. 710.173.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1963 til greiðsludags.

Þá krefjast aðaláfrýjendur málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi gagnáfrýjanda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 23. apríl 1968 og gert þessar dómkröfur:

Aðalkrafa, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 2.703.873.43 ásamt 9½% ársvöxtum frá 1. janúar 1964 til 1. janúar 1965, 8½% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 9½% ársvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags.

Varakrafa, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að undanskildu ákvæði hans um málskostnað.

Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjenda.

II.

Samkvæmt verksamningi, dags. 3. janúar 1962, sem rakinn er í héraðsdómi, tókst Skipasmíðastöð K. E. A., Akureyri, á hendur að smíða fyrir aðaláfrýjanda Björn Pálsson v/b Húna II, HU 2, sem í málinu greinir. Hinn 1. maí 1963 stofnaði Björn Pálsson ásamt fleiri aðiljum Húna h/f. Gerðist Björn framkvæmdastjóri þessa hlutafélags, sem stofnað var til að gera bátinn út.

Eftir ákvæðum verksamningsins skyldi smíð bátsins lokið „febrúar/marz 1963". Ber að skilja samningsákvæði þetta þannig, að smíðandi bátsins hefði fullnægt samningnum að þessu leyti, ef hann hefði lokið verkinu fyrir 1. apríl 1963. Smíð bátsins hófst í marzmánuði 1962, og henni lauk ekki fyrr en 15. júlí 1963, er hann var afhentur.

Í afsali 10. júlí 1963, þinglýstu 12. s. m., lýsti gagnáfrýjandi því, að skipasmíðastöð hans hafi „nýlokið smíði og afhent til eiganda, sem er Húni h.f., Skagaströnd, 115 lesta fiskibát, samkvæmt byggingasamningi, dags. 3. janúar 1962. Báturinn hefur hlotið nafnið „Húni II", HU 2". Síðan segir í afsalinu: „Hinir nýju eigendur hafa samið um og gengið frá greiðslum byggingarkostnaðar til skipasmíðastöðvarinnar og eru því löglegir eigendur fyrr greinds báts". Samtímis tók gagnáfrýjandi við yfirlýsingu um efndir verksamningsins, sem rakin er í héraðsdómi og upphaflega var stíluð í nafni aðaláfrýjanda Björns Pálssonar persónulega, en hann, þá er til kastanna kom, undirritaði einungis „pr. pr. h.f. Húni Björn Pálsson". Eins og undirskrift yfirlýsingar þessarar er háttað og samkvæmt efni greinds afsals gagnáfrýjanda, verður við það að miða, að skuldskeyting frá aðaláfrýjanda Birni Pálssyni til aðaláfrýjanda Húna h/f hafi farið fram. Ber því að telja aðaláfrýjanda Björn lausan mála, og verður hann sýkn dæmdur af kröfum gagnáfrýjanda.

III.

Að tilhlutan Hæstaréttar hefur Ragnar Ólafsson, hæsta-

réttarlögmaður og löggiltur endurskoðandi, framkvæmt reikningslega athugun í málinu.

Samkvæmt reikningum skipasmíðastöðvar gagnáfrýjanda er kostnaðarverð v/b Húna:

Innkaupsverð véla og tækja	kr.	5.437.865.48
Innkaupsverð efnis	—	2.723.504.14
Vinna o. fl.	—	4.558.391.00
Samtals	kr.	12.719.760.62
Frá dregst endurgreiddur tollur:		
Vegna véla ..... kr. 829.275.85		
Vegna efnis ..... — 332.281.15	kr.	1.161.557.00
	Kr.	11.558.203.62
Frá dregst vegna reikningsskekkju	—	10.30
	Kr.	11.998.773.43
Þar við bætir gagnáfrýjandi vöxtum, er hann telur nema samkvæmt 5. gr. verksamningsins til ársloka 1963	—	440.580.11
	Kr.	11.998.773.43
Upp í það hefur aðaláfrýjandi Björn greitt ..... kr. 840.000.00		
Þá hefur og lán úr Fiskveiðasjóði gengið til greiðslu á verði bátsins ..... — 8.454.900.00	—	9.294.900.00
Kemur þá út stefnukrafan	kr.	2.703.873.43

Samkvæmt beiðni aðaláfrýjenda voru hinn 22. október 1964 dómkvaddir tveir sérkunnáttumenn til að meta, hvert hafi verið eðlilegt kostnaðarverð v/b Húna II. Þeir kváðu upp mat sitt 2. desember 1964 og töldu smíðaverð bátsins hæfilega ákveðið *kr. 10.395.000.00*, og er þá „reiknað með, að byggingartíminn sé frá miðjum janúar 1962 til miðs marz

1963, og í heildarupphæðinni er ekki reiknað með tollum né söluskatti". Með skírskotun til raka héraðsdóms verður mat þetta eigi lagt til grundvallar um smíðaverð nefnds fiskibáts.

IV.

Svo sem áður greinir, bar gagnáfrýjanda samkvæmt verksamningi að skila bátnum fullsmíðuðum fyrir 1. apríl 1963, en skilaði honum ekki fyrr en 15. júlí 1963. Hefur gagnáfrýjanda eigi tekizt að sanna, að aðaláfrýjendur beri ábyrgð á drætti þeim, sem varð á afhendingu bátsins. Í málinu hafa verið lagðar fram matsgerðir um tekjumissi eiganda bátsins, vegna þess að hann var ekki gerður út „tímabilið 1. marz 1963 til júlíloka sama ár". Hins vegar liggja eigi fyrir gögn um tekjumissi, vegna þess að báturinn varð eigi nýttur frá 31. marz 1963 til miðs júlímánaðar s. á. Er málið því vanreifað um þetta sakarefni. Af því leiðir, að ómerkja ber ákvæði héraðsdóms um það og vísa gagnkröfu í málinu vegna tekjumissis af greindum sökum frá héraðsdómi.

V.

Verða nú teknar til úrlausnar kröfur aðaláfrýjanda Húna h/f um lækkun stefnukröfu.

1. Aflúrtak. Upphaflega var keypt til bátsins aflúrtak, er kostaði kr. 20.404.55. Nýttist það ekki. Var þá keypt annað aflúrtak á kr. 44.644.44, sem notað var. Eiganda bátsins er samkvæmt gögnum málsins eigi skylt að greiða andvirði hins ónotaða tækis, og á stefnukrafan því að lækka um verð þess, kr. 20.404.55.

2. Efnisleifar. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um frádrátt vegna efnisleifa, kr. 50.000.00.

3. Næturvinnuálag. Samkvæmt gögnum málsins og eins og það hefur verið lagt í dóm, þykir eiga að staðfesta ákvæði héraðsdóms um frádrátt vegna næturvinnuálags, kr. 190.000.00.

4. Vextir. Samkvæmt reikningi Ragnars Ólafssonar á vaxtakrafa gagnáfrýjanda að lækka um kr. 42.947.37.

5. *Söluskattur.* Í bréfi skattstjóra Norðurlands, dags. 21. september 1964, til gagnáfrýjanda er því lýst, „að Fjármálaráðuneytið hafi ákveðið að innheimta ekki viðskiptasöluskatt af vinnu, þar með talinni vélavinnu, við nýsmíði skipa. Einnig, að framangreind undanþága skuli gilda frá 1. apríl 1960". Smíð v/b Húna hefði átt að njóta góðs af þessu ákvæði. En eigi verður séð, að gagnáfrýjandi hafi hagnýtt sér það, og verður hann að bera halla af því. Samkvæmt skýrslu Ragnars Ólafssonar verður, eins og sönnunargögnum er háttað, við það að miða, að söluskattur, innifalinn í kröfu gagnáfrýjanda vegna vinnu við v/b Húna, nemi kr. 107.396.00, og á sú fjárhæð að koma til frádráttar stefnukröfunni.

6. Fjárhæðir, sem koma eiga til frádráttar stefnukröfu samkvæmt V, 1—5, nema samtals kr. 410.747.92. Gagnáfrýjandi hefur reiknað sér í stefnukröfu sinni 9½% vexti af þessari fjárhæð frá 15. júlí 1963 til 1. janúar 1964, samtals kr. 17.884.66, sem einnig eiga að koma til frádráttar stefnukröfunni.

VI.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, ber að dæma aðaláfrýjanda Húna h/f til að greiða gagnáfrýjanda kr. 2.703.873.43, að frádregnum kr. 20.404.55 + kr. 50.000.00 + kr. 190.000.00 + kr. 42.947.37 + kr. 107.396.00 + kr. 17.884.66, þ. e. kr. 2.275.240.85, ásamt vöxtum samkvæmt verksamningi og kröfugerð, eins og í dómsorði segir.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti þykir eiga að falla niður, að því er varðar aðaláfrýjanda Björn Pálsson. Aðaláfrýjandi Húni h/f greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 280.000.00.

Gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjenda fyrir Hæstarétti, þar á meðal laun talsmanns þeirra, kr. 150.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um gagnkröfu, sem getur í IV. kafla, eru ómerkt, og er henni vísað frá héraðsdómi.

Aðaláfrýjandi Björn Pálsson á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Kaupfélags Eyfirðinga, og fellur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti þeirra í milli niður.

Aðaláfrýjandi Húni h/f greiði gagnáfrýjanda kr. 2.275.240.85 ásamt 9½% ársvöxtum frá 1. janúar 1964 til 1. janúar 1965, 8½% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 9½% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 280.000.00.

Gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjenda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns þeirra, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 150.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 3. febrúar 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. janúar 1968, hefur stefnandi, Kaupfélag Eyfirðinga, Akureyri, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 29. janúar 1965, á hendur Birni Pálssyni alþingismanni, Ytri-Löngumýri, Austur-Húnavatnssýslu, og Húna h/f, Höfðakaupstað, til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð kr. 2.703.873.43 ásamt 9½% ársvöxtum frá 1. janúar 1964 til 1. janúar 1965 og 8½% ársvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags svo og málskostnaði að skaðlausu. Við munnlegan málflutning breytti stefnandi kröfu sinni þannig, að krafizt var 9½% ársvaxta frá 1. janúar 1964 til 1. janúar 1965, 8½% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1966, en 9½% ársvaxta frá þeim tíma til greiðsludags.

Stefndu hafa krafizt sýknu af kröfum stefnanda og þeim verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Við munnlegan málflutning settu stefndu kröfur sínar þannig fram:

„*Aðallega,* að stefndu verði algjörlega sýknaðir af kröfum stefnanda öllum í málinu, en *til vara,* að viðurkennt verði með dómi réttarins, að það, sem á kunni að vanta, að stefnandi hafi fengið fulla greiðslu samkvæmt verksamningi aðilja frá 3. janúar 1962, beri Húna h.f. einum að greiða og að tildæmdar eftirstöðvar verði stórlega lækkaðar frá því, sem greinir frá í stefnukröfu.

Viðurkennd verði gagnkrafa frá stefndu til skuldajafnaðar kröfum stefnanda vegna rekstrartjóns m.s. Húna II af völdum afhendingardráttar stefnanda að fjárhæð samkvæmt niðurstöðu matsnefnda kr. 399.088.00 og áætlaðar aðrar tjónbætur vegna samningsvanefnda að fjárhæð kr. 150.000.00 (að meðtöldu vaxtatjóni vegna fyrirframgreiðslu) alls til skuldajafnaðar kr. 549.088.00 auk 8½% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 1. febrúar 1963 til greiðsludags.

Þá krefjast stefndu og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati réttarins og sé þar tekið fullt tillit til greiddrar þóknunar til matsmanna, samkvæmt málsskjölum".

Sátta var leitað, en árangurslaust.

Málavextir eru þessir:

Með verksamningi, dags. 3. janúar 1962, tók skipasmíðastöð K.E.A. að sér að smíða fiskibát ca. 120 smálestir fyrir stefnda Björn Pálsson. Um smíði bátsins var gerður samningur, sem lagður hefur verið fram sem dskj. nr. 4 í málinu. Þar sem samningur þessi grundvallar réttarstöðu aðilja, þykir rétt að taka hann upp orðréttan.

„Skipasmíðastöð K.E.A., Akureyri, hér á eftir í samningi þessum nefndur seljandi, annars vegar, og Björn Pálsson, útgerðarmaður, Ytri-Löngumýri, hér eftir í samningi þessum nefndur kaupandi, hins vegar, gera með sér svofelldan

VERKSAMNING:

1. Seljandi tekur að sér að byggja fyrir kaupanda fiskibát, ca. 120 smálestir að stærð. Skal báturinn byggður eftir nýrri teikningu gerðri af Tryggva Gunnarssyni. Að öðru leyti skal báturinn byggður samkvæmt reglum um smíði tréskipa og undir eftirliti skipaskoðunarmanna.

2. Byggingu bátsins skal lokið febrúar/marz 1963, og er seljanda heimilt að láta þá menn, sem að byggingunni starfa á hverjum tíma, vinna amk. 2 klst. í eftirvinnu daglega.

3. Verð bátsins skal reiknast þannig:

A. Vinnulaun, vélavinna og efni, sem seljandi leggur til, skal reiknað á því söluverði, sem hjá honum gildir á hverjum tíma. Ennfremur söluskattur, orlofsfé, tryggingargjöld etc. eftir því, sem venja er að reikna á hverjum tíma.

B. Vélar, vindur og önnur tæki, svo og vinnu og aðra þjónustu, sem kaupa þarf af öðrum aðilum, svo sem járnsmíði, niðursetningu véla og raflagnavinnu, greiðir seljandi og reiknar kaupandi með sama verði og honum er gert að greiða. Skuldbindur seljandi sig til að ná sem hagkvæmustum kjörum í slíkum kaupum, enda skulu öll stærri tæki, svo sem vél og spil, keypt í samráði við kaupanda.

4. Seljandi sér um, að báturinn sé brunatryggður, þar til smíði er lokið, á upphæð, er á hverjum tíma svari vel til þess verðs, sem báturinn stendur í. Iðgjald af brunatryggingu greiðir seljandi fyrir reikning kaupanda.

5. Kaupanda skulu reiknaðir vextir af útlögðum greiðslum sbr. B-lið 3. gr. samnings þessa, jafnháir og gildandi útlánsvextir Landsbankans eru á hverjum tíma. Þá greiðir kaupandi og sömu vexti af heildar-byggingarskuldinni, frá því báturinn var afhentur og þar til greiðsla er fengin.

6. Greiðsla byggingarkostnaðar bátsins skal innt af hendi þannig:

A. Kaupandi greiði seljanda kr. 420 þúsund, þegar kjölur er lagður. Jafn há upphæð greiðist, þegar lokið er niðursetningu vélar.

B. Lán það, sem kaupandi fær úr Fiskveiðisjóði gegn fyrsta veðrétti í bátnum og áætlað er ¾ hlutar af byggingarkostnaði, skal ganga óskipt til seljanda upp í byggingarkostnaðinn og innborgast í síðasta lagi í apríl/maí 1963. Verði Fiskveiðisjóðslánið lægra, skal kaupandi greiða það, sem á vantar á sama tíma. Seljandi hefur eignarhald á bátnum, þar til gengið hefur verið endanlega frá afsali og veðskuldabréfi.

C. Eftirstöðvar byggingarkostnaðarins, allt að 15% af kostnaðarverði, lánar seljandi kaupanda, ef hann óskar þess, gegn öðrum veðrétti í bátnum og annarri viðbótartryggingu, sem seljandi tekur gilda. Skal lán þetta greiðast upp á 6 til 7 árum með jöfnum árlegum afborgunum og gildandi útlánsvöxtum Landsbankans.

7. Samningur þessi er háður öllum „force majeure" skilyrðum, og ber seljandi enga ábyrgð á töfum eða öðrum erfiðleikum, er

stafa af óviðráðanlegum orsökum. Til „force majeure“ telst meðal annars fráfall eða veikindaforföll skipasmíðameistara og smiða yfir lengri tíma, sem gæti valdið töfum á verkinu, verkföll, brunar, eða aðrar óviðráðanlegar skemmdir á húsum, efni, skipi, vél, hvort sem þær stafa af mannavöldum eða náttúruafla, svo og hvers kyns tjón eða tafir við flutning og afgreiðslu efnis, véla o. s. frv.

8. Seljandi ber enga ábyrgð á fúa, sem síðar kynni að koma fram í viðum skipsins.

9. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir bæjarþingi Akureyrar.

10. Samningur þessi er undirritaður í tveimur samritum í viðurvist vitundarvotta, og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Akureyri, 3. jan. 1962.

Seljandi: Kaupandi:

(Ólæsilegt nafn). Björn Pálsson.

Hefi móttekið hér umræddan bát og er samþykkur öllum greinum samnings þessa

Vitundarvottar:
Ólæsilegt nafn Árnason
Bjarni Jóhannsson“.

Smíði bátsins hófst í marz 1962 og lauk ekki fyrr en 15. júlí 1963, en þá var báturinn afhentur kaupendum og hélt til síldveiða. Eins og að framan greinir, var skipasmíðasamningurinn á dskj. nr. 4 gerður við Björn Pálsson persónulega.

Fyrsta maí 1963 stofnaði stefndi Björn Pálsson ásamt fleirum hlutafélagið „Húna“. Heimili þess og varnarþing var í Höfðakaupstað, A.-Húnavatnssýslu. Tilgangur félagsins var að kaupa vélbát og reka útgerð. Hlutafé var kr. 150.000.00. Framkvæmdastjóri félagsins með prókúruumboði var ráðinn Björn Pálsson alþingismaður sem prókúruhafi. Þann 10. júlí 1963 undirritar Björn Pálsson sem prókúruhafi Húna eftirfarandi yfirlýsingu:

„Ég undirritaður, Björn Pálsson, alþingismaður, Ytri-Löngumýri, A.-Húnavatnssýslu, eigandi að m.b. Húna ..., sem skipasmíðastöð K.E.A., Akureyri, hefur byggt fyrir mig samkvæmt byggingarsamningi, dags. 3. janúar 1962, viðurkenni hér með að hafa tekið við bátnum í fullkomnu lagi og með öllu því, er fylgja ber samkvæmt fyrrnefndum samningi.

Þar eð reikningsuppgjör skipasmíðastöðvarinnar yfir byggingarkostnað bátsins liggur enn ekki fyrir og lánsveiting til eiganda

úr Fiskveiðasjóði Íslands, gegn fyrsta veðrétti í bátnum, getur því ekki farið fram nú þegar, lofa ég að ljúka greiðslu á eftirstöðvum byggingarkostnaðar bátsins síðar á þessu ári á þann hátt, sem áskilið er í B og C liðum 6. gr. fyrrgreinds byggingarsamnings. Ég mun, svo sem framast í mínu valdi stendur, sjá um, að fiskveiðasjóðslánið, sem ganga skal til greiðslu byggingakostnaðarins, sbr. B-lið 6. gr. byggingarsamningsins, fáist veitt svo fljótt sem kostur er á.

Sjóvátrygging hefur þegar verið keypt fyrir bátinn hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h.f. að upphæð kr. ..... Vátryggingaskírteini nr. ..... dags. ..... 1963. Farist báturinn áður en fullnaðaruppgjöri byggingarkostnaðar er lokið, skal hið ógoldna greitt af vátryggingarfénu og framselst réttur til vátryggingarfjárins að því leyti til Kaupfélags Eyfirðinga.

Til staðfestu er nafn mitt undirritað í viðurvist votta.

Akureyri, 10. 7. 1963.
Pr. pr. hf. Húni
Björn Pálsson.

Vottar:
Árni Valdimarsson
Guðm. Guðmundsson".

Sama dag undirritar Jakob Frímannsson f. h. stefnanda svohljóðandi afsal:

„AFSAL:

Skipasmíðastöð Kaupfélags Eyfirðinga, Akureyri, hefur nýlokið smíði og afhent til eiganda, sem er Húni h.f., Skagaströnd, 115 lesta fiskibát samkvæmt byggingasamningi, dags. 3. janúar 1962. Báturinn hefur hlotið nafnið „Húni II", HU 2.

Hinir nýju eigendur hafa samið um og gengið frá greiðslum byggingarkostnaðar til skipasmíðastöðvarinnar og eru því löglegir eigendur fyrr greinds báts.

Akureyri, 10. júlí 1963
pr. pr. Kaupfélag Eyfirðinga
Jakob Frímannsson.

Vottar:

.....

f. h. s. Ari Jónsson".

Afsali þessu var þinglýst 12. júlí 1963. Þann 24. júlí 1963 var gengið frá skýrslu um kostnaðarverð bátsins vegna fyrirhugaðrar lántöku hjá Fiskveiðasjóði, og var niðurstaðatalan 11.459.000.00. Þá voru, að því er stefnandi segir, enn ókomnir margir reikningar

vegna smíði bátsins, aðallega vegna aðkeyptra hluta og þjónustu. Í ágúst 1963 afgreiddi Fiskveiðasjóður lán út á bátinn, kr. 8.454.900.00, og gekk sú upphæð inn á smíðareikninginn hjá stefnanda 31. ágúst 1963.

Þegar báturinn kom af síldveiðum um haustið, voru gerðar ýmsar breytingar á honum í skipasmíðastöð stefnanda.

Samkvæmt lokareikningum, sem lagðir hafa verið fram sem dskj. nr. 8 og 9, reyndist endanlegt kostnaðarverð bátsins vera með búnaði kr. 11.558.193.32 að viðbættum vöxtum samkvæmt verksamningi, kr. 457.239.00, eða samtals kr. 12.015.432.00. Upp í kostnaðarverð hafði Björn Pálsson áður greitt kr. 840.000.00, og auk þess hafi Fiskveiðasjóðslánið, kr. 8.454.900.00, gengið til greiðslu á kostnaðarverði bátsins.

Eftir að leiðrétting hafði farið fram á vaxtareikningi til lækkunar um kr. 16.658.89, nam heildarverð bátsins kr. 11.998.773.43.

Eftirstöðvar kostnaðarverðs bátsins námu því í árslok 1963 kr. 2.703.873.43, eða stefnukröfu máls þessa. Af þessari fjárhæð bauðst stefnandi til að taka við kr. 1.875.000.00 í skuldabréfi til sjö ára, útgefnu af stefnda Húna h/f, tryggðu með öðrum veðrétti í bátnum og sjálfskuldarábyrgð eigenda bátsins. Liggur fyrir í málinu uppkast að þessu skuldabréfi á dskj. nr. 20.

Í októberlok 1963 virðist stefnandi hafa framvísað heildarreikningum til stefnda Björns Pálssonar og þá krafizt, að gengið væri frá skuldabréfinu, eins og það liggur fyrir á dskj. nr. 20. Stefndi Björn óskaði eftir því þá að kynna sér öll fylgiskjöl, vinnuskýrslur og fleira.

Umboðsmaður stefnanda óskaði þá eftir, að stefndi Björn kæmi norður til Akureyrar og kynnti sér alla reikninga. Björn mun þá hafa tjáð honum, að hann hefði ekki aðstöðu til að yfirfara reikningana á Akureyri og óskaði eftir, að þeir væru sendir honum suður, þar sem hann gæti kannað þá ásamt löggiltum endurskoðanda.

Leið svo nokkur tími, þar til aðiljar komu sér saman um, að Sigurður Stefánsson, löggiltur endurskoðandi, endurskoðaði reikningana ásamt stefnda Birni.

Þann 12. maí 1964 ritar Sigurður Stefánsson lögmanni stefnanda bréf, þar sem hann lýsir því yfir, að hann hafi borið saman fylgiskjöl við yfirlit, dags. 20. janúar 1964, sbr. dskj. nr. 8 og 9. Jafnframt gerir hann samanburð á verði m/b Húna og annars báts, er smíðaður var sunnanlands. Þá bendir hann á, að söluskattur á efni og vinnu hafi ekki verið færður til baka.

Þann 13. maí 1964 ritar stefndi Björn Pálsson og Sigurður Stefánsson lögmanni stefnanda bréf, þar sem þeir benda á eftirfarandi:

I. Samkvæmt verksamningi hafi átt að skila bátnum febrúar/marz 1963. Hins vegar hafi honum verið skilað og skrásett á hann til síldveiða 15. júlí 1963 og þá ekki verið fullbúinn til síldveiða. Hafi þessi afgreiðsludráttur valdið því, að tapazt hafi bezti tími ársins til útgerðar bátsins, þ. e. tíminn frá 15. febrúar—1. september.

II. Samkvæmt samningi hafi aðeins átt að greiða fyrir dagvinnu og tvo tíma í eftirvinnu, en eftir reikningi sýnist næturvinna vera kr. 410.000.00.

III. Vegna þess hve langan tíma umfram samninga tók að byggja bátinn, hafi vextir orðið hærri en vera þurfti.

IV. Ekki liggi fyrir skýrsla um efnisleifar.

V. Ekki liggi fyrir öll fylgiskjöl með reikningum og ljósprentun á kvittuðum vinnuskýrslum. Vinnuskýrslur séu allar ókvittaðar, og sama kaup virðist reiknað allan tímann, þótt svo virðist sem kaupgjald hafi breytzt á tímabilinu, meðan báturinn var í smíðum.

VI. Ekkert liggi fyrir um innkeypt efni og ógerningur sé að sjá, hve mikið efni hafi verið notað til skipsins. Þá bendi tölulegar breytingar, sem gerðar hafi verið á reikningunum, til þess, að þeir séu ekki nákvæmir.

VII. Af framangreindum ástæðum er talið, að ekki sé hægt að taka reikningana til greina, og er bent á báta af svipaðri stærð, byggða á Akranesi og í Vestmannaeyjum, og megi draga þá ályktun af kostnaðarverði þeirra, að verð m/b Húna sé of hátt.

Bréf þetta undirritar stefndi Björn Pálsson persónulega.

Þann 15. maí 1964 ritar Húni h/f stefnanda bréf, þar sem eftirfarandi er tekið fram.

I. Ítrekað er, að af ástæðum, sem fram eru teknar í bréfi Björns Pálssonar og Sig. Stefánssonar til stefnanda, dags. 13. maí 1964, verði ekki fallizt á að taka reikningana gilda. Til þess að komast hjá deilum bjóði Húni h/f að greiða kr. 10.000.000.00 fyrir skipið, miðað við júlílok 1963, og séu vextir innifaldir til þess tíma í þeirri upphæð. Eftirstöðvar skuli greiddar á þessu og næsta ári og fallið frá öllum kröfum vegna vanefnda um afhendingu skipsins.

II. Sé ekki að þessu gengið, verði byggingarkostnaður skipsins metinn af hæfustu mönnum.

III. Verði að hvorugum þessara kosta gengið, verði eftirfarandi kröfur gerðar:

A. Að skipið verði metið af hæfustu mönnum.

B. Kr. 1.000.000.00 lækkunar vegna vaxta og veiðitaps, vegna þess að afhending dróst allt að 5 mán. fram yfir umsaminn tíma.

C. Kr. 200.000.00 lækkunar vegna næturvinnu, sem samið var um, að ekki yrði.

D. Ca. kr. 100.000.00 lækkunar vegna efnisleifa.

F. Að sönnur verði færðar fyrir þeirri vinnu og efni, sem í skipið fór, svo og álagningu á vinnu og efni. Til greina geti komið að láta stefndu fá skipið aftur, ef þess yrði óskað.

Undir þetta bréf rita stefndi Björn Pálsson ásamt Hákoni Magnússyni f. h. Húna h/f. Þann 29. maí 1964 ritar Útgerðarfélag K. E. A. lögmanni stefnanda bréf, þar sem þeir hafna algerlega boðum Húna h/f. Þess er krafizt, að Björn Pálsson gangi strax frá þessum málum í samræmi við reikningana og greiði það, sem honum ber. Því er haldið fram, að Björn Pálsson sé persónulega ábyrgur fyrir allri skuldinni, þar sem byggingarsamningur sé við hann gerður og undirritaður af honum. Fallist hann ekki á uppgjör að framansögðu, sé þess óskað, að honum sé stefnt til greiðslu á eftirstöðvum á byggingarkostnaði m/b Húna II, HU 2, sem hann með undirskrift sinni, sbr. bréf, dags. 10. júlí 1963, hafi lofað að greiða á því ári.

Frekari bréfaskipti til samkomulagsumleitana virðast ekki hafa farið fram beint á milli aðilja, áður en málið var höfðað.

Þann 21. október 1964 biður Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður f. h. Húna h/f yfirborgardómarann í Reykjavík að dómkveðja tvo óvilhalla og sérfróða menn til þess að meta, hvað hæfilegt sé, að matsbeiðandi greiði Skipasmíðastöð K. E. A., Akureyri, sem fullnaðarverð fyrir fiskibát þann, sem um getur í samningi Björns Pálssonar og Skipasmíðastöðvar K. E. A. frá 3. janúar 1962. Ástæður fyrir þessari beiðni eru tilgreindar sem hér segir:

1. Verð skipsins sé óeðlilega hátt miðað við önnur skip, sem byggð hafa verið hér um svipað leyti. Reikningar ósamhljóða og ófullnægjandi.
2. Lofað hafi verið að hafa ekki næturvinnu, en næturvinna hafi verið ca. 4.000 tímar.

3. Vextir hafi verið meiri en ella, vegna þess hve skipið var lengi í smíðum.

Það, sem óskað er, að metið sé:

a. Eðlilegur byggingarkostnaður skipsins miðað við það, að verkið væri unnið á þeim tíma, sem um var samið, og miðað sé við tveggja tíma eftirvinnu, en enga næturvinnu.

b. Hæfilegir vextir miðað við, að verkinu hefði verið lokið á umsömdum tíma.

Matsgerð hinna dómkvöddu manna er dags. 2. desember 1964. Meta þeir byggingarverð m/b Húna II á kr. 10.405.000.00, og er þá miðað við, að byggingartíminn sé frá miðjum janúar 1962 til miðs marz 1963, og í heildarupphæðinni er reiknað með tollum eða söluskatti. Vexti vegna efnis og vinnu, aðkeypt af seljanda frá öðrum aðiljum, telja þeir hæfilega kr. 144.800.00.

Með bréfi, dags. 26. febrúar 1965, óskaði lögmaður stefndu eftir, að dómkvaddir væru tveir óvilhallir og sérfróðir menn til þess að meta til verðs tjón sökum þess, að vélbáturinn Húni II var ekki fær til veiða frá 1. marz 1963 til júlíloka 1963.

Borgardómur dómkvaddi þann 1. marz 1965 þá Sigurð Stefánsson og Kristján Ragnarsson til að framkvæma hið umbeðna mat. Matsgerð þeirra er dagsett 7. maí 1965. Niðurstaða þeirra var, að tap vegna þess, að báturinn var ekki gerður út frá 1. marz—11. maí 1963 hafi numið kr. 409.495.00. En hagnaður vegna þess, að sami bátur var ekki gerður út tímabilið 7. júní—31. júlí 1963, kr. 63.444.00.

Stefndu vildu ekki una þessu mati, og þann 5. nóvember 1965 dómkvaddi yfirborgardómari eftir beiðni lögmanns stefndu þá Jón Björnsson skipstjóra, Ólaf J. Ólafsson endurskoðanda og Þórarin Árnason skrifstofumann til þess að framkvæma yfirmat á tjóni, sökum þess að m/b Húni var ekki fær til að veiða tímabilið 1. marz 1963 og til júlíloka sama ár. Matsbeiðni var þó eingöngu takmörkuð við mat á kostnaðarliðum. Matsgerð yfirmatsmanna er dags. 9. desember 1965. Telja þeir, að útgerð bátsins hafi skaðazt um kr. 405.234.00 við það, að m/b Húni II var ekki gerður út á netjaveiðar tímabilið 1. marz til 11. maí 1963, en hagnazt um kr. 10.407.00 á því, að báturinn var ekki gerður út á síldveiðar á tímabilinu 7. júní til 31. júlí 1963.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar með því, að hann hafi tekið að sér að smíða umræddan bát eftir reikningi. Hann hafi lagt fram gögn um kostnaðarverðið, sem ekki hafi verið vefengt reikningslega. Ekki hafi heldur verið leidd nein rök að því, að

reikningar fyrir kostnaðarverði bátsins væru á neinn hátt ósanngjarnir. Þá hafi stefndu tekið við bátnum athugasemdalaust og ekki mótmælt reikningunum fyrr en seinna. Stefnandi eigi því skýlausa kröfu á að fá reikning sinn greiddan ásamt öllum kostnaði.

Þá heldur stefnandi því fram, að hann hafi aldrei, hvorki beint né óbeint, leyst Björn Pálsson persónulega undan efndum á smíðasamningnum og sé hann því samábyrgur Húna fyrir efndum hans.

Stefndu rökstyðja kröfur sínar aðallega á eftirfarandi hátt:

Verð bátsins sé bersýnilega ósanngjarnt, eins og áðurgreint mat staðfesti. Næturvinna hafi verið unnin, án þess að heimild væri til þess í samningi eða leyfi fengið til þess frá réttum aðiljum. Afhending bátsins hafi dregizt langt umfram umsaminn tíma sökum tæknilegra mistaka af hálfu stefnanda og hirðuleysis um útvegun véla og efnis á réttum tíma. Vextir séu of hátt reiknaðir og engir vextir greiddir af innborguðu fé. Endurkræfur söluskattur sé innifalinn í stefnukröfunni. Allt þetta hafi leitt til mikils fjárhagslegs tjóns, sem stefnanda beri að bæta.

Þá halda stefndu því fram, að með afsali bátsins hafi stefnandi leyst stefnda Björn Pálsson frá persónulegri ábyrgð á efndum á smíðasamningnum og beri því Húni h/f einn ábyrgð á efndunum.

Aðild málsins.

Eins og að framan greinir, hefur stefnandi stefnt Birni Pálssyni alþingismanni og Húna h/f in solidum til greiðslu skuldarinnar.

Að þessum málatilbúnaði hefur hann leitt eftirfarandi rök:

Nokkrum dögum fyrir afhendingu bátsins, eða þann 10. júlí 1963, hafi stefndi Björn Pálsson undirritað yfirlýsingu, þar sem hann lofi að annazt um greiðslu á eftirstöðvum kostnaðarverðs bátsins samkvæmt b og c lið í 6. gr. í verksamningi. Yfirlýsing þessi sé stíluð á nafn Björns Pálssonar persónulega, en hann hafi þó undirritað hana „pr. pr. hf. Húni". Þarna hafi verið um mistök að ræða, sem í engu hafi átt að breyta réttarstöðu Björns gagnvart efndum á samningum. Á grundvelli þessarar yfirlýsingar hafi bátnum verið afsalað til Húna h/f. Þetta hafi verið gert til hagræðis stefndu til þess að auðvelda þeim að fá lán út á bátinn hjá Fiskveiðasjóði. Þar sem ekki lágu endanlegir reikningar fyrir, hafi ekki verið hægt að sjá fjárhæð skuldabréfsins, en ákveðið var, að stefnandi lánaði stefndu 15% af kostnaðarverði bátsins. Þannig hafi skuldabréfið verið gert strax, er hægt

var, sbr. dskj. nr. 20, og sýni það ljóslega, að aldrei hafi verið ætlunin að leysa Björn Pálsson persónulega frá ábyrgð.

Stefndu hafi hins vegar haldið því fram, að með afsali bátsins til Húna h/f hafi Björn Pálsson persónulega verið leystur frá ábyrgð. Um þetta farast stefnda Birni Pálssyni svo orð á dómþingi 26. október 1966:

„Mætti segir, að hann hafi ekki séð dskj. nr. 20 fyrr en hjá lögmanni sínum, eftir að í málið var komið. Jafnframt segir hann, að er skipið afhent var, hafi hann ekki fengið uppgefið, hversu mikið skipið ætti að kosta. Mætti segir, að upphaflega hafi verið um það talað, að lánið væri 15% í verði skipsins, af Skipasmíðastöð K.E.A. Mætti skýrir jafnframt svo frá, að við afhendingu skipsins hafi enginn samningur verið gerður. Skipið hafi verið um það talað, að lánið væri 15% í verði skipsins, af neyddur til að skrifa undir yfirlýsingu um, að mætti myndi ganga í persónulega ábyrgð fyrir eftirstöðvum af andvirði báts, sem afhentur væri Birni Pálssyni. Leit mætti svo á, að það væri með öllu áhættulaust, þar sem Birni Pálssyni hefur aldrei verið afhent persónulega neitt skip, heldur Húna h.f. Auk þess, þó lofað hefði verið að ganga í ábyrgð fyrir andvirði báts, þá nær það loforð ekki lengra en til þeirrar fjárhæðar, sem h.f. Húni, hlutafélagið, viðurkennir, að sé rétt".

Í niðurlagi b-liðar 6. greinar á verksamningi á dskj. nr. 4 segir svo: „Seljandi hefur eignarhald á bátnum, þar til endanlega hefur verið gengið frá afsali og veðskuldabréfi".

Með yfirlýsingu á dskj. nr. 5 lofar Björn Pálsson f. h. Húna h/f að ljúka greiðslu á eftirstöðvum byggingarkostnaðar bátsins síðar á árinu 1963 á þann hátt sem áskilið er í b og c lið verksamnings á dskj. nr. 4. Þegar fulltrúi stefnanda, Bjarni Jóhannesson, fór þess á leit við stefnda Björn í október 1963, að hann skrifaði undir veðskuldabréfið á dskj. nr. 20, færðist hann undan því.

Stefnandi hefur lagt á það megináherzlu, að framangreind yfirlýsing hafi verið forsenda þess, að afsalið á dskj. nr. 1 var gefið út. Hafði stefnda Birni Pálssyni verið treyst fullkomlega til þess að standa við allar skuldbindingar sínar samkvæmt yfirlýsingunni og honum verið vel kunnugt um efni veðskuldabréfsins. Þegar samband dómsskjala nr. 4, 5, 20 og 21 er kannað í samhengi, er ljóst, að ætlun stefnanda var sú, að persónulegri ábyrgð Björns Pálssonar samkvæmt verksamningnum lyki ekki,

fyrr en fullnægt væri loforðunum, sem gefin voru í yfirlýsingunni á dskj. nr. 10, og mátti stefnda Birni Pálssyni vera það ljóst.

Þótt Björn Pálsson undirritaði yfirlýsinguna aðeins sem prókúruhafi Húna h/f, leysir það hann ekki persónulega undan ábyrgð á skuldbindingum sínum samkvæmt verksamningnum, meðan Húni h/f fullnægði ekki skyldum sínum eftir efni yfirlýsingarinnar. Samkvæmt þessu verður ekki talið, að stefnandi hafi með afsali bátsins 10. júlí 1963 til Húna h/f leyst Björn Pálsson persónulega frá ábyrgð á efndum verksamningsins á dskj. nr. 4, og verður sýknukrafa á hendur honum því ekki tekin til greina. Ber því að dæma Björn Pálsson persónulega ásamt Húna h/f til greiðslu eftirstöðva á kostnaðarverði bátsins, eins og krafizt er.

Varnarástæður stefndu.

Skal þá vikið að varnarástæðum stefndu, og þykir þá rétt að taka afhendingartíma bátsins til meðferðar fyrst.

Afhendingartími.

Eins og greinir á dskj. nr. 4, skyldi smíði bátsins vera lokið febrúar/marz 1963, en lauk ekki fyrr en 15. júlí 1963.

Málsaðilja hefur greint á um það, hvernig skilja beri orðalagið febrúar/marz 1963. Heldur stefnandi því fram, að með þessu orðalagi sé átt við það, að lokið skyldi smíði bátsins í síðasta lagi 31. marz, en stefndu halda því fram, að átt sé við mánaðamótin febrúar/marz.

Stefndi Björn Pálsson hefur á dómþingi 28. október 1966 lagt áherzlu á það, að hann hafi upphaflega tekið skýrt fram við Bjarna Jóhannesson, að báturinn yrði að vera tilbúinn fyrir netjavertíðina 1963, en man þó ekki nákvæmlega, hvernig orð féllu, og að það hafi skipt höfuðmáli fyrir Húna h/f að geta gert út á netjavertíðina það ár.

Eftir málvenju má skilja orðalagið febrúar/marz á tvo vegu, í fyrsta lagi, að átt sé við afhendingartímabil frá 1. febrúar til 31. marz, og í öðru lagi mánaðamótin febrúar—marz. Hér er um að ræða óvenjulegt, ónákvæmt orðalag í samningi, þar sem afhendingartíminn skiptir miklu máli. Þegar skýra skal þetta orðalag, verður að líta til ríkjandi venju í íslenzkri skipasmíði. Eftir þeim upplýsingum, sem dómurinn hefur aflað sér, mun algengast vera, að afhendingarfrestir skipa leiki á aðeins einum mánuði, sem nefndur er, ef ákveðinn mánaðardagur er ekki til-

greindur. Þá mun það vera ríkjandi venja, að afhendingartími skipa, eftir því sem frekast er hægt, miðaður við upphaf veiðitímabila.

Þegar þess er gætt, að netjavertíð, sem er arðbærasti hluti vetrarvertíðar, er frá marzbyrjun fram undir miðjan apríl og að bátur, sem afhentur er útgerðarmanni á Akureyri 31. marz, mundi ekki ná til veiða frá Grindavík fyrr en í lok netjavertíðar, verður að telja eðlilegt, að málsaðiljar hafi við samningsgerðina á dskj. 4 átt við mánaðamótin febrúar—marz, enda er það í samræmi við brýna hagsmuni stefndu, sem stefnanda máttu vera ljósir. Samkvæmt þessu ber að miða afhendingartíma bátsins við byrjun marz 1963. Stefnandi hefur tilgreint þrjár ástæður, sem einkum hafi valdið drættinum:

1. Ein meginorsök afhendingardráttarins hafi verið sú, að stefndi Björn Pálsson og skipstjóri hans, Hákon Magnússon, hafi ákveðið sumarið 1963 að breyta byggingu bátsins þannig, að í stað stýrishúss kæmi bátapallur og brú. Á þessu tvennu sé mikill munur, hvað verð og vinnu snertir. Við þessa breytingu hafi stærð bátsins aukizt í 132 tonn.

2. Önnur orsök fyrir töfinni hafi verið dráttur á afgreiðslu aðalvélar frá verksmiðjunni „Stork" í Hollandi. Stefndi Björn hafi samið sjálfur um kaup og afhendingu hennar.

3. Hákon Magnússon hafi ákveðið gerð línudekks, bómuspils og kraftblakkar og samið um kaup á þeim og afgreiðslu. Skipasmíðastöðin hafi ekki haft neitt með að gera afgreiðslutíma eða annað, er útvegun þessara tækja við kom.

Til Akureyrar hafi spilin ekki komið fyrr en 21. maí 1963. Hér hafi verið um að ræða nýja gerð spila, sem lítið hafi verið reynd hér á landi. Það hafi því verið margs konar erfiðleikum bundið að koma þeim niður og hafi verið unnið við það fram á síðasta dag, er báturinn var í stöðinni.

Þessi þrjú atriði hafi einkum valdið því, hvað dróst að afhenda bátinn.

Stefndu halda því hins vegar fram, að aldrei hafi annað komið til greina en að hafa bátadekk og brú á bátnum, og vitna þar til teikningarinnar á dskj. nr. 84. Þá benda þeir á, að er samið hafi verið um kaup á aðalvélinni, hafi skipasmíðameistari stefnanda, Tryggvi Gunnarsson, komið gagngert til Reykjavíkur til viðræðna við verkfræðing frá „Stork"-verksmiðjunum. Tryggvi og verkfræðingurinn hafi samið um öll tæknileg atriði varðandi véla-

kaupin á skrifstofu umboðsmanns „Stork"-verksmiðjanna í Reykjavík, Sigurðar Egilssonar, en stefndi Björn kveðst ekkert hafa annað gert en ákveða tilboðið frá „Stork"-verksmiðjunum. Stefnandi beri því einn ábyrgð á afhendingardrætti þeim, sem varð í sambandi við vélina og fylgihluta hennar.

Varðandi pöntun á línu, dekki, bómuspili og kraftblökk halda stefndu því fram, að Hákon Magnússon hafi aðeins ráðið, hvaða tegund þeirra tækja var valin og það í samráði við skipasmíðastöðina.

Stefnandi hafi í þessu sambandi ráðið öllum afhendingartíma. Allur sá dráttur og þau mistök, sem urðu á afgreiðslu þessara hluta, séu því hans sök.

Skulu nú þessar málsástæður teknar til meðferðar:

Bátapallur og brú.

Eins og að framan greinir, telur stefnandi, að ein meginorsökin fyrir því, að afhending bátsins dróst, hafi verið sú, að brú og bátapallur voru ákveðin í stað stýrishúss á aðalbilfari.

Á þetta geta hinir sérfróðu meðdómendur ekki fallizt. Samkvæmt teikningu á dskj. nr. 84/1962 í júlí er báturinn sýndur með brú og bátapalli, og kemur ekki fram, að smíði bátsins hafi verið hafin eftir annarri teikningu. Ekki verður annað séð en nægur tími hafi verið til smíði brúar og bátapalls frá dagsetningu teikningar til umsamins afhendingartíma, enda hafa ekki verið leidd rök að öðru.

Verður því þessi málsástæða stefnanda ekki tekin til greina.

Afgreiðsla og pöntun aðalvélar.

Eins og fram kemur á dskj. nr. 30, samþykkti stefndi Björn Pálsson kaup á aðalvél þann 10. febrúar 1962. Þegar samið var um kaup á aðalvélinni, fór yfirskipasmiður stefnanda, Tryggvi Gunnarsson, til Reykjavíkur til viðtals við verkfræðing frá „Stork"-verksmiðjunum. Þetta staðfestir Tryggvi Gunnarsson á dómþingi 5. janúar 1966 og segist þar hafa gefið upp allt það efni, sem óskað var eftir að fá, tilheyrandi aðalvél og ljósavél og hvernig það ætti að vera. Hann segist hafa óskað eftir, að afgreiðsla væri þannig: „Stefnisrör í júlí 1962, niðursetningarefni í ágúst 1962 og aðalvél í september 1962".

Af skjölum málsins verður ekki séð, að stefnandi hafi gengið eftir, að afgreiðsla dragist ekki fram yfir það, sem umsamið var, en með bréfi, dags. 11. febrúar 1963, biður hann um upphaflega tilboðið frá „Stork"-verksmiðjunum svo og tilboðið frá Mannheims, svo að unnt sé að fylgjast með réttri afgreiðslu. Á dskj.

nr. 54 segir stefnandi, að Tryggvi Gunnarsson hafi verið búinn að ganga eftir afgreiðslu niðursetningarefnis, áður en það fékkst afhent, en um það er Tryggvi ekki spurður á dómþingi 5. janúar, og engar frekari upplýsingar um það atriði er að finna í skjölum málsins.

Að áliti hinna sérfróðu dómenda er það viðtekin regla í skipasmíði, nema um annað sé samið, að skipasmíðastöðvar sjái um útvegun alls efnis til smíðar og hafi með höndum tæknilegan undirbúning að útvegun véla og tækja, enda er það í samræmi við 3. gr. B verksamningsins. Forsvarsmönnum skipasmíðastöðvarinnar bar því að ganga ríkt eftir, að staðið yrði við umsaminn afhendingartíma á vélum og tækjum og hafa nægan fyrirvara, þar sem alltaf má reikna með nokkrum drætti á afhendingu og flutningi.

Eins og atvikum hefur verið lýst, getur dómurinn ekki fallizt á, að stefndi hafi með afskiptum sínum af útvegun aðalvélar og tilheyrandi tækja átt sök á drætti þeim, er á afhendingu varð, eða á annan hátt leyst stefnanda frá ofangreindum skyldum. Verður því ekki hægt að taka þessa málsástæðu stefnanda til greina.

Afgreiðsla og pöntun línu, dekks, bómuspils og kraftblakkar.

Varðandi kaup og útvegun þessara tækja skýrir Tryggvi Gunnarsson frá eftirfarandi á dskj. nr. 73:

Sumarið 1962 hafi Ingvar Pálmason beðið hann að kaupa háþrýstispil frá „Rapp"-verksmiðjunum í Osló til notkunar í m/b Húna II. Tryggvi kveðst hafa svarað, að kaupendur réðu því. Hákon Magnússon, sem taka skyldi við skipstjórn á m/b Húna, skýrði honum frá í ágúst 1962, að ákveðið væri af kaupenda hálfu að kaupa spil í skipið frá „Rapp"-verksmiðjunum. Hákon hafi snúið sér persónulega til umboðsmanns „Rapp"-verksmiðjanna hér á landi og pantað hjá honum spilið og tilheyrandi.

Ingvar Pálmason hafi svo pantað spilin frá „Rapp"-verksmiðjunum með bréfi, dags. 2. janúar 1963, og afhendingartími áskilinn fyrir 15. febrúar 1963. Spilin hafi hins vegar ekki komið til Akureyrar fyrr en 21. maí, eða rúmum þrem mánuðum eftir tilskilinn afhendingartíma. Verkfræðingur frá „Rapp"-verksmiðjunum hafi komið til Akureyrar til að hafa eftirlit með niðursetningu tækjanna.

Komu þá ýmsir tæknilegir erfiðleikar í ljós, einkum í sambandi við breytingu á aflúrtaki, og tafði það niðursetningu og frágang verulega.

Á dómþingi 5. janúar 1966 neitar Tryggvi því, að skipasmíðastöðin hefði getað ráðið afhendingu á spilinu og búnaði þess, heldur sé það sök „Rapp"-verksmiðjanna.

Hákon Magnússon hefur á dómþingi 25. febrúar 1966 haldið því fram, að skipasmíðastöðin hafi ráðið því, hvenær spilin komu til landsins. Hann kveðst ekki annað vita en skipasmíðastöðin hafi ákveðið það í samráði við umboðsmann verksmiðjanna. Afskipti sín af þessu máli hafi verið þau, að hann lét Tryggva Gunnarsson vita síðla sumars 1962, að ákveðið væri að kaupa spilin frá „Rapp"-verksmiðjunum. Að öðru leyti hafi hann ekki komið nærri þessu máli.

Eins og að framan greinir, var stefnanda kunnugt um í ágúst 1962, að ákveðið væri af hálfu kaupenda að kaupa spilin í skipið frá „Rapp"-verksmiðjunum. Nægur tími var því til tæknilegs undirbúnings fyrir útvegun þeirra. Hins vegar liggja ekki fyrir upplýsingar í málinu, hvers vegna umboðsmaður verksmiðjanna hér á landi pantaði ekki spilin fyrr en 2. janúar 1963 og afhendingartími ákveðinn 15. febrúar sama ár, en að áliti hinna sérfróðu dómenda verður að telja það of nauman tíma miðað við afhendingu bátsins í febrúar/marz 1963.

Ekki verður séð, að Hákon Magnússon hafi með afskiptum sínum af þessum málum ráðið afgreiðslutímanum eða átt þátt í, hversu seint spilin voru pöntuð. Með vísan til þess, sem áður segir um skyldu skipasmíðastöðvarinnar til þess að sjá um útvegun efnis og tækja, verður að telja, að hún beri ábyrgð á afhendingardrætti tækjanna.

Samkvæmt 7. gr. verksamnings á dskj. nr. 4 er hann háður „force majeure" skilyrðum. Ekki er í ljós leitt, að nein þau atvik, sem undir það ákvæði falla, hafi valdið afgreiðsludrætti ofangreindra tækja.

Að áliti hinna sérfróðu dómenda verður ekki annað séð af skjölum málsins en að stefnandi hafi getað haft á valdi sínu að útvega öll þau tæki til bátsins, sem málið fjallar um, í tæka tíð, svo að ekki hefði valdið afgreiðsludrætti. Ber stefnandi því ábyrgð á þeim drætti, sem á afhendingu bátsins varð og nam fjórum og hálfum mánuði, og breytir þar enda engu um, þótt stefndu, sem eru ólöglærðir, hafi ekki gert formlegan fyrirvara við móttöku skipsins, enda hefur stefndi Björn lýst því yfir á dómþingi 28. október 1966, að hann hafi gert allt, sem hann gat, til að fá afhendingu hraðað og látið óánægju sína í ljós hvað eftir annað,

er sýnt var, að afhendingardráttur varð á bátnum. Auk þessa lágu ekki fyrir heildarreikningar um kostnað bátsins.

Verð bátsins.

Kostnaðarverð bátsins reyndist vera samkvæmt lokareikningum stefnanda án vaxta kr. 11.556.193.32, eða kr. 87.562.07 pr. tonn miðað við það, að báturinn sé 132 smálestir að stærð. Vinnustundir skipasmíðastöðvarinnar sjálfrar í dagvinnu voru 30.307¾, í eftirvinnu 6.050½ vinnustund og í næturvinnu 2.410¼ stund og í vélavinnu 3.476 stundir. Auk þess er vinna við niðursetningu véla og tækja, lagnir og fleira, sem framkvæmt er af öðrum aðiljum, og er sú vinna ekki sundurliðuð í málsskjölum. Hinir sérfróðu dómendur hafa vandlega yfirfarið reikningana um heildarverð bátsins og fá ekki séð, að þar séu tilgreindir neinir óviðkomandi kostnaðarliðir, að svo miklu leyti sem hægt er að kanna það af framlögðum gögnum.

Samkvæmt matsgerð á dskj. nr. 25 meta matsmenn byggingarkostnað m/b Húna á kr. 10.405.000.00 og reikna þá með, að byggingartíminn sé frá miðjum janúar 1962 til miðs marz 1963, og er þar ekki reiknað með tollum og söluskatti.

Þá meta þeir hæfilega vexti af aðkeyptu efni og vinnu samkvæmt verksamningi kr. 144.800.00.

Þegar ofangreint mat er borið saman við byggingarkostnaðarreikninga m/b Húna, virðist sem vinnukostnaðarliðir séu svo til hinir sömu, að svo miklu leyti sem séð verður, þar sem ekki er sundurliðað efni og vinna frá vélsmiðjum.

Mismunur sá, sem fram kemur á heildarkostnaðarverði bátsins samkvæmt mati og reikningum skipasmíðastöðvarinnar liggur að miklu leyti í kostnaðarmun á efni og búnaði. Hins vegar hafa matsmenn lýst því yfir á dómþingi 25. febrúar 1966, að þeir hafi notað við matsgerðina meðalverð á vélum og tækjum, sem þeir hafa aflað sér upplýsinga um úr ýmsum áttum, en ekki reiknað með verði þeirra véla og tækja, sem í m/b Húna fóru.

Af framangreindum ástæðum getur dómurinn ekki fallizt á, að hægt sé að leggja ofangreinda matsgerð til grundvallar efnisúrlausn málsins.

Ekki liggur ljóst fyrir, hvort matsmenn hafa haft til yfirlits vaxtareikninga stefnanda á dskj. nr. 24 eða önnur fylgiskjöl, er þeir mátu vaxtakostnaðinn. Vaxtamat sitt miða þeir við þá áætlun, að meginhluti aðkeypts efnis hafi verið keypt að meðaltali fjórum mánuðum fyrir lok samningstímabilsins, en hinn hlutinn hafi verið keyptur tveim mánuðum fyrir lok tímabilsins. Þar sem

hér er um að ræða ónákvæma aðferð, þykir ekki hægt að byggja á henni, þegar vextir eru ákveðnir, enda liggja fyrir nákvæmari gögn á dskj. nr. 24.

Fram kemur í gögnum málsins, að framleiðandi aðalvélar smíðar nýtt aflúrtak og færir það til reiknings aukalega að upphæð kr. 65.049.00.

Því hefur verið haldið fram af stefndu, að aukakostnaður þessi stafi af því, hve seint var ákveðin endanleg gerð aflúrtaksins, og hefur þessari staðhæfingu ekki verið hnekkt.

Enn fremur er upplýst, að afgangur hefur orðið á efni til uppsetningar, sbr. dskj. nr. 16, og hefur verðmæti þess verið reiknað stefndu til skuldar í heildarreikningi, en sést þó ekki, hver sú upphæð er.

Á dómþingi á Akureyri 5. janúar 1966 skýrir Tryggvi Gunnarsson frá því, að fyrstu 12 kranarnir, sem taldir eru á dskj. nr. 16, séu þeir, sem ekki voru í samræmi við það, sem hann hafði pantað. Hinir hlutirnir hafi verið of stórir og grófir, svo að þeir hafi verið óhentugur í bátinn. Tvær „conax"-kúplingar séu til komnar vegna breytinga á aflúrtaki.

Samkvæmt þessu er ljóst, að hlutir þeir, sem greindir eru á dskj. nr. 16, eru til komnir vegna mistaka stefnanda eða vélaframleiðanda. Þykir því ekki rétt að skuldfæra stefndu fyrir þessum hlutum, enda er það ekki í samræmi við viðskiptavenjur. Við samanburð á lista yfir efnisleifar á dskj. nr. 16 og afhendingarlista vélaverksmiðjunnar á dskj. nr. 59 og tollreikning á dskj. nr. 35 þykir verðmæti þessara hluta hæfilega ákveðið kr. 50.000.00, sem kemur til lækkunar á kröfu stefnanda.

Næturvinna.

Samkvæmt verksamningi á dskj. nr. 4 var stefnanda heimilt að láta vinna í eftirvinnu á hverjum tíma a. m. k. tvær klukkustundir daglega. Á næturvinnu var ekki minnzt. Hins vegar heldur stefnandi því fram, að er afhending bátsins dróst, hafi verið ákveðið í samráði við Hákon Magnússon að vinna næturvinnu, en á hann hafi þeir litið sem trúnaðarmann stefnda Björns Pálssonar.

Um þetta atriði segir Hákon Magnússon á dskj. nr. 41:

„Tryggvi Gunnarsson spurði mig að því, að mig minnir, hvort ég væri því samþykkur, að unnið væri á nóttunni. Ég sagði honum, sem satt var, að miklu skipti, að skipið yrði sem fyrst tilbúið til veiða. Ætlunin var að stunda netaveiðar frá Grindavík í marz og apríl. Marg-endurtekinn dráttur varð á afhend-

ingu. Um tvennt var að velja, að hraða smíði skipsins sem mest eða missa nær alla síldarvertíðina og hafa skipshöfnina vinnulitla allan tímann".

Eftir þessu er næturvinnan afleiðing af afhendingardrætti bátsins. Verður því ekki talið, að eins og á stóð, hafi Hákon með afstöðu sinni til næturvinnunnar skuldbundið kaupanda til að greiða þennan aukakostnað.

Þar sem stefndu áttu ekki sök á afhendingardrætti bátsins, þurfti stefnandi að semja sérstaklega við þá, ef hann ætlaðist til þess, að þeir greiddu aukakostnaðinn vegna hans. Enginn slíkur samningur hefur verið gerður, og þykir því rétt að lækka heildarverð bátsins, að því er nemur mismuninum á næturvinnu og jafnaðartímaverði samkvæmt verksamningnum.

Einu upplýsingarnar, sem málsskjölin hafa að geyma um heildarkostnað við næturvinnu, er að finna í bréfi Sigurðar Stefánssonar, löggilts endurskoðanda, sem virðist hafa haft til athugunar fylgiskjöl kostnaðarreikningsins. Telur hann heildarupphæð næturvinnu nema kr. 410.000.00. Mismunur á þessari upphæð og þeirri, er fengist á jafnaðartímaverði, nemur að áliti dómsins sem næst kr. 190.000.00, og ber að draga þá upphæð frá kostnaðarverði skipsins.

Að frádregnum framangreindum upphæðum telja hinir sérfróðu dómendur, að verð bátsins og búnaður hans sé sambærilegt við verð annarra báta af svipaðri stærð og gerð, og er þá höfð hliðsjón af gerð véla og annars búnaðar.

Vextir.

Eins og að framan greinir, hafa stefndu haldið því fram, að sökum afhendingardráttar hafi þeir orðið að greiða hærri vexti af skuld sinni við skipasmíðastöðina en ella hefði orðið.

Stefnandi telur vextina, sem kaupanda ber að greiða til afhendingardags, 15. júlí 1963, nema kr. 226.994.56, sbr. dskj. nr. 1 og 24. Vaxtareikningur stefnanda hefur ekki verið vefengdur tölulega.

Með vísan til þess, sem áður segir, verða stefndu ekki sakaðir um drátt þann, sem varð á afhendingu bátsins og nam 4½ mánuði, sem er 24% af heildarsmíðatímanum. Eftir atvikum þykir því rétt, að ofangreind vaxtaupphæð lækki um kr. 54.480.00, eða 24%.

Samkvæmt framansögðu lækkar heildarverð bátsins um eftirgreindar upphæðir:

vegna aflúrtaks	kr.	65.049.00
— efnisleifa	—	50.000.00
— næturvinnu	—	190.000.00
— vaxta	—	54.480.00
eða samtals	kr.	359.529.00

Vextir af þessari upphæð frá afhendingardegi til áramóta 1963 nema sem næst kr. 10.900.00, og ber einnig að draga þá upphæð frá skuld stefndu við árslok 1963.

Viðskiptasöluskattur af vinnu og efni.

Þann 21. september 1964 ritar skattstjórinn á Akureyri stefnanda bréf, þar sem hann vekur athygli á því, að fjármálaráðuneytið hafi ákveðið að innheimta ekki viðskiptasöluskatt af vinnu, þar með talin vélavinna, við nýsmíði skipa og biður um upplýsingar því viðkomandi.

Stefndu hafa haldið því fram, að stefnandi hafi átt að hafa frumkvæði að því að innheimta þennan söluskatt hjá réttum aðiljum og draga hann frá stefnukröfunni.

Stefnandi hefur hins vegar haldið því fram, að þar sem stefndu hafi haft alla frumreikninga með höndum frá því í árslok 1963, hafi ekki verið hægt að innheimta skattinn. Hér mun einkum vera um að ræða viðskiptasöluskatt vegna aðkeyptrar vélavinnu á verkstæðum. Hvorugur málsaðilja hefur upplýst, hversu hárri upphæð þessi söluskattur nemur, og af skjölum málsins verður það ekki ráðið, þar sem frumskjöl og undirnótur hafa ekki verið lagðar fram. Þar sem nægjanleg gögn varðandi þetta atriði liggja ekki fyrir, verður ekki lagður dómur á þessa málsástæðu stefndu í máli þessu, og ber því að vísa þessum þætti málsins frá dómi.

Gagnkrafa til skuldajafnaðar.

Stefndu hafa krafizt, að viðurkennt verði til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda rekstrartjón m/b Húna II af völdum afhendingardráttar stefnanda að fjárhæð samkvæmt mati kr. 399.088.00 og áætlaðar aðrar tjónbætur vegna samningsvanefnda að fjárhæð kr. 150.000.00 (að meðtöldu vaxtatjóni vegna fyrirframgreiðslu) auk 8½% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 1. febrúar 1963 til greiðsludags.

Tvö möt liggja fyrir í málinu um aflatjón m/b Húna II tímabilið 1. marz 1963 til júlíloka sama ár.

Samkvæmt matsgerð undirmatsmanna, dags. 7. maí 1965, telja

þeir aflaverðmæti netjavertíðar kr. 1.888.110.00 og sumarsíldveiða frá 7. júní til 3. ágúst kr. 805.360.00. Til frádráttar tilgreina þeir á netjavertíð kr. 1.478.615.00, og kemur þá út fyrir tímabilið 1. marz—11. maí 1963 tap, vegna þess að báturinn var ekki gerður út, kr. 409.495.00. Til frádráttar á sumarsíldveiðum tilgreina þeir kr. 868.804.00, þannig að hagnaður vegna þess, að báturinn var ekki gerður út á þessum tíma, nemur kr. 63.444.00.

Yfirmats var eingöngu óskað á kostnaðarliðum undirmatsins. Yfirmatsmenn breyta kostnaðarliðum á netjaveiðitímabilinu úr kr. 1.478.615.00 í kr. 1.482.876.00. Samkvæmt því hefur útgerðin skaðazt um kr. 405.234.00 við, að báturinn var ekki gerður út á netjaveiðatímabilinu 1. marz—11. maí 1963.

Kostnaðarliðinn á síldveiðitímabilinu lækka þeir niður í kr. 815.767.00, þannig að útgerð bátsins hefur hagnazt um kr. 10.407.00 við það, að báturinn var ekki gerður út á síldveiðitímabilinu 7. júní—31. júlí 1963.

Við bæði mötin er gengið fram hjá fyrningarafskriftum af skipi og vélum, og ekki er reiknað með greiðslu útsvars og tekjuskatts í kostnaðarliðunum.

Dómurinn lítur svo á, að til þess að geta fengið rétta hugmynd um raunverulegt tap eða hagnað útgerðarinnar, vegna þess að báturinn komst ekki til veiða tímabil þau, er hér um ræðir, verði að taka tillit til afskrifta af bát og vélum. Bæði mötin reikna með fullum vöxtum af höfuðstól. Þegar þess er gætt, að vextir verða hæstir fyrsta rekstrarár bátsins, en lækka síðan hlutfallslaga, eftir því sem afborgunum fjölgar, þykir rétt að hafa hliðsjón af því, þegar afskriftir eru ákveðnar.

Útgerðarmönnum er í sjálfsvald sett, hvaða prósentutölu af lögleyfðri afskrift þeir nota hverju sinni. Við ákvörðun afskriftar, eins og hér stendur á, þykir rétt að áætla eðlilegan endingartíma báts og búnaðar. Að áliti hinna sérfróðu dómenda er meðalendingartími eikarskipa tæplega meiri en 30—35 ár og endingartími véla og annarra tækja 10—15 ár að jafnaði.

Samkvæmt þessu þykir fyrning hæfilega ákveðin, eins og hér er háttað, með hliðsjón af vöxtum og viðhaldi 3% af skipi og 8% af vélum og tækjum.

Verð skipsins sjálfs er sem næst 60% af heildarkostnaði þess og véla og tækja um 40%, og eru þá tollar dregnir frá svo og búnaður vegna síldveiða.

Samkvæmt framansögðu er heildarverð bátsins án vaxta og að frádregnum tollum:

Samkvæmt reikningi skipasmíðastöðvarinnar .. kr. 11.558.193.32
Frádráttur:
a) Búnaður vegna síldveiða .. .. kr. 132.707.75
b) Lækkun ákveðin með dómi .. — 305.529.00 — 438.236.75

Kr. 11.119.956.57

Eftir þessu verða afskriftir 3% af 60% heildarverði skipsins og 8% af 40% heildarverðmæti þess, eða nákvæmlega 5% af heildarverðmæti skipsins alls. Afskriftir verða því taldar hæfilegar 5% af kr. 11.119.956.57, eða kr. 555.997.83 fyrir árið, en 232.000.00 í fimm mánuði.

Þessa upphæð ber að leggja við kostnaðarliði útgerðarinnar samkvæmt yfirmati, og lækkar þá heildarhagnaður beggja veiðitímabilanna um sömu upphæð og verður 394.827.00 að frádregnum kr. 232.000.00, eða kr. 162.827.00. Við þessa upphæð bætast vextir frá afhendingartíma bátsins til ársloka, sem eru kr. 6.340.00.

Eins og áður er frá greint, hafa matsmennirnir við bæði mötin gengið fram hjá tekjuskatti og útsvari. Dóminum hefur verið sýndur rekstrarreikningur fyrir Húna h/f fyrir árið 1963. Sýnir reikningurinn kr. 43.551.06 rekstrarhalla. Skip og búnaður er afskrifað um 7% miðað við, að skipið kosti kr. 9.294.900.00 og nót kr. 400.000.00.

Þegar þess er gætt, að útvegsmönnum er í sjálfsvald sett, hvort þeir afskrifa eignir með hæstu lögleyfðri prósentutölu eða ekki, og mikið vantar hér á, að skip og vélar sé afskrifað, svo sem lög leyfa, þykir ekki nægilega í ljós leitt, að tekjuaukning sú, sem leiddi af hinum glötuðu veiðitímabilum, hefði leitt til þess, að rekstur bátsins hefði orðið skatt- og útsvarsskyldur árið 1963. Þykir því mega fallast á þá skoðun matsmanna, að ganga megi fram hjá skatti og útsvari, er tjón stefndu er metið sökum afhendingardráttar bátsins.

Eins og áður segir, hafa stefndu krafizt vaxta af innborguðu fé samkvæmt skipasmíðasamningnum. Um það voru engir samningar gerðir milli málsaðilja. Af skjölum málsins verður ekki annað ráðið en að innborganir stefndu hafi lengst af verið lægri en útlagður kostnaður stefnanda sjálfs, sem hann tók ekki vexti af, og verður þessi krafa því ekki tekin til greina.

Þá hafa stefndu krafizt miskabóta vegna samningsvanefnda stefnanda. Eins og hér að framan greinir, stóðu stefndu ekki við greiðsluloforð sín né depóneruðu greiðslu. Greiðsludráttur stefndu

hefur valdið stefnanda margs konar óhagræði og tjóni vegna minnkandi verðgildis peninganna, á meðan á greiðsludrættinum stóð. Þykir því ekki efni standa til að taka þessa kröfu til greina.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, þykir tjón stefndu, sökum þess að þeir gátu ekki gert bátinn út á greindum tímabilum, hæfilega metið á kr. 169.167.00 miðað við árslok 1963, og ber að skuldajafna þá upphæð við kröfu stefnanda.

Málalok.

Niðurstaða málsins verður því sú, að dæma ber stefndu in solidum til þess að greiða stefnanda kr. 2.703.873.43 að frádregnum eftirtöldum upphæðum:

vegna aflúrtaks	kr.	65.049.00
— efnisleifa	—	50.000.00
— næturvinnu	—	190.000.00
— ofreikn. vaxta af smíðakostnaði	—	65.380.00
— aflatjóns	—	162.827.00
— vaxta af aflatjóni	—	6.340.00
	kr.	539.596.00

eða kr. 2.164.277.43 ásamt 9½% ársvöxtum frá 1. janúar 1964 til 1. janúar 1965 og 8½% ársvöxtum frá þeim tíma til 1. janúar 1966 og 9½% ársvöxtum frá 1. janúar 1966 til greiðsludags og málskostnað, kr. 167.500.00.

Dóm þennan kvað upp Kristján Jónsson borgardómari ásamt Jóhannesi Zoëga vélaverkfræðingi og Agnari Norland skipaverkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndu, Björn Pálsson og Húni h/f, greiði in solidum stefnanda, Kaupfélagi Eyfirðinga, kr. 2.164.277.43 ásamt 9½% ársvöxtum frá 1. janúar 1964 til 1. janúar 1965, 8½% ársvöxtum frá þeim tíma til 1. janúar 1966 og 9½% ársvöxtum frá 1. janúar 1966 til greiðsludags og málskostnað, kr. 167.500.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. júní 1969.

Nr. 208/1968. **Ásgeir Ásgeirsson**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Jóni Hjartarsyni og gagnsök
(Guðmundur Pétursson hrl.)

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. nóvember 1968. Gerir hann þær dómkröfur, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 212.265.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 7. október 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 7. janúar 1969. Krefst hann sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt gögnum málsins er ljóst, að ökumenn beggja bifreiðanna sýndu eigi næga varúð í akstri, og eiga báðir sök á árekstrinum. Þegar litið er til málavaxta, þykir rétt, að aðiljar beri að jöfnu fébótaábyrgð á tjóni því, sem af hlauzt. Tjón aðaláfrýjanda þykir hæfilega metið í héraðsdómi, samtals kr. 175.765.00. Ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða helming þessarar fjárhæðar, þ. e. kr. 87.882.50, ásamt 7% ársvöxtum frá 7. október 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 35.000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Jón Hjartarson, greiði aðaláfrýjanda, Ásgeiri Ásgeirssyni, kr. 87.882.50 með 7% ársvöxtum frá 7. október 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 35.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. október 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 3. október 1968, hefur Ásgeir Ásgeirsson frá Fróðá, Dyngjuvegi 10, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 17. apríl 1967, gegn Jóni Hjartarsyni bifreiðarstjóra, Snorrabraut 83 hér í borg, svo og til réttargæzlu Jóni Ágústssyni, Mjóstræti 18, og Almennum tryggingum h/f, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 212.265.00 auk 8% ársvaxta frá 7. október 1966 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu hinna stefndu eru þær dómkröfur gerðar *aðallega*, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda í málinu, en *til vara*, að sök verði skipt og þeim gert að greiða hluta þess tjóns, er varð af beinum árekstri bifreiðanna R 666 og R 9433, þ. e. hluta af viðgerðarkostnaði í bifreiðinni R 666. Verði aðalkrafan tekin til greina, gera stefndu kröfu um málskostnað úr hendi stefnanda, en annars, að málskostnaður verði látinn niður falla. Á hendur réttargæzlustefndu eru engar kröfur gerðar. Þeir hafa og heldur eigi neinar kröfur gert.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að hinn 7. október 1966, nálægt kl. 1500, hafi hann ekið bifreið sinni, R 666, suður Austurbrún hér í borg. Bjart hafi verið yfir og gott færi og hafi hann ekið á vinstri vegarhelmingi. Er hann hafi komið að vegamótum Dragavegar, hafi hann vikið að miðju vegarins til víðari innsýnar á gatnamótin. Ökuhraðann kveður stefnandi hafa verið jafnan og hægan og engin bifreiðaumferð hafi verið sjáanleg. Þegar hann hafi verið kominn rétt inn á gatnamótin, hafi bifreið verið ekið fram með sér vinstra megin og snarbeygt til hægri í sömu andrá og ekið inn í vinstri hlið bifreiðar sinnar, R 666. Kveður stefnandi höggið af ákeyrslunni hafa verið svo snöggt, að hann muni hafa hrokkið frá stýrinu við ákeyrsluna og hlotið höfuðhögg á framrúðu og samstundis misst meðvitund og þannig vald á bifreiðinni. Stefnandi kveður vera greint frá viðburðarás af völdum bifreiðarinnar eftir ákeyrsluna í lögregluskýrslu, meiðslum á vegfaranda, snertingu við kyrrstæða bifreið o. fl., sem hann kveðst enga vitund hafa haft um. Hann kveðst fyrst hafa komið til meðvitundar, nokkru eftir að bifreiðin hafði stöðvazt í húsagarði austan vegarins. Kveðst hann þá hafa legið frammi í bifreiðinni með höfuðið vinstra megin í sætinu og hafi þá talsvert blóð runnið þar í sætið, svo sem ljósmynd sýni.

Stefnandi kveður ekki neinn vafa geta á því leikið, að bifreiðar-

stjórinn á sendiferðabifreiðinni R 9433, sem hafi ekið á bifreið sína, eigi alla sök á slysi þessu, ekki einasta ákeyrslunni sjálfri, heldur og síðari afleiðingum hennar. Auk framangreindrar málavaxtalýsingar skýrir stefnandi svo frá í lögregluskýrslu á dskj. nr. 2 í máli þessu, að hann minnist þess, að konu hafi brugðið fyrir til hægri, er árekturinn varð. Stefnandi hefur komið fyrir sakadóm og staðfest þar málavaxtalýsingu sína, eins og hún kemur fram í áðurgreindri lögregluskýrslu. Auk þess hefur stefnandi greint svo frá fyrir sakadómi, að hann hafi ekið mjög rólega og lítil umferð hafi verið á leiðinni heim og hafi engin bifreið verið á undan sér, t. d. frá innkeyrslunni að D. A. S. Sólskin hafi verið aðeins á móti honum, þegar ekið var suður eftir Austurbrún, en það hafi ekkert hindrað sig, þar sem hann hafi verið með sólgleraugu. Stefnandi fullyrðir, að engin bifreið hafi verið á undan sér á þessum kafla að Dragavegi eða eins langt og séð varð og er hann hafi litið að háhýsunum Austurbrún 2 og 4, þá hafi þar engin hreyfing verið á bifreiðum. Stefnandi segir, að hann hafi ekkert verið að flýta sér. Ekkert hafi legið á og engin móða hafi verið á rúðum bifreiðarinnar. Hann kveðst ekki hafa orðið var við neina umferð á eftir sér, en þegar hann hafi verið kominn fyrir enda Dragavegar, hafi hann ekki vitað fyrr en bifreið hafi verið ekið á vinstri hönd honum um einn metra frá honum. Stefnandi segir, að þá hafi bifreið hans verið staðsett á vinstri akbrautarhluta, en við miðlínu Austurbrúnar. Þegar stefnandi allt í einu sá hina bifreiðina, kveðst hann hafa sveigt undan til hægri, en samt hafi orðið harður árekstur milli bifreiðanna. Kveðst stefnandi muna óljóst, að manneskja hafi verið fyrir framan bifreið sína á gangbraut til hægri, en síðan kveðst hann ekki muna meira. Stefnandi segir, að hann hafi staðsett bifreið sína, eins og að framan segir, til þess að fá betra útsýn á Dragaveg, en þar hafi engin bifreið verið sjáanleg, svo að óhætt hafi verið þess vegna að aka áfram.

Stefndi Jón Hjartarson hefur skýrt svo frá málavöxtum, að hann hafi ekið eftir vinstri götuhelmingi, er hann nálgaðist umræddan slysstað, og ekið á eftir annarri bifreið, sem síðan hafi beygt til vinstri inn á Dragaveg. Stefndi kveðst hafa sett stefnuljós á um beygjuna til hægri með góðum fyrirvara, áður en hann hafi beygt, og stefnuljós bifreiðar sinnar hafi verið í lagi, enda hafi bifreiðin verið nýskoðuð af Bifreiðaeftirlitinu. Ekki kveðst hann hafa séð í hliðarspegli bifreiðarinnar til ferða R 666, fyrr en rétt áður en bifreiðin rakst utan í bifreið hans og þá hemlað,

og telur hann, að bifreið sín hafi verið stönzuð, er árekstur inn varð, því að hann hafi hemlað, strax er hann sá bifreiðina, og hafi þá verið á mjög hægri ferð.

Stefndi Jón kveður árekstur inn hafa orðið þannig, að hægra framhorn, framhlið og hægri endi framstuðarans á sinni bifreið hafi lent aftast á vinstri framhurð og afturhurð R 666, og kveðst hann ekki geta sagt um ökuhraða umræddrar bifreiðar, er árekstur inn varð, og kveðst ekki hafa séð, að bifreiðin yki hraðann eftir árekstur inn, heldur segir hann sér hafa fundizt hún halda jöfnum hraða áfram, sem hann kveður sér hafa fundizt talsverður, en þó ekki neinn ofsahraði. Stefndi kveðst hafa séð til ferða konunnar, sem varð fyrir slysinu, og hafi hún virzt vera á leið frá götunni og verið stödd rétt norðan við jeppabifreiðina, sem R 666 rakst á. Kveðst stefndi gizka á, að konan hafi verið stödd tvo til þrjá metra frá götunni, er hún varð fyrir bifreiðinni. Stefna bifreiðarinnar hafi haldizt óbreytt utan við veginn, þar til hún hafi skollið á konunni og við það hafi konan kastazt upp í loftið og yfir þak bifreiðarinnar. Í því að bifreiðin hafi skollið á konunni, hafi henni verið snarbeygt til vinstri út á götuna, en áður en út á götuna hafi komið, hafi bifreiðin skollið utan í kyrrstæðan jeppabíl, sem staðið hafi vestan megin hennar. Stefndi kveðst ekki treysta sér til að segja um, hvernig konan hafi borizt út á götuna, hvort hún hafi borizt með bifreiðinni eða hvort hún hafi kastazt af henni út á götuna, en konan hafi legið á götunni eftir slysið, þar sem uppdrátturinn sýni. Bifreiðin hafi runnið yfir götuna, eins og uppdráttur gefi til kynna, og hafi horfið sjónum sínum niður í húsagarðinn, þar sem hún er sýnd á uppdrættinum. Stefndi kveður sólina hafa skinið á móti þeim ökumönnunum og hafi hún verið fremur lágt á lofti. Segir hann sér ekki þykja ótrúlegt, að hún hafi getað valdið ökumanni R 666 óþægindum við aksturinn. Hann hafi verið í lægri bifreið en stefndi ók, og kveðst stefndi hafa séð, að sólskyggni bifreiðarinnar hafi ekki verið niðri. Stefndi kveður árekstur inn við bifreið sína ekki hafa verið meiri en það, að hann hafi ekki haggazt í sætinu við hann, og kveðst hann telja, að árekstur þessi hefði ekki átt að geta valdið því, að bifreiðarstjórinn missti stjórn á bifreiðinni, ekki sízt, ef litið er á það, að framendi bifreiðarinnar hafi ekki lent í árekstrinum, og því hafi bifreiðin strokizt fram með sinni bifreið og þess vegna ekki myndazt neitt teljandi högg við þennan árekstur. Stefndi kveðst hafa verið einn í bifreið sinni, er árekstur inn varð, og ekið á ca. 35 km hraða miðað við klukku-

stund, er hann nálgaðist slysstaðinn, en þá hafi hann verið búinn að draga verulega úr hraða bílsins, er áreksturinn varð. Framanritaðan framburð í rannsóknarlögregluskýrslu á dskj. nr. 2 hefur stefndi staðfest fyrir sakadómi. Stefndi hefur skýrt nánar svo frá fyrir sakadómi, að vinstri handar stýri sé á bifreið sinni og að hann hafi verið einn í bifreiðinni og ekkert hafi byrgt útsýni, meðal annars hafi rúður verið tandurhreinar. Hann segir, að væg snerting hafi orðið á milli bifreiðarinnar R 666 og sinnar bifreiðar, en hann segist strax hafa hemlað, er hann sá bifreiðina R 666, og reynt að sveigja til vinstri frá henni. Stefndi kveður aksturskilyrði og veður hafa verið gott, en sól hafi verið lágt á lofti og næstum skinið eftir Austurbrúninni. Stefndi kveðst hafa séð framhaldið vel. Bifreiðin R 666 hafi runnið, án þess að hægja á sér, í stórum sveig og lent á konu, sem var um þrjá metra utan akbrautar, síðan á jeppabifreið og næst þvert yfir Austurbrún og niður í húsagarð. Stefnda virtist konan takast á loft og strjúkast eftir þaki bifreiðarinnar R 666 og renna síðan aftur af bifreiðinni. Stefnda virtist þá konan meðvitundarlaus. Hún hafi gengið norður eftir Austurbrún og því komið beint á móti bifreiðinni R 666. Stefndi kveðst hafa verið á svo lítilli ferð, að hemlaför hafi verið aðeins um einn metra, sem þó sé ekki teiknað á uppdrátt.

Vitnið Rafn Vic Bjarnason málari skýrir svo frá í lögregluskýrslu á dskj. nr. 2, að það hafi verið statt á móts við húsið nr. 6 við Austurbrún austan megin, er slys þetta varð. Það kveðst hafa séð, er árekstur inn varð á milli R 666 og R 9433, og þá kveður það sér hafa virzt staða R 9433 eins og sýnt er á uppdrætti lögreglunnar í máli þessu, sem því virðist vera alveg réttur af slysavettvangi.

Vitnið kveður R 9433 hafa verið á mjög hægri ferð, er árekstur inn varð, og muni hafa stöðvazt alveg, er hann skeði. Um ferð R 666, er áreksturinn varð, kveðst vitnið ekki vel geta sagt, en kveðst hafa séð, að bifreiðin var á talsvert miklum hraða, er hún fór frá árekstrarstaðnum, og kveðst vitnið ekki hafa séð betur en að hraði bifreiðarinnar ykist eftir því sem fjær dró frá árekstrarstaðnum.

Vitnið kveður moldarhaug hafa borið á milli sín og bifreiðarinnar, um það leyti sem bifreiðin muni hafa lent á konunni, sem um ræðir í máli þessu. Vitnið kveðst því næst hafa heyrt skell og síðan séð hönd koma á loft yfir moldarhauginn, sem skyggði á, og þá kveðst vitnið hafa þótzt vita, að slys hefði orðið, og hljóp

inn í vinnuskúr, sem var þarna nærri og hringdi til lögreglunnar og gerði aðvart um slysið, og kveðst vitnið svo hafa hraðið sér á staðinn. Þá kveður vitnið hafa verið þar umhorfs eins og uppdrátturinn gefi til kynna. Eins og áður segir, kveðst vitnið hafa misst sjónar á bifreiðinni bak við moldarhauginn og sá ekki, er konan varð fyrir henni, og kveðst vitnið ekki heldur hafa séð, er henni var ekið utan í bifreiðina R 2018 eða er bifreiðinni var ekið niður í húsagarðinn. Vitnið kveður konuna hafa legið á götunni, eins og sýnt sé á uppdrættinum. Hún hafi hreyft sig eitthvað til, svo að vitnið heldur, að hún hafi ekki verið alveg meðvitundarlaus. Vitnið kveður hafa verið búið að taka konuna inn í sjúkrabíl, er lögreglan kom á vettvang, en að öðru leyti hafi allt verið óhreyft á staðnum, er lögreglan kom. Vitnið kveðst ekki hafa veitt því athygli, hvort stefnuljós voru á R 9433, er árekstur-inn varð, en það kveðst hafa séð stefnuljós blikka á bifreiðinni, er það kom frá því að hringja eftir lögreglunni. Í sakadómi, þar sem vitnið hefur staðfest framanritaða skýrslu sína sem rétta, skýrir það nánar svo frá atvikum, að það hafi verið statt í um 20—30 m fjarlægð frá árekstrarstað. Vitnið kveðst ekki hafa tekið eftir akstri bifreiðanna fyrir árekstur-inn, en sá þær, um leið og áreksturinn varð, og voru þær þá báðar á hreyfingu.

Vitnið segir, að hraði bifreiðarinnar R 666 hafi verið mikill eftir árekstur-inn, og fór bifreiðin stóran sveig upp á lóð hússins, síðan yfir götuna og í húsagarð hinum megin hennar.

Vitnið Sigurður Jónsson iðnnemi skýrir þannig frá, að það hafi ekki séð, er umrætt slys varð. Það kveðst hafa verið statt í háhýsinu nr. 6 og hafa heyrt skellina, er árekstrarnir urðu, og þá farið á staðinn, en þá hafi allt verið afstaðið og bifreiðin, sem virtist hafa valdið öllum þessum ákeyrslum, hafi verið komin niður í húsagarð austan við umrædda götu. Það kveður konuna, sem fyrir slysinu varð, hafa legið líkt á götunni og uppdráttur lögreglunnar bendi til. Hún hafi verið með einhverri meðvitund, er það kom að. Það kveðst einnig hafa farið til mannsins, sem ók bifreiðinni R 666, og hafi hann setið undir stýrinu, er vitnið kom að honum, og kveðst vitnið hafa veitt því strax athygli, að hann hélt á sólgleraugum í annarri hendinni, gleraugun hafi verið opin og hafi hann haldið um aðra spöngina, eins og hann væri nýbúinn að taka þau af sér. Vitnið kveðst þó ekki hafa séð blóð á þeim, en nokkuð hafi blætt úr höfði mannsins. Vitnið kveður manninn greinilega hafa verið með meðvitund, en hann hafi ekk-ert sagt við vitnið, og kveðst vitnið einskis hafa spurt hann.

Vitnið telur stöðu bifreiðarinnar R 9433 ekki vera rétt sýnda á uppdrættinum og telur, að hún hafi verið komin nær vesturbrún götunnar og R 666 hafi farið fyrr út af götunni en sýnt sé á uppdrættinum. Að öðru leyti telur vitnið uppdráttinn í máli þessu réttan og hjólför R 666 séu rétt sýnd á honum, eftir því sem vitninu virtist þau vera, er það kom á staðinn, og kveður vitnið þau hafa verið mjög greinileg, er það kom að. Vitnið sá, að stefnuljós blikkuðu á R 9433, er það kom að, um beygju til hægri. Vitnið kveður bifreið þessa hafa verið að koma til að sækja dót, sem vitnið var að flytja úr háhýsinu nr. 6 við Austurbrún.

Vitnið Runólfur Sigtryggsson afgreiðslumaður hefur skýrt svo frá, að er umrætt slys vildi til, hafi vitnið verið á gangi ásamt konu sinni, Þórunni Sigurlaugu Jóhannsdóttur, í áttina heim til þeirra, og voru þau stödd vestan við Austurbrún. Vitnið kveðst ekki hafa séð, er áreksturinn varð milli bifreiðanna, áður en ekið var á konu vitnisins, og sá ekki til ferða bílsins, sem hún varð fyrir, fyrr en á því augnabliki, sem henni var kippt frá hliðinni á vitninu, en vitnið kveður hana hafa gengið við hægri hlið sína. Vitnið sá svo, er hún var á vélarhúsþaki bifreiðarinnar, og svo, að hún kastaðist aftur yfir bifreiðina. Vitnið kveðst hafa horft á bílinn og konu sína og ekki séð, er bíllinn skall utan í kyrrstæða bílinn. Vitnið sá því næst, er kona þess kastaðist aftur yfir bílinn á götuna, og þar kveður vitnið hana hafa legið í blóði sínu meðvitundarlausa. Bifreiðin hafi svo þotið austur yfir götuna og horfið sjónum vitnisins niður í húsagarð austan götunnar. Vitnið kveður hraða bifreiðarinnar hafa verið mjög mikinn og man ekki til að hafa séð annan eins akstur. Ekki kveðst vitnið geta sagt um, hvort maðurinn í bifreiðinni sat við stýrið eða ekki, en vitnið kveður sér hafa orðið svo mikið um það, sem skeði, að það kveðst sennilega ekki munu ná sér eftir það.

Framanritaðan framburð sinn hefur vitnið staðfest fyrir sakadómi sem réttan.

Eins og áður er fram komið, styður stefnandi kröfur sínar þeim rökum, að enginn vafi geti á því leikið, að bifreiðarstjórinn á sendiferðabifreiðinni R 9433, sem ekið hafi á bifreið sína, eigi alla sök á slysi þessu, ekki einasta ákeyrslunni sjálfri, heldur og síðari afleiðingum hennar.

Af hálfu stefnanda hafa kröfur hans verið nánar studdar þeim rökum við munnlegan flutning málsins, að stefndi hafi ekið til hægri þvert fyrir akbraut með þeim afleiðingum, að hann hafi

ekið á hlið bifreiðar stefnanda. Samkvæmt ákvæðum umferðarlaga og almennum sönnunarreglum beri hann þess vegna alla áhættu og sönnunarbyrði í sambandi við ákeyrsluna. Sé hann af þessum ástæðum ábyrgur fyrir öllu því tjóni og skaða, sem af umræddri akstursaðferð hafi hlotizt, nema hann sanni, að akstri stefnanda hafi jafnframt verið í einhverju áfátt, en það hafi hann ekki sýnt fram á.

Stefndi hins vegar styður dómkröfur sínar þeim rökum, að hann hafi í umrætt sinn ekið á undan bifreið stefnanda suður Austurbrún og verið búinn að gefa stefnumerki um beygju til hægri og verið byrjaður að beygja, er hann varð þess var, að bifreið stefnanda var komin fram með hlið bifreiðar hans hægra megin án þess að hafa gefið nokkurt hljóðmerki. Kveður stefndi því ekki verða hjá því komizt að leggja meginhluta sakar á stefnanda sjálfan. Stefndi heldur því fram, að við fyrsta árekstur-inn, þ. e. við R 9433, hafi stefnandi ekkert slasazt, en aðeins orðið skemmdir á vinstri hlið bifreiðar hans. Þá heldur stefndi því einnig fram, að ekkert orsakasamband sé milli þessa marg-nefnda árekstrar og þeirra óhappa, sem hent hafi stefnanda í áframhaldandi akstri hans. Af þeim ástæðum geti stefndi ekki borið neina skaðabótaábyrgð á meiðslum stefnanda sjálfs, sem öll hafi orðið við seinni árekstra, né heldur geti hann borið nokkra skaðabótaábyrgð á þeim skemmdum, sem á bíl stefnanda hafi orðið við seinni áreksturinn. Það eina, sem til greina geti komið, að bótaskylt sé, kveður stefndi vera skemmdir þær, sem orðið hafi á vinstri hlið bifreiðar stefnanda og sem metnar hafi verið á dskj. nr. 5 á kr. 14.330.00. Öllum öðrum kröfum stefnanda kveðst stefndi mótmæla algerlega og krefst fullrar sýknu af þeim.

Eins og fram kemur í gögnum málsins og að framan er rakið, eru aðiljar máls þessa ekki á eitt sáttir um það, hvernig um-ræddur árekstur hafi atvikazt. Stefnandi heldur því fram, að hann hafi ekið á vinstri vegarhelmingi suður Austurbrún og enga bifreið séð á undan sér eða eftir. Stefnandi kveðst ekkert hafa verið að flýta sér og ekið rólega, en þegar hann hafi verið kominn fyrir enda Dragavegar, hafi hann ekki vitað fyrr til en bifreið hafi verið sér á vinstri hönd um einn metra frá sér. Telur stefnandi bifreið sína þá hafa verið staðsetta á vinstri akbrautar-hluta, en við miðlínu Austurbrúnar. Stefnandi kveðst hafa sveigt til hægri, er hann allt í einu sá hina bifreiðina, en samt hafi orðið harður árekstur milli bifreiðanna.

Stefndi kveðst einnig hafa ekið á vinstra vegarhelmingi suður Austurbrún á eftir annarri bifreið, sem síðan hafi beygt til vinstri inn á Dragaveg. Kveður hann bifreið þá, sem hann ók á eftir, hafa verið gulleita Volkswagen-bifreið. Stefndi kveðst, er hann nálgaðist húsið Austurbrún 6, en þangað ætlaði hann, hafa gefið stefnuljós til hægri, og hafa vitnin Sigurður Jónsson og Rafn Vic Bjarnason borið, að stefnuljósin hafi verið á, er bifreið stefnda var stöðvuð eftir árekstur. Stefndi kveðst hafa ekið hægt og ekki orðið var við bifreið stefnanda, fyrr en hann (þ. e. stefndi) var að byrja að beygja og hafi hann þá séð hana í gegnum hliðarrúðu sinnar bifreiðar, er hann horfði í hægri hliðarspegil hennar. Kveðst stefndi þá strax hafa stigið á hemla og reynt að sveigja til vinstri frá bifreið stefnanda, enda hafi snerting bifreiðanna orðið væg.

Þegar athugaður er uppdráttur lögreglunnar af vettvangi á dskj. nr. 2 svo og ljósmyndir af vettvangi, sem fylgja málinu, þykir sýnt, að bifreið stefnanda, R 666, hafi verið alveg yfir á hægri vegarhelmingi miðað við aksturssstefnu, er árekstur varð, þrátt fyrir staðhæfingu hans um hið gagnstæða. Hafi stefnandi enga bifreið séð á undan sér, eins og hann heldur fram, þá hefur hann verið ranglega staðsettur á veginum án nokkurs sérstaks tilefnis, að því er séð verður, nema hann hafi ætlað að aka fram úr bifreiðinni R 9433, en samkvæmt 3. mgr. 47. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 er óheimilt að aka fram úr öðru ökutæki á vegamótum.

Eins og málum hefur verið lýst hér að framan, verður að telja, að hvorki stefnandi né stefndi hafi sýnt nægilega varúð í akstrinum umrætt sinn og eigi því báðir sök á árekstrinum. Þykir, þegar virt eru öll málsatvik, hæfilegt, að stefnandi beri sjálfur ⅔ hluta sakar, en stefndi ⅓ hluta, og er þá litið svo á, að eftirfarandi óhöpp stefnanda séu afleiðing árekstrarins milli bifreiðar hans og stefnda, enda þykja ekki næg rök hníga að því að slíta þau óhöpp, sem hentu stefnanda í áframhaldandi akstri hans, úr tengslum við upphaflega áreksturinn, eins og að er vikið í greinargerð stefnda.

Skulu nú hinir einstöku kröfuliðir athugaðir.

Um fyrsta lið. Tjón á bifreiðinni R 666 samkvæmt mati dómkvaddra manna, kr. 79.765.00.

Matið er tvískipt. Annars vegar kr. 14.330.00 vegna skemmda á vinstri hlið bifreiðarinnar, sem hlutust af árekstrinum milli bifreiða stefnda og stefnanda. Af hálfu stefnda er þessum lið

matsgerðarinnar ekki mótmælt tölulega, en krafizt sýknu á honum, en til vara lækkunar í hlutfalli við sakarskiptingu.

Seinni liðnum í matsgerðinni, kr. 65.435.00, er af hálfu stefnda algerlega mótmælt á þeim grundvelli, að þetta tjón standi ekki í neinu orsakasambandi við margnefndan árekstur. Það hafi orðið til við seinni áreksturinn, annað hvort við bifreiðina R 2018 eða við útafaksturinn inn í húsagarðinn, en á þeim óhöppum beri stefndi enga ábyrgð.

Eins og áður er fram tekið, þykja ekki næg rök liggja til þess að slíta áframhaldandi akstur stefnanda úr tengslum við upphaflega áreksturinn sjálfan sem honum óviðkomandi, heldur þykir verða að líta á það, sem gerðist eftir áreksturinn, sem afleiðingu hans. Þykir því mega leggja matsfjárhæðina, kr. 79.765.00, til grundvallar og taka hana til greina óbreytta.

Um II. lið, afnotamissi bifreiðarinnar.

Af hálfu stefnda hefur þessum lið verið mótmælt sem málinu óviðkomandi, en til vara sem allt of háum. Stefnandi áætlar afnotamissi bifreiðarinnar vegna skemmda af völdum árekstrarins sjö mánuði og reiknar sér kr. 1.500.00 á mánuði í þessu skyni, eða kr. 50.00 á dag. Þykir dag- eða mánaðargjaldi mjög í hóf stillt, en hins vegar hefur stefnandi ekki leitt að því nein rök, að hann hafi þurft að vera án bifreiðarinnar í sjö mánuði vegna skemmdanna, enda þótt af hans hálfu hafi verið upplýst við munnlegan flutning málsins, að viðgerð á bifreiðinni hafi ekki farið fram enn.

Þykir hæfilegt að ætla stefnanda tvo mánuði í afnotamissi með kr. 1.500.00 á mánuði, og verður þá þessi kröfuliður tekinn til greina með kr. 3.000.00.

Um III. lið, atvinnutap og tekjutjón.

Af hálfu stefnda hafa komið fram sömu mótmæli við þessum lið og við þeim næsta á undan.

Stefnandi hefur áætlað atvinnutap og tekjutjón í tólf mánuði. Í vottorði Vegagerðar ríkisins á dskj. nr. 6 kemur fram, að stefnandi hafi verið skrifstofustjóri Vegagerðar ríkisins, en látið af því starfi 1. júlí 1966, en þá verið falið að hafa áfram á hendi yfirumsjón með rekstri vegagjaldsstöðvar á Reykjanesbraut gegn áætlaðri þóknun, kr. 6.000.00 á mánuði, en hann hafi vegna forfalla ekki getað sinnt þessu starfi og því engar tekjur af því haft, en vottorð þetta er dagsett 7. apríl 1967.

Í bréfi sama aðilja á dskj. nr. 19, dags. 16. apríl 1968, segir, að

stefnandi hafi ekki þá enn hafið áðurgreint starf, en það standi honum ennþá opið, strax og hann telji sig með læknisráði vinnufæran. Þá segir í nefndu bréfi enn fremur svo, að stefnandi hafi engin störf haft á hendi hjá Vegagerð ríkisins eftir 7. október 1966 utan smáverkefni, sem hann hafi leyst af hendi heima við á síðastliðnu ári, og fengið fyrir það þóknun, kr. 4.000.00.

Með hliðsjón af þessum upplýsingum svo og örorkumati á dskj. nr. 13 þykir mega taka þennan lið til greina, þó þannig, að til frádráttar komi þær kr. 4.000.00, sem upplýst er, að stefnandi hafi fengið greiddar. Verður því þessi liður tekinn til greina með kr. 68.000.00.

Um IV. lið, heilsutjón (tímabundið), þjáningar og sársauka.

Af hálfu stefnda hafa komið fram mótmæli við þessum lið á sama grundvelli og næstu tveimur liðum á undan.

Í vottorði Tryggva Þorsteinssonar læknis á dskj. nr. 3 segir svo:

„Þann 7. 10. '66, kl. 15.05, var komið með Ásgeir Ásgeirsson, til heimilis Dyngjuvegi 10, Reykjavík, hingað á Slysavarðstofuna vegna meiðsla, er hann hafði hlotið í umferðarslysi skömmu fyrir komuna hingað. Hafði Ásgeir stjórnað bifreið, sem lenti í árekstri í Austurbrún, og kastaðist bifreið hans m. a. út í garð. Talið var, að Ásgeir hefði misst meðvitund smástund, en við komuna hingað var hann með fulla meðvitund og hafði hvorki uppköst, ógleði né svima eða önnur einkenni um heilahristing.

Skoðun: Hægra megin á hvirfli framarlega var ca. 6 cm langur sagital skurður. Vinstra megin á hvirfli var V-laga skurður ca. 22 cm langur, og hafði húð og galea losnað frá höfuðbeinum á allstóru svæði. Mar og hrufl var á hæ. hné. Á vinstri hendi var mjög djúpt sár, lokaliserað í greipinni milli þumalfingurs og lófans, og gekk sárið í djúpið inn með miðhandarbeinum. Sár þetta var ca. 9 cm langt og náði að M.C.3. Talsverð eymsli voru á rifjaboga vinstra megin. Rtg.mynd af vi. síðu sýndi sprungu (infractio) á 8unda rifi.

Að rannsókn lokinni var gengið frá sárum, gefið antibiotika og T.A.T.-toxoid og Ásgeiri leyft að fara heim til sín til hvíldar.

Ásgeir kom til eftirlits þ. 10. 10. Var skipt á sárum, sem litu vel út. Dálítill bjúgur var á handarbaki, og nokkur eymsli voru áfram á síðubarði vi. megin. Þann 14. 10. voru flestir saumar teknir úr höfuðsárum. Líðan fór nú batnandi, lengst var höndin að jafna sig. Saumar voru teknir, þeir er eftir voru, þ. 17. 10.

Þann 24. 10. litu sár öll vel út og þroti að hverfa úr hendi. Ásgeir kom síðast til eftirlits þ. 9. 12. Kvaðst hann ennþá hafa eymsli í vinstri síðu við viss átök. Höndin leit vel út. Einnig virtust örin á höfðinu snotur. Sagðist Ásgeir stundum finna til svima, síðan hann meiddi sig. Ekki kom fram nystagmus, og Rhombergs próf var negativt við skoðun, og er ástæða til að halda, að sviminn sé ekki alvarlegs eðlis. Ásgeir hefur ekki haft þrautir í höfði eftir meiðslið".

Þá liggur og frammi í málinu á dskj. nr. 13 örorkumat Páls Sigurðssonar læknis, svohljóðandi:

„Slysið varð með þeim hætti, að slasaði lenti í bifreiðaárekstri á bifreið sinni. Hann var fluttur í Slysavarðstofu, og það liggur fyrir vottorð frá Tryggva Þorsteinssyni, lækni þar, um ástand slasaða. Vottorðið er svohljóðandi: „....."

Í málinu liggur einnig fyrir vottorð Gunnars Guðmundssonar, dr. med. yfirlæknis, frá 1. marz 1967. Vottorð Gunnars er svohljóðandi:

„Vottorð vegna Ásgeirs Ásgeirssonar, f. 9. 8. 1897, til heimilis Dyngjuvegi 10, Reykjavík.

Ásgeir Ásgeirsson hefur verið hjá mér til rannsóknar vegna afleiðinga höfuðáverka, er hann hlaut að sögn í bílslysi 7. 10. 1966. Missti Ásgeir meðvitund við áverkann, og vissi hann ekki af sér, fyrr en lögreglan var komin á slysstaðinn, sem mun hafa verið um 10—15 mínútum eftir slysið.

Fékk hann skurði á höfuðið framantil. Strax eftir slysið fann hann til mikils höfuðverkjar og svima. Ásgeir var við rúmið næstu 3 vikurnar, og hefur hann ekkert getað unnið síðan. Síðan hann slasaðist, hefur hann haft allmikinn höfuðverk, svima, einkum ef hann bograr, svo og almenna þreytu. Hann segist þreytast óeðlilega mikið við alla áreynslu. Svefninn hefur verið mjög slæmur síðan, og minni finnst honum ekki eins gott og fyrir slysið. Þessi óþægindi hafa farið mjög mikið minnkandi undanfarnar vikur.

Fyrir slysið var hann við góða heilsu og hafði engin af áðurnefndum óþægindum.

Skoðun: Sj. er fullkomlega áttaður á stað og stund. Minni virðist allgott. Það eru engin einkenni, sem benda til organiskra mental breytinga.

Nervi kranialis: Heilataugar eðlilegar a. ö. l. en því, að sj. hefur hypestesi á svæðinu svarandi til nerveus orbitalis vinstra megin.

Motorik: Tonus, trofik og grófir kraftar eðlilegir. Reflexar eru eðlilegir og jafnir. Babinski negativur bilateralt.

Sensibilitet: Sársauka-, snerti-, stöðu- og vibrationsskyn er eðlilegt.

Koordination: Engin einkenni um ataxi. Romberg negativur. Gangur eðlilegur.

Sfinkterfunktion: Eðlileg að sögn.

Báðar carotis pulsera jafnt og eru eðlilegar.

(EEG & 7. 2. 67 Kleppsspítalinn): „Sennilega diffust létt abnormalt EGG, hratt". Spenna.

Álit: Sj. hefur fengið heilahristing (commotio cerebri), og verða áðurnefndar kvartanir að teljast afleiðing hans. Óþægindi sj. hafa lagazt mjög mikið undanfarnar vikur, og verða batahorfur því að teljast mjög góðar".

Slasaði kom til viðtals hjá undirrituðum 6/10 1967. Hann telur, að ástand hafi farið mjög batnandi síðustu mánuði. Hann hefur nú engan höfuðverk eða svima, en telur enn vera um að ræða óeðlilega þreytu. Svefn hefur komizt í eðlilegt horf, og minnisleysi háir honum ekki.

Ályktun: Hér er um að ræða 70 ára gamlan mann, sem slasaðist í bifreiðaslysi fyrir 1 ári. Við slysið hlaut hann höfuðhögg og mun hafa fengið heilahristing.

Einkenni, sem rekja má til höfuðáverkans, hafa verið viðloðandi fram til þessa, en eru nú að kalla horfin.

Vegna slyssins 7. okt. 1966 verður að telja, að maðurinn hafi hlotið tímabundna örorku, og telst sú örorka hæfilega metin þannig:

Í 6	mánuði	100%	örorka
- 3	—	75%	—
- 3	—	50%	—
- 3	—	25%	—
- 3	—	10%	—

En síðan verður ekki talið, að um örorku sé að ræða vegna slyssins".

Sjúkrasaga stefnanda hefur að nokkru verið rakin í vottorðum læknanna Tryggva Þorsteinssonar og Páls Sigurðssonar hér að framan. Samkvæmt henni og öðru því, sem hér þykir skipta máli, þykir hæfilegt að meta stefnanda bætur samkvæmt þessum lið kr. 25.000.00.

Samkvæmt þessu telst tjón stefnanda, það er hér skiptir máli, nema alls kr. 175.765.00 (kr. 79.765.00 + 3.000.00 + 68.000.00 + 25.000.00).

Frá þessari upphæð ber að draga ⅔ hluta, þ. e. hluta stefnanda sjálfs í sökinni, eða kr. 117.176.00.

Ber því stefnda að greiða stefnanda alls kr. 58.589.00 með 7% ársvöxtum frá 7. október 1966 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 13.000.00, og er þá tekið tillit til útlagðs kostnaðar við örorkumat o. fl.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Sigurgesti Guðjónssyni og Sigþóri Guðjónssyni bifvélavirkjameisturum.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Hjartarson, greiði stefnanda, Ásgeiri Ásgeirssyni, kr. 58.589.00 með 7% ársvöxtum frá 7. október 1966 til greiðsludags og kr. 13.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. júní 1969.

Nr. 19/1969. **Ragnar Kristjánsson**
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
gegn
Kristjáni Júlíussyni
(Kristján Eiríksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. febrúar 1969. Málinu var upphaflega áfrýjað með stefnu 15. nóvember 1968, en útivistardómur gekk 3. febrúar 1969. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og rakið er í héraðsdómi, telur áfrýjandi samkomulag hafa verið komið á um væntanlegar byggingarframkvæmdir aðiljanna, þegar stefndi galt honum hinn 30. júlí 1959 þær kr. 20.000.00, sem málið fjallar um. Heldur áfrýjandi því fram, að ætlun aðilja hafi verið, að þessari fjárhæð yrði varið til framkvæmdanna.

Af hálfu stefnda var því fyrst haldið fram, að komið hafi til mála, þegar fjárhæðin var greidd, að áfrýjandi fengi að endurgreiða hana „með lóð, er hann (áfrýjandi) kvaðst eiga von á að fá úthlutaða hjá Kópavogskaupstað". Síðar í rekstri málsins kveður stefndi, að þetta atriði hafi fyrst borið á góma um tveim til þrem mánuðum eftir afhendingu peninganna. Stefndi hefur ekki fært sönnur á, að þessi greiðsla hafi verið peningalán til áfrýjanda. Er því krafan fallin niður fyrir fyrningu, sbr. 5. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905. Verður áfrýjanda því dæmd sýkna af kröfum stefnda, en eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Ragnar Kristjánsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Kristjáns Júlíussonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. september 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. þessa mánaðar, hefur Kristján Júlíusson, Hrísateigi 13 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með sáttakæru, útgefinni hinn 18. ágúst 1966, á hendur Ragnari Kristjánssyni, Brávallagötu 44 hér í borg, til greiðslu á kr. 20.000.00 með 7% ársvöxtum frá 30. júlí 1959 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum jafnframt dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum lýst svo, að hin umstefnda

fjárhæð sé peningalán, sem stefnandi hafi veitt stefnda hinn 30. júlí 1959 samkvæmt skuldayfirlýsingu undirritaðri af stefnda.

Fyrir dómi hefur stefnandi skýrt svo frá málavöxtum, að stefndi hafi komið að máli við hann og sagt, að hann hefði erfðafestuland í Kópavogi og mundi geta fengið út úr því byggingarlóð og hann langaði til að fara að byggja. Kveður stefnandi stefnda hafa farið fram á það, að hann lánaði honum 20.000.00 krónur. Kveðst stefnandi hafa gert það. Stefnandi kveður stefnda svo hafa komið til sín þrem mánuðum síðar og boðið sér, að þeir byggðu saman hús á lóðinni nr. 19 við Skólagerði. Kveður stefnandi stefnda hafa sagt, að hann væri búinn að láta gera teikningu af íbúðum á þessari lóð. Kveðst stefnandi þá hafa spurt stefnda, hvort hann hefði peninga til að leggja fram á móti. Stefndi hafi svarað því til, að það teldi hann sig ekki hafa. Kveður stefnandi ekkert samkomulag hafa orðið um sameiginlegar byggingarframkvæmdir þeirra aðiljanna, þar sem stefndi hafi ekki getað lagt fram neitt fé til framkvæmdanna. Stefnandi kveðst skömmu síðar hafa átt tal við stefnda og hafi þá allt staðið við það sama hjá honum. Kveðst stefnandi þá hafa tjáð honum, að ekki gæti neitt orðið úr sameiginlegum framkvæmdum þeirra og kveðst hafa óskað þess, að stefndi endurgreiddi umræddar kr. 20.000.00 við tækifæri, þar sem hann, þ. e. stefnandi, hefði ekki fengið neitt verðmæti fyrir lánsféð. Kveður stefnandi stefnda hafa svarað því til, að hann hefði ekkert fé til að endurgreiða með, og hafi því samtali þá verið lokið í það skiptið. Kveðst stefnandi aldrei hafa lofað að taka þátt í sameiginlegum byggingarframkvæmdum á umræddri lóð með stefnda. Stefnandi kveður stefnda aldrei hafa haldið því fram við sig, að samningur hafi verið kominn á um byggingarframkvæmdirnar. Kveðst stefnandi fyrst hafa heyrt því haldið fram, eftir að mál þetta var höfðað. Stefnandi kveðst nokkrum sinnum hafa krafið stefnda munnlega um fjárhæðina, en aldrei skriflega. Ekki kveður stefnandi neitt hafa verið ákveðið um það, hvenær stefndi skyldi greiða skuldina, en hann kveðst hafa gert ráð fyrir, að stefndi greiddi hana við tækifæri.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að vorið 1959 hafi þeim aðiljum máls þessa komið saman um, að hann, þ. e. stefndi, gerði ráðstafanir til undirbúnings byggingar á lóðinni nr. 19 við Skólagerði í Kópavogi, sem byggingaryfirvöld höfðu úthlutað honum. Kveður stefndi samning þeirra aðiljanna um þetta efni hafa verið munnlegan. Kveður stefndi stefnanda hafa afhent sér umræddar

kr. 20.000.00, er notaðar skyldu til þessa undirbúnings. Stefndi kveðst nú hafa fengið Ásgeir Yngvason til að gera teikningu af húsinu. Teikningu þessa kveðst stefndi hafa fengið samþykkta svo og önnur leyfi, sem til hafi þurft. Teikninguna og kvittanir fyrir því, sem hann greiddi, kveðst stefndi hafa afhent stefnanda og kveður þau plögg nú vera í hans vörzlum. Ekki kveðst stefndi sjálfur hafa lagt til peninga til framkvæmdanna, en kveðst hafa lagt fram vinnu sína svo og lóðarréttindi. Hann kveðst hafa grafið fyrir grunni hússins og reiknað sér þóknun fyrir svo og fyrir aðra vinnu og umstang, sem hann hafi haft af þessu. Kveður stefndi stefnanda hafa vanefnt samkomulag þeirra aðiljanna með því að gera ekki ráðstafanir til þess að hægt væri að halda áfram með verkið. Kveðst stefndi hafa talað við stefnanda síðari hluta sumars eða haustið 1959 um það, að komið væri að því, að þeir keyptu timbur, en ekkert hafi verið ákveðið um timbur í það sinn. Kveðst stefndi svo ekki hafa haft samband við stefnanda fyrr en um vorið 1960. Þá hafi stefnandi neitað að halda byggingarframkvæmdum áfram án þess að tilgreina ástæðu. Ekki kveður stefndi þá aðiljana hafa verið búna að ákveða það nánar, hvernig byggingarframkvæmdum skyldi hagað, en frá byrjun hafi þó verið um það rætt, að báðir hlutar hússins, sem áttu að vera svonefnt parhús, skyldu byggðir sameiginlega. Stefndi kveður staðið hafa til, að þeir gerðu skriflegan samning um byggingarframkvæmdir, en ekki hafi verið ákveðið, hvernig frá honum skyldi ganga. Stefndi kveður byggingarleyfið og úthlutun lóðarinnar hafa verið gerða á sitt nafn, en hann kveður byggingarfulltrúann í Kópavogi hafa tjáð sér, að stefnandi gæti gengið inn í byggingarleyfið með sér síðar og nánast hvenær sem væri, a. m. k. þegar lóðarsamningur væri gerður. Kveðst stefndi hafa fengið þessar upplýsingar hjá byggingarfulltrúanum, eftir að hann hafði farið fram á, að byggingarleyfið yrði einnig gefið út á nafn stefnanda. Stefndi kveður stefnanda sjálfan aldrei hafa krafið um endurgreiðslu á umræddum kr. 20.000.00, en hann kveðst ef til vill hafa heyrt á stefnanda, að hann vildi fá eitthvað af peningunum til baka á tímabilinu frá vorinu 1960 og þar til byggingarleyfið var afturkallað. Ekki kveðst þó stefndi geta tímasett það frekar, hvenær hann þóttist skilja þetta á stefnanda.

Í málinu hefur verið lögð fram svohljóðandi yfirlýsing, dags. 30. júlí 1959, undirrituð af stefnda.

„Ég undirritaður, Ragnar Kristjánsson, Brávallagötu 44,

Reykjavík, hefi móttekið hjá Kristjáni Júlíussyni, Vesturgötu 22, Reykjavík, kr. 20.000.00 — tuttugu þúsund krónur — hinn 30. júlí 1959".

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að fjárhæð sú, sem krafið er um greiðslu á í máli þessu, sé peningalán, sem stefnandi hafi veitt stefnda hinn 30. júlí 1959, en stefndi hafi viðurkennt móttöku fjárhæðar þessarar með yfirlýsingu þeirri, sem lögð hefur verið fram í málinu.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi byggð á því, að umræddar kr. 20.000.00 hafi verið bein greiðsla á hluta stefnanda sjálfs í kostnaði við undirbúningsframkvæmdir á lóðinni nr. 19 við Skólagerði í Kópavogi, enda sé yfirlýsing sú, sem stefndi gaf af því tilefni, hrein kvittun, en feli ekki í sér neina skuldaviðurkenningu. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að jafnvel þótt umrædd krafa hafi átt rétt á sér, þá sé hún fyrnd samkvæmt reglum um fyrningu á endurkröfum, þar sem í hæsta lagi væri um verzlunarskuld að ræða.

Umrædd viðurkenning stefnda, sem hann gaf stefnanda við móttöku fjárhæðarinnar, kr. 20.000.00, segir ekki berlega, hvort um hafi verið að ræða peningalán eða greiðslu á kostnaði við sameiginlegar byggingarframkvæmdir. Þegar virt er það, sem fram er komið í málinu, þykir þó verða að leggja til grundvallar, að um peningalán hafi verið að ræða. Verður eigi á það fallizt með stefnda, að krafa stefnanda sé niður fallin fyrir fyrningu. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda kr. 20.000.00 með vöxtum, sem eftir öllum atvikum þykir rétt að dæma 7% frá birtingu sáttakæru, 25. ágúst 1966. Þá þykir og eftir öllum atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ragnar Kristjánsson, greiði stefnanda, Kristjáni Júlíussyni, kr. 20.000.00 með 7% ársvöxtum frá 25. ágúst 1966 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 10. júní 1969.

Nr. 102/1969. **Haukur Haraldsson og Pétur Valdimarsson persónulega og fyrir hönd Verktækni s/f**
gegn
Aðalgeiri & Viðari h/f og Ásmundi S. Jóhannssyni setudómara.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Vanhæfi dómara.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 16. maí 1969 hafa sóknaraðiljar kært til Hæstaréttar úrskurð bæjarþings Akureyrar, sem kveðinn var upp 2. maí 1969, en sóknaraðiljar fengu vitneskju um úrskurðinn hinn 5. s. m. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 31. maí 1969. Með úrskurði þessum var hrundið kröfu sóknaraðilja um, að setudómari, Ásmundur S. Jóhannsson, viki sæti í máli varnaraðilja Aðalgeirs & Viðars h/f gegn sóknaraðiljum.

Sóknaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og setudómara gert að víkja sæti í greindu máli. Þá krefjast þeir og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borizt greinargerð né kröfur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Akureyrar 2. maí 1969.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar með áskorunarstefnu, birtri 11. janúar 1969, af Aðalgeiri og Viðari h/f, Akureyri, gegn Pétri Valdimarssyni, Þórunnarstræti 104, og Hauki

Haraldssyni, Reynivöllum 6, báðum á Akureyri, persónulega og fyrir hönd Verktækni s/f, Akureyri, til greiðslu in solidum á skuld kr. 40.000.00 samkvæmt víxli, útgefnum af stefnanda hinn 20. ágúst 1967 og samþykktum af stefnda Pétri pr. pr. Verktækni s/f til greiðslu í útibúi Iðnaðarbanka Íslands h/f, Akureyri, en á þeim tíma ráku stefndu, Pétur og Haukur, firmað Verktækni s/f sameiginlega og með fullri og ótakmarkaðri ábyrgð. Auk fyrrtaldrar skuldar, kr. 40.000.00, krafðist stefnandi þess, að stefndu greiddu 1% dráttarvexti af skuldinni á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 20. desember 1967 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Málið var þingfest 16. janúar 1969. Þá lögðu stefndu fram greinargerð sína. Kröfðust þeir þess aðallega, að þeir yrðu sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim yrði dæmdur málskostnaður, en til vara, að stefnukrafan yrði stórlega lækkuð að mati dómara og málskostnaður felldur niður. Þar sem málið var víxilmál, var óskað eftir heimild til að koma fram vörnum í málinu samkvæmt 209. gr. laga nr. 85/1936 vegna þeirra lögskipta, sem liggja að baki víxlinum, og til þess að komast hjá nýrri málssókn samkvæmt 2. mgr. 209. gr. nefndra laga. Forsögu málsins kváðu stefndu vera þá, að í maí 1967 bauð Verktækni s/f út smíði á hurðum, gluggum og skápum í svefnskála í Mývatnssveit. Stefnendur gerðu boð í verkið, og hljóðaði það upp á kr. 128.770.00 og var lægsta boðið í verkið. Stefnendur hófu síðan að vinna að verkinu, enda töldu þeir, að tilboði þeirra hefði verið tekið, en síðar var gerð skápanna breytt, þeir minnkaðir, svo þeir yrðu ódýrari, eins og stefndu halda fram, en aðiljar deila um, hvort þessi breyting hafi átt að hafa áhrif á upphaflegt verðtilboð og að hve miklu leyti. Auk framangreindrar smíði tóku stefnendur að sér að vinna önnur verk fyrir stefndu og að sögn stefnanda án þess að taka fyrir það sérstakt endurgjald í stað þess sparnaðar, sem orðið hafi af breytingu skápanna.

Stefndu kveðast hafa gert ráð fyrir, að nýtt tilboð kæmi frá stefnendum, eftir að gerð skápanna var breytt. Kváðust þeir hafa greitt kr. 40.000.00 upp í verkið, en neitað að greiða meira, fyrr en endanlegt tilboð kæmi frá stefnendum ásamt sérreikningum fyrir aukaverk, sem unnin voru. Síðar samþykkti stefndi Pétur Valdimarsson tvo víxla fyrir eftirstöðvum upphaflega kaupverðsins og afhenti þá stefnanda, og er víxill sá, er um ræðir í máli þessu, annar þeirra. Í þinghaldi 23. s. m. lagði stefnandi fram greinargerð sína og taldi þar ekki ástæðu til að leyfa varnir

í málinu, sem eingöngu yrðu til að tefja það, en í lok þinghalds féll hann frá synjun sinni með bókun. Var málinu síðan frestað til 3. febrúar s.l. og aftur til 10. s. m., og voru á þinghöldum þessum lögð fram nokkur skjöl. Daginn eftir voru ákveðnar vitnaleiðslur og aðiljayfirheyrzlur, og vék þá hinn reglulegi dómari sæti í málinu ex officio, sbr. 36. gr. laga nr. 85/1936, þar sem Viðar Helgason, annar aðaleigandi og fyrirsvarsmaður stefnanda, er kvæntur systur hans, Birnu Eiríksdóttur, en auk þess er hún í varastjórn félagsins.

Núverandi dómari var skipaður setudómari í málinu hinn 11. febrúar s.l., en hann er jafnframt aðalfulltrúi við embætti hins reglulega dómara. Hóf hann sama dag vitna- og aðiljayfirheyrzlur, og virtist gagnasöfnun vera að ljúka, þegar stefndu kröfðust þess í þinghaldi 14. f. m., að settur dómari í málinu viki sæti með tilvísun til 7. tl. 36. gr. einkamálalaganna, þar sem hætta sé á, að hann fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu, og byggja þá kröfu á því aðallega, að Freyr Ófeigssonar héraðsdómslögmaður, lögmaður stefnanda, sé fulltrúi við sama embætti og setudómarinn og sem slíkur einn af dómurunum við þann dómstól, og það samrýmist ekki stöðu hans að flytja mál fyrir dóminum. Síðan víkja stefndu að því, að fulltrúar við embætti bæjarfógetans á Akureyri og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu reki málflutningsstörf, og telja, að það fari í bága við allt réttaröryggi og engin nauðsyn sé fyrir hendi, sem réttlæti þetta.

Með því að dómarinn hefur sérstaka skipun til þess að fara með mál þetta, sbr. 30. gr. einkamálalaganna, 1. mgr., og ber á því skaðabóta- og refsiábyrgð gagnvart aðiljum, málið varðar hvorki hann né venzlamenn hans verulega fjárhagslega eða siðferðilega og huglæg afstaða hans gagnvart umboðsmanni stefnanda er ekki önnur en gagnvart öðrum í lögfræðingastétt, virðast engin efni standa til að taka kröfu stefndu til greina.

Ályktarorð:

Kröfu stefndu er synjað.

Setudómara ber ekki að víkja sæti í máli þessu.

Föstudaginn 13. júní 1969.

Nr. 8/1969. **Sveinn Garðarsson Hansen**
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Aðalsteini Guðmundssyni og
Garðari Þorsteinssyni (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun. Löghaldsgerð úr gildi felld. Útivist stefndu.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. janúar 1969. Krefst hann aðallega ómerkingar héraðsdóms og frávísunar málsins frá héraðsdómi, en til vara sýknu af öllum kröfum stefndu. Þá krefst hann og ógildingar löghaldsgerðar, sem fór fram hinn 27. september 1968, og svo málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefndu hafa ekki sótt þing í Hæstarétti.

Í héraðsstefnu er málsatvikum lýst svo: „Skuld þessi er vegna þess, að stefndi fór fyrirvaralaust úr skiprúmi á v/b Braga, SK 74, og skuldar því uppsagnarfrestinn og orlof, kr. 35.385.50". Við löghaldsgerðina var lagður fram svohljóðandi reikningur:

„Hr. Sveinn Garðarsson, Flateyri.

PAF

1968		kr. au.
27. 9.	An: Trygging vélstjóra í 1½ mánuð á kr. 21.985.00	32.977.50
	— Orlof	2.308.00
	Samtals	35.285.50"

Í héraði var ekki gerð nánari grein fyrir málavöxtum, og ekki voru lagðir fram þeir kjarasamningar, sem krafan var reist á. Var málið því í öndverðu svo vanreifað af hálfu stefndu, þ. e. stefnenda í héraði, að ómerkja ber hinn áfrýj-

aða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi. Samkvæmt þessu ber og að fella hina áfrýjuðu löghaldsgerð úr gildi, enda hafa stefndu eigi haldið uppi vörnum í málinu í Hæstarétti. Rétt þykir, að stefndu greiði áfrýjanda kr. 5.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Hin áfrýjaða löghaldsgerð er úr gildi felld.

Stefndu, Aðalsteinn Guðmundsson og Garðar Þorsteinsson, greiði áfrýjanda, Sveini Garðarssyni Hansen, kr. 5.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Ísafjarðarsýslu 16. október 1968.

Ár 1968, miðvikudaginn 16. október, var í aukadómþingi Ísafjarðarsýslu, sem haldið var í dómsal sýslumannsembættisins af Jóhanni Gunnari Ólafssyni, settum sýslumanni, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 15. þ. m.

Mál þetta er höfðað fyrir aukadómþinginu með stefnu, útgefinni 4. október s.l., af Aðalsteini Guðmundssyni og Garðari Þorsteinssyni, báðum til heimilis á Flateyri, gegn Sveini Garðarssyni Hansen, Ránargötu 10, Flateyri, til greiðslu á kr. 35.385.50 ásamt 1% dráttarvöxtum á mánuði og fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 27. september 1968 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Þá er þess krafizt, að löghald, sem gert var 27. september 1968 í inneign stefnda, kr. 34.885.88, hjá sýslumannsskrifstofunni verði staðfest.

Stefnendur skýrðu frá því, að skuldin væri þannig til komin, að stefndi fór fyrirvaralaust úr skiprúmi á v/b Braga, SK 74, eign þeirra, og skuldar þeim því uppsagnarfrest og orlof.

Stefnendur gerðu þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim stefnukröfurnar og að staðfest verði framangreind löghaldsgerð.

Stefndi mætti ekki í málinu og enginn af hans hálfu, og er honum þó löglega stefnt.

Málatilbúnaði stefnenda þykir í engu áfátt, og ber því að dæma málið samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum eftir 118. gr. laga nr. 85/1936.

Ber að dæma stefnda til að greiða stefnendum stefnukröfurnar.

Löghaldsgerð frá 27. september 1968 staðfestist.

Málskostnaður nemur samkvæmt framlögðum reikningi kr. 2.410.00, og ber að dæma stefnda til að greiða hann.

Dómsorð:

Stefndi, Sveinn Garðarsson Hansen, greiði stefnendum, Aðalsteini Guðmundssyni og Garðari Þorsteinssyni, kr. 35.385.50 ásamt 1% dráttarvöxtum á mánuði og fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 27. september 1968 til greiðsludags og í málskostnað 2.410.00 krónur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Löghaldsgerð frá 27. september 1968 staðfestist.

Löghaldsgerð fógetadóms Ísafjarðarsýslu 27. september 1968.

Ár 1968, föstudaginn 27. september, kl. 1600, var fógetadómur Ísafjarðarsýslu settur í sýsluskrifstofunni á Ísafirði og haldinn af Einari Gunnari Einarssyni fulltrúa með undirrituðum vottum.

Fyrir tekið: Fógetadómsmál nr. 22/1968: Að kyrrsetja eignir Sveins Garðarssonar, Flateyri, að beiðni Aðalsteins Guðmundssonar og Garðars Þorsteinssonar, Flateyri.

Gerðarbeiðendur eru báðir mættir, Aðalsteinn Guðmundsson, Grundarstíg 22, Flateyri, og Garðar Þorsteinsson, Drafnargötu 6, Flateyri, og leggja fram nr. 1 löghaldsbeiðni og nr. 2 reikning. Skjölin fylgja.

Að tilhlutan fógeta mætir af hálfu gerðarþola Pétur Bjarnason, innheimtumaður á Ísafirði, og samþykkir hann, að gerðin fari hér fram.

Fógeti leitaði sátta árangurslaust.

Eftir áskorun fógeta lögðu gerðarbeiðendur fram víxil að fjárhæð kr. 15.000.00 sem tryggingu.

Víxillinn er útgefinn í dag af Garðari Þorsteinssyni og ábektur af honum, en samþykkur til greiðslu við sýningu af Aðalsteini Guðmundssyni.

Fógeti og umboðsmaður gerðarþola tóku trygginguna gilda.

Gerðarbeiðendur kröfðust þess, að löghald yrði gert í eignum gerðarþola, inneign gerðarþola hjá sýslumannsembættinu vegna

v/b Braga, SK 74, kr. 34.885.88, og öðrum eignum, ef inneign hrekkur ekki fyrir kröfunni, til tryggingar framangreindri kröfu, kr. 35.385.50, ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 27. september 1968 til greiðsludags og auk alls kostnaðar vegna gerðarinnar og eftirfarandi staðfestingarmáls, fjárnáms og uppboðs, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Áminntur um sannsögli bendir umboðsmaður gerðarþola á inneign gerðarþola hjá sýslumannsembættinu, kr. 34.885.88, en kveðst ekki geta bent á fleiri eignir, þar sem honum er ekki kunnugt um, að hann eigi nokkuð annað.

Fógeti lýsti því yfir, að hann legði löghald á ofangreinda inneign til tryggingar framangreindum kröfum að hluta, allt að geymdum betri rétti 3ja manns.

Fógeti brýndi fyrir umboðsmanni gerðarþola að tilkynna honum um gerðina og þýðingu hennar.

Mánudaginn 16. júní 1969.

Nr. 201/1968. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Halldóri Ólafssyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Rán. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms. Lögreglumennirnir Bergsteinn Árnason og Hallgrímur Jónsson hafa heitfest skýrslur sínar. Þá hafa vitnin Knud Jørgen Fuldby, Sofus Anton Knud Tuge Jørgensen, Holger Emil Petersen, Hans Peder Christensen, Tage Rugaard, Walter Højgaard Henriksen og Jørgen Hansen komið fyrir dóm í Kaupmannahöfn og borið vætti. Vitni

þessi höfðu áður fyrir lögreglu Kaupmannahafnar gefið skýrslur um sakarefni, sem raktar eru í héraðsdómi. Er vætti vitnanna í samræmi við nefndar skýrslur og atvikalýsingu héraðsdóms, sem staðfesta ber með greindum athugasemdum.

Ákærði greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000.00, og laun verjanda síns, kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Halldór Ólafsson, greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000.00, og laun verjanda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 31. maí 1968.

Ár 1968, föstudaginn 31. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 319/1968: Ákæruvaldið gegn Halldóri Ólafssyni, sem tekið var til dóms 17. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 15. marz s.l., „á hendur ákærða Halldóri Ólafssyni blikksmið, Bolungarvík, fæddum 9. apríl 1936 í Kaupmannahöfn, fyrir að hafa:

I.

Gerzt sekur um eftirgreind ránsbrot í Kaupmannahöfn í janúarmánuði 1968 með því að hafa þar á götum úti, ýmist einn eða ásamt öðrum manni, svo sem rakið verður, veitzt ógnandi að mönnum með miðandi byssu og þannig með hótunum og jafnvel líkamlegu ofbeldi haft fé af þeim eða reynt að hafa út fé:

A. Aðfaranótt miðvikudagsins 3. janúar, þá einn síns liðs:

1. Veitzt með framangreindum hætti og í auðgunarskyni að Knud Jörgen Fulby mjólkurbifreiðarstjóra, þar sem hann var að bera mjólk af bifreið sinni við Gasværksvej 4, en ákærði hætti frekari aðgerðum án þess að hafa út peninga

og hvarf á brott, er nefndur Fulby hélt áfram vinnu sinni þrátt fyrir aðgerðir og hótanir ákærða.

2. Á sama hátt og í sama skyni veitzt að drukknum manni, Knud Jörgensen bakara, á Sdr. Boulevard, hrakið hann að húsatröppum og er maðurinn lét ekki veski sitt af hendi, rænt hann því. Verðmæti veskisins d. kr. 15, og í því voru um d. kr. 20 auk ljósmynda og ýmissa pappíra.
3. Veitzt að Holger Emil Petersen ölgerðarmanni, Flensborggade 1, með sama hætti fyrir utan heimili hans og haft af honum fé, d. kr. 5—6 hundruð.
4. Á svipuðum slóðum og á sama hátt veitzt að óþekktum miðaldra manni, hrakið hann inn í húsasund og haft af honum d. kr. 5—600.00, en skilað honum peningunum aftur, er maðurinn sagðist vera á atvinnuleysisstyrk og þetta væri aleiga sín.

B. Aðfaranótt laugardagsins 6. janúar ásamt félaga sínum, Magnúsi Jónasi Guttormi Sigurðssyni, Fredriksstadsgade 1 í Kaupmannahöfn, og eftir að þeir höfðu sammælzt um að afla sér í sameiningu fjár á framangreindan hátt:

1. Í sameiningu veitzt að Hans Peder Christensen verkamanni í húsagarði við Valdemarsgade 22 með þeim hætti, að ákærði Halldór greip í hálsmálið á fötum hans, rak byssuhlaupið að hálsi nefnds Christensens og kvaðst skjóta hann, ef hann ekki afhenti peninga þá, sem hann hefði á sér, um leið og Magnús, félagi ákærða, leitaði í vösum fórnarlambsins og tók peningaveski úr buxnavasa hans. Verðmæti veskisins, d. kr .35, og í því voru d. kr. 23 og tveir lyklar, en fengurinn féll í hlut ákærða Halldórs.
2. Í beinu framhaldi af framangreindu reynt að ræna Tage Rugaard blaðaljósmyndara, þar sem hann var að þurrka af rúðum bifreiðar sinnar við húsið Broagergade 1, með þeim hætti, að ákærði Halldór miðaði á hann byssunni með hótunum, en félagi hans Magnús stóð álengdar, en báðir létu þeir af frekari aðgerðum og héldu brott, en Rugaard tók þessu sem gamni og hélt áfram að hreinsa glugga bifreiðar sinnar.

Framangreind brot ákærða teljast öll varða við 252. gr., sbr. 2. tl. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. þó 1. mgr. 20. gr. sömu laga, að því er varðar liði A, 1. tl., og B, 2. tl.

II.

Gerzt sekur um þjófnað með því að hafa á ferð sinni um götur

Kaupmannahafnar aðfaranótt miðvikudagsins 3. janúar, sbr. liði I, A, stolið reiðhjóli, svörtu að lit og ólæstu, við Flensborggade 1 og notað það þá um nóttina og einnig föstudagskvöldið 5. janúar, en hjólið fannst þremur dögum síðar á horni Flensborggade og Istedgade.

Telst þetta varða við 244. gr., sbr. 2. tl. 5. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Aðfaranótt laugardagsins 13. ágúst 1966 undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni R 16318 frá veitingahúsinu Klúbbnum í Reykjavík áleiðis heim til sín að Múla við Suðurlandsbraut, unz lögreglumenn stöðvuðu akstur ákærða á Lækjarteig.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar og til greiðslu skaðabóta — ef krafizt verður — og alls sakarkostnaðar".

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1957 27/5 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1957 19/8 í Reykjavík: Dómur: 2.000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði, fyrir brot á áfengislögum og bifreiðalögum og 219. gr. hegningarlaga.
1958 26/5 í Reykjavík: Kærður fyrir brot á 218. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað í 2 ár frá 5/1 1960. Samþykkt með dómssátt 19/12 1959 að greiða 25.707.27 kr. skaðabætur.
1960 19/2 í Reykjavík: Dómur: 15 daga varðhald, sviptur ökuskírteini ævilangt, fyrir brot gegn áfengislögum og umferðarlögum.
1962 3/12 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
1965 31/12 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.
1966 25/4 í Reykjavík: Dómur: Varðhald í 15 daga fyrir brot á 25. og 50. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuréttindum í 1 ár frá dómsbirtingu.
1966 10/8 í Reykjavík: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot gegn 261. gr. hegningarlaga.

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærða og öðrum gögnum í máli þessu.

I og II.

Um miðjan septembermánuð á árinu 1966 fór ákærði, Halldór Ólafsson, héðan af landi brott til Kaupmannahafnar. Kveðst hann hafa verið skilinn við konu sína og eins hafi smiðja sín verið komin í greiðsluþrot. Hafi tilgangurinn með brottförinni verið sá að fá sér vinnu og byrja nýtt líf, eins og ákærði orðar það. Nokkru eftir að ákærði kom til Kaupmannahafnar, kom kunningi hans, Magnús Jónas Guttormur Sigurðsson, fæddur 17. marz 1936, einnig þangað ásamt konu sinni. Bjuggu þau um skeið á sama stað og ákærði. Ákærði og Magnús Jónas Guttormur hófu störf, eftir að til Kaupmannahafnar kom, og unnu á nokkrum stöðum, en voru ekki lengi á hverjum stað. Ákærði Halldór hætti störfum hjá fyrirtæki því, er hann vann hjá síðast skömmu fyrir jól á árinu 1967 vegna taugaslappleika, að hann segir. Var hann þá búinn að vera í bindindisfélagi um 3 mánaða skeið með góðum árangri. Milli jóla og nýjárs kveðst hann hafa verið við drykkju. Hafi hann orðið peningalaus og hvorki haft fé fyrir mat né til greiðslu á húsaleigu. Úr þessu hafi þó rætzt í bili, þar sem dönsk stúlka að nafni Bente Olsen, er bjó hjá ákærða, hafi lánað honum 500 krónur um áramótin. Ákærði kveðst hafa varið 300 kr. af fé þessu til greiðslu á húsaleigu og 150 kr. til kaupa á loftbyssu, en afganginum eyddi hann með öðrum hætti. Ákærði telur, að það hafi verið 2. janúar s.l., sem honum datt í hug að kaupa loftbyssuna. Fóru kaupin fram í verzlun nokkurri í Kaupmannahöfn, og var tilgangurinn með kaupunum að sögn ákærða að leika sér með byssuna, en eigi hafði það þá hvarflað að honum að nota hana til að fremja rán með henni. Byssa þessi, sem er af tegundinni Diana Mod. 5., er um 40 cm á lengd og er bæði fyrir holkúlur og örvar. Tekur hún eitt skot í einu. Auk byssunnar keypti ákærði nokkuð af skotum, þ. e. holkúlum í hana, en örvar í byssuna átti hann sjálfur svo og nokkuð af höglum. Ákærði kveðst hafa skotið nokkrum skotum úr byssunni í herbergi sínu og notað kassann utan af henni sem skotmark.

Fyrstu vikuna í janúar kveðst ákærði hafa verið við drykkju, þótt ekki hafi borið mikið á því. Fór Bente Olsen frá honum, daginn áður en hann keypti byssuna. Ákærði kveðst lítið muna eftir sér viku þessa, en sér hafi dottið í hug að útvega sér peninga á einhvern hátt. Kveðst hann ekki muna upphafið að þessu, en telja, að hvorugur þeirra Magnúsar Jónasar Guttorms hafi beinlínis átt uppástunguna að því að fremja rán, þetta hafi allt komið af sjálfu sér.

A. Aðfaranótt miðvikudagsins 3. janúar s.l. fór ákærði Halldór, er þá bjó í Frederiksstadsgade 1 í Kaupmannahöfn, að heiman frá sér. Ákærði kveðst ekki hafa verið í ránshugleiðingum. Hann var undir áhrifum áfengis, en hann hafði drukkið 14—15 flöskur af áfengum bjór daglega dagana á undan. Ákærði hafði loftbyssuna meðferðis, en skot var ekki í henni. Kveðst ákærði ekki hafa þorað það, þar sem gikkurinn á byssunni hafi verið það hárnákvæmur, að ekkert hafi mátt við hann koma, svo að skot hlypi úr henni og slys getað orðið af. Ákærði kveður vel geta verið, að hann hafi verið með skot í vasa sínum. Í porti við Flensborggade 1, sem er skammt frá heimili hans, tók hann að ófrjálsu reiðhjól, sem var ólæst. Reiðhjólið notaði hann um nóttina og einnig að kvöldi föstudagsins 5. janúar. Reiðhjól þetta fannst 3 dögum síðar á horni nefndrar götu og Istedgade.

1. Umrædda nótt, klukkan 0410, hafði Knud Jörgen Fulby mjólkurbifreiðarstjóri numið staðar á vörubifreið sinni fyrir utan Gasværksvej 4 og hafið að afferma mjólk. Kom þá til hans maður, og tók Knud Jörgen eftir því, að maðurinn hafði dregið hálsklút upp fyrir munninn. Hugsaði hann sem svo, að ekki væri svo kalt í veðri, að þess þyrfti með. Maðurinn kom að bifreiðinni, og taldi Knud Jörgen, að hann vildi kaupa mjólk. Maðurinn hafði orð á því, að það væri kalt. Kveðst Knud Jörgen hafa svarað því játandi og haldið áfram affermingunni. Maðurinn gekk nú alveg að honum og sagði: „Hingað með veskið". Kveðst Knud Jörgen hafa tekið eftir því, að maðurinn talaði dálítið bjagaða dönsku. Hann kveðst nú hafa orðið þess var, að maðurinn hafði hneppt frá sér frakka sínum og tekið fram einhvern hlut, sem virtist vera stór loftbyssa. Álítur hann, að hlutur þessi hafi verið um 1 metra á lengd og að skeftið hafi verið gráleitt. Knud Jörgen kveðst hafa sagt manninum, að hann hefði ekkert veski og þetta væri bara loftskammbyssa. Svaraði maðurinn því með þessum orðum: „Viltu sjá, hvort hún getur skotið". Knud Jörgen kveðst þá hafa sagt: „Skjóttu bara". Hélt hann áfram affermingunni og gekk í kringum bifreiðina, en maðurinn kom á eftir honum. Kveðst Knud Jörgen hafa talið, að hentugt væri, að hafa kassa við hendina, ef maðurinn ætlaði að aðhafast eitthvað. Eftir 2—3 mínútur kom blaðburðarmaður hverfisins á vettvang, og kveðst Knud Jörgen hafa sagt við hann, að það væri þokkalegt að verða fyrir árás svo snemma að morgni. Gekk maðurinn þá yfir götuna og hélt á brott, en Knud Jörgen fór og tilkynnti lögreglunni um atburðinn. Fékk hann blaðburðarmanninn til að vera við bifreið-

ina á meðan. Áður en maðurinn fór á brott, stakk hann byssunni eða hlut þeim, er hann var með, niður í buxur sínar við strenginn, þaðan sem hann hafði tekið hann. Þegar Knud Jörgen kom aftur á staðinn, skýrði blaðburðarmaðurinn honum frá því, að maðurinn hefði tekið reiðhjól við Gasværksvej 15 og ekið á brott. Maðurinn hafði ekkert upp úr krafsinu. Kveður Knud Jörgen sér ekki hafa fundizt krafa hans sett fram á ógnvekjandi hátt og hann hafi í raun og veru tekið þessu sem gríni.

Blaðburðarmaður sá, er að framan greinir, Walther Höjgaard Henriksen, hafði ekið nótt þessa, kl. 0400, að Gasværksvej 2 og sett þar reiðhjól sitt ásamt blöðunum, sem hann var með. Var þá mjólkurbifreiðarstjórinn ekki kominn ennþá, og tók hann ekki eftir neinum á götunni. Gekk hann um garðinn að húsunum nr. 4 og 6 við götuna. Þegar hann hafði afhent blöð sín og kom út á götuna, tók hann eftir mjólkurbifreiðinni og heyrði, að ökumaðurinn var að tala við einhvern. Gaf hann því ekki nánari gætur og hélt að reiðhjóli sínu. Sagði þá ökumaðurinn við hann, að það yrði líklega ráðizt á þá. Walther Höjgaard kveðst nú hafa tekið eftir því, að við hliðina á mjólkurbifreiðarstjóranum stóð maður með langa skammbyssu, sem hann beindi að bifreiðarstjóranum. Hann var með dökkan hálsklút dreginn upp fyrir andlitið og talaði józku að honum fannst. Hélt hann með báðum höndum um byssuna. Walther Höjgaard kveðst hafa sagt mjólkurbifreiðarstjóranum, að svo slæmt yrði það líklega ekki, en þá sagði maðurinn, um leið og hann beindi skammbyssunni að Walther Höjgaard, að hann kærði sig líklega ekki um að fá skot í magann. Maðurinn hélt áleiðis yfir götuna og beindi í sífellu skammbyssunni að Walther Höjgaard og mjólkurbifreiðarstjóranum. Tók hann reiðhjól, sem stóð fyrir utan Gasværksvej nr. 15 og ók á brott.

Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi umrædda nótt komið að bifreiðarstjóra á Gasværksvej, er var að bera mjólk af mjólkurbifreið. Kveður hann sér hafa dottið í hug að ræna hann. Gekk hann að bifreiðarstjóranum, otaði byssunni að honum og sagði honum að láta sig hafa peninga þá, er hann væri með. Bifreiðarstjórinn hafi sagt, að hann hefði ekki peninga og tekið þessu sem gríni. Hafi hann hlegið, sagt sér að vera ekki að þessu rugli og haldið áfram að vinna. Ákærði kveður geta verið, að hann hafi spurt bifreiðarstjórann að því, hvort hann vildi fá kúlu í magann, en auðséð hafi verið á honum, að hann hafi ekki trúað því, að ákærða væri alvara. Ákærði kveðst ekki hafa verið með neitt í

byssunni og þegar hann hafi séð, að bifreiðarstjórinn hafi ekki trúað sér, hafi hann ákveðið að láta hann eiga sig. Ákærði hafði skilið reiðhjólið eftir skammt frá. Hélt hann að því og ók á því á brott. Ákærði kveður sig ekki muna eftir því, að neinn hafi komið að, á meðan hann var að ræða við bifreiðarstjórann. Ákærði telur, að Magnús Jónas Guttormur hafi komið með sér á staðinn og verið hinum megin götunnar, er þetta gerðist, en er þó ekki viss um það, þetta sé allt gloppótt hjá sér. Eftir þetta fór ákærði heim til sín á reiðhjólinu og drakk þar kaffi. Fór hann að því búnu aftur út og hafði byssuna meðferðis. Minnir ákærða, að hann hafi ekki farið á reiðhjólinu.

2. Klukkan 0435 nótt þessa hringdi Sofus Anton Knud Tuge Jörgensen bakari, til heimilis í Haderslevgade 36 í Kaupmannahöfn, til lögreglunnar þar í borg og tilkynnti, að hann hefði orðið fyrir árás á Sdr. Boulevard rétt áður og veski sínu verið rænt frá sér. Kvað hann árásarmanninn hafa verið vopnaðan vélskammbyssu. Sofus Anton *Knud* Tuge, hér eftir kallaður Knud, var nokkuð með áfengisáhrifum að sögn lögreglunnar. Hefur hann skýrt svo frá, að hann hafi umrædda nótt verið á veitingastöðum ásamt starfsbræðrum sínum og neytt þar áfengis. Þegar orðið var áliðið nætur, kveður Knud einn starfsbróður sinn hafa verið orðinn eftir með sér, en þeir hafi skilizt fyrir utan veitingastað einn, og kveðst hann hafa haldið í áttina að Sdr. Boulevard á leið heim til sín í Hadarslevgade. Knud kveðst hafa haft um það bil 20 krónur í veski sínu, en aðra peningaseðla, er hann var með, geymdi hann lausa í vinstri jakkavasa. Enga skýringu getur hann samt gefið á þessu. Þetta var ekki vegna þess, að hann teldi sig hafa neitt að óttast, heldur muni vera um tilviljun að ræða. Ekki gaf hann því neinn gaum, hvort nokkur veitti honum eftirför í áttina að Sdr. Boulevard eða eftir þeirri götu, er þangað kom, en þegar hann var kominn spölkorn eftir Sdr. Boulevard, mætti hann manni. Staðnæmdist maðurinn rétt hjá honum, beindi byssu, sem Knud taldi vera vélskammbyssu, að honum og mælti um leið á bjagaðri dönsku: „Hingað með peningana“. Jafnframt þröngvaði hann Knud inn í stigauppgang og endurtók setninguna: „Hingað með peningana“. Knud kveðst hafa orðið nokkuð skelfdur og svarað, að hann hefði enga peninga. Tók þá maðurinn sjálfur veski hans úr bakvasanum á buxum hans. Eins og áður greinir, kveður Knud hafa verið í veskinu, sem var að verðmæti 15 kr., kr. 20 í peningum auk ýmissa skjala og ljósmynda. Eftir ránið hvarf maðurinn á brott, en hvert hann

fór, kveðst Knud ekki vita. Knud kveðst þegar hafa haldið heim til sín og hringt til lögreglunnar. Hann kveðst, er heim kom, hafa saknað armbandsúrs síns. Í jakkavasanum var hann þá með um 800 kr.

Ákærði hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa framið umrætt rán á Sdr. Boulevard. Kveður hann þó ekki hafa verið um vélbyssu að ræða, sem hann beindi að manni þeim, er hann rændi, heldur loftbyssu. Ákærði tók seðlaveski með um það bil 20 d. kr. af manninum. Hins vegar vill hann ekki viðurkenna að hafa tekið úr af honum.

3. Umrædda nótt var lögreglunni í Kaupmannahöfn tilkynnt, að um kl. 0450 hefði Holger Emil Petersen ölgerðarstarfsmaður, til heimilis í Flensborggade 1, orðið fyrir árás manns, er var með skammbyssu. Hefði maðurinn krafizt þess, að Holger Peter léti af hendi veski sitt, og ógnað honum með byssunni. Kveðst Holger Peter hafa látið veskið af hendi, en í því hafi verið 500—600 danskar krónur í 100 kr. seðlum.

Holger Peter hefur nánar skýrt svo frá, að hann hafi verið að fara til vinnu sinnar í umrætt skipti. Kvaddi hann konu sína, sem einnig var að fara til vinnu, en ætlaði að fara um það bil 10 mínútum seinna. Þegar hann var kominn út á tröppurnar og hafði lokað forstofudyrunum, heyrði hann eitthvert skrjáf við útihurðina, sem liggur út að götunni. Þegar Holger Emil var kominn þangað, kom maður til hans og krafðist þess, að hann léti af hendi peninga þá, er hann hefði meðferðis. Holger Peter tók upp nokkuð af mynt, sem hann hafði í vasanum, en maðurinn sagði, að það væri veskið með peningunum, sem um væri að ræða. Á meðan á þessu stóð, höfðu þeir haldið út á götuna og voru um tvö skref frá útidyrunum. Um leið og maðurinn krafðist þess að fá veskið, hafði hann tekið upp stóra skammbyssu, 35—40 cm á lengd, tekið á henni hleðslutaki eða tekið öryggið frá, svo að smellur heyrðist, en að því búnu þrýst hlaupinu að brjósti Holgers Peters vinstra megin. Jafnframt því sem maðurinn tók byssuna upp, dró hann hálsklút sinn fyrir neðri hluta andlitsins. Holger Peter kveðst nú hafa verið orðinn mjög hræddur og ekki þorað annað en fá manninum peninga þá, sem hann var með í veski sínu, en það voru um 500—600 danskar krónur, eins og áður greinir. Maðurinn tók við peningunum, stakk þeim í vasa sinn og sagði um leið, að Holger Peter mundi fá þá aftur. Maðurinn krafðist þess, að Holger Peter færi inn í íbúð sína, og fylgdi hann honum að forstofudyrunum aftur. Á leiðinni spurði maður-

inn Holger Peter, hvort hann hefði síma. Holger Peter kveðst hafa svarað því neitandi, enda þótt svo væri, vegna þess að maðurinn hafi bannað sér að hringja til lögreglunnar. Að því búnu flýtti Holger Peter sér inn í íbúð sína og skellti hurðinni aftur. Sagði hann konu sinni frá því, hvað gerzt hafði. Bað hann hana að hringja til lögreglunnar og tilkynna um atburðinn. Holger Peter kveður rödd mannsins hafa verið hrjúfa og hafi hann ekki talað Kaupmannahafnarmállýzku, en nánast sjálenzka mállýzku, að hann telur. Holger Peter sá engan með manninum og álítur, að hann hafi verið einn. Að því er skammbyssuna varðar, kveður hann sér hafa dottið í hug, að hún hafi ef til vill verið af sömu gerð og notaðar eru á Dyrehavsbakken á sumrin.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa framið umrætt rán. Kveðst hann hafa hitt mann fyrir utan húsdyrnar hjá honum í Flensborggade, tekið upp loftbyssuna, þrýst hlaupi hennar að honum, en hvar, kveðst hann ekki muna. Jafnframt sagði hann manninum eða skipaði honum að láta sig hafa peninga þá, er hann væri með. Gerði maðurinn það og lét ákærða fá peningafjárhæð, sem ákærði heldur þó, að hafi ekki numið alveg kr. 600.00. Maðurinn sagði við ákærða, að hann væri á atvinnuleysisstyrk og sagði ákærði því við hann, að hann mundi borga þetta seinna. Ákærði kveður ekki hafa verið skot í byssunni.

4. Jafnframt framangreindu atferli hefur ákærði viðurkennt að hafa nótt þessa á svipuðum slóðum í Kaupmannahöfn veitzt að miðaldra manni, sem hann veit ekki deili á. Ekki kveðst hann muna, hvenær næturinnar þetta var, en þá var farið að renna af honum. Kveðst ákærði hafa gengið framan að manninum úti á götu og sagt honum að fara inn í port, sem var þar skammt frá. Jafnframt kveðst ákærði hafa sýnt honum byssuna og sagt honum, að hann mundi svipta hann lífi, léti hann sig ekki fá peninga þá, sem hann væri með. Maðurinn fékk ákærða þá 500—600 kr. danskar, en brast í grát. Kvaðst hann vera á atvinnuleysisstyrk, þetta væri aleigan sín og konan og börnin mundu svelta. Ákærði kveðst hafa séð, að svipað var ástatt fyrir manninum og sér og því fengið honum alla peningana aftur. Kveður ákærði manninn þá hafa sagt, að ákærði væri enginn ræningi. Ákærði telur, að maður þessi hafi verið um fimmtugt, þrekvaxinn og um 175 cm á hæð. Sagði hann ákærða, að hann mundi ekki kæra þetta til lögreglunnar.

Framangreint atferli var aldrei kært, og er ákærði einn til frásagnar um það.

Ákærði fór heim til sín eftir þetta. Kveðst hann ekki muna, hvort hann hafi hitt þar Magnús Jónas Guttorm, en telur, að hann hafi farið beint inn til sín að sofa. Ákærði kveður Magnús Jónas Guttorm ekki hafa vitað, er hann keypti byssuna, en hann hafi sýnt honum hana á eftir og hann hafi verið viðstaddur er ákærði skaut úr henni í herbergi sínu. Sömuleiðis kveðst ákærði búast við, að hann hafi vitað, að hann var með byssuna, er þeir fóru út um kvöldið, þótt ekkert hafi verið um það rætt að fremja rán, enda hafi sér ekki verið búið að detta í hug að reyna það. Ákærði kveður Magnús Jónas Guttorm hafa fengið um 100 danskar krónur af ránsfeng hans, er að framan greinir. Ekki sagði ákærði honum berum orðum, hvernig peninganna hefði verið aflað, en ákærði telur, að hann hafi mátt vita það.

Magnús Jónas Guttormur Sigurðsson hefur skýrt frá því í yfirheyrslu 31. janúar s.l., að hann hafi þekkt ákærða um 12 ára skeið. Kveðst hann hafa dvalizt um 1 árs skeið í Danmörku og hafi þeir ákærði búið saman á gististað síðustu 3 mánuðina. Magnús Jónas Guttormur kveður ákærða hafa skýrt sér frá framangreindum ránum aðfaranótt 3. janúar s.l. Einhvern næstu daga bað ákærði konu hans að geyma fyrir sig 100 krónur. Hafi hún orðið við því og geymt peningana þar til að kvöldi sama dags. Kveðst Magnús Jónas Guttormur hafa verið viðstaddur, er þetta gerðist. Hugleiddi hann það ekki, að peningarnir gætu verið hluti af ránsfeng. Í annarri skýrslu frá 12. janúar hefur Magnús Jónas Guttormur hins vegar skýrt frá því, að um kl. 0600 að morgni hins 3. janúar s.l. hafi hann vaknað við, að ákærði Halldór barði að dyrum á herbergi hans í gististaðnum í Frederiksstadsgade. Eftir það hittust þeir í baðherberginu og á meðan þeir dvöldust þar, hafi ákærði trúað honum fyrir því, að hann væri nýkominn heim frá þremur skammbyssuránum, sem hann hefði framið á mönnum á götunni af handahófi. Kvaðst hann hafa ógnað mjólkurbílstjóra án þess að hafa nokkuð upp úr krafsinu, en hjá manni nokkrum hefði hann náð 400—500 kr. og hjá öðrum 10—20 kr. og úri. Magnús Jónas Guttormur kveðst hafa ávítað ákærða fyrir þetta glæpsamlega atferli, en ákærði hafi sagt sér, að hann léti sér á sama standa um sjálfan sig. Hann ætlaði aðeins að útvega sér peninga til að geta farið úr landi.

Magnús Jónas Guttormur kveðst hafa verið búinn að sjá loftbyssu hjá ákærða. Var það í herbergi ákærða sama dag og ákærði keypti hana. Þegar hann spurði ákærða að því, til hvers hann

hefði aflað sér byssunnar, svaraði ákærði, að hana ætti að nota til að útvega peninga, svo að ákærði gæti komizt burt. Magnús Jónas Guttormur kveðst ekki hafa trúað þessu, en næsta morgun var hann, eins og áður greinir, ekki í vafa um þetta. Magnús Jónas Guttormur neitar að hafa á nokkurn hátt átt hlut að framangreindum ránum ákærða. Neitar hann því eindregið að hafa fengið 100 kr. frá ákærða af ránsfengnum.

B. Að kvöldi laugardagsins 6. janúar s.l. fór ákærði Halldór að heiman frá sér. Hélt hann á reiðhjóli því, sem hann hafði tekið að ófrjálsu, að blaðsöluturni á Vesterbros Torv. Ákærði var einn síns liðs, og kveðst hann hafa haft í hyggju að fremja rán þar. Ákærði skildi reiðhjólið eftir á bak við turninn. Fór hann því næst inn í símaklefa þar og lét sem hann ætlaði að hringja, en ætlunin var að reyna að ná í peninga í turninum. Afgreitt var í turninum í gegnum lúgu, og var hún opin. Ákærði taldi tilgangslaust að reyna að fremja þarna rán og hvarf á brott. Tók hann reiðhjólið og ók á því heim til sín. Kveðst hann hafa skilið hjólið eftir þar inni í porti, og var það þar síðast, þegar hann vissi til. Magnús Jónas Guttormur kveður ákærða hafa komið inn í herbergi hans umrætt kvöld um kl. 2300. Bað ákærði hann um að koma með sér inn í herbergi sitt, og varð Magnús Jónas Guttormur við því. Þegar þangað kom, skýrði ákærði honum frá því, að hann ætlaði út á götu til að fremja rán og nota loftskammbyssu sína við það. Ákærði hafði oft rætt um að fremja rán og talað eitthvað um banka í því sambandi. Var það áráttuhugsun hjá ákærða að fremja mikið rán og hverfa síðan til Ástralíu. Magnús Jónas Guttormur kveðst hafa sagt ákærða, að hann vildi ekki taka þátt í slíku. Kveðst hann hafa verið dálítið vankaður eftir svefnpillu, sem hann hafði tekið. Hann hafi látið tilleiðast að fara með ákærða út á götuna, enda hafi hann ekki álitið, að ákærði ætlaði að gera alvöru úr þessari ákvörðun sinni.

Ákærði kveðst ekki muna, hvenær þeir Magnús Jónas Guttormur fóru á brott að heiman umrætt kvöld. Ákærði hafði byssuna með sér, en eigi var skot í henni. Kveðst hann hafa haldið á henni í hægri hendi, þannig að hlaupið vissi niður. Ákærði kveðst ekki muna til þess, að þeir Magnús Jónas Guttormur hafi verið búnir að ræða um það sín á milli að fremja rán. Ákærði var með áfengisáhrifum, en Magnús Jónas Guttormur eigi, svo að hann viti til. Kveðst ákærði hafa verið búinn að drekka nokkuð af bjór. Ákærði var í kuldaúlpu með hettu, og minnir hann, að úlpan hafi verið bláleit. Undir úlpunni var hann klæddur í

peysu, er var með háum kraga. Ákærði man ekki, hvernig Magnús Jónas Guttormur var klæddur.

1. Umrædda nótt var lögreglunni í Kaupmannahöfn tilkynnt, að Hans Peter Christiansen verkamaður, Frederiksstadsgade 1, fæddur 2. maí 1904, hefði um 2330 um kvöldið orðið fyrir árás í húsagarði við Valdemarsgade 22 og veski hans verið rænt frá honum. Hefur Hans Peder skýrt frá, að hann hafi verið á leið heim til sín í framangreint skipti og átt leið um Valdemarsgade. Kveðst hann hafa farið inn í undirganginn í Valdemarsgade 22 inn í húsagarðinn til að kasta af sér vatni, en hann býr rétt við hliðina á þessu húsi. Þegar inn í húsagarðinn kom, fór hann út í horn og kastaði þar af sér vatni. Að því búnu ætlaði hann inn til sín eftir eldhústigunum, en frá þeim liggja dyr út í garðinn. Þegar hann var á leiðinni þangað og var kominn á móts við undirganginn, komu tveir menn til hans. Kveður Hans Peder annan mannanna hafa gripið með vinstri hendinni í hálsklút sinn rétt við barkann, beint skammbyssu þar að honum og sagt: „Peningana, annars verður þú skotinn". Hinn maðurinn athugaði frakkavasa og buxnavasa hans, nánar tiltekið alla vasa, og úr buxnavasanum tók hann buddu hans. Að því búnu sögðu mennirnir við Hans Peder, að hann skyldi hypja sig, annars yrði hann skotinn. Hans Peder kveðst nú hafa haldið að eldhústiganum. Sá hann, að mennirnir héldu um undirganginn út á götuna. Telur hann sig hafa heyrt þá tala við aðra tvo menn og heldur þess vegna, að mennirnir hafi verið fjórir. Hans Peder hélt þessu næst upp á herbergi sitt og tilkynnti síðan lögreglunni um atburðinn. Hans Peder telur báða mennina hafa talað Kaupmannahafnarmállýzku og ekki hafi verið erlendur hreimur í málfari þeirra né neitt sérstakt við það að athuga. Hans Peder kveður byssu þá, er mennirnir hafi verið með, hafa verið um 35 cm á lengd og telur, að um skammbyssu hafi verið að ræða, en eigi eftirlíkingu af byssu. Hans Peder kveður hafa verið í buddunni, sem var að verðmæti 35 danskar krónur, 23 krónur og tveir lyklar.

Ákærði Halldór hefur viðurkennt að vera valdur að umræddu ráni ásamt Magnúsi Jónasi Guttormi. Kveður hann þá hafa komið að manni inni í porti. Telur ákærði, að maðurinn hafi verið að koma úr portinu frá því að kasta af sér vatni. Ákærða minnir, að hann hafi tekið í hálsmálið á fötum mannsins, rekið byssuhlaupið frekar í maga hans en hálsinn og sagt honum að koma með peningana. Magnús Jónas Guttormur hafi

þá leitað í fötum mannsins og tekið úr vasa hans veski eða buddu. Þó tekur ákærði fram, að það geti annars verið, að það hafi verið hann sjálfur, sem leitaði á manninum, þar sem Magnús Jónas Guttormur hafi verið svo hræddur, að hann hafi varla þorað að hreyfa sig. Ákærði kveðst ekki vita, hve mikið þeim hafi áskotnazt með þessu, en kveður geta verið, að það hafi verið 23 kr. Féll fengur þessi í hlut ákærða. Ákærði kveðst hafa rifið veskið í tætlur og skolað því niður á salerninu heima hjá sér. Ákærði kveður mann þann, er þeir rændu, hafa verið um 60 ára að aldri og telur, að hann hafi verið ölvaður.

Magnús Jónas Guttormur hefur viðurkennt þátttöku sína í framangreindu ráni. Hefur hann skýrt frá því, að hann geti ekki munað, hvort þeir hafi mætt manninum í undirganginum sjálfum eða á götunni rétt fyrir utan hann og hafi þá þröngvað manninum þar inn. Hafi ákærði Halldór gengið fast af manninum, gripið í föt hans, sennilega boðanginn. Magnús Jónas Guttormur kveður í einni skýrslu sinni ákærða hafa jafnframt haft skammbyssuna á lofti. Í annarri segir hann, að hann hafi ekki séð, hvort ákærði hafi tekið byssuna upp. Kveður hann hafa verið dimmt í undirganginum, svo að hann hafi ekki getað séð vel, hvað gerðist í samskiptum ákærða og gamla mannsins. Í einni skýrslu sinni hefur hann skýrt frá því, að á meðan ákærði hélt manninum föstum, hafi hann leitað í vösum hans og sér hafi tekizt að ná buddu mannsins úr bakvasanum á buxum hans. Í annarri skýrslu, sem Magnús Jónas Guttormur gaf, kveðst hann ekki muna, hvort það hafi verið hann eða ákærði Halldór, sem gerði þetta, en þó muni hann eftir því, að hann hafi leitað í frakkavösum mannsins. Að þessu loknu hlupu þeir báðir út úr undirganginum og skildu gamla manninn þar eftir. Kveðst Magnús Jónas Guttormur þá hafa verið með budduna, en fengið ákærða hana. Lét ákærði hann fá 10 kr. af peningum þeim, sem voru í buddunni, en hélt henni sjálfur ásamt peningum þeim, sem eftir voru í henni, um kr. 20.00. Magnús Jónas Guttormur telur, að ákærði hafi hent buddunni.

2. Sunnudaginn 7. janúar s.l., kl. 0035, tilkynnti Tage Rugaard blaðaljósmyndari, til heimilis í Valby, Langgade nr. 48, starfsmaður hjá Politikens Pressefoto í Kaupmannahöfn, lögreglunni þar í borg, að gerð hafi verið tilraun til að ræna sig um kl. 2330 um kvöldið á götunni fyrir utan húsið Broagergade nr. 1. Hefur Tage Rugaard skýrt svo frá, að hann hafi verið í heimsókn hjá

foreldrum sínum, sem búa í umræddu húsi. Kveðst hann hafa lagt bifreið sinni upp við gangstétt. Þegar hann kom út, ætlaði hann að þurrka af rúðum bifreiðar sinnar, áður en hann æki á brott. Á meðan hann stóð við bifreiðina, kom allt í einu til hans maður. Sagði hann við hann: „Þá er að fara inn í bílinn". Þegar Tage leit á manninn, sá hann, að hann hélt með hægri hendinni um eitthvað, sem líktist hlaupi á vélskammbyssu, og virtist svo sem maðurinn hefði hana í bandi yfir öxlina innan undir stuttfrakka, sem hann var klæddur í. Kveðst Tage hafa getað séð um 25 cm af hlaupinu og er viss um, að það var hlaup á vélskammbyssu. Tage kveðst hafa haldið, að þetta væri einhver, sem ætlaði að gabba hann, og svarað þess vegna: „Já, nú verður þú að bíða, þangað til ég er búinn að fægja rúðurnar". Jafnframt kveðst hann hafa haldið áfram þessum starfa sínum. Maðurinn var í 1½—2 metra fjarlægð frá Tage, og eftir andartaksbið sagði hann: „Reynið nú að koma yður inn, því að þetta er vélskammbyssa". Tage leit nú aftur á manninn, en gat ekki séð vopnið, þar sem hann var með báðar hendurnar í buxnavösunum. Hann kveðst nú hafa farið inn í bifreiðina og byrjað að þurrka af rúðunum að innan, en maðurinn hafi staðið á götunni á meðan. Rétt á eftir kallaði maðurinn til annars manns, er stóð í um 20 metra fjarlægð frá þeim: „Hej, John". Kom maður þessi til mannsins, og ræddust þeir við á ensku. Kveðst Tage ekki hafa skilið, hvað þeir sögðu. Að því búnu héldu þeir á brott af staðnum í átt að Haderslevgade án þess að hafast frekar að. Tage kveður sér nú hafa verið fyrst ljóst, að um ránstilraun var að ræða. Hafði hann ljósmyndavél meðferðis. Veitti hann mönnunum eftirför í því skyni að taka af þeim ljósmynd, ef færi gæfist. Tókst honum að ná ljósmynd af manni þeim, sem hafði rætt við hann. Að því búnu hélt hann á ritstjórnarskrifstofu Politikens, þar sem hann framkallaði myndina og stækkaði hana. Fór hann að því búnu til lögreglunnar og tilkynnti um atburðinn.

Ákærði Halldór hefur skýrt frá því, að eftir atferlið, er í 1. lið í þætti þessum greinir, hafi þeir Magnús Jónas Guttormur haldið áfram út í næstu hliðargötu. Komu þeir þar að manni, sem var að þurrka ísingu af rúðum á bíl. Ákærði gekk að manninum, en Magnús Jónas Guttormur varð eftir hinum megin götunnar, þar sem hann þorði ekki að vera með ákærða. Ákærði kveðst hafa sagt manninum að setjast inn í bifreiðina og sýnt honum byssuna, sem hann hafði undir handarkrikanum og var óhlaðin. Þegar maðurinn sagði, að hann væri ekki hræddur við leikföng,

spurði ákærði hann að því, hvort hann vildi reyna það. Virtist hann að sögn ákærða ekki vilja það og hélt áfram að fægja rúðurnar. Ákærði kveðst hafa sagt manninum, að hann væri með vélbyssu. Kvaðst maðurinn hafa verið í hernum og ekki trúa því. Er það skoðun ákærða, að hann hefði ekki haldið áfram að fægja rúðurnar, ef hann hefði haldið, að um vélbyssu væri að ræða. Ákærði kveðst samt hafa otað hlaupi byssunnar að manninum, en haldið yfir skeftið, svo að það sást ekki. Maðurinn hafi því aðeins séð hlaupið, sem er með nokkuð stóru frammiði (sikti). Þegar maðurinn hélt áfram að þurrka af rúðunum, kveðst ákærði hafa kallað á Magnús Jónas Guttorm. Hafi þeir talað saman á ensku og ákveðið að láta manninn eiga sig. Gengu þeir á brott af staðnum, en héldu síðan í áttina heim til sín. Á þeirri leið var maðurinn allt í einu kominn fram fyrir þá og smellti af ljósmynd beint í augu ákærða. Ákærði kveðst hafa blindazt um stund, en síðan reynt að elta manninn til að reyna að ná af honum myndavélinni. Maðurinn var kominn inn í bifreið, áður en ákærði vissi af, og missti hann af honum. Ákærði hélt að því búnu heim til sín, en þangað var Magnús Jónas Guttormur kominn skömmu á undan honum. Ákærði kveðst hafa farið úr úlpu sinni og hent henni á hlaupunum, strax eftir að maðurinn hafði tekið myndina af honum. Minnir hann, að hann hafi látið hana í sorptunnu. Ákærði sá mynd þá, er ljósmyndarinn tók, og viðurkenndi, að hún væri af sér. Einnig sá hann mynd af byssu þeirri, er fylgir máli þessu, og viðurkenndi að hafa verið með sams konar byssu í umrætt sinn.

Magnús Jónas Guttormur hefur skýrt frá því, að þeir ákærði hafi á leið sinni í umrætt skipti um hverfi þetta komið auga á mann í Broagergade, er stóð við hliðina á bifreið sinni. Gekk ákærði yfir götuna til mannsins, en Magnús Jónas Guttormur kveðst hafa verið kyrr á gangstéttinni. Kom til orðaskipta milli þeirra, sem Magnús Jónas Guttormur kveðst ekki hafa heyrt. Sá hann, að ákærði tók loftskammbyssu sína og beindi henni að manninum. Maðurinn hélt áfram að fægja rúður bifreiðar sinnar, og kveður Magnús Jónas Guttormur ákærða hafa kallað til sín og sagt á ensku: „John, komdu hérna“. Kveðst Magnús Jónas Guttormur hafa komið yfir að bifreiðinni. Hafi hann verið hræddur um, að lögreglunni yrði tilkynnt um þetta og beðið ákærða að koma strax burt. Hlupu þeir síðan eftir götunni í áttina til Valdemarsgade og námu þar staðar, enda urðu þeir ekki varir við, að þeim væri veitt eftirför. Á meðan þeir dvöldust

þarna, var allt í einu tekin ljósmynd af ákærða með „flash“. Varð þeim mjög hverft við þetta og héldu heim til sín. Daginn eftir kveðst Magnús Jónas Guttormur hafa séð í blöðunum frétt um það, er gerzt hafði, og einnig myndina. Sýndi hann ákærða þetta. Voru viðbrögð hans þau, að hann lýsti því yfir, að hann ætlaði að reyna að útvega sér reglulega skammbyssu, því að lögreglan skyldi ekki ná sér lifandi. Kveðst Magnús Jónas ekki vita, hvort ákærði hafi hugsað sér þetta sem sjálfsmorð eða sem árás á lögregluna, ef til handtöku kæmi. Magnús Jónas Guttormur kveðst þó hafa getað talið ákærða ofan af þessu og bent honum á um leið, að nú gæti hann gert alvöru úr fyrri ákvörðun sinni að fara til Íslands aftur. Féllst ákærði á þetta, og pantaði Magnús Jónas Guttormur far fyrir hann með flugvél. Fylgdi hann honum á flugvöllinn, en ákærði ætlaði með flugvél kl. 1700 um daginn.

Ákærði hefur staðfest það, er að framan greinir. Kveðst hann hafa farið frá Kaupmannahöfn með flugvél síðdegis hinn 7. janúar hingað til lands. Hafði hann byssuna meðferðis, og kveðst hann hafa selt hana í Reykjavík leigubílstjóra, sem hann ekki þekkir, fyrir 1.300 kr. Eftir dvöl í Reykjavík fór ákærði vestur í Bolungarvík, þar sem faðir hans býr, en þar var hann handtekinn 13. janúar s.l. og úrskurðaður í gæzluvarðhald.

Þegar ákærða var birt ákæran við þingfestingu málsin, tók hann fram varðandi I. A-þátt í ákæru, að hann hafi aldrei beitt líkamlegu ofbeldi í þau skipti, er þar greinir. Þá kvað hann það ekki rétt, er í B-þætti greinir, að þeir Magnús Jónas Guttormur Sigurðsson hafi sammælzt um atferli það, er þar er rakið. Þeir hafi ekkert verið búnir að tala sig saman um þetta áður. Varðandi III. lið tók ákærði fram, að hann hafi einskis áfengis verið búinn að neyta og því ekki verið með áfengisáhrifum við aksturinn. Að öðru leyti viðurkenndi ákærði að hafa gerzt sekur um atferli það, er í ákæru greinir. Þá tók ákærði fram, að þetta hafi allt verið meira og minna í þoku fyrir sér, þar sem hann hafi bæði verið undir áhrifum áfengis og af pillum, þ. e. valium 10 og svefntöflum. Kveðst ákærði hafa fengið pillurnar hjá samtökum bindindismanna, er kallast „Linken“.

Með játningu ákærða og öðrum gögnum í máli þessu telst sannað, að ákærði hafi í þau skipti, er í 2.—4. lið A hér að framan greinir, haft fé af mönnum þeim, er þar getur, með því að beina að þeim byssu og ógna þeim með henni og gert tilraun til slíks verknaðar með atferli því, er greinir í 1. lið þessa þáttar.

Enn fremur er sannað með játningu ákærða og öðrum gögnum,

að hann hafi ásamt Magnúsi Jónasi Guttormi ráðizt að manni þeim, er í 1. lið B greinir, með líkum hætti og rænt af honum veski hans og enn fremur gert tilraun til að ræna mann þann, er í 2. lið þáttar þessa greinir.

Heimfærist þetta atferli ákærða undir 252. gr., sbr. 2. tl. 5. gr. almennra hegingarlaga nr. 19/1940, sbr. þó 1. mgr. 20. gr. sömu laga, að því er varðar verknaðina í 1. lið A og 2. lið B.

Loks er sannað með játningu ákærða, að hann tók að ófrjálsu reiðhjól það, er að framan greinir, og notaði það, eins og þar er rakið. Eigi er fram komið, að ákærði hafi tekið reiðhjólið í þeim tilgangi að kasta eign sinni á það, og ákærði skildi það eftir á stað, þar sem það var auðfundið. Þykir því þetta atferli ákærða varða við 2. mgr. 259. gr., sbr. 2. tl. 5. gr. almennra hegningarlaga. Krafa um málshöfðun frá eiganda reiðhjólsins á hendur ákærða vegna þessa atferlis hans hefur ekki komið fram, en í 4. mgr. nefndrar lagagreinar segir, að mál út af brotum á 2. og 3. mgr. greinarinnar skuli því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert var við. Verður ákærða samkvæmt þessu eigi gerð refsing fyrir þetta brot sitt.

III.

Laugardaginn 13. ágúst 1966, kl. 0200, er lögreglumenn voru við umferðareftirlit á lögreglubifreið á Lækjarteigi hér í borg, veittu þeir athygli bifreiðinni R 16318, sem kom akandi með biðljósum eftir götunni. Stöðvuðu þeir bifreiðina og höfðu tal af ökumanni, sem var ákærði Halldór Ólafsson. Virtist þeim hann vera undir áhrifum áfengis. Lagði sterka áfengislykt frá vitum ákærða, augu hans voru gljáandi, málfar loðið og hreyfingar óstöðugar að sögn lögreglumannanna. Ákærði var færður á lögreglustöðina. Var gert þar á honum öndunarpróf til að kanna áfengisneyzlu, og sýndi það 3—4 stig. Við yfirheyrslu hjá lögregluvarðstjóra skýrði ákærði frá því, að hann hefði verið að koma á bifreiðinni frá veitingahúsinu Klúbbnum við Lækjarteig og verið á leið að Múla við Suðurlandsbraut. Þá viðurkenndi ákærði að hafa drukkið um 2 tvöfalda skammta, „sjússa“, af brennivíni að Múla um kl. 2300, og kvaðst hann hafa verið einn við drykkjuna. Ákærði játaði og að hafa fundið lítils háttar til áfengisáhrifa við aksturinn. Hann kvaðst hafa sofið 2 klukkustundir nóttina áður og verið þá lítils háttar við áfengisdrykkju. Um útlit ákærða og önnur einkenni á honum segir í varðstjóraskýrslu, að áfengisþefur af andardrætti hafi verið talsverður, and-

lit þrútið, augu rauð, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt, framburður (frásögn) greinargóður og fatnaður snyrtilegur. Ákærði var færður á slysavarðstofuna og tekið þar úr honum blóðsýnishorn til alkóhólrannsóknar.

Fyrir dómi hefur ákærði staðfest það, að hann hafi í framangreint skipti verið að koma frá veitingahúsinu Klúbbnum og verið á leið að Múla við Suðurlandsbraut. Hins vegar hefur hann skýrt frá því, að hann hafi ekki bragðað áfengi, áður en hann hóf aksturinn, og neitar að hafa verið með áfengisáhrifum. Kveðst hann hafa viðurkennt áfengisneyzluna hjá lögregluvarðstjóra einvörðungu vegna þess, að hann hafi verið hræddur um að verða settur í fangageymslu, ef hann gerði það ekki.

Í blóðsýnishorninu, sem tekið var úr ákærða, fundust reducerandi efni, er samsvara 1.12‰ af alkóhóli.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar á blóðsýnishorninu úr ákærða, framburði hans hjá lögregluvarðstjóra og öðrum gögnum í máli þessu telst sannað þrátt fyrir neitun ákærða fyrir dómi, að hann hafi verið með áfengisáhrifum við akstur bifreiðarinnar R 16318 í skilningi áfengis- og umferðarlaga í umrætt sinn. Varðar þetta atferli ákærða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Í vottorði Jakobs Jónassonar læknis, dags. 10. þ. m., segir svo um ákærða:

„Eftir beiðni yðar, þann 9/5 1968, læt ég yður hér með í té þær upplýsingar, að Halldór Ólafsson, fæddur 9/4 1936, til heimilis að Miðstræti 7, Bolungarvík, hefur dvalizt á Flókadeild Kleppsspítalans frá 9/2 1968 vegna ofneyzlu áfengis og deyfilyfja. (Abusus Alcoholi et Medicaminorum)".

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fangelsi í 2 ár og 6 mánuði. Rétt þykir, að til frádráttar refsingunni komi 7 dagar, sem ákærði sat í gæzluvarðhaldi.

Þá ber samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 81. gr. umferðarlaga að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa, með því að um ítrekað brot hans er að ræða, sbr. dóminn frá 25. apríl 1966, er hér að framan greinir.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, er þykja hæfilega ákveðin kr. 5.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Skaðabótakröfur hafa ekki verið hafðar uppi gegn ákærða í máli þessu.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Ólafsson, sæti fangelsi í 2 ár og 6 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi 7 gæzluvarðhaldsdagar.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 5.000.00, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 16. júní 1969.

Nr. 106/1969. **Kristinn Sölvason**
gegn
Ísbirninum h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 28. maí 1969, er barst Hæstarétti 4. júní 1969, hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 21. gr., 1. b., laga nr. 57/1962 frávísunardóm sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp hinn 17. maí 1969, í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að frávísunardómurinn verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdóm að leggja efnisdóm á sakarefnið.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Sóknaraðili sækir í héraði kaupkröfu, sem reist er á kjarasamningi ýmissa stéttarfélaga yfirmanna á fiskiskipum og Landssambands íslenzkra útvegsmanna frá 29. desember

1963 og viðbótarsamningi 26. febrúar 1965. Verður að telja almennum dómstólum rétt að meta öll atriði, er kaupkröfuna varða, og skýra að því leyti ákvæði greindra samninga, þar á meðal hvort breyting hafi orðið á þeim síðar. Ber því að fella hinn kærða dóm úr gildi og vísa málinu til héraðsdóms til löglegrar meðferðar og efnisdóms.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 17. maí 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 7. þ. m., hefur Kristinn Sölvason stýrimaður, hér í borg, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 30. júlí s.l., á hendur Ísbirninum h/f hér í borg, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 8.903.09 með 8% ársvöxtum frá 21. maí 1968 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Þá hefur stefnandi krafizt sjóveðs í m/b Ásbergi, RE 22, til tryggingar dómkröfunum.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að stefnandi var ráðinn II. stýrimaður á skip stefnda, m/s Ásberg, RE 22, á netjaveiðar á tímabilinu 12. febrúar til 21. maí 1968.

Er ágreiningslaust, að m/s Ásberg sé 316 rúmlestir.

Við uppgjör, er stefnanda var afhent, var hásetahlutur greint tímabil kr. 66.568.81, og var stefnanda sem II. stýrimanni reiknaður 1⅛ hásetahlutur af þeirri fjárhæð svo og kaup og orlof. Er útreikningur þessi svohljóðandi:

1⅛ hásetahlutur	kr. 74.889.91
Kaup 12. febrúar til 21. maí, 100 dagar á kr. 20.80 —	2.080.00
7% orlof ..... —	5.388.00
	Kr. 82.357.91

Stefnandi telur, að þetta uppgjör sé rangt, þar sem sér beri 1¼ hásetahlutur. Er útreikningur hans í samræmi við það þannig:

1¼ hásetahlutur	kr. 83.211.00
Kaup	— 2.080.00
Orlof	— 5.970.00
	Kr. 91.261.00

Í vertíðarsamningi, sem gerður var hinn 29. desember 1963, milli ýmissa stéttarfélaga yfirmanna á fiskiskipum, þar á meðal Skipstjóra og stýrimannafélagsins Öldunnar, sem ágreiningslaust er, að stefnandi sé félagi í, og Landssambands íslenzkra útvegsmanna, sem ágreiningslaust er, að stefndi sé aðili að, er svofellt ákvæði í d-lið 1. gr. um skiptakjör skipstjóra og stýrimanna á útilegubátum á veiðum í þorskanet:

„Útilegubátar á netum:

Skipstjóri	4.92%
I. stýrimaður	3.69%
II. stýrimaður	3.07%“.

Þá er í 2. mgr. 4. gr. samningsins svofellt ákvæði:

„Þó skal hlutur skipstjóra skv. 1.—4. gr. aldrei vera minni en tveir hásetahlutir, hlutur I. stýrimanns ekki minni en 1½ hásetahlutur og hlutur II. stýrimanns ekki minni en 1¼ hásetahlutur“.

Í b-lið 2. gr. síldveiðisamnings sömu aðilja, sem gerður var á sama tíma, er ákvæði um skiptakjör II. stýrimanns á skipum allt að 300 rúmlestum, en ekki virðist þar hafa verið gert ráð fyrir stærri skipum. Í niðurlagi ákvæðis þessa segir svo: „Þó skal II. stýrimaður aldrei hafa minna en 1¼ hásetahlut“.

Hinn 26. febrúar 1965 gerðu aðiljar þessir með sér samning um viðbætur og breytingar á síldveiði- og vertíðarsamningum frá 29. desember 1963. Var m. a. bætt nýrri grein inn í vertíðarsamninginn um skiptakjör, þegar veitt er í hringnót. Er greinin svohljóðandi:

„Á skipum, sem stunda þorsk, ýsu eða ufsaveiðar með hringnót, skal skipstjóri hafa 7.78% af brúttóafla skipsins, þó aldrei minna en tvo hásetahluti.

Kjör stýrimanna skulu vera sem hér segir:

Á skipum undir	60 rúml.	38.0%	10	menn	I.	stýrim.	5.70%
- —	60	—	38.0%	10	—	II.	—	4.75%
- —	60 að 120	—	36.5%	11	—	I.	—	4.98%
- —	60 að 120	—	36.5%	11	—	II.	—	4.15%
- —	120 að 240	—	35.5%	12	—	I.	—	4.44%
- —	120 að 240	—	35.5%	12	—	II.	—	3.70%
- —	240 að 300	—	35.5%	13	—	I.	—	4.10%
- —	240 að 300	—	35.5%	13	—	II.	—	3.41%
- —	300 að 500	—	35.0%	14	—	I.	—	3.75%
- —	300 að 500	—	35.0%	14	—	II.	—	2.81%

Þó skal hlutur I. stýrimanns aldrei vera minni en 1½ hásetahlutur, II. stýrimanns 1¼ hásetahlutur, nema á bátum yfir 300 rúml. 1⅛ hásetahlutur. Auk ofanritaðs skal greiða skipstjóra og stýrimönnum kr. 446.00 á mánuði í fast kaup.

Sé afli saltaður um borð, skal hundraðshluti framangreindra aðila lækka í sama hlutfalli og hundraðshluti hvers háseta lækkar, þegar fjölgað er um menn".

Þá var í viðbótarsamningi þessum tekið viðbótarákvæði við 2. gr. síldveiðisamningsins um kjör II. stýrimanns á skipum 300 að 500 rúmlestum. Er það svohljóðandi: „Á skipum 300 að 500 rúml. 2.89 af hundraði brúttó söluverðs afla, og auk þess kr. 446.00 í fast kaup á mánuði".

Hinn 12. maí 1967 ritaði Landssamband íslenzkra útvegsmanna Skipstjóra og stýrimannafélaginu Öldunni svohljóðandi bréf:

„Nýlega hafa komið til landsins bátar, sem eru yfir 300 rúmlestir að stærð, og eiga þeir lögum samkvæmt að hafa tvo stýrimenn.

Í samningum vorum frá 29. desember 1963 og viðbót við þann samning, frá 26. febrúar 1965, eru ekki ákvæði um laun II. stýrimanns á þorskveiðum með netum.

Með tilliti til þess, að 2 bátar, sem eru yfir 300 rúmlestir að stærð, voru gerðir út frá Reykjavík til þorskveiða með netum á þessari vetrarvertíð, viljum vér leggja til, að laun II. stýrimanns verði ákveðin 1⅛ hásetahlutur, eða hundraðshluti af afla, sem jafngilti 1⅛ hásetahlut. Væru það sömu laun og II. stýrimaður hefur á þessari stærð báta á síldveiðum.

Svar við þessu erindi voru óskast hið allra fyrsta".

Í svarbréfi Skipstjóra og stýrimannafélagsins Öldunnar, sem dagsett er hinn 22. maí 1967, segir svo:

„Höfum móttekið bréf yðar, dags. 12. 5. 1967.

Stjórnarfundur haldinn föstudaginn 19. 5. 1967 fellst á, að kaup viðkomandi verði 2.89% af bruttóaflaverðmæti, þó aldrei minna en 1⅛ hásetahlutur".

Það mun nú hafa verið á árinu 1967 sem ágreiningur reis milli Skipstjórafélags Norðlendinga og Landssambands íslenzkra útvegsmanna um skilning á ákvæðum síldveiðisamningsins frá 29. desember 1963 og ákvæðum viðbótarsamnings þess frá 26. febrúar 1967, sem áður er frá greint, að því er varðaði kjör II. stýrimanns við síldveiðar á skipum 300 að 500 rúmlestum að stærð. Dómur gekk í Félagsdómi hinn 19. desember 1967, og varð niðurstaða hans sú, að ákvæði b-liðs 2. gr. síldveiðisamningsins frá 29. desember 1963 skyldi gilda við ráðningarsamninga II. stýrimanns við síldveiðar á skipum af þessari stærð.

Kröfur stefnanda í máli því, sem hér er fyrir dómi, eru byggðar á því, að samkvæmt ákvæði 2. mgr. 4. gr. vertíðarsamningsins frá 29. desember 1963 beri stefnanda sem II. stýrimanni ekki minna en 1¼ hásetahlutur fyrir störf hans hjá stefnda á greindu tímabili. Til stuðnings kröfu stefnanda er bent á niðurstöðu Félagsdóms í fyrrgreindu máli. Þá hefur því verið haldið fram af hálfu stefnanda við munnlegan flutning málsins, að ekki hafi verið hægt að breyta vertíðarsamningnum nema með nýjum kjarasamningi, en það hafi ekki verið gert, enda skapi bréfaskipti þau, sem fram fóru milli Skipstjóra og stýrimannafélagsins Öldunnar og Landssambands íslenzkra útvegsmanna ekki nýjan kjarasamning fyrir félagsmenn þessara félaga.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að með bréfaskiptum Skipstjóra og stýrimannafélagsins Öldunnar og Landssambands íslenzkra útvegsmanna, sem rakin voru, hafi komizt á bindandi samningur um kjör II. stýrimanns á útilegubátum að veiðum með þorskanetjum milli stéttarfélaga aðilja máls þessa. Gert hafi verið upp við stefnanda í samræmi við það og eigi stefnandi því ekki frekari kröfur á hendur stefnda.

Eins og efni máls þessa liggur fyrir, þá byggist úrlausn þess á því, hvort með fundarsamþykkt Skipstjóra og stýrimannafélagsins Öldunnar og bréfaskiptum stjórnarinnar og Landssambands íslenzkra útvegsmanna hafi verið gerð breyting á vertíðarsamningnum frá 29. desember 1963. Þykir hér vera um slíkt grundvallarágreiningsefni að ræða varðandi gerð kjarasamninga, að úrlausn þess beri undir Félagsdóm sem sérdómsmál samkvæmt ákvæði 2. tl. fyrri málsgreinar 44. gr., sbr. 47. gr. laga nr. 80/

1938. Samkvæmt því þykir rétt að vísa máli þessu sjálfkrafa frá dómi, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Eggert Kristjánssyni, löggiltum endurskoðanda, og Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra.

Dómsorð:

Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá dómi.
Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 16. júní 1969.

Nr. 110/1969. **Hafsteinn Jóhannsson**
(Tómas Árnason hrl.)
gegn
Skiptaráðandanum í Kópavogi og
Birni Sveinbjörnssyni f. h. þrotabús
Stálskipasmiðjunnar h/f
(Björn Sveinbjörnsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skiptamál.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurgeir Jónsson, bæjarfógeti í Kópavogi, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. júní 1969, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu s. d. og krafizt þess, að stefndu verði dæmt að greiða honum kr. 285.194.88 ásamt 7% ársvöxtum frá 24. janúar 1968 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Hinn 5. maí 1966 lánaði áfrýjandi Stálskipasmiðjunni h/f kr. 300.000.00 til bráðabirgða, og skyldi fjárhæð þessi ásamt

8% ársvöxtum endurgreiðast af fé því, sem Stálskipasmiðjan h/f átti ógoldið hjá Flóabátnum Baldri h/f. Var atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu sem greiðsluaðilja vegna Flóabátsins Baldurs h/f tilkynnt þetta samstundis. Kvaðst ráðuneytið eigi telja að óbreyttu ástandi nein vandkvæði á þessari ráðstöfun á nefndri innstæðu hjá því, ef um hana yrði að tefla.

Hinn 5. maí 1966 hafði áfrýjandi greitt Stálskipasmiðjunni h/f meira en umsamið smíðisverð skips þess, sem skipasmíðastöð þessi hafði í smíðum fyrir hann, og eftir þann tíma innti áfrýjandi af hendi til Stálskipasmiðjunnar allmiklar fjárhæðir, að því er séð verður, án tryggingar.

Stálskipasmiðjan h/f varð gjaldþrota hinn 17. október 1966. Af þeim sökum greiddi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið innstæðu skipasmíðastöðvarinnar vegna Flóabátsins Baldurs h/f til skiptaráðandans í Kópavogi, kr. 285.194.88.

Með tilkynningu Stálskipasmiðjunnar h/f til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins hinn 5. maí 1966 um greiðslu til áfrýjanda á innstæðu skipasmíðastöðvarinnar hjá ráðuneytinu vegna Flóabátsins Baldurs h/f stofnaðist áfrýjanda til handa veð í nefndri innstæðu, handveðsréttar eðlis. Handveðsréttarígildi þetta var sett til tryggingar láni, sem stofnað var á sama tíma. Var það gilt samkvæmt 20. gr. laga nr. 25/1929 um gjaldþrotaskipti, enda viðhafði áfrýjandi, eins og málavöxtum var háttað, eigi slíkt atferli, er firrti hann rétti til handveðsígildisins. Ber því að dæma hina stefndu til að greiða áfrýjanda hina kröfðu fjárhæð ásamt vöxtum og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 60.000.00.

Dómsorð:

Stefndu, skiptaráðandinn í Kópavogi og Björn Sveinbjörnsson f. h. þrotabús Stálskipasmiðjunnar h/f, greiði áfrýjanda, Hafsteini Jóhannssyni, kr. 285.194.88 ásamt 7% ársvöxtum frá 24. janúar 1968 til greiðsludags og

svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 60.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptadóms Kópavogs 20. janúar 1969.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi þess, hinn 16. þ. m., hefur Tómas Árnason hæstaréttarlögmaður f. h. Hafsteins Jóhannssonar kafara, Narfastöðum í Melasveit, höfðað gegn þrotabúi Stálskipasmiðjunnar h/f í Kópavogi með bókun í skiptarétti Kópavogs hinn 2. september 1968 um, að hann sætti sig ekki við þá tillögu skiptaráðanda, sem þann dag var lögð fyrir skiptafund sem frumvarp að úthlutunargerð, að krafa Hafsteins að fjárhæð kr. 285.194.88 samkvæmt ávísun frá 5. maí 1966 greiðist sem almenn krafa úr þrotabúinu, heldur fái hann greiðslu fjárhæðar þessarar að fullu úr búinu utan skuldaraðar. Allir aðrir kröfuhafar í búinu, sem mættu á skiptafundi þessum, mótmæltu kröfu þessari, og varð samkomulag um, að málið yrði lagt undir úrskurð og að skiparáðandi sæi um, að haldið yrði uppi vörnum fyrir búið. Réð skiptaráðandi Björn Sveinbjörnsson hæstaréttarlögmann til að sjá um málið fyrir hönd þrotabúsins. Kom málið síðan fyrir rétt hinn 3. desember 1968 með framlagningu greinargerðar af hendi sóknaraðilja ásamt nokkrum öðrum skjölum, en í sama þinghaldi lagði lögmaður varnaraðilja einnig fram greinargerð og nokkur skjöl.

Forsaga máls þessa er sú, að á árinu 1961 var hlutafélagið Stálskipasmiðjan stofnsett í Kópavogi með 300.000.00 króna hlutafé. Á árinu 1963 smíðaði fyrirtækið fyrsta skip sitt, m/s Dímon, 25 lestir, en í október 1964 var hafin smíði á m/s Baldri, Flóabát fyrir Breiðafjörð, og lauk henni vorið 1966. Þriðja nýsmíði fyrirtækisins var bátur fyrir sóknaraðilja máls þessa, en á þeirri nýsmíði var byrjað síðsumars 1965. Þegar Baldri var hleypt af stokkunum, var bolur skips þess, sem byrjað hafði verið á fyrir Hafstein, að einhverju leyti smíðaður í skipasmíðastöðvarhúsinu fyrir innan Baldur. Var síðan haldið áfram með smíði skipsins fyrir Hafstein, svo sem nánar verður vikið að síðar, en Hafsteinn hafði, áður en verulegur skriður komst á smíði skips hans, greitt mikið fé inn til Stálskipasmiðjunnar h/f. (Hinn 31. desember 1965 kr. 3.011.553.99 samkvæmt reikningum Stálskipasmiðjunnar

h/f). Á árinu 1965 er gerður samningur við Þórð Óskarsson á Akranesi um nýsmíði nr. 4, og hafði hann greitt Stálskipasmiðjunni h/f kr. 2.960.000.00 hinn 31. desember 1965 upp í smíðina (þar af mun um helmingur hafa verið efni) samkvæmt reikningum Stálskipasmiðjunnar h/f. Hinn 17. október 1966 óskaði stjórn Stálskipasmiðjunnar h/f eftir gjaldþrotaskiptum á búi félagsins. Var úrskurður um gjaldþrotaskipti kveðinn upp samdægurs og innköllun til skuldheimtumanna gefin út sama dag. Hafði Hafsteinn Jóhannsson þá rétt áður sjálfur tekið skip sitt út úr skipasmíðastöðinni, ófullgert, og var síðan stofnað til sérstaks bæjarþingsmáls milli hans og búsins um eignarrétt að skipinu. Dæmdist Hafsteinn eigandi skipsins, og var einróma samþykkt á skiptafundi að áfrýja ekki þeim dómi. Samkvæmt frumvarpi því að úthlutunargerð, sem frammi liggur, reyndust eignir búsins að afloknum uppboðssölum vera kr. 3.439.891.56, en lýstar kröfur, sem ekki er ágreiningur um, kr. 14.061.023.61.

Málavextir eru að öðru leyti þessir: Með samningi, dags. 8. júní 1965 (rskj. nr. 8 í máli þessu), sömdu sóknaraðili, Hafsteinn Jóhannsson, og Stálskipasmiðjan h/f um smíði skips fyrir sóknaraðilja. Fyrir skipið fullsmíðað skyldi sóknaraðili greiða Stálskipasmiðjunni h/f kr. 5.070.000.00, en sjálfur skyldi sóknaraðili leggja til aðalvél skipsins með skrúfubúnaði, áttavita, talstöðvar, hjálparvél, vindudælur o. fl. hjálpartæki. Ákvæði var um breytingar samningsverðs vegna breytinga á kostnaði við vinnu og efni eftir nánari ákvæðum í smíðasamningi. Skipið skyldi afhenda fullbúið hinn 15. desember 1965, en um leið skyldi ljúka síðustu greiðslu fyrir smíðina. Svo sem að framan er frá greint, hafði verkkaupi (sóknaraðili í máli þessu) greitt í árslok 1965 upp í smíðina kr. 3.011.553.00, en smíði skipsins var þá mjög stutt á veg komin, þótt umsaminn afhendingardagur væri þá fyrir nokkru liðinn. Er þessi fjárhæð samkvæmt reikningum Stálskipasmiðjunnar h/f. Samkvæmt yfirliti sóknaraðilja á aðiljaskýrslu, sem lögð hefur verið fram í máli þessu á rskj. nr. 9, hafði hann fyrir 5. maí 1966 greitt Stálskipasmiðjunni samkvæmt smíðasamningi þeim, sem að framan er greint frá, kr. 5.492.825.00, en samkvæmt reikningsyfirliti Stálskipasmiðjunnar h/f á rskj. nr. 10 hafði Hafsteinn Jóhannsson fyrir hinn 5. maí 1966 greitt samtals kr. 5.498.255.00. Það er því ekki deila um, að fyrir 5. maí 1966 hafi Hafsteinn Jóhannsson verið búinn að greiða Stálskipasmiðjunni h/f tæplega 5½ milljón króna upp í skipið. Ljóst er af skjölum málsins, að því fór víðs fjarri, að skipið væri fullgert

um þetta leyti, en samkvæmt framburði Ólafs Hreiðars Jónssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra Stálskipasmiðjunnar, í bæjarþingi Kópavogs 5. júlí 1967 (rskj. nr. 12) taldi hann smíði skipsins nálægt hálfnaða um miðjan apríl 1966, en auk þess hafi þá þegar verið búið að kaupa nokkurt efni til framhalds smíðanna. Samkvæmt aðiljaskýrslu sóknaraðilja (rskj. nr. 9) var fyrirtækið (Stálskipasmiðjan h/f) raunverulega stopp í marz 1966 og honum þá ljóst, að peningar þeir, sem hann var þá búinn að greiða, hefðu að miklu leyti farið í Flóabátinn Baldur. Kemur það heim við framburð framkvæmdastjórans í bæjarþingi Kópavogs 5. júlí 1967, sem að framan er frá greint. Það verður því úr, að sóknaraðili lánar Stálskipasmiðjunni hinn 5. maí 1966 kr. 300.000.00 til að halda áfram smíði skipsins gegn því, að skuldari ávísi jafnframt á greiðslu þá, sem hann taldi sig eiga von á af framlagi ríkissjóðs til smíði Flóabátsins Baldurs, með 8% ársvöxtum af skuldinni. Hefur skuldaviðurkenningin verið lögð fram í máli þessu sem rskj. nr. 2. Í máli þessu er ekki deilt um gildi skuldaviðurkenningarinnar eða að féð hafi runnið til Stálskipasmiðjunnar h/f, heldur um það, hvort ávísun sú á greiðslu ríkissjóðsframlags til Flóabátsins Baldurs skuli gilda eftir gjaldþrot ávísandans, Stálskipasmiðjunnar h/f.

Sóknaraðili rökstyður kröfu sína um að fá ávísunarfjárhæðina greidda utan skuldaraðar úr búinu ásamt vöxtum og málskostnaði með því, að hann hafi orðið löglegur eigandi að innstæðu Stálskipasmiðjunnar h/f hjá ríkissjóði, að svo miklu leyti sem til þyrfti, til að hann fengi lánið endurgreitt og innstæðan hrykki til, þegar forstjóri Stálskipasmiðjunnar h/f gaf fyrirmæli um, að féð skyldi greiðast til hans, og samgöngumálaráðuneytið lofaði, að svo skyldi gert. Það hafi gerzt samtímis, að hann greiddi af höndum kr. 300.000.00 og eignaðist ávísun á innstæðu hjá samgöngumálaráðuneytinu. Hann kveður viðskipti þessi eðlileg í alla staði, þar sem það viðgengst mjög, að ávísanir af ýmsu tagi séu notaðar í skiptum manna. Þess vegna verði ávísun þessi ekki heimfærð undir hugtakið óvenjulegur gjaldeyrir í 19. gr. laga nr. 25/1929. Hann kveðst álíta, að forstjóri Stálskipasmiðjunnar h/f hafi ekki vitað betur en að félagið ætti fyrir skuldum um þessar mundir og því síður hafi vakað fyrir honum nein ívilnun til handa honum. Hann kveðst hafa haft fulla ástæðu til að ætla, að Stálskipasmiðjan h/f ætti fyrir skuldum. Bæði hafi fyrirtækið miklar eignir, að því er virtist, og auk þess hafi fyrirtækið virzt vera virt, sem skýrast hafi komið fram í því, að Flóabáturinn

Baldur h/f trúði því fyrir smíði skips, en auk þess hafi Stjórnarráðið verið svo mikið viðriðið samningana um smíðina og framkvæmd hennar, að eðlilegt væri, að maður í hans aðstöðu teldi ekki athugavert að skipta við slíkan aðilja. Rekstrarfjárskortur hafi verið svo almennur um þetta leyti, að ekkert einsdæmi væri, þótt Stálskipasmiðjan h/f ætti í rekstrarfjárörðugleikum.

Auk framangreindrar skuldaviðurkenningar og ávísunar á rskj. nr. 2 hafa þessi gögn verið fram lögð til stuðnings kröfu sóknaraðilja:

1. Bréf Stálskipasmiðjunnar h/f, dags. 5. maí 1965, til samgöngumálaráðuneytisins, þar sem frá því er skýrt, að Hafsteinn Jóhannsson hafi þann dag lánað Stálskipasmiðjunni h/f kr. 300.000.00 til bráðabirgða og að fé þetta ásamt 8% vöxtum greiðist til baka af þeirri upphæð, sem Stálskipasmiðjan h/f eigi ógreidda hjá Flóabátnum Baldri h/f, og óskist fjárhæðin greidd til Tómasar Árnasonar hæstaréttarlögmanns (vegna Hafsteins Jóhannssonar).

2. Bréf Kristins Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, dags. 23. ágúst 1968, til Tómasar Árnasonar hæstaréttarlögmanns, þar sem staðfest er, að um það leyti, sem Hafsteinn Jóhannsson lánaði Stálskipasmiðjunni h/f kr. 300.000.00, sbr. yfirlýsingu félagsins hinn 5. maí 1966, hafi þeir hæstaréttarlögmennirnir rætzt við og Tómas þá spurt, hvort ekki mundi vera í lagi, að þetta lán yrði endurgreitt af innstæðu skipasmíðastöðvarinnar hjá Flóabátnum Baldri h/f vegna smíði Flóabáts, en Kristinn svaraði því til, að hann teldi ekki nein vandkvæði á því að óbreyttu ástandi, ef um innstæðu yrði að ræða. Jafnframt er tekið fram, að eftir uppkvaðningu gerðardóms út af smíði skipsins hafi skipasmíðastöðin reynzt eiga ógreidda talsverða fjárhæð, sem afhent hafi verið skiptaráðandanum í Kópavogi, þar sem Stálskipasmiðjan h/f hafi þá verið orðin gjaldþrota. Samkvæmt bréfi samgöngumálaráðuneytisins til bæjarfógetans í Kópavogi (á rskj. nr. 5) reyndist innstæðan vera með vöxtum kr. 285.194.88, og var hún send bæjarfógetanum sem skiptaráðanda þann dag vegna gjaldþrots Stálskipasmiðjunnar h/f.

3. Hinn 3. desember 1968 kom Kristinn Gunnarsson hæstaréttarlögmaður fyrir dóm sem vitni í sambandi við mál þetta. Kom þar fram, að vitnið hafði fjallað um ávísunarmál þetta í samgöngumálaráðuneytinu, sem það starfar í. Einnig kom fram, að símasamband var haft við vitnið og því samráð við ráðuneytið, þegar ávísunin var gefin út. Aðspurt kveðst vitnið gera ráð fyrir, að samgöngumálaráðuneytið hefði greitt ávísunarfjárhæðina, ef

ekkert gjaldþrot hefði orðið, og einnig teldi það, að samgöngumálaráðuneytið mundi hafa greitt sóknaraðilja ávísunarfjárhæðina, þótt Stálskipasmiðjan hefði krafizt fjárhæðarinnar til sín og bannað greiðslu til sóknaraðilja. Kvaðst vitnið telja, að ráðuneytið hafi skuldbundið sig til að greiða sóknaraðilja ávísunarfjárhæðina, en ekki Stálskipasmiðjunni, að óbreyttu ástandi, að svo miklu leyti sem innstæða væri fyrir hendi, og aðspurt skýrði það þýðingu orðanna „að óbreyttu ástandi" þannig, að fyrirtækið hefði ekki orðið gjaldþrota.

4. Samgöngumálaráðuneytið hefur með bréfi, dags. 7. janúar 1969, til lögmanns þrotabúsins lýst því yfir, að það telji framangreindan framburð starfsmanns síns, Kristins Gunnarssonar, í alla staði sannleikanum samkvæman.

Svo sem að framan er frá greint, mótmæltu allir mættir kröfuhafar á skiptafundi 2. september kröfu sóknaraðilja um forgangsrétt kröfu hans til kr. 285.194.88 úr búinu og kröfðust þess, að málið yrði lagt undir úrskurð skiptaréttarins. Í greinargerð á rskj. nr. 6 gerir varnaraðili, þrotabú Stálskipasmiðjunnar h/f, kröfu um algera sýknu af kröfu sóknaraðilja og málskostnað sér til handa að mati réttarins.

Varnaraðili rökstyður sýknukröfu sína með því, að hinn 5. maí 1966, þegar Hafsteinn Jóhannsson greiddi Stálskipasmiðjunni þær kr. 300.000.00, sem um ræðir í máli þessu, hafi smiðjan raunverulega verið gjaldþrota og hafi forsvarsmönnum hennar þá samkvæmt 2. málsgrein 1. gr. laga nr. 25 frá 1929 borið skylda til að gefa bú hennar upp til gjaldþrotaskipta. Þetta hljóti forstjóranum að hafa verið ljóst. Stórkostlegt tap hafi orðið á rekstri Stálskipasmiðjunnar h/f á árinu 1965 og þó enn meira það, sem af var árinu 1966. Sóknaraðilja hljóti einnig að hafa verið það ljóst eftir það, sem á undan var gengið, að gjaldþrot hlytu að vera yfirvofandi. Hann hafi verið búinn að greiða miklu meira upp í verð skipsins en samningar gerðu ráð fyrir miðað við það, hve smíði þess var stutt á veg komin. Umræddar kr. 300.000.00 hafi átt að ganga til smíði skipsins og þar með hafi sóknaraðili verið að skapa sér tvöfalda tryggingu fyrir greiðslu þessari, annars vegar verðaukningu þá, sem verða mundi á skipinu við áframhaldandi smíði þess og jafnframt ávísun á innstæðu Stálskipasmiðjunnar h/f hjá samgöngumálaráðuneytinu. Þannig sé ljóst, að ráðstöfun þessi miðaði í þá átt að bæta aðstöðu hans á kostnað annarra kröfuhafa í búið. Af þessum ástæðum hafi samningurinn verið ógildur samkvæmt 32. gr. laga nr. 7 frá 1936. En jafnvel

þótt talið yrði, að samningurinn hafi verið gildur, verði að telja, að ávísunin hafi fallið úr gildi við gjaldþrotaskiptin, þar sem ekki var búið að fá hana greidda. Ávísunin hafi ekki verið greiðsla og þar sem samgöngumálaráðuneytið hefði ekki skuldbundið sig til að greiða hana, hvorki gagnvart Hafsteini né Stálskipasmiðjunni h/f, hafi þar ekki verið um skuldabréf að ræða. Stálskipasmiðjan h/f hafi því hvenær sem var getað afturkallað ávísunina og bannað ráðuneytinu að greiða hana, en það hafi skiptaráðandi gert, eftir að búið var tekið til gjaldþrotaskipta, en þar með hafi söknaraðilja verið skipað í flokk almennra kröfuhafa. Við munnlegan flutning málsins bætti varnaraðili því við, að þótt samþykki ráðuneytisins yrði talið fólgið í þeim samtölum, sem lögmaður söknaraðilja hafi átt við starfsmann ráðuneytisins, þá hafi það samþykki verið bundið tveimur skilyrðum: 1) að innstæða yrði fyrir hendi og 2) að óbreyttu ástandi, sem þýddi, að fyrirtækið yrði ekki gjaldþrota, áður en greiðsla færi fram. Fyrra skilyrðið hafi aðeins verið uppfyllt að nokkru leyti, en hið síðara alls ekki.

Skulu nú raktar nokkrar staðreyndir úr skjölum málsins, sem varpa ljósi á raunverulegan efnahag Stálskipasmiðjunnar h/f á þeim tíma, sem marggreind lánveiting fór fram, og önnur atriði, er máli skipta:

1. Hlutafé var kr. 300.000.00 (rskj. nr. 7).

2. Í efnahagsreikningi 31. desember 1965 (saminn af endurskoðanda, eftir að gjaldþrotaskipti hófust, rskj. nr. 7) eru áhöld bókfærð á kr. 578.324.33, en þau seldust á nauðungaruppboði fyrir rúmlega 600.000.00 krónur brúttó, og verkstæðisbygging á kr. 2.876.987.02, en hún seldist á nauðungaruppboði fyrir kr. 2.550.000.00. Skip nr. 2 (Baldur) er fært á kostnaðarverði, kr. 12.767.753.70, og var þá ekki lokið smíði. Á efnahagsreikningi þessum eru skuldir taldar kr. 1.716.766.33 umfram eignir (hlutafé meðtalið skulda megin). Bókfært verð skipsins, kr. 12.767.753.70, var kr. 3.607.753.76 umfram samningsverð (rskj. nr. 8), en kr. 2.254.647.88 umfram samningsverð, er við það hafði verið bætt hækkunargreiðslum, kr. 1.100.000.00, og kr. 253.105.88 samkvæmt gerðardómsákvörðun. Voru því skuldir umfram eignir samkvæmt niðurstöðu efnahagsreikningsins og þegar áfallins taps af smíði Baldurs hinn 31. desember 1965 kr. 3.971.414.11, eða kr. 3.671.414.11, er hlutafé er frá dregið.

3. Í sakadómsrannsókn út af gjaldþroti Stálskipasmiðjunnar h/f (rskj. nr. 11) segir Ólafur H. Jónsson, fyrrverandi forstjóri

Stálskipasmiðjunnar h/f, að hann hafi ekki gert sér grein fyrir, hve miklu tap á m/s Baldri hafi numið, en hann kveðst þó viss um, að tap á vinnu einni saman miðað við áætlun hafi eigi verið undir kr. 2.500.000.00, en auk þess hafi orðið verulegt tap á öðrum þáttum smíðinnar miðað við áætlun. Hann kvað þá félaga hafa gert sér grein fyrir því á árinu 1965, að tap yrði á smíði Baldurs, en það hafi ekki verið fyrr en í júní 1966, að þeir gerðu sér grein fyrir, hve gífurlegt tapið var. Í sömu sakadómsrannsókn segir annar stjórnarmaður í Stálskipasmiðjunni h/f, Bogi Þórir Guðjónsson, að í áætlun um smíði Baldurs hafi verið reiknað með 36.000 vinnustundum með 80 króna meðalkaupi, en reynslan hafi orðið sú, að yfir 50.000 vinnustundir hafi þurft í skipið. Hann kveðst hafa reiknað með yfirborgunum (umfram 80 kr. á klst.), en reiknað með, að góð fagþekking og þjálfun mundi bera þær uppi, en reynslan varð önnur. Sami stjórnarmaður segir í sakadómsrannsókninni, að á árinu 1965 hafi þeir tekið 1 milljón króna lán með 2½% mánaðarvöxtum, sem hann leiðrétti í bæjarþingi Kópavogs 4. apríl 1967 (rskj. nr. 12), að hafi verið 5% mánaðarvextir.

4. Í aðiljaskýrslu sóknaraðilja (rskj. nr. 9) kemur fram, að marggreint 300.000.00 króna lán var notað til að greiða ál (alumíníum) og greiða vinnulaun vegna smíði skips hans.

5. Samkvæmt yfirliti um greiðslu sóknaraðilja vegna skipasmíðinnar, rskj. nr. 10, greiddi hann samtals kr. 341.673.65 til Stálskipasmiðjunnar h/f vegna skipsins á tímabilinu 14. maí til 10. júní 1966. Er það í samræmi við aðiljaskýrslu sóknaraðilja.

Samkvæmt gögnum þeim, sem að framan eru rakin, verður að telja sannað, að stjórnendum Stálskipasmiðjunnar h/f hlaut að vera ljóst hinn 5. maí 1966, að félagið átti þá hvergi nærri fyrir skuldum. Þótt þeir vegna vanrækslu í bókhaldi hefðu þá ekki fyrir hendi önnur fullkomin bókhaldsgögn en efnahagsreikning frá 31. desember 1964, þar sem jafnaðarreikningur var kr. 127.103.14 (yfir 40% hlutafár þá tapað), þá var þeim ljóst, að aðeins tapið vegna vinnustundafjöldans við smíði Baldurs umfram áætlun nam að fjárhæð margföldu upphaflegu hlutafé félagsins. Þeir stunduðu þá engan atvinnurekstur samhliða skipasmíðinni, sem gaf þeim neitt tilefni til að búast við verulegum ágóða á móti tapi þessu, og engar líkur voru til skyndilegra stórfelldra verðhækkana á eignum félagsins á þessu tímabili. Þeir voru þá búnir að taka milljónir króna í fyrirframgreiðslur upp í skip umfram það, sem í þau hafði verið lagt af félagsins hálfu, og að eigin

sögn höfðu þeir tekið okurlán, sem að ársvöxtum hafði numið tvöföldu upphaflegu hlutafé félagsins.

Svo sem að framan er slegið föstu, var Stálskipasmiðjan h/f insolvent hinn 5. maí 1966, og stjórnendum hennar hlaut að vera það ljóst. Kemur þá til álita, hvort sóknaraðili hafði vitað það eða „að ætla megi" eða „líkur séu til", að hann hafi vitað það.

Í aðiljayfirheyrslu á rskj. nr. 12 skýrði sóknaraðili frá því, að um áramótin 1965—1966 hafi sig verið farið að gruna, að peningar, sem hann hafði greitt vegna síns skips, væru notaðir til að ljúka smíði Baldurs. Hafi Ólafur H. Jónsson forstjóri játað það fyrir sér, en sagt, að peningar Þórðar Óskarssonar yrðu notaðir til að ljúka hans skipi, þessu yrði velt svona áfram (þessu neitar Ólafur H. Jónsson). Í aðiljaskýrslu á rskj. nr. 9 segir, að hinn 25. marz 1966 hafi báturinn verið miklu meira en greiddur og þá hafi fyrirtækið verið raunverulega algerlega stopp, og raunar fyrr. Í sömu aðiljaskýrslu segir, að peningar þeir, sem sóknaraðili hafði þá áður greitt, hafi víst farið að miklu leyti í Flóabátinn Baldur, sem þá var í smíðum og afhentur seinni partinn í marz 1966.

Samkvæmt eigin framburðum sóknaraðilja var honum því ljóst 6 vikum fyrir lánveitinguna 5. maí 1966: 1) að hann hafði greitt milljónir króna umfram það, sem lagt hafði verið í skip hans þá, 2) að forstjóri Stálskipasmiðjunnar h/f hafði viðurkennt, að það fé hafði verið notað til smíði Baldurs, 3) að fyrirtækið var þá raunverulega stopp og 4) að forstjóri Stálskipasmiðjunnar h/f sagði honum, að hann ætlaði að ljúka smíði skips hans fyrir fé, sem Þórður Óskarsson greiddi. Sóknaraðilja hlaut að vera ljóst, að Stálskipasmiðjan h/f hafði ekki önnur verkefni með höndum en smíði Baldurs og skip hans sjálfs og hefði samning við Þórð Óskarsson. Án þess að fullyrt verði í þessum úrskurði, að sóknaraðili hafi hinn 5. maí 1966 með allar þessar upplýsingar í höndum vitað, að Stálskipasmiðjan h/f ætti þá ekki fyrir skuldum, þykir þó ekki varhugavert að ætla, að hann hafi haft vitneskju um insolvens og þrot Stálskipasmiðjunnar h/f (lög nr. 7/1936, 32. gr.) og að líkur bentu til þess, að lánardrottni hafi verið kunnugt um ástæður þrotamanns, þegar greiðsla eða ráðstöfun fór fram (lög nr. 25/1929, 23. gr.). Samkvæmt 32. gr. laga nr. 7/1936 og 23. gr. laga nr. 25/1929 þykir ekki varhugavert að slá því föstu, að sóknaraðili geti ekki borið fyrir sig marggreindan löggerning frá 5. maí 1966, og að hann sé riftanlegur samkvæmt 23. gr. laga nr. 25/1929, enda naut sóknaraðili fjárgreiðslunnar

frá 15. maí 1966 að fullu í verðaukningu skips síns, svo sem greint hefur verið frá.

Þykir því þegar af þeirri ástæðu bera að sýkna þrotabú Stálskipasmiðjunnar h/f af kröfum sóknaraðilja.

Eftir atvikum, sérstaklega með tilliti til hins mikla vafa, sem telja má um úrslit deiluefnis í máli þessu, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ályktunarorð:

Þrotabú Stálskipasmiðjunnar h/f skal vera sýknt af kröfu sóknaraðilja, Hafsteins Jóhannssonar, í máli þessu um forgangsrétt á kr. 285.194.88, en sú fjárhæð skal njóta sama réttar og aðrar viðurkenndar kröfur sóknaraðilja í þrotabúið, þ. e. sem almenn krafa.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 16. júní 1969.

Nr. 112/1969. **Valdstjórnin**
gegn
Sveinbirni Gíslasyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 2. júní 1969, er barst dóminum 12. júní 1969, og krafizt þess, að úrskurður sakadóms verði úr gildi felldur og hann látinn laus úr gæzluvarðhaldi. Þá krefst varnaraðili og kærumálskostnaðar.

Eins og sakarefni og sönnunaratriðum máls er háttað, ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 2. júní 1969.

Ár 1969, mánudaginn 2. júní, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í gömlu bæjarþingsstofunni í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg af Þórði Björnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Snemma að morgni 18. janúar 1968 fannst Gunnar Sigurður Tryggvason leigubifreiðarstjóri, Kambsvegi 8 hér í borg, látinn í bifreið sinni, R 461, á Laugalæk hér í borginni af völdum skotsárs hægra megin í hnakka. Í bifreiðinni fannst skothylki og leiddi rannsókn rannsóknarlögreglunnar til þess álits, að kúlunni hefði verið skotið úr skammbyssu af gerðinni Smith & Wesson, cal. 35. Eru þær byssur nú mjög sjaldgæfar. Hér á landi er aðeins vitað um, að ein slík byssa hafi verið til. Hafði eigandi hennar, Jóhannes heitinn Jósefsson, fyrrum eigandi Hótel Borgar, haft hana með sér frá Ameríku hingað til lands, líklega árið 1927, en árið 1965 hafði hann tilkynnt til lögreglunnar hvarf byssunnar.

Kærði Sveinbjörn Gíslason bifreiðarstjóri, Sækambi á Seltjarnarnesi, ók leigubifreiðinni R 15612 frá Bæjarleiðum hér í borg fyrir þau hjónin Hallgrím Aðalbjarnarson og Lofteyju Káradóttur, Freyjugötu 25 hér í borg, frá því í maí 1967 þar til 6. marz s.l., en þann dag tóku þau hjónin bifreiðina af honum fyrirvaralaust. Síðar sama dag fundu þeir Hallgrímur og Snæbjörn Magnússon, Hólmgarði 46 hér í borg, skammbyssu, fullhlaðna 7 skotum, í læstu mælaborði bifreiðarinnar, þegar þeir voru að taka til þar. Var þetta byssa af gerðinni Smith & Wesson, cal. 35.

Sérfræðingur hjá alríkislögreglunni (FBI) í Bandaríkjunum hefur rannsakað byssu þessa og skothylkið, sem fannst í bifreiðinni R 461. Telur hann, að skothylkinu hafi verið skotið úr byssu þessari.

Hinn 7. marz s.l. var gerð húsleit á heimili kærða Sveinbjörns, og fannst þá læstur peningakassi þar á stigapalli. Reyndust vera í honum meðal annars tvö skot. Var annað þeirra skammbyssuskot Smith & Wesson, cal. 35, eða af sömu gerð og skot þau, sem voru í fyrrgreindri byssu, þegar hún fannst í bifreiðinni R 15612.

Lárus Salómonsson lögreglumaður hefur borið það, að Jóhannes Jósefsson hafi sagt honum, að hann hefði ekki skotið úr fyrrgreindri skammbyssu sinni í mörg ár, og minnir hann, að Jóhann-

es segðist ekki hafa skotið úr henni síðan á árinu 1937. Þegar Jóhannes tilkynnti honum um hvarf byssunnar árið 1965, hefði hann haft orð á því, að til lítils væri að slægjast eftir þessari byssu, því að skot væru ekki til í hana.

Njörður Snæhólm, aðalvarðstjóri í rannsóknarlögreglunni, hefur skýrt frá því, að aðeins 8.350 stykki hafi verið framleidd af þessari byssutegund og stærð og að framleiðslu á þeim hafi verið hætt árið 1921. Skot í byssu þessa, sem sé amerísk, hafi verið framleidd á árunum 1913 til 1940, en skotið, sem varð Gunnari Sigurði Tryggvasyni að bana, muni hafa verið framleitt fyrir árið 1926.

Hinn 15. febrúar 1968 leituðu þeir Njörður Snæhólm og Lárus Fjeldsted Salómonsson með samþykki Jóhannesar heitins á heimili hans að Tjarnarstíg 8, Seltjarnarnesi, að skammbyssuskotum að stærð cal. 35. Fundu þeir í kössum þar í kjallaranum um 130 slík skot, en daginn áður hafði Lárus Fjeldsted fundið 12 slík skot í veiðitösku Jóhannesar í kjallaranum.

Kærði Sveinbjörn var handtekinn þegar eftir fund byssunnar í bifreiðinni R 15612 7. marz s.l. Hafði hann þá lyklakippu sína í vasanum, og reyndist einn lykillinn á henni ganga að læsingu útidyrahurðar Tjarnarstígs 8.

Kærði Sveinbjörn hefur eindregið neitað því að hafa orðið Gunnari Sigurði Tryggvasyni að bana eða verið nokkuð riðinn við þann verknað eða að hafa hugmynd um, hver hefur framið hann. Enn fremur hefur hann neitað því að hafa tekið byssuna, sem fannst í bifreiðinni R 15612, eða nokkur skot frá Jóhannesi Jósefssyni, en hann vann hjá Jóhannesi á árunum 1936—1960 og frá 1946 sem einkabifreiðarstjóri hans. Kærði Sveinbjörn kveðst dag einn rétt eftir miðjan janúar s.l. hafa verið að hreinsa bifreiðina 15612 fyrir utan heimili sitt og þá fundið skammbyssuna fullhlaðna undir hægra framsæti bifreiðarinnar. Hann hafi látið byssuna í mælaborðið, læst því og síðan hafi hann ekki hreyft við henni þar. Hann hafi ekki tilkynnt lögreglunni um byssuna og engum sagt frá henni. Þá kveður hann, að skot hafi ekki átt að vera í peningakassanum, sem hann átti á stigapallinum á heimili sínu, og geti hann ekkert sagt um, hvers vegna fyrrgreint skammbyssuskot var þar. Hann hefur heldur ekki gert grein fyrir því, hvers vegna hann hafði í fórum sínum lykil, sem gekk að útidyrahurð að húsi því, sem Jóhannes Jósefsson átti heima í.

Rannsókn máls þessa hefur síðan 21. marz s.l. farið fram bæði

í sakadómi og utan dóms, þar sem rannsóknarlögreglumenn hafa unnið við einstaka þætti eftir ákvörðun dómara. Hefur verið unnið þrotlaust að rannsókn málsins, og er hún orðin bæði umfangsmikil og margþætt, en mikið rannsóknarstarf er þó eftir.

Rannsókn hefur farið fram á akstursvenjum og vinnutilhögun kærða Sveinbjörns við akstur bifreiðarinnar R 15612, en þeirri rannsókn er ekki lokið.

Reynt hefur verið að afla upplýsinga um, hvar kærði Sveinbjörn var aðfaranótt og að morgni 18. janúar 1968, og að sannreyna sögn hans þar um, en margt í því efni er enn ókannað.

Rannsóknarlögreglumennirnir Njörður Snæhólm og Leifur Jónsson telja, að pinnaför séu í fjórum af þeim skotum, sem voru í byssunni, sem fannst í bifreiðinni R 15612, svo og í hvellhettu skothylkisins, sem fannst í bifreiðinni R 461. Séu möguleikar á því, að för þessi séu eftir pinnann í Mauser skammbyssu þeirri, sem kærði Sveinbjörn kveðst hafa átt frá því um árið 1950, þar til hann seldi hana á árunum 1963—1966, en byssa þessi hefur verið lögð fram í málinu. Frekari rannsókn þessara atriða hefur enn ekki farið fram og yrði að framkvæma hana erlendis.

Rannsókn á einhverjum tengslum eða samskiptum milli Gunnars Sigurðar Tryggvasonar og kærða Sveinbjörns er enn aðeins skammt á veg komin utan dóms.

Óhjákvæmileg rannsókn á fjármálum kærða Sveinbjörns er enn aðeins á byrjunarstigi utan dóms.

Það þarf því að yfirheyra mörg vitni í málinu og ef til vill samprófa þau við kærða Sveinbjörn svo og að afla margvíslegra skjala og annarra sakargagna og bera þau undir hann.

Jafnframt þykja mörg atvik, sem fram hafa komið í málinu, vekja rökstuddar grunsemdir um, að kærði Sveinbjörn hafi annað hvort sjálfur orðið valdur að dauða Gunnars Sigurðar Tryggvasonar eða þá verið hlutdeildarmaður í þeim verknaði.

Hinn 8. marz s.l. var kærði Sveinbjörn úrskurðaður í gæzluvarðhald í allt að 30 daga. Hinn 5. apríl s.l. var úrskurðurinn framlengdur í allt að 8 vikur, og rennur sá tími út í dag kl. 1805.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan, og með tilvísun til 67. gr., 1. mgr., 1. og 4. tölulið, laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála þykir rétt að framlengja gæzluvarðhaldsvist kærða Sveinbjörns um allt að 8 vikum frá lokum varðhaldsvistar hans samkvæmt úrskurðinum frá 5. apríl s.l., eða til mánudagsins 28. júlí næstkomandi kl. 1805.

Ályktarorð:

Gæzluvarðhaldsvist kærða, Sveinbjörns Gíslasonar, framlengist um allt að 8 vikum frá lokum varðhaldsvistar hans samkvæmt úrskurði, uppkveðnum 5. apríl s.l., eða til mánudagsins 28. júlí næstkomandi kl. 1805.

Miðvikudaginn 18. júní 1969.

Nr. 150/1968. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Jóhannesi Gíslasyni
(Jónas Aðalsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fjárdráttur. Skjalafals. Brot í opinberu starfi. Frávísun skaðabótakröfu.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði í héraði Magnús Helgi Kristjánsson andaðist 1. október 1968. Tekur áfrýjun málsins því einungis til ákærða, Jóhannesar Gíslasonar.

Brot ákærða eru í héraðsdómi færð til réttra refsiákvæða, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 1 ár.

Eigi er í ljós leitt, að hve miklu leyti misferli ákærða hefur valdið Landssmiðjunni tjóni og að hve miklu leyti það hefur valdið viðskiptamönnum hennar tjóni. Ber því að vísa skaðabótakröfu Landssmiðjunnar frá héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta, að því er ákærða varðar.

Ákærði greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 80.000.00, og laun verjanda síns, kr. 80.000.00.

Dómsorð:

Framangreindri skaðabótakröfu er vísað frá héraðsdómi.

Ákærði, Jóhannes Gíslason, sæti fangelsi 1 ár.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest, að því er ákærða varðar.

Ákærði greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 80.000.00, og laun verjanda síns, Jónasar Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. ágúst 1968.

Ár 1968, þriðjudaginn 6. ágúst, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara sem dómsformanni og meðdómendunum Árna Björnssyni héraðsdómslögmanni og Sveini Þórðarsyni skattstjóra, kveðinn upp dómur í málinu nr. 433—434/1968: Ákæruvaldið gegn Magnúsi Helga Kristjánssyni og Jóhannesi Gíslasyni, sem tekið var til dóms 6. júní.

Mál þetta er höfðað með ákæru dagsettri 6. desember 1967 gegn 1. *Magnúsi Helga Kristjánssyni,* fyrrverandi aðalgjaldkera Landssmiðjunnar, til heimilis Þinghólsbraut 20, Kópavogi, fæddum 12. júní 1916 á Ísafirði, 2. *Jóhannesi Gíslasyni,* fyrrverandi aðalbókara Landssmiðjunnar, til heimilis Eikjuvogi 28, Reykjavík, fæddum 2. janúar 1925 að Kleif, Skefilstaðahreppi, „fyrir fjárdrátt, skjalafals og brot í opinberu starfi.

A.

Ákærðu er gefið að sök að hafa sameiginlega dregið sér fé Landssmiðjunnar í Reykjavík, samtals kr. 525.346.42, á þeim tíma og með þeim hætti, sem nú skal lýst:

I. Að hafa frá því í desember 1963 til júlí 1965 dregið sér tollendurgreiðslur frá fjármálaráðuneyti og tollstjóraembætti samkvæmt:

1. Ríkissjóðsávísun nr. 1937, útg. 21/12 1963, að fjárhæð kr. 32.821.00, en sá hluti ávísunarinnar, sem ekki kom í sjóð Landssmiðjunnar, nemur kr. 18.591.78.

2. Ríkissjóðsávísun nr. 059, útg. 2/4 1964, kr. 12.099.08.
3. Ríkissjóðsávísun nr. 297, útg. 6/4 1964, kr. 28.847.28.
4. Ríkissjóðsávísun nr. 1126, útg. 23/12 1964, að fjárhæð kr. 42.316.00, en sá hluti hennar, sem ekki kom í sjóð Landssmiðjunnar, nemur kr. 2.061.99.
5. Endurgreiðslukvittun tollstjóraembættis, dags. 3/9 1964, vegna tollreiknings nr. 5158, kr. 1.676.00.
6. Endurgreiðslukvittun tollstjóraembættis, dags. 29/9 1964, vegna tollreiknings nr. 11615, kr. 1.002.00.
7. Endurgreiðslukvittun tollstjóraembættis, dags. 14/10 1964, vegna tollreiknings nr. 51364, kr. 1.850.00.
8. Endurgreiðslukvittun tollstjóraembættis, dags. 10/12 1964, vegna tollreiknings nr. 6406, kr. 2.708.00.
9. Endurgreiðslukvittun tollstjóraembættis, dags. 14/5, vegna tollreikninga nr. 18668 og 18669, kr. 5.722.00.
10. Endurgreiðslukvittun tollstjóraembættis, dags. 30/6 1965, vegna tollreiknings nr. 23499, kr. 2.636.00.
11. Endurgreiðslukvittun tollstjóraembættis, dags. 30/6 1965, vegna tollreiknings, afgr. nr. 7115, kr. 280.00.
12. Endurgreiðslukvittun tollstjóraembættis, dags. 30/6 1965, vegna tollreiknings, afgr. nr. 8728, kr. 463.00. *Kr. 77.937.13.*

II. Að hafa frá því á árinu 1961 og þar til á árinu 1965 dregið sér fé úr sjóði Landssmiðjunnar og leynt því með því að endurfæra sjóðfylgiskjöl í bókhaldinu og falsa dagsetningar og ártöl á sum þeirra. Fjárdrátturinn, kr. 207.684.31, er samkvæmt eftirgreindum fylgiskjölum:

1. Reikningi frá Einangrun h.f., dags. 14/8 1960. Ártali breytt úr 1960 í 1961	kr.	1.920.00
2. Reikningi frá Pólum h.f., dags. 29/9 1960	—	845.00
3. Reikningi frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, dags. 8/11 1960. Útgáfudegi breytt	—	2.267.07
4. Reikningi Garðars Gíslasonar h.f., dags. 17/10 1960	—	1.450.00
5. Reikningi Bræðranna Ormsson h.f., dags. 7/11 1960	—	670.53
6. Reikningi Raftækjaverzlunar Íslands h.f., dags. 27/10 1960	—	3.255.30
7. Reikningi Bílasmiðjunnar h.f., dags. 2/9 1960	—	2.966.40
8. Reikningi G. J. Fossberg, Vélaverzlun h.f., dags. 11/10 1960	—	1.198.90

9. Reikningi Egils Vilhjálmssonar h.f., dags. 31/12 1960 .. .. kr. 294.50
10. Reikningi frá Bræðrunum Ormsson h.f., dags. 10/12 1960 .. .. — 5.436.45
11. Reikningi frá Raftækjaverzluninni h.f., dags. í des. 1960 .. .. — 1.390.00
12. Reikningi frá S. Stefánssyni & Co. h.f., dags. 12/10 1960 .. .. — 4.304.00
13. Reikningi frá Korkiðjunni h.f., dags. 3/1 1961. Ártali breytt úr 1961 í 1965 .. .. — 4.300.00
14. Reikningi Reykjafells h.f., útgefinn í ágúst 1961. Ártali breytt úr 1961 í 1964 .. .. — 2.977.00
15. Reikningi Jens Árnasonar h.f., dags. 25/11 1961. Ártali breytt úr 1961 í 1964 .. .. — 2.471.00
16. Reikningi frá Smith & Norland h.f., dagsetningu breytt úr 7/3 1962 í 7/1 1965 .. .. — 3.786.40
17. Reikningi Hjálmars Þorsteinssonar & Co. h.f., útg. 16/1 1962. Ártali breytt úr 1962 í 1965 .. — 5.880.00
18. Reikningi Ofnasmiðjunnar h.f., útg. 27/2 1962. Ártali breytt úr 1962 í 1965 .. .. — 5.565.00
19. Reikningi Reykjafells h.f., útg. í júní 1962. Ártali breytt úr 1962 í 1963 .. .. — 11.928.95
20. Reikningi Helga Magnússonar & Co., útg. 27/4 1962. Ártali breytt úr 1962 í 1965 .. .. — 5.356.80
21. Reikningi Verzlunarinnar Geysis h.f., útg. 1/5 1962 .. .. — 1.132.15
22. Reikningi frá Raf-raftækjavinnustofu, útg. 31/8 1962. Ártali breytt úr 1962 í 1963 .. .. — 3.479.85
23. Reikningi frá Jens Árnasyni h.f., útg. 4/9 1962. Ártali breytt úr 1962 í 1964 .. .. — 2.310.00
24. Reikningi Bílasmiðjunnar h.f., útg. 17/10 1960. Ártali breytt úr 1960 í 1964 .. .. — 3.460.00
25. Reikningi Vatnsvirkjans h.f., útg. 31/10 1962 .. — 4.521.50
26. Reikningi frá Ryðhreinsun & Málmhúðun s.f., útg. 26/10 1962. Ártali breytt úr 1962 í 1964 .. — 3.655.00
27. Reikningi frá Jens Árnasyni h.f., útg. 28/8 1962. Ártali breytt úr 1962 í 1964 .. .. — 3.542.00
28. Reikningi Björns Arnórssonar, umboðs- og heildverzlun, útg. 5/12 1962. Ártali breytt úr 1962 í 1964 .. .. — 1.243.94
29. Reikningi Björns Arnórssonar, umboðs- og heild-

verzlun, útg. 6/12 1962. Ártali breytt úr 1962 í 1964 ..... kr. 2.964.38

30. Reikningi frá Vatnsvirkjanum h.f., út. 30/11 1962 ..... — 5.867.25

31. Reikningi A. Jóhannsson & Smith h.f., útg. í júní 1962. Ártali breytt úr 1962 í 1965 ..... — 6.765.85

32. Reikningi frá Ísleifi Jónssyni, byggingavöruverzlun, útg. 1962. Ártali breytt úr 1962 í 1965 — 4.588.40

33. Reikningi Korkiðjunnar h.f., útg. í júlí 1962. Ártali breytt úr 1962 í 1965 ..... — 4.268.30

34. Reikningi Sighvats Einarssonar & Co., útg. í sept. 1962 ..... — 4.499.00

35. Fraktreikningi Eimskipafélags Ísl. h.f. ..... — 2.797.00

36. Fraktreikningi Eimskipafélags Ísl. h.f. ..... — 3.399.00

37. Reikningi Olíufélagsins h.f., útg. 20/4 1963. Ártali breytt úr 1962 í 1965 ..... — 9.490.00

38. Reikningi J. B. Péturssonar, útg. í ágúst 1963 — 1.650.20

39. Fraktreikningi Eimskipafélags Ísl. h.f. ..... — 5.386.00

40. Fraktreikningi Eimskipafélags Ísl. h.f. ..... — 3.798.00

41. Fraktreikningi Eimskipafélags Ísl. h.f. ..... — 3.648.00

42. Reikningi Jens Árnasonar h.f., útg. 4/2 1963. Ártali breytt úr 1963 í 1965 ..... — 4.273.50

43. Fraktreikningi Eimskipafélags Ísl. h.f. ..... — 10.592.00

44. Reikningi Lúðvígs Storr & Co., útg. 27/11 1963 — 4.544.00

45. Reikningi Burstagerðarinnar, útg. 6/2 1964 .... — 2.594.40

46. Reikningi Seglagerðarinnar Ægis, útg. í apríl 1964 ..... — 3.610.00

47. Reikningi Blikksmiðju Reykjavíkur, útg. 27/5 1964 ..... — 2.856.00

48. Reikningi Gunnars Ásgeirssonar h.f., útg. 31/3 1964 ..... — 1.597.00

49. Reikningi Ofnasmiðjunnar h.f., útg. 3/6 (sic) 1964 ..... — 1.200.00

50. Reikningi verksmiðjunnar Bene, útg. 15/1 1964 — 4.657.79

51. Reikningi frá Ryðhreinsun & Málmhúðun, útg. 30/11 1962. Ártali breytt úr 1962 í 1964 .... — 3.700.00

52. Reikningi frá Gúmmísteypu Þorsteins Kristjánssonar, útg. 23/9 1963. Útgáfudegi breytt í 23/12 — 3.200.00

53. Reikningi frá Gúmmísteypu Þorsteins Kristjánssonar, útg. 3/11 1961. Ártali breytt úr 1961 í 1962 ..... — 2.566.00

54. Reikningi frá Pétri Snæland h.f., útg. 20/5 .. kr. 1.800.00
55. Reikningi frá Jóni Sen, útg. 16/11 1960 og breytt í 16/3 1962 .. .. — 1.625.00
56. Reikningi frá L. Andersen h.f., dags. 28/9 1961, en breytt í 28/8 1962 .. .. — 2.400.00
57. Reikningi frá B. Sig., útg. 1960 .. .. — 3.572.00
58. Reikningi frá Korkiðjunni h.f., útg. 8/1 1964 .. — 2.167.50

Kr. 207.684.31

III. Að hafa á árunum 1963, 1964 og 1965 dregið sér kr. 71.808.75 úr sjóði Landssmiðjunnar og leynt því með því að hafa ranga (of háa) samlagningu á fylgiskjölum fyrir útborgunum, sem síðan voru bókfærð í samræmi við hina röng samlagningu.

Fer hér á eftir skrá yfir þessar misfellur:

1963		Röng útkoma	Rétt útkoma	Mismunur	
12/2	V-47	288.306.65	283.757.65	4.549.00	
6/3	V-130	175.509.35	172.509.35	3.000.00	
12/3	V-139	184.221.95	181.221.95	3.000.00	
26/3	V-177	139.941.25	137.767.25	2.174.00	
5/4	V-220	311.489.50	308.489.50	3.000.00	
17/4	V-231	39.135.00	38.135.00	1.000.00	
22/4	V-241	225.954.50	222.954.50	3.000.00	
24/4	V-243	64.406.50	62.406.50	2.000.00	
15/5	V-298	25.138.90	23.638.90	1.500.00	
22/5	V-320	137.640.00	134.640.00	3.000.00	
31/5	V-340	96.138.35	93.628.35	2.510.00	
31/8	V-584	14.330.37	13.830.37	500.00	
17/9	V-638	451.621.80	448.621.80	3.000.00	
		2.153.834.12	2.121.601.12		32.233.00
1964					
13/5	V-342	314.982.25	310.982.25	4.000.00	
10/6	V-415	37.277.60	36.166.60	1.111.00	
30/6	V-458	43.373.45	41.361.45	2.012.00	
17/7	V-498	74.615.75	72.614.75	2.001.00	
24/8	V-572	331.945.00	329.945.00	2.000.00	
14/10	V-712	62.687.98	61.687.98	1.000.00	
19/10	V-729	120.109.05	117.887.05	2.222.00	

4/11	V-784	122.254.75	118.940.75	3.314.00	
5/12	V-854	79.809.00	78.564.00	1.245.00	
		1.187.054.83	1.168.149.83		18.905.00
1965					
9/1	V-6	221.441.80	219.730.80	1.711.00	
12/1	V-9	91.969.65	87.907.65	4.062.00	
17/3	V-155	95.686.00	93.401.00	2.285.00	
1/4	V-199	122.505.80	121.042.05	1.463.75	
10/4	V-211	118.079.00	115.641.00	2.438.00	
10/4	V-212	231.271.30	229.830.30	1.441.00	
13/4	V-215	102.569.40	100.177.40	2.392.00	
8/5	V-275	166.219.25	164.558.25	1.661.00	
4/8	V-486	378.742.00	375.525.00	3.217.00	
		1.528.484.20	1.507.813.45		20.670.75
					Kr. 71.808.75

IV. Að hafa á árunum 1963, 1964 og 1965 dregið sér kr. 109.377.00 úr sjóði Landssmiðjunnar og leynt því á þann hátt að falsa fjárhæðir ýmissa fylgiskjala fyrir útborgunum og bókfæra síðan hinar röngu upphæðir. Er ákærðu gefið að sök að hafa dregið sér fé, sem svarar mismun hinna réttu og röngu fjárhæða á eftirgreindum reikningum:

1. Reikningi Sigurðar Hannessonar & Co. h.f., upphaflega dags. 24/ 1963, dags. er breytt í 24/11 1962 og reikningsfjárhæðin hækkuð úr kr. 4.701.65 í kr. 9.706.65, eða um .. .. kr. 5.005.00
2. Reikningi Skipaafgreiðslu J. Ziemsen, dags. 9/3 1964. Reikningsfjárhæð hækkuð úr kr. 2.069.00 í kr. 6.069.00, eða um .. .. — 4.000.00
3. Reikningi Málmsmiðjunnar Hellu h.f., dags. 19/3 1964. Reikningsfjárhæð hækkuð úr kr. 1.211.80 í kr. 4.216.80, eða um .. .. — 3.005.00
4. Reikningi frá Jens Árnasyni h.f., dags. 22/5 1964. Reikningsfjárhæð hækkuð úr kr. 838.00 í kr. 1.858.00, eða um .. .. — 1.020.00
5. Reikningi Málmsmiðjunnar Hellu h.f., dags. 23/6 1964. Reikningsfjárhæð hækkuð úr kr. 249.00 í kr. 1.249.00, eða um .. .. — 1.000.00
6. Reikningi frá Jens Árnasyni h.f., dags. 4/6 1964.

Reikningsfjárhæð hækkuð úr kr. 363.00 í kr. 2.363.00, eða um .. .. kr. 2.000.00

7. Reikningi frá Heimilistækjum s.f., dags. 22/11 1964. Reikningsfjárhæð hækkuð úr kr. 1.174.00 í kr. 4.174.00, eða um .. .. — 3.000.00
8. Reikningi frá Jens Árnasyni h.f., dags. 19/10 1964. Reikningsfjárhæð hækkuð úr kr. 1.155.00 í kr. 4.455.00, eða um .. .. — 3.300.00
9. Reikningi frá Jens Árnasyni h.f., dags. 24/12 1964. Reikningsfjárhæð hækkuð úr kr. 1.694.00 í kr. 4.994.00, eða um .. .. — 3.300.00
10. Reikningi frá Jens Árnasyni h.f., dags. 9/12 1964. Reikningsfjárhæð hækkuð úr kr. 1.342.00 í kr. 4.342.00, eða um .. .. — 3.000.00
11. Reikningi frá Jens Árnasyni h.f., dags. 4/12 1964. Reikningsfjárhæð hækkuð úr kr. 1.715.40 í kr. 4.715.40, eða um .. .. — 3.000.00
12. Reikningi frá Jens Árnasyni h.f., dags. 11/12 1964. Reikningsfjárhæð hækkuð úr kr. 1.135.50 í kr. 4.135.50, eða um .. .. — 3.000.00
13. Reikningi frá Jens Árnasyni h.f., dags. 12/7 1965. Reikningsfjárhæð hækkuð úr kr. 3.113.00 í kr. 8.613.00, eða um .. .. — 5.500.00
14. Reikningi frá Raftækjavinnustofunni Raf, dags. 30/4 1964. Reikningsfjárhæð hækkuð úr kr. 1.900.00 í kr. 4.900.00, eða um .. .. — 3.000.00
15. Reikningi frá Agli Skúla Ingibergssyni, dags. 16/1 1965. Reikningsfjárhæð hækkuð úr kr. 2.100.00 í kr. 4.200.00, eða um .. .. — 2.100.00
16. Eftirgreindum pakkhúskvittunum Eimskipafélags Íslands h.f., öllum frá árinu 1964.

Kvittunar-númer	Upphafleg fjárhæð	Hækkuð fjárhæð	Mismunur
9314	484.00	1.484.00	1.000.00
11438	64.00	164.00	100.00
9733	455.00	1.455.00	1.000.00
1370	880.00	1.880.00	1.000.00
1474	143.00	443.00	300.00
1876	179.00	2.179.00	2.000.00

13336	25.00	125.00	100.00
2318	7.322.00	12.322.00	5.000.00
15253	50.00	550.00	500.00
3931	371.00	1.371.00	1.000.00
3962	94.00	494.00	400.00
4546	3.941.00	8.941.00	5.000.00
5767	88.00	988.00	900.00
6500	1.210.00	4.210.00	3.000.00
6950	5.993.00	8.993.00	3.000.00
7031	228.00	728.00	500.00
7333	974.00	4.874.00	3.900.00
18196	50.00	550.00	500.00
	22.551.00	51.751.00	Kr. 29.200.00

17. Eftirgreindum pakkhúsleigukvittunum Eimskipafélags Íslands h.f., öllum frá 1965.

Kvittunar-fjárhæð	Upphafleg fjárhæð	Hækkuð fjárhæð	Mismunur
19065	30.00	330.00	300.00
19081	30.00	330.00	300.00
9386	2.502.00	3.502.00	1.000.00
9528	366.00	866.00	500.00
10332	59.00	1.559.00	1.500.00
10573	134.00	1.340.00	1.206.00
11463	12.584.00	17.584.00	5.000.00
11614	283.00	1.253.00	970.00
15149	1.077.00	4.077.00	3.000.00
15380	261.00	2.114.00	1.853.00
15618	1.204.00	2.408.00	1.204.00
16258	2.931.00	6.931.00	4.000.00
16885	175.00	1.175.00	1.000.00
16916	38.00	2.038.00	2.000.00
17358	337.00	2.337.00	2.000.00
17596	493.00	1.493.00	1.000.00
17678	177.00	477.00	300.00
17885	101.00	1.010.00	909.00
18051	244.00	2.441.00	2.197.00

18095	412.00	4.120.00	3.708.00
18386	984.00	1.984.00	1.000.00
	24.422.00	59.369.00	kr. 34.947.00

Kr. 109.377.00

V. Að hafa á árinu 1965 dregið sér kr. 20.155.00 úr sjóði Landssmiðjunnar og leynt því á þann veg að færa sem greidd í bókhaldinu flutningsgjöld með skipum Hafskipa h.f. samkvæmt fylgiskjölum, sem greiðslan fór eigi fram gegn, sbr. eftirfarandi sundurliðun:

Dags.	Flutningsgjald m/		Komudagur	
1/3	——	Selá	4/1, auk pakkhúsleigu	kr. 3.982.00
16/3	——	Laxá	12/1	— 288.00
22/3	——	Laxá	10/2	— 524.00
25/3	——	Rangá	24/12, auk leigu . . .	— 240.00
8/4	——	Selá	1/4	— 578.00
8/4	——	Rangá	21/10, auk leigu . . .	— 329.00
16/3	——	Rangá	21/10 '64, auk leigu . .	— 2.285.00
16/7	——	Selá	4/2 '65, auk leigu . .	— 7.706.00
31/8	——	Laxá	21/11 '64	— 1.274.00
31/8	——	Rangá	25/6 '65	— 2.516.00
31/8	——	Langá	13/4 '65	— 207.00
6/9	——	Langá	6/7 '65	— 226.00

Samtals kr. 20.155.00

VI. Að hafa á árunum 1964 og 1965 dregið sér kr. 38.384.23 úr sjóði Landssmiðjunnar og leynt því á þann veg að bókfæra tilbúna reikninga, reikningsafrit, ljósritaða reikninga og afturkallaða og nota þá sem sjóðfylgiskjöl. Tekur þetta til eftirgreindra reikninga:

1. Reiknings frá Hannesi Þorsteinssyni, umboðs- og heildverzlun, útg. 10/6 1965 . . . . . kr. 11.336.00
2. Reiknings frá Páli Kristjánssyni, dags. 28/5 1964 — 6.544.00
3. Reiknings frá afgreiðslu Eimskipafélags Íslands h.f., Seyðisfirði . . . . . — 5.848.23
4. Reiknings frá tollstjóraembættinu í Reykjavík,

dags. 5/8 1965 ..... — 10.681.00
5. Reiknings frá Gúmmísteypu Þorsteins Kristjánssonar, dags. 12/10 1964 ..... — 3.975.00

Kr. 38.384.23

Teljast brot ákærðu, sem hér að framan hafa verið rakin, varða öll við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og einnig við 158. gr. sömu laga, þó að undanteknum þeim brotum, sem greind eru í A 1. Ennfremur varða brotin, sem talin eru í A, II liðum 1, 3, 13—20, 22—24, 26—29, 31—33, 37, 42, 51—53, 55, og brot þau, sem greind eru í A, IV. við 155. gr. almennra hegningarlaga, en öll brotin síðan við 138. gr. sömu laga.

B.

Ákærða Magnúsi er gefið að sök að hafa í heimildarleysi bundið Landssmiðjuna með ábyrgð á þrem víxlum, sem henni voru óviðkomandi og sem hún varð að greiða samkvæmt þessari skuldbindingu. Víxlar þessir eru hver að fjárhæð kr. 1.500.00 og eru allir útg. þann 18. jan. 1965 og samþykktir af Ingibergi Guðmundssyni, Selvogsgötu 16, Hafnarfirði, útgefnir af Guðmundi Guðmundssyni, Njálsgötu 35, Reykjavík, og ábektir af Bjarna Einarssyni, Höfðaborg 77, Reykjavík.

Telst þetta varða við 249. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Ákærði Magnús Helgi Kristjánsson réðst til starfa í skrifstofu Landssmiðjunnar hér í borg sumarið 1950 og starfaði í fyrstu sem aðstoðarmaður aðalgjaldkera, en hinn 24. júní 1952 var hann ráðinn aðalgjaldkeri frá 1. ágúst þess árs að telja. Gegndi hann starfi þessu síðan til hausts 1965, er honum var vikið frá störfum. Jafnframt var vikið frá störfum ákærða Jóhannesi Gíslasyni, en hann hafði þá starfað í skrifstofu smiðjunnar samfleytt frá 1. júní 1965, fyrst sem aðstoðarmaður við gjaldkerastörf, en síðar við bókhald, og aðalbókari smiðjunnar var hann síðari árin.

Ástæðan til brottvikningarinnar var sú, að við endurskoðun á reikningum smiðjunnar töldu starfsmenn ríkisendurskoðunarinnar sig hafa orðið þess vísari, að um margs konar misfellur væri að ræða í bókhaldi stofnunarinnar. Tók ríkisendurskoðunin bók-

haldið til sérstakrar endurskoðunar af þessu tilefni, og fór hún fram veturinn 1965–1966. Lauk ríkisendurskoðunin heildarskýrslu sinni um rannsóknina hinn 27. apríl 1966. Hinn 5. maí hófst dómsrannsókn, er stóð síðan fram eftir árinu. Var rannsóknin afgreidd til saksóknara hinn 6. desember 1966. Var mál þetta síðan höfðað hinn 6. desember f. á., svo sem áður segir.

Í skýrslu sinni telur ríkisendurskoðunin, að fram hafi komið, að fé hafi verið dregið úr sjóði smiðjunnar og bókhald verið rangfært með ýmsu móti í því sambandi. Endurgreiðslur fjármálaráðuneytis og tollstjóra á aðflutningsgjöldum hafa ekki komið að öllu leyti til skila á sjóð. Mikið hafi kveðið að því, að sjóðsfylgiskjöl, sem búið hafi verið að færa, hafi verið tekin út úr bókhaldsgögnum og þau notuð að nýju sem sjóðsfylgiskjöl, og þá stundum breytt á þeim dagsetningum og ártölum. Nokkur dæmi hafa fundizt um, að rangfærð hafi verið samlagning á fylgiskjalahópum. Í mörgum tilvikum hafi verið falsaðar til hækkunar fjárhæðir á fylgiskjölum og skjölin verið bókuð þannig breytt. Í nokkrum tilvikum hafi gögn frá Hafskipum h/f verið notuð sem sjóðsfylgiskjöl, án þess að nein greiðsla hefði farið fram til Hafskipa samkvæmt þeim skjölum. Loks eru talin nokkur tilvik þess, að tilbúnir eða afturkallaðir reikningar eða reikningsafrit hafi verið notuð sem sjóðsfylgiskjöl.

Einn þáttur í skýrslu ríkisendurskoðunarinnar laut að því, að athugun á staðgreiðslunótum og innfærslu þeirra hefði leitt í ljós, að ýmsar af þessum sölnótum hefðu ekki fundizt innfærðar í innborgunarbók smiðjunnar. Rannsóknin beindist einnig að þessum þætti, en ákæra tekur ekki til þeirra atriða, og er því ekki þörf að lýsa henni nánar hér.

Í niðurlagi skýrslu ríkisendurskoðunarinnar er frá því greint, að ákærði Magnús Helgi hafi í heimildarleysi framselt f. h. Landssmiðjunnar þrjá 1.500 króna víxla, er smiðjunni voru óviðkomandi, og hafi víxlar þessir, sem komizt hafi í vanskil, verið færðir Landssmiðjunni til skuldar.

Í fyrstu skýrslu ríkisendurskoðunar til atvinnumálaráðuneytisins varðandi umrædda rannsókn, dagsettri 15. október 1965, segir, að komið hafi í ljós, að ákærði Magnús Helgi Kristjánsson hafi tekið út í reikning Landssmiðjunnar ýmsar vörur, sem hann hafi notað í eigin þarfir og verið hafi færðar á vörureikning smiðjunnar, en eigi færð ákærða til skuldar. Hafi andvirði þessara vara samtals numið kr. 127.243.62 að sögn ákærða sjálfs og hafi hann endurgreitt smiðjunni þessa fjárhæð 23. september 1965.

Síðar virðist hafa komið í ljós, að vöruúttekt ákærða með þessu móti hafi numið hærri fjárhæð, en forstjóri Landssmiðjunnar samdi um endurgreiðslu við ákærða. Af hálfu ákæruvalds var þess ekki krafizt, að rannsókn yrði beint að þessum atriðum, enda hafði atvinnumálaráðuneytið tilkynnt saksóknara með bréfi 2. maí 1966, að það teldi ekki ástæðu til, að það yrði gert. Tekur mál þetta ekki til þessara atriða, og er því ekki þörf á að gera nánari grein fyrir þeim hér.

Ákærðu könnuðust við það strax í upphafi rannsóknar, að sakargiftir á hendur þeim um fjártöku úr sjóði Landssmiðjunnar og ýmsar misfellur í bókhaldi í sambandi við það væru með nokkrum hætti réttar. Hins vegar hafa þeir staðfastlega neitað því, að þeir hafi notað fé það, sem þeir þannig drógu úr sjóði smiðjunnar, að neinu leyti í eigin þarfir. Hafi þeim öllum verið varið í þágu smiðjunnar. Af skýrslum ríkisendurskoðunarinnar sést, að ákærðu hafa einnig skýrt atriði þessi á sama hátt fyrir starfsmönnum endurskoðunarinnar. Telja þeir, að fé hafi verið notað til fyrirgreiðslu ýmiss konar fyrir umboðsmenn viðskiptaaðilja Landssmiðjunnar til þess að greiða fyrir viðskiptum. Að þessum atriðum hefur rannsókn málsins og dómsmeðferð beinzt að verulegu leyti.

Á öllu því tímabili, er hér skiptir máli (1961—1965), gegndi ákærði Magnús Helgi starfi aðalgjaldkera, en ákærði Jóhannes starfi aðalbókara. Hins vegar var náið samstarf milli þeirra. Hefur komið fram, að ekki einungis Magnús Helgi hafði lykil að peningakassa smiðjunnar, heldur einnig ákærði Jóhannes. Var Jóhannes Magnúsi Helga að staðaldri til aðstoðar við gjaldkerastörfin, einkum á útborgunardögum. Þá gegndi hvor þeirra störfum hins í sumarleyfum.

Er þá komið að því að lýsa hinum einstöku liðum ákæru og gögnum þeim, sem fram hafa komið um þá í máli þessu, þar á meðal framburðum hinna ákærðu. Þegar lokið hefur verið við að gera grein fyrir öllum liðum ákærunnar, verður gerð grein fyrir skýringum ákærðu á því, hvernig ráðstafað hafi verið fé því, sem tekið var úr sjóði Landssmiðjunnar með áðurgreindum hætti, og öðrum gögnum um þau efni.

I. *Tollendurgreiðslur.*

Fram hefur komið, að á árunum 1963 til 1965 voru Landssmiðjunni nokkrum sinnum endurgreitt aðflutningsgjöld af vörum. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunarinnar hafði fjármála-

ráðuneytið innt af höndum fimm slíkar endurgreiðslur árið 1963, sjö á árinu 1964 og þrjár á árinu 1965. Var hér um að ræða ýmist endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af endursendum vörum eða endurgreiðslu á mismun 35% og 10% verðtolls af vélum til raflýsingar á sveitabæjum. Í skýrslunni er talið, að af endurgreiðslum á árinu 1963 hafi tvær ekki fundizt færðar í innborgunarbók Landssmiðjunnar og sama máli gegni um þrjár af endurgreiðslum ársins 1964. Við rannsókn kom þó í ljós, að ein þessara endurgreiðslna, kr. 19.610.78, kom fram í bókhaldi smiðjunnar, og tekur ákæra ekki til þess atriðis. Þá var einnig leitt í ljós, að hluti tveggja annarra endurgreiðslna var færður í innborgunarbók, sbr. það, sem sagt er undir 1. og 4. lið hér á eftir.

Tollstjóraembættið endurgreiddi einnig nokkrum sinnum ofreiknuð aðflutningsgjöld. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunarinnar höfðu 5 slíkar greiðslur farið fram 1964 og 4 árið 1965, og af þessum endurgreiðslum fannst aðeins ein færð í innborgunarbók Landssmiðjunnar (1964).

Ákærði Jóhannes hefur skýrt svo frá, að hann kannist ekki við, að hann hafi átt þátt í að draga fé úr sjóði Landssmiðjunnar á þann hátt að láta tollendurgreiðslur ekki koma fram sem innborgun. Hann kveðst ekki geta um það sagt, hvort ákærði Magnús hafi gert það.

Ákærði Magnús hefur kannazt við, að hann hafi ekki látið allar endurgreiðslur, sem hann hafi tekið við, renna í sjóð smiðjunnar. Frá framburði hans verður nú nánar skýrt, er rakin verða einstök atriði þessa kafla ákærunnar.

1. Hinn 21. desember 1963 gaf fjármálaráðuneytið út ríkissjóðsávísun til Landssmiðjunnar fyrir endurgreiðslu á mismun á 35% og 10% verðtolli af vélum til raflýsingar á 8 sveitabæjum, að fjárhæð kr. 32.821.00. Ákærði Magnús Helgi hefur kvittað fyrir móttöku fjárins sama dag. Ríkisendurskoðunin taldi í skýrslu sinni, að fé þetta hefði ekki komið til skila í sjóð smiðjunnar.

Ákærði Magnús Helgi kannaðist í upphafi við, að fé þessu hefði ekki verið skilað í sjóð smiðjunnar. Féð hefði ekki runnið til hans sjálfs, en ekki vildi hann gera grein fyrir því, hvað af því hefði orðið.

Frekari rannsókn á bókhaldi smiðjunnar fór fram, m. a. um þetta atriði. Kom nú í ljós, að a. m. k. hluta þessarar fjárhæðar hafði verið skilað í sjóðinn. Samkvæmt bréfi Raforkumálaskrifstofunnar til fjármálaráðuneytisins, dagsettu 18. desember 1963, var sótt um endurgreiðslu vegna alls 9 aðilja, og var endurgreiðsla

samþykkt fyrir 8 þeirra. Í sjóðbók Landssmiðjunnar fundust 23. desember 1963 innfærðar innborganir frá fjórum þessara aðilja, eða sem hér greinir:

Sigurður Stefánsson	kr. 3.403.50
Verzlunarfél. Austurlands v/Hjalta Jónssonar	— 3.500.00
Kaupfélag Stykkishólms v/Illuga Hallssonar	— 3.622.22
Ólafur Þórðarson	— 3.703.50

Samtals numu þessar fjórar greiðslur kr. 14.229.22. Ríkisendurskoðunin kveðst ekki hafa fundið færðar endurgreiðslur frá öðrum þeim aðiljum, sem taldir eru í bréfi Raforkumálaskrifstofunnar. Sá hluti fjárhæðarinnar, sem ekki hefur fundizt, að komið hafi í sjóð smiðjunnar, nemur kr. 18.591.78, og er það sú fjárhæð, sem ákærðu eru saksóttir fyrir að hafa dregið sér.

Auk þeirra fjögurra aðilja, sem áður voru taldir, er fram komið, að endurgreiðsla var samþykkt vegna Páls Jakobssonar, Hamri, Einars Haraldssonar, Haukabergi, Hjartar Erlendssonar, Rauðsdal, og Kjartans Jóhannessonar, Glaumbæ. Leitazt var við að upplýsa, hversu mikil endurgreiðsla hefði verið samþykkt vegna hvers hinna 8 aðilja um sig. Reyndist ekki fært að fá um það ljós gögn. Ríkisendurskoðunin kannaði þetta atriði að ósk dómsins, og segir svo um það í bréfi endurskoðunarinnar, dagsettu 4. nóvember 1966:

„Um það atriði í bréfi yðar, dags. 2. þ. m., hve mikla endurgreiðslu hver aðili ætti að fá, liggja ekki fyrir upplýsingar á einum stað í Landssmiðjunni. Til þess þyrfti að finna fram þá tollreikninga, er örugglega eiga við hvern og einn. Þar sem að greiðslur fara fram á mismunandi tímum hvers árs, má gera ráð fyrir, að um marga tollreikninga sé um að ræða. Ennfremur að Landssmiðjan kann að hafa selt fleiri aflstöðvar en um getur í sambandi við þessar tvær ríkissjóðs endurgreiðslur".

Í málinu hafa verið lögð fram ljósrit af viðskiptareikningum þeirra 8 rafstöðvakaupenda, sem hér eiga hlut að máli. Samkvæmt þeim hafa fjórir af kaupendunum, Páll, Einar, Hjörtur og Kjartan, verið búnir að fullgreiða stöðvar sínar, þegar endurgreiðslu var leitað, en hins vegar ekki hinir fjórir (Sigurður, Illugi, Hjalti, Ólafur). Fjárhæðir þær, sem færðar eru sem endurgreiðslur frá þeim Sigurði, Hjalta og Ólafi 23. desember 1963, svara til skuldar þeirra á reikningnum, þ. e. reikningarnir eru

sléttir, eftir að umræddar fjárhæðir eru færðar þeim til tekna. Á reikningi Illuga er hins vegar ennþá skuld.

Kjartan Jóhannesson hefur verið búinn að greiða kr. 3.869.00 umfram verð rafstöðvarinnar, en þessi fjárhæð hefur verið endurgreidd honum 12. desember 1963.

Ákærði Jóhannes kveðst ekkert vita um þetta atriði. Hann kannast ekki við það, að hann hafi átt þátt í að draga fé úr sjóði smiðjunnar með því að láta tollendurgreiðslur ekki koma fram sem innborgun.

2. Hinn 2. apríl 1964 gaf fjármálaráðuneytið út ríkissjóðsávísun til Landssmiðjunnar fyrir endurgreiðslu aðflutningsgjalda af endursendum vörum að fjárhæð kr. 12.099.08, og hefur ákærði Magnús Helgi kvittað fyrir viðtöku fjárins sama dag. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunarinnar var greiðsla þessi ekki færð í innborgunarbók smiðjunnar. Ákærði Magnús Helgi kannast við, að hann hafi tekið við fénu og að það hafi ekki verið látið renna í sjóð, en ekki hafi hann notað það í eigin þarfir. Svo sem áður segir, verður síðar í einu lagi gerð grein fyrir framburðum ákærðu um ráðstöfun fjár þess, sem þannig var dregið undan.

3. Hinn 6. apríl 1964 gaf fjármálaráðuneytið út ríkissjóðsávísun til Landssmiðjunnar fyrir endurgreiddum aðflutningsgjöldum af endursendum vörum að fjárhæð kr. 28.847.28, er sundurliðast þannig: tollur kr. 25.589.76, söluskattur kr. 3.257.52. Ákærði Magnús Helgi hefur kvittað fyrir móttöku fjárins 9. apríl. Talið er, að fé þetta hafi ekki runnið í sjóð smiðjunnar, enda hefur ákærði Magnús Helgi viðurkennt það, en áður var frá því greint, að ákærði Jóhannes telur sig ekkert vita um þetta tilvik.

4. Hinn 23. desember 1964 gaf fjármálaráðuneytið út ríkissjóðsávísun til Landssmiðjunnar fyrir endurgreiðslu á tollmismun á hreyflum fyrir rafstöðvar á 10 sveitabæjum að fjárhæð kr. 42.316.00. Í fyrstu skýrslu sinni taldi ríkisendurskoðunin, að fjárhæð þessi hefði ekki komið til skila í sjóð smiðjunnar. Ákærði Magnús Helgi, sem kvittað hafði fyrir viðtöku fjárins 23. desember, benti strax, er atriði þetta var borið undir hann, á það, að fjárhæð þessi hefði sennilega verið færð inn sem greiðsla í mörgu lagi. Ákærði Jóhannes, sem ekki kvaðst kannast við þetta tilvik, benti einnig á, að fjárhæð þessi kynni að hafa verið færð þannig. Að ósk dómsins kannaði ríkisendurskoðunin þetta atriði jafnframt því atriði, er lýst var undir 1. hér að framan, en þar var um sams konar endurgreiðslur að ræða. Kom nú í ljós, að greiðslan 23. desember 1964 (kr. 42.316.00) var vegna 10 kaupenda hreyfla í

rafstöðvar, og fundust skráðar greiðslur frá þeim öllum í innborgunarbók Landssmiðjunnar 23. desember 1964 sem hér segir:

Benedikt og Óli Stefánssynir, Merki	kr. 3.500.00
Eyþór Guðmundsson, Hnefilsdal	— 3.504.00
Eiríkur Magnússon, Hólmatungu	— 3.441.00
Elías Hrafnkelsson, Hallgeirstungu	— 3.403.50
Jónas Ó. Guðmundsson, Geirsstöðum	— 3.403.50
Pétur Gunnarsson, Miðfjarðarnesi	— 3.500.50
Grímur Guðbjartsson, Syðra-Álandi	— 3.441.00
Jón B. Ólafsson, Fífustöðum	— 3.406.50
Tryggvi Eyjólfsson, Lambavatni	— 3.403.50
Jón Vilhjálmsson, Brandaskarði	— 3.403.50

Þessar færslur nema samtals kr. 34.407.00.

Í bréfi ríkisendurskoðunarinnar, dagsettu 4. nóvember 1966, segir svo um þetta atriði:

„Á öllum sölunótum til þessara aðila kemur fram sundurliðun á væntanlegum lánum úr raforkusjóði og endurgreiðslum af tolli. Síðan er kaupanda gert að greiða mismuninn. Stendur þá eftir á viðskiptareikningnum mismunur, er nemur áætlaðri lánsfjárupphæð og endurgreiðslu. Svo ef lánsupphæðin breytist, hefur það áhrif á endurgreiðsluna. Og með henni er viðkomandi reikningur sléttaður".

Mismunur á fjárhæð ríkissjóðsávísunarinnar, kr. 42.316.00, og endurgreiðslunum til hinna 10 viðskiptamanna, kr. 34.407.00, nemur kr. 7.909.00. Þegar leitað var eftir skýringu á því hjá ákærða Magnúsi Helga, hvað orðið hefði af þessu fé, taldi hann, að það mundi hafa verið fært sem greiðsla frá öðrum aðiljum. Ákærða var gefinn kostur á að kanna þetta atriði, og eftir athugun á því skýrði hann svo frá, að tvær innborganir, sem færðar voru 30. desember 1964 í innborgunarbók, væru af fjárhæð þessarar ávísunar. Er hér um að ræða innborgun frá Kaupfélagi Héraðsbúa vegna Ásgríms Geirmundssonar, kr. 2.443.51, og greiðslu frá Gísla Hallgrímssyni, Hallfreðarstöðum, kr. 3.403.50. Samtals eru þetta kr. 5.847.01, og þegar sú tala er dregin frá kr. 7.909.00, kemur út talan 2.061.99. Ákærði Magnús Helgi segir, að sig minni, að hann hafi sent fé þetta beint til einhvers viðskiptamanns, en hefur ekki talið sig geta fært sönnur á það. Í máli þessu eru ákærðu saksóttir fyrir, að þeir hafi dregið sér þessa fjárhæð.

Svo sem áður greinir, kannast Jóhannes ekki við það, að hann hafi átt þátt í að draga fé úr sjóði með þessum hætti.

5—12. Fram hafa komið 8 kvittanir Landssmiðjunnar til tollstjórans í Reykjavík fyrir viðtöku á ofreiknuðum aðflutningsgjöldum:

(5) Kr. 1.676.00, kvittuð 3. september 1964 af Þorsteini Ragnarssyni, pr. Landssmiðjan.
(6) Kr. 1.002.00, kvittuð 29. september 1964 af Jóni Friðjónssyni f. h. Landssmiðjunnar.
(7) Kr. 1.850.00, kvittuð 14. október af G. Kárasyni f. Landssmiðjuna.
(8) Kr. 2.708.00, kvittuð 10. desember 1964. Nafn þess, er undirritað hefur, er ólæsilegt, en kvittunin er stimpluð: „pr. Landssmiðjan".
(9) Kr. 5.722.00, kvittuð 14. maí 1965.
(10) Kr. 2.636.00, kvittuð 30. júní 1965.
(11) Kr. 280.00, kvittuð 30. júní 1965.
(12) Kr. 463.00, kvittuð 30. júní 1965.

Fjórar síðustu kvittanirnar eru undirritaðar: „f. Landssmiðjuna G. Kárason".

Ákærði Magnús Helgi kannast við, að hann hafi tekið við öllum þessum greiðslum. Sendisveinar hjá smiðjunni hafi kvittað fyrir tvær fyrsttöldu kvittanirnar. Ákærði kemur ekki fyrir sig, hver undirritað hafi kvittun þá, sem merkt er nr. 8. Hinar eru kvittaðar af Guðna Kárasyni, bókara í smiðjunni, en hann staðhæfir, að hann hafi afhent allar þessar greiðslur ákærða Magnúsi Helga. Ákærði Magnús Helgi hefur ekki mótmælt því, að fé þetta hafi ekki runnið í sjóð Landssmiðjunnar. Svo sem fyrr segir, kveðst Jóhannes ekkert geta sagt um þetta atriði.

II. *Tvínotkun sjóðsfylgiskjala.*

Sá háttur var mjög tíðkaður í bókhaldi Landssmiðjunnar, að sjóðsfylgiskjöl voru tekin saman í hópa, og voru skjölin síðan lögð saman, samlagningarstrimillinn og skjölin heft saman, og þau síðan merkt og bókfærð sem eitt skjal.

Ríkisendurskoðunin varð þess vör í könnun sinni á bókhaldinu, að nokkuð bar á því, að rofin hafði verið samhefting fylgiskjala og reikningar verið teknir úr fylgiskjalahópum. Fjárhæð reiknings þess eða reikninga, sem teknir höfðu verið, mátti sjá af samlagningarstrimli, ef hann var fyrir hendi, í öðrum tilvikum var hægt að bera saman fjárhæð, sem færð var í innborgunarbók

og samanlagða fjárhæð þeirra skjala, sem eftir voru í fylgiskjalagrúppunni, og finna þannig fjárhæð þess reiknings eða þeirra reikninga, sem teknir höfðu verið.

Ríkisendurskoðunin telur, að í ljós hafi komið, að flest þessara fylgiskjala, sem tekin höfðu verið úr samheftingu, hafi verið endurnotuð sem sjóðsfylgiskjöl, ýmist óbreytt eða þá, að breytt var dagsetningu og/eða ártali. Gerði ríkisendurskoðunin könnun um þetta efni, og nær hún yfir árabilið 1960—1965. Í skýrslu ríkisendurskoðunarinnar segir, að í bókhaldi fyrri áranna hafi aðeins verið teknar til athugunar grunsamlegar eða sundurlausar fylgiskjalagrúppur, en rækilegri athugun verið gerð um tvö síðustu árin.

Í skýrslu sinni gerir ríkisendurskoðunin grein fyrir því, að í 53 tilvikum hafi tekizt að fá staðfestingu útgefanda skjals á notkun þess og útgáfutíma. Að atriðum þessum lúta liðir 1—53 í þessum kafla ákærunnar. Þá telur ríkisendurskoðunin 5 tilvik, þar sem slík staðfesting útgefanda hafi ekki fengizt, en telja megi, að um endurnotkun skjals hafi verið að ræða. Ákæruliðir 53—58 varða þessi atriði. Loks er að geta þess, að í skýrslu ríkisendurskoðunarinnar er frá því greint, að komið hafi í ljós, að meira af reikningum hafi verið numið á brott úr fylgiskjalahópum á árinu 1961—1965, án þess að tekizt hafi að finna, að þeir hafi verið endurnotaðir. Er hér um alls 20 tilvik að ræða og samanlögð fjárhæð kr. 62.310.45. Rannsóknninni var einnig beint að þessum þætti, en hann hefur ekki leitt til saksóknar.

Ákærði Magnús Helgi hefur kannazt við, að hann hafi ásamt ákærða Jóhannesi staðið að því að draga fé úr sjóði Landssmiðjunnar með því að endurnota gömul sjóðsfylgiskjöl. Ákærði Jóhannes kannast einnig við þetta, og hefur hann skýrt svo frá, að þeir Magnús Helgi hafi staðið saman að öllum þessum aðgerðum og hafi vart komið til mála, að annar tæki ákvörðun í þessa átt án vitundar hins.

Verða nú rakin einstök atriði þessa þáttar málsins.

1. Hinn 14. marz 1962 hefur verið færður meðal fylgiskjala nr. V-138 í bókhaldi Landssmiðjunnar reikningur frá Einangrun h/f að fjárhæð kr. 1.920.00, dagsettur 11. ágúst 1961. Reikningnum fylgir frumnóta, einnig dagsett 11. ágúst 1961. Við athugun á skjölum þessum má greina, að síðasta talan í ártalinu hefur verið máð út og endurrituð. Samkvæmt vottorði Einangrunar h/f hefur reikningur þessi verið gefinn út 11. ágúst 1960 og fengizt greiddur 20. september s. á. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunarinnar

hefur reikningurinn áður verið greiddur úr sjóði Landssmiðjunnar 23. september 1960 og færður með fskj. V-639.

Ákærði Magnús Helgi kvaðst enga skýringu geta gefið á þessu atriði og ákærði Jóhannes ekki heldur.

2. Meðal sjóðsfylgiskjala V-619, 11. október 1961, var reikningur frá Rafgeymaverksmiðjunni Pólum h/f að fjárhæð kr. 845.00 ásamt meðfylgjandi frumnótu og úttektarbeiðni Landssmiðjunnar, dags. 29. september 1960. Samkvæmt vottorði Póla h/f skilaði innheimtumaður fyrirtækinu greiðslu á reikningi þessum 19. október 1960, og samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunarinnar hafði reikningurinn verið innfærður sem greiddur úr sjóði 12. október 1960, sjóðsfskj. V-695.

Hvorugur ákærðu telur sig muna neitt eftir skjölum þessum, og hafa þeir engar skýringar gefið á þessu atriði.

3. Meðal sjóðsfylgiskjala 7. marz 1962 (V-131) var reikningur frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna að fjárhæð kr. 2.267.07. Dagsetning og ártal er ólæsilegt og virðist hafa verið máð út og krotað ofan í hana. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunarinnar hefur reikningur þessi áður verið greiddur úr sjóði og færður 9. nóvember 1960 sem sjóðsfskj. V-775. Sölumiðstöðin hefur vottað, að reikningur þessi hafi verið greiddur 8. nóvember 1960.

Hvorugur hinna ákærðu hefur gert neina grein fyrir þessu tilviki, og telja þeir sig ekkert muna eftir þessum gögnum.

4. Meðal sjóðsfylgiskjala 289, 17. maí 1961, var reikningur frá Garðari Gíslasyni h/f að fjárhæð kr. 1.450.00 ásamt útteiktarbeiðni Landssmiðjunnar, hvort tveggja dagsett 17. október 1960. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar hefur þessi reikningur áður verið greiddur 23. nóvember 1960 og færður sem fskj. V-801, og er þetta í samræmi við vottorð Garðars Gíslasonar h/f, sem kveður reikninginn greiddan 23. nóvember 1960.

Hvorugur ákærðu hefur talið sig geta gefið neina skýringu á þessu atriði. Hefur Jóhannes sagt, að sér þyki undarlegt, að hægt hafi verið að nota skjal aftur eftir svo skamman tíma, þar sem endurskoðun fyrir 1960 hafi varla verið búin að fara fram 17. maí 1961.

5. Meðal sjóðsfylgiskjala V-773, 6. desember 1961, var reikningur frá Bræðrunum Ormsson h/f, dagsettur 7. nóvember 1961, fjárhæð kr. 670.53, ásamt frumnótu og úttektarbeiðni Landssmiðjunnar. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar hefur reikningur þessi áður verið greiddur úr sjóði Landssmiðjunnar 25. nóvember 1960, samanber fskj. V-806. Samkvæmt upplýsingum

frá Bræðrunum Ormsson h/f hefur reikningur þessi ekki verið færður á viðskiptareikning Landssmiðjunnar, heldur sem staðgreiðsla, og er talið, að hann hafi verið greiddur á tímabilinu frá 7. nóvember 1960 til áramóta, enda sé hann ekki færður sem skuld um áramót. En bók sú, sem staðgreiðslur voru færðar í, er talin hafa tortímzt í eldsvoða 1964.

Ekkert telja ákærðu sig geta sagt um þetta tilvik.

6. Meðal sjóðsfylgiskjala V-211, 12. apríl 1961, var reikningur frá Raftækjaverzlun Íslands h/f að fjárhæð kr. 3.255.30, dagsettur 27. október 1960. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar hefur reikningur þessi áður verið greiddur úr sjóði smiðjunnar og færður 14. desember 1960, fskj. V-859. Yfirlitsreikningur Raftækjaverzlunar Íslands h/f sýnir, að umrædd vöruúttekt hefur verið greidd af Landssmiðjunni í þrennu lagi; 2. nóvember 1960, kr. 1.000.00, 7. desember 1960, kr. 1.000.00, og 14. desember 1960, kr. 1.255.30.

Ákærðu hafa enga grein gert fyrir þessu tilviki.

7. Meðal sjóðsfylgiskjala V-221 hinn 19. apríl 1961 var reikningur frá Bílasmiðjunni h/f, dagsettur 29. ágúst 1960, fjárhæð kr. 2.966.40, ásamt nótu og úttektarbeiðni Landssmiðjunnar. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar hefur reikningur þessi verið greiddur áður úr sjóði Landssmiðjunnar og færður 14. desember 1960, fskj. V-859. Samkvæmt upplýsingum Bílasmiðjunnar hefur reikningur þessi verið greiddur í tvennu lagi, 8. desember 1960, kr. 1.500.00, og 14. desember s. á., kr. 1.466.40.

Ákærði Magnús Helgi hefur skýrt svo frá, að ákæruefni þetta sé sér alveg óviðkomandi. Hann hafi ekki átt þátt í því, að þetta skjal væri tvínotað. Hins vegar hefur hann ekki tjáð sig um það, hvort Jóhannes hafi gert það.

Ákærði Jóhannes segist ekkert muna um þetta tilvik.

8. Meðal sjóðsfylgiskjala V-318, 31. maí 1961, var reikningur frá G. J. Fossberg, vélaverzlun h/f, dagsettur 11. október 1960, fjárhæð kr. 1.198.90, ásamt nótu verzlunarinnar og úttektarbeiðni Landssmiðjunnar. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar hefur reikningur þessi áður verið greiddur úr sjóði Landssmiðjunnar og færður 31. desember 1960, fskj. V-933. Er það staðfest af bréfi G. J. Fossbergs, vélaverzlunar h/f, til ríkisendurskoðunarinnar, að reikningurinn hafi fengizt greiddur þann dag.

Hvorugur ákærðu hefur gefið skýringu á þessu atriði.

9. Meðal sjóðsfylgiskjala V-205, 15. apríl 1961, var reikningur h/f Egils Vilhjálmssonar, dagsettur 31. desember 1960, fjárhæð

kr. 294.50, ásamt frumnótu fyrirtækisins og úttektarbeiðni Landssmiðjunnar. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar hefur reikningur þessi áður verið greiddur úr sjóði smiðjunnar 31. desember 1960 og færður sem fskj. 933. Samkvæmt bréfi Egils Vilhjálmssonar h/f til ríkisendurskoðunarinnar hefur reikningurinn verið greiddur 18. janúar 1961. Ríkisendurskoðunin tekur fram í skýrslu sinni, að um áramót hafi Landssmiðjan haft gamla árið „opið" nokkuð fram í janúar ár hvert.

Ákærðu hafa ekki talið sig geta gefið neina skýringu á þessu atriði.

10. Meðal sjóðsfylgiskjala V-145, 12. marz 1961, var reikningur Bræðranna Ormsson h/f, dagsettur 29. nóvember 1960, fjárhæð kr. 5.436.45, ásamt nótu fyrirtækisins og úttektarbeiðni Landssmiðju. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar hefur reikningur þessi áður verið greiddur og færður 31. desember 1960 með fskj. V-933. Samkvæmt upplýsingum Bræðranna Ormsson h/f var reikningurinn greiddur í tvennu lagi, 14. desember 1960, kr. 2.500.00, 31. desember s. á., kr. 2.936.45.

Ákærðu telja sig enga skýringu kunna á þessu atriði.

11. Meðal sjóðsfylgiskjala V-204, 5. apríl 1961, var reikningur Raftækjaverzlunarinnar h/f frá desember 1960, fjárhæð kr. 1.390.00, ásamt fjórum nótum fyrirtækisins (kr. 785.00, dags. 7. desember, kr. 187.50, dags. 6. desember, kr. 407.50, dags. 2. desember, og kr. 10.00, dags. 2 desember) og fjórum úttektarbeiðnum Landssmiðjunnar með tilsvarandi dagsetningum. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunarinnar hefur reikningur þessi áður verið greiddur úr sjóði Landssmiðjunnar og færður 31. desember 1960, fskj. V-933. Samkvæmt upplýsingum Raftækjaverzlunarinnar h/f hefur reikningur þessi verið greiddur í janúar 1961 (verið falinn innheimtumanni til innheimtu 5. janúar og hann skilað greiðslu 27. janúar). Er hér vísað til þess, sem greint var í 9. lið hér að framan.

Hvorugur ákærðu hefur talið sig geta sagt neitt um ákæruefni þetta.

12. Meðal sjóðsfylgiskjala V-147, 15. marz 1961, var reikningur frá S. Stefánssyni & Co. h/f, dagsettur 12. september 1960, fjárhæð kr. 4.304.00, ásamt 2 nótum fyrirtækisins, dagsettum 2. og 5. september, og 3 úttektarbeiðnum Landssmiðjunnar. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar hefur reikningur þessi áður verið færður sem greiddur úr sjóði Landssmiðjunnar 31. des-

ember 1960, fskj. V-933. En samkvæmt vottorði S. Stefánssonar & Co. h/f hefur reikningurinn verið greiddur þannig: 11. janúar 1961, kr. 1.000.00, 16. janúar 1961, kr. 2.304.00, og 14. desember 1961, kr. 1.000.00. Samkvæmt þessu hefur fullnaðargreiðsla á reikningi þessum ekki farið fram, fyrr en eftir að hann hefur verið notaður öðru sinni sem sjóðsfylgiskjal. Eru ekki önnur gögn fyrir hendi um þetta efni, og ákærðu telja sig enga skýringu geta gefið á því.

13. Meðal sjóðsfylgiskjala V-134, 6. marz 1961, var reikningur Korkiðjunnar h/f að fjárhæð kr. 4.300.00. Reikningurinn ber tvær dagsetningar; 1. febrúar 1965 og 1965 3/1. Auðséð er, að ártalið í síðarnefnda tilvikinu hefur verið strokað út og endurritað. Fyrri ár- og dagsetningin virðist skrifuð með annarri ritvél en annað á reikningnum. Reikningnum fylgir handskrifuð nóta, dagsett 3. janúar 1965, og er augljóst, að síðasta talan í ártalinu hefur verið strokuð út og endurrituð. Korkiðjan hefur látið í té ljósrit af afriti nótunnar, og sést af því, að upphaflegt ártal nótunnar hefur verið 1961. Samkvæmt bréfi Korkiðjunnar til ríkisendurskoðunarinnar hefur reikningurinn verið greiddur á árinu 1961. Í skýrslu ríkisendurskoðunar kemur fram, að reikningurinn hafi upphaflega verið færður sem greiddur 15. marz 1961, fskj. V-148.

Báðir hinir ákærðu hafa kannazt við, að það hafi komið fyrir, að þeir tóku þannig fylgiskjöl, breyttu þeim og færðu þau á ný sem sjóðsfylgiskjöl. Telur Jóhannes vel mega vera, að svo hafi verið í þessu tilfelli. Magnús Helgi kveðst ekki geta um það sagt, hvort svo hafi verið.

14. Meðal sjóðsfylgiskjala V-134, 6. marz 1965, var reikningur frá Reykjafelli h/f, umboðs- og heildverzlun, yfir vöruúttekt samkvæmt 3 meðfylgjandi nótum, dagsettum 4., 8. og 16. ágúst 1964, samtals kr. 2.977.00. Augljóst er, að ártalið á reikningnum hefur verið máð út og endurritað (1964). Sömuleiðis er ljóst, að síðasta talan í ártalinu á hinum 3 nótum, er reikningnum fylgja, hefur verið strokuð út og talan 4 rituð í staðinn. Þá fylgja reikningnum 3 úttektarnótur Landssmiðjunnar, og er ársetning þeirra sömuleiðis 1964, en augljóst, að síðustu tölunni hefur verið breytt. Samkvæmt bréfi Reykjafells h/f til ríkisendurskoðunarinnar hefur reikningurinn verið gefinn út í ágúst 1961 og greiddur 3. janúar 1962. Er nótur þær, sem fylgja reikningnum, og úttektarnóturnar eru athugaðar, má greina, að talan 4 í ártölunum

hefur verið endurrituð fyrir töluna 1. Samkvæmt skýrslu endurskoðunar hefur reikningur þessi verið greiddur áður og færður hinn 30. desember 1961 með fskj. V-827.

Ákærði Jóhannes segir, að vera megi, að þetta sé einn af þeim reikningum, sem hann og Magnús Helgi breyttu og endurnotuðu. Ákærði Magnús Helgi kannast hins vegar ekki við, að svo hafi verið.

15. Meðal sjóðsfylgiskjala V-108, 24. febrúar 1965, var reikningur frá Jens Árnasyni h/f, vélaverkstæði, dagsettur 25. nóvember 1964, fjárhæð kr. 2.471.00, ásamt úttektarbeiðni Landssmiðjunnar, sem einnig er dagsett 25. nóvember 1964. Við athugun má sjá, að síðustu tölunni í ártalinu hefur verið breytt á báðum skjölum. Jens Árnason h/f hefur látið í té ljósrit af afriti nótunnar, og sést af því, að upphafleg ársetning hefur verið 1961, en ekki 1964. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar hefur reikningur þessi upphaflega verið færður sem greiddur úr sjóði 31. desember 1961, fskj. 847.

Ákærði Magnús Helgi kannast við, að hann og Jóhannes hafi breytt ártali á nefndum skjölum og greitt á ný úr sjóði samkvæmt þeim. Hann segir, að féð hafi runnið „til annarra", sem hann geti ekki nafngreint, en það hafi verið notað í þágu stofnunarinnar.

Ákærði Jóhannes segir, að vera megi, að þetta sé eitt þeirra tilfella, er þeir félagar breyttu sjóðsfylgiskjölum og endurnotuðu þau, en man ekki sérstaklega eftir þessu.

16. Meðal sjóðsfylgiskjala V-206, 7. apríl 1965, var reikningur frá Smith & Norland h/f, dagsettur 7. janúar 1965, ásamt nótu, dagsettri 7/2 1965, fjárhæð kr. 3.786.40. Augljóst er, að ár- og dagsetning reikningsins hefur verið máð út og vélrituð að nýju með ritvél með annars konar leturgerð en reikningurinn er að öðru leyti ritaður með. Á nótunni er síðasti stafur ártals einnig máður út og skrifaður á ný. Dagsetning nótunnar virðist hafa verið 7/3, en rituð hefur verið ofan í síðari töluna talan 2. Smith & Norland h/f hefur látið í té samrit af umræddum skjölum, og sýna þau, að upprunaleg dagsetning beggja hefur verið 7. 3. 1962. Samkvæmt bréfi Smiths & Norlands h/f til ríkisendurskoðunar hefur reikningurinn verið greiddur fyrirtækinu 28. marz 1962. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar hefur reikningur þessi fyrst verið færður sem greiddur úr sjóði 28. marz 1962, fskj. V-156.

Ákærði Magnús Helgi kannast við, að þeir Jóhannes hafi breytt

umræddum gögnum og notað þau á ný sem sjóðsfylgiskjöl. Ákærði Jóhannes kveðst ekki muna eftir þessu tilviki, en þó kunni að vera, að hann hafi átt þarna hlut að máli.

17. Meðal sjóðsfylgiskjala V-274, 8. maí 1965, var reikningur frá Hjálmari Þorsteinssyni & Co. h/f, dagsettur 16/1 1965, fjárhæð kr. 5.880.00, ásamt frumnótu, dagsettri sama dag. Síðasti stafur í ártali á reikningnum hefur verið máður út, og hefur komið gat á blaðið við það, en þó sést, að talan 5 er vélrituð ofan í. Nótan er handrituð, og má þar greina, að vísu nokkuð óljóst, að síðasti stafur ártals hefur einnig verið máður út og talan 5 rituð ofan í. Ljósrit af samriti nótunnar, sem Hjálmar Þorsteinsson & Co. hefur látið í té, sýnir, að upprunaleg ársetning nótunnar hefur verið 1962. Í bréfi fyrirtækisins er reikningurinn talinn hafa verið greiddur á árinu 1962. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar hefur reikningur þessi upphaflega verið innfærður sem greiddur 9. maí 1962, fskj. V-249.

Ákærði Magnús Helgi kannast við, að hann og Jóhannes hafi staðið að breytingu á þessum skjölum og tvígreiðslu úr sjóði samkvæmt þeim. Ákærði Jóhannes kveður vera mega, að hann hafi átt þátt í þessu, án þess þó að hann muni beinlínis eftir þessu tilviki.

18. Meðal sjóðsfylgiskjala V-278, 12. maí 1965, var reikningur frá Ofnasmiðjunni h/f, fjárhæð kr. 5.565.00. Ofarlega á reikningnum er dagsetningin 2. marz 1965. Virðist síðasta talan hafa verið máð út og endurrituð, og talan 5 er á þessum stað rituð með annars konar ritvél en reikningurinn að öðru leyti, þó svo, að ártalið 1965 er á öðrum stað á reikningnum og þar útfyllt með sams konar leturgerð. Reikningnum fylgir handskrifuð nóta, dagsett 27/2 1965, og er á henni mjög svo augljóst, að síðasta tala ártals hefur verið máð út og endurrituð. Enn fylgir úttektarbeiðni Landssmiðjunnar, dagsett 23/2 1965, útfyllt með blýanti. Má þar og greina, að síðasta tala árstals hefur verið strokuð út og endurrituð. Samkvæmt bréfi Ofnasmiðjunnar h/f til ríkisendurskoðunarinnar hefur nótan verið gefin út 27. febrúar 1962, og greiðsla hefur farið fram í maílok 1962. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunarinnar hefur reikningur þessi upphaflega verið færður sem greiddur úr sjóði Landssmiðjunnar 30. maí 1962, fskj. 284.

Ákærða Magnús Helga rámar í þennan reikning, en ekki kveðst hann þó muna glöggt eftir honum. Vera megi, að þetta sé eitt þeirra tilvika, þar sem hann og Jóhannes breyttu og endurnotuðu

fylgiskjöl. Ákærði Jóhannes telur þetta einnig mega vera, en ekki man hann fyrir víst eftir tilviki þessu.

19. Meðal sjóðsfylgiskjala V-463, 25. júlí 1963, var reikningur Reykjafells h/f, dags. 20.—21. júní 1963, fjárhæð samtals kr. 11.928.95, ásamt 2 frumnótum fyrirtækisins, dagsettum 20. og 21. júní 1963, og tveimur úttektarbeiðnum, dagsettum sömu daga. Augljóst er, að ársetning reikningsins hefur verið máð út og rituð að nýju (með ritvél). Á báðum nótunum og úttektarbeiðnunum má einnig greina, að síðasta staf ártals hefur verið breytt. Samkvæmt bréfi Reykjafells h/f til ríkisendurskoðunarinnar hefur þessi reikningur verið gefinn út í júní 1962 og greiddur 11. júlí sama ár. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar hefur reikningur þessi upphaflega verið færður sem greiddur úr sjóði Landssmiðjunnar 17. júlí 1962, fskj. 370.

Ákærði Magnús Helgi segir, að þessi reikningur sé sér ráðgáta og muni hann ekkert eftir honum né notkun hans. Ákærði Jóhannes man ekki eftir reikningnum, en telur, að vera kunni, að hann hafi átt þátt í að misnota hann.

20. Meðal sjóðsfylgiskjala V-380, sem fært er greitt 28. júní 1965, er reikningur frá Helga Magnússyni & Co., dagsettur 27. apríl (19)65 (fyrri hluti ártals klipptur úr reikningnum við götun), fjárhæð kr. 5.356.80. Reikningnum fylgir nóta fyrirtækisins svo og úttektarbeiðni Landssmiðjunnar, og bera bæði þessi skjöl sömu dagsetningu og ártal. Af skjölunum má sjá, að ártölum hefur verið breytt, og er sérstaklega augljóst, að ártal á reikningnum og síðasti stafur ártals á úttektarbeiðninni hefur verið máður út og endurritaður. Samkvæmt bréfi Helga Magnússonar & Co. til ríkisendurskoðunarinnar er rétt ártal þessa reiknings 1962, en ekki 1965, og reikningurinn fékkst greiddur í ágúst 1962. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar hefur reikningur þessi upphaflega verið færður sem greiddur úr sjóði 8. ágúst 1962, fskj. V-430.

Ákærði Jóhannes telur sig ekki muna eftir þessum reikningi, en vera kunni, að hann sé einn þeirra, sem endurnotaður var breyttur. Ákærði Magnús telur sig ekki koma þessu tilviki fyrir sig. Hann hefur bent á, að á reikninginn hefur verið skrifað með blýanti: 18/7 kr. 3.000.00, 25/7 kr. 3.000.00, 1/8 kr. 3.000.00, en þetta hefur síðan verið strokað út, en auðséð er þó við athugun, hvað skrifað hefur verið. Bendir ákærði Magnús Helgi á, að þetta sé skrifað með rithendi Jóhannesar og að samanlögð fjárhæð

þessara þriggja færslna sé hærri en fjárhæð reikningsins og geti því átt við fleiri reikninga.

21. Meðal sjóðsfylgiskjala V-582, sem færð eru greidd 31. ágúst 1963, er reikningur frá Verzluninni Geysi h/f, dagsettur 1. maí 1962, fjárhæð kr. 1.132.15, ásamt 2 frumnótum verzlunarinnar, dagsettum 3. og 13. apríl 1962, og úttektarbeiðni Landssmiðjunnar, dagsettri 3. apríl 1962. Verzlunin hefur vottað, að skjali þessu hafi ekki verið breytt og reikningurinn hafi verið greiddur 6. september 1962. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunarinnar hefur reikningurinn upphaflega verið færður sem greiddur úr sjóði 5. september 1962, fskj. V-529, en síðan tekinn út og endurnotaður, sem áður segir.

Ákærði Magnús Helgi kveðst ekkert muna um þetta tilvik. Ákærði Jóhannes segist heldur ekki gera það. Hann hefur tekið fram, að sér finnist sem þeir félagar hafi yfirleitt alltaf þurft að breyta tímasetningu fylgiskjala, þegar þeir tóku þau út til endurnotkunar, en þó geti hann ekki fortekið, að hann hafi einhvern tíma átt þátt í að endurnota skjal, án þess að breyting væri gerð á því.

22. Meðal sjóðsfylgiskjala V-820, sem fært er greitt 6. nóvember 1963, er reikningur RAF, raftækjavinnustofu, dagsettur 31. ágúst 1963, fjárhæð kr. 3.479.85. Reikningnum fylgja 6 vinnulistar, er bera dagsetningar, en ekki ártal. Ljóst er, að talan „3" í ártalinu á reikningnum er endurrituð fyrir aðra tölu, sem máð hefur verið út, en ekki verður greint, hver sú tala hefur verið. Samkvæmt bréfi RAF til ríkisendurskoðunarinnar hefur vinnustofan gefið hinn 31. ágúst 1962 út reikning að fjárhæð kr. 3.479.85 á hendur Landssmiðjunni og fengið hann greiddan á því ári. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunarinnar hefur umræddur reikninngur upphaflega verið færður sem greiddur úr sjóði Landssmiðjunnar 30. september 1962, fskj. V-575.

Ákærði Magnús Helgi kveðst ekki kannast við þennan reikning né tvínotkun á honum. Er þetta tilvik var borið undir hann, kvaðst hann telja, að hann hefði ekki staðið að tvínotkun reikninga fyrr en á árinu 1965.

Ákærði Jóhannes telur hins vegar hugsanlegt, að hann hafi átt hlut að því, að tvígreitt hafi verið úr sjóði samkvæmt reikningnum, en þó segist hann ekki muna eftir þessu tilviki.

23. Meðal sjóðsfylgiskjala V-811, sem fært er greitt 18. nóvember 1964, var reikningur frá Jens Árnasyni h/f, vélaverkstæði,

dagsettur 4. september 1964, fjárhæð kr. 2.310.00, ásamt úttektarbeiðni Landssmiðjunnar, dagsettri sama dag. Greinilegt er, að síðasti stafur í ártalinu á reikningnum hefur verið máður út og endurritaður. Einnig má greina, að síðasti stafur ártalsins á úttektarbeiðninni, en hún er rituð með blýanti, hafi verið strokaður út, og virðist þar áður hafa staðið talan 2. Hefur talan 4 svo verið rituð í staðinn. Jens Árnason h/f hefur látið í té ljósrit af samriti reikningsins, og sýnir það, að rétt ársetning reikningsins hefur verið 1962. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunarinnar hefur reikningurinn upphaflega verið færður sem greiddur úr sjóði Landssmiðjunnar 24. október 1962, fskj. V-614.

Ákærði Magnús Helgi kveðst engu koma fyrir sig um þetta tilvik, en ákærði Jóhannes telur, að þetta kunni að vera eitt þeirra tilvika, er þeir Magnús endurnotuðu fylgiskjal, án þess þó að hann muni sérstaklega eftir því.

24. Með sjóðsfylgiskjölum V-811, 18. nóvember 1964, var reikningur h/f Bílasmiðjunnar, dagsettur 17. október 1964, fjárhæð kr. 3.460.00, ásamt nótu, dagsettri 12. október 1964, og úttektarbeiðni Landssmiðjunnar, dagsettri 12. október, ártal vantar. Reikningurinn, sem er vélritaður á eyðublað, ber ártal á tveimur stöðum, og er greinilegt, að 2 síðustu stafir í ártölunum hafa verið máðir út og tölurnar endurritaðar. Leturgerð er eigi hin sama og á ritvél þeirri, sem reikningurinn hefur upphaflega skrifaður með. Er þetta mjög greinilegt af stafnum 4. Nótan er rituð með kúlupenna. Augljóst er, að síðasta talan í ártalinu hefur verið máð út og endurrituð.

Samkvæmt bréfi Bílasmiðjunnar h/f til ríkisendurskoðunar hefur Landssmiðjan greitt umræddan reikning þannig: 18. janúar 1961 kr. 2.000.00, 25. janúar s. á. kr. 1.000.00 og 8. febrúar s. á. kr. 460.00.

Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar hefur þessi reikningur verið bókfærður sem greiddur 21. nóvember 1962, fskj. V-687, en síðan verið bókaðar aftur 18. nóvember 1964, svo sem áður var sagt.

Ákærðu hafa hvorugir kannazt neitt við þetta tilvik né getað gefið skýringu á því. Jóhannes segir þó, að vera megi, að hann hafi þarna átt hlut að máli.

25. Meðal sjóðsfylgiskjala V- 290, 8. maí 1963, var reikningur frá Vatnsvirkjanum h/f, dagsettur 31. október 1962, fjárhæð kr. 4.521.50, ásamt 4 nótum, dagsettum 12., 16., 18. og 25. október 1962, og 3 úttektarbeiðnum Landssmiðjunnar, dagsettum 12., 18.

og 25. október 1962. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar hefur reikningur þessi upphaflega verið færður sem greiddur úr sjóði smiðjunnar 21. nóvember 1962, fskj. V-687. Í bréfi til ríkisendurskoðunar, dagsettu 18. marz 1966, skýrir Vatnsvirkinn h/f frá því, að reikningurinn hafi verið greiddur fyrir árslok 1962.

Ákærði Magnús hefur vakið athygli á því, að á reikninginn hefur verið ritað með blýanti: „14/11 Pro: Peningar 2000.00 kr.". Hefur áritun þessi verið strokuð út aftur, en verður þó greind á reikningnum. Ákærði Magnús Helgi segir, að hans rithönd hafi verið á áritun þessari. Að öðru leyti kveðst hann ekkert geta sagt um þetta atriði, og ákærði Jóhannes kveðst heldur ekki geta það.

26. Meðal sjóðsfylgiskjala, sem færð voru 31. janúar 1965, var reikningur frá Ryðhreinsun & Málmhúðun s/f, dagsettur 26. október 1964, fjárhæð kr. 3.655.00, ásamt úttektarbeiðni Landssmiðjunnar, dagsettri 18. október 1964. Á ártali á reikningnum, sem ritaður er með kúlupenna, er ljóst, að síðasta talan hefur verið máð út og endurrituð. Hið sama má einnig greina á úttektarbeiðninni, sem rituð er með blýanti. Samkvæmt bréfi Saxa h/f (Ryðhreinsunar & Málmhúðunar s/f) til ríkisendurskoðunarinnar hefur reikningurinn upphaflega verið gefinn út 1962 og greiddur ásamt fleiri reikningum í tvennu lagi 14. og 26. nóvember það ár. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar hefur þessi reikningur upphaflega verið færður sem greiddur úr sjóði 26. nóvember 1962, fskj. V-706.

Ákærði Magnús Helgi kveðst ekkert muna um þennan reikning. Jóhannes kveðst heldur ekki muna sérstaklega eftir honum, en segir, að vel megi vera, að hann hafi átt hlut að misnotkun á honum.

27. Meðal sjóðsfylgiskjala V-849, sem færð eru greidd úr sjóði 2. desember 1964, var reikningur frá Jens Árnasyni h/f, vélaverkstæði, dagsettur 28. ágúst 1964, fjárhæð kr. 3.542.00, ásamt úttektarbeiðni Landssmiðju, dagsettri sama dag. Lítur út fyrir, að síðustu tölu í ártalinu á reikningnum hafi verið breytt, og á úttektarnótunni er ljóst, að lokastafur ártalsins hefur verið strokaður út og endurritaður. Af ljósriti úr reikningabók Jens Árnasonar h/f, er sýnir samrit reikningsins, kemur fram, að reikningurinn hefur verið gefinn út árið 1962, en ekki 1964. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar hefur reikningur þessi upphaflega verið færður greiddur úr sjóði smiðjunnar 5. desember 1962, fskj. V-743.

Ákærði Jóhannes hefur skýrt svo frá, að vera kunni, að hann

hafi átt hlut að misnotkun þessa reiknings, en ekki muni hann þó sérstaklega eftir honum. Ákærði Magnús Helgi kveðst ekki muna neitt eftir þessu atriði.

28. Meðal sjóðsfylgiskjala V-134, sem færð eru 6. marz 1965, var reikningur frá Birni Arnórssyni, umboðs- og heildverzlun, dagsettur 5. desember 1964, fjárhæð kr. 1.243.94. Augljóst er, að ártalið á reikningnum hefur verið máð út og endurritað með ritvél með annars konar leturgerð en reikningurinn er að öðru leyti skrifaður með. Greina má, að síðasti stafur í ártalinu hefur áður verið talan 2. Fyrirtækið hefur vottað, að reikningur þessi hafi verið gefinn út árið 1962, en ekki 1964, og verið greiddur í byrjun janúar 1963. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar hefur reikningur þessi upphaflega verið færður greiddur 31. desember 1962, fskj. 783, en síðan greiddur að nýju, svo sem áður var frá greint.

Ákærði Magnús Helgi kannast ekki við, að hann hafi átt þátt í að breyta reikningi þessum né tvínota hann, en Jóhannes telur, að vera megi, að hann hafi átt þarna hlut að máli, þótt ekki muni hann sérstaklega eftir þessu atriði.

29. Meðal sjóðsfylgiskjala V-45, sem færð eru greidd 31. janúar 1965, var reikningur frá Birni Arnórssyni, umboðs- og heildverzlun, dagsettur 6. desember 1964, að fjárhæð kr. 2.964.38. Um reikning þennan er hið sama að segja og þann, sem frá er greint í næsta lið hér að framan, að ártalið hefur verið máð út og endurritað, og er leturgerð önnur en á reikningnum að öðru leyti. Hefur fyrirtækið vottað, að reikningurinn hafi verið gefinn út 1962 og greiddur í janúarbyrjun 1963. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar hefur reikningur þessi upphaflega verið færður sem greiddur með reikningi þeim, sem frá er greint í 28. lið, 31. desember 1962 (fskj. V-783).

Framburður ákærðu um þennan ákærulið er á sömu lund og um reikninginn í næsta lið hér að framan.

30. Meðal sjóðsfylgiskjala V-72, sem færð eru sem greidd 19. febrúar 1963, var reikningur frá Vatnsvirkjanum h/f, byggingavöruverzlun, dagsettur 30. nóvember 1962, fjárhæð kr. 5.867.25, ásamt 3 frumnótum verzlunarinnar og 3 úttektarbeiðnum Landssmiðjunnar. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar hafði reikningur þessi áður verið greiddur og notaður sem sjóðsfylgiskjal 31. desember 1962, fskj. V-800, enda hefur Vatnsvirkinn h/f staðfest með bréfi til ríkisendurskoðunar, að reikningurinn hafi verið greiddur fyrir árslok 1962.

Hvorugur ákærðu telur sig muna neitt eftir tilfelli þessu, og ákærði Jóhannes hefur dregið í efa, að hinn 19. febrúar 1963 hafi verið búið að loka bókhaldi Landssmiðjunnar fyrir árið 1962.

31. Meðal sjóðsfylgiskjala V-380, sem færð eru greidd úr sjóði Landssmiðjunnar 28. júní 1965, er reikningur frá A. Jóhannssyni & Smith h/f, dagsettur 2. júní 1965, fjárhæð kr. 6.765.85, ásamt 2 nótum fyrirtækisins, er bera dagsetningar 25. 6. 1965 og 27. 5. 1965, svo og úttektarbeiðni Landssmiðjunnar, dagsett 27. 5. 1965. Dagsetning á reikningnum er augljóslega rituð, eftir að máð hefur verið út fyrri dagsetning, og hefur það verið gert þannig, að gat hefur komið eftir á pappírinn. Verður fyrri dagsetning ekki greind. Dagsetningin er gerð með ritvél af annarri leturgerð en annað það, sem á reikningnum stendur. Á nótu þeirri, er ber dagsetninguna 25. 6. 1965, er ljóst, að síðasti stafur í ártali er máður út og talan 5 rituð ofan í með kúlupenna. Á hinni nótunni (dags. 27. 5. 1965) hefur bæði mánaðartalan og síðasti stafur ártals verið máð út og endurritað, og er það einnig gert með kúlupenna. Sams konar breyting sýnist hafa verið gerð á úttektarbeiðni, sem rituð er með blýanti. Þar hefur bæði mánaðartalan (5.) og síðasti stafur ártals verið rituð, eftir að máð hefur verið út, og sést ekki, hvað áður hefur staðið. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar hefur reikningur þessi áður verið færður sem greiddur úr sjóði Landssmiðjunnar hinn 25. júlí 1962 (fskj. V-403), og er það í samræmi við upplýsingar, sem A. Jóhannsson & Smith lét ríkisendurskoðuninni í té, en samkvæmt þeim hefur reikningurinn verið gefinn út í júní 1962 og verið greiddur á því sama ári.

Ákærði Magnús Helgi kveðst telja, að þetta sé einn af þeim reikningum, sem þeir Jóhannes breyttu og notuðu á ný sem sjóðsfylgiskjal. Telur hann, að hann hafi sjálfur gert breytinguna á heildarreikningnum. Enn fremur sýnist honum hann hafa ritað töluna 5 í ártalinu á annari nótunni.

Ákærði Jóhannes kveðst ekkert muna sérstaklega um þetta tilvik.

32. Með sjóðsfylgiskjölum V-485, sem færð eru greidd 4. ágúst 1965, var reikningur frá Ísleifi Jónssyni, byggingavöruverzlun, dagsettur 27. júní 1965, fjárhæð kr. 4.588.40, ásamt nótu, dagsettri 8/3 1965, og úttektarbeiðni Landssmiðju, dagsettri sama dag. Er augljóst, að dagsetning á reikningnum hefur verið máð út og endurrituð. Í dálk lengst til vinstri á reikningnum stendur einnig tímasetningin; 1965 27. júní, og virðist þar ekkert hafa

verið áður. En báðar dagsetningar virðast ritaðar með sömu ritvél, er hafði aðra leturgerð en vél sú, sem annað á reikningnum er skrifað með. Síðasti stafur í ártali hefur einnig verið máður út bæði á nótunni og úttektarbeiðninni og endurritaður. Ekki er hægt að greina, hvaða ártal hafi áður verið á skjölum þessum.

Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar hefur reikningur þessi áður verið notaður sem sjóðsfylgiskjal 22. ágúst 1962, fskj. V-454, og er það í samræmi við upplýsingar Ísleifs Jónssonar, er kveður reikninginn hafa verið gefinn út 1962 og greiddan á því ári. Hafi innheimtumaður skilað 2.000 kr. hinn 26. júní, en kr. 2.588.40 hinn 28. ágúst.

Ákærði Magnús Helgi kannast við, að hann og Jóhannes hafi breytt skjölunum og endurnotað þau. Kveðst hann sjálfur hafa vélritað dag- og ársetningarnar á reikninginn, en aftur á móti sjái hann ekki, að breytingarnar á nótunni og úttektarbeiðninni séu gerðar með hans rithendi;

Ákærði Jóhannes kveðst ekkert muna eftir þessu tilfelli, en ekkert sé því til fyrirstöðu, að hann hafi átt þarna hlut að máli.

33. Meðal sjóðsfylgiskjala V-942, sem færð eru greidd 11. ágúst 1965, var reikningur frá Korkiðjunni h/f, dagsettur 15. júlí 1965, fjárhæð kr. 4.268.30, ásamt úttektarbeiðni Landssmiðjunnar, dagsettri 2. júlí 1965, og tveimur nótum Korkiðjunnar, dagsettum 2/7 og 18/7 1965. Á reikningnum eru dagsetningar bæði efst til hægri og í dálki lengst til vinstri. Er ljóst, að ártalið í dálknum (65) er ritað í stað annars, sem máð hefur verið út. Ártalið er vélritað, og er leturgerð sýnilega önnur en meginmál reikningsins að öðru leyti. En aftur á móti virðist hún hin sama og er á dagsetningunni efst til hægri, en þar er ekki að sjá, að neitt hafi verið áður.

Greinilegt er, að síðasti stafur í ártölum á nótunum og úttektarbeiðninni hefur einnig verið máður út og endurritaður.

Korkiðjan hefur látið í té ljósrit af samriti nótnanna, og sýna þau, að upphaflegt ártal á nótunum hefur verið 1962. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunarinnar hefur reikningur þessi upphaflega verið notaður sem fylgiskjal 22. ágúst 1962, fskj. 454, en síðan endurnotaður sem áður segir.

Ákærði Magnús Helgi kannast við, að þetta sé einn af reikningum þeim, sem Jóhannes hafi breytt og notað að nýju. Ekki kveðst hann sjá, hvor gert hafi breytingarnar, nema hvað honum virðist hann sjálfur hafa vélritað ártalið á reikninginn.

Ákærði Jóhannes man ekki sérstaklega eftir þessu, en telur vera mega, að hann hafi komið þarna við sögu.

34. Meðal sjóðsfylgiskjala V-206, sem færð eru greidd 7. apríl 1965, var reikningur frá Sighvati Einarssyni & Co., byggingavöruverzlun, dagsettur 30. marz 1965, fjárhæð kr. 4.499.00, ásamt nótu, dagsettri 26. marz 1965 og 3. marz 1965, svo og úttektarbeiðnum Landssmiðjunnar með samsvarandi dagsetningum. Sjá má á reikningnum, að dag- og ársetning hefur verið máð út og endurrituð með annars konar ritvél en reikningurinn er annars ritaður með. Samkvæmt upplýsingum Sighvats Einarssonar & Co. voru frumnóturnar dagsettar 3. og 26. september 1962. Við athugun á nótunum virðist líklegt, að mánaðartala og síðasti stafur í ártali hafi verið máð út og skrifuð að nýju. Nóturnar eru ritaðar með blýanti. Greinilegra er, að þess konar breytingar hafa einnig verið gerðar á úttektarbeiðnunum. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunarinnar hefur reikningur þessi áður verið notaður sem sjóðsfylgiskjal 27. marz 1963, V-182.

Hvorugur ákærðu telur sig koma þessum reikningi fyrir sig, en Jóhannes aftekur ekki, að hann kunni að hafa átt þarna hlut að máli.

35. Meðal sjóðsfylgiskjala V-26, 22. janúar 1964, er fragtreikningur H/f Eimskipafélags Íslands, dagsettur 7. maí 1963, komudagur skips talinn 17. maí 1963, fjárhæð samtals kr. 2.797.00. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar hefur reikningur þessi upphaflega verið færður sem greiddur úr sjóði Landssmiðjunnar 21. ágúst 1963 (fskj. 534), enda hefur Eimskipafélagið vottað, að reikningur þessi hafi verið greiddur félaginu þann dag.

Hvorugur ákærðu kannast við það, að þeir hafi tvínotað þetta skjal.

36. Meðal sjóðsfylgiskjala V-960, dagsettra 31. desember 1963, er fragtreikningur H/f Eimskipafélags Íslands, komudagur skips talinn 8. ágúst 1963, fjárhæð kr. 3.399.00. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar hefur reikningur þessi upphaflega verið færður sem sjóðsfylgiskjal 21. ágúst 1963, fskj. V-534, enda hefur Eimskipafélag Íslands vottað, að greiðsla hafi farið fram 20. ágúst 1963.

Hvorugur ákærðu kannast við tvínotkun á þessu skjali.

37. Með sjóðsfylgiskjölum V-559, sem færð eru greidd úr sjóði Landssmiðjunnar 8. september 1965, var reikningur Olíufélagsins h/f, dagsettur 20. apríl 1965, fjárhæð kr. 9.490.00, ásamt frum-

nótu, dagsettri sama dag, og úttektarbeiðni Landssmiðju, dagsettri 18. apríl 1965. Er augljóst, að á öllum þrem skjölum hefur síðasti stafur í ártali verið máður út og talan 5 verið rituð í staðinn. Olíufélagið h/f hefur látið í té ljósrit af samriti reikningsins, og ber það með sér, að reikningurinn hefur verið gefinn út á árinu 1963. Kveður félagið reikninginn hafa verið greiddan á þessa leið: 19. júní 1963 kr. 3.000.00, 24. júlí s. á. kr. 3.000.00 og 17. september s. á. kr. 3.490.00. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunarinnar hefur reikningur þessi fyrst verið færður sem greiddur úr sjóði 11. september 1963, fskj. V-614.

Ákærðu segja báðir, að vera megi, að þetta sé eitt þeirra tilvika, er þeir breyttu fylgiskjali og notuðu það á ný, en hvorugur þeirra man sérstaklega eftir þessum reikningi.

38. Meðal sjóðsfylgiskjala V-8, 15. janúar 1964, var reikningur frá J. B. Péturssyni, frá ágúst 1963, fjárhæð kr. 1.650.20, ásamt frumnótu, dagsettri 30. 7. (?) 1963. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar hafði reikningur þessi áður verið færður greiddur 18. september 1963, fskj. 641. J. B. Pétursson hefur vottað, að reikningurinn hafi verið greiddur innheimtumanni fyrirtækisins 18. september 1963.

Hvorugur ákærðu hefur kannazt við misnotkun þessa reiknings.

39—40. Meðal sjóðsfylgiskjala V-77, 11. febrúar 1964, voru tveir fragtreikningar H/f Eimskipafélags Íslands. Annar reikningurinn er að fjárhæð kr. 5.386.00 og komudagur skips talinn 9. maí 1963, hinn kr. 3.798.00, komudagur skips 23. ágúst 1963. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar höfðu reikningar þessir áður verið færðir sem greiddir 15. október 1963, fskj. 740. Endurskoðunardeild Eimskipafélagsins hefur vottað, að reikningar þessir hafi verið greiddir félaginu 14. október 1963.

Hvorugur ákærðu telur sig kannazt neitt við þetta ákæruatriði.

41. Meðal sjóðsfylgiskjala V-157, 7. marz 1964, var fragtreikningur H/f Eimskipafélags Íslands að fjárhæð kr. 3.648.99, dagsettur 16. október 1963, en komudags skips ekki getið. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunarinnar hefur hér verið um tvígreiðslu að ræða, þar sem reikningurinn hefur áður verið færður sem greiddur úr sjóði 31. október 1963, fskj. V-795, enda hefur Eimskipafélagið vottað, að greiðsla hafi farið fram 30. október 1963.

Ekki kannast ákærðu neitt við þetta tilvik.

42. Með sjóðsfylgiskjölum V-218, sem færð eru sem greidd 21. apríl 1965, var reikningur frá Jens Árnasyni h/f, dagsettur 4.

febrúar 1965, fjárhæð kr. 4.273.50, ásamt úttektarbeiðni Landssmiðjunnar, dagsettri sama dag. Svo er að sjá af skjölum þessum, að síðasta staf í ártali hafi verið breytt, enda kemur í ljós af ljósriti úr reikningabók Jens Árnasonar, að rétt ársetning reikningsins hefur verið 1963, og telur fyrirtækið reikninginn greiddan á því ári. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunarinnar hefur reikningurinn áður verið færður sem greiddur 13. marz 1963, fskj. V-140.

Ákærði Magnús Helgi kannast við, að þeir Jóhannes hafi breytt þessum skjölum og endurnotað þau, og Jóhannes telur, að svo geti verið, þótt hann muni ekki sérstaklega eftir þessu.

43. Með sjóðsfylgiskjölum V-924, sem færð eru greidd 11. desember 1963, var fragtreikningur H/f Eimskipafélags Íslands að fjárhæð kr. 10.592.00. Komudagur skips er talinn 24. marz 1963. Eimskipafélagið hefur vottað, að þessi reikningur hafi verið greiddur því 16. apríl 1963, og samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar hefur reikningurinn áður verið færður sem greiddur 17. apríl 1963, fskj. V-231.

Ákærði Magnús Helgi kveðst ekki kannast við þetta tilfelli, og Jóhannes kveðst ekkert geta um þetta sagt.

44. Með sjóðsfylgiskjölum V-147, 29. febrúar 1964, var reikningur Ludvigs Storr & Co., dagsettur 27. nóvember 1963, fjárhæð kr. 4.544.00, ásamt úttektarbeiðni Landssmiðju, dagsettri 21. nóvember 1963. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar hefur reikningur þessi áður verið færður sem greiddur 22. janúar 1964, (fskj. V-25A), og er það í samræmi við upplýsingar fyrirtækisins, sem kveðst hafa fengið reikninginn greiddan 22. janúar 1964.

Hvorugur ákærðu kannast neitt við þetta tilvik.

45. Meðal sjóðsfylgiskjala V-270, sem færð eru sem greidd 15. apríl 1964, var reikningur Burstagerðarinnar, dagsettur 6. febrúar 1964, fjárhæð kr. 2.594.40. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunarinnar hefur reikningur þessi áður verið færður sem greiddur 24. febrúar 1964, fskj. V-115. Er það í samræmi við upplýsingar frá Burstagerðinni, en samkvæmt þeim hefur reikningurinn verið greiddur henni 19. febrúar 1964.

Hvorugur ákærðu telur sig kannast við þetta tilvik. Hefur Magnús Helgi, sem fyrr segir, sagt, að hann telji sig ekki hafa misfarið þannig með skjöl fyrr en á árinu 1965, en þó geti hann ekki fortekið, að slíkt hafi komið fyrir fyrr.

46. Meðal sjóðsfylgiskjala V-472, sem færð eru greidd 8. júlí 1964, var reikningur frá Seglagerðinni Ægi, dagsettur 29.—30.

apríl 1964, fjárhæð kr. 3.610.00, ásamt tveimur frumnótum og tveimur úttektarbeiðnum Landssmiðjunnar. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar hefur reikningur þessi áður verið færður sem greiddur 27. maí 1964, fskj. V-378. Samkvæmt bréfi Seglagerðarinnar til ríkisendurskoðunarinnar hefur reikningurinn verið greiddur 30. maí 1964.

Ákærðu segjast ekkert kannast við þetta ákæruatriði.

47. Meðal sjóðsfylgiskjala V-792, sem færð eru greidd 11. nóvember 1964, var reikningur Blikksmiðju Reykjavíkur, dagsettur 27. maí 1964, fjárhæð kr. 2.856.00, ásamt frumnótu og úttektarbeiðni Landssmðijunnar. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunarinnar hefur reikningur þessi áður verið færður sem greiddur hinn 3. júní 1964, fskj. V-407, og er það í samræmi við vottorð blikksmiðjunnar um, að reikningurinn hafi verið greiddur þann dag.

Hvorugur ákærðu hefur kannazt við það, að þeir hafi staðið að tvínotkun þessa reiknings.

48. Meðal sjóðsfylgiskjala V-436, sem færð eru greidd 24. júní 1964, var reikningur Gunnars Ásgeirssonar h/f, dagsettur 31. marz 1964, fjárhæð kr. 1.597.00, ásamt frumnótu. Þessi reikningur hefur samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar áður verið færður sem greiddur hinn 6. maí 1964, fskj. V-325. Er þetta í samræmi við upplýsingar Gunnars Ásgeirssonar h/f um, að reikningurinn hafi verið greiddur þann dag.

Ákærðu kannast ekki við þetta tilvik, og Magnús Helgi segir, að sig minni, að hann hafi verið í sumarleyfi um 24. júní 1964.

49. Meðal sjóðsfylgiskjala V-792, sem færð eru greidd 11. nóvember 1964, var reikningur h/f Ofnasmiðjunnar, dagsettur 3. júní 1964, fjárhæð kr. 1.200.00, ásamt frumnótu og úttektarbeiðni. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar kom í ljós, að reikningurinn hafði verið greiddur áður og færður 19. ágúst 1964, fskj. V-266. Er það í samræmi við vottorð Ofnasmiðjunnar um, að reikningurinn hafi verið greiddur þann dag.

Hvorugur ákærðu kannast við þetta ákæruatriði. Hefur ákærði Jóhannes látið þess getið í sambandi við þetta atriði og önnur af sama tagi, að hann geti enga grein gert fyrir þeim, og þegar um það hafi verið að ræða að afla fjár með notkun eldra fylgiskjals, hafi legið beinast við að taka skjal úr gömlum, endurskoðuðum skjölum.

50. Með sjóðsfylgiskjölum V-173, sem færð eru greidd 11. marz 1964, var reikningur Verksmiðjunnar Bene, dagsettur 15. janúar

(?) 1964, fjárhæð kr. 4.657.79, ásamt úttektarbeiðni, dagsettri 14. janúar 1964. Sakir götunar á reikningnum er mánaðarheiti ekki greinilegt. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar hefur reikningurinn áður verið færður sem greiddur 4. febrúar 1964, fskj. V-55. Greiðsludagur var 5. febrúar samkvæmt upplýsingum verksmiðjunnar.

Ákærði Magnús Helgi segist eitthvað muna eftir þessum reikningi, en kannast þó ekki við, að hann hafi átt þátt í tvínotkun hans. Jóhannes kveðst ekkert geta sagt um þetta atriði.

51. Meðal sjóðsfylgiskjala V-857, sem færð eru sem greidd 12. desember 1964, var reikningur frá Ryðhreinsun og Málmhúðun s/f, dagsettur 30. nóvember 1964, fjárhæð kr. 3.700.00, ásamt frumnótu, dagsettri sama dag, og úttektarbeiðni Landssmiðju, sem einnig ber sömu dagsetningu. Reikningurinn er skrifaður með penna (kúlupenna), og leynir sér ekki, að síðasti stafur í ártalinu hefur verið máður út og ritaður á ný. Á frumnótu, sem einnig er rituð með kúlupenna, er talan 4 krotuð ofan í síðasta staf ártals, en ekki er greinilegt, hvaða stafur hefur verið fyrir. Úttektarnóta er skrifuð með blýanti, og er líklegt, að síðasti stafur ártals hafi þar einnig verið strokaður út og skrifaður á ný. Samkvæmt bréfi Saxa h/f (Ryðhreinsunar & Málmhúðunar s/f) hefur reikningur þessi verið gefinn út 1962, en ekki 1964, og hefur hann verið greiddur í tvennu lagi, 9. janúar 1963 kr. 1.500.00 og 16. janúar s. á. kr. 2.200.00. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunarinnar hefur reikningur þessi upphaflega verið færður greiddur 31. desember 1962, fskj. V-801.

Ákærði Magnús Helgi kveðst hafa grun um, að þetta sé eitt þeirra skjala, sem þeir Jóhannes breyttu og endurnotuðu. Jóhannes kveður einnig vel mega vera, að svo hafi verið. Ákærðu telja sig ekki muna beinlínis eftir þessum reikningi.

52. Meðal sjóðsfylgiskjala V-55, sem færð eru 4. febrúar 1964, var reikningur Gúmmísteypunnar, Þorsteins Kristjánssonar, dagsettur 23. desember 1963, fjárhæð kr. 3.200.00. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunarinnar hefur reikningur þessi áður verið færður sem sjóðsfylgiskjal V-919, 4. desember 1964. Samkvæmt upplýsingum endurskoðanda Gúmmísteypunnar hefur reikningur þessi verið gefinn út hinn 23. september, en ekki 23. desember. Á reikninginn er dagsetningin rituð þannig: 23/12, og er svo að sjá, að talan 12 sé krotuð ofan í aðra tölu, er staðið hafi fyrir, og er engan veginn neitt því til fyrirstöðu, að það hafi verið talan 9.

Hvorugur hinna ákærðu kveðst muna til þess, að hann hafi átt þátt í að breyta þessum reikningi eða endurnota hann.

53. Meðal sjóðsfylgiskjala V-763, sem færð eru sem greidd 22. desember 1962, var reikningur frá Gúmmísteypu Þorsteins Kristjánssonar, dagsettur 3. nóvember 1962, fjárhæð kr. 2.566.00, ásamt úttektarbeiðni Landssmiðju með sömu dagsetningu. Skjöl þessi eru bæði fyllt út með kúlupenna. Augljóst er, að síðasti stafur í ártali á þeim báðum er ritaður ofan í aðra tölu, sem virðist vera talan 1. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunarinnar hefur reikningur þessi áður verið færður sem greiddur með fskj. V-727, 1961.

Ákærði Magnús Helgi kveðst ekkert muna eftir þessum reikningi né tvínotkun á honum, og hið sama segir ákærði Jóhannes, en fortekur þó ekki, að hann kunni að hafa átt þarna hlut að máli.

54. Meðal sjóðsfylgiskjala V-569, sem færð eru greidd 20. september 1961, var reikningur frá Pétri Snæland h/f, að fjárhæð kr. 1.800.00, ásamt frumnótu og úttektarbeiðni Landssmiðju. Öll bera skjöl þessi dagsetninguna 20. maí. Reikningnum og úttektarbeiðninni er það sameiginlegt, að þau hafa verið götuð þannig, að síðasti stafur ártals hefur klippzt úr. Frumnótan virðist ekki hafa borið ársetningu. Líkur benda til þess, að áðurnefndar gatanir hafi verið gerðar af ásettu ráði til þess að afmá ártalið. Afstaða gatanna er með þeim hætti. Ríkisendurskoðunin telur, að þessi reikningur hafi fyrst komið fram sem sjóðsfylgiskjal 12. október 1960, fskj. V-695. Hins vegar tókst ekki að fá staðfestingu fyrirtækisins á útgáfudegi reikningsins, þar sem bókhald þess var talið brunnið.

Hvorugur ákærðu kveðst geta sagt neitt um þetta ákæruatriði, og telja þeir sig ekki muna til þess, að þeir hafi tvínotað þetta skjal.

55. Meðal sjóðsfylgiskjala, sem færð eru 11. apríl 1962, var reikningur frá Jóni Sen, Miklubraut 40, yfir spennubreyti, að söluverði kr. 1.625.00, ásamt úttektarbeiðni Landssmiðju. Gögn þessi bera bæði dagsetninguna 16/3 1962. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunarinnar hefur reikningur þessi áður verið færður sem fylgiskjal V-806, 25. nóvember 1960. Á reikningnum er auðséð, að mánaðartalan (3) er rituð í stað annarrar tölu, sem strokuð hefur verið út og verður nú ekki greind. Einnig telur útgefandi reikningsins, Jón Sen fiðluleikari, að síðasta talan í ártalinu (2) sé rituð fyrir aðra tölu. Kveðst Jón sjá, að hann hafi ekki ritað töluna 2. Hann hefur hins vegar ekki getað fullyrt, hvenær reikn-

ingurinn hafi verið gefinn út, en telur líklegt, að það hafi verið 1960. Á úttektarnótunni er ljóst, að bæði mánaðartalan og síðasti stafur í ártali hafa verið strokuð út og nýjar tölur ritaðar í staðinn. Ekki er ólíklegt, að áður hafi staðið mánaðartalan 11 og að síðasti stafur ártals hafi verið 2.

Ákærði Magnús Helgi kannast ekki við, að hann hafi átt þátt í að breyta þessum reikningi né endurnota hann, og ákærði Jóhannes getur ekkert sagt um þetta atriði.

56. Meðal sjóðsfylgiskjala V-540, sem færð eru greidd 12. september 1962, er reikningur L. Andersens h/f, dagsettur 28. ágúst 1962, yfir 600 stk. af gotupokum á kr. 4.00 hvern, samtals kr. 2.400.00, ásamt frumnótu og úttektarbeiðni Landssmiðju. Reikningurinn hefur verið fylltur úr með ritvél, en eigi dylst, að tveir síðustu stafir ártals hafa verið máðir út svo og dagsetning og ritað í staðinn með penna: „62" og „ág. 28". Þá hefur einingarverði á vörunni verið breytt með penna. Er ótvírætt, að upphaflega hefur staðið „4/10", en talan 0 verið rituð með penna ofan í töluna 1. Í samræmi við það er heildarverði breytt úr 2.460.00 í 2.400.00, og er breytingin gerð með penna. Í frumnótu eru gerðar þessar breytingar: Ártali hefur, að því er bezt verður séð, verið breytt úr 1961 í 1962. Dagsetningu hefur verið breytt úr 28/9 í 28/8. Yfir einingarverð vöru (4/10) hefur verið strikað og ritað í staðinn 4/. Yfir töluna 6 í heildarverðinu hefur talan 0 verið rituð. Allar þessar breytingar hafa verið gerðar með kúlupenna. Í úttektarbeiðninni, sem fyllt er út með blýanti, hefur mánaðartalan, sem virðist hafa verið 9, verið strokuð út og talan 8 skrifuð í staðinn. Síðustu tölu í ártali hefur á sama hátt verið breytt úr 1 í 2. Ríkisendurskoðunin telur, að reikningur þessi hafi áður verið færður sem sjóðsfylgiskjal V-619, 11. október 1961, og þá að fjárhæð kr. 2.460.00, þ. e. hin upprunalega fjárhæð. Hins vegar hefur ríkisendurskoðunin ekki fengið staðfestingu reikningsútgefanda á útgáfudegi reikningsins.

Ríkisendurskoðunin segir í skýrslu sinni, að eitt fylgiskjal hafi verið rifið frá reikningnum og hafi mátt greina tætlur af því milli fylgiskjala reikningsins. Ekki er neinar upplýsingar að hafa um þetta atriði af gögnum þeim, sem dómurinn fékk í hendur.

Ákærði Magnús Helgi kveðst ekki hafa hugmynd um það, hver breytt hafi umræddum reikningi, eða um það, hvort hann hafi verið tvínotaður. Ákærði Jóhannes telur, að rithönd hans sjálfs sé á breytingunum á reikningnum. Hann kveðst telja ólíklegt, að hann hafi gert svo auðsæja breytingu í skjölum í sviksamlegum

tilgangi. Hins vegar rámi sig í, að verðgæzlustjóri hafi einhvern tíma beðið um reikninga frá L. Andersen h/f vegna athugunar á verðlagi og í ljós hafi komið, að rangt verð hafi verið á reikningum. Að öðru leyti kveðst Jóhannes ekkert frekar geta um þetta sagt.

57. Meðal sjóðsfylgiskjala V-225, sem færð eru 30. apríl 1961, er reikningur svohljóðandi:

„Staðgreitt

1960	1 st. Gírmótor 2 hö	3572.00
		3572.00

Greitt
B. Sig.
Innf."

Dagsetning reikningsins verður ekki greind, þar sem hún hefur að mestu leyti klippzt burt við götun á skjalinu.

Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar hefur reikningur þessi áður verið notaður sem sjóðsfylgiskjal V-859 hinn 14. desember 1960.

Ekki er vitað, hver sá B. Sig. er, sem gefið hefur út þennan reikning.

Hvorugur ákærðu kveðst neitt geta sagt um þetta tilvik.

58. Meðal sjóðsfylgiskjala V-252, sem færð eru greidd 8. apríl 1964, var reikningur frá Korkiðjunni h/f, dagsettur 8. janúar 1964, fjárhæð kr. 2.167.50, ásamt frumnótu og úttektarbeiðni Landssmiðjunnar, dagsettri sama dag. Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar hefur reikningur þessi áður verið notaður sem sjóðsfylgiskjal V-110 hinn 19. febrúar 1964. Ekki tókst að fá staðfestingu útgefanda reikningsins á því, hvenær reikningurinn hefði fengizt greiddur.

Hvorugur ákærðu hefur kannazt við tvínotkun þessa reiknings.

III. *Hækkun á samlagningarstrimlum.*

Áður var frá því greint, að í bókhaldi Landssmiðjunnar var sá háttur tíðkaður, að sjóðsfylgiskjöl voru tekin saman í hópa, fjárhæðir skjalanna lagðar saman og samlagningarstrimillinn festur með skjölunum og skjalahópurinn síðan færður sem eitt fylgiskjal. Við athugun á fylgiskjalahópum kom í ljós, að samlagning mundi stundum hafa verið rangfærð til hækkunar. Hefur þá verið

sett inn tala í samlagninguna, án þess að hún sjáist á strimlinum, sem ber aðeins með sér fjárhæðir skjala þeirra, sem í skjalahópnum er. Verður niðurstöðutalan þannig hærri en rétt er. Svo er að sjá, að endurskoðendur hafi borið strimilinn saman við skjöl þau, sem eru í skjalahópnum, en ekki lagt saman á ný til þess að sannreyna, að niðurstaða sé í samræmi við tölurnar á strimlinum.

Í bókhaldi ársins 1963 fundust 13 tilvik af þessu tagi, 9 tilvik árið 1964 og einnig 9 árið 1965. Í öllum tilfellum er um hækkun að ræða, og nemur hún samtals kr. 71.808.75, svo sem rakið er í eftirfarandi töflu:

1963		Útkoma á strimli	Rétt útkoma	Mismunur	
12/2	V-47	288.306.65	283.757.65	4.549.00	
6/3	V-130	175.509.35	172.509.35	3.000.00	
12/3	V-139	184.221.95	181.221.95	3.000.00	
26/3	V-177	139.941.25	137.767.25	2.174.00	
5/4	V-220	311.489.50	308.489.50	3.000.00	
17/4	V-231	39.135.00	38.135.00	1.000.00	
22/4	V-241	225.954.50	222.954.50	3.000.00	
24/4	V-243	64.406.50	62.406.50	2.000.00	
15/5	V-298	25.138.90	23.638.90	1.500.00	
22/5	V-320	137.640.00	134.640.00	3.000.00	
31/5	V-340	96.138.35	93.628.35	2.510.00	
31/8	V-584	14.330.37	13.830.37	500.00	
17/9	V-638	451.621.80	448.621.80	3.000.00	
		2.153.834.12	2.121.601.12		32.233.00
1964					
13/5	V-342	314.982.25	310.982.25	4.000.00	
10/6	V-415	37.277.60	36.166.60	1.111.00	
30/6	V-458	43.373.45	41.361.45	2.012.00	
17/7	V-498	74.615.75	72.614.75	2.001.00	
24/8	V-572	331.945.00	329.945.00	2.000.00	
14/10	V-712	62.687.98	61.687.98	1.000.00	
19/10	V-729	120.109.05	117.887.05	2.222.00	
4/11	V-784	122.254.75	118.940.75	3.314.00	
5/12	V-854	79.809.00	78.564.00	1.245.00	
		1.187.054.83	1.168.149.83		18.905.00

1965				
9/1	V-6	221.441.80	219.730.80	1.711.00
12/1	V-9	91.969.65	87.907.65	4.062.00
17/3	V-155	95.686.00	93.401.00	2.285.00
1/4	V-199	122.505.80	121.042.05	1.463.75
10/4	V-211	118.079.00	115.641.00	2.438.00
10/4	V-212	231.271.30	229.830.30	1.441.00
13/4	V-215	102.569.40	100.177.40	2.392.00
8/5	V-275	166.219.25	164.558.25	1.661.00
4/8	V-486	378.742.00	375.525.00	3.217.00
		1.528.484.20	1.507.813.45	20.670.75

Kr. 71.808.75

Ákærði Jóhannes kannaðist við það, er þessi atriði voru fyrst borin undir hann við rannsókn málsins hinn 9. maí 1966, að það hefði komið fyrir, að tala hafi verið sett inn í samlagningarvél, áður en fylgiskjöl voru lögð saman, þannig að út hafi komið hærri tala en hinar stimpluðu fjárhæðir samanlagðar, sem strimillinn sýndi. Hefði með þessum hætti verið dregið fé úr sjóðnum, er ráðstafað hafi verið á sama hátt og annað fé, sem tekið var með öðrum aðferðum úr sjóðnum. Ekki taldi Jóhannes þó, að mikið hefði kveðið að þessu og varla verið um verulegar fjárhæðir að ræða.

Sakarefni þessi voru borin undir ákærða Magnús Helga hinn 11. maí 1966. Neitaði hann eindregið, að hann hefði nokkru sinni átt þátt í því að draga fé úr sjóði smiðjunnar með þessum hætti og hefði hann aldrei vitað það, meðan hann vann þar, að slíkt væri gert. Hins vegar hefði ákærði Jóhannes sagt sér frá því fyrir skömmu, að hann hefði stundum náð fé úr sjóðnum á þennan hátt. Ákærði Magnús Helgi skýrði svo frá, að aðalbókari hefði séð um að setja fylgiskjöl í „grúppur" og hefði hann því annazt samlagningu skjalanna. Magnús Helgi kvaðst þó hafa annazt þessi störf í forföllum aðalbókarans.

Ákærði Jóhannes var yfirheyrður nánar um þetta efni hinn 17. maí 1966. Voru þá einstök atriði þessa kafla borin undir hann. Hann kvaðst ekki geta sagt um hin einstöku tilfelli, en þó fyndist honum, að tölur þær, sem látnar voru koma fram í samlagningu, án þess að þær stæðu á strimlinum, hefðu yfirleitt staðið á heilum þúsundum, eða a. m. k. hundruðum, en ekki tölur eins og t. d.

4.549.00, 2.174.00 (sbr. töfluna hér að framan, 1964) eða fjárhæðirnar, sem fram koma í töflunni yfir árið 1965. Ákærði Jóhannes fullyrti, að ákærða Magnúsi Helga hefði jafnan verið kunnugt um það, er fjárhæðir voru dregnar úr sjóði með þessum hætti, þó að hann gæti ekki fullyrt um það, að Magnúsi hefði ævinlega verið kunnugt um það í hverju einstöku tilviki, með hvaða hætti fé var dregið úr sjóðnum. Taldi Jóhannes ólíklegt, að þessi aðferð hefði farið fram hjá Magnúsi Helga. Þá sagði Jóhannes, að Magnús Helgi hefði séð um að ráðstafa fénu.

Ákærði Magnús Helgi tjáði sig enn um þessi sakarefni á dómþingi 16. júní 1966. Hann kvaðst nú ekki geta fortekið, að honum hefði verið kunnugt um tilvik af þessu tagi. Kvað hann sig ráma eitthvað í þetta, en ekkert kvaðst hann þó muna með vissu.

IV. *Breytt fjárhæð reikninga.*

Við könnun ríkisendurskoðunarinnar á bókhaldi Landssmiðjunnar komu í ljós sjóðsfylgiskjöl, þar sem fjárhæðum reikninga hafði verið breytt til hækkunar, og benti það þá til þess, að mismunurinn hefði verið dreginn úr sjóði og fjárdrættinum leynt með falsinu.

Ákærðu hafa báðir kannazt við, að þeir hafi nokkuð beitt þessari aðferð til þess að leyna því, er þeir tóku fé úr sjóði smiðjunnar, en það segjast þeir hafa gert einvörðungu í þágu smiðjunnar, eins og áður hefur verið vikið að og nánar verður skýrt frá síðar í dómsforsendum.

Verða nú rakin tilvik þau af þessu tagi, sem IV. kafla ákæru lýtur að, og tilfærð gögn þau, sem fyrir hendi eru um þau, þar á meðal skýrslur ákærðu.

1. Reikningur frá Sigurði Hannessyni & Co. h/f yfir stjórntæki, fjárhæð kr. 9.706.65, dagsettur 24/11 '62, innfærður 31. maí 1963, fskj. V-339. Samkvæmt vottorði Sigurðar Hannessonar & Co. h/f hefur reikningi þessum verið breytt þannig, að 24/1 '63 hefur verið breytt í 24/11 '62, og reikningsfjárhæð hefur verið breytt, en hún upphaflega verið kr. 470.65. Er auðséð, að ritað hefur verið ofan í síðasta staf ártals og ofan í fremsta og fjórða staf reikningsfjárhæðar.

Ákærði Magnús Helgi kannast við það, að hann muni hafa gert umrædda breytingu á reikningi þessum, en ekki sé hann viss um, að ákærði Jóhannes hafi átt þátt í því tiltæki. Jóhannes segist ekki muna eftir þessu tilviki.

2. Reikningur Skipaafgreiðslu J. Zimsens, dagsettur 9. marz

1964, fjárhæð samtals kr. 6.069.00, innfærður greiddur 20. marz 1964, fskj. V-198. Reikningur þessi sundurliðast þannig:

Uppskipun	kr. 1.329.00
Vörugjald	— 37.00
Flutningsgjald	— 4.703.00
	Samtals kr. 6.069.00

Samkvæmt upplýsingum skipaafgreiðslunnar var reikningurinn að réttu lagi að fjárhæð samtals kr. 2.069.00. Flutningsgjald var kr. 1.703.00, uppskipun kr. 329.00 og vörugjald kr. 37.00. Hefur reikningnum því verið breytt þannig, að talan 1 hefur verið rituð framan við 329, og tölunni 1 í fjárhæð flutningsgjalds hefur verið breytt í 4. Hefur verið auðvelt að gera breytingar þessar, án þess að áberandi sé á skjalinu. Hins vegar er augljóst, að ritað hefur verið ofan í heildarfjárhæðina, og við athugun má greina, að fremsta talan hefur verið 2. Samkvæmt þessu hefur reikningnum verið breytt til hækkunar, sem nemur kr. 4.000.00.

Ákærði Magnús Helgi hefur kannazt við, að hann hafi gert þessar 3 breytingar á reikningnum. Ekki kveðst hann muna eftir, hvort Jóhannes hafi átt þátt í þessu, en líklegt sé að minnsta kosti, að hann hafi sagt honum frá þessu á eftir.

Ákærði Jóhannes kveðst ekki muna sérstaklega eftir þessu, en vera megi, að hann hafi þarna átt hlut að máli.

3. Reikningur Málmsmiðjunnar Hellu h/f, dagsettur 19. marz 1964, fjárhæð kr. 4.216.80, innfærður greiddur 24. júní 1964, fskj. V-437. Reikningnum fylgir frumnóta yfir 49.6 kg. af fóðringarefni á 83/00, kr. 4.216.80. Ef rétt væri farið með magnið, hefði heildarverð samkvæmt þessu átt að hafa numið kr. 4.116.80. Samkvæmt upplýsingum Málmsmiðjunnar Hellu h/f var reikningur þessi yfir 14.6 kg. af fóðringarefni og heildarverð kr. 1.211.80. Á reikningnum hafa þannig verið gerðar breytingar á tveimur tölum (1.211 verður 4.216), og samsvarandi breyting er gerð í frumnótunni, en þar er tölunni 14 einnig breytt í 49. Má sjá á nótunni, að þar hefur breyting verið gerð (ritað ofan í með kúlupenna).

Ákærðu segjast ekki muna eftir þessu tilviki sérstaklega, en báðir segja, að ekki sé loku fyrir það skotið, að þeir hafi átt þarna hlut að máli.

4. Reikningur Jens Árnasonar h/f, dagsettur 22. maí 1964, yfir 17.8 kg. af ryðfríu stáli á 110/00, samtals kr. 1.858.00, innfærður

greiddur 8. júlí 1964, fskj. V-471. Ljósrit, sem Jens Árnason h/f hefur látið í té af samriti reikningsins, ber með sér, að hann hefur verið yfir 7.8 kg. af vörunni og heildarfjárhæð kr. 858.00, en eigi 838, eins og í ákæru segir. Hefur reikningurinn þannig verið hækkaður um 1.000 kr. og tvær breytingar gerðar á honum. Einnig hefur verið gerð breyting á úttektarbeiðni, sem fylgir reikningnum, þannig að tölunni 7.8 hefur þar verið breytt í 17.8.

Ákærði Magnús Helgi kannast við, að hann hafi breytt reikningnum frá Jens Árnasyni, einum eða fleiri, en ekki kveðst hann muna sérstaklega eftir þessum reikningi. Ákærði Jóhannes kveðst ekki muna eftir þessum reikningi, en vera megi, að hann hafi átt þátt í þessu broti.

5. Reikningur Málmsmiðjunnar Hellu h/f, dagsettur 23. júní 1964, fjárhæð kr. 1.249.00, innfærður greiddur 8. júlí 1964, fskj. V-472. Reikningnum fylgir frumnóta yfir 13 kg. af fóðringarefni á 83/00, samtals kr. 1.249.00. Er hér sýnilega málum blandað, þar sem 13×83 er 1.079, enda hefur Málmsmiðjan Hella vottað, að reikningurinn hafi verið yfir 3 kg. af vörunni og heildarfjárhæð kr. 249.00. Hefur reikningurinn þannig verið hækkaður um 1.000 kr. með því að bæta tölunni 1 framan við vörumagn og heildarfjárhæð. Reikningnum fylgir enn fremur úttektarbeiðni yfir 12 stk. 1¼×1″ st. kopar, rennt mál. Er líklegt, að tölunni 1 hafi þar verið bætt framan við töluna 2.

Hvorugur ákærðu telur sig muna eftir þessu atriði sérstaklega, en ekki hafa þeir mótmælt því, að þeir kunni að hafa framið þetta brot.

6. Reikningur Jens Árnasonar h/f yfir 23.3 kg. 1½″ ryðfrítt stál á 110/00, samtals kr. 2.363.00, innfærður greiddur 8. júlí 1964, fskj. V-472. Ekki er hér allt með felldu, þar sem 110×23.3 mundi nema 2.563, enda sýnir ljósrit úr reikningabók, sem útgefandi reiknings hefur látið í té, að reikningurinn hefur upphaflega verið yfir 3.3 kg. af vörunni og heildarfjárhæð kr. 363.00. Hefur reikningurinn þannig verið hækkaður um 2.000 kr. Úttektarbeiðni fylgir reikningnum yfir 6.35 eða 0.35 m 1½″ ryðfrítt stál. Talan, er sýnir magnið, er ekki greinileg.

Ákærði Magnús Helgi telur mjög miklar líkur á því, að hann hafi breytt þessum skjölum, en er þó ekki fullviss um það. Ákærði Jóhannes man ekki eftir þessu atriði, en mótmælir ekki, að hann kunni að hafa komið þarna við sögu.

7. Reikningur Heimilstækja s/f yfir 1 stk. rafmagnsofn, dagsettur 22. nóvember 1963, fjárhæð kr. 4.174.00, innfærður greiddur

23. september 1964, fskj. V-636. Samrit af reikningi þessum, sem útgefandi hefur látið í té, sýnir, svo að ekki verður um villzt, að verð ofnsins hefur verið kr. 1.174.00, en ekki 4.174.00, og hefur fremstu tölunni á reikningnum þannig verið breytt úr 1 í 4, en breytingu þá er auðvelt að gera, án þess að áberandi sé. Hefur reikningurinn þannig verið hækkaður um 3.000 kr.

Ákærði Magnús Helgi segir, að sig rámi í þetta tilfelli, og telur hann líklegt, að hann hafi breytt reikningnum. Ákærði Jóhannes segir, að hann kunni að hafa átt þátt í þessu, en man ekki sérstaklega eftir þessu atriði.

8. Reikningur Jens Árnasonar h/f yfir 40.5 kg. 2¼" ryðfrítt stál á 110/00, samtals kr. 4.455.00, innfærður greiddur 31. desember 1964, fskj. V-916. Ljósrit úr reikningabók, sem útgefandi reikningsins hefur látið í té, sýnir, að reikningurinn hefur verið yfir 10.5 kg. af vörunni og heildarverð kr. 1.155.00. Hefur tölunni 1 þannig verið breytt á þremur stöðum í 4 og reikningurinn hækkaður með þessu um 3.300 kr. Úttektarbeiðni Landssmiðjunnar fylgir reikningnum yfir 0.5 m 2¼" ryðfrítt stál, og virðist ekkert hafa verið hróflað við skjali þessu.

Um þetta atriði og tilvik þau, sem talin eru í 9.—13. lið hér á eftir og öll varða reikninga frá Jens Árnasyni h/f, hefur ákærði Magnús Helgi sagt, að hann og ákærði Jóhannes muni sameiginlega hafa staðið að breytingum á reikningum þessum. Þeir hafi ef til vill ekki í öllum tilvikum komið sér saman fyrir fram um þetta, en sá, sem ekki stóð að breytingu á reikningi, hafi þá fengið að vita um hana á eftir.

Ákærði Jóhannes segir, að sig rámi í einhverja reikninga frá Jens Árnasyni í þessu sambandi. Hann man ekki einstök tilvik, en neitar ekki, að hann kunni að hafa átt þátt í þessum brotum.

9. Reikningur Jens Árnasonar h/f yfir 45.4 kg. af ryðfríu stáli, samtals kr. 4.994.00, innfærður greiddur 20. janúar 1965, fskj. V-17. Greinilegt er, að talan, er sýnir heildarverð, hefur verið máð út að einhverju leyti og endurrituð, enda sýnir ljósrit úr reikningabók útgefanda, að reikningurinn hefur upphaflega verið yfir 15.4 kg. af vörunni og heildarverð kr. 1.694.00. Hefur reikningurinn með þessum breytingum verið hækkaður um 3.300 kr.

Um framburð ákærðu um þetta atriði sjá næsta lið hér að framan.

10. Reikningur Jens Árnasonar h/f yfir 42.2 kg. af ryðfríu stáli, samtals kr. 4.342.00, innfærður greiddur 20. janúar 1965, fskj. V-17. Ef rétt væri með farið, hefði heildarfjárhæð átt að

nema kr. 4.642.00 en ekki 4.342.00. Ljósrit úr reikningabók útgefanda reikningsins sýnir, að reikningurinn hefur verið fyrir 12.2 kg. af vörunni og heildarverð kr. 1.342.00. Hefur reikningurinn því verið hækkaður um 3.000 kr. með því að breyta tölunni 1 í 4.

Um framburð ákærðu um þetta sjá 8. hér að framan.

11. Reikningur Jens Árnasonar h/f yfir 95.3 kg. af stáli á 48/00, samtals kr. 4.715.40, dagsettur 4. desember 1964, innfærður greiddur 31. janúar 1965, fskj. V-44. Ef rétt væri farið með einingarverð, hefði heildarverð átt að vera kr. 4.574.40. En ljósrit úr reikningabók útgefanda sýnir, að einingarverð er 18/00, en ekki 48/00, og heildarverð því 1.715.40. Hefur tölunni 1 þannig verið breytt í 4 á tveimur stöðum og reikningurinn þannig hækkaður um 3.000 kr.

Um framburð ákærðu sjá 8. hér að framan.

12. Reikningur Jens Árnasonar h/f yfir 275.7 kg. af stáli á 15/00, samtals kr. 4.135.50, dagsettur 11. desember 1964, innfærður greiddur 31. janúar 1965, fskj. V-45. Ljósrit af samriti reikningsins sýnir hins vegar, að magnið hefur verið 75.7, en ekki 275.7 kg., og heildarverðið kr. 1.135.50. Hefur reikningurinn þannig verið hækkaður um 3.000 kr. með því að bæta tölunni 2 framan við tölu þá, sem tilgreinir vörumagn, og breyta tölunni 1 í 4 í heildarverðinu.

Um framburð ákærðu sjá 8. hér að framan.

13. Reikningur Jens Árnasonar h/f, dagsettur 12. júlí 1965, innfærður greiddur 8. september 1965, fskj. V-560. Reikningurinn er yfir 13 kg. 2″ ryðfrítt stál og 65.3 kg. 1⅛″ ryðfrítt stál, samtals 78.3 kg., á 110/00, eða kr. 8.613.00. Greinilegt er, að tölu þeirri, er sýnir verðið, hefur verið raskað, og þegar athugað er ljósrit af afriti reikningsins, kemur í ljós, að í stað tölunnar 65.3 hefur upphaflega staðið 15.3, í stað 78.3 hefur staðið 28.3, og heildarverð vörunnar hefur að réttu lagi verið kr. 3.113.00, en ekki 8.613.00. Reikningurinn hefur þannig verið hækkaður um kr. 5.500.00.

Um framburð ákærðu sjá 8. hér að framan.

14. Reikningur RAF, raftækjavinnustofu, yfir 2 stk. anker úr rúðumótorum, kr. 4.900.00, innfærður greiddur 8. maí 1965, fskj. V-276. Samkvæmt upplýsingum frá útgefanda reikningsins hefur verð vörunnar verið 1.900 kr., og hefur reikningurinn því verið hækkaður um 3.000 kr. með því að breyta tölunni 1 í 4.

Ákærði Magnús Helgi kveðst telja, að þetta sé einn af þeim

reikningum, sem þeir Jóhannes breyttu til hækkunar. Ekki kveðst hann geta séð, hvort þeir hafi gert breytinguna. Ákærði Jóhannes man ekki eftir þessum reikningi, en segir, að vera megi, að hann sé einn þeirra reikninga, sem þeir félagar breyttu.

15. Reikningur Egils Skúla Ingibergssonar yfir tæknilega aðstoð við spennustilli, kr. 4.200.00, dagsettur 16. janúar 1965, innfærður greiddur 15. maí 1965, fskj. 284. Fjárhæðin er rituð með annars konar penna en reikningurinn að öðru leyti, og bendir allt til þess, að reikningsfjárhæð hafi verið breytt, ritað ofan í aðra tölu, og fremsti stafur tölunnar hefur áður verið máður út. Samkvæmt upplýsingum frá útgefanda reikningsins hefur hann fengið greiddar samtals kr. 2.300.00 fyrir umrætt verk, og hefur reikningurinn því verið hækkaður um 1.900 kr., en eigi 2.100 kr., sem í ákæru segir. Ákærði Magnús Helgi kannast við það, að hann hafi sjálfur breytt reikningnum, en ekki kveðst hann muna, hver upphafleg reikningsfjárhæð hafi verið. Hann kveðst ekki geta sagt um það, hvort Jóhannes hafi átt þátt í þessu, en telur líklegt, að hann hafi haft vitneskju um það. Ákærði Jóhannes segir, að sig rámi eitthvað í þennan reikning, en ekki geti hann komið því fyrir sig, hvernig þessu sé varið.

16. Við bókhaldskönnun ríkisendurskoðunarinnar kom í ljós, að breytingar til hækkunar mundu hafa verið gerðar á fjölmörgum kvittunum frá H/f Eimskipafélagi Íslands, bæði á árunum 1964 og 1965. Verða nú tilvik þau af þessu tagi frá árinu 1964 rakin nánar. Hefur ákærði Magnús Helgi játað afdráttarlaust, að hann og Jóhannes hafi staðið að öllum þessum breytingum. Hafi hann sjálfur gert breytingar á sumum skjalanna, en Jóhannes á öðrum, en hvor um sig jafnan vitað um aðgerðir hins.

Ákærði Jóhannes kannast einnig við það, að þeir Magnús Helgi hafi gert breytingar á allmörgum pakkhúsleigukvittunum H/f Eimskipafélags Íslands, en ekki kveðst hann geta sagt um einstök tilvik.

a) Kvittun fyrir vörugjaldi, kr. 32.00, og pakkhúsleigu, kr. 1.452.00, samtals kr. 1.484.00, dagsett 4. febrúar 1964. Samkvæmt skýrslu Eimskipafélagsins hefur pakkhúsleiga numið kr. 452.00 og heildarfjárhæð reiknings kr. 484.00. Kvittunin ber það með sér, að ritað hefur verið ofan í þessar tvær tölur.

b) Kvittun fyrir pakkhúsleigu, dagsett 4. febrúar 1964, kr. 164.00. Rétt fjárhæð hefur verið kr. 64.00, en tölunni 1 bætt framan við.

c) Kvittun fyrir vörugjaldi, kr. 9.00, og pakkhúsleigu, kr.

1.446.00, samtals kr. 1.455.00, dagsett 17. febrúar 1964. Þessi reikningur hefur verið hækkaður um 1.000 kr. með því að bæta tölunni 1 framan við tölurnar 446.00 og 455.00. Má sjá, að tölustafur þessi er ritaður með annars konar penna en kvittunin að öðru leyti.

d) Kvittun fyrir pakkhúsleigu, kr. 1.845.00, og vöxtum, kr. 35.00, samtals kr. 1.880.00. Reikningur þessi hefur upphaflega verið að fjárhæð 880 kr., þ. e. honum hefur verið breytt til hækkunar um 1.000 kr. með því að bæta tölunni 1 framan við tölurnar 845.00 og 880.00.

e) Kvittun fyrir pakkhúsleigu, kr. 430.00, og vöxtum, kr. 13.00, samtals kr. 443.00. Pakkhúsleiga nam að réttu lagi kr. 130.00, og heildarfjárhæð var því kr. 143.00, en tölunni 1 hefur verið breytt í 4 á báðum stöðum og reikningurinn þannig hækkaður um 300 kr.

f) Kvittun fyrir pakkhúsleigu, kr. 2.164.00, og vöxtum, kr. 15.00, samtals kr. 2.179.00. Reikningur þessi hefur verið hækkaður um 2.000 kr. með því að bæta tölunni 2 framan við töluna 164.00, sem var hin rétta pakkhúsleiga, svo og framan við heildartöluna.

g) Kvittun fyrir pakkhúsleigu, dagsett 15. maí 1964, fjárhæð kr. 125.00. Hér hefur verið gerð breyting til hækkunar um 100 kr. með því að bæta 1 framan við hina upprunalegu tölu, 25.00.

h) Kvittun fyrir pakkhúsleigu, kr. 12.290.00, og vöxtum, kr. 32.00, samtals kr. 12.322.00. Upphaflega hefur kvittunin sýnt pakkhúsleigu kr. 7.290.00, en talan 1 rituð framan við og tölunni 7 breytt í 2. Bendir gerð tölunnar til þessarar breytingar. Niðurstöðutölu hefur verið breytt til samræmis við þessar breytingar. Hefur kvittunin þannig verið hækkuð um 5.000 kr.

i) Kvittun fyrir pakkhúsleigu, kr. 550.00, dagsett 30. júlí 1964. Kvittun þessi hefur verið hækkuð um 500 kr. með því að bæta tölunni 5 framan við upprunalega fjárhæð, 50.00.

j) Kvittun fyrir pakkhúsleigu 26. júlí til 5. ágúst 1964, kr. 1.331.00, og vöxtum, kr. 40.00, samtals kr. 1.371.00. Hér hefur verið gerð breyting til hækkunar um 1.000 kr. með því að bæta tölunni 1 framan við tölurnar 331.00 og 371.00.

k) Kvittun fyrir pakkhúsleigu 6. júlí til 6. ágúst 1964, kr. 490.00, og vöxtum, kr. 4.00, samtals kr. 494.00. Tölunni 4 hefur verið bætt framan við tölurnar 90.00 og 94.00 og kvittunin þannig hækkuð um 400 kr.

l) Kvittun fyrir pakkhúsleigu 7. febrúar til 31. ágúst 1964, kr.

8.234.00, og vöxtum, kr. 707.00, samtals kr. 8.941.00. Pakkhúsleiga nam að réttu lagi kr. 3.234.00 og heildarfjárhæð reikningsins kr. 3.941.00, en tölunni 3 hefur á báðum stöðum verið breytt í 8. Má greina breytingu þessa við athugun. Hefur þannig verið gerð breyting til hækkunar um 5.000 kr. á þessu skjali.

m) Kvittun fyrir pakkhúsleigu 8. september til 12. október 1964, kr. 979.00, ásamt vöxtum, kr. 9.00, samtals kr. 988.00. Kvittunin hefur upphaflega verið fyrir 88 kr., en hún verið hækkuð um 900 kr. með því að bæta tölunni 9 framan við á tveimur stöðum.

n) Kvittun fyrir pakkhúsleigu 26. júní til 4. nóvember 1964, kr. 4.176.00, og vöxtum, kr. 134.00, samtals kr. 4.210.00. Kvittun þessari hefur verið breytt til hækkunar um 3.000 kr. með því að breyta tölunni 1 í 4.

o) Kvittun fyrir pakkhúsleigu 2. júní 1962 til 20. nóvember 1964, kr. 8.214.00, og vöxtum, kr. 779.00, samtals kr. 8.993.00. Svo er að sjá, að ritað hafi verið ofan í allar tölur á kvittun þessari. Samkvæmt skýrslu Eimskipafélagsins hefur pakkhúsleiga numið að réttu lagi kr. 5.214.00 og heildarfjárhæð kr. 5.993.00. Hefur kvittun þessi því verið hækkuð um kr. 3.000 með því að breyta tölunni 5 í 8.

p) Kvittun fyrir pakkhúsleigu frá 4. nóvember til 24. nóvember 1964, kr. 706.00, og vöxtum, kr. 22.00, samtals kr. 728.00. Upphaflega hefur talan 2 staðið í stað tölunnar 7, en verið breytt og kvittunin þannig hækkuð um 500 kr.

q) Kvittun fyrir pakkhúsleigu frá 3. janúar til 4. desember 1964, kr. 4.892.00, og vöxtum, kr. 82.00, samtals kr. 4.874.00. Heildartala er ekki rétt, ætti að vera kr. 4.974.00. En upphaflega hefur pakkhúsleiga numið kr. 892.00 og heildarfjárhæð kr. 974.00, en tölunni 4 bætt framan við pakkhúsleiguna og heildarfjárhæð kvittunarinnar breytt í 4.874.00. Leiðir þetta til hækkunar að fjárhæð kr. 3.900.00.

r) Kvittun fyrir pakkhúsleigu kr. 550.00, dagsett 15. desember 1964. Upprunalega hefur kvittun þessi verið fyrir 50 kr., en tölunni 5 bætt framan við, þannig að kvittunin hækkar um 500 kr.

17. Við bókhaldskönnunina komu fram 21 kvittun H/f Eimskipafélags Íslands frá árinu 1965, þar sem eins var ástatt og um kvittanir þær frá árinu 1964, sem raktar eru í 16. lið. Um framburð ákærðu um þessar sakargiftir má skírskota til þess, sem sagt var undir 16. lið. Verða nú rakin hin einstöku atriði þessa ákæruliðs. Heimild um upprunalega fjárhæð kvittananna

er skýrsla H/f Eimskipafélags Íslands, útgefanda kvittananna, en auk þess bera þær að nokkru leyti breytingarnar með sér, svo sem rakið verður.

a) Kvittun fyrir pakkhúsleigu kr. 330.00, dagsett 26. janúar 1965. Kvittun þessi hefur verið hækkuð um 300 kr. með því að bæta tölunni 3 framan við töluna 30.00, sem upprunalega stóð á kvittuninni.

b) Kvittun fyrir pakkhúsleigu, kr. 330.00, dagsett 26. janúar 1965. Kvittun þessari hefur verið breytt á öldungis sama hátt og þeirri kvittun, sem lýst er í lið a), og hún þannig hækkuð um 300 kr.

c) Kvittun fyrir pakkhúsleigu frá 24. nóvember 1964 (ekki sést til hvaða tíma), kr. 3.105.00, ásamt vöxtum, kr. 397.00, samtals kr. 3.502.00. Kvittun þessari hefur verið breytt á þá lund, að tölunni 2.105 hefur verið breytt í 3.105 og í heildarútkomunni í samræmi við það, þ. e. hækkun kr. 1.000.00. Kvittunin ber það með sér, að um breytingar hefur verið að ræða.

d) Kvittun fyrir pakkhúsleigu frá 23. desember 1964 til 24. febrúar 1965, kr. 852.00, ásamt vöxtum, kr. 14.00, samtals kr. 866.00. Upprunalega hafa á kvittun þessari staðið tölurnar 352 og 366, en tölunni 3 hefur á báðum stöðum verið breytt í 8 og kvittunin þannig hækkuð um 500 kr. Má sjá á skjalinu, að talan 8 hefur verið rituð ofan í aðra tölu.

e) Kvittun fyrir pakkhúsleigu frá 8. marz til 15. marz 1965, kr. 1.559.00. Kvittun þessi hefur upprunalega verið fyrir 59 kr., en talan 15 rituð framan við og kvittunin þannig hækkuð um 1.500 kr.

f) Kvittun fyrir pakkhúsleigu frá 7. marz til 19. marz 1965, kr. 1.340.00. Upphaflega hefur kvittun þessi verið fyrir 134 kr., en hún hækkuð um 1.206 kr. með því að bæta tölunni 0 aftan við.

g) Kvittun fyrir pakkhúsleigu frá 21. október 1963 til 8. apríl 1965, kr. 16.042.00, ásamt vöxtum, kr. 1.542.00, samtals kr. 17.584.00. Pakkhúsleigan nam að réttu kr. 11.042.00 og heildarfjárhæð kvittunarinnar því kr. 12.584.00, en fyrri tölunni hefur verið breytt í 16.042.00 og heildartölunni í 17.584.00. Greinilegt er á skjalinu, að breyting hefur verið gerð og kvittunin þannig hækkuð um 5.000 kr.

h) Kvittun fyrir pakkhúsleigu frá 17. október 1964 til 13. apríl 1965, kr. 1.253.00, og vöxtum, kr. 30.00, samtals kr. 1.283.00. Yfir allar þessar tölur hefur verið strikað á reikningnum eða öllu heldur krotað ofan í þær og síðan ritað fyrir neðan kr. 1.253.00.

Kvittun þessi hefur upphaflega verið fyrir pakkhúsleigu, kr. 253.00, og vöxtum, kr. 30.00, samtals kr. 283.00. Hefur kvittuninni þannig verið breytt til hækkunar um 970 kr.

i) Kvittun fyrir pakkhúsleigu frá 25. september 1964 til 22. júní 1965, kr. 4.047.00, og vöxtum, kr. 30.00, samtals kr. 4.077.00. Kvittunin var að réttu lagi fyrir pakkhúsleigu, kr. 1.047.00, og var heildarfjárhæðin kr. 1.077.00. Hefur kvittunin verið hækkuð um 3.000 kr. með því að breyta tölustafnum 1 í 4 á tveimur stöðum.

j) Kvittun fyrir pakkhúsleigu frá 13. apríl 1964 til 25. júní 1965, kr. 2.000.00, ásamt vöxtum, kr. 114.00, samtals kr. 2.114.00. Samkvæmt upplýsingum útgefanda var kvittun þessi fyrir pakkhúsleigu, kr. 250.00, og vöxtum, kr. 11.00, samtals kr. 261.00. Við athugun á reikningnum má greina, að tölur hafa verið máðar út og endurritaðar. Hefur kvittunin með þessu móti verið hækkuð um 1.853 kr.

k) Kvittun fyrir pakkhúsleigu frá 28. maí til 30. júní 1965, kr. 2.262.00, ásamt vöxtum, kr. 146.00, samtals kr. 2.408.00. Upphaflega hefur pakkhúsleigan verið kr. 1.062.00 og vextir 142 kr., samtals kr. 1.204.00. Greina má á skjalinu, að breytingar hafa verið gerðar á tölum. Hefur kvittunin þannig verið hækkuð um helming, eða um kr. 1.204.00.

l) Kvittun fyrir pakkhúsleigu frá 11. janúar til 15. júlí 1965, kr. 6.554.00, ásamt vöxtum, kr. 377.00, samtals kr. 6.931.00. Ljóst er, að talan 6 er á báðum stöðum rituð í stað annarrar tölu, sem máð hefur verið út, enda segir í skýrslu útgefanda kvittunarinnar, að pakkhúsleiga hafi numið kr. 2.554.00 og heildarfjárhæð kr. 2.931.00. Hefur kvittunin þannig verið hækkuð um 4.000 kr.

m) Kvittun fyrir pakkhúsleigu frá 29. júní til 28. júlí 1965, kr. 1.149.00, ásamt vöxtum, kr. 26.00, samtals kr. 1.175.00. Kvittun þessi hefur verið hækkuð um 1.000 kr. með því að bæta tölunni 1 framan við verð pakkhúsleigunnar, sem var kr. 149.00, og í samræmi við það framan við heildarfjárhæðina, sem var kr. 175.00.

n) Kvittun fyrir pakkhúsleigu frá 9. janúar til 29. (mánuður ekki tilgreindur) 1965, kr. 2.038.00. Kvittun þessi var upprunalega fyrir kr. 38.00, en þeirri tölu hefur verið breytt til hækkunar um 2.000 kr.

o) Kvittun fyrir pakkhúsleigu frá 17. júlí til 11. ágúst 1965, kr.. 2.309.00, og vöxtum, kr. 28.00, samtals kr. 2.337.00. Kvittun þessi hefur verið hækkuð um 2.000 kr. með því að bæta tölunni

2 framan við tölurnar 309.00 og 337.00, er upprunalega stóðu á kvittuninni.

p) Kvittun fyrir pakkhúsleigu frá 9. október 1964 til 16. ágúst 1965, kr. 1.429.00, og vöxtum, kr. 64.00, samtals kr. 1.493.00. Pakkhúsleiga nam að réttu lagi kr. 429.00 og heildarfjárhæð því kr. 493.00, en kvittunin hefur verið hækkuð um 1.000 kr. með því að bæta tölunni 1 framan við tölur þessar.

q) Kvittun fyrir pakkhúsleigu frá 28. maí til 17. ágúst 1965, kr. 477.00. Upphaflega hefur fjárhæðin numið kr. 177.00, en tölunni 1 breytt í 4 og kvittunin þannig hækkuð um 300 kr.

r) Kvittun fyrir pakkhúsleigu frá 9. til 23. júlí 1965, kr. 1.010.00. Kvittunin hefur upphaflega verið fyrir 101 kr., en tölunni 0 hefur verið bætt aftan við, þannig að út kemur 1010, þ. e. kvittunin er hækkuð um 909 kr. Tölurnar á kvittuninni eru ritaðar með þeim hætti, að líklegt er, að þær séu ekki í upprunalegri gerð.

s) Kvittun fyrir pakkhúsleigu frá 16. til 25. ágúst 1965, kr. 2.441.00. Talan bendir til þess, að ritað hafi verið ofan í hana og að gerð hafi verið sú breyting, sem fram kemur af skýrslu útgefanda kvittunarinnar, en samkvæmt henni nam fjárhæð kvittunarinnar að réttu lagi kr. 244.00. Hefur kvittunin þannig verið hækkuð um kr. 2.197.00.

t) Kvittun fyrir pakkhúsleigu frá 15. maí til 26. ágúst 1965, kr. 4.020.00, og vöxtum, kr. 100.00, samtals kr. 4.120.00. Kvittun þessi hefur upprunalega verið fyrir pakkhúsleigu, kr. 402.00, og vöxtum, kr. 10.00, samtals kr. 412.00, en tölunni 0 hefur verið skotið aftan við þessar tölur og kvittunin þannig hækkuð um kr. 3.708.00.

u) Kvittun fyrir pakkhúsleigu frá 11. nóvember 1964 til 31. ágúst 1965, kr. 1.928.00, og vöxtum, kr. 56.00, samtals kr. 1.984.00. Kvittun þessari hefur verið breytt til hækkunar um 1.000 kr. með því að rita töluna 1 framan við tölurnar 928.00 og 984.00, en það eru hinar réttu tölur.

V. *Móttökukvittanir fyrir farmskírteinum notaðar sem sjóðsfylgiskjöl.*

Meðal sjóðsfylgiskjala í bókhaldi Landssmiðjunnar á árinu 1965 voru 12 kvittanir Hafskipa h/f. Við athugun kom í ljós, að hér mundi ekki vera um sjóðgreiðslur að ræða, heldur var um að ræða kvittanir fyrir því, að Landssmiðjan hefði viðurkennt skuld

vegna flutningsgjalda o. fl., og hafði Hafskip skuldfært Landssmiðjuna fyrir fjárhæðum þessum á viðskiptareikningi hennar. Verður nú að rekja kvittanir þessar og taka upp meginmál þeirra að hluta:

a) Kvittun, dagsett 1. marz, fjárhæð kr. 3.982.00: „Í dag hefur Landssmiðjan kvittað fyrir skuld v/flutningsgj. m/Selá 4/1 — pakkhúsleiga (kr. 259,—) ...".

b) Kvittun, dagsett 16. marz, kr. 288.00: „Í dag hefur Landssmiðjan kvittað fyrir skuld á flgj. með Laxá 12/1 ...".

c) Kvittun, dagsett 22. marz, kr. 524.00: „Í dag hefur Landssmiðjan kvittað fyrir skuld á fl.gjaldi með m/s Laxá 10/2 ...".

d) Kvittun, dagsett 25. marz, kr. 240.00: „Í dag hefur Landssmiðjan viðurkennt skuld á fragt m. m/s Rangá ...".

e) Kvittun, dags. 8. apríl, kr. 578.00: „Í dag hefur Landssmiðjan viðurkennt skuld á fl.gj. m/Selá ...".

f) Kvittun, dagsett 8. apríl, kr. 329.00: „Í dag hefur Landssmiðjan viðurkennt skuld á flgj. m/Rangá 21/10 kr. 209.00 + leiga kr. 120.00 ...".

g) Kvittun, dagsett 16. marz, kr. 2.285.00: „Í dag hefur Landssmiðjan kvittað fyrir skuld á flgj. með Rangá ...".

h) Kvittun, dagsett 16. júlí, kr. 7.706.00: „Í dag hefur Landssmiðjan greitt flutningsgj. með Selá 4/2 ...".

i) Kvittun, dagsett 31. ágúst, kr. 1.274.00: „Í dag hefur Landssmiðjan greitt stimplað flutningsgj. Laxá B/L 29 Hull ...".

j) Kvittun, dagsett 31. ágúst, kr. 2.516.00: „Í dag hefur Landssmiðjan stimplað flutningsgj. ...".

k) Kvittun, dagsett 31. ágúst, kr. 207.00: „Í dag hefur Landssmiðjan greitt stimplað flutningsgj. Langá 13/4 B/L 84 Gothenb. ...".

l) Kvittun, dagsett 6. september, kr. 226.00: „Í dag hefur Landssmiðjan viðurkennt skuld á fl.gj. með m/s Langá 6/7 ...".

Með bréfi Hafskipa h/f til Landssmiðjunnar 4. marz 1965 eru smiðjunni sendir 3 reikningar vegna flutningskostnaðar og tilkynnt, að reikningarnir hafi verið færðir til skuldar á reikningi Landssmiðjunnar. Meðal reikninga þessara er flutningsgjald það og pakkhúsleiga, sem liður a) hér að framan lýtur að.

Samkvæmt bréfi Hafskipa h/f til Landssmiðjunnar, dagsettu 7. apríl 1965, hafa fjárhæðir þær, sem um ræðir í liðum b), c), d) og g) hér að framan, verið færðar Landssmiðjunni til skuldar á viðskiptareikningi hennar hjá Hafskipum h/f.

Þá hefur Landssmiðjan verið skuldfærð fyrir fjárhæðum þeim,

sem taldar eru í liðum e) og f), sbr. bréf Hafskipa h/f, dagsett 7. maí 1965.

Þá tilkynna Hafskip h/f Landssmiðjunni með bréfi, dagsettu 28. júlí 1965, að fjárhæð sú, er greinir í lið h) hér að framan, hafi verið færð smiðjunni til skuldar.

Loks ber bréf Hafskipa h/f, dagsett 23. september 1965, að Landssmiðjan hefur verið skuldfærð fyrir fjárhæðum þeim, sem um ræðir í liðum i), j), k) og l).

Viðskiptareikningur Landssmiðjunnar hjá Hafskipum h/f ber með sér færslur þær, sem ofantalin bréf greina frá.

Ákærði Magnús Helgi kannast afdráttarlaust við það, að þeir Jóhannes hafi dregið fé úr sjóði Landssmiðjunnar með því að rangnota sem sjóðsfylgiskjöl umræddar „kvittanir" Hafskipa h/f, enda þótt ekki væri að réttu lagi um að ræða kvittanir fyrir greiðslu úr sjóði. Magnús Helgi kannaði skjöl þau, sem fram höfðu verið lögð og lýst hefur verið hér að framan, og kvað hann þetta sjálfsagt vera skjöl þau, sem þeir notuðu þannig, en ekki myndi hann þó sérstaklega eftir skjölum þessum.

Ákærði Jóhannes hefur einnig viðurkennt, að komið hafi fyrir, að stundum hafi fé verið tekið úr sjóðnum og því leynt með þessum hætti. Hins vegar hefur hann bent á, að flutningsgjöld hafi oft verið greidd úr sjóði, og hann hefur einnig bent á, að kvittun sú, sem lýst er undir h) hér að framan, hljóði um greiðslu á flutningsgjaldi og þær, sem lýst er undir i—k), hljóði um „stimplað flutningsgjald". Hefur hann dregið í efa, að víst sé, að ekki hafi verið um raunverulegar sjóðgreiðslur í þessum tilvikum.

VI. *Ymis vafasöm sjóðsfylgiskjöl.*

1. Reikningur frá Hannesi Þorsteinssyni, umboðs- og heildverzlun, dagsettur 10. júní 1965, fjárhæð kr. 11.336.00, kvittaður greiddur af Þorsteini Sigurðssyni. Reikningnum fylgir nóta, er sýnir, að varan hefur verið 94 pl. af brenni. Samkvæmt upplýsingum útgefanda reikningsins hefur vöru þeirri, sem um er að ræða, verið skilað aftur 11. júní 1965 og reikningurinn færður til baka í bókhaldi fyrirtækisins. Hefur reikningurinn verið lagður ókvittaður inn í Landssmiðjuna, og enginn Þorsteinn Sigurðsson hefur unnið hjá Hannesi Þorsteinssyni, og eru engar upplýsingar fyrir hendi um það, hver kvittað hefur fyrir greiðsluna.

Hvorugur ákærðu telur sig kannast neitt við þetta atriði, og ekki segjast þeir hafa ritað nafnið Þorsteinn Sigurðsson.

2. Meðal sjóðsfylgiskjala 1964 var reikningur, dagsettur 28.

maí 1964: „An.: vörur skv. beiðni 409.0 kg. öxulstál á 16/00 6544.— Greitt Páll Kristjánsson". Það vakti athygli ríkisendurskoðunarinnar, að við þennan reikning var fest úttektarbeiðni Landssmiðjunnar til Vélsmiðju Jens Árnasonar fyrir 9.2 m 3½ öxulstál, dags. 14. maí 1964. Er hægt að greina, að talan 9.2 er rituð í stað annarrar, sem máð hefur verið út. Athugun leiddi í ljós, að enginn kannaðist við neinn Pál Kristjánsson, sem seldi öxulstál, og telur ríkisendurskoðunin þetta benda til þess, að reikningur þessi muni vera tilbúinn.

Ákærði Magnús Helgi kveðst ekkert kannast við þennan reikning. Hann kveðst ekki vita, hver sé Páll sá Kristjánsson, sem undirritað hefur reikninginn. Hann segist ekki hafa gert það sjálfur.

Ákærði Jóhannes hefur heldur ekkert sagt um þennan reikning, og ekki kveðst hann vita um neinn Pál Kristjánsson, sem reikningurinn geti átt við.

3. Meðal sjóðsfylgiskjala V-300, innfærðra 21. maí 1965, var afrit af bréfi Landssmiðjunnar til afgreiðslu H/f Eimskipafélags Íslands á Seyðisfirði, dagsett 21. maí, en með því er tilkynnt um sendingu tékka að fjárhæð kr. 5.848.23 til greiðslu á reikningum félagsins. Er hér um að ræða 3 reikninga, er fylgja umræddu afriti:

1) Fyrir uppskipun úr m/s Bakkafossi 23. apríl, kr. 3.673.18.
2) Fyrir uppskipun úr Mánafossi 29. apríl og úr m/s Lagarfossi 30. apríl, samtals kr. 1.698.30.
3) Fyrir uppskipun úr m/s Tungufossi 10. maí, kr. 476.75.

Þá fylgja einnig kröfubréf afgreiðslu H/f Eimskipafélags Íslands á Seyðisfirði, dagsett 4. og 19. maí 1965.

Hinn 9. júní 1965 hafa sömu reikningar verið færðir aftur sem sjóðsfylgiskjal V-362. Er hér um að ræða afrit reikninganna með áritaðri kvittun afgreiðslunnar 24. maí 1965.

Hvorugur ákærðu hefur getað sagt neitt ákveðið um þetta tilfelli. Magnús Helgi kveðst ekki geta komið því fyrir sig. Hann hefur vikið að því, að hugsanlegt sé, að greiðsla hafi verið tvísend af mistökum. Jóhannes kveðst eitthvað muna eftir þessu og halda, að um mistök hafi verið að ræða, sem leiðrétt hefðu verið. Honum var bent á það, að líkur bentu til þess, að afgreiðslan hefði, er hún fékk greiðsluna, sent afrit reikninganna til baka með kvittun og hefði þá verið gripið til þeirra til þess að nota þá á ný sem sjóðsfylgiskjöl. Hann kvaðst ekki kannast við það. Hann telur sig ráma í eitthvert tilfelli, þar sem um var að ræða

tvígreiðslu á reikningi til afgreiðslu Eimskipafélagsins á Seyðisfirði af mistökum, sem síðar voru leiðrétt, en hugsanlegt sé, að það hafi verið annað tilvik en þetta.

4. Meðal sjóðsfylgiskjala, V-488, innfærðra greiddra 5. ágúst 1965, var aðflutningsskýrsla með kvittun tollstjórans í Reykjavík fyrir tollgreiðslu að fjárhæð kr. 10.681.00. Fjórum dögum síðar hefur ljósrit af sama skjali verið notað sem sjóðsfylgiskjal (V-490). Á ljósrit þetta hefur verið skrifað með rauðum blýanti: „lánað í toll".

Ákærði Magnús Helgi kveðst enga skýringu geta gefið á þessu atriði.

Ákærði Jóhannes kveðst hins vegar muna eftir þessu. Búið hafi verið að inna greiðsluna af höndum og hafi starfsmaður Landssmiðjunnar þurft að fá aðflutningsskýrsluna til afnota. Kveðst Jóhannes þá hafa ljósritað hana og skrifað á ljósritið „lánað í toll" og látið ljósritið í stað frumritsins í bókhaldið. Hann kveðst síðan hafa farið í sumarleyfi næsta dag. Segir Jóhannes, að frumritinu muni síðan hafa verið skilað. Honum var bent á, að ekki færi hjá því, að fjárhæðin, kr. 10.681.00, hefði verið tekin úr sjóði, þegar skjal þetta var notað öðru sinni sem sjóðsfylgiskjal, eða komið fram sem of mikið í sjóði. Ákærði Jóhannes kvaðst engu að heldur neina skýringu geta gefið á því, hvernig úr þessu hefði verið greitt.

5. Meðal sjóðsfylgiskjala V-849, innfærðra greiddra 2. desember 1964, er reikningur frá Gúmmísteypu Þorsteins Kristjánssonar fyrir 53 stk. gúmmípúða, kr. 3.975.00. Reikningurinn, sem dagsettur er 12. október 1964, er ókvittaður. Honum fylgir frumnóta, dagsett 12. október. Hinn 31. desember 1964 var einnig færður sem sjóðsfylgiskjal reikningur frá sama aðilja fyrir 53 stk. af gúmmípúðum á 75/—, samtals kr. 3.975.00. Reikningur þessi er einnig dagsettur 12. október 1964. Hann er kvittaður 6. janúar 1965 af Þorsteini Kristjánssyni. Engin frumnóta fylgir reikningnum. Samkvæmt upplýsingum frá útgefanda reiksingsins er hér um ein og sömu viðskipti að ræða. Ljósrit úr viðskiptamannabók Landssmiðjunnar sýna þessar færslur á reikningi Gúmmísteypunnar:

16. des.	An.: Peningar	2.000.00	
31. des.	An.: Peningar	1.975.00	
31. des.	Pro.: Innl. reikn.		3.975.00

Samkvæmt þessu virðist reikningur yfir sömu viðskipti tvisvar

vera notaður sem sjóðsfylgiskjal. Ákærði Magnús Helgi kveðst ekki muna eftir þessu atriði. Hann kannast við, að rithönd sín sé á orðunum „Greitt 6/1 65“ á reikningnum, sem notaður er sem fylgiskjal 31. desember. Hann hefur bent á, að hugsanlegt sé, að um tvígreiðslu til Þorsteins hafi verið að ræða af mistökum.

Ákærði Jóhannes kannast við, að svo sé að sjá sem tvígreiðsla hafi raunverulega farið fram, en kveðst enga skýringu geta gefið á henni.

Um sakarefni það, sem lýst er í B-þætti ákæru og varðar ákærða Magnús Helga einan, er þetta að segja:

Við bókhaldskönnunina komu í ljós 3 víxlar, sem ákærði Magnús Helgi hafði ábekt fyrir hönd Landssmiðjunnar og smiðjan hafði orðið að greiða, en voru henni annars að öllu leyti óviðkomandi. Víxlar þessir eru allir samþykktir af Ingibergi Guðmundssyni og útgefnir af Guðmundi Guðmundssyni og framseldir af honum og Bjarna Einarssyni, Höfðaborg 77, og enn fremur af Magnúsi H. Kristjánssyni pr. Landssmiðjan, svo sem áður getur. Víxlarnir eru allir útgefnir 18. janúar 1965, hver um sig að fjárhæð 1.500 kr. og gjalddagar 18. október, 18. nóvember og 18. desember 1965. Víxlar þessir hafa allir verið afsagðir vegna greiðslufalls og hafa 30. desember 1965 verið færðir til skuldar Landssmiðjunni á hlaupareikning 2031 í Landsbanka Íslands.

Ákærði segir, að hér hafi verið um að ræða víxla, sem sonur hans hafi eignazt í sambandi við sölu á bifreið. Ákærði kveðst hafa framselt víxlana f. h. Landssmiðjunnar til þess að eiga auðveldara með að selja þá í banka. Getur hann þess, að víxlarnir hafi alls verið 4 og hafi hinn fjórði verið með sömu víxilskuldurum og að fjárhæð 1.500 kr. Þann víxil kvaðst hann vera búinn að greiða, áður en til rannsóknar kom. Ákærði Magnús Helgi segist ekki muna betur en hann hafi fengið leyfi skrifstofustjórans til þessarar ráðstöfunar.

Vitnið Böðvar Ari Eggertsson skrifstofustjóri segir, að ákærði Magnús Helgi hafi aldrei beðið um leyfi til þess að skuldbinda Landssmiðjuna vegna þessara víxla. Kveðst hann muna, að sér hafi komið það á óvart, er Landssmiðjan var krafin um greiðslu á fyrsta víxlinum, og hafi hann þá spurt Magnús Helga um víxilinn. Ekki hafi Magnús Helgi þá borið það fyrir sig, að hann hefði haft leyfi til að framselja víxilinn f. h. Landssmiðjunnar, en hann hafi sagzt mundu sjá um, að aðalskuldari víxilsins greiddi hann. Úr því hafi ekki orðið og Landssmiðjan hafi þá greitt víxilinn og skuldfært Magnús Helga fyrir fjárhæðinni.

Guðlaugur Hjörleifsson forstjóri kannast ekki við það, að hann hafi gefið ákærða leyfi til umræddrar ráðstöfunar.

Í inngangi forsendna var að því vikið, að náið samstarf var milli ákærðu, og gripu þeir einatt hvor inn í starf annars. Höfðu báðir lykla að peningakassa smiðjunnar.

Ákærðu hafa yfirleitt haldið því fram, að full samstaða hafi verið milli þeirra um fjártökur úr sjóði Landssmiðjunnar og hafi þær raunar allar verið í þágu smiðjunnar sjálfrar, svo sem síðar verður lýst.

Ákærði Magnús Helgi hefur skýrt svo frá, að hann geti ekki sagt, að annar þeirra hafi framar hinum átt frumkvæði að tvínotkun fylgiskjala eða öðrum slíkum aðgerðum. Þetta hafi verið samkomulag þeirra. Um starfshætti hefur hann skýrt svo frá, að hann hafi greitt reikninga þá, sem bárust, og haldið þeim saman og síðan hafi skjölin gengið til aðalbókara, sem tekið hafi þau saman í „grúppur" og merkt þau, áður en þau fóru til innfærslu í vélabókhald. Kveðst Magnús Helgi hafa stundum gert þetta í forföllum Jóhannesar. Ákærði Magnús Helgi segir, að þeir hafi ekki ævinlega komið sér fyrirfram saman um fjártökur, en sá, sem ekki stóð að því, hafi ævinlega fengið að vita um slíkt á eftir. Telur hann, að báðir hafi ávallt um það vitað, er fé var tekið úr sjóði með einhverjum þeim hætti, sem lýst er í þessu máli. Kunni það þó að hafa komið fyrir í undantekningartilfellum, að annar hafi dregið undan fé án vitundar hins. Ákærði Magnús Helgi hefur þó enn fremur sagt, að hann muni í öllum tilvikum hafa annazt afhendingu fjárins.

Ákærði Jóhannes segir, að þeir Magnús Helgi hafi yfirleitt staðið að því í félagi að endurnota fylgiskjöl og breyta þeim. Telur hann, að þeir muni hafa haft samráð um allar slíkar aðgerðir, enda hafi samstarf þeirra verið svo náið, að naumast hafi verið um það að ræða, að annar tæki ákvörðun um einhverjar áðurnefndar aðgerðir án vitundar hins. Báðir hafi þeir gert breytingar á skjölum, er svo bar undir, og ekki geti hann sagt um, hvor meira hafi gert að því. Ekki verði heldur gert upp á milli þeirra, að því er varði frumkvæði að slíku.

Ákærði Jóhannes segir, að Magnús Helgi hafi ávallt séð um að koma fénu þangað, sem það átti að fara. Komi það því ekki til, að fé hafi verið tekið úr sjóði án vitundar Magnúsar Helga. Hitt kunni að hafa gerzt, að Magnús Helgi hafi ekki vitað í hverju tilviki, með hvaða aðferð fjártöku var leynt í bókhaldi.

Í inngangi forsendna var að því vikið, að ákærðu neita því ekki,

að þeir hafi dregið fé úr sjóði Landssmiðjunnar og leynt því með þeim aðferðum, sem síðan hefur verið lýst hér að framan. Hins vegar hafa þeir báðir ævinlega borið á móti því, að fé þetta hafi að neinu leyti runnið í þeirra eigin vasa. Verður nú að rekja framburði ákærðu um þessi atriði og enn fremur aðrar skýrslur, sem aflað hefur verið af þessu tilefni.

Ákærði Magnús Helgi Kristjánsson skýrir svo frá, að á árunum eftir að hann tók við starfi sem aðalgjaldkeri, hafi Landssmiðjan verið einn helzti innflytjandi málma hér á landi. Af skiptum smiðjunnar við erlend fyrirtæki hafi leitt gagnkvæmar heimsóknir, sem hafi haft kostnað í för með sér, en ríkisendurskoðunin hafi gert miklar athugasemdir við alla kostnaðarliði, sem að risnu lutu, og sent Landssmiðjunni harðorð bréf um þetta efni. Hafi þótt nauðsynlegt að draga úr þessum kostnaðarliðum og því hafi verið tekið að afla fjár í þessu skyni með því að búa til ranga reikninga. Ekki hefur ákærði Magnús Helgi þó viljað tilgreina ákveðin tilfelli að þessu leyti.

Þá hefur Magnús Helgi sagt, að oft hafi verið ónóg verkefni í smiðjunni og þurft að heyja baráttu til að afla viðfangsefna. Hafi í því sambandi verið nauðsynlegt að geta hyglað ýmsum aðiljum, sem fóru með málefni viðskiptavina smiðjunnar. Hafi þetta leitt til þess, að farið hafi verið að draga fé úr sjóðum stofnunarinnar til ráðstöfunar í þessu skyni. Kannaðist Magnús Helgi þó við það, að undanfarin ár hefði ekki verið um verkefnaskort að ræða, en staðhæfði engu að síður, að allt það fé, sem dregið var úr sjóði smiðjunnar og mál þetta tekur til, hafi verið notað í þágu stofnunarinnar. Í fyrstu færðist Magnús Helgi með öllu undan því að nefna neinn þeirra aðilja, er féð hefði runnið til.

Ákærði Magnús Helgi hefur jafnan haldið því fram, að núverandi forstjóra, Guðlaugi Hjörleifssyni, sem tók við forstjórastarfi 1962, hafi ekki verið kunnugt um fjártökur þessar, en Böðvari Ara Eggertssyni skrifstofustjóra hafi verið kunnugt um a. m. k. ýmis tilfellin og fyrrverandi forstjóra, Jóhannesi Zoëga, hafi vafalaust verið kunnugt um þetta að einhverju leyti.

Ákærði Jóhannes staðhæfir, að ekkert af því fé, sem dregið var úr sjóði Landssmiðjunnar og mál þetta lýtur að, hafi runnið til hans sjálfs, og sama telur hann, að eigi við um ákærða Magnús Helga. Muni allt féð hafa runnið til einhverra viðskiptaaðilja Landssmiðjunnar. Slíkar greiðslur geti verið nauðsynlegar til þess að halda viðskiptum við þessa aðilja og séu alltíðar í viðskipta-

lífinu. Einkaaðili eigi auðvelt með að færa þessar greiðslur í bókhaldi sínu, en öðru máli gildi með bókhald opinberrar stofnunar. Þar megi þess konar greiðsla ekki sjást. Hins vegar hafi Landssmiðjan staðið illa að vígi, ef hún hefði ekki getað haft sama hátt og einkafyrirtæki í sömu starfsgrein. Hafi því greiðslur af þessu tagi tíðkazt lengi, en ekki hafi verið um annað að gera en hagræða bókhaldi á einhvern hátt. Ýmislegt fleira hafi þó komið til en að beita þeim aðferðum, sem lýst hefur verið í þessu máli. T. d. hafi getað komið fyrir, að hægt hafi verið að hygla manni með því að láta honum einhverja þjónustu í té eða vöru, sem smiðjan hafði tiltæka. En í öðrum tilfellum hafi viðskiptaaðili fengið greiðslu í peningum og þá hafi gjaldkerinn orðið að taka fé úr sjóðnum og leyna því með annarlegum aðferðum. Stundum hafi viðskiptavinur þurft á þjónustu að halda, er smiðjan gat ekki látið í té. Kom þá til greina, að verkið væri framkvæmt annars staðar, en Landssmiðjan greiddi reikninginn. Slíkur reikningur hafi ekki mátt sjást í bókhaldinu og hafi þá þurft að beita sömu aðferðum og um beinar fjárgreiðslur til viðskiptamanna væri að ræða. Sem dæmi um þetta hefur Jóhannes nefnt það, að Landssmiðjan hafi greitt bílviðgerðir fyrir menn.

Þá hefur ákærði Jóhannes skýrt svo frá, að þegar umboðsmanni viðskiptaaðilja var þannig greidd þóknun eða gerður annar greiði, hafi reikningur fyrir verk það, sem um var að ræða, yfirleitt verið hækkaður sem því nam. Sem dæmi hefur Jóhannes nefnt, að A, umboðsmaður fyrirtækisins X, hafi samið við Landssmiðjuna um framkvæmd tiltekins verks fyrir X, en áskilið sér þóknun, kr. 25.000.00. Reikningur fyrir verkið, sem að réttu lagi hafi kostað kr. 100.000.00, hafi þá í samráði við A verið hækkaður í kr. 125.000.00, þannig að efni eða vinna eða hvort tveggja hafi verið reiknað hærra en var í raun og veru. Þannig hafi Landssmiðjan ekki orðið fyrir neinu fjártjóni. Ákærði Jóhannes segir, að hann hafi sjálfur aldrei innt af höndum greiðslur af þessu tagi til viðskiptaaðilja, heldur hafi Magnús Helgi séð um það. Hann kveðst ekki hafa heyrt Böðvar Ara Eggertsson mæla fyrir um slíkar greiðslur, en það hafi ekki getað farið fram hjá Böðvari eða öðrum forráðamönnum Landssmiðjunnar, þegar það lá fyrir, að reikningar voru hækkaðir frá því, sem rétt var. Jóhannes telur, að Jóhannesi Zoëga, fyrrverandi forstjóra, hafi verið kunnugt um þessa hætti, en núverandi forstjóri muni hins vegar ekki hafa verið það.

Vitnið Guðlaugur Hjörleifsson forstjóri, er tók við forstöðu Landssmiðjunnar 1. apríl 1962, segir, að sér sé með öllu ókunnugt um þess konar greiðslur til viðskiptavina Landssmiðjunnar og ákærðu hafa borið fyrir sig og lýst hefur verið. Engar slíkar greiðslur hafi farið fram að fyrirlagi hans eða með vitund hans. Þá segir hann, að síðan hann tók við forstjórastarfi hafi ekki verið aflað neins fjár með ólögmætum hætti til þess að standa undir risnu og ferðakostnaði. Slík útgjöld hafi komið á eðlilegan hátt fram í bókhaldi stofnunarinnar.

Guðlaugur segir, að fyrir geti komið, að viðskiptavinum sé gerður smágreiði án endurgjalds, svo sem unnið smávægilegt verk fyrir þá. Slík fyrirgreiðsla sé almenn í hliðstæðum fyrirtækjum. Hins vegar kannast Guðlaugur ekki við beinar fjárgreiðslur til viðskiptaaðilja og veit ekki til þess, að slíkar greiðslur hafi verið áskildar í sambandi við samþykki á tilboðum Landssmiðjunnar, né að smiðjan hafi greitt aðilja nokkru sinni fé til þess að fá hann til að taka tilboði frá henni.

Böðvar Ari Eggertsson, sem verið hefur skrifstofustjóri Landssmiðjunnar frá 1956, mótmælir því, að fjártaka sú og bókhaldsfalsanir, sem um er rætt í máli þessu, hafi verið gerð með vitund hans, hvað þá að fyrirlagi hans. Hann segir, að það sé hins vegar ekki launungarmál, að ýmsir viðskiptaaðiljar sækist mjög eftir því að fá gerð viðvik fyrir sig sér að kostnaðarlausu og sé það stundum gert, og þó reynt að komast hjá því eftir föngum. Hann segir, að beiðni um þess konar fyrirgreiðslur sé oftast komið á framfæri við verkstjórana, sem síðan komi henni áleiðis, spyrji hvort vinna megi verkið. Slíkri fyrirspurn sé beint að skrifstofustjóra eða forstjóra, en stundum kunni verkstjórar að gera mönnum greiða upp á sitt eindæmi, ef um smáræði eitt sé að tefla.

Böðvar Ari hélt því í fyrstu fram, að hann hefði aldrei vitað til þess, að um beinar fjárgreiðslur til umboðsmanna viðskiptaaðilja hefði verið að ræða í þessu sambandi, en þó hefur hann kannazt síðar við greiðslu til Guðmundar Péturssonar, en um það atvik verður rætt síðar.

Böðvar Ari hefur sagt, að viðskiptavinir hafi mikið saman við gjaldkera að sælda og sé ekkert ólíklegra, að þeir leiti eftir greiðasemi af hálfu gjaldkera en verkstjóra. En hann kveðst aldrei hafa haft neinar grunsemdir um, að ákærðu misfæru með sjóð Landssmiðjunnar né bókhald í því skyni að hafa fé til þess konar ráðstöfunar. Ákærðu hafa verið taldir mjög áþyrgir og áhugasamir starfsmenn og virzt inna störf sín af hendi með mikilli

prýði og hafi ekkert verið í fari þeirra, sem vekti efasemdir um, að ekki væri allt með felldu um störf þeirra. Þeir hafi ekki borizt mikið á né virzt hafa óeðlilega mikið fé milli handa.

Jóhannes Zoëga, nú hitaveitustjóri, var forstjóri Landssmiðjunnar frá árinu 1952 og þar til 1. apríl 1962. Honum voru kynnt sakarefni þau, sem skýrsla ríkisendurskoðunarinnar tók til, og kvað sér koma þau með öllu á óvart. Hafi hann ekki vitað betur en ákærðu, sem báðir unnu í Landssmiðjunni undir stjórn hans, væru samvizkusamir starfsmenn. Jóhannes Zoëga neitar því með öllu, að fé hafi að hans fyrirlagi eða með hans vitund verið dregið úr sjóði Landssmiðjunnar með þeim hætti, sem um ræðir í máli þessu, í því skyni að verja því til risnu eða til þess að greiða viðskiptamönnum. Hann segir reyndar, að það hafi komið fyrir, að viðskiptamönnum hafi verið gerður einhver greiði. Hafi það verið gert með hag stofnunarinnar fyrir augum, enda sé ljóst, að betra sé að njóta velvilja viðskiptamanna en fá þá á móti sér. Greiðasemi þessi hafi yfirleitt verið í því fólgin, að eitthvert smáverk, sem smiðjan gat látið í té, var unnið fyrir viðskiptavin, án þess að gjalds væri krafizt fyrir eða þá að gefinn hafi verið afsláttur á gjaldi fyrir slík verk. Sem dæmi nefndi vitnið viðgerð á húsgögnum eða viðgerð á bíl. Jóhannes segir, að fast hafi verið sótt eftir slíkri fyrirgreiðslu af hálfu sumra viðskiptamanna, og kveðst Jóhannes muna, að hann hafi einhverju sinni séð ástæðu til þess að brýna það fyrir starfsmönnum að stilla fyrirgreiðslu af þessu tagi í hóf. Beiðni um fyrirgreiðslu hafi verið beint oftast að verkstjórum og muni þeir hafa innt hana af höndum án þess að bera hana undir yfirmenn, ef þeim þótti slíkt fært. Jóhannes kvaðst ekki hafa látið inna af höndum beinar fjárgreiðslur til viðskiptamanna eða umboðsmanna viðskiptaaðilja í því skyni að skapa Landssmiðjunni „goodwill", og kannast hann ekki við það, að slíkar fjárgreiðslur hafi átt sér stað eða farið væri fram á slíkar fjárgreiðslur.

Jóhannes Zoëga kannast ekki við, að risnufjár hafi verið aflað með þeim hætti, sem ákærði Magnús Helgi hefur haldið fram, enda minnist hann þess ekki, að risnureikningar Landssmiðjunnar hafi valdið neinum vandkvæðum.

Vitnið Pétur Pétursson forstjóri, sem var skrifstofustjóri í Landssmiðjunni 1949—1956, þó með nokkrum frávikum, kannast ekki við það, að nokkru sinni hafi þurft að afla fjár til risnu með því móti, sem ákærði Magnús Helgi hefur haldið fram. Þá minnist hann þess heldur ekki, að viðskiptavinum væri nokkurn tíma

hyglað með peningagreiðslum, en hitt hafi komið fyrir, að þeim væri gerður smágreiði, svo sem með viðgerð á bíl. Sumum viðskiptamönnum hafi verið sendur jólaglaðningur. Slíkt hafi komið á eðlilegan hátt fram í bókhaldi.

Vitnið Ólafur Bessi Bjarnason segist hafa starfað sem bókari í Landssmiðjunni um nærfellt 14 ára skeið. Er starf hans það að ganga frá reikningum fyrir unnin verk, þ. e. taka saman vinnu, vélavinnu og efni og ganga frá reikningum til vélritunar. Hann telur, að reikningarnir séu stundum hækkaðir umfram það, sem gögn þessi sýna. Komi þar einkum þrennt til greina:

1) Hann kveðst taka eftir, að gleymzt hafi að skrifa efni, sem bersýnilega hafi verið notað, t. d. gleymzt hafi að skrifa rafsuðuvír á verk, þar sem rafsuðuvél hefur verið notuð. Þá sé reynt að bæta úr þessu með því að setja inn á reikninginn það efni, sem ætla má, að notað hafi verið. Bessi kveður oft koma fyrir, að starfsmenn gleymi að geta um efni, sem notað hafi verið.

2) Reikningar fyrir verk, sem gengið hafa vel, segir Ólafur Bessi, að stundum séu hækkaðir til samræmis við hliðstæð verk, sem verr hafa gengið.

3) Þá segir Ólafur Bessi, að stundum sé bætt ofan á reikning einhverri fjárhæð, sem svarar til fyrirgreiðslu, sem einhverjum viðskiptamanni hefur verið veitt. Þetta kveðst hann einungis gera eftir beinum fyrirmælum frá yfirmönnum sínum. Hann segir, að þegar yfirmenn hafi mælt svo fyrir, að reikningur skyldi hækkaður um tiltekna fjárhæð, hafi ekki verið tekið fram, af hvaða ástæðum það hafi verið.

Ólafur Bessi telur, að einungis fáir af viðskiptamönnum Landssmiðjunnar hafi notið fyrirgreiðslu af því tagi, sem hér er um að ræða, efalaust innan við tíu manns. Hann segir, að reikningar hafi verið hækkaðir af þessum ástæðum hjá Landhelgisgæzlunni, Skipaútgerð ríkisins, Eimskipafélagi Íslands, Vegagerð ríkisins og Vitamálaskrifstofunni, og kveðst hann ekki muna eftir fleiri aðiljum.

Ólafur Bessi kveðst ekki vita til þess, að viðskiptavinum hafi verið hyglað með beinum fjárgreiðslum, en ekki sé útilokað, að það hafi verið gert án vitundar hans.

Vitnið Birgir Bogason fulltrúi kveðst hafa starfað hjá Landssmiðjunni í 13 ár og sé starf sitt að reikna út laun starfsmanna eftir vinnukortum. Einnig kveðst hann hafa gripið í forföllum inn í störf annarra, svo sem Ólafs Bessa Bjarnasonar. Birgir telur það opinbert leyndarmál, að umboðsmönnum viðskiptaaðilja hafi

verið látin í té fríðindi til þess að stuðla að áframhaldandi viðskiptum við þá og á þann veg að vinna eitthvert verk fyrir þá, án þess að greiðsla kæmi fyrir. Birgir kveðst ekki vita til þess, að beinar fjárgreiðslur til þessara manna hafi farið fram, og hafi hann þó óljósan grun um, að svo hafi verið. Birgir segist starfa í sama herbergi og Ólafur Bessi og stundum vinna störf hans, eins og áður segir. Hann segir, að það hafi einkum verið ákærði Magnús, sem beindi til Ólafs Bessa að hækka reikning fyrir verk í sambandi við fríðindi til viðskiptavina. Birgir telur þó víst, að skrifstofustjóranum hafi verið um þetta kunnugt.

Svo sem áður var frá greint, héldu ákærðu því fram frá öndverðu, að fé það, er þeir tóku úr sjóði Landssmiðjunnar með launung, svo sem lýst hefur verið, hefði allt verið notað í þágu Landssmiðjunnar, þ. e. runnið til viðskiptamanna smiðjunnar til þess að stuðla að áframhaldandi viðskiptum, en ekki tilgreindu ákærðu þó neina ákveðna aðilja, er féð hefði runnið til, og færðust þeir undan að gera það, er á þá var skorað. Hinn 25. október 1966, er dómsrannsókn stóð enn yfir, kom ákærði Magnús Helgi fyrir dóminn og óskaði að gera grein fyrir einni fjárgreiðslu til viðskiptamanns, svo sem dæmi um meðferð á fé smiðjunnar. Einhverju sinni á árunum 1960—1962 hefði hann að fyrirlagi skrifstofustjórans afhent Guðmundi Péturssyni, skipaeftirlitsmanni hjá Skipaútgerð ríkisins, samtals 60 þúsund krónur. Afhendingin hefði farið fram í þrennu lagi, að hann minnti tvisvar 25 þúsund kr. og einu sinni 10 þúsund kr. Guðmundur hefði gefið kvittanir fyrir og hefðu þær verið látnar liggja í kassa, en ekki færðar inn í bókhaldið. Magnús Helgi kvaðst ekki muna, hvernig fjárgreiðslum þessum hefði verið komið fyrir í bókhaldinu, en ekki hefði Guðmundur endurgreitt féð og ekki hefðu kvittanirnar enn verið í kassanum, er ákærði lét af störfum.

Þá gat ákærði Magnús Helgi þess, að Landssmiðjan hefði stundum greitt bílaviðgerðarreikninga fyrir viðskiptavini sína og ekki innheimt reikningana. Viðgerðir þessar hefðu verið unnar í bifreiðaverkstæðinu Spindli, sem Landssmiðjan hefði skipt mikið við. Sem dæmi um menn, sem notið hefðu þessara fríðinda, nefndi ákærði Kristján Sigurjónsson, skipaeftirlitsmann hjá Landhelgisgæzlunni.

Guðmundur Pétursson kannast við, að í ágúst 1960 hafi hann leitað til Jóhannesar Zoëga og beðið hann um bráðabirgðalán vegna húsbyggingar, sem hann stóð í. Jóhannes hafi samþykkt að lána honum 40 þúsund kr., og kveðst Guðmundur hafa fengið

féð afhent af Böðvari Ara Eggertssyni í skrifstofu hans. Ekki hafi ákærði Magnús Helgi verið þar viðstaddur. Í október sama ár kveðst Guðmundur hafa fengið með sama hætti viðbótarlán, kr. 10.000.00. Ákærði hafi heldur ekki verið viðstaddur afhendingu þeirrar fjárhæðar. Guðmundur kveðst hafa litið á fjárgreiðslur þessar sem skyndilán. Um næstu áramót hafi hann spurt Böðvar Ara, hvort hann ætti að telja skuldina á skattframtali sínu, en Böðvar sagt honum að gera það ekki. Seinna kveðst Guðmundur hafa minnzt á lánið við Böðvar Ara og hvernig ætti að endurgreiða það, en Böðvar Ari hafi eytt því. Síðan segist Guðmundur ekki hafa vakið máls á láninu og ekki verið krafinn um greiðslu á því.

Böðvar Ari Eggertsson mundi eftir þessari greiðslu til Guðmundar Péturssonar, en þó ekki hvort fjárhæðin var 50 eða 60 þúsund kr. Hann segir, að forstjórinn hafi falið honum að annast þessa greiðslu til Guðmundar. Ekki minnist Böðvar Ari þess, að ákærði talaði síðan við hann um endurgreiðslu á fé þessu. Hann kveðst ekki hafa litið á þessa greiðslu sem lán, heldur haft það á tilfinningunni, að verið væri að hygla Guðmundi, sem hafi komið fram fyrir hönd Skipaútgerðarinnar í viðskiptum við smiðjuna og verið lipur og samvinnuþýður í viðskiptum. Böðvar Ara minnir, að kvittanir væru gefnar fyrir, en ekki getur hann um það sagt, hvernig þessu hafi endanlega verið komið fyrir í bókhaldi. Böðvar Ari telur, að greiðslur af þessu tagi hafi ekki verið tíðkaðar, heldur hafi þessi greiðsla verið einsdæmi.

Jóhannes Zoëga segir rétt, að Guðmundur hafi leitað til hans um aðstoð og hann fallizt á að veita honum bráðabirgðalán í sambandi við húsbyggingu. Ekki kveðst hann muna fjárhæðina og megi vera, að hún hafi numið 50 þúsund kr. Hann man ekki, hvað samið var um greiðsluskilmála, en minnir, að talað hafi verið um, að Guðmundur greiddi lánið, er hann hefði fengið annað lán. Jóhannes segir, að hér hafi verið um lán að ræða, en ekki greiðslu, sem ekki yrði endurgreidd. Jóhannes segir, að þeir Böðvar Ari hafi einhvern tíma talað um lán þetta, og kveðst Jóhannes hafa sagt, að ekki skyldi gengið hart að Guðmundi. Ekki man Jóhannes, hvernig lán þetta stóð, er hann lét af störfum.

Ákærði Magnús Helgi fullyrðir, að greiðsla hafi farið fram í þrennu lagi og numið alls 60 þúsund kr.

Ákærði Jóhannes kveðst hafa vitað um greiðsluna til Guðmundar Péturssonar og fullyrðir, að fyrir henni hafi 3 kvittanir legið í kassa að fjárhæð 60 þúsund kr. Öruggt telur hann, að aldrei

hafi verið ætlazt til þess, að litið yrði á greiðslu þessa sem lán, og til þess að koma henni fyrir hafi fé verið dregið úr sjóðnum með einhverri þeirri aðferð, sem fram hafa komið í þessu máli. Hér hafi verið um óvenju háa greiðslu að ræða og því hafi orðið að fá kvittanir hjá Guðmundi til þess að hafa þær til taks í kassanum, en þeim hafi svo verið komið fyrir einni í senn.

Við sjóðstalningu, sem fram fór í Landssmiðjunni 31. janúar 1961, hefur ekkert komið fram, sem bendir á umræddar greiðslur til Guðmundar Péturssonar. Eru ekki fyrir hendi frekari gögn um þetta atriði.

Áður var að því vikið, sem ákærði Magnús Helgi hélt fram um ókeypis bifreiðaviðgerðir fyrir Kristin Sigurjónsson, en auk hans tilnefndi ákærði Jóhannes þá Sigmund Guðbjartsson, vélstjóra á dýpkunarskipinu Gretti, og Guðstein Aðalsteinsson, skipaeftirlitsmann hjá Eimskipafélagi Íslands.

Auk þess nefndi ákærði Jóhannes, að smiðjan hefði innt af höndum mikla viðgerð á húsi Péturs Sigurðssonar, forstjóra Landhelgisgæzlunnar, og hafi raunar verið skrifaður reikningur fyrir verkinu, en einungis fyrir litlum hluta af kostnaðinum. Þá nefndi Jóhannes viðgerð fyrir nokkra aðra aðilja, sem ekki hefði komið greiðsla fyrir, og hefði vinna við þau þannig komið fram sem óarðbær vinna og efnisnotkunin sem efnisrýrnun.

Kristján Sigurjónsson skipaeftirlitsmaður kannast við það, að Landssmiðjan hafi einhverju sinni af greiðasemi við hann greitt fyrir hann reikning fyrir bifreiðaviðgerð hjá Spindli. Hafi það verið skrifstofustjórinn, sem féllst á að gera honum þennan greiða. Ekki kveðst Kristján muna, um hve mikla fjárhæð hafi verið að ræða.

Guðsteinn Aðalsteinsson tæknifræðingur, sem er skipaeftirlitsmaður hjá Eimskipafélagi Íslands, kveðst hafa skipt í starfi sínu mikið við Landssmiðjuna. Hafi það komið fyrir, að hann hafi fengið þar eitthvað smávegis smíðað ókeypis. Ekki minnist hann þess, að hann hafi fengið þar beinar fjárgreiðslur eða lán. Einhverju sinni hafi verið hertur þar upp fyrir hann bifreiðarmótor, en aldrei hafi hins vegar verið greiddur fyrir hann viðgerðarreikningur fyrir bifreið.

Sigmundur Þórir Guðbjartsson vélstjóri, sem kveðst hafa haft talsvert saman við Landssmiðjuna að sælda í sambandi við viðgerðir á dýpkunarskipinu Gretti, minnist þess, að einhverju sinni hafi hann fengið gert endurgjaldslaust við bifreið, og hafi viðgerðin farið fram í smiðjunni sjálfri (soðið í grind og innan á

bretti o. fl.). Ekki kannast hann við, að smiðjan hafi greitt fyrir hann viðgerðarreikninga hjá Spindli, en kveðst þó hafa látið gera við bifreið þar og fortekur ekki, að hann kunni að hafa fengið ívilnanir þar um greiðslu fyrir milligöngu Landssmiðju.

Við meðferð máls þessa var að ósk verjenda ákærðu leiddur sem vitni Haraldur Guðmundsson skipasmiður, Vesturgötu 50. Hann kvaðst hafa starfað í Landssmiðjunni frá 1945 til 1951, en sér hafi verið vikið frá störfum. Eftir það kveðst hann hafa átt tal við forstjórann um ýmiss konar óreiðu og spillingu, er hann hefði orðið var í rekstri smiðjunnar, en forstjórinn lítt vikizt undir það. Þá kveðst hann hafa ritað Jóhanni Hafstein dómsmálaráðherra bréf og talið þar þau atriði, sem hann hafi talið athugaverð. Bréf þetta hefur ekki komið fram í málinu, en hins vegar bréf, sem Haraldur Guðmundsson kveður að mestu leyti samhljóða bréfi því, sem hann sendi.

Auk ýmissa atriða í bréfi þessu, sem ekki er ástæða til að rekja í sambandi við þetta mál, er þar vikið að því atriði, að umboðsmenn viðskiptaaðilja láti vinna fyrir sig verk án þess að greiða þau sjálfir, heldur láti þeir færa þau inn á verk, sem þeir hafa samið við Landssmiðjuna um að vinna fyrir viðskiptaaðiljann. Eru tilgreindir 5 slíkir menn og talin verk, sem þeir hafi þannig látið vinna í eigin þágu, en látið fyrirtæki þau eða stofnanir, sem þeir voru fyrirsvarsmenn fyrir, greiða kostnaðinn. Menn þessir eru:

1) Agnar Guðmundsson, Hvalur h/f. Talin eru 3 verk á árunum 1957—1960 að fjárhæð kr. 21.500.00.

2) Guðsteinn Aðalsteinsson. Talin eru 21 verk á árunum 1957—1961, sem unnin hafi verið í þágu Guðsteins, en „klínt á" reikning Eimskipafélagsins.

3) Júlíus Ólafsson, Landhelgisgæzlan. Talin 6 verk árin 1957—1959.

4) Pétur Sigurðsson, Landhelgisgæzlan. Talin 11 verk á árunum 1959—1960, m. a. viðgerð á járnklæðningu á húsum, og er þar tilgreind talan 52.000.00.

5) Sigmundur Guðbjartsson. Talin 2 verk 1959.

Jóhannes Zoëga hefur borið það, að ráðherra hafi borið undir hann bréf Haralds Guðmundssonar. Í tilefni af því kveðst hann hafa snúið sér til verkstjóra á trésmíðaverkstæðinu til könnunar á þeim atriðum, sem í bréfinu eru greind. Hafi komið í ljós, að mörg þeirra hafi haft við rök að styðjast. Þá kveðst Jóhannes

Zoëga hafa haldið fund með yfirverkstjórum og öðrum yfirmönnum í stofnuninni. Hafi hann lagt áherzlu á, að skilað væri vinnunótum um þau verk, sem hér komu til greina, og síðan yrði tekin afstaða til þess, hvort veittur yrði afsláttur og þá hve mikill. Ráðherra hafi verið gefin skýrsla um þá athugun, sem gerð hafði verið, og minnir Jóhannes, að hann hafi ekki hafzt annað að en það að mæla svo fyrir, að almenn aðgæzla yrði viðhöfð í þeim efnum, sem hér komu til greina.

Niðurstöður.

Svo sem störfum hinna ákærðu var háttað í Landssmiðjunni, kom naumast til greina, að annar hinna ákærðu drægi fé úr sjóði smiðjunnar án vitundar hins. Gat það varla komið fyrir nema í þeim tilvikum, er annar ákærðu greip í verk hins, svo sem þegar hann var fjarverandi. Þá hafa ákærðu yfirleitt haldið því fast fram, að full samvinna hafi verið milli þeirra um fjártökur. Hafi ekki annar hinum fremur átt frumkvæði að þeim og báðir hafi þeir til skiptis gert breytingar á skjölum, þegar því var að skipta.

Þegar litið er til þessa og þess gætt, að hér var um samfellda röð samkynja brota að ræða um árabil, verður dómurinn að telja, að að svo miklu leyti sem talið verður sannað, að framin hafi verið brot þau, sem talin eru í II.—VI. kafla A-þáttar ákæru, hafi báðir hinir ákærðu átt sök á þeim. Um atriði þau, sem í I. kafla A-þáttar greinir gegnir öðru máli, þar sem ekkert virðist því til fyrirstöðu, að innborgun hafi verið dregin undan, án þess að það þyrfti að koma til vitundar aðalbókara.

Ákærðu halda því fram, að fjártökur þeirra úr sjóði Landssmiðjunnar hafi verið gerðar í þágu stofnunarinnar og féð hafi runnið til viðskiptamanna smiðjunnar. Þeir hafa þó með öllu vikizt undan því að gera grein fyrir því, hvert féð hafi runnið, og ekki sýnt fram á það að neinu leyti, að það hafi runnið til annarra en þeirra sjálfra. Greiðslan til Guðmundar Péturssonar kynni að hafa verið látin „hverfa“ með einhverri aðferð, slíkri sem greinir í máli þessu, en það hefur þá verið fyrir þann tíma, sem máli skiptir hér.

Ákærðu hafa að vísu sýnt fram á eða fært líkur að því, að margs konar óreiða og rangfærslur hafi verið hafðar í frammi í bókhaldi í Landssmiðjunni, og að ýmsum viðskiptamönnum eða umboðsmönnum viðskiptaaðilja hafi verið veitt ókeypis fyrirgreiðsla, að því er talið er í því skyni, að þeir beindu viðskiptum að smiðjunni. Hins vegar hefur ekki komið neitt fram, er styrki

framburð þeirra um, að í þessu skyni hafi verið tekið fé úr sjóði smiðjunnar og því leynt með þeim aðferðum, sem lýst er í þessu máli.

Dómurinn telur því, að líta verði svo á, að ákærðu hafi dregið sér fé það, sem talið þykir sannað, að þeir hafi tekið úr sjóði Landssmiðjunnar og ákæra lýtur að.

Verður þá tekin afstaða til einstakra atriða ákærunnar og þá fyrst til A-þáttar ákæru, er veit að ákærðu báðum.

I. kafli. Telja verður sannað, að allar fjárhæðir, sem taldar eru í þessum kafla, hafi komizt í hendur ákærða Magnúsi Helga og að þær hafi ekki runnið í sjóð Landssmiðjunnar.

Um ávísun þá, sem 1. liður lýtur að, er það að segja, að fjárhæðin átti að réttu lagi að skiptazt á 8 viðskiptamenn smiðjunnar. Af fjárhæðinni hafa kr. 14.229.22 verið færðar á viðskiptareikninga fjögurra af þessum aðiljum. Ekkert hefur verið fært á reikning hinna fjögurra. Ákærðu hafa enga grein gert fyrir því, hvað orðið hefur af hinum hluta fjárhæðarinnar, enda varð eigi farið rétt með hana á annan hátt en þann, að fjárhæðin rynni til þeirra viðskiptamanna, sem endurgreiðsla var veitt fyrir.

Sömu athuganir eiga við um ávísunina í 4. lið. Þar hafa eigi réttar fjárhæðir verið færðar á viðskiptareikninga hinna 10 aðilja, sem endurgreiðsla er veitt fyrir. Af þeim kr. 7.909.00, sem af hafa gengið, hefur ákærði Magnús Helgi, eftir því sem hann sjálfur segir, notað kr. 5.847.01 til greiðslu inn á reikninga tveggja óviðkomandi aðilja, og að sjálfsögðu öldungis ranglega. Fyrir eftirstöðvunum, kr. 2.061.99, hefur hann ekki gert neina viðhlítandi grein.

Ákærði Magnús Helgi hefur kannazt við, að hann hafi tekið við hinu ávísaða fé og ekki staðið skil á því að öllu leyti í sjóð. Samkvæmt því verður að telja sannað, að hann hafi dregið sér fé þetta, þar á meðal þær kr. 18.591.78 af ávísuninni í 1. lið, sem ekki hafa samkvæmt bókhaldinu runnið í sjóðinn, og þær kr. 2.061.99 af ávísuninni í 4. lið, sem ákærði hefur enga grein getað gert fyrir. Hefur ákærði Magnús Helgi með brotum þessum unnið til refsingar samkvæmt 247. gr. almennra hegningarlaga. Fjárvinningur hans af brotum þeim, sem talin eru í þessum kafla, nemur kr. 77.937.13.

Ákærði Jóhannes hefur eindregið neitað því, að honum hafi verið kunnugt um fjártökur úr sjóði Landssmiðjunnar með þessum hætti. Þykir sá möguleiki vera fyrir hendi, að ákærði Magnús Helgi hafi dregið undan innborganir, án þess að Jóhannesi þyrfti

að vera það kunnugt. Verður ákærði Jóhannes því sýknaður af þessum þætti ákæru.

II. kafli. Telja verður sannað, að í öllum þeim tilvikum, er talin eru í þessum kafla, hafi gömul fylgiskjöl verið endurnotuð og fé dregið með þeim hætti úr sjóði Landssmiðjunnar. Þykja ákærðu þannig hafa dregið sér fé, samtals kr. 207.684.31. Þá er ljóst, að í öllum tilvikum hefur reikningur, sem endurnotaður var, verið færður í bókhald, og er þar um að ræða rangar færslur í bók, sem lögskylt er að halda. Eins og á stóð, er rétt að telja báða hina ákærðu aðalmenn að þeim brotum, en þau varða við 158. gr. almennra hegningarlaga.

Í tilfellum þeim, sem liðir 1, 3, 13—20, 22—24, 26—29, 31—33, 37, 42, 51—53 og 55 í þessum kafla lúta að, breyttu ákærðu í blekkingarskyni innihaldi skjala og notuðu þau síðan sem sjóðsfylgiskjöl. Hafa þeir með brotum þessum unnið til refsingar samkvæmt 155. gr. almennra hegningarlaga. Tæmir ákvæði þetta sök ákærðu, þannig að 247. gr. almennra hegningarlaga verður ekki beitt einnig um þessi brot. Hins vegar ber að refsa ákærðu samkvæmt 247. gr. fyrir brot þau, sem talin eru í liðum 2, 4—12, 21, 25, 30, 34—36, 38—41, 43—50, 54 og 56—58 í þessum kafla ákæru.

III. kafli. Bókhaldsrannsókn sýnir, að samlagningarstrimlar hafa verið rangfærðir, svo sem lýst er í þessum kafla ákæru. Samkvæmt því og framburðum ákærðu um þessi atriði þykir sannað, að þeir hafi á þennan hátt dregið sér úr sjóði Landssmiðjunnar samtals kr. 71.808.75 og unnið þannig til refsingar samkvæmt 247. gr. almennra hegningarlaga.

Hin ranga samlagningartala hefur í öllum tilvikum verið færð í bókhald Landssmiðjunnar, og varða þær rangfærslur ákærðu refsingu samkvæmt 158. gr. almennra hegningarlaga.

IV. kafli. Í öllum þeim 54 tilvikum, sem talin eru í þessum kafla, hafa skjöl verið fölsuð, þannig að innihaldi þeirra hefur í blekkingarskyni verið breytt og þau síðan notuð sem sjóðsfylgiskjöl. Telja verður ákærðu báða aðalmenn að brotum þessum, og varða þau við 155. gr. almennra hegningarlaga. Eigi ber að beita jafnframt 247. gr. hegningarlaga, þótt auðgun hafi leitt af brotunum. Fjárvinningur ákærðu samkvæmt þessum kafla ákæru nemur kr. 109.157.00, en eigi 109.377.00 sem segir í ákæru, sbr. það, sem að framan segir um 4. og 15. lið þessa kafla.

Samkvæmt hinum fölsuðu skjölum hafa rangar tölur verið færðar í bókhald Landssmiðjunnar. Varða þær færslur hina ákærðu refsingu samkvæmt 158. gr. almennra hegningarlaga .

V. kafli. Sannað þykir, að í öllum þeim tilvikum, sem talin eru í kafla þessum, hafi skjöl ranglega verið notuð sem sjóðsfylgiskjöl, þ. e. að engar greiðslur hafa farið fram til Hafskipa h/f samkvæmt skjölum þessum, heldur hafa ákærðu notað þau til að dylja tilsvarandi fjártökur úr sjóði, er runnið hafi í þeirra eigin vasa. Hafa ákærðu með brotum þessum unnið til refsingar samkvæmt 247. gr. almennra hegningarlaga, og með því að færa í bókhald smiðjunnar greiðslur þessar sem greiðslur til Hafskipa h/f hafa þeir brotið gegn 158. gr. sömu laga.

Fjárvinningur ákærðu samkvæmt brotum í þessum kafla hefur numið kr. 20.155.00.

VI. kafli. Ekki er vitað, hverjir kvittað hafa reikninga þá, sem taldir eru í 1. og 2. lið þessa kafla. Þykir óvíst, hversu háttað var greiðslu á reikningum þessum, og verður ekki talið sannað, að ákærðu hafi dregið sér fé í þessum tveimur tilvikum.

Aftur á móti þykir ljóst, að í þrjú skiptin, sem lýst er í þessum kafla, hafi fé verið tekið úr sjóði Landssmiðjunnar með því að nota ranglega afrit af reikningi (3. liður), ljósrit af sjóðsfylgiskjali (4.) og ókvittaðan reikning (5.). Þykja ákærðu með þessu hafa gerzt brotlegir við 247. gr. almennra hegningarlaga svo og 158. gr. sömu laga.

Um B-þátt ákæru er það að segja, að ákærði Magnús Helgi ritaði í heimildarleysi framsal f. h. Landssmiðju á víxlana, sem voru smiðjunni öldungis óviðkomandi, og gerði hann stofnunina með þessu að skuldara að víxlunum. Með þessari misnotkun á aðstöðu sinni hefur ákærði Magnús Helgi brotið gegn 249. gr. almennra hegningarlaga.

Landssmiðjan er starfrækt af ríkissjóði samkvæmt lögum nr. 102/1936, og ákærðu, sem voru fastir starfsmenn stofnunarinnar, teljast því hafa verið opinberir starfsmenn. Öll þau brot, sem dómur þessi lýtur að, frömdu þeir með misnotkun stöðu sinnar. Refsingu fyrir brotin ber því að ákveða samkvæmt ákvæðum 138. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Magnús Helgi Kristjánsson hefur ekki sætt refsingum nema sektum fyrir umferðarbrot.

Ákærði Jóhannes hefur einu sinni verið dæmdur í 10 daga varðhald fyrir umferðarlagabrot og sætzt á greiðslu sekta fyrir umferðarbrot svo og einu sinni á greiðslu 4.000.00 kr. sektar fyrir 261. gr. almennra hegningarlaga (misnotkun tékka).

Við ákvörðun refsingar ber að líta til ákvæða 77. gr. almennra

hegningarlaga og enn fremur til þess, að ákærðu misstu stöður sínar.

Verður refsing ákærða Magnúsar Helga Kristjánssonar ákveðin fangelsi 20 mánuðir og refsing ákærða Jóhannesar Gíslasonar fangelsi 18 mánuðir.

Atvinnumálaráðuneytið gerði í máli þessu kröfu um, að ákærðu yrðu in solidum dæmdir til þess að greiða Landssmiðjunni kr. 607.227.27 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1965 til greiðsludags. Við lokaflutning málsins hefur krafa þessi verið lækkuð niður í kr. 525.346.42, og er sú tala í samræmi við ákæruna í máli þessu.

Af því, sem sagt var um I. kafla ákæru hér að framan, er ljóst, að ákærði Jóhannes er ekki fébótaskyldur að því leyti, en hins vegar ákærði Magnús Helgi. Ber að dæma hann til að greiða Landssmiðjunni kr. 77.937.13, er hann telst sannur um að hafa dregið sér samkvæmt þessum kafla ákæru.

Samkvæmt þeim niðurstöðum, sem fengnar eru hér að framan, hafa ákærðu sameiginlega auðgazt um kr. 429.309.29 samkvæmt þeim ákæruatriðum, sem rakin eru í II.—VI. kafla og talin eru sönnuð. Ber að dæma hina ákærðu in solidum til greiðslu þessarar fjárhæðar.

Um vaxtakröfuna er þess að gæta, að vaxta er krafizt frá 1. janúar 1965. Nú er fram komið, að hluta þess fjár, sem ákærðu öfluðu sér með brotum sínum, hafa þeir dregið sér á fyrstu 9 mánuðum ársins 1965. Á hinn bóginn hefur meiri hluti fjártökunnar farið fram á árunum 1961—1964, svo sem fram kemur af þessari töflu:

II. kafli	1961	1962	1963	1964	1965
ákæru . . .	31.483.08	10.778.07	40.920.70	64.581.21	59.921.25
III. kafli . .			32.233.00	18.905.00	20.670.75
IV. kafli . .			5.005.00	46.505.00	57.647.00
V. kafli . .					20.155.00
VI. kafli . .				3.975.00	16.529.23
	31.483.08	10.778.07	78.158.70	133.966.21	174.923.23

Af þeim kr. 77.937.13, sem ákærði Magnús Helgi er sakfelldur fyrir að hafa dregið sér samkvæmt I. kafla ákæru, hefur hann aflað sér einungis kr. 9.101.00 á árinu 1965, en kr. 18.591.78 á árinu 1963 og kr. 50.244.35 árið 1964.

Af hálfu kröfuhafa er krafan um vexti talin gerð með framangreindum hætti af hagkvæmnisástæðum í stað þess að krefjast vaxta af hverri fjárhæð, frá því að hún hafi verið tekin úr sjóði, enda sé ekki með þessum hætti hallað á hina ákærðu. Þegar litið er á ofanskráða skiptingu milli ára, þykir mega fallast á þetta og dæma vexti af allri fjárhæðinni frá 1. janúar 1965 að telja til greiðsludags.

Ákærði Magnús Helgi Kristjánsson verður dæmdur til greiðslu málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttarlögmanns, en ákærði Jóhannes Gíslason til greiðslu málsvarnarlauna til Jónasar Aðalsteinssonar héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda síns. Ákærðu verða in solidum dæmdir til greiðslu alls annars kostnaðar sakarinnar, þar á meðal málssóknarlauna skipaðs sækjanda í málinu, Guðmundar Skaftasonar héraðsdómslögmanns.

Málssóknarlaun ákveðast kr. 60.000.00 og málsvarnarlaun sama fjárhæð til hvors verjanda.

Dómsorð:

Ákærði Magnús Helgi Kristjánsson sæti fangelsi 20 mánuði og ákærði Jóhannes Gíslason fangelsi 18 mánuði.

Ákærði Magnús Helgi Kristjánsson greiði Landssmiðjunni kr. 77.937.13 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1965 til greiðsludags.

Ákærðu greiði Landssmiðjunni in solidum kr. 429.309.29 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1965 til greiðsludags.

Ákærði Magnús Helgi Kristjánsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 60.000.00, og ákærði Jóhannes Gíslason málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jónasar Aðalsteinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 60.000.00. Allan annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum, þar á meðal kr. 60.000.00 í saksóknarlaun til skipaðs sækjanda, Guðmundar Skaftasonar héraðsdómslögmanns.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. júní 1969.

Nr. 230/1968. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
William Rawcliffe
(Benedikt Blöndal hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, hefur eftir uppsögu héraðsdóms markað á sjókort staði togara ákærða samkvæmt mælingum varðskipsins Alberts hinn 11. nóvember 1968, og reyndist:

a) staður togarans kl. 2133 um 1.60 sm innan fiskveiðamarka
b) — — - 2140 — 1.50 — — —
c) — — - 2146 — 1.20 — — —
d) — — - 2154 — 0.85 — — —
e) — — - 2159,5— 0.65 — — —
f) — — - 2205 — 0.45 — — —
g) — — - 2211 — 0.20 — — —
h) — — - 2223 — 0.30 — utan —
i) — — - 2229 — 0.15 — — —
j) — — - 2239 — 0.20 — — —
k) staður varðskipsins við togarann kl. 2253 um 0.3 sm utan fiskveiðamarka.

Síðan segir í greinargerð skólastjórans á þessa leið:

„Við staðarákvarðanir varðskipsins kl. 2146 og 2205 var ratsjármiðun til Straumness 046° í bæði skiptin. Rétt miðun frá þessum stöðum til Straumness mælist í kortinu 049° í bæði skiptin, sem gefur + 3° skekkju í ratsjármiðunum. Þessi skekkja hefur verið heimfærð upp á allar miðanir af togaranum samkvæmt skýrslu skipherrans á Albert. Hér er ekki reiknað með stórbaugsleiðréttingu á miðuninni 046°, en hún er lítil, um + 0.4°. Þá veldur breidd ratsjárgeislans

skekkju í miðun af landinu, sem nemur hálfri breidd hans, eða + 0.35°. Samtals eru þessar leiðréttingar um ¾°, eða innan þeirra nákvæmnimarka, sem framleiðendur ratsjárinnar gefa upp fyrir miðanir.

Þá hef ég borið saman fjarlægðir samkvæmt ratsjármælingum í Reykjavíkurhöfn hinn 30/10 1968 og samsvarandi fjarlægðir í sjókortum og ekki fundið mælanlegan mun á þeim, miðað við þá nákvæmni, sem tiltekin er í skýrslu skipherrans.

Meðalhraði togarans milli mælistaða reiknast mér þannig: a—b um 4.1 sml., b—c um 4.7 sml., c—d um 3.0 sml., d—e um 4.1 sml., e—f um 4.4 sml., f—g um 3.4 sml., g—h um 2.6 sml., h—i um 2.0 sml., i—j um 0.6 sml. og j—k um 0.9 sml.

Við þessa hraða er það að athuga, að þeir eru yfirleitt reiknaðir út frá stuttu tímabili og tíminn aðeins tiltekinn með 1 mínútu nákvæmni, nema við eina mælinguna með ½ mínútu nákvæmni. Má því gera ráð fyrir nokkurri ónákvæmni í hraðaútreikningunum.

Í sama sjókort hef ég sett út staðarákvörðun skipstjóra togarans, er hann kastaði kl. 1800 hinn 11/11, staður X í kortinu, um 0.1 sml. utan fiskveiðamarkanna. Einnig staðarákvörðun hans, er þeir hífðu upp eftir það tog rétt fyrir kl. 2030, staður Y í kortinu, um 0.3 sml. fyrir utan fiskveiðamörkin. Enn fremur hef ég sett út staðarákvörðun, er skipstjórinn kveðst hafa gert, þegar þeir festu um kl. 2110, staður Z í kortinu, um 0.1 sml. utan fiskveiðamarkanna. Staðir X, Y og Z eru auðkenndir með grænum lit.

Í annað sjókort, nr. 41a, hef ég sett út staðarákvarðanir varðskipsins, ef reiknað er með 2½% fjarlægðarskekkju og 1° miðunarskekkju togaranum í hag. Er það í samræmi við þá nákvæmni, sem framleiðendur gefa upp fyrir Kelvin Hughes ratsjá v/s Alberts af gerðinni 14/9, þ. e. ± 2½% fjarlægðarnákvæmni fyrir færanlega fjarlægðahringinn og innan við 1° miðunarnákvæmni. Staðir varðskipsins eru, eins og áður, auðkenndir með svörtum lit, en staðir togarans með rauðum lit.

Staðir togarans mælast samkvæmt því:

a^1	kl. 2133	um 1.1	sml.	innan	fiskveiðamarkanna
b^1	— 2140	— 1.0	—	—	—
c^1	— 2146	— 0.7	—	—	—
d^1	— 2154	— 0.35	—	—	—
e^1	— 2159.5	— 0.2	—	—	—
f^1	— 2205	á fiskveiðamarkalínunni			
g^1	— 2211	um 0.3	sml.	utan	fiskveiðamarkanna
h^1	— 2223	— 0.7	—	—	—
i^1	— 2229	— 0.7	—	—	—
j^1	— 2239	— 0.65	—	—	—
k^1	— 2253	— 0.8	—	—	— ...“.

Í vætti skipherra varðskipsins í sakadómi Ísafjarðar hinn 12. nóvember 1968 segir m. a. svo: „Mættur segir aðspurður, að hann hafi borið saman stefnulínu radarsins og stefnu gýróáttavitans, og stefnulína radarsins var þá plús 3 gráður, og var stöðugt fylgzt með stefnulínunni, og var hún allan tímann plús 3 gráður. Við útsetningu í sjókorti var reiknað með þessari skekkju“. Af þessu efni voru hinn 11. júní 1969 í sakadómi Reykjavíkur dómkvaddir þeir Benedikt Alfonsson stýrimannaskólakennari og Trausti Ríkarðsson verkfræðingur „til að láta uppi álit sitt á öryggi staðarmælinga með ratsjá, sem svo er ástatt um sem getið var“. Álitsgerð hinna dómkvöddu manna um greint efni, dags. 12. júní 1969, hefur verið lögð fyrir Hæstarétt. Er álitsgerðin, sem matsmennirnir hafa staðfest með eiði, svohljóðandi:

„Við undirritaðir vorum dómkvaddir hinn 11. júní til að láta uppi álit okkar á öryggi staðarmælinga með ratsjá, sem svo er ástatt um og ratsjá þá, sem notuð var í varðskipinu „Albert“ við töku togarans „Boston Phantom“, FD-252, hinn 11. nóvember 1968.

Við notkun ratsjár er ýmist höfð afstæð (relative) eða réttvísandi (gyro — stabilised) miðun. Við afstæða notkun vísar stefnulínan stöðugt á 0°, og allar miðanir eru afstæðar við stefnu skipsins. Við stefnubreytingu skipsins snýst því myndin samsvarandi. Við réttvísandi notkun er ratsjáin tengd

gýróáttavitanum, og sýnir þá stefnulínan stefnu skipsins hverju sinni, og allar miðanir eru réttvísandi. Myndin er óháð stefnubreytingum skipsins og því skýrari og betri til nákvæmra mælinga.

Við breytingu á notkunaraðferð svo og við gangsetningu þarf að stilla stefnulínuna inn á tilheyrandi gráðu, við afstæða notkun á 0°, en við réttvísandi notkun á stefnu skipsins.

Við samstillingu ratsjár og gýróáttavita þarf fyrst að stilla stefnulínuna á stefnu skipsins og síðan setja inn samtengirofa.

Er ratsjáin hefur verið samstillt gýróáttavitanum, fylgir stefnulínan vísun hans. Við nákvæmar mælingar er rétt að bera saman vísun gýróáttavita og vísun stefnulínu ratsjár, til að fyllsta öryggis sé gætt. Um þetta gildir sama og lausa fjarlægðarhring ratsjárinnar, að hann er borinn saman við föstu fjarlægðarhringana í öryggisskyni, samanber ratsjárprófanir varðskipsmanna kl. 2147 og 2206.

Fram kemur í málinu, að notkunaraðferð ratsjárinnar í varðskipinu við mælingarnar í umrætt skipti var réttvísandi, en við samanburð stefnulínu og gýróáttavita reyndist vera + 3° mismunur. Einnig kemur fram, að þessi munur breyttist ekki, meðan mælingarnar stóðu yfir.

Við teljum því, að áðurgreindur mismunur rýri ekki nákvæmni mælinganna, þar sem tekið er tillit til hans við útsetningar í sjókort".

Fyrir dómi skýrðu matsmenn atriði, er álitsgerðina varða.

Af hendi verjanda ákærða hefur verið lögð fyrir Hæstarétt skýrsla Wallace Charles Nutton, skipstjóra á brezka togaranum Prince Philip. Skýrir skipstjórinn þar frá því, að hann hafi á nefndu skipi sínu seint að kvöldi 11. nóvember 1968 verið „að veiðum undan norðvesturströnd Íslands í samfylgd með nokkrum öðrum brezkum togurum, sem einnig voru að veiðum. Eitt þessara skipa var togarinn Boston Phantom frá Fleetwood". Einn togara, sem nefndur skipstjóri eigi bar kennsl á, kveður hann hafa verið að veiðum innan fiskveiðamarkanna. Síðar í skýrslunni segir á þessa leið:

„Mér hefur verið sýnt ljósrit af sjókorti, sem notað var sem sönnunargagn á Ísafirði, en á því eru staðsetningar varðskipsins Alberts. Ég hefi athugað sjókort þetta og er ekki í neinum vafa um, að staðsetningarnar á skipinu, sem í athugun var, varða togarann, sem ég hafði séð að veiðum innan tólf mílna markanna, en ekki Boston Phantom". Greind frásögn um veiði nokkurra togara á hafsvæði því, sem um er að tefla, samtímis athugunum varðskipsins á skipi ákærða, er í samræmi við skýrslur varðskipsmanna. Skipstjórnarmenn þeir, er voru á varðskipinu Albert við töku togara ákærða, komu af nýju fyrir dóm hinn 11. og 12. júní 1969, og var þeim þá m. a. kynnt umrædd skýrsla skipstjórans á Prince Philip. Skipherra varðskipsins bar þá m. a. á þessa leið: „Vitnið kveður með öllu útilokað, að um misgrip á skipum hafi verið að ræða greint sinn. Fyrsti stýrimaður hafi fylgzt með togaranum í ratsjá allan tímann. Engin önnur skip hafi verið það nærri, að hætta hafi verið á ruglingi. Vitnið fylgdist sjálft með togaranum úr brú varðskipsins með berum augum, og telur vitnið það fjarstæðu, að um misgrip kunni að hafa verið að ræða á skipum. Aðspurt telur vitnið, að önnur skip hafi ekki verið að togveiðum í fiskveiðalandhelgi á þessum slóðum en Boston Phantom, er atvik málsins urðu. Á meðan á eftirförinni stóð, kveður vitnið, að togarinn, sem eftirför var veitt, hafi ekki siglt fram hjá öðru skipi, í veg fyrir annað skip né annað skip siglt í veg fyrir togarann. Því telur vitnið útilokað, að ruglingur hafi orðið á skipum, og vísar að öðru leyti til fyrri framburðar þess í málinu". Fyrsti stýrimaður bar m. a. þannig:

„Vitnið kveður útilokað, að um rugling á skipum kunni að hafa verið að ræða í umrætt skipti og vill vísa í framburð þess fyrir sakadómi Ísafjarðar um það efni sem rétts um alla málavöxtu. Í eftirförinni að Boston Phantom í greint sinn var vitnið við ratsjá varðskipsins og hafði ekki augu af togaranum í ratsjánni, allt þar til varðskipið var komið að síðu togarans. Vitnið fullyrðir, að ekkert skip hafi verið innan við mílufjarlægð frá Boston Phantom, á meðan eftirförin fór fram, utan varðskipið, og telur vitnið útilokað, að

um nokkurn rugling kunni að hafa verið að ræða á skipum. Vitnið kveður, að Boston Phantom hafi ekki siglt í veg fyrir nokkurt skip, fram hjá skipi né skip siglt í veg fyrir togarann, meðan eftirförin stóð yfir, og miðar vitnið þá við það, að ekkert þriðja skip hafi verið innan mílu fjarlægðar frá togaranum þá". Annar stýrimaður varðskipsins tók fram, að hann teldi með öllu útilokað, að ruglingur hefði orðið á skipum við töku togarans Boston Phantom. Síðan segir í vætti stýrimannsins svo: „Vitnið kom upp í brú varðskipsins, skömmu áður en þriðja staðarákvörðun togarans var gerð, sem um getur í skýrslu skipherra. Er sú staðarákvörðun var gerð, sá vitnið togarann í ratsjá varðskipsins og fylgdist með togaranum í ratsjánni, allt þar til varðskipið fór að nálgast togarann. Þá fylgdist vitnið einnig með togaranum í sjónauka. Mælingar þær, er gerðar voru í eftirförinni, setti vitnið út í sjókort, en meðan vitnið var að þeim störfum, hafði það ekki aðstöðu til að fylgjast með ferðum togarans, en telur sem fyrr útilokað, að nokkur ruglingur hafi getað orðið á skipum, þar eð næstu skip við togarann Boston Phantom utan varðskipið voru aldrei nær en að minnsta kosti mílu fjarlægð frá togaranum, er þau voru næst honum, skömmu áður en varðskipið kom að togaranum".

Samkvæmt forsendum héraðsdóms og því, sem nú hefur verið rakið, þykir sannað, að ákærði hafi verið að botnvörpuveiðum innan fiskveiðamarka, og varðar það brot hans við lagaboð, er í ákæru getur.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands jafngilda 100 gullkrónur nú kr. 3.992.93. Eftir málavöxtum og með hliðsjón af greindu gullgengi, sbr. lög nr. 4/1924, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 700.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. En þar sem eigi telst sannað, að ákærði hafi framið brot sitt af ásettu ráði, verður honum auk sektar eigi dæmt varðhald samkvæmt 6. gr. laga nr. 62/1967, enda þótt um ítrekun brots sé að tefla.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og málskostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 60.000.00, og laun verjanda síns, kr. 60.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, William Rawcliffe, greiði kr. 700.000.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og málskostnað eru staðfest.

Ákærði greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 60.000.00, og laun verjanda síns, Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmanns, kr. 60.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 14. nóvember 1968.

Ár 1968, fimmtudaginn 14. nóvember, var í sakadómi Ísafjarðar í dómsal bæjarfógetaembættisins að Pólgötu 2, Ísafirði, af Björgvin Bjarnasyni bæjarfógeta með meðdómendunum Guðmundi Guðmundssyni og Símoni Helgasyni kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var í dag.

Mál þetta er með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dags. 13. nóvember s.l., höfðað gegn William Rawcliffe, skipstjóra á togaranum Boston Phantom, FD 252, til heimilis 3 Rydal Avenue Fleetwood, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðabrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara út af Arnarfirði mánudagskvöldið 11. nóvember 1968 innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 3/1961.

Í ákæruskjali ákærist ákærði til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr. og 6. gr., sbr. 7. gr. laga um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 18. janúar 1933, Englandi, og hefur sætt eftirfarandi kærum og refsingum, svo að kunnugt sé: 1964, 13. október, á Ísafirði dómur, 260.000 króna sekt fyrir ólöglegar botnvörpuveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands, afli og veiðarfæri um borð í b/v Prince Philip, FD 400, gerð upptæk. 1965, 13. desember, dómur Hæstaréttar í ofangreindu máli, 300.000 krónur.

Fulltrúi saksóknara ákvað, að málið skyldi sæta meðferð 2. tölul. 130. gr. laga nr. 82/1961 og að hann annaðist sókn í málinu. Hann setti fram kröfur í málinu í samræmi við ákæruskjal og krafðist enn fremur, að ákærði yrði dæmdur til að greiða hæfileg saksóknarlaun í ríkissjóð eftir mati dómsins.

Verjandi ákærða krafðist þess, að ákærði yrði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins, og gerði kröfu um málsvarnarlaun sér til handa og að allur sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð.

Málið var flutt munnlega samkvæmt ákvörðun dómsins.

Málavextir eru þessir:

„Mánudaginn 11. nóvember 1968 tók varðskipið brezka togarann Boston Phantom, FD 252, að meintum ólöglegum togveiðum innan fiskveiðitakmarkanna út af Arnarfirði. Skipstjóri, William Rawcliffe, fæddur 18. janúar 1933 í Fleetwood, til heimilis 3 Rydal Avenue, Fleetwood.

Nánari atvik voru sem hér segir:

Mánudaginn 11. nóvember, er varðskipið var á S-leið NV af Barða, sáust nokkur skip í ratsjá þess, og virtist einkum eitt grunsamlegt, þar sem það var innst. Var því gerð eftirfarandi staðarákvörðun á því kl. 2133:

I. Skipið r/v 231°, fjarl. . . . . 12.4 sjm.
Göltur, fjarl. . . . . 7.2 —
Barði, fjarl. . . . . 6.5 —

Gefur það stað skipsins 1.65 sjóm. innan fiskveiðitakmarkanna. Var hafin aðför að skipinu og sett á fulla ferð kl. 2137.

Kl. 2140 gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

II. Skipið r/v 231°, fjarl. . . . . 11.7 sjm.
Göltur, fjarl. . . . . 7.9 —
Barði, fjarl. . . . . 6.2 —

Gefur það stað skipsins 1.5 sjóm. innan fiskveiðitakmarkanna og togferð.

Kl. 2142 sjást ljós skipsins, og er það togari, og virðist hann halda út.

Kl. 2146 gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

III. Togari r/v 232°, fjarl. .. .. 10.7 sjm.
Göltur, fjarl. .. .. 9.0 —
Barði, fjarl. .. .. 6.3 —
Straumnes, ratsjármiðun 046°.

Gefur það stað togarans um 1.2 sjóm. innan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 2147 var lausi fjarlægðarhringurinn borinn saman við föstu hringina á 6 og 10 sjóm., og reyndust þeir réttir. Einnig reyndist miðpunktur ratsjárinnar réttur.

Kl. 2151 gefið stöðvunarmerki „K" með ljósmorsi (HH).

Kl. 2154 gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

IV. Togari r/v 233°, fjarl. .. .. 9.7 sjm.
Göltur, fjarl. .. .. 10.3 —
Barði, fjarl. .. .. 6.7 —
Gefið stöðvunarmerki „K" með ljósmorsi (HH).

Gefur það stað togarans um 0.8 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

Kl. 2159,5 gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

V. Togari r/v 234°, fjarl. .. .. 8.9 sjm.
Göltur, fjarl. .. .. 11.2 —
SV.kantur Barði, fjarl. .. .. 7.3 —
Gefið stöðvunarmerki „K" með ljósmorsi (HH).

Gefur það stað togarans um 0.6 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

Kl. 2205 gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

VI. Togari r/v 235°, fjarl. .. .. 8.2 sjm.
Göltur, fjarl. .. .. 12.2 —
SV.k. Barði, fjarl. .. .. 7.6 —
Straumnes, ratsjármiðun 046°.

Gefur það stað togarans um 0.45 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

Kl. 2206 er lausi fjarlægðarhringur ratsjárinnar borinn saman við föstu hringina á 6, 8 og 12 mílum og er réttur.

Kl. 2211 gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

VII. Togari r/v 235°, fjarl. .. .. 7.4 sjm.
Göltur, fjarl. .. .. 13.3 —
Fjallaskagi, fjarl. .. .. 9.1 —
Gefið stöðvunarmerki „K" með ljósmorsi (HH).

Gefur það stað togarans um 0.1 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

Kl. 2213 enginn annar togari er nær togaranum en eina sjómílu.

Kl. 2223 gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

VIII. Togari r/v 236°, fjarl. .. .. 5.8 sjm.
SV. k. Barði, fjarl. .. .. 9.6 —
Kópanes, fjarl. .. .. 16.1 —

Gefur það stað togarans um 0.35 sjóm. utan fiskveiðimarkanna.

Kl. 2225 sést, að togarinn er að snúa til stjórnborða (HH).

Kl. 2227 hefur togarinn snúið um 180° (HH).

Kl. 2229 gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

IX. Togari r/v 237°, fjarl. .. .. 4.4 sjm.
SV.k. Barði, fjarl. .. .. 10.4 —
Kópanes, fjarl. .. .. 15.6 —

Gefur það stað togarans um 0.2 sjóm. utan fiskveiðimarkanna.

Kl. 2232 sjást menn að vinnu á dekki togarans (ÞA).

Kl. 2235 hefur togarinn snúið um 360° og liggur flatur með stb. hlið upp í vindinn.

Kl. 2236 andanesljós togarans loga (HH).

Kl. 2239 gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

X. Togari r/v 237°, fjarl. .. .. 2.4 sjm.
SV.k. Barði, fjarl. .. .. 12.0 —
Kópanes, fjarl. .. .. 15.0 —

Gefur það stað togarans um 0.1 sjóm. utan við stað hans kl. 2229.

Kl. 2246 gefið stöðvunarmerki „K" með ljósmorsi, fjarlægð í togarann 0.9 sjóm.

Kl. 2248 sést net á stb. síðu togarans (HH. ÓVS. ÞA), fjarlægð í togarann 0.4 sjóm.

Kl. 2250 sjást hlerar í gálganum og netið úti, fjarlægð í togarann 0.2 sjóm. (HH. ÓVS. ÞA).

Kl. 2252 sést, að togarinn er Boston Phantom, FD 252.

Kl. 2253 gerð eftirfarandi staðarákvörðun við togarann og sett út bauja:

VI. SV.k. Barði, fjarl. .. .. 14.2 sjm.
Kópanes, fjarl. .. .. 14.7 —
Dýpi 75 metrar.

Gefur það stað togarans um 0.35 sjóm. fyrir utan fiskveiðitakmörkin, svo til á sama stað og kl. 2223.

Meðan á aðför að togaranum stóð, var án afláts fylgzt með honum, bæði í ratsjá, þar sem miðunarlínu og fjarlægðarhring

var stöðugt haldið á honum, og enn fremur var alltaf horft á togarann með berum augum.

Kl. 2257 fóru I. og II. stýrimaður yfir í togarann. Poki var frá leystur og spriklaði koli á dekki. Sérstaklega voru nokkrir þorskar athugaðir. Voru þeir það vel lifandi, að þeir gátu ekki hafa verið nema nokkrar mínútur á dekki. Ekki vottaði fyrir ryði á hleraskóm.

Aðspurður kveðst skipstjóri togarans hafa hift fyrir þó nokkru síðan, en svör hans voru óljós. Eftir að hann var kominn um borð í varðskipið kl. 2317, kvaðst hann hafa hift fyrir einni klukkustund.

Svör vakthafandi vélstjóra togarans og loftskeytamanns voru óljós og ósamhljóða.

Var skipstjóranum nú sagt að halda til Ísafjarðar og að mál hans yrði rannsakað þar.

Kl. 2357 var togaraskipstjórinn kominn um borð í skip sitt.

Kl. 0005 var komið að baujunni, og mældust sömu fjarlægðir við hana, eins og hún var sett út. Kl. 0010 var baujan komin inn.

Var II. stýrimaður varðskipsins um borð í togaranum ásamt tveimur hásetum. Skipin lögðust að bryggju á Ísafirði kl. 0400 þriðjudaginn 12. nóv.

Staðarákvarðanir voru gerðar af I. og II. stýrimanni með gýrósamstilltri Kelvin Hughes 14/9T ratsjá undir yfirumsjón skipherra. Loftskeytamaður skráði viðburði. Dýpi mælt með Elac dýptarmæli. Athygli skal vakin á athugunum, sem gerðar voru kl. 2146 og 2205 til að reyna miðunarhæfni ratsjárinnar. En allar miðanir á togarann hafa hér að framan verið leiðréttar til samræmis við þær athuganir.

Þ. 30/10. '68, áður en varðskipið fór frá Reykjavík, var eftirfarandi athugun gerð til að reyna fjarlægðarnákvæmni ratsjárinnar:

Brimnes, fjarl.	4.4
Innri Hólmur, fjarl.	9.1
Fagraskógarfjall, fjarl.	38.2

Veður NA 4 vindstig, dálítill sjór, skýjað".

Skipherrann á varðskipinu Albert, Helgi Hallvarðsson, Ólafur Valur Sigurðsson, 1. stýrimaður, Þorvaldur Birgir Axelsson, 2. stýrimaður, og Leif Bryde loftskeytamaður komu allir fyrir dóminn og staðfestu skýrslu sína og framburð með eiði.

Enn fremur utan skýrslu á dskj. nr. 1 kom fram eftirfarandi hjá þessum vitnum:

Vitnið Helgi Hallvarðsson kveðst hafa borið saman stefnulínu ratsjárinnar og stefnu gýróáttavitans og hafi stöðugt verið fylgzt með stefnulínunni, hún haldizt óbreytt, og voru tölurnar á dskj. nr. 1 leiðréttar samkvæmt skekkju þessari, sem var plús 3 gráður. Vitnið segir, að togarinn hafi alltaf verið grynnst þeirra skipa, sem voru á sömu slóðum, og aldrei verið minna bil á milli hans og annarra skipa en ein sjómíla. Þá var vitnið við 2 fyrstu ratsjármælingar, en fylgdist síðan með togaranum úr glugga stýrishúss varðskipsins. Sá það fyrst fram með stjórnborðssíðu hans, en svo nokkru seinna sá það afturljós hans, og hélt hann stöðugt á undan, þar til hann sneri í stjórnborða. Ekki vill vitnið fullyrða um, hvort skipverjar á togaranum hafi séð ljósstöðvunarmerki þau, sem það sendi sjálft. Það kveðst ekki hafa séð togvíra úr gálgum í sjó. Þarna hafi lítið rekið undan straumi og það litla, sem rak, var undan vindi. Segir vitnið, að varpa togarans hafi verið á lunningu hans og belgur í sjó, þegar komið var að togaranum. Þá kveðst það hafa séð svonefnt andanesljós á brúarþaki togarans, en á því er kveikt, þegar kastað er og hift. Hefur ákærði viðurkennt að hafa notað þessi ljós í umræddum tilvikum, en vitnið telur sig hafa séð það kl. 2236.

Vitnið Ólafur Valur Sigurðsson segir, að belgur vörpunnar hafi verið í sjó, þegar komið var að togaranum, og mest öll skipshöfnin að vinnu á þilfari, þ. á m. að bæta vörpuna. Það athugaði fisk í kössum á þilfari og sá þá lifandi kola og þorsk. Handlék það 3 þorska, og voru þeir allir vel lifandi. Það kveður nokkuð mörg skip hafa verið í nánd við togarann, sem var innarlega. Tvö þessara skipa hafi verið nær honum en hin, og gætti vitnið þess mjög vandlega að fylgjast með togaranum í ratsjánni og telur, að næsta skip hafi aldrei komið nær honum en eina sjómílu, og telur vitnið útilokað, að villzt hafi verið á skipum, þegar skipt var um skala á ratsjánni, miðað við þá aðgát, sem höfð var við töku togarans. Þá segir vitnið, að mælingatölur á dskj. nr. 1 séu leiðréttar tölur miðað við skekkjuna plús 3 gráður.

Vitnið Þorvaldur Birgir Axelsson segir, að net hafi verið úti á togaranum í sjó og hlerar úti, þegar komið var að honum, svo og hafi menn verið að vinna á þilfari við að taka inn vörpuna. Vitnið skoðaði bobbinga og hleraskó, og var ekkert ryð á þeim, en botnleðja á hleraskónum. Enn fremur skoðaði vitnið fisk á þilfari, sérstaklega þorsk, sem þar var, og segir vitnið, að hann

hafi verið sprelllifandi. Vitnið segir, að svör ákærða hafi verið óljós og þokukennd og tímaskyn hans á reiki. Vitnið átti tal við vélstjóra togarans, sem sagði því, að hann héldi, að liðin væri nærri klukkustund, síðan stöðvað var, en vildi ekki fullyrða um það, þar sem hann hafði ekkert skrifað niður og það hefði verið stöðvað vegna festu.

Vitnið Leif Bryde loftskeytamaður var var við, að stefnulínur ratsjár og áttavita voru bornar saman, og segir það, að aðrir togarar hafi verið þarna á sömu slóðum og b/v Boston Phantom, norðan við og utan.

Öll ofangreind vitni lýstu fyrir dóminum, hvernig þau unnu að mælingum við töku togarans, og bar þeim saman. Mælingar fóru þannig fram, að stýrimenn lásu á ratsjána, tilkynntu loftskeytamanni, sem endurtók aflesturinn og skráði í vinnubók, kjaftabók svokallaða, og gátu stýrimenn fylgzt með, hvað hann skráði. Enn fremur skráði loftskeytamaður það, sem skipherra tilkynnti úr brúnni. Þá setti 2. stýrimaður út í vinnukort, sem síðan var yfirfarið af skipherra og 1. stýrimanni og fært inn á kort það, sem er á dskj. nr. 2. Tveir menn voru alltaf við ratsjána, við fyrstu tvær mælingar skipherra og 1. stýrimaður, en síðan stýrimenn við allar hinar. Báðir stýrimennirnir bera, að 3ja mínútna mismunur hafi verið á klukkum togarans og varðskipsins.

Ákærði mótmælir því að hafa verið að togveiðum innan fiskveiðitakmarkanna, svo og mótmælir hann staðarákvörðunum varðskipsmanna, að undanteknum þeim stað, sem baujan var sett niður. Kveðst hann hafa gert mælingar á sama tímabili og varðskipsmenn og að togarinn hafi ekki verið hreyfður síðan kl. 2130.

Ákærði segir, að veiðiferðin á b/v Boston Phantom, FD 252, sem er 430.68 lestir óskírar, hafi hafizt fyrir hálfum mánuði frá Fleetwood, þann 30. október, og veiðar byrjaðar út af Bjargtöngum sunnudaginn 3. nóvember. Síðan var veitt út af Straumnesi og Aðalvík í nokkra daga. S.l. sunnudag veiddu þeir út af Stigahlíð og kipptu seinni hluta mánudags að stað, sem er 13 sjóm. út af Barða og 16 sjóm. út af Kópanesi, og köstuðu þar kl. 1800. Fór ákærði þá niður eftir að hafa gefið stýrimanni fyrirmæli um, hvernig hann ætti að toga til kl. 2030. Stýrimaður kallaði á ákærða rétt fyrir kl. 2030, og fór hann þá upp og lét hífa, og voru þeir þá 14.2 sjóm. frá Kópanesi og 15.0 sjóm. frá Svalvogum. Síðan var aftur kastað kl. 2100 í 14.8 sjóm. fjarlægð frá Svalvogum og siglt í NA í 14.8 sjóm. fjarlægð frá Svalvogum.

Var togað í um það bil 10 mínútur, þegar varpan festist, og tókst að losa vörpuna kl. 2140. Þegar varpan festist, var togarinn 14.5 sjóm. frá Kópanesi og 14.8 sjóm. frá Svalvogum. Við festuna rifnaði varpan, og lýsa tilkvaddir skoðunarmenn, Pétur Bjarnason og Ólafur Ásgeirsson, ástandi vörpunnar þannig: „Varpa togarans hefur rifnað frá fljúgandi væng að framan og meðfram leysinu, þvert yfir undirbelg og að afturleysi, alls um ca. 17 faðma löng rifa". Skoðunargerð sína hafa þeir staðfest með eiði. Ákærði hefur viðurkennt, að belgur vörpunnar hafi verið utanborðs, meðan gert var við hana milli vængja, og segir, að öll þilfarsáhöfnin hafi unnið við að bæta. Búið var að sögn ákærða að taka vörpuna inn í flækju kl. 2145.

Ákærði telur aflann í veiðiferðinni hafa verið alls um 400 kassa. Togklukka í togaranum er aldrei notuð, og ekki kveðst hann hafa togbók. Hann kveðst ekki hafa orðið var við ljósstöðvunarmerkin „K" frá varðskipinu og ekki orðið var við skipið, fyrr en það lýsti togarann upp með kastljósi. Hann telur, að togarinn hafi rekið lítið. Um kl. 2130 segir ákærði, að tveir togarar hafi verið að veiðum ca. ½ sjómílu frá togara hans og annar hafi verið að taka inn veiðarfærin. Ákæðri kveðst hafa fiskiljós í siglu, þegar hann veiðir, og á þaki brúarinnar séu tvö ljós, hvít, og er hægt að kveikja á hvoru fyrir sig eða báðum í einu. Er kveikt á báðum, þegar kastað er, en öðru, þegar híft er, og hafi bæði ljósin verið slökkt, þegar viðgerðin fór fram. Ákærði segir ratsjá togarans í góðu lagi, og kemur það heim við framburð loftskeytamanns togarans. Ákærði lét þess getið, að 1. stýrimaður varðskipsins hafi tjáð sér, að hann hefði ekki áhuga á að skoða vörpu hans, þegar hann bauð honum það, svo og hafi stýrimaðurinn þuklað báða dýptarmælana og fundið, að þeir voru kaldir. Þetta hefur stýrimaðurinn viðurkennt, að sé rétt. Allar staðarákvarðanir gerir ákærði einn, nema þegar stýrimaður er á verði.

Vitnið John Rewcliffe, stýrimaður á b/v Boston Phantom, bróðir ákærða, kom á vörð kl. 1800 s.l. mánudag. Var þá búið að stöðva togarann til að kasta, og var hann á verði, meðan togað var. Þetta var fyrsta kastið, eftir að komið var frá Aðalvík. Eftir að kastað var kl. 1800, var togað í vesturátt 14.5 sjóm. frá Kópanesi og síðan togað til baka á sama stað. Var þá kallað í skipstjóra kl. 2025. Aftur var kastað kl. 2100—2105, og festist varpan, eftir að búið var að toga í 15—20 mínútur, og það hafi tekið um hálfa klst. að losa vörpuna og hún hafi strax verið hífð inn, en það taki um 30 mínútur. Vann öll þilfarsáhöfnin við netjabæt-

ingar, en ekkert var unnið að netjabætingum, eftir að varðskipsmenn komu um borð, og var belgurinn þá utanborðs. Vitnið segir, að á þilfari hafi verið lifandi fiskur, þegar varðskipsmenn komu um borð, og kom hann í síðasta toginu. Ekki sá vitnið stöðvunarmerkið „K" og sá fyrst varðskipið, þegar það lýsti togarann upp. Það kveður, að skipið hafi ekki verið hreyft, frá því að varpan var tekin inn, þangað til varðskipið kom að þeim.

Vitnið Gordon Hindle, vélstjóri á togaranum, kom á vörð kl. 1830 s.l. mánudag, og var þá verið að toga. Það kveðst ekki halda nákvæma dagbók. Var híft inn kl. 2030 og kastað aftur kl. 2105 að því er vitnið telur. Skömmu eftir að kastað var, festist varpan. Vitnið kveðst hafa stillt klukkuna kl. 2105, þegar kastað var, en ekki hugað að henni, er festi. Það heldur, að lokið hafi verið við að hífa kl. 2145 og síðan hafi skipið ekki verið hreyft.

Vitnið Robert Greer, bátsmaður á togaranum, kom á vörð kl. 1730 s.l. mánudag. Var kastað kl. 1800 og híft kl. 2030. Síðan kastað aftur kl. 2100, og eftir 20 mínútur festist varpan. Telur það, að varpan hafi verið komin um borð kl. 2145. Hluti vörpunnar, segir vitnið, að hafi verið utanborðs, þegar varðskipið kom að þeim. Vitnið sá ekki stöðvunarmerki frá varðskipinu. Vitnið segir skyggni hafa verið allgott.

Vitninu Colin Andersen, loftskeytamanni togarans, var kunnugt um, að varpan festist, og telur, að það hafi verið um kl. 2115. Skráði það í fiskidagbók sína þann 11. nóvember s.l. kl. 2120: „Kallaði Dinas, sagði honum, að við höfum fest. Dinas segist muni stýra á bakborða til að forðast okkur". Segir vitnið skyggni allgott og veiðiveður gott.

Vitnisburðir hafa nú verið raktir.

Þegar tekið er tillit til staðfestrar skýrslu varðskipsmanna á dskj. nr. 1, hvernig hún er unnin, og til framburða sömu manna, verður að telja mælingar þeirra það vel unnar og öruggar, að þær verði lagðar til grundvallar í máli þessu þrátt fyrir mótmæli ákærða og þær mælingar, sem hann kveðst hafa gert, enda hefur hann engin rök fyrir mótmælum sínum eða stutt þau með því að leggja fram í dóminum kort með útsettum staðarákvörðunum eða bækur skipsins.

Ákærði hefur lýst því yfir, að hann hafi verið með veiðarfæri í sjó s.l. mánudag frá kl. 2100 til kl. 2145. Fyrsta staðarákvörðun, sem varðskipsmenn gera, er kl. 2133, og gefur hún stað togarans um 1.65 sjóm. innan fiskveiðitakmarkanna, og önnur mæling kl. 2140 gefur stað togarans 1.5 sjóm. innan fiskveiðitakmarkanna.

Þrátt fyrir óljósar tímasetningar ákærða og skipverja togarans verður að telja, að umræddar tímasetningar hafi ekki verið fyrr. Samkvæmt skoðunargerð tilkvaddra manna, sbr. dskj. nr. 7, telja þeir, að það hefði tekið tvo menn 1½ klst. að gera við það, sem búið var að gera við af vörpunni. Fram hefur komið í framburði flestra vitna og sérstaklega ákærða, að öll þilfarsáhöfnin á togaranum hafi unnið við netjabætingar, sem í þessu tilviki eru 6—7 menn. Samkvæmt því hefur ekki liðið lengri tími en 30 mínútur, frá því að byrjað var að bæta vörpuna og þangað til varðskipið tók togarann. Miðað við töku togarans kl. 2253 og með tilliti til ofanritaðs verður að álíta, að tímasetning ákærða og skipshafnar hans um, að varpan hafi verið komin um borð í togarann kl. 2145 til kl. 2150, sé röng, einnig þegar miðað er við, að það tekur 30 mínútur að hífa inn vörpuna að sögn stýrimanns togarans.

Samkvæmt ofanrituðu og öðrum tímasetningum í framburði ákærða og skipshafnar hans, sem stangast á, verður ekki hægt að taka tillit til þeirra almennt.

Mismunur á klukkum skipanna, 3 mínútur, skiptir hér engu máli, svo og hefur verið tekið tillit til mismunar stefnulínu ratsjár og áttavita við mælingar.

Rétt þykir að geta þess, að þorskur var lifandi í kössum á þilfari togarans, og samkvæmt framlögðu vottorði Hafrannsóknarstofnunarinnar lifir slíkur fiskur við venjulegar kringumstæður, eins og telja verður, að væru þarna, ekki lengur en 10—15 mínútur, og dregur þetta einnig úr sannleiksgildi tímasetninga skipshafnar togarans.

Telja verður, að þegar tekið er tillit til framburðar Roberts Greers og Colins Andersens um, að skyggni hafi verið allgott, að skipverjar togarans hefðu mátt sjá ljósstöðvunarmerkið „K".

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, telur dómurinn það sannað með mælingum og vætti skipherra, stýrimanna og loftskeytamanns varðskipsins Alberts, að b/v Boston Phantom, FD 252, hafi verið að veiðum með vopnvörpu innan íslenzku fiskveiðitakmarkanna.

Varðar þessi verknaður við þau lagaákvæði, sem um getur í ákæruskjali.

Togari ákærða, Boston Phantom, FD 252, er að stærð 430.68 lestir óskírar. Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands jafngilda 100 gullkrónur nú 3.992.93 pappírskrónum. Samkvæmt þessu og 4. gr., sbr. 7. gr. laga nr. 62/1967 þykir refsing ákærða fyrir

fiskveiðibrot hans hæfilega ákveðin kr. 600.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 12 mánuði í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Refsing ákærða fyrir brot hans gegn 6. gr., sbr. 7. gr. ofangreindra laga ákveðst varðhald 2 mánuðir.

Allur afli og veiðarfæri togarans Boston Phantom, FD 252, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 40.000.00, og laun verjanda, kr. 40.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, William Rawcliffe, sæti varðhaldi í 2 mánuði.

Ákærði greiði kr. 600.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 12 mánuði í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri togarans Boston Phantom, FD 252, skulu vera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, kr. 40.000.00, í ríkissjóð og málsvarnarlaun, kr. 40.000.00, til Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmanns.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. júní 1969.

Nr. 71/1969. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Gunnari Viggó Frederiksen
(Ragnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Manndráp.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 80.000.00, og laun verjanda síns, kr. 80.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Gunnar Viggó Frederiksen, greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 80.000.00, og laun verjanda síns, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. marz 1969.

Ár 1969, miðvikudaginn 19. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg, kveðinn upp dómur í málinu nr. 111/1969: Ákæruvaldið gegn Gunnari Viggó Frederiksen, sem tekið var til dóms 11. sama mánaðar.

Með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 27. nóvember f. á., er opinbert mál höfðað á hendur „Gunnari Viggó Frederiksen, fyrrum framkvæmdastjóra og flugstjóra, til heimilis að Karfavogi 18, Reykjavík, en nú gæzlufanga í hegningarhúsinu, fæddum 25. júlí 1922 í Reykjavík, fyrir manndráp með því að hafa árla morguns fimmtudaginn 9. maí 1968 — á fimmta tímanum — ruðzt á ofbeldislegan hátt inn á heimili Jóhanns Gíslasonar, deildarstjóra flugrekstrardeildar Flugfélags Íslands h/f, að Tómasarhaga 25 í Reykjavík og ráðið Jóhanni þar bana með skambyssuskotum.

Telst þetta varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Ákærði hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1941 24/10 í Reykjavík: Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 40 daga fangelsi, skilorðsbundið, fyrir þjófnað, sviptur kosningarrétti og kjörgengi. Brot á 244. gr. með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

1946 17/10 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir árás.

1952 29/7 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 4. mgr. 17. gr. bifreiðalaga.
1954 5/3 í Reykjavík: Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot á 4. og 7. gr. bifreiðalaga.
1956 10/5 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 42. gr. tolllaga.
1959 29/4 í Reykjavík: Sátt, 15.000 kr. sekt fyrir brot á 38. gr. tolllaga.
1959 29/9 í Reykjavík: Dómur: 2.000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum.
1960 26/4 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1961 3/1 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Málavextir eru þessir:

I. kafli.

A. Kl. 0435 fimmtudaginn 9. maí f. á. var hringt á lögreglustöðina í Reykjavík og beðið um aðstoð lögreglunnar á Tómasarhaga 25, vegna þess að maður með byssu eða annað vopn hefði ráðizt inn í húsið. Einar Halldórsson lögreglumaður svaraði í símann, og kveður hann, að sá, er hringdi, hafi verið karlmaður og hafi rödd hans verið ungleg, en hann hafi ekki sagt til nafns síns. Lét Einar Hallgrím Jónsson varðstjóra þegar vita um aðstoðarbeiðnina, en hann var í næsta herbergi. Hallgrímur sendi strax 6 lögreglumenn á vettvang, og fóru þeir í tveimur bifreiðum, stórri lögreglubifreið og venjulegri fólksbifreið. Í minni bifreiðinni voru lögreglumennirnir Einar Bjarnason, Þorkell Gísli Guðbrandsson og Gylfi Jónsson, sem stýrði bifreiðinni. Í stærri bifreiðinni voru lögreglumennirnir Björn Jónsson, Eðvarð Örn Olsen og Þorlákur Runólfsson, sem stýrði bifreiðinni. Minni bifreiðinni var ekið vestur Hafnarstræti (öfugt), suður Aðalstræti og Suðurgötu, vestur Hjarðarhaga og niður í Tómasarhaga, og kom hún á vettvang aðeins á undan stærri bifreiðinni, sem ekið var um Pósthússtræti, Kirkjustræti, Suðurgötu, Hjarðarhaga og niður Tómasarhaga. Þegar lögreglumennirnir í minni bifreiðinni komu að Tómasarhaga 25, var ungur piltur þar fyrir utan og vísaði þeim upp á aðra hæð hússins. Rúða var brotin í útidyrahurð þeirrar íbúðar, og voru glerbrot bæði inni í ganginum og á stéttinni fyrir utan dyrnar. Í skála („hall") á annari hæð í húsinu lá maður á bakinu endilangur og skáhallt út undan dyrum

inn í stofu íbúðarinnar, og lá höfuðið nær dyrunum en fæturnir. Kona, sem var í íbúðinni, skýrði lögreglumönnunum frá því, að eiginmaður hennar hefði orðið fyrir skotárás af hendi ákærða, Gunnars Frederiksens, og væri ákærði farinn á brott. Gylfi Jónsson kannast við ákærða, og fór hann ásamt Þorkeli Gísla Guðbrandssyni út í minni bifreiðina. Óku þeir um næstu götur og svipuðust um eftir ákærða, en fundu hann ekki. Héldu þeir þá aftur á Tómasarhaga 25.

Þorlákur Runólfsson stöðvaði stærri lögreglubifreiðina norðan megin á Tómasarhaga, þ. e. hinum megin á götunni séð frá Tómasarhaga 25. Þegar lögreglumennirnir stigu út úr bifreiðinni, sáu þeir Eðvarð Örn Olsen og Björn Jónsson byssu á götunni, og mun hinn fyrrnefndi hafa fyrr komið auga á hana. Var þetta skammbyssa, og var hún á milli tveggja bifreiða, sem stóðu norðan megin götunnar, örlítið skáhallt séð frá útidyratröppum hússins Tómasarhaga 25. Þorlákur Runólfsson sagði Eðvarð Erni Olsen að hreyfa ekki byssuna og bað Björn Jónsson um að gæta staðarins, þar sem hún var, en síðan fóru þeir Þorlákur og Eðvarð Örn inn í húsið Tómasarhaga 25. Í skálanum á efri hæð hússins sáu þeir, hvar lögreglumenn beygðu sig yfir mann, sem lá þar á gólfinu, og var hann með lífsmarki. Hringt hafði verið á sjúkrabifreið, en hún var ókomin. Lögreglumennirnir ákváðu þá að flytja manninn á slysavarðstofuna. Náðu þeir í sjúkrabörur, sem voru í stærri lögreglubifreiðinni, og var maðurinn síðan fluttur á þeim út í þá bifreið og síðan ekið með hann á slysavarðstofuna. Þangað fóru í bifreiðinni auk þriggja lögreglumanna eiginkona mannsins og einn sonur þeirra. Maðurinn var látinn, þegar komið var á slysavarðstofuna.

Þorlákur Runólfsson var annar þeirra lögreglumanna, sem fóru út í stærri lögreglubifreiðina til að ná þar í sjúkrabörurnar. Hann heyrði þá, að kallað var upp í talstöð bifreiðarinnar, og var það Hallgrímur Jónsson varðstjóri. Þorlákur sagði honum, að skotið hefði verið á mann og hann særzt hættulega, en árásarmaðurinn, sem talið væri, að héti Gunnar Frederiksen, væri farinn af staðnum. Varðstjórinn tilkynnti þá rannsóknarlögreglunni atburðinn og lét hefja leit að Gunnari.

Fyrrgreindur Einar Halldórsson lögreglumaður kveður, að fáeinum mínútum eftir að lögreglumennirnir voru farnir frá lögreglustöðinni til að sinna beiðni um aðstoð að Tómasarhaga 25, hafi grátandi kona hringt á stöðina og beðið um, að lögreglumenn hröðuðu sér þangað vestur eftir. Konan fór svo strax úr símanum,

og tók Einar ekki tímann, þegar þetta símkall kom. Kl. 0449 hringdi vaktmaður á afgreiðslu Flugfélags Íslands h/f á Reykjavíkurflugvelli á lögreglustöðina og bað um aðstoð lögreglunnar vegna manns, sem væri þar, og skildist Einari Halldórssyni, að maður þessi væri óður. Einar man ekki, hvort vaktmaðurinn nefndi nafn mannsins, en þegar þetta símtal kom, var lögreglan farin að leita að ákærða. Einar kveður, að tímasetningarnar 0435 og 0449 séu hárnákvæmar, og leit hann í bæði skiptin, þegar hringt var í símann, á rafmagnsklukku, sem hékk á vegg fyrir aftan hann. Rétt á eftir hringi hann í símaklukkuna 04, og sýndu þær þá nákvæmlega sama tíma. Hallgrímur varðstjóri kallaði þá út um talstöð til lögreglubifreiða að fara suður á afgreiðslu Flugfélagsins á flugvellinum, því að þar mundi Gunnar vera.

Þorkell Gísli Guðbrandsson lögreglumaður heyrði tilkynninguna og sagði Gylfa Jónssyni frá henni. Héldu þeir rakleitt út á flugvöll, en Björn Jónsson varð eftir á Tómasarhaga 25. Þeir Þorkell Gísli og Gylfi hittu vaktmanninn fyrir utan afgreiðslu Flugfélagsins, og sagði hann þeim, að ákærði væri inni í afgreiðslusalnum. Þeir héldu þangað inn, en ákærði var þar ekki. Þeir leituðu hans í austurhluta hússins, en fundu hann ekki. Í þessu komu á staðinn lögreglumennirnir Þorkell Páll Pálsson og Indriði Aðalsteinn Jóhannsson í bifreið og hófu einnig leit að ákærða. Fann hinn síðarnefndi hann í litlu geymsluherbergi rétt inn af afgreiðslusalnum. Þeir Gylfi, Þorkell Gísli og Þorkell Páll fluttu ákærða síðan í bifreið á lögreglustöðina. Hallgrímur varðstjóri segir, að klukkan hafi verið 0500, þegar komið var með ákærða þangað, og hafi hann þá tvímælalaust verið undir áhrifum áfengis. Varðstjórinn tók skýrslu af ákærða, en því næst var farið með hann á slysavarðstofuna, þar sem sýnishorn var tekið af blóði hans. Að því loknu var farið með hann í hegningarhúsið við Skólavörðustíg. Ákærði viðurkenndi fyrir varðstjóra, að hann hefði komið í bifreið sinni, R 2456, að afgreiðslu Flugfélagsins á flugvellinum, og reyndist bifreiðin vera þar. Kl. 1425 sama dag var ákærði yfirheyrður í sakadómi um málsatvik. Því næst var hann úrskurðaður í gæzluvarðhald og kveðið á um, að rannsókn skyldi fara fram á geðheilbrigði hans og sakhæfi.

B. Verður nú rakinn framburður ákærða í dómi 9. og 10. maí f. á. um, hvað gerðist aðfaranótt 9. maí f. á., og er hann þessi:

Laust fyrir kl. 1900 kvöldið áður fór hann heiman að frá sér í bifreið niður í Oddfellowhús, og ók sonur hans henni þangað. Ákærði fór á fund í einni stúku Oddfellowa, og var borðhald.

Hann dvaldist fram eftir kvöldi og eitthvað fram eftir nóttu á fundinum og í salarkynnum Oddfellowa. Hann neytti áfengis, fyrst whisky og eftir að það var búið, vodka, hvort tveggja blandað í vatni. Hann drakk töluvert magn, máske fimm tvöfalda „sjússa", en þá taldi hann reyndar ekki. Fann hann til áhrifa áfengis. Hann man ekki, hvað klukkan var, þegar hann hélt á brott úr húsinu, en hann var samferða út þeim Emanúel Morthens forstjóra og Páli Þorsteinssyni gjaldkera. Þeir þrír svo og fjórði maður, sem ákærði þekkti ekki, fóru svo í einhverri leigubifreið frá húsinu, en hann man ekki sérstaklega eftir því, hvert ferðinni var heitið. Ákærði skildi síðan við mennina þrjá einhvers staðar hér í borginni. Hann fór síðan heim til sín í annarri leigubifreið, en hann getur ekki sagt um, hvaða bifreið það var eða hver var stjórnandi hennar. Hann getur heldur ekki sagt um, hvað klukkan var, þegar hann kom heim til sín, en þar voru allir sofandi.

Ákærði kveður, að um nokkuð langt skeið hafi skapazt hatur hjá honum í garð Jóhanns Gíslasonar, starfsmanns hjá Flugfélagi Íslands h/f, af ástæðum, sem greindar verða í III. kafla hér á eftir. Hvarflað hafi að honum í fáein skipti að vinna á Jóhanni, en hann aðhafðist þó ekkert í þá átt. Því miður hafi hann ekki leitað til einhvers andlega sterks manns, t. d. til prests, til að koma þessum hugsunum úr huga sínum. Þegar hann var kominn heim til sín greinda nótt, leitaði sú hugsun á hann að vinna á Jóhanni. Fyrir rúmu einu ári hafði ákærði tekið skammbyssu af cal. 22 í heimildarleysi á heimili Jóns Guðjónssonar rafvirkjameistara. Engin skot voru í byssunni, og geymdi ákærði hana í læstri skúffu á heimili sínu. Hann tók nú byssu þessa fram og setti í hana riffilskot, sem hann átti heima hjá sér, en riffil, cal. 22, hefur hann átt í mörg ár, og hefur komið fyrir, að hann hafi notað hann við fuglaveiðar. Grunaði hann að riffilskotin mundu passa í skammbyssuna, en hann hafði aldrei fyrr sett skot í hana. Hann getur ekki sagt um, hve mörg skot hann setti í byssuna, og taldi hann þau ekki. Eftir að ákærði hafði verið stuttan tíma heima hjá sér, fór hann út þaðan og ók í bifreið sinni, R 2456, vestur að húsinu nr. 25 við Tómasarhaga, en honum var kunnugt um, að Jóhann Gíslason bjó þar á annari hæð. Ákærði segir, að hann hafi hlotið að vera undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar, en áfengis neytti hann ekki heima hjá sér. Ætlun hans var að hitta Jóhann. Hann hafði með sér hlaðna skammbyssuna sem fyrr getur. Í dóminum 9. maí kveðst ákærði hafa ætlað sér að hræða Jóhann frekar en að deyða hann með byssunni, en í dóm-

inum 10. maí kveðst ákærði ekki beinlínis hafa verið búinn að taka endanlega ákvörðun, þegar hann fór vestur eftir, að skjóta Jóhann með byssunni, en haft hana með sér til að skjóta á hann, ef svo bæri undir.

Ákærði hringdi á dyrabjöllu annarrar hæðar á húsinu Tómasarhaga 25, en ennginn kom til dyra eða svaraði. Jók það á heift hans í garð Jóhanns. Braut ákærði þá rúðu í útidyrahurðinni með skefti byssunnar, opnaði smekklás hurðarinnar innan frá og fór inn í húsið og upp stigann. Þegar hann var kominn upp stigann, sá hann Jóhann fyrir framan sig í ganginum. Ákærða greip þá ofsaleg heift og hatur. Han tók byssuna fram og skaut af henni nokkrum skotum á Jóhann. Ákærði man ekki sérstaklega eftir því, að hann miðaði byssunni á ákveðinn líkamshluta hans, eða hve mörgum skotum hann skaut á hann, og hann getur ekki sagt um, úr hvaða fjarlægð það var. Ákærði man ekki sérstaklega eftir því, hvort Jóhann kom fyrst einn á móti honum, en hann minnist þess, að kona Jóhanns og sonur voru í ganginum ásamt honum. Þau, eitt eða fleiri, vildu, að ákærði færi á brott, en hann sinnti því ekki strax. Hann getur ekki sagt um, hvort Jóhann var einn í ganginum, þegar hann skaut á hann, eða hvort kona Jóhanns og sonur, annað eða bæði, voru þá komin fram á ganginn. Ákærði man ekki, hvort einhver orðaskipti höfðu farið fram á milli hans og Jóhanns, þegar skotin riðu af, en hann minnir, að einhverjar stimpingar hafi áður átt sér stað milli þeirra. Minnir ákærða, að hann hafi fallið á gólfið. Ákærði man ekki sérstaklega eftir því, hvort hann fór inn í eldhús íbúðarinnar eða hvort hann missti hatt, sem hann var með á höfðinu. Hann man ekki eftir því, hvað hann gerði við byssuna eða hvað varð um hana, eftir að hann skaut úr henni á Jóhann. Hann getur heldur ekki sagt um, hve lengi hann var inni í húsinu eða hvort hann fór á brott þaðan í bifreið, en hann rámar í, að hann átti einhver orðaskipti við Helga vaktmann í afgreiðslu Flugfélags Íslands h/f á Reykjavíkurflugvelli.

Ákærði man ekki eftir því, þegar hann var handtekinn eða hvar það var, en hann man eftir því, þegar verið var að yfirheyra hann á lögreglustöðinni. Þar var hann hattlaus. Hann man ekki sérstaklega eftir því, að hann tæki upp vasahníf sinn og styngi honum í brjóst sitt, en hann kveðst ávallt vera með vasahníf, og hann var um morguninn með plástur á brjóstinu. Enn fremur var hann þá með mar, og hann fann til eymsla á rist vinstri fótar og á síðunni vinstra megin, og einnig var hann bólginn og marinn

á baki hægri handar og á vinstra kinnbeini. Gaf þetta til kynna, að hann hefði lent í einhverjum átökum eða sviptingum um nóttina.

C. Næstu daga voru yfirheyrð mörg vitni um, hvað gerðist aðfaranótt 9. maí f. á. Verða þeir framburðir nú raktir í réttri tímaröð atvika, eftir því sem kostur er, svo og viðhorf ákærða til þeirra.

Vitnin Emanúel Morthens forstjóri, Stigahlíð 93, og Páll Þorsteinsson, aðalgjaldkeri Flugfélags Íslands h/f, Laugarásvegi 56, báðir hér í borg, svo og Ólafur Stephensen Björnsson verksmiðjustjóri, Breiðabliki, Seltjarnarnesi, hittust eftir stúkufund í Oddfellowhúsinu að kvöldi 8. maí f. á. Þeir neyttu áfengis og fundu til áhrifa þess. Þeir dvöldu í húsinu fram eftir nóttu, og halda þeir Emanúel og Páll, að klukkan hafi verið farin að ganga fjögur, þegar þeir félagar þrír urðu samferða niður stigann í húsinu, en Ólafur Stephensen heldur, að klukkan hafi þá verið ekki langt frá því að vera um þrjú. Hittu þeir þá ákærða, sem þeir, að Ólafi Stephensen undanskildum, þekkja. Urðu þeir fjórir svo samferða að Bifreiðastöð Reykjavíkur við Lækjargötu. Þar fengu þeir sér leigubifreið. Þeim félögum þremur ber saman um, að Páll hafi setzt í framsæti bifreiðarinnar við hlið ökumanns, en hinir þrír setzt í aftursætið, Emanúel fyrir aftan ökumann, Ólafur Stephensen í miðjuna og ákærði fyrir aftan Pál. Var síðan ekið af stað norður Lækjargötu og norður á Kalkofnsveg, þar sem bifreiðin nam staðar. Þar fór ákærði úr bifreiðinni og skildi við þá félaga. Þeir héldu áfram ferðinni í skrifstofu Emanúels að Ármúla 7, þar sem þeir létu bifreiðina fara.

Emanúel kveður, að þeir félagarnir þrír hafi hugsað sér að halda hópinn og megi vera, að ákærði hafi fundið það. Hann hafi viljað fara úr bifreiðinni og farið úr henni á Kalkofnsvegi, þar sem áður var Bifreiðastöð Íslands. Emanúel kveðst ekki hafa vitað, hvert ákærði fór eða ætlaði að fara. Hann minnist ekki neinna sérstakra orðaskipta milli félaganna þriggja annars vegar og ákærða hins vegar. Hann kveðst ekki hafa orðið var við, að ákærði væri eitthvað æstur eða eitthvað óeðlilegt væri við hann.

Páll segir, að það hafi verið ætlan þeirra þriggja félaga að halda hópinn áfram nokkra stund og hafi ákærði fundið, að þeir ætluðust ekki til, að hann slæddist í hópinn. Ákærði hafi beðið bifreiðarstjórann um að nema staðar, því að hann ætlaði sér að fara úr henni, þar sem hann fyndi, að hann væri ekki velkominn í hópinn. Páll kveður sér hafa leiðzt, hvernig ákærði tók þessu,

en hafði þó ekki orð á því. Ákærði hafi svo farið úr bifreiðinni götumegin, rétt hjá stætisvagnastöðinni, og kveðst Páll ekki vita, hvert hann fór eða hvað varð um hann. Páll minnist ekki neinna sérstakra orðaskipta milli þeirra þriggja félaga annars vegar og ákærða hins vegar, hvort heldur í bifreiðinni eða áður en þeir komu í hana. Hann varð ekki var við, að ákærði væri æstur eða eitthvað óeðlilegt væri við hann.

Ólafur Stephensen kveður, að ákærði muni hafa fundið á þeim þremur félögum, að hann mundi ekki vera velkominn í hóp þeirra, og því farið úr bifreiðinni, þegar hún nam staðar á Kalkofnsvegi, þar sem áður var Bifreiðastöð Íslands. Ólafur Stephensen kveðst ekki vita, hvað varð um ákærða. Hann man ekki eftir neinum sérstökum orðaskiptum milli þeirra félaga þriggja annars vegar og ákærða hins vegar, og hann varð ekki var við, að ákærði væri eitthvað æstur eða óeðlilegur í háttum eða framkomu.

Þeir félagar bera, að Jóhann heitinn Gíslason hafi verið í sömu Oddfellowstúku og þeir. Kveðst Emanúel hafa talað við hann á fundinum um kvöldið, en hann getur ekki sagt um, hvenær hann fór á brott þaðan. Þá kveðst Ólafur Stephensen hafa séð Jóhann á fundinum, en þeir hafi ekkert talazt við. Páll kveðst ekki hafa verið á fundinum. Hinn síðarnefndi kveðst hafa starfað hjá Flugfélagi Íslands h/f síðan 1945 og því þekkt bæði ákærða og Jóhann mjög vel. Þá kveður hann, að eiginkona hans og Jóhann hafi verið systkinabörn.

Stjórnandi fyrrgreindrar bifreiðar var vitnið Jón Pétursson, Skúlagötu 66 hér í borg. Hann heldur, að klukkan hafi verið um 3 um nóttina, þegar fjórir menn komu inn á stöð B. S. R. við Lækjargötu og báðu um bifreið. Kannaðist Jón við tvo af þeim, þá Emanúel Morthens og ákærða. Kveður Jón, að þeir hafi allir verið undir áhrifum áfengis. Hann minnir þó, en hann geti ekki fullyrt það, að ákærði hafi setzt við hægri hlið hans í framsæti bifreiðarinnar og hinir þrír hafi setzt í aftursætið, en um röð þeirra man hann ekki. Hann hafi síðan ekið bifreiðinni úr porti B. S. R. út í Skólabrú og beygt norður Lækjargötu að boði eins farþegans. Einn þeirra hafi haft orð á því, hvort ekki ætti að aka ákærða fyrst heim til hans, og nefndi sá einhvern Vog nr. 18. Ákærði hafi ekki verið því samþykkur og hafi hinir farþegarnir einn eða fleiri og ákærði farið að þrasa um þetta. Jón kveðst hafa ekið norður í Kalkofnsveg og hafi ákærði þá sagt honum að nema staðar. Hafi hann stöðvað bifreiðina út undan norðausturhorni hússins, sem Bifreiðastöð Íslands var í. Hinir farþegarnir

hafi sagt við ákærða, að þeir vildu aka honum fyrst heim, en hann hafi hafnað því og kvatt tvo þeirra með handabandi, stigið út úr bifreiðinni og gengið yfir götuna. Hann hafi haft orð á því, að hann ætlaði sér að fá bíl heim, en Jón kveðst ekki geta sagt um, hvert hann fór eða hvað varð um hann. Jón kveður, að ákærði og hinir farþegarnir þrír hafi ekki rætt um annað í bifreiðinni en hvort aka ætti honum fyrst heim. Jón kveðst síðan hafa ekið áfram norður Kalkofnsveginn og austur í Ármúla 7, þar sem hinir farþegarnir þrír fóru úr bifreiðinni. Þaðan hafi hann ekið skemmstu leið heim til sín á Skúlagötu 66 og þegar þangað var komið, hafi hann litið á klukku. Hafi hún þá verið 0350.

Ákærði kveður, að þegar hann rakst á Pál Þorsteinsson í Oddfellowhúsinu um nóttina, hafi þeir tekið tal saman tveir einir, þannig að aðrir heyrðu ekki til þeirra. Hafi hann spurt Pál af því, hvernig málin stæðu, þ. e. um möguleika þess, að ákærði yrði ráðinn aftur til fyrra starfa síns sem flugstjóri hjá Flugfélagi Íslands, og hvort nokkuð hefði verið gert í því máli, sbr. það, sem rakið verður í III. kafla hér á eftir. Ákærða fannst, að Páll hefði þá misst allan áhuga á málinu og hafi hann sagt við Pál: „Það er þá þetta bölvað bréf, sem Jóhann hefur skrifað". Hafi honum skilizt bæði á orðum Páls og látbragði hans, að svo væri, því að annars hefði Páll eflaust þvertekið fyrir það, en það hafi hann ekki gert. Ákærði kveður, að orðaskipti þeirra um þetta mál hafi nú fallið niður og hafi honum gramizt, hvað komið hafði fram í samtalinu. Ákærði kveðst ekki muna sérstaklega eftir frekari orðaskiptum hans og Páls eða orðaskiptum hans og Emanúels eða fjórða mannsins. Þessi fjórði maður hafi kveðið upp úr með það, að hann, Emanúel og Páll ætluðu þrír að halda hópinn.

Páll Þorsteinsson minnist ekki framangreindra orðaskipta hans og ákærða þessa nótt. Hann minnist þess ekki, að ákærði segði orð þau, sem vitnað var til, og tekur fram, að hann viti ekki, hvaða bréf sé þar átt við. Ákærði kveðst hafa verið allan tímann þessa nótt á annari hæð í húsinu og hafi Páll litið inn í setustofu á þeirri hæð og þeir hitzt þar. Páll kveðst hafa verið uppi á fimmtu hæð í húsinu og minnist þess ekki, að hann liti inn í setustofu á annarri hæð. Minnir hann, að hann hafi rekizt á ákærða við lyftu í gangi á jarðhæð hússins.

Ákærði kveðst hafa fundið á hinum farþegunum þremur, að þeir vildu ekki hafa hann með sér. Honum hafi gramizt það og því hafi hann farið úr bifreiðinni, en hvar, man hann ekki. Hann

hafi síðan farið heim til sín og — að því er hann gengur út frá — í leigubifreið, því að fótgangandi hafi hann ekki farið. Rannsóknardómarinn í málinu hefur falið rannsóknarlögreglunni að reyna að hafa upp á þeirri bifreið, en það hefur ekki borið árangur, og er ekkert frekar upplýst um för ákærða heim til sín.

D. Eiginkona Jóhanns heitins Gíslasonar var Vilborg Guðrún Kristjánsdóttir, Tómasarhaga 25 hér í borg, og gengu þau í hjónaband árið 1950. Þau áttu fjögur börn á lífi, og þegar umræddur atburður gerðist, var aldur þeirra sem hér segir: Kristján 17 ára, Guðrún 15 ára, Heiða Elín 12 ára og Jóhann Gísli tveggja vikna. Þau hjónin fluttust árið 1955 að Tómasarhaga 25 og bjuggu á annarri hæð, sem var eigin íbúð þeirra. Kristján svaf í næsta herbergi við svefnherbergi þeirra hjóna og dæturnar tvær í næsta herbergi þar við. Vitnið Vilborg Guðrún skýrir þannig frá málsatvikum:

Um nóttina vöknuðu þau hjónin við það, að þær Guðrún og Heiða Elín kölluðu eitthvað. Hún leit á klukkuna, og var hún þá 0430. Jóhann fór strax fram til að athuga, hvað um væri að vera. Örstuttu síðar eða alveg rétt á eftir heyrði hún einn skothvell. Fór hún þá þegar einnig fram, og í því er hún kom fram í skála íbúðarinnar, heyrði hún fleiri skothvelli, alltaf þrjá til fjóra. Í skálanum voru báðar dæturnar hennar, og Kristján kom einnig þangað fram í sömu svifum og hún. Hún sá, hvar Jóhann var í átökum við mann, sem hún tók þá ekki eftir, hver var, og áttu þau sér stað inni í eldhúsinu rétt fyrir innan dyrnar milli þess og skálans. Maðurinn féll á gólfið, og Jóhann beygði sig yfir hann. Hún heyrði þá ekki mæla orð af munni. Hún getur ekki sagt um, hve átök þeirra stóðu lengi. Maðurinn stóð síðan upp, og gátu þau hjónin komið honum út í forstofuna. Hún og Kristján gátu svo komið manninum niður stigann, en hann veitti viðnám og marghratt henni utan í stigahandriðið og klóraði hana og veitti henni marbletti. Þegar þau Kristján höfðu komið manninum niður þekkti hún hann, og var það ákærði í máli þessu. Þegar hann stóð fyrir neðan stigann og fyrir innan útidyrnar, hélt hann fast í hana og margsagði orðrétt: „Ég hefi lengi ætlað mér að launa ykkur þetta“. Hún sá, að rúða var brotin í útidyrahurðinni. Hún hringdi nú í dyrasíma Sveinbjörns Þórhallssonar, sem býr á fyrstu hæð hússins. Hann kom fram á tröppurnar, og kallaði hún til hans og bað hann um að hringja á lögregluna. Vilborg Guðrún fór svo aftur upp í íbúðina og sá þá, hvar Jóhann lá á bakinu á gólfinu í skálanum, og heyrðust frá honum stunur eða korr. Hún greip þá strax til símans og hringdi tvívegis á slökkvistöðina til

að fá sjúkrabifreið, en þar var ekki svarað. Hringdi hún þá á lögreglustöðina og bað lögreglumenn að koma á vettvang, vegna þess að búið væri að skjóta á mann, en henni var þá orðið ljóst, að skotið hafði verið á Jóhann. Því næst hringdi hún heim til Magnúsar, bróður Jóhanns, og sagði konu hans, sem kom í símann, hvað gerzt hafði. Síðan fór hún til Jóhanns, þar sem hann lá hreyfingarlaus, og komu lögreglumenn strax á vettvang. Hún kveðst ekki hafa farið niður stigann, eftir að hún hafði hringt á lögregluna, og getur hún því ekki sagt um, hvenær ákærði fór burt eða hvað varð um hann. Hún sá ekki byssu í þetta skipti. Vilborg Guðrún kveðst ekki hafa vitað til þess, að ákærði hafi fyrir þennan atburð verið með hótanir eða ögranir við Jóhann. Hún getur þess þó, að um fimmleytið nótt eina eftir áramótin 1967—1968 hringdi síminn tvisvar hjá þeim hjónum. Í fyrra skiptið var spurt um, hvar eða hver þetta væri, og síðan var eins og símaáhaldið væri lagt á. Í seinna skiptið lagði hún símaáhaldið á, eftir að hið sama hafði verið sagt og í fyrra skiptið. Hún vakti Jóhann og sagði við hann, að hún væri örugg um, að þetta hefði verið rödd ákærða.

Vitnið Kristján Jóhannsson nemandi, sonur Jóhanns Gíslasonar, skýrir þannig frá atburðum: Um nóttina vaknaði hann við hurðarskelli og köll, og vissi hann ekki, hvað klukkan var þá. Hann fór strax fram í skála íbúðarinnar og sá, hvar faðir hans var að loka dyrunum milli skálans og forstofunnar. Kristján kveðst hafa haldið úr skálanum fram í eldhúsið. Í sömu svifum og þetta gerðist, heyrði hann nokkra skothvelli. Hann leit inn í eldhúsið og sá þá, hvar Jóhann og maður, sem hann bar ekki kennsl á, lágu á gólfinu í átökum. Kristján heldur, að hann hafi heyrt skothvellina, eftir að Jóhann fór inn í eldhúsið frekar en áður en hann fór þangað inn, en er þó ekki viss um þetta. Um svipað leyti var móðir hans, Vilborg Guðrún, komin fram í skálann. Hann getur ekki sagt um, hve lengi Jóhann og maðurinn lágu á gólfinu í átökunum, en það var aðeins örstutt stund, og heyrði hann þá ekki segja orð. Hann hringdi nú á lögreglustöðina og bað um, að lögreglan kæmi á vettvang vegna manns, sem væri með vopn. Maðurinn stóð síðan á fætur og Jóhann einnig. Kristján kveður, að hann og foreldrar hans hafi síðan hjálpast að því að koma manninum út úr eldhúsinu og fram í forstofuna. Hann og móðir hans hjálpuðust svo að því að koma manninum niður stigann og niður á neðri hæð. Þegar þangað var komið, sá hann, að rúða var brotin í útidyrahurðinni. Móðir hans hringdi á dyrabjöllu

Sveinbjörns Þórhallssonar á fyrstu hæð hússins, og kom hann fram á tröppurnar, en Kristján heyrði ekki, að móðir hans bæði Sveinbjörn um að hringja á lögregluna. Kristján kveðst svo hafa séð ókunna manninn ganga niður tröppurnar og út í bifreið, sem var fyrir utan húsið, og aka í henni vestur Tómasarhaga. Kristján heldur, að maðurinn hafi verið með byssu í annarri hendi sinni, þegar hann og móðir hans voru að koma honum niður stigann, en nánar um það mál getur hann ekki borið. Hann varð ekki var við, að maðurinn fleygði frá sér eða missti einhvern hlut á götuna, áður en hann steig upp í bifreiðina. Hann heyrði ekki manninn mæla orð af munni. Kristján fór síðan aftur upp í íbúðina og sá þá, hvar faðir hans lá á bakinu á gólfinu í skálanum. Lögreglumenn komu svo á vettvang. Varð Kristjáni þá litið út á götu, og sá hann þá byssu þar hinum megin á götunni. Lögreglumaður tók byssuna upp.

Hjónin Sveinbjörn Þórhallsson, flugvirki hjá Flugverki h/f, og Golda Helen Þórhallsson bjuggu á fyrstu hæð á Tómasarhaga 25 á þessum tíma, og eru útidyrnar að þeirri íbúð vinstra megin við útidyr íbúðarinnar á annarri hæð hússins. Hjónin hafa borið vitni í málinu, og verður nú rakinn framburður eiginkonunnar.

Hún vaknaði um nóttina við mikinn hávaða, sem kom ofan frá annarri hæð hússins. Hún heyrði, að hlaupið var um og argað. Voru það raddir fleiri en einnar konu. Hún leit ekki á klukkuna, en fór strax út á tröppur hússins og sneri til vinstri og horfði í gegnum rúðu í útidyrum íbúðarinnar á annari hæð. Hún getur ekki sagt um, hvort rúðan var þá brotin, og hún rengir ekki, að gat hafi verið á henni, en það hafi þá ekki getað verið stórt, því að þá hefði hún tekið eftir því. Hún sá í gegnum rúðuna, hvar Jóhann Gíslason, húsráðandi á annari hæð hússins, kom niður stigann, og sá hún hann fyrst, þegar hann var á þriðja eða fjórða þrepi stigans að ofan. Jóhann hljóp niður allan stigann. Hún sá að hann var í óhnepptum náttjakka, og voru blóðblettir í honum, einkum á vinstri ermi. Þá var hann í stuttum nærbuxum með opnum skálmum. Þegar hann var kominn niður stigann, sló hann um 5 til 6 högg í útidyrarúðuna með einhverjum hlut, sem hann hafði í hendinni, og heyrðust brothljóð. Hún sá svo, að stórt gat var komið á rúðuna, og fleygði Jóhann hlut út um gatið. Hluturinn var mjór í framendann, og var þetta byssa. Hún sá ekki, hvar byssan lenti, hvort það var á götunni fyrir framan húsið eða annars staðar. Hún kallaði til Jóhanns og spurði hann að því, hvað væri að. Jóhann svaraði: „Hringdu á lögregluna“. Um leið

og Jóhann talaði, sá hún, að munnur hans var alblóðugur að innanverðu. Hún fór þá strax inn til sín án þess að athuga, hvað varð um Jóhann, og reyndi að hringja á lögregluna, en fékk engan són. Hún heyrði svo, að hringt var á dyrabjöllu íbúðarinnar. Sveinbjörn, eiginmaður hennar, kom þá fram, og heldur hún, að hann hafi farið til dyra. Hún reyndi áfram að fá símasamband, en það bar ekki árangur. Hún heyrði svo, að kona bað um, að hringt yrði á lögreglu. Sveinbjörn kom að símanum til hennar og reyndi að hringja, en hún sagði honum, að síminn mundi vera bilaður. Hún heyrði svo, að aftur var hringt á dyrabjölluna, og fór hún þá til dyra. Guðrún, dóttir hjónanna á efri hæðinni, var fyrir utan dyrnar og bað um, að hringt yrði á sjúkrabíl. Hún sagði Guðrúnu, að síminn væri bilaður, og fór hin síðarnefnda þá í burtu. Golda Helen fór síðan upp í íbúðina á annarri hæð hússins og sá þá, hvar Jóhann lá hreyfingarlaus á bakinu á gólfi í skálanum. Vilborg Guðrún var að klæða sig og spurði hana, hvað ætti að gera. Fór Golda Helen þá til Jóhanns, tók í hönd hans og hélt enn í hana, þegar lögreglumenn komu á vettvang. Þegar þeir komu inn í íbúðina, sagði Vilborg Guðrún við þá um leið: „Það var Gunnar Frederiksen, sem skaut Jóhann þrisvar". Golda Helen kveðst ekki hafa séð Gunnar í þetta skipti, en hún þekkir hann vel í sjón. Hún sá heldur ekki neinn annan mann. Þá kveðst hún ekki hafa heyrt skothvelli í umrætt skipti.

Vitnið Sveinbjörn Þórhallsson kveðst hafa vaknað um nóttina við, að kona hrópaði á hjálp, og kom röddin ofan frá annarri hæð hússins. Hann leit á klukkuna, og minnir hann, að hún hafi þá verið tæplega 0430, og máske var hún um 0425. Hann sá, að Golda Helen, eiginkona hans, var ekki í svefnherberginu, og var hún úti í íbúðinni. Hann fór fram í forstofuna og heyrði hávaða úr forstofu íbúðarinnar á annarri hæð. Fór hann þá út á tröppur og sá, að rúða var brotin í útihurð annarrar hæðar, og í gegnum rúðuna sá hann, að Vilborg Guðrún var í sviptingum við karlmann neðst í stiganum, alveg fyrir innan útidyrnar. Hann þekkti mannin, og var það ákærði í máli þessu. Vilborg sá Sveinbjörn og bað hann strax að hringja á lögregluna, en í þessu kom Kristján sonur hennar niður. Sveinbjörn fór inn í íbúð sína og reyndi að hringja á lögregluna, en fékk engan són. Golda Helen kom nú til hans og sagðist vera búin að reyna að hringja, en síminn væri bilaður. Hann reyndi þó áfram að fá samband, en það tókst ekki. Hann fór þá aftur út á tröppur, og voru lögreglumenn þá komnir á vettvang, en ákærði var horfinn. Sveinbjörn kveðst ekki hafa

séð byssu í þetta skipti, og Vilborg Guðrún nefndi ekki byssu á nafn við hann, þegar hún bað hann um að hringja á lögregluna. Hann hafði ekki hugmynd um, hvað gerzt hafði í húsinu, fyrr en eftir að lögreglumennirnir voru komnir á vettvang.

Vitnin Sigurður Sigurðsson kaupmaður og Ólafur Friðrik Gunnlaugsson bankamaður bjuggu á þessum tíma á Tómasarhaga 27, hinn fyrrnefndi á annarri hæð og hinn síðarnefndi á fyrstu hæð hússins. Sneru svefnherbergisgluggar þeirra beggja í átt að útidyratröppum Tómasarhaga 25. Verða nú raktir framburðir þessara vitna.

Vitnið Sigurður Sigurðsson vaknaði um nóttina við hljóð í konu, og þegar hann leit út um svefnherbergisgluggann, sá hann, hvar Vilborg Guðrún, kona Jóhanns Gíslasonar, stóð í útidyrum íbúðar þeirra á annarri hæð Tómasarhaga 25 og var í sviptingum við einhvern karlmann. Maðurinn var berhöfðaður, frakkalaus og að því er honum sýndist, hruflaður í andliti, en hann tekur fram, að hann sjái ekki vel gleraugnalaus, eins og hann var þá. Eftir um eina til tvær mínútur hættu stimpingarnar, sem virtust vera fólgnar í því, að konan reyndi að koma manninum burt. Hann gekk svo rólega niður tröppurnar, steig upp í fólksbifreið fyrir framan húsið, ræsti vél hennar og ók henni rólega af stað vestur götuna. Sigurður kveðst ekki hafa séð neina byssu. Nokkru seinna leit hann á klukku, og var hún þá tæplega fimm. Rétt eftir að maðurinn var farinn, komu lögreglumenn á vettvang, en Sigurður hafði ekki hugmynd um, hvað gerzt hafði. Hann tekur fram, að hann sá amerískri konu, sem bjó á fyrstu hæð á Tómasarhaga 25, bregða fyrir aðeins augnablik á útidyratröppum hússins, og leit hún inn um útidyrnar á annarri hæð hússins, en fór svo inn til sín aftur. Hann getur ekki fullyrt, hvort þetta var áður eða eftir að hann sá Vilborgu Guðrúnu og karlmanninn í stimpingum, en telur þó líklegra, að það hafi verið, eftir að hann sá þau. Hann kveðst ekki hafa heyrt brothljóð, og hann sá ekki, að útidyrnar á annarri hæð væru opnaðar eða einhverjum hlut væri kastað út um þær. Hann gat heldur ekki séð inn í útidyraganginn.

Vitnið Ólafur Friðrik Gunnlaugsson vaknaði um nóttina við skerandi kvenmannsóp, en orð greindi hann ekki. Hann leit ekki á klukkuna, en horfði út um svefnherbergisgluggann. Sá hann þá, hvar Sveinbjörn Þórhallsson var á náttklæðum úti á tröppum hússins Tómasarhaga 25. Heyrðist honum Sveinbjörn kalla inn um útidyrnar að annarri hæð hússins og vera að hasta á einhvern

eða segja einhverjum að fara burt, en hann gat ekki séð inn í útidyraganginn. Hann fór að klæða sig, og meðan hann var að því, varð honum litið aftur út um gluggann. Sá hann þá, hvar maður gekk út um útidyr íbúðarinnar á annarri hæð Tómasarhaga 25 og síðan rólega niður tröppurnar og út í fólksbifreið, sem var fyrir utan húsið. Maðurinn setti bifreiðina í gang og ók henni hægt vestur götuna. Hann þekkti manninn ekki. Maðurinn var blóðugur á kinnbeini, berhöfðaður og frakkalaus, og virtist hann halda á einhverju í hendinni, og hélt Ólafur Friðrik, að það væru billyklar. Hann fylgdist með manninum allan tímann, frá því hann kom út úr húsinu og þar til hann steig upp í bifreiðina, og sá hann manninn ekki fleygja neinum hlut frá sér. Hann sá konu Sveinbjörns Þórhallssonar bregða fyrir á tröppum Tómasarhaga 25, og fór hún frá útidyrum sínum að útidyrum íbúðarinnar á annarri hæð. Hann minnis, að það hafi verið, eftir að maðurinn fór burt frá húsinu. Nokkru eftir að þessir atburðir gerðust, sá hann lögreglumann halda á byssu á tröppum Tómasarhaga 25, en fyrr sá hann ekki byssu.

D. Vitnið Helgi Kristjánsson, Skólavörðustíg 3 A hér í borg, var næturvörður í afgreiðslu Flugfélags Íslands h/f á Reykjavíkurflugvelli í þetta skipti, og er framburður hans þessi:

Líklega um kl. 0450 um nóttina sá hann, hvar stórri fólksbifreið var ekið að afgreiðslubyggingunni. Einn maður var í bifreiðinni, og steig hann út úr henni. Helgi þekkti manninn, og var það ákærði í máli þessu. Helgi opnaði dyr, og spurði ákærði hann þá að því, hvort hann mætti ekki koma inn og reykja einn vindil. Helgi kvað hann mega gera það. Ákærði var berhöfðaður og frakkalaus, blóðugur á öðrum vanganum og einnig á höndunum og föt hans sjúskuð. Hann virtist vera undir áhrifum áfengis, en rólegur. Helgi spurði hann að því, hvers vegna hann væri svona útlítandi og hvort hann hefði lent í áflogum. Hann svaraði þá, að það væri nú alvarlega en það, og mundi Helgi komast að því fljótlega. Því næst sagði hann: „Sennilega er ég búinn að myrða mann". Enn fremur sagði hann eitthvað á þá leið, að hann hefði lengi verið búinn að hugsa um, hvort hann ætti ekki að gera það. Hann sagðist hata einn mann og bætti við: „Þegar ég hata, þá meina ég það". Hann nefndi nafn Jóhanns Gíslasonar í þessu tali sínu, og skildist Helga, að það væri maðurinn, sem hann hataði. Ákærði bað síðan um að fá að hringja. Síðan fór hann að síma í herbergi inn af afgreiðslusalnum og hringdi í eitthvert númer, en virtist ekkert svar fá. Hann lagði þá símann á og gekk

fram í afgreiðslusalinn, og hélt Helgi, að hann ætlaði að fara brott. Sagði hann þá við ákærða, að hann skyldi ekki fara á bifreiðinni í þessu ásigkomulagi. Ákærði nam þá staðar og fékk honum lykla bifreiðarinnar og bað hann um að koma þeim heim til konu hans. Ákærði tók síðan upp lítinn vasahníf og hafði orð á því, að bezt væri að ljúka þessu hérna. Hann opnaði hnífinn og otaði blaðinu að maganum á sér. Helgi sagði honum þá, að hann þyrfti ekki að gera þetta hér inni, og bað hann um að fara út. Gekk hann þá inn í ganginn austan megin við afgreiðslusalinn. Fór Helgi þá strax í síma og hringdi á lögreglustöðina og bað lögregluna um að koma á vettvang vegna manns, sem væri að fara sér að voða eða vegna manns, sem væri óður, en hann man ekki, hvort hann nefndi nafn ákærða. Ákærði mun hafa heyrt símtalið, því að þegar það var búið, kom hann aftur inn í afgreiðslusalinn og sagði: „Er ekki allt í lagi?“ Helgi spurði þá: „Hvað?“ og ákærði svaraði: „Varstu ekki að hringja í lögregluna?“ Helgi játaði því. Ákærði fór svo aftur að ota hnífnum að sér og sagði: „Heldur þú, að ég fari að láta taka mig til fanga hér?“ Helgi fór þá út úr afgreiðslubyggingunni og veifaði til flugvirkja, sem voru að vinna í verkstæði í stóru flugskýli skammt fyrir norðaustan afgreiðslubygginguna. Flugvirkjar og lögreglumenn komu nú á vettvang, en þegar þeir ásamt Helga komu inn í afgreiðslusalinn, var ákærði horfinn. Var þegar hafin leit að honum, og rétt á eftir kom lögreglumaður með hann inn í afgreiðslusalinn. Stóð hnífur ákærða þá í skyrtu hans að framan, en ekkert blóð sást. Helgi tók hnífinn, lokaði honum og afhenti einum lögreglumanni hann. Lögreglumennirnir fóru síðan með ákærða á brott. Nokkru síðar komu lögreglumenn aftur að afgreiðslubyggingunni til að athuga og sækja bifreið ákærða. Afhenti Helgi þá einum lögreglumanni lykla bifreiðarinnar, og var henni skömmu síðar ekið á brott.

Vitnið Indriði Aðalsteinn Jóhannsson lögreglumaður, sem fann ákærða í geymslunni inn af afgreiðslusalnum, kveður, að hann hafi hrópað: „Drepið mig, drepið mig“, en engan mótþróa sýnt. Vitni þessu og hinum lögreglumönnunum þremur, Gylfa Jónssyni, Þorkeli Gísla Guðbrandssyni og Þorkeli Páli Pálssyni, sem handtóku ákærða, ber saman um, að hann hafi verið blóðugur á vinstri vanga, berhöfðaður og frakkalaus. Þorkell Gísli kveður, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis og sagt í afgreiðslusalnum: „Þetta er búið fyrir mér, ég er að deyja“, eða áþekk orð. Gylfi kveður, að hann hafi virzt vera undir áhrifum áfengis,

en rólegur. Þorkell Páll segir, að hann hafi ekki verið áberandi ölvaður og virzt vera rólegur, en eitthvað annars hugar eða utan við sig, og hann minnir, að þegar verið var að setja ákærða í handjárn, hafi hann sagt: „Það er óþarfi að handjárna mig". Indriði Aðalsteinn ber, að ákærði hafi verið rauður í andliti og í geðshræringu, en ekki verið með áberandi áfengisáhrifum. Starfsmaður Flugfélagsins hafi afhent honum lokaðan vasahníf og sagt, að ákærði hefði stungið honum í sig.

Flugvirkjarnir Jón Ólafsson, Birkimel 8 B, Baldur Bragason, Háaleitisbraut 115, Hálfdán Hermannsson, Ljósheimum 20, allir hér í borg, og Edvard Ásmundsson, Álfaskeiði 86, Hafnarfirði, voru á þessum tíma að vinna í verkstæði í áðurnefndu flugskýli, en Kristján Björn Samúelsson afgreiðslumaður, Ljósheimum 9 hér í borg, var að vinna í varahlutalager við hliðina á verkstæðinu. Hafa þeir allir borið vitni í málinu. Um eða laust fyrir kl. 0500 um nóttina sáu þeir, hvar bifreið var ekið að afgreiðslubyggingunni og stöðvuð þar. Maður steig út úr bifreiðinni og fór inn í bygginguna. Þeir höfðu orð á því, hver þarna væri á ferð, og sagði vitnið Edvard þá, að honum sýndist þetta vera ákærði í máli þessu. Fáeinum mínútum síðar kom Helgi vaktmaður út og veifaði til þeirra. Héldu þeir þá rakleitt að afgreiðslubyggingunni og þangað inn, en Baldur kom lítið eitt á eftir hinum fjórum. Jón, Baldur og Kristján Björn sáu svo, að lögreglumaður tók mann út úr geymslu fyrir innan afgreiðslusalinn, en Hálfdán og Edvard sáu manninn ekki fyrr en í salnum. Maðurinn var ákærði, og könnuðust þeir allir við hann. Þeim ber öllum saman um, að ákærði hafi verið blóðugur á öðrum vanga og eitthvað undir áhrifum áfengis, en mjög rólegur. Jón, Baldur og Kristján Björn bera, að hnífur hafi hangið í fötum hans framan á honum og muni vaktmaðurinn hafa tekið hnífinn. Jón kveður, að ákærði hafi sagt, þegar verið var að taka hann út úr kompunni: „Látið mig vera, lofið mér að deyja í friði", og sagt þetta nokkrum sinnum. Baldur kveðst hafa heyrt ákærða segja: „Þetta er allt í lagi", og endurtekið það nokkrum sinnum og síðan sagt annað hvort orðin: „Leyfið mér að deyja í friði", eða: „Ég ætla ekki að drepa mig". Hálfdán minnist þess, að hann sagði: „Það er allt í lagi", og einnig orðin: „Verið þið rólegir". Einnig heyrðist honum ákærði segja: „Leyfið mér að vera í friði". Kristján Björn heyrði, að ákærði sagði eitthvað, en heyrði ekki, hvað það var, en Edvard heyrði hann ekki mæla orð af munni.

Ákærða hafa verið gerðir kunnir framburðir framangreindra

vitna um atvik og atburði á Tómasarhaga 25 og í afgreiðslubyggingu Flugfélagsins aðfaranótt 9. maí f. á. Í tilefni af framburði Vilborgar Guðrúnar Kristjánsdóttur kveðst hann ekki minnast þess að hafa sagt við hana: „Ég hefi lengi ætlað mér að launa ykkur þetta", eða önnur slík orð. Þá minnist hann þess heldur ekki að hafa nótt eina eftir áramótin 1967—1968 hringt tvisvar heim til Jóhanns Gíslasonar og bætir við orðrétt: „Ég trufla'ði þau aldrei neitt". Í tilefni af framburði Goldu Helenar Þórhallsson um, að Jóhann hafi komið hlaupandi niður á neðri hæð hússins og fleygt byssu út um brotna rúðu í útidyrahurðinni, kveðst hann ekkert geta borið um það mál. Þá kveðst ákærði í tilefni af framburði Helga Kristjánssonar ekki muna eftir því, að hann (ákærði) afhenti honum lyklana að bifreið sinni, og veit hann ekkert, hvað varð um þá. Ákærði kveðst ekkert frekar geta borið um, hvað gerðist á Tómasarhaga 25 og í afgreiðslu Flugfélagsins en hann hefur þegar frá skýrt.

II. kafli.

Vitnin Njörður Snæhólm, varðstjóri í rannsóknarlögreglunni, og Sævar Þorbjörn Jóhannsson, starfsmaður í tæknideild rannsóknarlögreglunnar, eru sammála um, að klukkan hafi verið 0445 umrædda nótt, þegar hringt var heim til þeirra frá lögreglustöðinni og þeim tilkynnt um atburðinn á Tómasarhaga 25. Sævar Þorbjörn fór rakleitt á vettvang, en Njörður Snæhólm fór á slysavarðstofuna og þaðan á lögreglustöðina, áður en hann kom á vettvang.

Sævar Þorbjörn kveðst hafa komið að Tómasarhaga 25 um kl. 0505 og hitt þar fyrir utan lögreglumennina Björn Jónsson og Indriða Aðalstein Jóhannsson, en Björn telur sennilegt, að klukkan hafi þá verið um 0530. Sævar Þorbjörn tók í vörzlur sínar skammbyssu, sem Björn hélt á, en tók áður ljósmyndir af henni á þeim stað á götunni, þar sem Björn sagði, að hún hefði legið. Vitnið Sævar Þorbjörn sá, að rúða í útidyrahurð íbúðarinnar á annarri hæð Tómasarhaga 25 var brotin, og var mikið af glerbrotum á gólfinu fyrir innan hurðina, en hann athugaði ekki sérstaklega, hvort glerbrot voru einnig á stéttinni fyrir utan dyrnar. Hann fór upp í íbúðina á annarri hæð hússins, og segir síðan í skýrslu hans orðrétt: „Á gólfi eldhússins var mikið blóð, einnig var nokkuð blóð á skúffum eldhúsborðsins. Á gólfinu lá dökkbrúnn hattur, inni í honum var nafnspjald, er á var pretað nafnið: Gunnar V. Frederiksen, ásamt stöðuheiti (á ensku),

heimilisfangi og símanúmeri. Einnig var merki úr gulum pappír, sennilega vörumerki hattframleiðandans, en á það hafði verið skrifað með bláu bíróbleki G. V. Frederiksen. Á svitaleðri hattsins voru festar þrjár litlar, kringlóttar plötur, „emeleraðar" með bláu, en á hverri plötu var bókstafur. Var þeim raðað þannig, að þeir mynduðu G.V.F., eða upphafsstafi Gunnars V. Frederiksens. Úr eldhúsi er innangengt í skála. Á skálagólfi næst stofudyrum var stór blóðflekkur". Fyrir dómi kveðst Sævar Þorbjörn ekki hafa athugað, hvað stóð á nafnspjaldinu, fyrr en hatturinn var kominn í tæknideild rannsóknarlögreglunnar. Eftir að hann hafði lokið töku ljósmynda á Tómasarhaga 25, fór hann að afgreiðslubyggingu Flugfélagsins á Reykjavíkurflugvelli til að athuga bifreiðina R 2456, sem þar var. Hann kveður, að blóðblettur hafi verið neðarlega nálægt miðju baki framsætis og blóð einnig á stýrinu svo og lítill blóðblettur fyrir ofan hurðarhún á utanverðri vinstri framhurð bifreiðarinnar. Lögreglumennirnir Þorlákur Runólfsson og Þorkell Páll Pálsson voru viðstaddir þessa athugun, og hafa þeir staðfest, að blóð hafi verið bæði utan á vinstri framhurð og í framsæti bifreiðarinnar. Hinn síðarnefndi ók bifreiðinni síðan á lögreglustöðina, en vaktmaðurinn hafði afhent honum bifreiðarlyklana.

Njörður Snæhólm segir í skýrslu sinni um rannsókn á vettvangi að Tómasarhaga 25 meðal annars svo:

„Gluggi í útihurð hússins, að efri hæð, að stærð um 30×70 cm, var brotinn inn. Blóðblettir voru fyrir utan dyrnar. Blóðdropar upp stigann, á vegg og hægri karmi hurðar að eldhúsi, sem er strax til hægri, þegar komið er upp stigann. Talsvert mikið blóð á eldhúsgólfinu og slettur upp á eldhúsborð og glugga á norðurhlið. Á eldhúsgólfinu innarlega til hægri lá karlmannshattur, dökkur, og blóð á honum. Í svitabandið er smellt þremur stöfum „GVF" og undir svitabandið stungið nafnspjaldi, sem á er prentað „Gunnar V. Frederiksen Captein Karfavogi 18, Reykjavík Iceland Tel. 34661". Sá hluti spjaldsins, sem er undir bandinu, er svitastorkinn. Undir bandinu er annar miði, festur, og á hann er vélritað „Quality Standard Cam. Colour 1446 Shape 369 R Ribbon 18 Self. Lining Green", og skrifað með bleki „G. V. Frederiksen Karfavogi 18 sími 34661".

Í holinu inn af eldhúsinu eru blóblettir á teppinu, þar sem látni féll, fyrir framan stofudyrnar, sem er í S.A. horni, en ekki var hægt að sjá, að þangað hefði verið farið inn. Vinstra megin við stofudyrnar er stór skápur, og á honum næst stofudyrunum

var talsvert steinryk. Rétt þar fyrir ofan, á veggnum, var gat, einn sentimetri á dýpt. Við grófum gatið út, og þá kom í ljós, að í holunni var blýkúla, cal. 22, klesst ...".

Fyrir dómi hefur Njörður Snæhólm skýrt frá því, að lítið hafi verið af glerbrotum fyrir utan útidyrahurð annarrar hæðar og megnið af þeim verið fyrir innan dyrnar. Þá hafi hatturinn á eldhúsgólfinu verið á hvolfi. Enn fremur kveður hann, að holan í veggnum í skálanum hafi verið 150 centimetra frá gólfi og 94 centimetra frá vinstra karmi stofudyra, séð úr forstofu eða eldhúsi. Hann segir, að þeir Edvard Örn Olsen lögreglumaður hafi grafið í holuna og hafi litið út eins og kúlan, sem þar fannst, hafi komið nokkurn veginn beint inn í vegginn í átt frá eldhúsi, en ekki frá forstofu.

Sævar Þorbjörn fór með fyrrgreinda skammbyssu í tæknideild rannsóknarlögreglunnar, og þar rannsökuðu þeir Njörður Snæhólm hana. Reyndist hún vera: „Revolver cal. 22 9 skota HI-Standard Hamden Conn. USA No. 904066". Voru í henni fimm skot ónotuð og fjögur tóm skothylki.

Að kvöldi 9. maí f. á. afhenti maður úr fjölskyldu ákærða Leifi Jónssyni rannsóknarlögreglumanni fjórar byssur, sem höfðu verið geymdar á heimili þeirra að Karfavogi 18. Þær voru þessar: 1) riffill, Hornet, cal. 22, Anschütz mod. 1432, nr. 390896, en í hann vantaði lás mek., 2) riffill Husqvarna, cal. 22, nr. 20590, með sjónauka, 3) revolver Colt., cal. 455, nr. 110778 (gömul herbyssa), svo og 4) haglabyssa, cal. 12, Bayard tvíhleypa, nr. 42373.

Hinn 14. maí f. á. leituðu rannsóknarlögreglumennirnir Njörður Snæhólm og Leifur Jónsson að skotfærum á heimili ákærða, og fundu þeir ásamt eiginkonu hans í hillu í lokuðum skáp í horni stofunnar eftirtalin skot: 1) 504 skot, cal. 22, sem virtust vera gömul, og voru þar á meðal fjórir 50 skota pakkar óopnaðir, 2) 1 st. Hornet skot, cal. 22, 3) 1 st. riffilskot, cal. 303, 4) 100 stykki haglaskot, cal. 12, sem virtust vera frekar gömul, svo og 5) kassi með startbyssukúlum, 4½ m/m. Varning þennan tóku rannsóknarlögreglumennirnir í vörzlur sínar. Um kvöldið daginn eftir tilkynnti eiginkona ákærða rannsóknarlögreglunni, að hún hefði þá fyrr um daginn fundið 4 pakka af Hornet riffilskotum í íbúð þeirra hjóna og væru þrír þeirra límdir aftur. Sendi hún pakkana til rannsóknarlögreglunnar, og voru þar 6) 200 st. Hornet skot, cal. 22.

Að fyrirlagi rannsóknardómara málsins hefur Njörður Snæhólm kannað nánar skot þau, cal. 22, sem fundust heima hjá ákærða,

og skotin 5 og skothylkin 4, sem voru í skammbyssunni, sem fannst fyrir framan Tómasarhaga 25. Segir í skýrslu hans um þessa athugun meðal annars svo:

„Skotin, sem voru í þessum revolver, eru „rim fire", merkt „H" á botni, af tegundinni Long. Kúlan er úr blýi, ófóðruð og með einni smurningsrauf og einni tangarrauf. Skothylkin eru einnig merkt „H" á botni, og eru „rim fire".

Heima hjá Gunnari fundust 504 skot, cal. 22, sem hægt er að nota í þennan revolver, en 205 þeirra eru sömu tegundar og þau, sem voru í þessum revolver. Þessi skot eru algeng hér og hafa fengizt í öllum skotfæraverzlunum og ganga einnig í riffil, sem Gunnar átti. Pakkarnir, sem skotin eru í, eru merktir „Winchester Lead Staynless 22 long, lead lubricated, rim fire, Western Cartridge Company U.S.A.".

Afgangurinn af skotunum cal. 22, sem voru heima hjá Gunnari, eða 299 st., eru „rim fire" „short" með „R" á botni. Það eru fjórir óopnaðir pakkar, einn opnaður, fullur, 16 laus. Á pökkunum stendur „Cal. 22 Kurz Rhein- Westf. Sprengstoff A.G. Nürnberg". Þessi skot er einnig hægt að nota í umræddan revolver og riffilinn, sem var hjá Gunnari, og þau hafa fengizt í öllum skotfæraverzlunum hér í borginni, enda algeng tegund.

Þar sem þetta eru hvorttveggja algengar tegundir, verður að ætla, að þær hafi einnig fengizt og fáist í flestum eða öllum skotfæraverzlunum landsins.

Það er rétt að geta þess, að til að kaupa skotfæri hér á viðkomandi að sýna innkaupaheimild, þó eftir því sé ekki alltaf farið. Þessi viðskipti eru ekki skráð í verzlunum og því ekki hægt að finna, hvort ákveðinn maður hefur keypt skotfæri, eins og t. d. cal. 22 skot".

Skýrslu þessa hefur Njörður staðfest fyrir dómi og skýrt þar frá því, að þar greind 205 skot, sem eru sömu tegundar og voru í skammbyssunni, hafi verið í frekar snjáðum pökkum, sem bendi til þess, að þau séu ekki nýlega keypt, og sé ekkert því til fyrirstöðu, að þau hafi verið keypt þó nokkrum árum síðar.

Þess var getið í I. kafla hér að framan, að í sakadóminum 9. og 10. maí f. á. bar ákærði, að hann hefði tekið greinda byssu á heimili Jóns Guðjónssonar rafvirkjameistara þá fyrir rúmu einu ári. Ákærði kveður, að þeir hafi verið að skemmta sér og hafi Jón boðið honum heim til sín. Jón hafi sýnt honum byssu, og kveðst ákærði hafa haft hana á brott með sér og heim til sín, án þess að Jón tæki eftir því. Ákærði kveðst ekki hafa tekið

byssuna í neinum sérstökum tilgangi, heldur aðeins af rælni, eins og hann kemst að orði. Nokkrum mánuðum síðar hafi Jón spurt hann að því, hvort hann hefði tekið byssuna frá honum. Ákærði kveðst hafa neitað því og hafi Jón þá ekki talað meira um málið.

Vitnið Jón Guðjónsson rafvirkjameistari, Starmýri 4 hér í borg, hefur skýrt frá því, að á árunum 1957—1959 hafi hann lánað amerískum hermanni, sem kom heim til hans, að því er hann minnir kr. 500.00 og hafi hermaðurinn boðið honum að halda skammbyssu, 9 skota, cal. 22, Hi-Standard, sem hann var með, þar til lánið yrði endurgreitt eftir nokkra daga. Jón kveðst hafa tekið við byssunni og hafi ekkert skot verið í henni. Hermaðurinn hafi aldrei endurgreitt honum lánið eða komið aftur til hans. Kveðst Jón því hafa haldið byssunni og geymt hana á heimili sínu. Hann hafi nokkrum sinnum farið með byssuna upp í æfingasvæði Skotfélags Reykjavíkur og skotið þar í mark af henni og sett þá í hana riffilskot, cal. 22. Hann man seinast eftir því, að byssan var í fórum hans í nóvember 1966, og var hún þá í skrifborðsskúffu í einkaherbergi hans í Starmýri 4. Samkvæmt vegabréfi hans dvaldi hann vestur í Ameríku frá 4. til 22. marz 1967, og kveður hann, að um eða máske meira en hálfum mánuði eftir að hann kom aftur hingað til lands, hafi hann saknað byssunnar. Fór hann þá að hugsa um, hvaða fólk hefði haft aðstöðu til að taka byssuna. Hann minntist þess, að eftir kvöldfund í Lionsklúbbi hér í borginni eftir miðjan janúar 1967 höfðu fjórir menn komið heim til hans, og var ákærði einn þeirra. Þeir voru allir undir áhrifum áfengis. Hann mundi ekki, hvort hann sýndi þeim byssuna eða aðrar byssur. Hann talaði við tvo af fyrrgreindum mönnum, en þeir sögðust ekki hafa tekið byssuna og tóku enn fremur ábyrgð á því, að sá þriðji hefði ekki tekið hana. Hringdi hann þá til fjórða mannsins, ákærða, og sagði eiginkona hans honum þá, að hann væri farinn vestur um haf vegna hinnar nýju þotu Flugfélagsins. Jón kveður, að samkvæmt stimpli á kassakvittun í bókhaldi hans hafi ákærði greitt honum andvirði viftu og kostnað við uppsetningu hennar 5. júlí 1967. Við þetta tækifæri hafi hann spurt ákærða um, hvort verið gæti, að hann hefði tekið byssuna, og hafi hann þá neitað því. Jón minnist þess ekki, að ákærði hafi komið heim til hans í annað skipti en áður greinir síðan í nóvember 1966.

Ákærði hefur ekkert sérstakt haft að athuga við framangreindan framburð Jóns Guðjónssonar. Kveður ákærði, að hann hafi sýnt honum byssuna í umrætt skipti inni í skrifstofu sinni, á meðan

hinir gestirnir þrír hafi verið í stofu, og hafi ákærði svo tekið byssuna, án þess að Jón sæi til. Hann geymdi hana síðan í læstri skúffu í skrifstofuherbergi heima hjá sér. Riffilskot þau, sem hann hlóð byssuna með, kveðst hann hafa átt síðan fyrir seinni heimsstyrjöld eða í byrjun hennar. Hann hefur ekkert haft að athuga við framangreinda skýrslu Njarðar Snæhólms um athugun á skotum á heimili hans og skotum þeim og skothylkjum, sem voru í byssu þeirri, sem fannst fyrir utan Tómasarhaga 25.

Ákærða hefur verið sýnd greind byssa svo og hattur sá og vasahnífur, sem fyrr um getur. Honum sýnist þetta vera byssa sú, sem hann tók hjá Jóni Guðjónssyni. Þá kveður hann, að hatturinn sé hans og hafi hann verið með hann á höfðinu, þegar hann fór vestur á Tómasarhaga 25. Hann kveðst ekkert geta borið um, hvenær hann hefur misst hattinn eða hvað varð af honum, og hann man ekkert sérstaklega eftir því, að hann færi inn í eldhús íbúðarinnar á annari hæð í húsinu. Þá heldur ákærði alveg örugglega, að hnífurinn sé hans, en hann man ekki til þess, að hann tæki hnífinn upp og opnaði hann umrædda nótt. Jóni Guðjónssyni hefur verið sýnd fyrrgreind byssa, og kveðst hann ekki fá annað séð en að þetta sé byssan, sem Ameríkumaðurinn lét hann fá og um ræðir í framburði hans.

Krufning fór fram á líki Jóhanns heitins Gíslasonar, og framkvæmdi prófessor dr. med. Ólafur Bjarnason verkið. Ályktun læknisins er svohljóðandi:

„Við krufninguna fundust þrjár blýkúlur í líkinu, og hefir eitt skotið valdið bana. Á hægri kinn fannst innskotsop, og lá frá því skotgangur niður og aftur á við í gegnum kinnina, og hefir kúlan brotizt út í gegnum húðina nokkru neðan við h. eyra og lent síðan niður í h. öxl, brotið beinið utanvert og hrokkið af því út undir húð (sbr. myndir).

Annað innskotsop fannst efst á bakinu, á mótum háls og baks, aðeins h. megin við miðlínu. Frá þessu opi liggur skotgangur inn í brjóstholið, niður og fram á við og til hægri í gegnum toppinn á h. lunga, niður eftir efsta blaði og sneiðist gegnum yfirborð miðblaðs, utan og framan til. Gengur síðan út í brjóstvegginn í gegnum VI. rif, nálægt fremri holhandarlínu, en þar finnst kúla úti undir húð (sbr. myndir). Þriðja innskotsop finnst ofantil á baki vinstra megin. Frá því liggur skotgangur inn á við, niður á við og yfir til hægri inn í brjóstholið. Liggur gangurinn aðeins miðlægt við herðablaðið og inn á milli IV. og V. rifs, um 6 cm. frá hryggnum, og síðan í gegnum aftan og ofanverðan neðri lappa

v. lunga, gegnum ofanvert neðsta blað, en kúla finnst úti undir yfirborði fremst og ofantil í neðsta blaði h. lunga (sbr. myndir). Á leið sinni í gegnum h. lunga hefir kúlan tætt sundur megingrein lungnaslagæðar, en af því hlotizt blæðing sú í brjósthol, sem hefir orðið manninum að bana".

Samkvæmt vottorði Hlöðvers Fr. Bjarnasonar, læknis í Slysavarðstofu Reykjavíkur, var blóðsýni til alkóhólrannsóknar tekið úr ákærða kl. 0637 9. maí f. á., og samkvæmt vottorði rannsóknarstofu prófessors Jóns Steffensens fundust í því „reducerandi" efni, sem samsvara 1.40‰ af alkóhóli.

Sama dag, kl. 1020, var Jón Sigurðsson borgarlæknir kvaddur til skoðunar á ákærða í hegningarhúsinu, og með honum var Bragi Ólafsson aðstoðarborgarlæknir. Segir í vottorði borgarlæknis á þessa leið:

„Gæzlufanginn var rauður og þrútinn í andliti, og af honum lagði lítilsháttar vínlykt. Blóðstorka var í vinstra eyrnagangi og á ytra eyra, einnig nokkuð ofan á vinstri kinn og upp á vinstri augabrún. Ca. tveggjakrónu stórt bólguþykkildi var á hákinnbeini framan við vinstra eyra. Á brjósti vinstra megin í brjóstvörtu hæð og ca. 4 cm. innan við brjóstvörtuna var um 1 cm. stórt stungusár, sem hefir gengið inn úr húð, bandvef og inn í vöðvalagið undir. Við hlustun var ekkert óeðlilegt, hvorki í lunga, brjósthimnu né gollurhúsi".

Hinn 13. maí f. á. skoðaði Halldór Arinbjarnar læknir, Hvassaleiti 44 hér í borg, Vilborgu Guðrúnu Kristjánsdóttur, og segir í vottorði læknisins á þessa leið:

„Við skoðun í dag á frú Vilborgu sést á báðum upp-handleggjum, rétt fyrir ofan olnbogann, lófastór heamatoma (mar), sömuleiðis eru marblettir að svipaðri stærð aftan á miðjum hægri kálfa ofarlega. Yfir efri hluta bringubeins eru nokkur eymsli og léttur roði. Ekki er aðra áverka að sjá, en víða aumir blettir.

Áverka þessa telur frú Vilborg sig hafa fengið í ryskingum við óboðinn gest aðfaranótt 9. maí 1968".

III. kafli.

Þess var getið í I. kafla hér að framan, að ákærði kveðst hafa lagt hatur á Jóhann heitinn Gíslason, og í sakadómi 10. maí f. á. skýrði hann frá ástæðum til þess, en þær voru, að hann taldi, að Jóhann ætti sök á því, að hann missti starf sitt hjá Flugfélagi Íslands h/f á miðju ári 1967. Síðar samdi ákærði skriflega greinargerð, sem hann staðfesti í dóminum 15. ágúst f. á., og taldi, að

skoða bæri sem hluta og til fyllingar fyrri framburði sínum. Jafnframt hefur Flugfélagið látið dóminum í té ýmisleg gögn um atvik að brottför ákærða frá félaginu, og þar að auki hafa nokkur vitni mætt í dómi til að bera um það mál. Verður nú þessi hluti dómsrannsóknarinnar rakinn ræki lega, enda hefur af hálfu ákærða og verjanda hans verið lögð mikil áherzla á þennan þátt.

1. Ákærði skýrir svo frá:

Hann varð flugmaður hjá Flugfélaginu 1. apríl 1946 og flugstjóri á millilandaflugvélum þess frá 1952. Árið 1957 eignaðist félagið Vickers Viscount skrúfuþotur, og varð hann annar í röð þeirra, sem öðluðust flugstjóraréttindi á þær, eða næstur á eftir yfirflugstjóranum, Jóhannesi R. Snorrasyni.

Í febrúar 1967 hafði félagið fest kaup á Boeing 727 þotu vestur í Bandaríkjunum, og var þá samið við seljendur um að sjá um þjálfun áhafna hennar. Var stjórn Flugfélagsins búin að ákveða, að þjálfaðar skyldu sex áhafnir. Ætlunin var að fjórar þeirra færu vestur til Seattle í byrjun marz og væru komnar aftur til Íslands í lok aprílmánaðar. Síðar áttu tvær áhafnir að fara vestur í byrjun maí og koma með flugvélina hingað til lands í júnílok. Í fyrri hópnum áttu að vera fjórir flugstjórar, þeir Anton G. Axelsson, Þorsteinn E. Jónsson, Aðalbjörn Kristbjarnarson og Skúli Magnússon. Hins vegar áttu tveir efstu menn á starfsaldurslista flugstjóra, þeir Jóhannes R. Snorrason og ákærði, að fara með seinni hópnum og þar með fljúga þotunni heim til Íslands „og brjóta blað í sögu íslenzkra flugmála", eins og ákærði kemst að orði. Þetta var búið að tilkynna honum í febrúarmánuði, „og var ég ánægður með heiðurinn, sem sýna átti með þessu", segir ákærði. Honum til mikillar undrunar fékk Jóhannes þó að fara með fyrri hópnum, og einnig bættist í þann hóp sjöundi elzti flugstjóri félagsins, Björn Guðmundsson, en þó aðeins til bóklega námsins. Ákærði kveður, að hér hafi verið um „baktjaldamakk" að ræða og hafi Jóhann Gíslason, sem var deildarstjóri flugrekstrardeildar félagsins, komið „þessu í kring", en hann hafi haft „með að gera undirbúning að þessum málum í samráði við forstjóra og stjórn félagsins". Varð úr vegna þessara breytinga, að Þorsteinn E. Jónsson fór ásamt ákærða í stað Jóhannesar til Seattle auk tveggja aðstoðarflugmanna og tveggja flugvélstjóra. Héldu þeir af landi brott 4. maí til Kaupmannahafnar og fóru þaðan daginn eftir til Seattle. Hinn 8. sama mánaðar byrjuðu þeir hið bóklega nám, og 2. júní höfðu þeir lokið því með ágætum vitnisburðum. Því næst hófst undirbúningur undir þjálfunarflug,

sem hafði dregizt, og átti það að hefjast 13. júní. Þjálfunarflug flugstjóra var 20 klukkustundir. Upphaflega hafði verið ráðgert, að þotan kæmi til Íslands 28. júní, en hún var fyrr tilbúin til afhendingar en áætlað hafði verið, og var því ákveðið, að hún skyldi koma hingað til lands 24. júní. Fengu þeir Þorsteinn E. Jónsson og ákærði vitneskju um þetta um 10. júní og sáu þá, að samkvæmt tímatöflu þjálfunar mundu þeir aðeins vera búnir að vera 18 klukkustundir í þjálfunarflugi 25. júní. Töluðu þeir við Jóhannes R. Snorrason og Jóhann Gíslason, sem komnir voru vestur til Seattle, og báðu þá um að flýta þjálfunarflugi þeirra, þannig að þeir hefðu lokið því fyrir brottför þotunnar og gætu farið með henni til Íslands. Kveður ákærði, að hægur vandi hefði verið að gera það, ef vilji hefði verið fyrir hendi. Jóhannes hafði talið, að það væri ekki sitt verk að skipta sér af því máli, heldur Jóhanns. Hafi þeir þá talað við Jóhann um, að þjálfun þeirra væri flýtt, en hann ekki sinnt því. Miðvikudaginn 21. júní komu þeir saman til fundar þeir Jóhann, Jóhannes og William E. Yingling kennsluflugstjóri ásamt þeim Þorsteini og ákærða, og var þeim Þorsteini þá tilkynnt, að þotan ætti að leggja af stað til Íslands föstudaginn 23. júní. Þeir Þorsteinn og ákærði sáu þá, að útilokað var, að þjálfunarflugi þeirra yrði lokið fyrir brottför þotunnar, og komust að raun um, að óskum þeirra hafði ekki verið sinnt. Vantaði hvorn þeirra þrjú flug eða 6 klukkustundir á fulla þjálfun. Á þessum fundi var þeim afhent ný þjálfunarskrá, og samkvæmt henni átti þjálfun þeirra að vera lokið þriðjudaginn 27. júní. Þetta særði ákærða verulega, og þeim mun meira en ella, að skýrt hafði verið frá því opinberlega hér á landi, að hann kæmi ásamt Jóhannesi R. Snorrasyni með þotunni til landsins. Var það ekki leiðrétt og skýrt frá því, að ákærði kæmi ekki með þotunni vegna óviðráðanlegra ástæðna. „Framkoma öll og tillitsleysi var með endemum gagnvart mér í öllu þessu máli", segir ákærði og „sjálfsvirðingu minni var misboðið".

Ákærði og Þorsteinn vildu ekki sætta sig við þetta, og að kvöldi 23. júní fóru þeir út á flugvöllinn, þar sem þotan var ferðbúin, ákveðnir í að fara með henni heim til Íslands. Þrösuðu þeir eitthvað við þá Jóhannes og Jóhann um að fara með. Jóhannes neitaði í fyrstu, en Jóhann virtist þar ráða meiru um en sjálfur flugstjórinn, og varð það til þess, að þeir fóru með sem farþegar. Engar tafir urðu á brottför vélarinnar vegna ákærða og Þorsteins, og trufluðu þeir engan og sýndu fullkomna kurteisi. Þeir álitu, að ekkert væri auðveldara en að ljúka þeim fáu þjálfunar-

stundum, sem voru eftir, hér á landi. Flugvélin kom svo til Reykjavíkur 24. júní. Aðspurður um, hvort hann hafi verið undir áhrifum áfengis á leiðinni, segir ákærði, að hann hafi verið allsgáður, þegar vélin lenti í Reykjavík.

Ákærði kveður, að næsta þriðjudag, 27. júní, hafi þeir Þorsteinn E. Jónsson fengið viðtal við Örn O. Johnson, forstjóra Flugfélagsins, í skrifstofu hans. Hafi Örn sagt, að mál þeirra væri í athugun og mundi það verða stjórn félagsins, sem afstöðu tæki til þess. Ákærði og Þorsteinn hafi þá borið fram þá spurningu, hvort þeir gætu ekki lokið þjálfunarflugi sínu í Keflavík undir leiðsögn hinna amerísku sérfræðinga, sem komið höfðu með þotunni til landsins, en þeir áttu að vera um tíma hér á landi til kennslu og þjálfunar. Örn hafi talið vera annmarka á því, þar eð flugvélin væri ekki í sérstakri tryggingu til þeirra hluta. Þorsteinn og ákærði hafi þá boðizt til að greiða sjálfir aukaiðgjald, ef þess þyrfti með, þar sem mestur hluti þjálfunarinnar hafði farið fram, en Örn hafi tekið því fálega.

Ákærði segir, að strax eftir að hann kom til landsins, hafi hann heyrt utan að sér, að Jóhann Gíslason hefði lagt til við stjórn Flugfélagsins, að bæði honum og Þorsteini yrði vikið úr starfi. Ákærði kveðst ekki geta nafngreint neinn einstakan, sem hafi sagt honum þetta, en minnir þó við nánari umhugsun, að Þorsteinn hafi sagt honum það.

2. Samkvæmt upplýsingum Flugfélagsins var fundur haldinn í stjórn þess mánudaginn 26. júní þetta ár. Forstjórinn skýrði frá því, að ákærði og Þorsteinn E. Jónsson hefðu ekki lokið námi vestra og komið heim í heimildarleysi og því brotið gegn fyrirmælum félagsins. Jafnframt væri unnið að skýrslugerð um málið. Samþykkt var að fresta umræðum, þar til sú skýrsla lægi fyrir.

Miðvikudaginn 28. júní var annar stjórnarfundur haldinn. Las forstjórinn þá skýrslur frá Jóhannesi R. Snorrasyni, Jóhanni Gíslasyni og M. E. Yingling, allar dagsettar þann dag í Reykjavík, varðandi þá tvo flugstjóra, sem luku ekki námi í Seattle. Þessar skýrslur hafa verið lagðar fram í málinu, og hefur Jóhannes staðfest sína skýrslu fyrir dómi. Þykir rétt að taka meginefni skýrslna þessara orðrétt í dóminn, til þess að ekkert falli undan í forsendum, sem upplýsingar gæti gefið um sögulegan aðdraganda sakarefnis.

Jóhannes R. Snorrason kveður, að þegar hann kom til Seattle 9. júní 1967, hafi honum verið afhent skrá yfir áætlað þjálfunarflug fjögurra flugmanna félagsins og hafi hann verið skráður þar

sem „instructor pilot“ ásamt W. E. Yingling flugstjóra, sem hafði séð um þjálfun annarra flugmanna. Ákærði og Þorsteinn E. Jónsson áttu að fljúga með þeim. Síðan segir í skýrslu Jóhannesar orðrétt:

„Fyrsta flugið var farið þriðjudaginn 13. júní, en síðan gerði skráin ráð fyrir 8 flugum, eða þar til sunnudaginn 25. júní. Þar sem áveðið var að flugvél Flugfélags Íslands færi frá Seattle þann 23. júní, var fyrir séð, að þjálfun þessara tveggja flugstjóra myndi ekki lokið fyrir brottför hennar. Var þá þegar gerð athugun á því, hvort hægt myndi að ljúka þjálfun á Íslandi, og haft samband við forstjóra Flugfélags Íslands varðandi það. Þegar svar barst um það, að það væri ekki hægt og þjálfun yrði að ljúka í Seattle, hafði ég samband við W. E. Yingling flugstjóra um, hvort hægt yrði að flýta þjálfuninni, þannig að henni yrði lokið fyrir 23. júní. Hann taldi, að þetta væri ógjörlegt, þar sem tími væri ekki fyrir hendi, og ekki æskilegt, að flugæfingar færu framúr því, sem áætlunin gerði ráð fyrir, og engan veginn rétt, að flugmenn færu í meir en eitt flug á dag“.

„Samkvæmt viðtali við W. E. Yingling og forstjóra Flugfélags Íslands um framhaldsþjálfun Þorsteins Jónssonar og Gunnars Frederiksen lá það ljóst fyrir, að þeirra þjálfun yrði ekki lokið, fyrr en flugvél Flugfélags Íslands væri farin frá Seattle, og þjálfunaráætlun Boeing yrði látin standa óbreytt. Okkur var tjáð, að þjálfunin gengi að óskum og gert væri ráð fyrir, að flugmennirnir færu í flugprófið þriðjudaginn 27. júní. Þetta tilkynntum við Þorsteini Jónssyni og Gunnari Frederiksen, en þeir töldu þessa lausn óviðunandi og vildu, að þjálfuninni yrði flýtt, þ. e. flogið tvisvar á dag, og prófið tekið, áður en Boeing flugkennarinn gerði ráð fyrir því. Samkvæmt viðtali við W. E. Yingling var þetta ekki talið gjörlegt og heldur ekki æskilegt. Þá fóru Þorsteinn Jónsson og Gunnar Frederiksen fram á það við mig, að ég bæði Jóhann Gíslason að hringja í forstjóra Flugfélags Íslands og biðja hann að fresta heimkomu flugvélarinnar, hvað hann gerði, en fékk eðlilega þau svör, að slíkt væri ekki hægt vegna undirbúnings hér heima.

Þegar ég tilkynnti flugmönnunum þessi tíðindi, urðu þeir ókvæða við og töldu það myndi vandalaust að breyta heimkomutíma flugvélarinnar um einn sólarhring. Ég benti þeim jafnframt á, að sú seinkun myndi ekki duga, þar eð skv. ákvörðun Boeing ættu þeir að fara í flugprófið þriðjudaginn 27. júní. Töldu þeir einnig, að unnt væri að fljúga með þá tvisvar á dag til þess að

ljúka fluginu, þrátt fyrir það að slíkt væri ekki talið æskilegt af þjálfunarflugmönnum.

Við brottför frá Seattle föstudagskvöldið 23. júní komu Þorsteinn Jónsson og Gunnar Frederiksen til flugvallarins áberandi ölvaðir, og settu farangur sinn um borð í flugvélina. Þeir tilkynntu útlendingaeftirlitsmanni, sem þar var staddur, að þeir væru farþegar með flugvélinni til Íslands, og fengu honum miða þá, er þeim bar að afhenda við brottför frá Bandaríkjunum. Ég náði tali af flugstjórunum og tjáði þeim, að þeirra þjálfun væri ekki lokið og þeir ættu ekki að fara með þessari flugvél heim. Þeir sögðu báðir, að þeir ætluðu með flugvélinni heim, hvað sem ég segði. Ég sagði þeim þá, að ég væri flugstjóri á þessari flugvél til Íslands og ég neitaði að flytja þá í því ásigkomulagi, sem þeir væru í, enda væri ekki æskilegt að láta sjá flugstjóra félagsins drukkna, þar sem fjöldi manns væri að kveðja vini og vandamenn, og velgjörðamenn okkar frá Boeing væru þar með ásamt konum sínum að kveðja okkur.

Bæði Þorsteinn og Gunnar sögðust myndu fara strax og færi gæfist með SAS til Kaupmannahafnar, ef þeir yrðu stöðvaðir í að fara með flugvél Flugfélags Íslands. Þegar svona var komið, gerði ég margar ítrekaðar tilraunir til þess að tala um fyrir þeim og benti á afleiðingar, sem óhjákvæmilega hlytu að fylgja í kjölfar svo vanhugsaðra fyrirætlana, en allt kom fyrir ekki.

Rétt fyrir brottför spurðu Þorsteinn og Gunnar mig, hvort ég ætlaði að banna þeim að fljúga með vélinni heim, og ég kvað ákveðið svo vera, en tók fram, að þar sem Jóhann Gíslason væri staddur á flugvellinum, myndi ég endurskoða afstöðu mína, ef hann gæfi sitt samþykki.

Aðspurður aftók Jóhann að samþykkja heimferð þeirra félaga með flugvélinni.

Áður en við varð ráðið, gengu Þorsteinn Jónsson og Gunnar Frederiksen um borð í flugvélina og tóku sér sæti saman. Ég gekk til þeirra og krafðist þess, að þeir gengju úr flugvélinni. Þorsteinn varð fyrir svörum og kvaðst ekki mundu fara nema með valdi. Þegar svona var komið og allir farþegar setztir í flugvélina, var ekki nema um tvennt að velja, að flytja þá heim til Íslands eða láta lögregluna á flugvellinum skerast í leikinn. Við Jóhann ræddum málið og vorum sammála um, að farþegar, starfslið flugvallarins og allt það fólk, sem hafði verið vitni að því, sem á undan var gengið, yrði látið horfa upp á frekari vandræði Flugfélagi Íslands, landi og þjóð til niðurlægingar".

Jóhannes R. Snorrason hefur staðfest skýrslu þessa fyrir dómi, og kveður hann, að hún sé samin að beiðni forstjóra Flugfélagsins eða þáverandi deildarstjóra flugrekstrardeildar félagsins.

Hann kveður, að gerð skrár um þjálfunarflug vestur í Seattle hafi algerlega verið í höndum Boeing verksmiðjanna og hafi hvorki hann né Jóhann Gíslason ráðið þar nokkru um.

Hann kveður, að áður en hann fór vestur til Seattle, hafi verið ákveðið, að hann og ákærði ættu að fljúga þotunni til Íslands.

Rétt þykir að taka skýrslu Jóhanns heitins Gíslasonar orðrétt í dóminn, og hljóðar hún svo:

„27. júlí 1966 auglýsti Flugfélagið eftir umsóknum um stöður flugmanna á B-727 flugvél félagsins (fylgiskjal I).

9. ágúst 1966 sækir Gunnar Frederiksen um stöðu flugstjóra (fylgiskjal II), og 15. ágúst 1966 sækir Þorsteinn Jónsson um flugstjórastöðu á B-727 (fylgiskjal III). Umsókn Þorsteins barst ekki fyrr en 15. ágúst, vegna þess að hann var við störf á Grænlandi, en í slíkum tilfellum er umsóknarfresturinn framlengdur, þangað til viðkomandi flugliði kemur til Reykjavíkur.

11. janúar 1967 er þeim Gunnari Frederiksen og Þorsteini Jónssyni tilkynnt, að þeir muni hljóta flugstjórastöður á B-727 flugvél Flugfélagsins að flugstjóraréttindum fengnum (fylgiskjöl IV og V). Einnig hvenær líkur væru fyrir, að námskeið þeirra yrði í Seattle.

4. apríl 1967 tilkynna Boeing-verksmiðjurnar, að þær stefni að afhendingu flugvélar Flugfélagsins mánudaginn 26. júní 1967.

28. apríl afgreiðir undirritaður ferðareikning (dagpeninga og ferðaáætlun) fyrir Gunnar Frederiksen og Þorstein Jónsson til gjaldkera Flugfélagsins. Er þar gert ráð fyrir, að þjálfun þeirra ljúki sunnudaginn 25. júní og þeir komi heim mánudaginn 26. júní með flugvél Flugfélagsins.

19. maí 1967 tilkynna Boeing-verksmiðjurnar, að þær stefni að afhendingu flugvélarinnar 22. júní 1967. Þegar þessi tilkynning barst, var þjálfun þeirra Gunnars Frederiksen og Þorsteins Jónssonar komin vel á veg samkvæmt fastákveðinni dagskrá Boeing.

Með tilliti til afhendingar 22. júní ákveður Flugfélagið að stefna að brottför frá Seattle 23. júní og komið yrði til Reykjavíkur laugardaginn 24. júní kl. 14.00, sem síðan var breytt með skeyti forstjóra F. Í. 19. júní kl. 16.00.

Þegar undirritaður kom til Seattle 16. júní, tjáðu þeir Jóhannes R. Snorrason, Þorsteinn Jónsson og Gunnar Frederiksen mér, að

miklar líkur væru á, að þeir lykju ekki flugþjálfun fyrr en eftir 23. júní, og óskuðu eftir, að ég sendi skeyti til forstjóra Flugfélagsins um möguleika á að ljúka flugþjálfuninni á Íslandi fyrir þá Gunnar Frederiksen og Þorstein Jónsson og einnig flugvélstjórana Sigurð Guðmundsson og Einar Sigurvinsson. Undirritaður útskýrði fyrir flugstjórunum, að hér væri um mikla erfiðleika að ræða, þar sem mér væri kunnugt um, að vélin væri ekki tryggð fyrir „frumþjálfun" flugmanna eða flugvélstjóra, en eigi að síður mundi ég koma þessari beiðni á framfæri. Með skeyti 19. júní og í símtali við forstjóra F. Í. 20. júní kom ég síðan þessari ósk á framfæri.

21. júní kom endanleg synjun frá Flugfélaginu, eftir að forstjóri Flugfélagsins hafði rætt við forstjóra Trygging h.f.

Eftir synjunina átti undirritaður ásamt J. R. Snorrasyni og Capt. Yingling fund með þeim Þorsteini og Gunnari, þar sem ég skýrði þeim frá því, að lokaþjálfun þeirra gæti ekki farið fram á Íslandi vegna ýmissa erfiðleika í sambandi við tryggingu flugvélarinnar. Á þessum fundi kom fram, að Capt. Yingling var mótfallinn að framkvæma hluta af þjálfuninni í Seattle og hluta hennar á Íslandi, hann taldi, að tvímælalaust væri hagkvæmast fyrir alla aðila að ljúka henni í Seattle, eins og ráð hafði verið gert fyrir í upphafi.

Einnig tjáði ég þeim Þorsteini og Gunnari að Flugfélagið hefði ákveðið móttökudagskrá, þegar flugvélin kæmi til Reykjavíkur og að boðskort hefðu verið send til boðsgesta.

22. júní kom Jóhannes með þá beiðni frá þeim Þorsteini og Gunnari, að ég hefði samband við forstjóra Flugfélagsins og færi fram á fyrir þeirra hönd, að brottför flugvélarinnar og móttökuathöfninni í Reykjavík yrði frestað, þangað til þeir hefðu lokið sinni þjálfun, sem þeir töldu nú, að yrði sunnudaginn 25. júní.

Þrátt fyrir hversu fráleit þessi beiðni var, kom ég henni á framfæri við forstjóra Flugfélagsins, sem tjáði mér, að slíkt væri ekki mögulegt. Þessi málalok voru tilkynnt þeim Þorsteini og Gunnari.

Föstudaginn 23. júní tilkynnti Þorsteinn Jónsson undirrituðum í síma, að þeir Gunnar ætluðu heim án þess að hafa lokið flugþjálfuninni, þar sem Flugfélagið hefði ekki séð sér fært að koma til móts við óskir þeirra um frestun á brottför flugvélarinnar frá Seattle og frestun á móttökuathöfninni í Reykjavík.

Jóhannes R. Snorrason gerði síðan ítrekaðar tilraunir til þess

að fá flugstjórana til að breyta ákvörðun sinni, en árangurslaust".

Skýrsla Williams E. Yinglings er á ensku, en í þýðingu Hilmars Foss, löggilts skjalaþýðanda, á þeirri tungu hljóðar svo:

„Hr. J. Gíslason, Snorrason flugstjóri, ég og tveir flugstjórar Flugfélagsins hittumst í Seattle 21. júní, og rætt var um þá staðreynd, að flugstjórarnir tveir mundu ekki ljúka þjálfun sinni fyrir afhendingardag flugvélarinnar. Flugáætlun Boeing var fastákveðin, og var ekki hægt að breyta henni með því einnig var verið að þjálfa World Airways.

Stefna Boeing er aðeins eitt flug á dag fyrir hvern nemanda. Álitið er að 2 klst. rækileg þjálfun endist mun betur en 4 klst. Tafirnar í þjálfun þyddu 6 daga hámark í viðbót og 4 flug, þannig að reynsluflugi yrði lokið 27. júní. Samningurinn og stefna Boeing gera ráð fyrir að flugþjálfun verði lokið í Seattle. Gerði ég flugstjórunum tveimur grein fyrir þessari staðreynd, og það gerðu hr. Gíslason og Snorrason flugstjóri einnig.

Hvor flugstjóranna flaug með mér í 4 klst. á miðvikudag og fimmtudag, 2 klst, hvorn daginn, og var framför þeirra alveg viðunandi.

Snorrasyni flugstjóra var veitt 1 + 40 snemma, meðan á flugþjálfun þeirra stóð, og hafði það engin áhrif á þjálfunaráætlun flugstjóranna tveggja".

3. Sama dag, 28. júní, ritaði forstjóri Flugfélagsins f. h. þess ákærða og Þorsteini E. Jónssyni tvö bréf, svohljóðandi:

„Með tilvísun til þess, að þér lukuð ekki fyrirhugaðri þjálfun til öflunar réttinda til stjórnar Boeing 727 flugvél félagsins, og komuð jafnframt hingað heim með flugvélinni þrátt fyrir bann flugstjóra flugvélarinnar, óskar Flugfélagið eftir greinargerð frá yður um ástæður þessar. Þess er óskað, að greinargerð yðar hafi borizt forstjóra Flugfélagsins eigi síðar en kl. 14.00 föstudaginn 30. júní n.k.".

Föstudaginn 30. júní var fundur haldinn í stjórn félagsins, og skýrði forstjórinn frá nefndum tveimur bréfum. Fram voru lögð á fundinum svarbréf frá báðum flugstjórunum. Þykir rétt að taka bæði bréfin upp orðrétt.

Bréf ákærða hljóðar svo:

„Hefi móttekið bréf yðar, dags. 28. júní, varðandi komu mína til Íslands, áður en lauk fyrirhugaðri þjálfun til stjórnar Boeing þotu félagsins.

Upphaflega var áætlað, að flugvélin kæmi til landsins þann 28.

júní, en því var svo flýtt, þannig að hún mundi geta verið komin 24. dag mánaðarins.

Æfingarflugin áttu að byrja mánudaginn 13. júní og ljúka sunnudaginn 25. júní. Bentum við Þorsteinn E. Jónsson á það strax, að þessu mætti breyta í tæka tíð, ef við ættum að geta náð þessari áætlun. Aðstoðarflugmennirnir fengu aftur á móti úthlutað hagkvæmari tíma, þannig að þeir luku flugi 20. júní.

Búið var að tilkynna mér og einnig alþjóð í dagblöðum, að ég ætti m. a. að fljúga heim ásamt Jóhannesi R. Snorrasyni. (Betur hefði verið, að það hefði ekki verið gert). Nú sá ég fram á, að þetta gæti ekki staðizt, og særði það stolt mitt djúpt. Þarna var ég orðinn sár og leiður og barðist við tilfinningar mínar. Sömuleiðis hafði það töluverð áhrif á mig, að sonur minn varð nærri fyrir banaslysi hér heima um sama leyti. Vinur hans lá í valnum við hliðina á honum.

Þannig leið tíminn í óvissu, og fannst okkur Þorsteini endilega, að það hefði mátt reyna að gera eitthvað í gagnkvæma átt fyrir okkur. Jafnvel ljúka æfingarfluginu hér heima, þar sem með vélinni eru tveir flugkennarar frá Boeing verksmiðjunum.

Þegar svo kom að því, að þotan átti að fara heim, vorum við í uppnámi og óskuðum eftir því að komast heim.

Eins og yður er kunnugt um, hefi ég starfað hjá Flugfélagi Íslands í liðlega 21 ár, og ekki man ég eftir því að hafa lent í neinum árekstrum við forráðamenn Flugfélagsins eða farþega þess öll þessi ár. Fremur hefi ég fundið það, að vera vel liðinn af hálfu farþeganna og starfsfólki yfirleitt. Það hefur aldrei staðið á mér eina mínútu í starfi, og veikindadaga mætti telja á fingrum sér gegnum öll árin.

Ég hefi ætíð hugsað um hag Flugfélagsins og reynt að vera hagsýnn í starfi, og er mér óhætt að fullyrða, að í því liggja stórar fjárfúlgur. Þegar illa hefur árað hjá Flugfélaginu, hefi ég reynt að kaupa hlutabréf félagsins eftir efnum og ástæðum. Með stofnun Starfsmenn h.f. er ég meðal þeirra, sem hafa lagt fram hvað stærstan skerf. Með þessu hefi ég sýnt hug minn og vona, að þér og stjórn Flugfélagsins taki tillit til aðstæðna.

Hvað náminu viðkemur, hafið þér allar upplýsingar frá Boeing, og má ég segja, að þar er ekkert uppá að klaga.

Ef ég hefi gert mjög rangt að yðar áliti, óska ég eftir sættum og friði og vonast til að geta verið góður og trúr starfsmaður Flugfélagsins, meðan kraftar mínir leyfa".

Bréf Þorsteins E. Jónssonar, dags. 30. júní, er svohljóðandi:

„Með tilvísun til bréfs yðar, dagsett 28. þ. m., vil ég viðurkenna, að ég telji heimkomu mína frá Seattle með TF-FIE mikla fljótfærni.

Þetta var afleiðing af hugaræsingi og reiði, sem mér finnst réttlát vegna þess, meðal annars, að ekki var tekið neitt tillit til óska okkar flugstjóranna um, að breytingar yrðu gerðar á flugstundaskránni, þannig að við gætum allir lokið flugnáminu í tæka tíð fyrir heimför TF-FIE.

Við nánari íhugun, en því miður of seint, sá ég að þetta réttlætti ekki framferði mitt.

Mér er það fyllilega ljóst, að þetta hefur bakað félaginu bæði óþægindi og kostnað, og hef ég fullan hug á að bæta þetta eftir beztu getu".

Í fundargerð þessa stjórnarfundar er síðan bókað orðrétt: „Miklar umræður urðu um málið. Borin var fram tillaga af formanni um, að nefndum flugstjórum væri gefið tækifæri til að segja lausri stöðu sinni hjá félaginu nú þegar". Tillagan var samþykkt.

Ákærði kveðst hafa farið eftir hádegi næsta dag, 29. júní, til Arnar O. Johnsons með svarbréf sitt, og um þetta mót þeirra segir ákærði orðrétt:

„Vildi ég leita sátta í máli mínu og hefði það eflaust tekizt, ef frekari rannsókn hefði farið fram þá og mér gefinn sanngjarn tími til úrlausnar. Ég bauðst einnig til þess að greiða þann kostnað, sem það hafði í för með sér að fara aftur til Seattle, ef ekki væri um annað að ræða til að ljúka þjálfuninni. Það virtist bera lítinn árangur fyrir mig að tala við Örn um einhverja lausn, hann sagði aftur, að stjórnin tæki málið fyrir. En ég hafði grun um, að Örn sjálfur væri búinn að taka sína eigin afstöðu og ætlaði sér að halda við hana og þar hafi ráðið miklu um bréf, sem Jóhann hafði skrifað stjórn félagsins og forstjóra. Hve rætið þetta bréf var í garð okkar Þorsteins, get ég ekki sagt um, vegna þess að ég fékk aldrei að lesa það, en vissi hins vegar, að það var nógu slæmt til þess að ráða úrslitum í meðferð þessa máls. Hvort Örn hefur persónulega eitthvað viljað fyrir mig gjöra til úrlausnar, get ég ekki sagt um, en málin snúist jafnvel gegn mér vegna hins aðilans í málinu. Stjórn Flugfélags Íslands h.f. hafði aldrei samband eða viðtal við mig persónulega né gjörði tilraun til þess, meðan á þessu stóð".

Laugardaginn 1. júlí kl. 1130 boðaði Örn O. Johnson ákærða og Þorsteinn E. Jónsson til viðtals í skrifstofu félagsins. Þeir

mættu þar báðir, en auk Arnar var mættur af félagsins hálfu Einar B. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður. Samkvæmt minnisblaði Einars, dags. 4. sama mánaðar, sem Örn, Þorsteinn og ákærði hafa staðfest fyrir dómi, gerðist þetta á fundinum:

„Örn O. Johnson skýrði flugstjórunum báðum frá því, að hann og stjórn Flugfélagsins hefðu fjallað um mál þeirra. Væri stjórnin og hann sammála um, að brot þeirra flugstjóranna beggja væru svo alvarlegs eðlis, að ekki þætti fært að hafa þá lengur í þjónustu Flugfélagsins. Í því efni vakti Örn Ó. Johnson athygli á þrem atriðum:

1) Hinu alvarlega agabroti flugstjóranna, þar sem þeir hefðu virt að vettugi fyrirmæli Flugfélagsins, um að þeir skyldu ljúka þjálfun á þotu Flugfélagsins í Seattle undir stjórn Boeingfélagsins. Þessari þjálfun höfðu þeir ekki lokið, en komið heim án þess að hafa náð réttindum til að stjórna þotu. Enn fremur á hinu alvarlega agabroti flugstjóranna að fara heim með þotunni í banni flugstjórans, Jóhannesar Snorrasonar.

2) Hinu mikla fjárhagslega tjóni, auk annars vanda, sem þetta framferði hefði bakað Flugfélagi Íslands.

3) Álitshnekki, sem af þessu hefði hlotizt.

Örn Ó. Johnson tók hins vegar fram, að hann og stjórn Flugfélagsins hefðu ákveðið með skírskotun til hins langa starfstíma Gunnars Frederiksen og Þorsteins Jónssonar að gefa þeim kost á að segja starfi sínu upp. Óskaði hann eftir, að skrifleg uppsögn þeirra bærist Flugfélaginu þriðjudaginn 4. júlí síðdegis.

Hvorugur flugstjóranna hreyfði andmælum gegn þessu, og varð ekki annað skilið en að þeir myndu senda skriflega uppsögn, svo sem talað var um.

Þessi fundur var mjög stuttur, en áður en honum lauk, þökkuðu flugstjórarnir báðir Erni Ó. Johnson samstarf undangenginna ára".

Ákærði kveður, að á fundinum hafi Örn skýrt honum og Þorsteini frá því, að þeir hefðu gerzt sekir um agabrot í starfi og gefið þeim kost á að segja upp störfum hjá félaginu innan þriggja daga. Ákærði bætir við orðrétt: „Var þetta styztti, einfaldasti og afdrifaríkasti fundur, sem ég hefi upplifað. Ekki átti ég von á þessari meðferð, sem var eins og reiðarslag, enda fátt mælt, en ég sagði við Örn, um leið og ég kvaddi hann: „Þetta er ömurlegt hlutskipti"."

Ákærði kveðst hafa átt bágt með að sætta sig við þessa meðferð og kveður, að áminning hefði verið nægileg. Næsta dag, 2.

júlí, hafi hann því hringt til Arnar í þeirri von, að mál hans yrði tekið til meðferðar að nýju, og farið fram á að fá frí frá störfum einhvern óákveðinn tíma eftir samkomulagi, „þannig að tími gæfist til að átta sig á hlutunum". Þessi tilraun hafi engan árangur borið.

Ákærði kveður, að það hafi verið á móti vilja hans að skrifa uppsagnarbréf, en honum hafi verið gefinn mjög takmarkaður tími til umhugsunar. Úr varð, að 4. júlí sendi hann forstjóra Flugfélagsins svohljóðandi bréf:

„Undirritaður G. V. Frederiksen segi hér með upp starfi hjá Flugfélagi Íslands h.f. frá og með deginum í dag vegna þess misskilnings og leiðinda, sem skapast hafa vegna komu minnar með flugvélinni TF-ISE frá Seattle laugardaginn 24. júní.

Ef eitthvað skyldi koma til leiðréttingar á þessu leiðindamáli, er ég reiðubúinn til viðræðna".

Sama dag sendi Þorsteinn E. Jónsson Flugfélaginu uppsögn á starfi sínu frá og með þeim degi að telja.

Næsta dag, 5. júlí, tilkynnti Flugfélagið ákærða og Þorsteini bréflega, að félagið hefði samþykkt uppsagnir þeirra.

4. Þorsteinn Elton Jónsson flugstjóri, Sporðagrunni 9 hér í borg, hefur borið vitni í málinu. Hann segir, að á umræddum tíma hafi hann verið fjórði elzti flugmaður Flugfélagsins og á eftir þeim Jóhannesi R. Snorrasyni, ákærða og Antoni Axelssyni. Flugmenn þeir, sem læra skyldu á þotuna fyrir vestan haf, hafi farið þangað í tveimur hópum og hafi hann farið í þeim seinni með ákærða. Ætlað hafi verið, að þeir hefðu lokið námi og þjálfun fyrir vestan, áður en þotan færi þaðan hingað til lands, og að þeir Jóhannes og ákærði flygu henni hingað, en hann (Þorsteinn) og aðrir úr seinni hópnum yrðu farþegar í þeirri ferð hingað. Þotan hafi svo verið tilbúin til brottfarar a. m. k. tveimur dögum fyrr en gert hafði verið ráð fyrir og hafi því orðið ljóst, að hann og ákærði mundu þá ekki vera búnir að ljúka þjálfun sinni, eins og hún hafði verið áætluð. Þeir hafi talað við þá Jóhannes R. Snorrason og Jóhann Gíslason fyrir vestan í því skyni að reyna að fá þjálfuninni flýtt eða brottför þotunnar seinkað, þannig að þeir hefðu lokið við fullan þjálfunartíma fyrir brottför hennar og að þeir gætu farið með henni heim. Þetta hafi ekki borið árangur. Gert hafi verið ráð fyrir, að þeir færu í þjálfunarflug bæði mánudaginn 26. júní og þriðjudaginn 27. júní, en þá væri því lokið. Með þessu hafði þjálfunarflugi þeirra seinkað um tvo til þrjá daga og hafi þeir engar skýringar fengið á því,

en þeim sagt, að úr því að þeir gætu ekki komið heim með þotunni, gerði ekki til, þótt þeir lykju þjálfunarfluginu einum degi síðar.

Hann segir, að þeir ákærði hafi verið í þjálfunarflugi að morgni föstudagsins 23. júní, þegar þotan átti að leggja af stað til Íslands, og síðan segir í framburði hans á þessa leið orðrétt:

„Skömmu eftir hádegi komu þeir inn á hótelið, sem ákærði bjó á, en vitnið bjó á öðru hóteli. Vitnið kveðst hafa ætlað sér að leika golf þennan eftirmiðdag, en ákærði vildi, að þeir neyttu áfengis, og var það úr, að þeir gerðu það. Vitnið fór ekki til golfleiks, heldur sátu þeir við neyzlu áfengis fram eftir degi. Ákærði hafði orð á því við vitnið, að þeir skyldu fara saman með þotunni til Íslands, en þeir vissu þá, að hún átti að fara af stað þá um kvöldið. Vitnið kveðst hafa tekið þessu eins og gamni. Þeir skildu svo, og hélt vitnið á hótel sitt og lagði sig. Ákærði kom svo síðar um daginn á hótel vitnisins og ítrekaði það, að þeir skyldu fara með þotunni til Íslands, og var hann með allan sinn farangur í leigubifreið fyrir utan hótelið. Sá vitnið þá, að ákærða var full alvara með að fara með þotunni. Reyndi vitnið að fá hann af þessari fyrirætlan, en hann sagði þá, að vitnið hefði samþykkt það áður í samtali þeirra á hóteli hans, að þeir færu báðir með þotunni. Kveðst vitnið hafa samsinnt ákærða um, að þeir færu saman með þotunni þá fyrr um daginn, en kveðst hafa gert það í gamni með þeirri hugsun, að honum væri ekki alvara. Eftir að þeir höfðu rætzt við um málið, og vitnið sá, að ákærða var full alvara og að hann bar upp á vitnið samþykki um, að þeir skyldu báðir fara saman með þotunni, vildi hann ekki bregðast fyrri orðum sínum, heldur tók saman farangur sinn og fór með hann út í leigubifreiðina, sem ákærði hafði á leigu. Þeir höfðu neytt áfengis á hóteli því, er vitnið bjó á, og þegar þeir komu út á flugvöllinn, voru þeir báðir mikið undir áhrifum áfengis. Þeir Jóhannes Snorrason, Jóhann Gíslason svo og Sigurður Jónsson, forstöðumaður Loftferðaeftirlitsins, sem einnig var staddur þarna og fór heim með þotunni, reyndu að koma í veg fyrir, að ákærði og vitnið færu með þotunni, en þeir skeyttu því ekki, heldur stigu inn í vélina og settust þar í farþegasæti. Vitnið segir, að það og ákærði hafi neytt áfengis á leiðinni frá Seattle til Montreal, þar sem millilent var á leiðinni frá Seattle til Reykjavíkur".

Þorsteinn kveður, að eftir að komið var til Reykjavíkur, hafi nokkur bréfaskipti farið fram milli Flugfélagsins og hans, og varð úr, að hann og ákærði sögðu lausu starfi sínu hjá því. Hefur

Þorsteinn staðfest að hafa móttekið fyrrgreind bréf félagsins, dags. 28. júní og 4. júlí 1967, og að hafa sent því fyrrgreind bréf, dags. 30. júní og 4. júlí sama ár, sem getið er í 3. lið í þessum kafla. Þá hefur hann ekkert haft að athuga við áðurgreinda frásögn Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns um fundinn 1. júlí það ár.

Þorsteinn kveðst eftir þetta hafa verið flugstjóri hjá Landhelgisgæzlu Íslands í ígripum frá seinni hluta sumars 1967 og fram á vor 1968, en síðan verið flugstjóri hjá hollenzku flugfélagi.

Í tilefni af þeim orðum Jóhanns Gíslasonar í skýrslu sinni til Flugfélagsins, að 23. júní hafi Þorsteinn E. Jónsson tilkynnt honum í síma, að hann og ákærði ætluðu heim með þotunni, kveðst Þorsteinn ekki muna eftir því, að hann hringdi til Jóhanns þennan dag, og tekur fram, að í hótelherbergi hans hafi ekki verið sími, heldur aðeins úti á gangi, en sími hafi verið í hótelherbergi ákærða.

Í tilefni af þeim framburði ákærða, að hann minni, að Þorsteinn hafi sagt honum, að Jóhann Gíslason hefði lagt til við stjórn Flugfélagsins, að bæði honum og Þorsteini yrði vikið úr starfi, segir Þorsteinn, að þetta hljóti að vera misminni hjá ákærða og hafi hann aldrei heyrt þetta.

Örn Ó. Johnson, forstjóri Flugfélags Íslands h/f, hefur borið vitni í málinu. Hann kveður, að Jóhann Gíslason hafi sem deildarstjóri flugrekstrardeildar félagsins haft yfirumsjón með störfum flugáhafna og tekið þátt í mótun reglna, sem þær starfa eftir, svo og verið leiðandi við ráðningu flugáhafna og mat á kunnáttu þeirra.

Það hafi verið ákveðið í upphafi, að Jóhannes R. Snorrason yrði „check pilot" á þotunni, þ. e. hefði yfirumsjón með þjálfun flugmanna hér á landi, og hafi það verið með ólíkindum, að ráðgert hafi verið, að hann yrði í seinni eða seinasta hópnum, er færi vestur um haf til þjálfunar, en það hafi verið fyrst og fremst starf Jóhanns Gíslasonar að skipa flugmönnum í þjálfunarhópa.

Hann kveðst ekkert geta upplýst um einstök atriði þjálfunar flugmanna vestur í Seattle, því að bæði hafi þeir Jóhannes og Jóhann verið fyrir vestan svo og öll skipulagning og umsjón verið í höndum starfsmanna Boeing verksmiðjanna.

Hann kveður, að upphaflega hafi verið gert ráð fyrir því, að þeir Jóhannes og ákærði flygu þotunni frá Seattle til Íslands, en hann minnist þess ekki, að hann tilkynnti ákærða það, þó að svo kunni að hafa verið. Hann ætlar, að blaðafrásagnir um þetta efni

séu frekar byggðar á samtölum blaðamanna við blaðafulltrúa félagsins heldur en á fréttatilkynningum frá því.

Hann kveður, að fyrrgreindar skýrslur þeirra Jóhannesar R. Snorrasonar, Jóhanns Gíslasonar og Williams E. Yingling séu samdar að beiðni Flugfélagsins og sé skýrsla Jóhanns hin eina til félagsins um þar greint mál.

Hann kveður, að rétt sé frásögn Jóhanns um, að hann hafi komið beiðni þeirra Þorsteins og ákærða um, að brottför flugvélarinnar og móttökuathöfninni í Reykjavík yrði frestað, þangað til þeir hefðu lokið þjálfun sinni, sem þeir töldu, að yrði sunnudaginn 25. júní, á framfæri við hann (forstjóra Flugfélagsins), en hann hafi tjáð Jóhanni, að slíkt væri ekki mögulegt. Hann minnir, að félaginu hafi borizt telexskeyti frá Jóhanni um þetta efni og að því hafi verið svarað símleiðis. Skeyti eða skeytaafrit um þetta efni hafi ekki fundizt hjá félaginu, en það sé ekki óeðlilegt, því að ekki séu geymd öll bréf eða símskeyti, sem til félagsins berast.

Loks kveður Örn, að þota Flugfélagsins hafi ekki verið tryggð fyrir frumþjálfun flugmanna, þ. e. áður en þeir höfðu lokið flugstjórnarprófi, og hefði þurft sérstaka tryggingu til þeirrar notkunar hennar. Ef þjálfun flugmanna hefði farið fram á þeirri vél, hefði þar að auki áætlunarflug hennar ekki getað hafizt fyrr en um mánaðamót júlí og ágúst, en þá hefði sumaráætlun félagsins verið mjög skert.

Eftir að ákærða höfðu verið gerðir kunnir framangreindir framburðir þeirra Þorsteins E. Jónssonar og Jóhannesar R. Snorrasonar um atvik að brottför hans og Þorsteins með þotunni, skýrði hann frá þeim atburðum þannig:

Hann segir, að þeir Þorsteinn hafi verið í þjálfunarflugi að morgni 22. júní, en ekki 23. júní, og er það í samræmi við æfingaskrá þeirra. Eftir hádegi síðarnefnda daginn hafi ákærði gengið frá hóteli sínu út á annað hótel, þar sem tveir vélamenn íslenzkir bjuggu, í því skyni að skrafa við þá, en þeir voru þá í þjálfunarflugi. Hafi hann þá gengið yfir á hótelið, þar sem Þorsteinn bjó, og hitt hann þar. Þorsteinn hafði þá neytt áfengis. Ákærði kveðst hafa dvalizt í herbergi Þorsteins í töluverðan tíma. Áfengi hafi verið þar og hafi þeir neytt þess báðir, en ákærði þó aðeins lítillega og ekkert sem talandi var um. Þorsteinn hafi ekki haft orð á því, að hann hefði ætlað sér að leika golf þennan eftirmiðdag. Það hafi svo komið af sjálfu sér í samtali þeirra, að þeir fóru að ræða um, að þota Flugfélagsins ætti að fara til Íslands þá um

kvöldið, og hafi orðið úr, að þeir ákváðu að fara saman með henni heim. Annar þeirra hafi ekki átt hinum fremur uppástungunna að þessu eða að þeir tóku þessa ákvörðun. Tveir aðstoðarflugmenn íslenzkir hafi ætlað að koma til þeirra um kl. 1700 þennan dag og flytja aukafarangur þeirra út á flugvöll, svo að hann kæmist með þotunni til Íslands, en þeir hafi ekki komið. Ákærði kveðst þá hafa farið á hótel sitt, tekið saman farangur sinn og farið í leigubifreið á hótel Þorsteins með farangurinn, bæði aukafarangurinn og annan farangur sinn. Þorsteinn hafi tekið saman sinn farangur allan og síðan hafi þeir haldið út á flugvöllinn, þar sem þotan var ferðbúin. Ákærði neitar því að hafa verið undir áhrifum áfengis, þegar þeir félagar komu þangað. Þeir hafi hitt þá Jóhannes R. Snorrason og Jóhann Gíslason úti fyrir skammt frá þotunni og hafi hinir síðarnefndu andmælt því, að þeir færu með þotunni til Íslands. Það hafi þó orðið úr, að þeir fóru með henni. Ákærði kveðst ekki hafa neytt áfengis á leiðinni frá Seattle til Montreal.

Í tilefni af skýrslu Jóhanns Gíslasonar vísar ákærði að öllu leyti til fyrri framburðar síns. Hann kveðst ekki hafa vitað til þess, að Jóhann sendi símskeyti til forráðamanna Flugfélagsins hér eða ætti símtal við þá út af kvörtunum og tilmælum hans og Þorsteins, fyrr en Jóhann sagði honum fimmtudaginn 22. júní, að svo hefði verið. Þá kveðst ákærði ekki hafa orðið var við, að Þorsteinn hringdi til Jóhanns 23. júní, og hann hafi heldur ekki sjálfur hringt til hans.

Þá heldur ákærði fast við framburð sinn um, að Þorsteinn hafi sagt honum, að Jóhann hefði lagt til við stjórn Flugfélagsins, að honum og Þorsteini yrði vikið úr starfi, og hafi Þorsteinn haft fyrir sér orð ákveðins stjórnarmeðlims um það mál.

5. Ákærði kveður, að á meðan framangreindir atburðir gerðust, hafi verið búið að undirbúa og flýta, eins og mögulega var hægt, að senda Björn Guðmundsson til Seattle til þess að ljúka þar þjálfunarflugi á þotuna. „Var þá tilganginum náð“, segir ákærði. Þrátt fyrir þetta var hann engan veginn vonlaus um, að honum gæfist tækifæri til frekari viðræðna við stjórn Flugfélagsins, og hann gat ekki losnað við hugsunina um að fá sitt gamla starf aftur.

Hann kveðst síðan hafa átt tal við menn um möguleika og horfur á því, að hann yrði ráðinn aftur til félagsins, og einn þeirra hafi verið Böðvar Eggertsson skrifstofustjóri. Hann hafi sagt ákærða, að því er hann minnir fyrir áramótin 1967—1968,

að hann hefði talað við Pál Þorsteinsson aðalgjaldkera um málið og hefði Páll verið mjög bjartsýnn og gefið honum góðar vonir um, að ákærði yrði ráðinn aftur til félagsins. Ákærði kveðst síðan hafa kvöld eitt, máske í marz f. á., hitt Pál í Oddfellowhúsinu. Tal þeirra hafi borizt að greindu máli og hafi Páll þá sagt honum, að það þýddi víst ekkert að eiga við þetta. Ákærði hafi þá spurt hann að því, hvort nokkuð hefði verið gert í málinu, og ekki fengið skýr svör við því. Honum hafi mjög sárnað, að þarna var búið að eyða dýrmætum tíma til einskis, því að annars hefði verið búið að senda til félagsstjórnarinnar undirskriftarlista frá allstórum hópi viðskiptavina félagsins, þar sem farið var fram á við stjórn þess, að mál ákærða yrði tekið að nýju til ítarlegrar athugunar. Kveðst ákærði hafa verið orðinn „svekktur" á öllu þessu mótlæti og sofið oft illa.

Í tilefni af þessum framburði ákærða hefur Páll Þorsteinsson borið, að hann þekki Böðvar Eggertsson, og telur hann víst, að þeir hafi talazt við um brottför ákærða frá Flugfélaginu, en hann minnist ekki einstakra orðaskipta þeirra um það mál og tekur skýrt fram, að hann hafi ekkert að sýsla með áhafnir félagsins. Hann minnist þess ekki sérstaklega, að hann lofaði Böðvari því að kanna möguleika eða horfur á því, að ákærði kæmi aftur til félagsins, og hann kveðst ekki hafa gefið honum ástæðu til að hafa það eftir honum, að hann væri bjartsýnn eða að hann hefði góðar vonir um, að ákærði yrði ráðinn aftur til félagsins, ef Böðvar hefur þá sagt það. Hann minnist þess að hafa hitt ákærða í Oddfellowhúsinu einhvern tíma, eftir að hann var hættur hjá félaginu, en man ekki einstök orðaskipti þeirra í það skipti, og minnist hann þess ekki að hafa sagt við hann, að það þýddi víst ekkert að eiga við þetta, þ. e. að fá ákærða aftur til félagsins.

Vitnið Böðvar Ari Eggertsson skrifstofustjóri, Selvogsgrunni 13 hér í borg, kveður, að hann og ákærði hafi verið í sömu Oddfellowstúku, og þegar hann frétti, að ákærði hafði hætt starfi hjá Flugfélaginu, vildi hann kanna, hvort möguleiki væri á því, að ákærði fengi aftur starf hjá félaginu. Hann hafi fyrst talað um þetta við ákærða og síðan við Pál Þorsteinsson. Hann og Páll hafi orðið sammála um, að rétt væri að tala við Sigurð Jónsson, forstöðumann Loftferðaeftirlitsins. Böðvar Ari kveðst síðan hafa talað við Sigurð og beðið hann um að tala við Örn Ó. Johnson um mál ákærða og hlera, hverjir möguleikar væru á því, að hann yrði ráðinn aftur til félagsins. Nokkru síðar hafi þeir Sigurður hitzt aftur. Sagðist Sigurður þá vera búinn að tala við Örn, sem hefði

verið mjög vinsamlegur í sambandi við málið, en Örn hefði sagt honum, að hann hefði málið ekki á valdi sínu, heldur réði stjórn félagsins því, hvort ákærði yrði ráðinn aftur til þess. Böðvar Ari kveður, að eftir þetta samtal þeirra Sigurðar hafi honum verið ljóst, að endurráðning ákærða til félagsins væri erfitt mál viðfangs, og þegar hann frétti nokkru síðar, að ákærði væri farinn að reka atvinnufyrirtæki með öðrum manni, hafi hann haldið, að ákærði væri farinn að sætta sig við orðinn hlut.

Ákærði kveður, að þegar hann og Páll hafi svo hitzt aðfaranótt 9. maí f. á., hafi hann hlotið að leiða talið að því, að hann væri engan veginn ánægður með það, hvernig búið hafi verið að koma fram gagnvart honum, og hafi hann spurt Pál að því, hvað hann hefði eiginlega gert honum til stuðnings. Hafi ákærði þá fengið staðfestingu á því, að ekkert hafði verið gert, sem reyndar hafði þegar komið fram í öðru samtali þeirra um 5 vikum áður. Samtali þeirra nú hafi lokið með rifrildi.

Ákærði kveðst nú hafa skýrt frá því, hvers vegna hann bar hatur til Jóhanns Gíslasonar, „og jókst þetta hatur með mánuði hverjum", segir hann.

Ákærði kveður, að þeir Jóhann hafi ekki talazt við í síma eða hitzt, eftir að þeir komu með þotunni hingað til lands, og að hann hafi ekkert gert á hluta hans fyrr en margumrædda aðfaranótt 9. maí f. á. Einnig kveður hann enga óvild eða kala hafa verið á milli þeirra, áður en ákærði fór vestur til Bandaríkjanna til náms í þotuflugi.

IV. kafli.

Að undangengnum úrskurði var Þórði Möller, yfirlækni á Kleppsspítalanum hér í borg, falið með bréfi, dags. 20. júní f. á., að rannsaka geðheilbrigði og sakhæfi ákærða.

Með bréfi, dags. 12. ágúst f. á., sendi yfirlæknirinn dóminum skýrslu, dags. 8. sama mánaðar, um rannsókn sína. Niðurstaða yfirlæknisins er þessi:

„Gunnar Frederiksen er hvorki fáviti né geðveikur og varla geðvilltur, heldur ákaflega sjálfmiðaður maður og tillitslítill með alláberandi skapgerðargalla, sem þó verða lítt til ásteytingar við eðlilegar aðstæður vegna persónubyggingar, sem að ýmsu öðru leiti er allsterk.

Þó að dómgreindarsljóvgandi áhrif áfengis verði almennt ekki reiknuð til afsökunar óhæfuverka, skal hér bent á það, að miklar líkur benda til þess, að Gunnar hafi verið á valdi mjög ofsalegra

tilfinninga, er hann vann á Jóhanni Gíslasyni, þó ekki verði séð, að hér hafi beint verið um „skammhlaupsverk“ að ræða, unnið í æði. Sennilega hefði hann hins vegar varla látið koma til þessara framkvæmda nema við sljóvgaða dómgreind, því svipaðar hugsanir höfðu hvarflað að honum áður, en hafði verið hrundið frá. Gunnar Frederiksen hlýtur því að teljast sakhæfur“.

Með bréfi, dags. 9. september f. á., óskaði saksóknari ríkisins eftir umsögn Læknaráðs um álitsgerð Þórðar Möllers yfirlæknis og þeirri spurningu beint til ráðsins, hvort það fallist á niðurstöðu yfirlæknisins um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða.

Með álitsgerð og úrskurði Læknaráðs, dags. 14. nóvember f. á., féllst ráðið á áðurgreinda niðurstöðu yfirlæknisins.

V. kafli.

Með framburðum ákærða og vitna svo og öðrum gögnum málsins, sem rakin hafa verið í fyrri köflum dómsins, er sannað, að ákærði svipti Jóhann heitinn Gíslason lífi af ásettu ráði, eins og greinir í ákæru. Varðar það atferli hans við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kemur þá sérstaklega til athugunar, hversu styrkur og einbeittur vilji ákærða til verknaðarins var.

Ekkert hefur komið fram í þá átt, að ákærði hafi borið óvildarhug til Jóhanns Gíslasonar, áður en ákærði fór til Bandaríkjanna í maí 1967.

Ákærði gat ekki sætt sig við það, að flugþjálfun hans var svo hagað, að henni var ekki lokið, er þota Flugfélagsins hélt til Íslands 23. júní 1967, og hrapaði hann þá að því að fara við svo búið heim með þotunni í heimildarleysi. Varð það til þess, að ákærði var látinn hætta starfi sínu hjá Flugfélaginu, og er ljóst, að hann tók það mjög nærri sér.

Ákærði hélt, að Jóhann Gíslason hefði átt sök á því, að ákærði gat ekki lokið flugþjálfun sinni í tæka tíð, svo og að Jóhann hefði lagt til, að ákærði yrði látinn víkja úr starfi. Hefur þó alls ekkert komið fram í málinu, er renni stoðum undir þessa skoðun ákærða. Ákærði lagði af þessum sökum hatur á Jóhann, og jókst það eftir því sem stundir liðu fram. Hvarflaði jafnvel að honum í fáein skipti að vinna á Jóhanni, án þess þó að til þess ræki.

Hugur ákærða snerist stöðugt um það að komast aftur í flugstjórnarstarf sitt. Kannaði hann möguleika á því og virðist um áramótin 1967—1968 hafa verið vongóður um, að úr því gæti orðið. Síðar, máske í marz 1968, kveðst ákærði hafa hitt mann,

er hann hafði vænzt, að yrði sér hjálplegur í þessu efni, og hafi maðurinn þá sagt honum, að það þýddi víst ekkert að eiga við þetta mál. Hafi þetta orðið sér mikil vonbrigði. Þegar svo ákærði eftir kvöldverðarhóf og neyzlu áfengis hitti sama mann aðfaranótt 9. maí f. á., kveðst hann hafa spurt hann að því, hvað gert hefði verið honum til stuðnings, og þá fengið staðfest, að ekkert hefði verið gert. Hafi samtali þeirra lokið með rifrildi.

Ákærði hélt síðan heim til sín þessa nótt, tók fram skammbyssu, er hann hafði haft undir höndum rúmt ár, og hlóð hana 9 skotum. Ók hann síðan vestur að Tómasarhaga 25 í því skyni að hitta Jóhann, og kveðst ákærði hafa haft byssuna með sér til að skjóta Jóhann, ef svo bæri undir. Skaut ákærði svo umsvifalaust á Jóhann, þegar er hann sá hann inni í húsinu.

Ekki þykir fullvíst, að sá ásetningur ákærða að ráða Jóhanni bana hafi verið orðinn til fyrr en aðfaranótt 9. maí, en sá ásetningur hefur verið ákveðinn að fullu eigi síðar en þegar ákærði lagði af stað heiman að frá sér áleiðis að Tómasarhaga 25 með hlaðna byssu.

Það þykja ekki vera skilyrði til þess að ákvarða refsingu ákærða með hliðsjón af 74. gr., 4. tl., né 75. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt framansögðu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 16 ár.

Gæzluvarðhaldsvist ákærða síðan 9. maí f. á. ber samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna að koma með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnar- og réttargæzlulaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.00, og saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 80.000.00, en málið sótti af ákæruvaldsins hálfu Hallvarður Einvarðsson, aðalfulltrúi saksóknara ríkisins.

Dóm þennan kveða upp Þórður Björnsson yfirsakadómari sem dómsformaður og sakadómararnir Gunnlaugur Briem og Halldór Þorbjörnsson, en Þórður Björnsson var rannsóknardómari málsins.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Viggó Frederiksen, sæti fangelsi í 16 ár.

Gæzluvarðhaldsvist ákærða síðan 9. maí 1968 komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 80.000.00, svo og málsvarnar- og

réttargæzlulaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 20. júní 1969.

Nr. 115/1968. **Stefán Karlsson**
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
gegn
Starfsmannafélagi Áburðarverksmiðjunnar og gagnsök
(Agnar Gústafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. júní 1968. Krefst hann þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara sýknu af kröfum gagnáfrýjanda. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 2. júlí 1968. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, varðar mál þetta skyldu aðaláfrýjanda til að láta gagnáfrýjanda í té vegarstæði frá landspildu þeirri, er aðaláfrýjandi seldi gagnáfrýjanda með kaupsamningi 22. september 1965 og afsali 29. s. m. Mál þetta varðar efni, sem fara ber með samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 41/1919, en þess hefur eigi verið gætt í héraði. Samkvæmt gögnum málsins er aðaláfrýjanda skylt að veita gagnáfrýjanda aðstöðu til umferðar að landi sínu, en slíkt virðist eigi unnt, nema veita gagnáfrýjanda umferðarrétt um lönd

aðilja, sem aðaláfrýjandi hefur leigt eða selt landspildur á svæði þessu. Rétthöfum þessara landspildna hefur þó eigi verið stefnt í málinu til að þola slíkan umferðarrétt eða gæta réttar síns. Verður því í máli þessu eigi lagður dómur á það, hvort aðaláfrýjandi geti fullnægt framangreindri skyldu eftir aðalefni sínu.

Samkvæmt þessu og eins og kröfugerð máls þessa er háttað, er meðferð þess eigi að lögum og málið vanreifað. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 27. apríl 1968.

Ár 1968, laugardaginn 27. apríl, var í aukadómþingi Árnessýslu, sem haldið var í Bændahöllinni í Reykjavík af sýslumanni Páli Hallgrímssyni og meðdómsmönnunum Sigurði Baldurssyni hæstaréttarlögmanni og Eiríki Eyvindssyni framkvæmdastjóra, kveðinn upp dómur í málinu nr. 36/1966: Starfsmannafélag Áburðarverksmiðjunnar gegn Stefáni Karlssyni, en málið var þingfest 12. nóvember 1966 og dómtekið eftir endurtekinn munnlegan málflutning nú samdægurs.

Mál þetta hefur stefnandi, Starfsmannafélag Áburðarverksmiðjunnar, Reykjavík, höfðað með stefnu, útgefinni 2. nóvember 1966, á hendur stefnda, Stefáni Karlssyni eftirlitsmanni, Víðihvammi 14, Kópavogi, og gerir þær dómkröfur í stefnu, að stefndi verði dæmdur til þess að láta sér í té vegarstæði a. m. k. 5 metra breitt á eystri bakka Vestari Stekkár eða á öðrum jafngóðum stað eftir mati dómsins og að stefndi verði dæmdur til þess að greiða málskostnað að skaðlausu að mati dómsins.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi kröfum sínum á þá leið, að stefnda verði að viðlögðum 500 króna dagsektum gert að vísa á vegarstæði yfir land sitt að landi stefnanda frá

nýlögðum vegi á landi Jóhanns Sveinbjörnssonar, enda reynist hið ávísaða vegarstæði eigi verra að mati dómkvaddra manna en hið fyrirhugaða vegarstæði á vestari bakka Eystri Stekkár, sbr. afsal frá 29. september 1965, dómsskj. nr. 4.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar í samræmi við gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Málsatvik.

Stefndi eignaðist 10 hektara lands úr jörðinni Snorrastöðum í Laugardalshreppi með kaupsamningi, dags. 20. júlí 1941, og afsali, dags. 12. september s. á. Landinu er svo lýst, að það liggi „milli svonefndra Stekkáa, og skulu árfarvegirnir vera markalína landsins að vestan og austan, þar til ár þessar sameinast, og að norðan lína milli nefndra árfarvega, þar sem mæling á landinu segir til um, að línan eigi að vera".

Með samningum, dags. 20. júní 1965, leigði stefndi Soffíu Vilhjálmsdóttur, Skeggjagötu 12, Reykjavík, og Antoni Guðmundssyni, Hvassaleiti 8, Reykjavík, hálfan hektara lands, hvoru til 40 ára. Liggja landspildur þessar meðfram Eystri Stekká, og er land Antons ofar. Milli landspildu stefnanda og leigulands Antons hafði stefndi leigt Ólafi Haraldssyni, Hrauntungu 36, Kópavogi, landspildu að stærð ca. 5.000 m^2, og er sú spilda talin ná á milli Stekkánna, en þó telur stefndi, að eigi hafi verið búið að semja um lögun landsins að öðru leyti en því, að austurmörk þess skyldu vera Eystri Stekká.

Með kaupsamningi, dags. 22. september 1965, og með afsali, dags. 29. s. m., seldi stefndi stefnanda einn hektara lands úr landspildu sinni á Snorrastöðum. Í báðum þessum skjölum eru svohljóðandi ákvæði: „Afmarkast spildan að vestan og austan af Stekkánum, en að norðan af landi Snorrastaða og svo að sunnan þannig, að spildan verði 1 hektari". Enn fremur segir svo í skjölunum: „Fyrirhuguð er breyting á aðkeyrslu að landinu þannig, að vegurinn verður lagður á vestari bakka Eystri Stekkár. Taka kaupendur þátt í kostnaði við vegagerð þessa að jöfnu á móti þeim öðrum, er veginn nota". Í kaupsamningi er kaupverð ákveðið kr. 135.000.00, og í afsali er það talið að fullu greitt. Í afsali er forkaupsréttarákvæði, sem bundið er við stefnda persónulega. Þá er sú kvöð í afsali, að stefnandi megi byggja tvo bústaði á landi sínu, en fleiri eigi, nema stefndi leyfi. Þessi kvöð er einnig bundin við stefnda persónulega. Loks er tekið fram í afsali, að á hinu selda landi hvíli eigi aðrar kvaðir en nefndar hafa verið og engar veðskuldir.

Umboðsmenn stefnanda, þeir Kjartan V. Guðmundsson, Hvassaleiti 28, og Óli H. Þórðarson, Háaleitisbraut 49, báðir í Reykjavík, hafa lýst yfir því, að þeim hafi við undirskrift kaupsamnings og afsals fyrir umræddu landi verið kunnugt um áðurnefnda leigusamninga. Málsaðiljar eru sammála um, að við samningsgerðina hafi verið rætt um væntanlega afstöðu leigutaka til vegagerðarinnar, en stefndi hafi talið, að samþykki þeirra fengist sjálfkrafa, og kveðast umboðsmenn stefnanda ekki hafa talið ástæðu til að tortryggja frásögn stefnda um þetta atriði.

Þegar til átti að taka, kom í ljós, að enginn hinna þriggja leigutaka vildi leyfa vegarlagningu yfir leiguland sitt á vestari bakka Eystri Stekkár. Hins vegar hefur nefndur Ólafur Haraldsson lýst yfir því, að hann geti samþykkt vegargerð á eystri bakka Vestari Stekkár, enda fái hann þá annað land í staðinn, þannig að land hans verði eftir sem áður 5.000 fermetrar.

Frá þjóðvegi að landi stefnda liggur vegur í landi Snorrastaða, en eigandi og ábúandi jarðarinnar er Jóhann Sveinbjörnsson.

Eftir að í ljós kom, að áðurnefndir leigutakar vildu ekki samþykkja vegarstæði það, sem um ræðir í kaupsamningi og afsali fyrir landi stefnanda, skoruðu umboðsmenn stefnanda á stefnda að vísa á annað vegarstæði, en til þess hefur stefndi verið ófáanlegur, þar eð hann kveður aldrei hafa verið um annað vegarstæði talað.

Við fyrri munnlegan flutning málsins hinn 9. ágúst 1967 upplýsti lögmaður stefnda, að stefndi hefði, meðan á málssókn þessari stóð, selt nokkrar lóðir úr landi sínu, m. a. hefði hann selt sonum sínum, Karli og Stefáni Stefánssonum, landspildu, sem takmarkast að austan af leigulöndum Soffíu Vilhjálmsdóttur og Antons Guðmundssonar, en að vestan af Vestari Stekká, og væri leiðin að landi stefnanda því lokuð.

Að fengnum þessum upplýsingum og með tilliti til þess, að með auglýsingu félagsmálaráðuneytis nr. 157/1965 er ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Laugardalshrepps, kvað dómurinn hinn 16. september 1967 upp úrskurð, þar sem því var beint til málsaðilja að afla eftirgreindra gagna, áður en dómur gengi í málinu:

1. Uppdráttar af upphaflegu landi stefnda úr Snorrastaðalandi, sem sýni allar þær lóðir, sem stefndi hefur síðan selt eða leigt frá sér.
2. Umsagnar skipulagsstjóra ríkisins og byggingarnefndar Laugardalshrepps um það, hvort þessir aðiljar telji ákvörðun um-

ferðarleiðar að landi stefnanda háða sínu samþykki samkvæmt lögum nr. 19/1964, sbr. auglýsingar nr. 157/1965 og 54/1967.

Eftir uppkvaðningu þessa úrskurðar hefur verið lagður fram uppdráttur af upphaflegu landi stefnda, þar sem merktar eru allar lóðir, sem stefndi hefur selt eða leigt frá sér. Þá hafa verið lögð fram ljósrit af 5 afsölum, sem öll eru gefin út, eftir að mál þetta var höfðað. Ein hinna seldu lóða er, eins og áður segir, afsöluð sonum stefnda, þeim Karli og Stefáni Stefánssonum, og er afsalið dagsett 30. júní 1967. Nefndur Karl Stefánsson er bókaður mættur í þinghaldi í máli þessu 25. apríl 1967, og var honum því fullkunnugt um málssókn þessa.

Þá hefur lögmaður stefnanda snúið sér til skipulagsstjóra ríkisins, vegamálastjóra og byggingarnefndar Laugardalshrepps og spurzt fyrir um afstöðu þessara aðilja til vegarlagningar þeirrar, sem mál þetta fjallar um. Svör þessara aðilja liggja fyrir í málinu.

Vegamálastjóri hefur samþykkt, að tengja megi áðurnefndan einkaveg Jóhanns Sveinbjörnssonar við Laugardalsveg vestan Stekkár með þeim fyrirvara, að Vegagerð ríkisins geti krafizt henni að kostnaðarlausu, að tenging verði færð a. m. k. 50 m í vestur frá brúarenda.

Lögmaður stefnanda spurði skipulagsstjóra, hvort hann teldi fyrirhugaða vegarlagningu falla undir skipulagslög og ef svo væri, óskaði hann eftir, að skipulagsstjóri ákvæði vegarstæðið.

Skipulagsstjóri svarar ekki beiðni lögmannsins um ákvörðun vegarstæðisins beinum orðum, en af svörum hans verður ekki annað ráðið en það, að hann leiði hjá sér öll afskipti af fyrirhugaðri vegarlagningu.

Þá sneri lögmaður stefnanda sér til byggingarnefndar Laugardalshrepps, sendi henni skjöl máls þessa til glöggvunar, leitaði umsagnar hennar og spurðist jafnframt fyrir um það, hvort hún gerði nokkra athugasemd við sölu stefnda á umræddri lóð til stefnanda.

Byggingarnefnd og hreppsnefnd Laugardalshrepps svöruðu þessu erindi lögmannsins því einu, 1) að öll mannvirkjagerð í landi stefnda sé háð samþykki byggingarnefndar Laugardalshrepps og 2) að ekki hafi verið leitað eftir samþykki sveitarstjórnar né áliti byggingarnefndar um framkvæmdir eða sölu á landi því, sem stefndi afsalaði stefnanda.

Dómurinn verður að líta svo á, að með áðurnefndu bréfi lögmannsins hafi byggingarnefnd Laugardalshrepps verið gerð full-

nægjandi grein fyrir máli þessu og henni gefið tækifæri til þeirra afskipta, sem hún sjálf teldi ástæðu til. Hins vegar verður svar hennar ekki skilið öðruvísi en svo, að hún leiði mál þetta hjá sér.

Telja verður, að umboðsmenn stefnanda hafi ekki haft ástæðu til að tortryggja heimild stefnda til þess að heita þeim vegarstæði og umferðarrétti að landi stefnanda, einkum þar sem í ljós er leitt með framburði stefnda sjálfs og Ólafs Haraldssonar, að stefndi var, er samningarnir á dskj. 3 og 4 voru undirritaðir, heimildarmaður að landi undir vegarstæði á öðrum stað, ef hið fyrirhugaða skyldi breggðast.

Orðalagið á dskj. 3 og 4 tekur af öll tvímæli um það, að í kaupunum skyldi fylgja land undir veg, enda er lega lands stefnanda þannig, að vegarstæði að því hlaut að vera ein af forsendum kaupanna.

Eigi verður talið, að áðurnefnd sala stefnda á landspildum til sona hans samkvæmt afsali, dags. 30. júní 1967, né aðrar sölur hans á landspildum eftir 29. september 1965 breyti réttarstöðu hans gagnvart stefnanda, hvað vegarstæði snertir.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður að telja sannað, að stefndi hafi með samningum sínum á dskj. 3 og 4 tekið að sér að sjá stefnanda fyrir vegarstæði að landi hans, enda þótt stefndi hefði eigi reynzt heimildarmaður að hinu upphaflega fyrirhugaða vegarstæði. Ber því að taka kröfur stefnanda til greina. Dómurinn fellst á fjárhæð dagsekta. Málskostnaður ákveðst kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Stefán Karlsson, skal innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlögðum 500 króna dagsektum, vísa stefnanda, Starfsmannafélagi Áburðarverksmiðjunnar, á vegarstæði yfir land það, er hann átti hinn 29. september 1965 og var þá heimildarmaður að, frá nýlega lögðum vegi í landi Jóhanns Sveinbjörnssonar, Snorrastöðum, að landi stefnanda, enda reynist, ef ágreiningur verður, hið ávísaða vegarstæði sambærilegt að mati dómkvaddra manna við hið áður fyrirhugaða vegarstæði á vestari bakka Eystri Stekkár samkvæmt afsali, dagsettu 29. september 1965.

Stefndi greiði stefnanda kr. 25.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 29. júlí 1969.

Nr. 141/1969. **Valdstjórnin**
gegn
Þorsteini Þórði Sigurðssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 25. júlí 1969, sem barst Hæstarétti 28. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og hann látinn laus úr gæzluvarðhaldi.

Varnaraðilja er gefin að sök háttsemi, sem varðað getur hann fangelsisrefsingu eftir ákvæðum XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlag nr. 19/1940. Eru því samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 fyrir hendi skilyrði til gæzluvarðhalds, sem rétt er að beita áfram, eins og á stendur, sbr. 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961.

Með skírskotun til þessa og forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 25. júlí 1969.

Ár 1969, föstudaginn 25. júlí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í hegningarhúsinu að Skólavörðustíg 9 af Sverri Einarssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Aðfaranótt 1. júní s.l. var framið innbrot í húsakynni Alþýðublaðsins við Hverfisgötu hér í borg og m. a. stolið þaðan sex tékkheftum með samtals 125—150 ónotuðum eyðublöðum.

9. júní s.l. var Þorsteinn Þórður Sigurðsson verkamaður, Kapla-

skjólsvegi 54 hér í borg, handtekinn í húsakynnum Sparisjóðs Kópavogs, en þar var hann að reyna að selja falsaðan tékka að fjárhæð kr. 8.000.00, og var hann gefinn út á eitt þeirra eyðublaða, sem stolið var í greindu innbroti.

Þorsteinn Þórður neitaði í fyrstu að tjá sig um tékkann og var 10. júní s.l. úrskurðaður vegna rannsóknar málsins í allt að 45 daga gæzluvarðhald, en það rennur út nú í dag kl. 1410.

Rannsóknarlögreglunni hafa borizt fjórir aðrir falsaðir tékkar á eyðublöð úr sama hefti og áðurgreindur 8.000.00 króna tékki. Er samanlögð fjárhæð allra fimm tékkanna kr. 23.750.00. Allir hafa þeir verið seldir, á meðan Þorsteinn Þórður hafði óskert frelsi, eða á fyrstu 9 dögum s.l. mánaðar. Allir eru tékkarnir eins úr garði gerðir, vélritaðir með undirskriftinni Hannes Jónsson sem útgefanda.

Anna Sigríður Pétursdóttir, Grundarlandi 10 hér í borg, var stödd í verzlun í biðskýlinu við Bústaðaveg hér í borg, er einn hinna fimm tékka, að fjárhæð kr. 2.900.00, var seldur þar. Hún hefur séð kærða og er alveg viss um, að hann hafi verið maður sá, er tékkann seldi.

Við húsleit á heimili Einars Sverris Einarssonar, Safamýri 65 hér í borg, sem framkvæmd var 18. þ. m. vegna annars máls, fundust 9 ónotuð tékkaeyðublöð, sem reyndust úr sama hefti og hinir fölsuðu tékkar.

Rannsókn málsins er eigi lokið, en kærði neitar að hafa falsað greinda tékka og kveðst ekkert vita um aðra tékka en þann, sem hann var handtekinn fyrir að reyna að selja. Saga hans um það, hvernig hann fékk hann í hendur, er í athugun.

Þykir því af framansögðu nauðsyn til bera með tilvísun til 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961 og hliðsjón af 155. og 244. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 að úrskurða kærða í áframhaldandi gæzluvarðhald, þegar úrskurðartímanum samkvæmt fyrri úrskurði lýkur í dag kl. 1410.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 30 dögum.

Ályktarorð:

Þorsteinn Þórður Sigurðsson skal sæta gæzluvarðhaldi í allt að 30 dögum frá kl. 1410 25. júlí 1969.

Mánudaginn 13. ágúst 1969.

Nr. 143/1969. **Valdstjórnin**
gegn
Sveinbirni Gíslasyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. og 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. júlí 1969, er barst dóminum 6. ágúst 1969, og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Niðurstöðu hins kærða úrskurðar ber að staðfesta, eins og sakarefni og sönnunaratriðum máls er háttað, sbr. 1. og 4. tl. 1. mgr. 67. gr. og 2. tl., d, 75. gr. laga nr. 82/1961.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 28. júlí 1969.

Ár 1969, mánudaginn 28. júlí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í gömlu bæjarþingstofunni í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg af Þórði Björnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Snemma að morgni 18. janúar 1968 fannst Gunnar Sigurður Tryggvason leigubifreiðarstjóri, Kambsvegi 8 hér í borg, látinn í bifreið sinni, R 461, á Laugalæk hér í borginni af völdum skotsárs hægra megin í hnakka. Í bifreiðinni fannst skothylki, og leiddi athugun rannsóknarlögreglunnar til þess álits, að kúlunni hefði verið skotið úr skammbyssu af gerðinni Smith & Wesson, cal. 35. Eru þær byssur nú mjög sjaldgæfar. Hér á landi er aðeins vitað um, að ein slík byssa hafi verið til. Hafði eigandi hennar, Jóhannes heitinn Jósefsson, fyrrum eigandi Hótels Borgar, haft hana með sér frá Ameríku hingað til lands líklega árið 1927, en árið 1965 hafði hann tilkynnt til lögreglunnar hvarf byssunnar frá heimili sínu að Tjarnarstíg 8 á Seltjarnarnesi.

Kærði, Sveinbjörn Gíslason bifreiðarstjóri, Sækambi á Seltjarnarnesi, ók leigubifreiðinni R 15612 frá Bæjarleiðum hér í borg fyrir þau hjónin Hallgrím Aðalbjarnarson og Lofteyju Káradóttur, Freyjugötu 25 hér í borg, frá því í maí 1967 þar til 6. marz s.l., en þann dag tóku þau hjónin bifreiðina af honum fyrirvaralaust. Síðar sama dag fundu þeir Hallgrímur og Snæbjörn Magnússon, Hólmgarði 46 hér í borg, skammbyssu fullhlaðna 7 skotum í læstu mælaborði bifreiðarinnar, þegar þeir voru að taka til þar. Var þetta byssa af gerðinni Smith & Wesson, cal. 35.

Sérfræðingur hjá alríkislögreglunni (F.B.I.) í Bandaríkjunum hefur rannsakað byssu þessa og skothylkið, sem fannst í bifreiðinni R 461. Telur hann, að skothylkinu hafi verið skotið úr byssu þessari.

Hinn 7. marz s.l. var gerð húsleit á heimili kærða Sveinbjörns, og fannst þá læstur peningakassi þar á stigapalli. Reyndust vera í honum meðal annars tvö skot. Var annað þeirra skammbyssuskot Smith & Wesson, cal. 35, eða af sömu gerð og skot þau, sem voru í fyrrgreindri byssu, þegar hún fannst í bifreiðinni R 15612.

Lárus Fjeldsted Salómonsson lögreglumaður hefur borið það, að Jóhannes Jósefsson hafi sagt honum, að hann hefði ekki skotið úr fyrrgreindri skammbyssu sinni í mörg ár, og minnir hann, að Jóhannes segðist ekki hafa skotið úr henni síðan á árinu 1937. Þegar Jóhannes tilkynnti honum um hvarf byssunnar árið 1965, hefði hann haft orð á því, að til lítils væri að slægjast eftir þessari byssu, því að skot væru ekki til í hana.

Njörður Snæhólm, aðalvarðstjóri í rannsóknarlögreglunni, hefur skýrt frá því, að aðeins 8.350 stykki hafi verið framleidd af þessari byssutegund og stærð og að framleiðslu á þeim hafi verið hætt árið 1921. Skot í byssu þessa, sem sé amerísk, hafi verið framleidd á árunum 1913 til 1940, en skotið, sem varð Gunnari Sigurði Tryggvasyni að bana, muni hafa verið framleitt fyrir árið 1926.

Hinn 15. febrúar 1968 leituðu þeir Njörður Snæhólm og Lárus Fjeldsted Salómonsson með samþykki Jóhannesar heitins á heimili hans að Tjarnarstíg 8 að skammbyssuskotum að stærð cal. 35. Fundu þeir í kössum þar í kjallaranum um 130 slík skot, en daginn áður hafði Lárus Fjeldsted fundið 12 slík skot í veiðitösku Jóhannesar í kjallaranum.

Kærði Sveinbjörn var handtekinn þegar eftir fund byssunnar í bifreiðinni R 15612 7. marz s.l. Hafði hann þá lyklakippu sína

í vasanum, og reyndist einn lykillinn á henni ganga að læsingu útidyrahurðar Tjarnarstígs 8.

Kærði Sveinbjörn var fyrst í stað yfirheyrður af rannsóknarlögreglunni, en síðan 21. marz s.l. hefur hann eingöngu verið yfirheyrður af rannsóknardómara. Fyrstu vikur og mánuði, eða til 28. júní s.l., var framburður kærða í fáum orðum þessi:

Hann neitar því að hafa orðið Gunnari Sigurði Tryggvasyni að bana eða verið nokkuð riðinn við þann verknað eða að hafa hugmynd um, hver hefur framið hann. Hann neitar því að hafa tekið byssuna, sem fannst í bifreiðinni R 15612, eða nokkur skot frá Jóhannesi Jósefssyni á árunum 1936—1960 og frá 1946 sem einkabifreiðarstjóri hans. Hann kveðst dag einn rétt eftir miðjan janúar s.l. hafa verið að hreinsa bifreiðina R 15612 fyrir utan heimili sitt og þá fundið skammbyssuna fullhlaðna undir hægra framsæti bifreiðarinnar. Hann hafi látið byssuna í mælaborðið, læst því og síðan hafi hann ekki hreyft við henni þar. Hann hafi ekki tilkynnt lögreglunni um byssuna og engum sagt frá henni. Þá kveður hann, að skot hafi ekki átt að vera í peningakassanum, sem hann átti á stigapallinum á heimili sínu, og geti hann ekkert sagt um, hvers vegna fyrrgreint skammbyssuskot var þar. Hann gerði heldur ekki grein fyrir því, hvers vegna hann hafði í fórum sínum lykil, sem gekk að útidyrahurð að húsi því, sem Jóhannes Jósefsson átti heima í.

Hinn 17. apríl s.l. bar Þórir Magnússon bifreiðarstjóri, Meðalholti 14 hér í borg, að á árinu 1966, og sennilega þá um vorið, hafi kærði Sveinbjörn, sem vann þá ásamt honum hjá Bifreiðastöð Steindórs hér í borginni, skýrt honum frá því, að hann ætti tvær skammbyssur. Önnur væri þannig, að hægt væri að breyta henni í vélbyssu, en hin væri miklu skemmtilegri, og minnir hann, að kærði segði honum, að „magasín" þeirrar byssu gengi upp í skaftið. Erfitt væri að fá skot í byssurnar. Þórir kvaðst hafa haft áhuga á byssum og hafi hann beðið kærða um að selja honum þær. Kærði hafi látið hann fá fyrrnefndu byssuna, sem var af tegundinni Mauser, en þá síðarnefndu hafi hann ekki viljað selja. Næsta dag staðfesti kærði Sveinbjörn, að hann hefði látið Þóri fá Mauser skammbyssu, en kvað það vera rangt hjá honum, að hann hefði nokkru sinni sagt honum, að hann ætti tvær skammbyssur, og hefði hann aldrei átt eða haft undir höndum aðra skammbyssu en Mauser byssuna. Frekara samræmi milli framburða kærða Sveinbjörns og Þóris náðist ekki í þinghaldi þessu þrátt fyrir samprófun þeirra.

Á dómþingi 28. júní s.l. kvaðst kærði Sveinbjörn vilja leiðrétta fyrri framburð sinn í nokkrum tilteknum atriðum, eða eins og hér greinir:

Hann kveðst hafa einhvern tíma á árunum 1953—1955 tekið hálfan annan pakka af skammbyssuskotum, sem Jóhannes Jósefsson átti og geymdi í skúffu í sumarbústað sínum við Hítará. Ætlan hans hafi verið að athuga, hvort skotin pössuðu í Mauser skammbyssuna, sem hann átti, og hafi hann farið með þau heim til sín að Sækambi. Þar hafi hann prófað eitt þeirra og hafi það reynzt vera allt of lítið í byssuna, þannig að ekki hafi komið til þess, að því væri hleypt af. Hann orðar það sem möguleika, að skot þetta hafi hann látið í peningakassann á pallinum uppi á lofti hjá sér og það sé annað skotið, sem var í kassanum, þegar hann var opnaður í sambandi við rannsókn máls þessa. Hann hafi látið pakkana, sem skotin voru í, í skrifborðsskúffu á heimili sínu eða á sama stað og hann geymdi Mauser byssuna. Skúffan hafi verið læst og hafi hann borið lykilinn á lyklakippu sinni.

Þá kveður kærði Sveinbjörn, að töluvert áður en Jóhannes Jósefsson og kona hans fóru til útlanda um sumarið 1965, hafi Jóhannes hringt til hans og beðið hann um að koma heim til hans á Tjarnarstíg 8 til að líta á sjónvarpstæki, sem væri þar bilað, og hafi hann komið því í lag. Í þetta skipti hafi hann tekið með leynd skammbyssu, sem Jóhannes átti og geymdi ásamt annarri í byssukassa, sem var á hillu í skattholi í stofunni, og haft byssuna á brott með sér. Tilgangur hans hafi verið að selja hana og nota söluverðið, sem hann ætlaði, að gæti orðið um kr. 2.000.00, til eigin þarfa. Hann hafi svo látið byssuna í peningakassann á loftskörinni heima hjá sér, en ekkert gert til að reyna að selja byssuna og engum sagt frá henni. Skömmu eftir að hann hafði selt Þóri Magnússyni Mauser byssuna, hafi hann þá sagt honum, að hann gæti útvegað honum aðra skammbyssu, sem væri langtum minni en hin, og hafi Þórir haft áhuga á byssunni. Það hafi orðið til þess, að kærði hafi opnað peningakassann, náð í byssuna, stungið henni í vasa sinn og farið með hana sama dag um kl. 1230 niður á Bifreiðastöð Steindórs í því skyni að sýna Þóri hana, en kærði hafi þá ekki verið búinn að lofa honum því að selja honum byssuna, aðeins lofað honum því að sýna honum hana. Þórir hafi ekki verið að vinna á stöðinni þennan dag. Kærði kveðst þá hafa látið byssuna í geymsluhólf leigubifreiðar sinnar, R 1402, sem hann ók þá frá Steindórsstöð, og þar hafi byssan verið allan daginn í læstu hólfinu. Að loknum vinnudegi kl. 1 um nóttina

hafi hann eins og venjulega skilað bifreiðinni í hús Steindórsstöðvar við Sólvallagötu hér í borginni og látið lykla bifreiðarinnar vera eftir í kveikjulásnum. Lyklarnir hafi verið þrír og hafi einn þeirra verið að geymsluhólfinu í mælaborðinu. Kærði segir, að það hafi stafað af gleymsku, að hann hafi skilið byssuna eftir í hólfinu um nóttina. Næsta dag hafi hann strax athugað, hvort byssan var þar, en þá hafi hún verið horfin. Hann hafi svo ekkert vitað um, hvar byssan var niður komin, fyrr en hann hafi fundið hana í bifreiðinni R 15612 laust eftir miðjan janúar s.l. Kærði segir, að ekkert skot hafi verið í byssunni, þegar hann tók hana á Tjarnarstíg 8, og hann hafi aldrei sett skot í hana. Hann kveðst ekkert vita, hvað varð af skotunum, sem hann tók í sumarbústaðnum við Hítará, og hafi þau horfið eða „gufað upp", en máske hafi hann þá fleygt þeim.

Að öðru leyti hefur kærði Sveinbjörn ekki breytt fyrri framburði sínum, sem áður er rakinn.

Rannsókn máls þessa hefur farið fram bæði í sakadómi og utan dóms, þar sem rannsóknarlögreglumenn hafa unnið við einstaka þætti eftir ákvörðun dómara. Rannsóknin er þegar orðin umfangsmikil og margþætt, en eigi að síður er henni ekki nærri lokið, þannig er ekki að fullu lokið *að* rannsaka akstursvenjur og vinnutilhögun kærða Sveinbjörns við akstur bifreiðarinnar R 15612 og *að* afla allra mögulegra upplýsinga um, hvar hann var aðfaranótt og að morgni 18. janúar 1968, og þar að auki er enn á byrjunarstigi *að* rannsaka fjármál kærða Sveinbjörns, sem er óhjákvæmilegt að gera í því skyni að geta komizt að mögulegum tengslum eða samskiptum milli hans og Gunnars Sigurðar Tryggvasonar.

Það er því sýnt, að enn þarf að yfirheyra mörg vitni og ef til vill samprófa þau við kærða Sveinbjörn svo og að afla margra skjala og annarra sakargagna til viðbótar þeim, sem þegar hafa verið lögð fram í málinu, og bera undir hann.

Þá þykir ekki hafa tekizt — þrátt fyrir ítarlega rannsókn — að færa stoð undir þá staðhæfingu kærða Sveinbjörns, að skammbyssa sú af gerðinni Smith & Wesson, cal. 35, sem hann kveðst hafa tekið frá Jóhannesi Jósefssyni og um ræðir í málinu, hafi horfið frá kærða úr bifreiðinni R 1402, að því er ætla má á árinu 1966, og að hann hafi svo fundið byssuna aftur í bifreiðinni R 15612 seinni hluta janúar s.l.

Jafnframt þykja mörg atvik, sem fram hafa komið í málinu, vekja rökstuddar grunsemdir um, að kærði Sveinbjörn hafi annað

hvort sjálfur orðið valdur að dauða Gunnars Sigurðar Tryggvasonar eða þá verið hlutdeildarmaður í þeim verknaði.

Hinn 8. marz s.l. var kærði Sveinbjörn úrskurðaður í gæzluvarðhald í allt að 30 dögum. Hinn 5. apríl s.l. var sú vist hans framlengd um allt að 8 vikum, eða til 2. júní s.l., og þann dag var hún framlengd á ný um allt að 8 vikum, eða þar til í dag kl. 1805. Seinasta úrskurðinum var skotið til Hæstaréttar, og var hann staðfestur þar 16. júní s.l.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan, og með tilvísun til 67. gr., 1. mgr., 1. og 4. tölulíðs, laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála þykir rétt að framlengja gæzluvarðhaldsvist kærða Sveinbjörns um allt að 8 vikum frá lokum varðhaldsvistar hans samkvæmt úrskurðinum frá 2. júní s.l., eða til mánudagsins 22. september næstkomandi kl. 1805.

Einnig þykir rétt, að kærði Sveinbjörn sæti því, að sérfræðingur í geðsjúkdómum rannsaki geðheilbrigði og sakhæfi hans.

Ályktarorð:

Gæzluvarðhaldsvist kærða, Sveinbjörns Gíslasonar, framlengist um allt að 8 vikum frá lokum varðhaldsvistar hans samkvæmt úrskurði, uppkveðnum 2. júní s.l., eða til mánudagsins 22. september næstkomandi, kl. 1805.

Kærði, Sveinbjörn Gíslason, sæti því, að sérfræðingur í geðsjúkdómum rannsaki geðheilbrigði og sakhæfi hans.

Mánudaginn 18. ágúst 1969.

Nr. 147/1969. **Valdstjórnin**
gegn
Einari Sverri Einarssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13.

ágúst 1969, er barst dóminum sama dag, og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 13. ágúst 1969.

Ár 1969, miðvikudaginn 13. ágúst, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í hegningarhúsinu að Skólavörðustíg 9 af Sverri Einarssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

I.

Aðfaranótt 10. febrúar s.l. var framið innbrot í kjötbúðina að Laugavegi 32 hér í borg og stolið þaðan m. a. tékkhefti með hlaupareikningseyðublöðum á Verzlunarbanka Íslands, og hafði heftið upphaflega verið afhent með 25 eyðublöðum, en úr því höfðu verið notuð 4 eða 5 eyðublöð. Þetta innbrot er óupplýst, en úr tékkheftinu hafa komið fram 14 falsaðir tékkar.

Sigurjón Hafnfjörð Siggeirsson, Bjarkargötu 10, og Stefán Steinar Vilbertsson, Suðurlandsbraut 75, báðir hér í borg, hafa borið það, að þeir hafi fengið greind tékkaeyðublöð hjá Einari Sverri Einarssyni, Safamýri 65 hér í borg, en hinn fyrrnefndi kveðst í félagi við hann hafa fengið Guðrúnu Sigurðardóttur, Höfðaborg 2 hér í borg, til þess að falsa tékka á 6 greind eyðublöð, og hinn síðarnefndi hefur viðurkennt fölsun 8 þeirra.

Einar Sverrir hefur neitað, að hann hafi látið þá fá tékkaeyðublöðin eða að vita um innbrotið. Saksóknari ríkisins hefur með bréfi, dags. 30. júní s.l., óskað ítarlegri rannsóknar á þessu máli, og er hún í höndum Halldórs Þorbjörnssonar sakadómara.

II.

Aðfaranótt 10. apríl s.l. var framið innbrot í söluturninn að Háaleitisvegi 108 A hér í borg og gerð tilraun til innbrots í Maddabúð og Eyjabúð, sem eru til húsa á sama stað.

Afgreiðslustúlka í söluturninum taldi, að horfið hefðu tveir 50 kartona kassar fullir af ýmsum tegundum vindlinga og þriðji kassinn, sem væri stærri, en í honum hefðu verið alls konar vindla-

kassar og tvö karton af reyktóbaki. Einnig hefðu horfið um 30 karton af ýmsum tegundum vindlinga úr hillu í geymslu og 30 karton af tyggigúmmíi auk 10—15 lausra kartona.

Rannsóknarlögreglan fékk rökstuddan grun um, að Tryggvi Rúnar Leifsson, Selásbletti 14 hér í borg, og Einar Sverrir hefðu framið greint innbrot. Af því tilefni var gerð leit heima hjá Einari Sverri, og við þá leit fundust tveir stórir pappakassar, annar fullur af vindlingum, en hinn með vindlingum og fleiru. Einnig fundust tvær ferðatöskur í eigu móður Einars Sverris, og í þeim voru vindlingar og tyggigúmmí. Var þetta í geymslu í kjallara hússins.

Kærðu viðurkenndu síðan í framhaldi af þessu greint innbrot og þjófnað, en ekki kom til skila allt það, sem talið var, að stolið hefði verið, og neituðu báðir hinir kærðu að hafa tekið meira en það, sem fannst við leitina. Varningur sá, sem komst til skila, var að verðmæti kr. 38.000.00.

III.

Mánudaginn 16. júní s.l. var sýsluskrifstofunni á Eskifirði tilkynnt, að þá um helgina hefði verið framið innbrot í slátur- og frystihús Kaupfélags Héraðsbúa á Egilsstöðum. Var talið, að stolið hefði verið þaðan úr peningakassa kr. 30.000.00—40.000.00. Einnig hurfu nokkrir tékkar. Lögreglan á Egilsstöðum handtók sama dag tvo aðkomumenn í þorpinu, þá Magnús Einarsson, Mosgerði 5 hér í borg, og Einar Sverri. Í framhaldi af handtöku þeirra voru tveir rannsóknarlögreglumenn úr Reykjavík sendir til Egilsstaða til aðstoðar við rannsókn málsins. Magnús og Einar Sverrir höfðu verið að selja grammófónsplötur í þorpinu og höfðu fengið að sofa í húsi Rörsteypunnar á Egilsstöðum nóttina á undan. Aðfaranótt 14. júní s.l. höfðu þeir fengið að sofa í fangageymslu lögreglunnar í Neskaupstað. Þá höfðu þeir í fórum sínum skrúfjárn, en vegsummerki á innbrotsstað bentu til þess, að skrúfjárn af svipaðri stærð gæti hafa verið notað til þess að spenna upp hurð á skáp, sem peningakassinn var geymdur í. Skrúfjárnið fannst ekki í fórum þeirra. Á innbrotsstað fannst skóhælfar í plastplötu, sem var innan við glugga þann, sem farið var inn um. Rannsóknir tæknideildar rannsóknarlögreglunnar hafa leitt í ljós, að farið sé eftir skóhæl af sömu stærð og skór Magnúsar Einarssonar. Vitni báru það, að Einar Sverrir hefði sézt á gangi í nágrenni þorpsins að morgni 16. júní, en þá kvaðst hann hafa verið sofandi í Rörsteypunni.

Báðir neituðu hinir grunuðu að vera valdir að innbrotinu. Voru þeir úrskurðaðir í allt að 10 daga gæzluvarðhald í sakadómi Suður-Múlasýslu um miðnætti aðfaranótt 17. júní s.l. Sá úrskurður var framlengdur í sakadómi Reykjavíkur 26. júní s.l. í allt að 7 dögum. Voru þeir látnir lausir úr gæzlu að þeim tíma loknum, en rannsókn hélt áfram. Magnús hóf síðan í framhaldi af gæzlunni afplánun eftirstöðva fangelsisrefsingar.

Sunnudaginn 13. júlí s.l. bárust rannsóknarlögreglunni fregnir af því, að Einar Sverrir hefði sézt í leigubifreið frá Bæjarleiðum í Reykjavík ásamt öðrum farþega fimmtudaginn 10. júlí á milli kl. 1700 og 1800, en þá hefði bifreiðin verið stödd á Akureyri.

Rannsóknarlögreglunni þótti ekki ólíklegt, að Einar Sverrir hefði verið á leið til Egilsstaða til að sækja þýfið. Lýsing á félaga Einars Sverris þótti eiga við Hallgrím Eyfells Guðnason, Bjargarstíg 5 hér í borg. Voru hann og Einar Sverrir handteknir hér í borginni að kvöldi sunnudagsins og rannsókn hafin á ferðum þeirra. Viðurkenndu þeir að hafa farið til Egilsstaða frá Reykjavík 10. júlí s.l. í leigubifreiðinni R 14241 ásamt Jóni Sveinssyni leigubifreiðarstjóra, Eskihlíð 12 A hér í borg. Voru Einar Sverrir og Hallgrímur úrskurðaðir í gæzluvarðhald næsta dag, enda bar ekki saman framburðum þeirra um ferðina.

Jón Sveinsson kvaðst hafa ekið þeim til Egilsstaða. Var farið úr borginni greindan fimmtudag á milli kl. 1200 og 1300 og komið til Egilsstaða um nóttina. Sagði Einar Sverrir Jóni, að hann mætti ekki koma til Egilsstaða, fyrr en allir væru sofnaðir. Eftir tilvísan Einars Sverris var ekið inn í Egilsstaðaskóg, og hvarf hann inn í hann einsamall og kom aftur eftir u. þ. b. tvo tíma. Eftir hádegi næsta dag var Einari Sverri aftur ekið í skóginn, og þrem tímum síðar fóru Jón og Hallgrímur að sækja hann. Kom hann þá út úr skógarþykkninu og hafði meðferðis gagnsæjan plastpoka, sem í var mikið af peningum og tékkum. Jón sagði, að Einar Sverrir hefði sagt sér, að peningarnir væru stálheiðarlega fengnir, og við komuna til Reykjavíkur greiddi hann honum fyrir ferðina kr. 13.700.00, en fékk hluta af henni lánaðan. Síðar sagði hann Jóni, að hann hefði brotizt inn í slátur- og frystihúsið á Egilsstöðum ásamt Magnúsi Einarssyni.

Í fyrstu neitaði Hallgrímur vitneskju um þýfið, en síðar breytti hann þeim framburði sínum og viðurkenndi, að förin hefði verið farin að frumkvæði Einars Sverris til þess að sækja það. Hallgrímur sagði, að Einar Sverrir hefði við komu sína í bílinn með plastpokann sagt, að þetta væru peningar og tékkar úr innbroti

í þorpinu, og hann hefði tekið það skýrt fram, að þar hefði hann verið að verki ásamt Magnúsi Einarssyni.

Einar Sverrir neitaði að hafa farið til Egilsstaða í þeim tilgangi að sækja þangað þýfi og mótmælti framburði Jóns og Hallgríms um það efni.

18. júlí s.l. var gerð að nýju leit heima hjá foreldrum Einars Sverris, en áður hafði verið gerð þar leit í herbergi hans sjálfs 14. s. m. Við nákvæma leit í klæðaskáp á gangi í svefnherbergisálmu íbúðarinnar fundust tvö umslög, sem hafði verið stungið ofan við rennihurðarjárnin í skápnum, þar sem ómögulegt var að sjá þau framan frá. Umslögunum hafði verið stungið þar í rauf, sem er við milligerð í skápnum innan við framstykkið. Í öðru umslaginu voru 10 tékkar, sem stolið var í áðurgreindu innbroti, en í hinu voru 9 ónotuð tékkaeyðublöð úr tékkhefti, sem stolið var í innbroti hjá Alþýðublaðinu aðfaranótt 1. júní s.l.

Einari Sverri var kynntur fundur áðurgreindra tékka og tékkaeyðublaða, og í fyrstu kvaðst hann ekkert við hann kannast, en síðar breytti hann framburði sínum og sagði framburð Jóns Sveinssonar í meginatriðum réttan. Kvaðst hann hafa farið til Egilsstaða þeirra erinda að finna peninga og tékka í Egilsstaðaskógi, eða öllu heldur í nágrenni hans.

Kvaðst hann hafa vitað, að þeir væru úr innbroti í slátur- og frystihús Kaupfélags Héraðsbúa, en þó kvaðst hann ekki hafa vitað, hvar peningana var að finna, og hefði hann verið mjög lengi að finna þá. Hann sagðist hafa að lokum fundið þýfið í gömlum rústum á eyðibýli, sem hann taldi til hægri við veginn, sem liggur til Reyðarfjarðar. Var það í plastpoka, og taldist honum til, að það væri á milli 23 og 24 þúsund í peningum og nokkrir tékkar fyrir upp undir 20 þúsund krónur. Ekki vildi hann viðurkenna innbrotið.

Einar Sverrir kvaðst hafa verið snemma á ferli að morgni 16. júní s.l., en á meðan hafi Magnús sofið í Rörsteypunni. Hitti hann þá mann, sem hann segir, að sé kallaður Alli, og kveðst hann hafa þekkt hann frá því snemma á árinu 1968, en þá hafi þeir verið saman við drykkju í herbergi Alla á 2. hæð í blokk einni við Meistaravelli hér í borg. Alli kvaðst vera á bát frá Neskaupstað, og fannst kærða hann laumulegur og þóttist vita, að hann hefði eitthvað óhreint í pokahorninu, enda bauð Alli kærða kr. 2.000.00 í peningum, ef hann vildi þegja yfir því, að hann hefði séð sig. Kærði vildi vita meira, og sagði Alli þá kærða, að hann hefði framið margnefnt innbrot. Kærði vildi ekki þegja

yfir þessu fyrir kr. 2.000.00, og með hótun um að kæra Alla til lögreglunnar fékk hann að vita, að þýfið væri falið í plastpoka í eyðirústum skammt frá skóginum. Samdist með þeim, að þeir skyldu skipta með sér þýfinu síðar.

Rannsóknarlögreglan hefur látið leita að nefndum Alla, en sú leit hefur ekki borið árangur.

IV.

Eins og greinir hér að framan, fundust við leit á heimili Einars Sverris 18. júlí s.l. 9 ónotuð tékkaeyðublöð úr tékkhefti, sem stolið var í húsakynnum Alþýðublaðsins aðfaranótt 1. júní s.l., en þá var m. a. stolið þaðan 6 tékkheftum með samtals 138 ónotuðum eyðublöðum. Sjálft er innbrotið óupplýst.

9. júní s.l. var Þorsteinn Þórður Sigurðsson, Kaplaskjólsvegi 54 hér í borg, handtekinn í húsakynnum Sparisjóðs Kópavogs, en þar var hann að reyna að selja falsaðan tékka að fjárhæð kr. 8.000.00, og var hann gefinn út á eitt þeirra eyðublaða, sem stolið var í greindu innbroti og einmitt úr sama hefti og eyðublöð þau, er fundust á heimili Einars Sverris.

Rannsóknarlögreglunni hafa borizt 4 aðrir falsaðir tékkar á eyðublöð úr áðurgreindu hefti. Er samanlögð fjárhæð allra 5 tékkanna kr. 23.750.00. Allir eru þeir eins úr garði gerðir, vélritaðir með undirskriftinni Hannes Jónsson sem útgefanda.

Kærði kveðst gera sér það ljóst, að enginn annar en hann geti hafa falið eyðublöðin í skápnum. Ekki kveðst hann geta gefið neina skýringu á því, hvernig hann hafi komizt yfir þau, og harðneitar að hafa framið innbrotið eða vita, hver það hafi gert. Þá kveðst hann alveg viss um, að hann hafi ekki fyllt út neinn þeirra tékka, sem falsaðir hafa verið.

Rannsóknarlögreglan tók í sínar vörzlur 25. júlí s.l. ritvél á heimili kærða og í eign föður hans. Faðir hans upplýsti, að ritvélin hefði verið á heimilinu, frá því að dóttir sín hefði lokið skólanámi í vor og þar til um miðjan júní s.l., að hún var flutt á skrifstofu hans.

Tæknideild rannsóknarlögreglunnar hefur rannsakað ritvélina og tékkana, og er niðurstaða fyrstu rannsóknar sú, að allir greindir fimm tékkar séu vélritaðir á sömu ritvél og að það sé áðurgreind ritvél.

V.

Aðfaranótt 7. júlí s.l. var Einar Sverrir handtekinn á baklóð verzlunarinnar Kjöt & Fiskur að Þórsgötu 17 hér í borg. Í fórum

kærða, sem var ölvaður, fundust sporjárn, hnífur, segulstál og hanzkar. Kærði neitaði að hafa verið í innbrotshugleiðingum, en kvaðst hafa verið að leita að stúlku að nafni Jóna, sem ætti heima þarna í nágrenninu. Ekki var hann þó viss um, hvar hún ætti heima, og hefur hún ekki fundizt.

VI.

13. júlí s.l. gerði rannsóknarlögreglan leit hjá Hallgrími Eyfells Guðnasyni, Bjargarstíg 5. Í smáskúr við húsið fundust 5 trésmíðaþvingur.

Hallgrímur hefur viðurkennt að hafa stolið þeim með því að brjótast inn í skúr á Grandagarði í félagi við Einar Sverri.

Einar Sverrir neitaði þessu í fyrstu, en síðar hefur hann breytt þeim framburði sínum og vill eigi neita því, að þetta kunni að vera rétt.

VII.

Einar Sverrir var dæmdur í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu hinn 14. nóvember 1968 í 2 ára fangelsi fyrir brot á 155. og 244. gr. alm. hegningarlaga. Samkvæmt upplýsingum bæjarfógetans í Hafnarfirði hefur kærði óskað þess, að þeim dómi verði áfrýjað til Hæstaréttar.

Kærði var látinn laus af Litla Hrauni úr afplánun 8. janúar s.l.

VIII.

Af því, sem rakið hefur verið hér að framan, er ljóst, að rannsókn mála þessara er umfangsmikil og hvergi nærri lokið, og af sakaferli kærða má ráða, að hann sé vanaafbrotamaður.

Þykir því með tilvísun til 1. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961 nauðsyn til bera að úrskurða hann í áframhaldandi gæzluvarðhald, svo að hann spilli eigi sakargögnum með óskertu frelsi svo og til að koma í veg fyrir, að hann haldi áfram brotum, á meðan málum hans er eigi lokið, en brot þau, sem hann er kærður fyrir, varða við XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga og geta varðað fangelsi.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 90 dögum frá kl. 1833 13. ágúst 1969, en þá rennur út gæzluvarðhaldstími kærða samkvæmt fyrri úrskurði.

Ályktarorð:

Kærði, Einar Sverrir Einarsson, skal sæta gæzluvarðhaldi í allt að 90 dögum frá kl. 1833 13. ágúst 1969.

Miðvikudaginn 24. september 1969.

Nr. 121/1969. **Björn Jóhannsson**
gegn
Skógrækt ríkisins.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Páll Hallgrímsson, sýslumaður í Árnessýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. apríl 1969, sem barst dóminum 24. júní s. á. Gerir hann þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og málinu vísað frá héraðsdómi. Þá verði honum dæmdur málskostnaður úr hendi varnaraðilja bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Í máli þessu bar fógeta að kveða á um, hvort útburður skyldi fara fram eða eigi, og átti eigi við sérstakur úrskurður um frávísunarkröfu. Að svo vöxnu máli og þar sem lagaheimild brestur til að kæra synjun frávísunar, sbr. 21. gr., 1, b, laga nr. 57/1962, ber að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Björn Jóhannsson, greiði varnaraðilja, Skógrækt ríkisins, kr. 5.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Árnessýslu 19. apríl 1969.

Mál þetta var þingfest í fógetarétti Árnessýslu 20. desember 1968 samkvæmt kröfu sóknaraðilja, Skógræktar ríkisins, sem

krefst þess í málinu, að varnaraðili, Björn Jóhannsson, bóndi í Skriðufelli í Gnúpverjahreppi, verði borinn út af jörðinni, sem er eign Skógræktarinnar. Útbyggingarsakir eru taldar vanræksla á greiðslu eftirgjalds, vanefndir á samningum við Skógræktina og þar af leiðandi nauðsyn Skógræktarinnar til þess að fá aftur afnot jarðarinnar vegna umsjónar- og eftirlitsstarfs, sem niður hafi fallið vegna ósamkomulags við gerðarþola.

Gerðarþoli krefst þess *aðallega*, að málinu verði vísað frá dómi, en *til vara*, að synjað verði um gerðina. Hver sem málsúrslit verða, krefst gerðarþoli málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda eftir mati dómsins.

Við munnlegan flutning málsins 14. þ. m. varð samkomulag um að flytja málið aðeins um aðalkröfu gerðarþola, frávísunarkröfuna. Gerðarþoli krafðist frávísunar málsins með vísun til þess, að fyrra máli gerðarbeiðanda gegn gerðarþola, nr. 14 frá 1966, um sama efni hefði enn ekki verið lokið, þegar þetta mál var þingfest, og ekki væri hægt að reka tvö mál fyrir dóminum um sama efni samtímis. Í greinargerð sinni á dómsskjali nr. 7 byggði gerðarþoli frávísunarkröfu sína einnig á því, að málið væri vanreifað.

Gerðarbeiðandi krafðist framgangs gerðarinnar og dæmds kostnaðar vegna þessa þáttar málsins. Hafnaði hann þeirri málsástæðu gerðarþola, að hann hefði haft uppi kröfur á hendur varnaraðilja í tveim málum samtímis og um sama efni.

Eins og fram kemur af málsskj. nr. 16, hóf sóknaraðili þessa máls útburðarmál á hendur varnaraðilja 9. júní 1966, en hinn 23. nóvember sama ár krafðist sóknaraðili þess sjálfur, að það mál yrði hafið, en varnaraðili krafðist þá jafnframt málskostnaðar sér til handa. Um málskostnaðarkröfu varnaraðilja í því máli var ekki úrskurðað fyrr en 5. apríl 1969, og var málið því ekki formlega hafið fyrr en þann dag. Hins vegar voru allar kröfur sóknaraðilja á hendur varnaraðilja í fyrra málinu niður felldar 23. nóvember 1966, og hefur sóknaraðili málanna því ekki rekið þau samtímis né haft uppi kröfur í þeim samtímis. Þykir því ekki ástæða til þess að vísa þessu máli frá dómi fyrir greindar sakir. Við munnlega málflutninginn fjallaði lögmaður gerðarþola ekki sérstaklega um vanreifun málsins af hálfu gerðarbeiðanda, en í greinargerð sinni styður hann frávísunarkröfu sína einnig með þeirri ástæðu. Rétturinn sér ekki, að gerðarþoli hafi með nægilegum rökum stutt kröfu sína um frávísun vegna vanreifunar, og er frávísunarkröfunni því hafnað.

Afstaða til málskostnaðar í þessum hluta málsins verður tekin við væntanlegan efnisúrskurð.

Því úrskurðast:

Framkomin frávísunarkrafa varnaraðilja er ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 24. september 1969.

Nr. 161/1969. **Guðbrandur Jörundsson og Ingólfur Jörundsson**
gegn
Sveinbjörgu Kristjánsdóttur Boga Sigurðssyni Jökli Sigurðssyni Sigríði Sigurðardóttur Fríði Sigurðardóttur og Yngva Ólafssyni sýslumanni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Vanhæfi dómara. Skipti.

Dómur Hæstaréttar.

Yngvi Ólafsson, sýslumaður í Dalasýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. júlí 1969, sem hingað barst 10. þ. m. Gera þeir þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að hinn reglulegi skiptaráðandi í Dalasýslu víki sæti í máli þessu og að synjað verði kröfu um opinber skipti á dánar- og félagsbúi hjónanna Jörundar Guðbrandssonar og Sigríðar Sigurðardóttur.

Varnaraðiljarnir Sveinbjörg Kristjánsdóttir, Bogi Sigurðsson, Jökull Sigurðsson, Sigríður Sigurðardóttir og Fríður Sigurðardóttir hafa krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði

staðfestur og sóknaraðiljum dæmt að greiða þeim kærumálskostnað.

Ekki eru fram komin í málinu efnisrök, er leiði til þess, að skiptaráðanda beri að víkja sæti í máli þessu, sbr. 36. gr. laga nr. 85/1936. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann. Sóknaraðiljar greiði varnaraðiljum kr. 2.500.00 í kærumálskostnað.

Það athugast, að skiptaráðanda var rétt að kveða upp sérstakan úrskurð um þá kröfu sóknaraðilja, að hann viki sæti í máli þessu.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar, Guðbrandur Jörundsson og Ingólfur Jörundsson, greiði varnaraðiljum Sveinbjörgu Kristjánsdóttur, Boga Sigurðssyni, Jökli Sigurðssyni, Sigríði Sigurðardóttur og Fríði Sigurðardóttur kr. 2.500.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptadóms Dalasýslu 16. júlí 1969.

Með bréfi, dagsettu 22. maí 1969, til sýslumanns Dalasýslu óskaði Ingi Ingimundarson hæstaréttarlögmaður þess í umboði erfingja dánarbús Sigurðar Jörundssonar frá Vatni, þeirra Sveinbjargar Kristjánsdóttur, Boga, Jökuls, Sigríðar, Fríðar og Guðrúnar Sigurðarbarna, að bú hjónanna Jörundar Guðbrandssonar sem lézt 7. desember 1948, og konu hans, Sigríðar Sigurðardóttur, sem lézt 13. júlí 1950, verði tekið til opinberra skipta.

Ástæðan til beiðni þessarar er deila með erfingjum dánarbúsins um eignarhlutföll í jörðinni Vatni í Haukadalshreppi. Erfingjar dánarbús Jörundar og Sigríðar voru synir þeirra, Ingólfur, Guðbrandur og Sigurður. Sigurður lézt 23. júní 1965, og hafa erfingjar hans tekið við aðild að búinu.

Í skiptarétti 6. júní 1969 mótmælti umboðsmaður Guðbrands og Ingólfs Jörundssona, Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður, því, að opinber skipti færu fram á dánarbúinu, þar sem skiptum búsins hafi lokið þegar eftir fráfall hjónanna. Hafi það verið viður-

kennt af öllum þáverandi erfingjum í orði og framkvæmd, að hver hinna þriggja bræðra, þ. e. Sigurður, Ingólfur og Guðbrandur, hafi hlotið í arf ⅓ hluta allrar jarðarinnar Vatns í Haukadalshreppi. Það liggi ekki fyrir, að neinar eignir séu fyrir hendi til skipta úr nefndu dánarbúi, sem ekki hafi verið skipt upp fyrir löngu, enda hafi skiptaráðendur Dalasýslu aldrei gert reka að frekari búskiptum né skattayfirvöld gert athugasemdir og séu nú liðin a. m. k. um það bil 19 ár, síðan erfingjar fengu hver sinn hlut úr dánarbúinu. Það skipti í sjálfu sér engu máli um gildi skiptanna, hvort erfðafjárskattur hafi verið greiddur eða ekki. Hann sé eins og hver önnur fjárkrafa, sem skiptaráðandi Dalasýslu átti á sínum tíma að sjá um innheimtu á. Það sé misskilningur af hálfu umboðsmanns erfingja Sigurðar Jörundssonar, að það skipti í raun og veru máli, hvort leyfi hafi verið gefið út formlega til einkaskipta eða ekki, úr því að öll skilyrði voru til einkaskipta, þ. e. að erfingjar voru allir lögráða, og að skuldheimtumönnum var engin hætta sköpuð.

Erfingjar hafa ekki getað komið sér saman um eignaskiptingu jarðarinnar Vatns í Haukadalshreppi, en samkvæmt afsals- og veðmálabókum Dalasýslu er hálf jörðin eign Jörundar Guðbrandssonar, en hinn helmingurinn eign Sigurðar Jörundssonar. Það er viðurkennt af öllum aðiljum, að ekki hefur verið gengið formlega frá skiptum dánarbúsins í skilningi skiptalaga nr. 3/1878, og erfðafjárskattur hefur ekki verið greiddur. Engin gögn um þetta hafa fundizt hjá skiptaráðendum Dalasýslu og í Reykjavík. Samkvæmt 4. gr. skiptalaga hefur erfingi rétt til að krefjast opinberra skipta, þótt aðrir erfingjar séu á það sáttir að skipta sjálfir. Verður því að taka til greina kröfu um opinber skipti á dánarbúi því, sem hér um ræðir.

Umboðsmaður Ingólfs og Guðbrands Jörundssona, Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður, hefur krafizt þess, að úrskurður verði ekki kveðinn upp, fyrr en fyrrverandi og núverandi sýslumaður Dalasýslu hafi borið vitni í málinu. Verður ekki séð, að framburður þeirra um það atriði, sem hér er til úrlausnar, hafi þýðingu um niðurstöðu.

Þá hefur sami aðili krafizt þess, að hinn reglulegi skiptaráðandi víki sæti, þar sem hann gæti orðið mikilvægt vitni í málinu. Með tilliti til þess, sem að framan segir, og þess, að skiptaráðandi er á engan þann hátt við málið riðinn, að vanhæfi valdi, verður sú krafa eigi tekin til greina.

Úrskurðarorð:

Opinber skipti skulu fara fram á dánar- og félagsbúi hjónanna Jörundar Guðbrandssonar og Sigríðar Sigurðardóttur. Hinn reglulegi skiptaráðandi víkur ekki sæti í málinu.

Föstudaginn 26. september 1969.

Nr. 16/1968. **Guðbrandur Valtýsson** (Gísli G. Ísleifsson hrl.)
gegn
Ingólfi Ólafssyni (Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. febrúar 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. janúar 1968. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega frávísunar málsins frá Hæstarétti, en til vara sýknu af öllum kröfum áfrýjanda. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Að kröfu stefnda var hinn 16. ágúst 1967 gert fjárnám í kjallaraíbúð í húsinu nr. 65 við Efstasund hér í borg til tryggingar dómskuld að fjárhæð kr. 14.500.00, vöxtum og kostnaði. Stefndi var dómhafi, en dómþolandi Gunnar Jónasson, Efstasundi 65. Samkvæmt afsals- og veðmálabókum Reykjavíkurborgar var íbúð þessi þá þinglesin eign stefnda, en hann hafði afsalað Gunnari Jónassyni íbúðinni hinn 16. nóvember 1966. Var því afsali þinglýst 18. desember 1967. Gunnar Jónasson afsalaði áfrýjanda íbúðinni hinn 14. marz 1967, en því afsali var þinglýst 20. desember 1967.

Krafa stefnda um frávísun málsins hefur ekki verið studd neinum haldbærum rökum.

Það er meginregla, að réttindum yfir fasteign skuli þing-

lýsa, til þess að þau haldi gildi gegn skuldheimtumönnum eiganda. Eignarrétti áfrýjanda hafði ekki verið þinglýst, er fjárnáminu var þinglýst, sbr. 2. mgr. 46. gr. laga nr. 19/1887, og víkur hann því fyrir skuldheimtumanni Gunnars Jónassonar, en eigi skiptir máli, hvort stefndi var grandlaus um hinn óþinglýsta eignarrétt áfrýjanda. Ber því að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest.

Áfrýjandi, Guðbrandur Valtýsson, greiði stefnda, Ingólfi Ólafssyni, kr. 8.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 16. ágúst 1967.

Ár 1967, miðvikudaginn 16. ágúst, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Efstasundi 65 og haldinn af fulltrúa yfirborgarfógeta Hauki Davíðssyni með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið: Málið A-1332/1967: Ingólfur Ólafsson gegn Gunnari Jónassyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjarþings Reykjavíkur nr. 179/1967. Nr. 1 fylgir með í eftirriti. Nr. 2 fylgir með í frumriti, svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Hilmar Ingimundarson héraðsdómslögmaður vegna Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns og krefst fjárnáms fyrir kr. 14.500.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. marz 1967 til greiðsludags, kr. 130.00 fyrir birtingu og eftirlit, endurrits- og birtingarkostnað, kr. 75.00 í stimpil- og bankakostnað, kr. 3.350.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér, er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir kona hans, Svanfríður Guðmundsdóttir, sem býr/starfar hér. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt og ekki vísað á eignir til fjárnáms.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsti fógeti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola í húseigninni Efstasundi 65

(2ja herb. kjallaraíbúð, ⅓ hl. húseignarinnar). Umboðsmaður gerðarbeiðanda upplýsir, að gerðarþoli hafi keypt íbúð af gerðarbeiðanda, Ingólfi Árnasyni, og var gengið frá sölunni á skrifstofu Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns. Gerðarþoli hefur ekki látið þinglýsa afsali um íbúðarkaupin. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mættum að skýra gerðarþola frá fjárnáminu.

Föstudaginn 26. september 1969.

Nr. 114/1969. **Jón Magnússon**
gegn
Erlu Emilsdóttur.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með kæru 30. maí 1969, hingað kominni 19. júní s. á., kært til Hæstaréttar frávísunardóm í máli aðilja. Krefst hann þess, að hinum kærða dómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Kærumálskostnaðar krefst hann úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa engar kröfur borizt.

Gervi víxils þess, sem í málinu greinir, er í lagi, sbr. 1. og 80. gr. laga nr. 93/1933. Ber því að fella hinn kærða dóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til efnismeðferðar og dóms.

Rétt er, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Varnaraðili, Erla Emilsdóttir, greiði sóknaraðilja, Jóni Magnússyni, kærumálskostnað, kr. 3.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. maí 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. apríl s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 26. apríl s.l., af Jóni Magnússyni hæstaréttarlögmanni, Tryggvagötu 8, Reykjavík, gegn Erlu Emilsdóttur, Glaðheimum 26, Reykjavík, til greiðslu víxils að fjárhæð samtals danskar krónur 329.00, útgefins 11. desember 1968 af stefnda til greiðslu í Verzlunarbanka Íslands h/f hér í bæ 25. desember 1968. Víxill þessi er framseldur nafnframsali af Verzlunarbanka Íslands h/f til stefnanda.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða fjárhæð víxilsins, danskar kr. 329.00, með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 25. desember 1968 til greiðsludags, kr. 9.00 í stimpilkostnað og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er henni þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Svo sem gildir um víxla, er víxill sá, sem fram er lagður, slitinn úr samhengi við lögskipti þau, sem að baki hans lágu, og verður því að dæma hann sjálfstætt án tillits til þeirra. Víxillinn er út af fyrir sig í löglegu formi, einnig að því er snertir víxilfjárhæðina, sbr. 1. gr. og 41. gr. laga nr. 93/1933. Það efni hans þykir hins vegar brjóta í bága við 1. gr. laga nr. 71/1966 per analogiam. Samkvæmt skýlausu ákvæði þessu er skuldbinding stefnda við stefnanda í erlendum gjaldeyri ógild. Þar sem ekkert liggur fyrir því til styrktar, að skuldbinding aðiljanna skuli vera undanþegin ákvæði þessu, ber að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Málskostnaður verður ekki dæmdur.

Hrafn Bragason, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður verður eigi dæmdur.

Föstudaginn 26. september 1969.

Nr. 115/1969. **Jón Magnússon**
gegn
Láru Magnúsdóttur.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með kæru 30. maí 1969, hingað kominni 19. júní s. á., kært til Hæstaréttar frávísunardóm í máli aðilja. Krefst hann þess, að hinum kærða dómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Kærumálskostnaðar krefst hann úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa engar kröfur borizt.

Gervi víxils þess, sem í málinu greinir, er í lagi, sbr. 1. og 80. gr. laga nr. 93/1933. Ber því að fella hinn kærða dóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til efnismeðferðar og dóms.

Rétt er, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Varnaraðili, Lára Magnúsdóttir, greiði sóknaraðilja, Jóni Magnússyni, kærumálskostnað, kr. 3.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. maí 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 29. apríl s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 26. apríl s.l., af Jóni Magnússyni hæstaréttarlögmanni, Tryggvagötu 8, Reykjavík, gegn Láru Magnúsdóttur, nú að Laufásvegi 20, Reykjavík, áður að Hring-

braut 116, Reykjavík, til greiðslu víxils að fjárhæð samtals $ 261.60 (eigin víxill), útgefins 14. febrúar 1969 af stefnda til greiðslu í Verzlunarbanka Íslands h/f hér í bæ 28. febrúar 1969.

Víxillinn er ábektur nafnframsali af Verzlunarbanka Íslands h/f til stefnanda.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða fjárhæð víxilsins, $ 261.00, með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð frá 28. febrúar 1969 og kr. 57.00 í stimpilkostnað og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er henni þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Svo sem gildir um víxla, er víxill sá, sem fram er lagður, slitinn úr samhengi við lögskipti þau, sem að baki hans lágu, og verður því að dæma hann sjálfstætt án tillits til þeirra. Víxillinn er út af fyrir sig í löglegu formi, einnig að því er snertir víxilfjárhæðina, sbr. 1. gr. og 41. gr. laga nr. 93/1933. Það efni hans þykir hins vegar brjóta í bága við 1. gr. laga nr. 71/1966 per analogiam. Samkvæmt skýlausu ákvæði þessu er skuldbinding stefnda við stefnanda í erlendum gjaldeyri ógild. Þar sem ekkert liggur fyrir því til styrktar, að skuldbinding aðiljanna skuli vera undanþegin ákvæði þessu, ber að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Málskostnaður verður ekki dæmdur.

Hrafn Bragason, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður verður ekki dæmdur.

Föstudaginn 26. september 1969.

Nr. 117/1969. **Fiskimjölsverksmiðjan í Vestmannaeyjum h/f**
gegn
Karli Jónssyni og Jóni Ingiberssyni f. h. þrotabús Friðriks Jörgensens og Unnsteini Beck, skiptaráðanda í Reykjavík.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Unnsteinn Beck borgarfógeti hefur framkvæmt hina kærðu dómsathöfn.

Með kæru 25. febrúar 1969, sem Hæstarétti barst 20. júní 1969, hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar ákvörðun skiptadóms Reykjavíkur frá 5. febrúar 1969 um að heimila varnaraðilja höfðun máls til riftunar viðskiptasamnings. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur aðallega, að hin kærða dómsathöfn verði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til ákvörðunar af nýju, en til vara, að hinni kærðu dómsathöfn verði hrundið og málshöfðunarheimildin úr gildi felld. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðiljar Karl Jónsson og Jón Ingibersson f. h. þrotabús Friðriks Jörgensens krefjast þess aðallega, að kærumáli þessu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hin kærða dómsathöfn verði staðfest. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Skiptaráðanda bar að skera úr ágreiningi fundarmanna á skiptafundi samkvæmt 2. mgr. 24. gr., sbr. 90. gr. laga nr. 3/1878, sbr. og 30. gr. laga nr. 25/1929. Lagaheimild brestur til kæru máls þessa, sbr. d-lið 2. tl. 21. gr. laga nr. 57/1962, og ber því að vísa málinu frá Hæstarétti. Þá ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðiljum kærumálskostnað, er ákveðst kr. 5.000.00.

Víta ber drátt af hendi skiptaráðanda að senda Hæstarétti skjöl máls þessa.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Fiskimjölsverksmiðjan í Vestmannaeyjum h/f, greiði varnaraðiljum Karli Jónssyni og Jóni Ingiberssyni f. h. þrotabús Friðriks Jörgensens kr. 5.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Þinghald skiptadóms Reykjavíkur 5. febrúar 1969.

Ár 1969, miðvikudaginn 5. febrúar, var skiptaréttur Reykjavíkur settur í skrifstofu borgarfógetaembættisins að Skólavörðustíg 12 og haldinn af borgarfógeta Unnsteini Beck ásamt neðanrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Að taka ákvörðun um tillögu Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns um höfðun riftunarmáls á hendur Fiskimjölsverksmiðjunni í Vestmannaeyjum h/f, sem fram kom á skiptafundi í þrotabúi Friðriks Jörgensens h/f hinn 20. janúar s.l.

Þar sem atkvæðagreiðslur um málshöfðun þá, sem að framan getur, hafa farið svo, að tillögur um málshöfðun hafa yfirleitt ekki sætt andmælum frá öðrum en þeim málflytjanda, sem m. a. fer með umboð væntanlegs varnaraðilja í málinu (sic). Með því að svo virðist sem höfðun riftunarmáls á þeim grundvelli, sem lagður er fyrir í tillögu Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns, hafi ekki í för með sér verulega hættu á útgjöldum fyrir búið og þar sem riftunarmál gæti leitt til þess, að búinu bætist fjármunir til skiptingar milli almennra kröfuhafa í búinu, þar á meðal þeirra, sem óskað hafa heimildar til málshöfðunar f. h. búsins, þykir skiptaráðanda rétt að veita heimild til margnefndrar málshöfðunar.

Guðjóni Steingrímssyni hæstaréttarlögmanni heimilast því f. h. kröfuhafanna Karls Jónssonar og Jóns Ingiberssonar að höfða f. h. þrotabús Friðriks Jörgensens dómsmál til riftunar á samningi Friðriks Jörgensens og Fiskimjölsverksmiðjunnar í Vestmannaeyjum h/f, dags. 28. desember 1966, um sölu á saltfiskbirgðum og gera í því máli fjárkröfur um greiðslu á andvirði hins selda fisks svo og kröfu um málskostnað úr hendi varnaraðilja.

Föstudaginn 26. september 1969.

Nr. 127/1969. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja**
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Gaukur Jörundsson.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn 8. maí 1969 var í Félagsdómi kveðinn upp dómur í félagsdómsmálinu nr. 2/1969: Bandalag starfsmanna ríkis og bæja gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Með bréfi til Félagsdóms 16. maí 1969 fór Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður þess á leit f. h. sóknaraðilja, að málið yrði samkvæmt lögjöfnun frá 59. gr. laga nr. 57/1962 endurupptekið til meðferðar og uppsögu dóms af nýju. Dómendur Félagsdóms, Hákon Guðmundsson, Einar Arnalds, Ragnar Jónsson, Einar B. Guðmundsson og Guðjón B. Baldvinsson, tóku erindi þetta til úrlausnar á fundi sínum 3. júní 1969, og var gerð um það svofelld ályktun:

„Skilyrði til endurupptöku framangreinds félagsdómsmáls eru eigi fyrir hendi. Er nefndri beiðni hrl. Guðm. Ingva Sigurðssonar synjað.

Guðjón B. Baldvinsson tekur fram, að hann taki ekki afstöðu til endurupptökubeiðninnar, þar sem hann hafi skilað sératkvæði í málinu".

Greindri synjun hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar með kæru 13. júní 1969, er barst dóminum 7. júlí 1969, og gert þær dómkröfur, að hin kærða ákvörðun verði úr gildi felld og lagt verði fyrir Félagsdóm að taka mál aðiljanna til meðferðar og uppsögu dóms af nýju. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja. Varnaraðili gerir þær dómkröfur aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hin kærða ákvörðun verði stað-

fest, og svo að sóknaraðilja verði dæmt að greiða kærumálskostnað.

Lagaheimild brestur til kæru máls þessa, sbr. 21. gr. laga nr. 57/1962 og 67. gr. laga nr. 80/1938. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, greiði varnaraðilja, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kærumálskostnað, kr. 5.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 29. september 1969.

Nr. 151/1968. **Jarlinn h/f** (Áki Jakobsson hrl.)
gegn
Ólafi Bjarna Ólafssyni
(Gunnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kaupgjaldsmál. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. september 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi s. d. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að hann verði einungis dæmdur til að greiða stefnda kr. 33.140.10 og að málskostnaður verði felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi.

Mál þetta hefur verið lítt reifað af hálfu umboðsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti. Verður héraðsdómurinn stað-

festur að niðurstöðu til og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jarlinn h/f, greiði stefnda, Ólafi Bjarna Ólafssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 11. desember 1967.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 20. nóvember s.l., hefur Ólafur B. Ólafsson vélstjóri, Hvassaleiti 28 hér í borg, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni og birtri 10. marz 1966, gegn Gunnari Halldórssyni forstjóra, Kleifarvegi 5, Reykjavík, f. h. Jarlsins h/f, Grindavík, til greiðslu á eftirstöðvum vinnulauna samkvæmt reikningi að fjárhæð kr. 115.901.15 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1965 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands. Enn fremur krefst stefnandi viðurkenningar á sjóveðrétti í m/s Jarlinum, Flateyri, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi kröfu sína í kr. 86.239.06.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og að stefnda verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda. Við munnlegan flutning í málinu gerði stefndi þá varakröfu, að stefnukrafan verði lækkuð í kr. 33.140.10.

Stefnandi skýrir þannig frá málavöxtum, að hann hafi verið ráðinn 2. vélstjóri á m/s Jarlinn, Flateyri, af forráðamönnum Jarlsins h/f, þeim Gunnari Halldórssyni forstjóra og Jóni Þ. Árnasyni, Raufarhöfn, í byrjun maí 1964 og hafi hann verið sendur í flugvél 9. maí til Gautaborgar í Svíþjóð, en þar hafi þá skipið legið. Hann hafi síðan verið óslitið 2. vélstjóri á skipinu til 12. marz 1965, að hann hafi verið afskráður. Á þeim tíma, er hann var á skipinu, hafi fyrst verið siglt frá Svíþjóð til Danmerkur og Rússlands og komið heim til Íslands í byrjun júní. Síðan hafi verið farnar 2 ferðir héðan til Írlands og Englands með farm. Þar á eftir hafi verið siglt með farm til Svíþjóðar svo aftur

heim til Íslands. Þá hafi verið siglt til Danmerkur og heim aftur. Í byrjun nóvember 1964 hafi skipið farið til nokkurra hafna við Miðjarðarhaf og úr þeirri ferð hafi skipið komið til Íslands í byrjun marz 1965 og hafi hann verið látinn hætta störfum og verið afskráður 12. marz 1965, eins og áður greinir. Allan tímann, sem stefnandi var á skipinu, kveður hann, að mjög illa hafi gengið að fá kaupið greitt og er vist hans lauk á skipinu, hafi Jarlinn h/f skuldað honum verulegan hluta kaups hans allan tímann og pr. 1. júní 1965 hafi skuldin numið kr. 115.901.15, en síðan hafi hann ekkert fengið greitt. Stefnandi kveður sig hafa verið ráðinn samkvæmt gildandi samningum Vélstjórafélags Íslands, kaupið sé samkvæmt samningi ákveðið kaup pr. dag ásamt vaktatillagi, 4%, svo og orlofi, 6%, þar að auki eigi hann að fá fulla eftirvinnu greidda. Eigi eftirvinnan að greiðast samkvæmt 2 töxtum. Sé tímakaupið samkvæmt hærri taxtanum kr. 81.05 pr. klst., en samkvæmt lægri taxtanum kr. 47.96 pr. klst. Stefnandi kveður eftirvinnu sína færða í véladagbók skipsins.

Til rökstuðnings sýknukröfu sinni vísar stefndi til dómsskj. nr. 5 í málinu, þar sem sýnd sé innstæða stefnanda, kr. 54.777.96. En frá þeirri upphæð hafi ekki verið dregin sekt sú, sem stefnandi hafi verið dæmdur til að greiða í Kaupmannahöfn fyrir vínsmygl, sem stefnandi telji danskar kr. 3.445.52, eða ísl. kr. 21.637.86, en útgerðin hafi greitt sektina, sem stefndi kveðst ekki enn hafa getað fengið staðfesta tölulega, og kveðst stefndi áskilja sér rétt til breytinga á þessum lið, þegar það mál hafi verið fullkannað. Stefndi kveður stefnanda hafa tekið þátt í því með öðrum yfirmönnum m/s Jarlsins að smygla áfengi, sem valdið hafi útgerðinni stórfelldum töfum á skipinu og greiðslu nærri kr. 600.000.00 í sektum og sviknum tolli í Danmörku. Tjónið, sem útgerðin hafi orðið fyrir, hafi verið stórkostlegt, sennilega á aðra milljón ísl. kr. Kveðst stefndi telja, að af þessu tjóni beri stefnanda, sem hafi verið 2. vélstjóri, að greiða auk fyrrgreindra sekta eigi minna en kr. 100.000.00 og sé þessari kröfu uppi haldið ásamt sektunum til skuldajafnaðar og áskilinn réttur til gagnstefnu til innheimtu sekta og bótakröfu. Kveðst stefndi telja, að stefnandi hafi fyrirgert þar með kaupi sínu, og telur sig auk þess eiga kröfu á stefnanda fyrir mismun.

Stefnandi hefur komið fyrir dóm og staðfest atvikalýsingu í stefnu rétta. Hann kveður laun sín hafa verið reiknuð út af skrifstofu Vélstjórafélags Íslands í samræmi við gildandi kjarasamninga og segir, að tímakaupstaxtar þeir, sem tilgreindir eru í

stefnu, séu vegna aukavinnu á frívakt. Um reikningsyfirlit á dskj. nr. 5 segir stefnandi, að þar sé fært til skuldar meiri úttekt á erlendum gjaldeyri en hann hafi tekið út, t. d. sé sér færð úttekt á 15 £ (pundum) hinn 5. nóvember 1964. Kveður hann, að hér muni átt við peningaúttekt sína í spönsku Marokko, en hún hafi aðeins verið 3 £ (pund). Þá sé ekki rétt, þar sem fært sé 17. október 1964 á reikningsyfirlitið. Hann hafi aldrei móttekið danskar kr. 1.000.00, eins og þar segi. Þá segir stefnandi, að 8. janúar 1965 hafi hann ekki tekið við dönskum kr. 166.02. Hið rétta sé, að hann hafi enga peninga móttekið í Kaupmannahöfn, heldur þvert á móti lánað skipstjóra og áhöfn peninga, sem hann hafi síðar fengið endurgreidda. Stefnandi segir, að í fyrsta og síðasta túr sínum á skipinu hafi hann fengið vörur úr tolli án þess að greiða þær kontant, og virðist hann ekki vera skuldfærður fyrir þeim í reikningsyfirliti. Þá segir stefnandi, að peningaúttekt 19. og 23. desember 1964 hafi Jón Franklínsson, sem starfi á vegum útgerðarinnar, tekið út án síns leyfis og án þess að hann skuldaði honum neitt. Stefnandi segir, að listi yfir innborganir á dskj. nr. 3 sé gerður eftir upplýsingum frá stefnda og að eftirvinna sé verulega vanreiknuð á uppgjöri útgerðarinnar, og tekur fram, að réttu tölurnar sé að finna á uppgjöri sínu á dskj. nr. 3. Stefnandi tekur fram, að Jarlinn hafi ekki tafizt vegna smyglmálsins í Kaupmannahöfn. Skipið hafi verið búið að liggja 9 daga í höfn, þegar smyglmálið komst upp, og allan þann tíma hafi skipið tafizt vegna fjárskorts útgerðarinnar. Þá hafi útgerðinni verið fullkunnugt um smyglvarninginn, sem var um borð í skipinu, áður en dönsk yfirvöld blönduðu sér í málið.

Eins og sjá má á dómkröfum málsaðilja, ber þeim allmikið á milli, enda þótt miðað sé við varakröfu stefnda aðeins. Lagt hefur verið fram sem dómsskjal nr. 12 yfirlit yfir dómkröfur málsaðilja, þar sem sýnt er, í hvaða atriðum ágreiningurinn liggur svo og hvað á milli ber um greiðslur, en það er svohljóðandi:

„Stefnukrafa	kr. 115.901.15
Varakrafa stefnda	— 33.140.10
Á milli ber	kr. 82.761.05

I. Mismunur á kaupi, þ. e. tekjuhlið á dskj. nr. 5 og gjaldahlið á dskj. nr. 3 kr. 47.999.21

II. Mismunur á greiðslum, þ. e. gjaldahlið á dskj. nr. 5 og tekjuhlið á dskj. nr. 3 .. .. kr. 34.761.84 kr. 82.761.05

0 0 0.00

I.

Samkvæmt yfirliti stefnanda á dskj. 3 telur hann heildarlaun sín fyrir tímabilið hafa átt að nema .. kr. 241.783.04
Stefndi hefir hins vegar, sbr. dskj. 5—10, fært stefnanda til tekna heildarlaun .. .. — 193.783.83

Mismunur er .. .. kr. 47.999.21
sem samanstendur af:

1. Stefnandi reiknar með 23 vinnudögum í maí 1964, en stefndi með 15. Kemur fram við þetta mismunur, kr. 418.09 × 8 = ... kr. 3.344.72
2. Stefnandi krefur aukavinnu fyrir þá daga, sem getur í 1. lið, 35 klst. á kr. 81.08 .. .. — 2.837.80
3. Stefnandi krefur 4% mótorvélaþóknun af mánaðarkaupi skv. 1. gr. kjarasamnings og þóknun skv. 4. gr. g. Munar hér um:
   8 dagar í maí .. .. .. kr. 133.78
   maí/ág. .. .. — 427.65
   sept. .. .. — 119.90
   okt. .. .. — 123.90
   jan./marz .. .. — 868.26
   af frídögum(unum) .. .. — 501.70
   sama .. .. — 199.63
   nóv./des. .. .. — 243.80
   ——— kr. 2.618.62
4. Stefndi reiknar stefnanda ekki kaup í 24 daga í jan. og febr. 1965. Virðist vera um að ræða dagana 22. 1.—25. 1. og 8. 2.—27. 2. Af þessum sökum munar í útreikningi um kr. 490.25 × 24 .. .. — 11.766.00
   Fært til tekna 18 dagar, hvaða? .. kr. 8.022.24
5. Stefndi reiknar aðeins með hálfum

tímafjölda fyrir yfirvinnu í nóv./des. Það gerir mismun	kr.	8.062.84		
6. Yfirvinna í jan./marz, munar	—	9.160.82		
Stefndi viðurkennir 51½ klst. af 156½ klst., munur 105 klst. á kr. 81.80 og 1½ klst. af 15 á kr. 47.96.				
7. Stefnandi krefur um greiðslu fyrir unna frídaga 1964, 30. Stefndi viðurkennir 26. Mismunur kr. 418.09 × 4	—	1.672.36		
8. Stefnandi krefur greiðslu fyrir 10 unna frídaga í jan. og febr. 1965 = 1 × 445.68 + 7 × 490.25 + 2 × 505.20	—	4.890.84		
9. Stefnandi krefur um orlof	—	13.570.96		
10. Sjúkrasamlag fært stefnanda til tekna			kr.	870.00
11. Fæðisfé, fært hærra hjá stefnda			—	1.028.50
12. Munur í útreikningi			—	5.01
Mismunur skv. framanskráðu			—	47.999.21
	Kr.	57.924.96	Kr.	57.924.96

II.

Það, sem á milli ber um greiðslur, þ. e. munur á gjaldahlið á dskj. nr. 5 og tekjulið á dskj. nr. 3.

1. Gr. til lífeyrissjóðs	kr.	2.360.88
2. Pen. £ 15-0-0 eða kr. 1.803.90. Stefnandi viðurkennir 3 £, 360.00 kr.	—	1.443.90
3. Gr. til lífeyrissjóðs	—	534.21
4. Pen. til J. Franklín	—	1.200.00
5. Pen. til sama	—	1.800.00
6. Tollvörur í Centa 29. 12.	—	298.09
7. Vörur í Cork 6. 7.	—	479.10
8. Úttekt hjá bryta	—	911.40
9. Tillag í lífeyrissjóð	—	776.33
10. Tillag í sama	—	516.93
11. Greiðslur til Gjaldheimtunnar, kr. 11.200 + 2.800 + 5.438.00 =	—	19.438.00
12. Pen. 24/11. (Þórdís Ólafsdóttir)	—	5.000.00
13. Pen. 21/9, N. kr. 400.00 munur á útreikningi	—	3.00
Offærð úttekt samkvæmt málflutningi stefnda	kr.	34.761.84“.

Er framanritað yfirlit hafði verið lagt fram í málinu, viðurkenndi stefnandi greiðslur þær, sem taldar eru í II, liðum 2, 4, 5, 6, 7, 11, 12 og 13. Lækkaði hann síðan stefnukröfu sína til samræmis við þetta niður í kr. 86.239.06. Í kafla II í yfirlitinu er því einungis ágreiningur um það, hvort stefndi hafi innt af hendi vegna stefnanda greiðslur þær til lífeyrissjóðs, sem tilfærðar eru undir liðunum 1, 3, 9 og 10. Þá er stefnandi talinn hafa tekið út hjá bryta skipsins vörur fyrir kr. 911.40, sbr. lið nr. 8. Þar sem telja verður sönnunarbyrði um þessi atriði hvíla á stefnda, en sannanir um þau hafa hins vegar ekki komið fram, geta viðkomandi fjárhæðir ekki komið til frádráttar stefnukröfunni.

Skal nú vikið að þeim ágreiningsatriðum, sem um getur í kafla I framangreinds yfirlits.

Um 1. Eins og þegar er fram komið, skýrir stefnandi svo frá, að hann hafi í byrjun maí 1964 verið ráðinn 2. vélstjóri á m/s Jarlinn. Hafi hann verið sendur í flugvél 9. maí til Gautaborgar í Svíþjóð, en þar hafi skipið þá legið. Hann kveðst síðan hafa verið óslitið 2. vélstjóri á skipinu til 12. marz 1965. Stefndi hefur ekki við rekstur málsins sérstaklega vefengt þá staðhæfingu stefnanda, að hann hafi byrjað störf sín í þágu stefnda framangreindan dag. Ekki hefur stefndi heldur sýnt fram á, að stefnandi hafi fyrir þann tíma, sem hér skiptir máli, fengið aðrar greiðslur en þær, er fram koma á viðskiptareikningnum á dskj. nr. 5. Með hliðsjón af þessu þykir mega leggja til grundvallar frásögn stefnanda um það, hvenær hann hóf vinnu sína hjá stefnda, og taka til greina kröfu hans samkvæmt þessum lið.

Um 2. Með tilvísan til þess, sem greinir í lið I, þykir mega taka til greina kröfu stefnanda samkvæmt þessum lið.

Um 3. Stefnandi þykir eiga kröfu samkvæmt viðkomandi kjarasamningum um að fá greidda 4% mótorvélaþóknun, eins og hann hefur krafizt undir þessum lið, sbr. samninga milli Vélstjórafélags Íslands og útgerðarfyrirtækja, dags. 12. september 1961 og 1. september 1963, og bráðabirgðasamkomulag milli sömu aðilja, dags. 20. apríl 1964. Verður því krafa stefnanda samkvæmt þessum lið tekin til greina.

Um 4. Eins og greinir undir þessum lið, virðist stefndi ekki reikna stefnanda kaup í 24 daga í janúar og febrúar 1965, en á móti þessu kemur, að stefnanda eru færðir til tekna 18 vinnudagar, sem ekki er tilgreint, hverjir eru. Munar þar 6 dögum, sem gera mismun í útreikningi að fjárhæð kr. 3.743.76. Í rekstri

málsins hefur stefndi ekki gert grein fyrir því, af hvaða sökum hann fellir niður kaup til stefnanda umrædda daga, og ekki borið fram sérstök mótmæli gegn þeirri kröfu stefnanda, að hann fái þessa daga greidda. Þykir því rétt að taka kröfu stefnanda um greiðslu þessa til greina.

Um 5. Af hálfu stefnanda er því ómótmælt haldið fram, að tímafjöldi fyrir yfirvinnu sé við kaupútreikninginn tilfærður samkvæmt véladagbók skipsins. Bók yfir umrædda yfirvinnu hefur verið lögð fram í málinu. Með vísan til þessa og enn fremur þess, að engin rökstudd mótmæli hafa komið fram, þykir rétt að taka kröfu stefnanda til greina að öllu leyti.

Um 6. Með vísan til þess, sem talið var í næsta lið hér á undan, þykir rétt að taka kröfu stefnanda til greina samkvæmt þessum lið.

Um 7. og 8. Eins og atvikum máls þessa er háttað, þykir rétt að taka til greina kröfur stefnanda um greiðslu fyrir unna frídaga 1964 og 1965, enda hefur stefndi ekki haft uppi nein rökstudd mótmæli gegn þessum kröfum.

Um 9. Þá þykir stefnandi eiga rétt til orlofs, og ber því að taka kröfu hans um það til greina.

Um 10., 11. og 12. Stefnandi hefur ekki í málinu gert kröfur um greiðslu samkvæmt þessum liðum, og koma þeir því ekki sérstaklega til álita.

Krafa stefnda, sem fram kemur á dskj. nr. 14, sbr. dskj. nr. 16, þykir eigi dómhæf, þar sem hún stríðir gegn lögum og velsæmi.

Samkvæmt því, sem að framan hefur verið rakið, verður því niðurstaða málsins sú, að krafa stefnanda, eins og hún var gerð við munnlegan flutning málsins, verður tekin til greina að fullu ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið í stefnu. Á stefnandi sjóveðrétt í m/s Jarlinum, Flateyri, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 14.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Guðmundi Skaftasyni, löggiltum endurskoðanda, og Hallgrími Jónssyni vélstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Jarlinn h/f, Grindavík, greiði stefnanda, Ólafi B. Ólafssyni, kr. 86.239.06 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1965

til greiðsludags og kr. 14.000.00 í málskostnað. Á stefnandi sjóveðrétt í m/s Jarlinum, Flateyri, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. október 1969.

Nr. 90/1969. **Valdimar Karlsson**
gegn
Jarlinum h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Valdimar Karlsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. október 1969.

Nr. 104/1969. **Gísli Gíslason og Ásdís Guðmundsdóttir f. h. dánarbús Stefáns Gíslasonar**
gegn
Samvinnutryggingum.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Gísli Gíslason og Ásdís Guðmundsdóttir f. h. dánarbús Stefáns Gíslasonar, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. október 1969.

Nr. 132/1969. **Kristján Finsson**
gegn
Magnúsi Blöndal.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristján Finnsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 3. október 1969.

Nr. 171/1969. **Margrét Hjaltested fyrir sjálfa sig og ófjárráða börn sín, Margréti, Sigurð Kristján og Karl Lárus,**
gegn
Magnúsi Sigurðssyni Hjaltested.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. júlí 1969, er barst dóminum 25. september 1969, og krafizt þess *aðallega*, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar af nýju, en *til vara*, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og „lagt fyrir fógeta að fresta útburði, unz goldin er skuld varnaraðilja við dánarbú Sigurðar L. Hjaltesteds og félagsbú hans og Margrétar G. Hjaltesteds samkvæmt úttektargerð frá 16. maí 1969, kr. 796.159.00". Þá krefjast sóknaraðiljar kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili gerir þær dómkröfur *aðallega*, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en *til vara*, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, og svo að sóknaraðiljum verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Lagaheimild brestur til kæru máls þessa, sbr. 21. gr., 3, a, laga nr. 57/1962. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Sóknariljar greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 5.000.00.

Víta ber kæru máls þessa, sem er gersamlega ófyrirsynju.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðiljar, Margrét G. Hjaltested fyrir sjálfa sig og ófjárráða börn sín, Margréti, Sigurð Kristján og Karl Lárus, greiði varnaraðilja, Magnúsi Sigurðssyni Hjaltested, kærumálskostnað, kr. 5.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Kópavogs 14. júlí 1969.

Aðiljar málsins eru gerðarbeiðandi, Magnús Sigurðsson Hjaltested, Sólbakka, Vatnsenda, Kópavogskaupstað, og gerðarþoli, Margrét G. Hjaltested, Vatnsenda, Kópavogskaupstað, fyrir sjálfa sig og f. h. ófjárráða barna sinna, Margrétar, Sigurðar Kristjáns og Karls Lárusar Hjaltesteds.

Með úrskurði réttarins, sem upp var kveðinn 25. júní 1968, var fallizt á kröfu gerðarbeiðanda um, að fógeti léti bera út af jörðinni Vatnsenda í Kópavogskaupstað gerðarþola ásamt öllu því, sem henni tilheyri og hverjum þeim, sem leiðir dvöl sína frá rétti hennar. Úrskurðurinn var staðfestur með dómi Hæstaréttar, sem upp var kveðinn 30. maí 1969.

Sam dag var í Hæstarétti staðfest ákvörðun skiptaréttar Kópavogs um afhendingu á jörðinni til gerðarbeiðanda, gerð á skiptafundi 7. maí 1968.

Er útburðurinn skyldi fara fram í dag, var þess krafizt af hálfu gerðarþola, að gerðin yrði ekki látin fara fram. Er krafan studd svohljóðandi greinargerð:

„BÓKUN í fógetaréttarmálinu Magnús Sigurðsson Hjaltested gegn Margréti G. Hjaltested og börnum hennar.

Svo sem kunnugt er hinum háttvirta fógetarétti svo og skiptaráðanda í dánarbúi mannsins míns, Sigurðar Lárussonar Hjaltested, og félagsbúi hans og mínu, lagði Hæstiréttur svo fyrir 23. apríl 1969, að úttekt skyldi framkvæmd á jörð og húsum að Vatnsenda í Kópavogskaupstað, áður en dómur gengi í útburðarmáli gerðarbeiðanda á hendur mér og börnum mínum, en systkinum gerðarbeiðanda. Gaf dómurinn í þessu skyni hálfs mánaðar frest. Úttekt fór síðan fram lögum samkvæmt, og luku henni upp úttektarmenn kaupstaðarins 16. maí 1969. Samkvæmt téðri úttekt ber viðtakanda staðarins að gjalda búinu leiguliðabót, að upphæð kr. 796.159.00. Eftir reglum 4. mgr. 60. gr. ábúðarlaga nr. 36, 29. marz 1961 eða analogíu téðs lagaboðs skal fé þetta staðgreitt að lokinni úttektargerð, nema aðilar semji um annað, enda er fjárhæðin lögtakskræf skv. 51. gr. laganna. Eftir 13. gr. má þó gjalda með skuldabréfi umræddan fjárhlut, enda greiðist skuldabréfið með jöfnum árlegum afborgunum á fjórum árum og ávaxtist með almennum útlánsvöxtum Búnaðarbanka Íslands. Hef ég með bréfi, dags. 10. júlí 1969, krafizt þess, að skiptaráðandi hlutist til um innheimtu á fénu. Ítrekast hér með sú krafa, enda er skiptaráðandi staddur hér á þingi, og er honum rétt og skylt að framfylgja án undandráttar innheimtunni.

Út af hér greindu efni vil ég að öðru leyti taka fram það, sem nú skal greina.

1) Ég býð að flytja innan þess tíma, er um semst, og til vara tafarlaust af staðnum Vatnsenda með fólk mitt og eignir.

2) Fyrir boði því, er nú var rakið sub 1), er það skilyrði, að væntanlegur viðtakandi jarðarinnar, sem in casu er gerðarbeiðandi í þessu máli, gjaldi samkvæmt ákvæðum 50. gr. laga nr. 36/1961 og 51. gr. og 13. gr. sömu laga skiptaráðanda vegna bús míns og hins látna eiginmanns míns leiguliðabót þá, er úttektarmenn gerðu með úttekt sinni 16. maí 1969, kr. 796.159.00, sjá ofanritað. Til vara fellst ég á, að gerðarbeiðandi fái frest eftir samkomulagi, eina til tvær vikur, til að gjalda umrædda leiguliðabót í reiðufé eða með skuldabréfi, enda frestist þá að sama skapi brottflutningur minn af staðnum.

3) Að öðru leyti held ég fyrir mig og börn mín, systkin gerðarbeiðanda, fast við allar kröfur mínar á hendur gerðarbeiðanda, enda eru þær kunnar skiptaráðanda og gerðarbeiðanda svo og hinum háttvirta fógetarétti.

4) Með tilvísan til ofanritaðs mótmæli ég, að hin umbeðna útburðargerð nái fram að ganga, enda krefst ég úrskurðar um efnið, ef eigi semst um það.

5) Ég krefst þess, að gerðarbeiðanda verði gert að greiða mér að mati fógeta allan kostnað minn af gerð þessari.

Vatnsenda, 14. júlí 1969

Virðingarfyllst,

Margrét G. Hjaltested.

Til fógetaréttar Kópavogskaupstaðar".

Álit réttarins:

Dómur Hæstaréttar frá 30. maí 1969, sem staðfestir úrskurð fógetaréttarins um útburð, er skilyrðislaus. Krafa gerðarþola er því fjarstæða.

Málskot frestar ekki framkvæmd útburðarins.

Steingrímur Gautur Kristjánsson, setubæjarfógeti í Kópavogi, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hrundið er kröfu gerðarþola samkvæmt framansögðu.

Föstudaginn 3. október 1969.

Nr. 214/1968. **Valdimar Baldvinsson, umboðs- og heildverzlun**
(Ragnar Steinbergsson hrl.)
gegn
Þrotabúi Kaupfélags Austfjarða
(Árni Halldórsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Þrotabú. Riftun fjárnáms.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. nóvember 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. október s. á. Krefst hann þess, „að staðfest verði gildi fjárnáms-

gerðar, sem fram fór í fógetadómi Seyðisfjarðar hinn 15. febrúar 1968 í eignum Kaupfélags Austfjarða, Seyðisfirði, til tryggingar dómskuld að fjárhæð kr. 368.828.94", og svo að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram símskeyti frá bæjarfógetanum á Seyðisfirði, dags. 30. f. m., svohljóðandi:

„Lausafé tekið fjárnámi 15/2 1968 af Valdimar Baldvinssyni, heildverzlun, hjá Kaupfélagi Austfjarða, var selt á nauðungaruppboði 18/4 1968 fyrir 336.000 krónur, sem geymdar eru hjá mér".

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Valdimar Baldvinsson, umboðs -og heildverzlun, greiði stefnda, þrotabúi Kaupfélags Austfjarða, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Seyðisfjarðar 31. maí 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 16. þ. m., er af stefnanda, Árna Halldórssyni hæstaréttarlögmanni f. h. þrotabús Kaupfélags Austfjarða, Seyðisfirði, höfðað hér fyrir bæjarþinginu á hendur stefnda, Valdimar Baldvinssyni, umboðs- og heildverzlun, Akureyri, með stefnu, útgefinni í Reykjavík þann 30. apríl 1968, til riftunar á fjárnámsgerð vegna dómskuldar að fjárhæð kr. 368.828.94, sem fram fór í fógetadómi Seyðisfjarðar hinn 15. febrúar s.l. í eignum Kaupfélags Austfjarða að kröfu hæstaréttarlögmanns Ragnars Steinbergssonar f. h. stefnda og gert var til tryggingar skuld samkvæmt dómi bæjarþings Seyðisfjarðar, uppkveðnum 27. janúar 1968. Málið var þingfest hinn 14. maí s.l.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að framangreind fjárnámsgerð verði dæmd ógild, aflétt verði fjárnámi í öllum þeim eignum Kaupfélags Austfjarða, er stefndi lét gera fjárnám í, og þær afhentar þrotabúinu, enn fremur að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda allan kostnað málsins, þar með allan kostnað við vörzluskipti á hinum fjárnumdu vörum.

Af stefnda hálfu er krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að skaðlausu að mati dómsins.

Dómurinn leitaði sátt í málinu án árangurs.

Umboðsmanni stefnanda var á skiptafundi í þrotabúinu, höldnum á Seyðisfirði þann 21. marz s.l., falið að fara með mál þetta fyrir hönd þrotabúsins, en fundurinn samþykkti að höfða mál til riftingar fjárnámsgerð þeirri, sem mál þetta fjallar um. Samkvæmt endurriti úr skiptabók Seyðisfjarðar (á dskj. nr. 4) var skiptafundurinn löglega boðaður — enda ómótmælt — og fjölsótttur af þeim, sem hagsmuna höfðu að gæta. Ráðstöfun fundarins á sakarefni þessu til málshöfðunar fyrir bæjarþinginu samkvæmt 30. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 25/1929 og val lögmanns er því lögmætt, enda þótt þeir kröfuhafar, sem stefna skyldi, undirrituðu bókunina með fyrirvara, en það voru stefndi í máli þessu og framkvæmdastjóri Kaupfélags Héraðsbúa, sem fundurinn einnig ákvað að stefna í sama skyni.

Málavextir eru þessir:

Með úrskurði skiptaréttar Seyðisfjarðar þann 8. marz s.l. var bú Kaupfélags Austfjarða tekið til skipta sem gjaldþrota eftir beiðni félagsstjórnarinnar.

Þann 15. febrúar s.l. var gert fjárnám í eignum kaupfélagsins til tryggingar dómskuld samkvæmt dómi bæjarþings Seyðisfjarðar þann 27. janúar 1968 að fjárhæð kr. 368.888.94 auk vaxta og kostnaðar.

Samkvæmt greinargerð stefnanda hefur skuldamáli þessu verið hraðað meira en algengt er, þar eð stefndi höfðar mál sitt þann 27. janúar 1968, eða röskum mánuði fyrir gjaldþrot kaupfélagsins, endurrit dóms er gert tveim dögum síðar, þann 29. janúar, og fjárnám fer fram á 17. degi frá útgáfu dómsendurrits. Bendi hraði þessi til þess, að skuldareigandi örvænti mjög um, hvort skuldari sé borgunarmaður. Bersýnilegt sé, að Kaupfélag Austfjarða átti ekki fyrir skuldum, er stefnt var í skuldamálinu, og allar líkur bendi til þess, að stefndi hafi a. m. k. óttast, að svo væri. Riftunarheimild 22. gr. gjaldþrotaskiptalag nr. 25/1929 virðist vafalaus í máli þessu.

Samkvæmt greinargerð af hálfu stefnda hófust viðskipti hans við Kaupfélag Austfjarða í febrúar 1967 og fóru fram reglulega fram í desember 1967. Allar kröfur og víxlar voru greiddir fram í nóvember 1967, en þá fór að bera á greiðsludrætti, og í desember og síðar voru víxlar ekki greiddir. Í desember s.l. fékk Kaupfélag Austfjarða vörur hjá stefnda að upphæð kr. 70.332.65 gegn loforði um, að 2 víxlar, sem þá voru í vanskilum, yrðu greiddir. Við það loforð var ekki staðið.

Var þá svo komið, að fjárhagur stefnda þoldi ekki þessi útlán, sem voru komin yfir kr. 400.000.00.

Þar sem samtöl stefnda við kaupfélagsstjórann báru engan árangur, var ákveðið að fara til Seyðisfjarðar og fá kaupfélagið til að skila þeim vörum, sem hægt var að fá aftur. Það tókst að mestu að fá vörusendinguna frá því í desember aftur, og um leið var fenginn dómur fyrir föllnum en ógreiddum víxlum. Að liðnum aðfararfresti var óskað fjárnáms hjá dómþola til tryggingar dæmdum kröfum.

Í greinargerð er talið, að þessi hraði hafi alls ekki stafað af örvæntingu stefnda um, hvort Kaupfélag Austfjarða væri borgunarmaður, heldur hafi fjárnámið verið gert til þess að reyna að flýta fyrir greiðslum. Stefndi hafi tekið munina fjárnámi og látið taka þá úr vörzlu skuldara, til þess að skuldari hæfist handa um greiðslur.

Strax og fjárnámið hófst, hafi kaupfélagsstjóranum verið gefið fyrirheit um, að hinar fjárnumdu vörur yrðu ekki settar á uppboð, heldur yrði honum gefið tóm til þess að setja tryggingu fyrir dómkröfunum, þó þannig, að hluti skuldarinnar yrði greiddur strax, en afgangurinn á alllöngum tíma, enda tryggður. Er fjárnámið var alllangt komið, var haldinn fundur með forráðamönnum Kaupfélags Austfjarða og þetta boð staðfest og boðið, að hinar fjárnumdu vörur skyldu vera í geymslu einn til tvo mánuði, á meðan væri verið að ganga frá öðrum tryggingum. Í greinargerð er talið, að á fundinum hafi verið talið líklegt, að hægt væri að setja tryggingu, eins og krafizt var, enda hafi þá ekkert legið fyrir um gjaldþrot félagsins.

Síðan segir í greinargerð stefnda:

„Það er ljóst núna, að félagið mun ekki hafa átt fyrir skuldum 1966".

Í máli þessu er því af hálfu stefnda viðurkennt, að Kaupfélag Austfjarða átti ekki fyrir skuldum, þegar skuldamál hans var höfðað. Það er því engin tilraun gerð til þess að sanna hið gagn-

stæða, og er þar með uppfyllt það skilyrði 22. gr. laga nr. 25/1929 fyrir riftingu fjárnámsgerðar, að ekki verði sannað, að þrotamaður hafi enn átt fyrir skuldum, þegar skuldamálið var höfðað.

Í greinargerð stefnda er hins vegar talið, að stefndi hafi alls ekki haft neina ástæðu til að telja félagið gjaldþrota. Hann hafi ekki vitað til þess, að fyrirtækið hefði lent í neinum sérstökum erfiðleikum á árinu 1967, frá því viðskipti þeirra hófust, sem hefði riðið félaginu að fullu. Hann hafi ekki haft ástæðu til að ætla, að félagið ætti ekki fyrir skuldum í febrúar 1967 né í ársbyrjun 1968. Reikningar félagsins 1967 voru ekki til, og reikningum ársins 1966 var ekki haldið á lofti.

Fjárnámið hafi ekki verið ætlað til sölu við uppboð; þá hefði verið krafizt, að uppboðið yrði auglýst með viku fyrirvara, eins og lög um nauðungaruppboð heimila, og þá hefðu ekki getað myndazt neinar deilur. Framkoma stefnda hafi sýnt vilja til að leysa málið og grunleysi hans um yfirvofandi gjaldþrot. Samkvæmt upphafi og endi 22. gr. laga nr. 25/1929 séu því skilyrði til riftunar fjárnámsins ekki fyrir hendi.

Loks er í greinargerð stefnda bent á, að hinir fjárnumdu munir hafi verið teknir úr vörzlum skuldara. Samkvæmt 50. gr., 1. mgr., laga nr. 19/1887 um aðför haldi fjárnámshafi rétti sínum, þótt skuldunautur verði síðar gjaldþrota, ef munir eru teknir úr vörzlum skuldara. Þetta sé meginregla og fram komi í 34. gr. skiptalaga nr. 3/1878 um stöðu skuldheimtumanna við bú í opinberum skiptum. Í 2. mgr. 50. gr. laga nr. 19/1887 sé undantekning um lausafé, sem haldizt hafi í vörzlum skuldara, sem verður gjaldþrota. Bent er á, að í Lagasafni frá 1965, dálki 2661, sé við þessa málsgrein vísað til 22. gr. laga nr. 25/1929.

Rétt er að athuga þetta atriði á þessu stigi.

Í Lagasafni frá 1965, dálki 2741, er við upphaf 22. gr. laga nr. 25/1929 vísað til 50. gr. laga nr. 19/1887 allrar.

Í greinargerð telur stefndi, að riftingarheimild 22. gr. laga nr. 25/1929 eigi aðeins við fjárnumda lausafjármuni, sem haldizt hafa í vörzlu skuldara, og í málflutningi hefur af stefnda hálfu verið haldið fram, að vegna vörzluskiptanna yfir hinum fjárnumdu munum haldist fjárnámsréttur hans þrátt fyrir gjaldþrot skuldara. Megi draga gagnályktun frá 2. mgr. 50. gr. laga nr. 19/1887, sem fjallar um fjárnumda muni, sem haldizt hafa í vörzlum skuldara, og eigi 22. gr. laga nr. 25/1929 aðeins við slíka muni.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram í þessu efni í málflutn-

ingi, að lög nr. 25/1929 séu miklu yngri lög, og geti því ákvæði 50. gr. laga nr. 19/1887 ekki afnumið gildi þeirra. Greinin muni ekki hafa verið afnumin, m. a. vegna þess að hún hefur sjálfstætt gildi varðandi muni, sem haldizt hafa í vörzlum skuldara eftir fjárnám. Fjárnám í þeim falli af sjálfu sér niður við gjaldþrot, án þess að til riftunarmála þurfi að koma.

Að framanskráðu virtu verður að fallast á það, að 22. gr. laga nr. 25/1929 eigi við um fjárnám það, sem krafizt er riftunar á í máli þessu, hvað sem líður tilvísunum í Lagasafni milli lagagreina, sem skoða ber sem ábendingar ritstjórnar Lagasafnsins, e. t. v. um, að nokkurt ósamræmi kunni að vera milli hinna tilvísuðu ákvæða, en að þau hafi sjálfstætt gildi hvort um sig.

Stefndi hefur komið fyrir dóminn og gefið aðiljaskýrslu. Samkvæmt henni hófust viðskipti hans og Kaupfélags Austfjarða í febrúar 1967, og seldi hann félaginu ýmsar vörur, matvöru og hreinlætisvöru, og í framburði Birgis Hallvarðssonar, fyrrverandi kaupfélagsstjóra, kom fram — enda staðfest í málflutningi — að allmikill hluti viðskiptanna var með fóðurvörur. Viðskiptin fóru þannig fram, að stefndi sendi vörur samkvæmt pöntun og sendi síðan um hver mánaðamót víxil til samþykktar fyrir úttekt hvers mánaðar, sem kaupfélagið endursendi síðan samþykktan. Stundum var upphæð skipt í 2 til 3 víxla, ef hún var mjög há. Í byrjun desember tók stefndi eftir því, að 2 víxlar frá 1. nóvember og 1. desember 1967, alls að fjárhæð kr. 100.567.40, höfðu ekki greiðzt á tilsettum tíma. Sama dag kom pöntun frá kaupfélaginu, og átti stefndi tal við þáverandi kaupfélagsstjóra, Birgi Hallvarðsson, sem lofaði greiðslu þessara víxla í síðasta lagi þann 23. desember 1967, en stefndi lofaði að afgreiða pöntunina með venjulegum greiðslufresti.

Milli jóla og nýjárs hafði engin greiðsla borizt, og átti stefndi þá tal við Birgi kaupfélagsstjóra, sem aðspurður tjáði honum, að hann hefði ekki sent greiðslu, það hefði staðið þannig á fyrir sér, að hann hefði ekki getað það, en rökstuddi það ekki frekar.

Hinn 5. janúar átti stefndi símtal við Ólaf Magnússon, sem þá var orðinn kaupfélagsstjóri, og innti hann eftir greiðslu, enda þá 3 víxlar til viðbótar gjaldfallnir. Ólafur tjáði stefnda, að hann mundi engar greiðslur inna af hendi, því að Kaupfélag Austfjarða ætti í miklum erfiðleikum vegna rekstrarfjárskorts, sem ekki yrðu gerðar raunhæfar ráðstafanir til úrbóta, fyrr en reikningar fyrirtækisins lægju fyrir. Stefndi telur, að Ólafur hafi ekki talað neitt um, að útlitið væri „svart" né að gjaldþrot væri yfirvofandi.

Seint í janúar s.l. fór stefndi til Seyðisfjarðar til þess fyrst og fremst að ná aftur vörum þeim, sem hann taldi, að sviknar hefðu verið út úr sér, og til þess að athuga um greiðslur á gjaldföllnum víxlum. Hann náði vörunum, en kaupfélagið vildi ekki gefa nein ákveðin loforð um greiðslutíma. Hann telur, að enn hafi ekki verið minnzt á yfirvofandi gjaldþrot.

Mál var þá höfðað til greiðslu gjaldfallinna víxla, og er ekkert hafði verið minnzt á greiðslur að liðnum aðfararfresti, var hafizt handa um fjárnám til tryggingar dæmdum kröfum. Eins og áður getur, kom stefndi á fund með kaupfélagsstjóranum, stjórnarformanni, Gunnþóri Björnssyni, og Ólafi M. Ólafssyni stjórnarmanni, meðan á fjárnáminu stóð, og var rætt um að geyma hinar fjárnumdu vörur í 1 til 2 mánuði, en forráðamenn kaupfélagsins voru bjartsýnir á, að fram úr tímabundnum erfiðleikum yrði ráðið, en greiðsla til stefnda e. t. v. tryggð með ábyrgð Sambands ísl. samvinnufélaga.

Hinum fjárnumdu vörum var síðan komið í geymslu og þær vátryggðar og voru þar, er Kaupfélag Austfjarða lýsti sig gjaldþrota.

Stefndi telur, að enginn forsvarsmanna Kaupfélags Austfjarða hafi nokkurn tíma minnzt á möguleika á gjaldþroti félagsins, þvert á móti hafi sér verið marggefið í skyn, að um tímabundna erfiðleika hafi verið að ræða.

Fyrir dóminum gaf stefndi skýrslu þann 15. maí og svaraði nokkrum spurningum. M. a. taldi hann, að nær allir heildsalar seldu Sambandskaupfélögunum, ef þeir tryðu því, að þeir fengju örugga greiðslu. Ástæðan fyrir viðskiptum Kaupfélags Austfjarða við sig sé lægra flutningsgjald milli Akureyrar og Seyðisfjarðar en milli Reykjavíkur og Seyðisfjarðar. Hann kveðst ekki hafa vitað um, hvort reikningi Kaupfélags Austfjarða hjá S. Í. S. var lokað, þegar viðskipti þeirra áttu sér stað. Ekki kveðst hann hafa sent skriflega greiðsluáskorun, áður en málshöfðun hófst. Hann kveðst heldur ekki hafa kynnt sér efnahag félagsins áður, en lögfræðingur sinn hafi gert einhverjar athuganir á því. Öll viðskipti hafi farið fram gegn víxlum. Aðspurður kveðst hann ekki hafa þurft að viðhafa sams konar innheimtuaðferðir gagnvart öðrum viðskiptamönnum, því að enginn annar viðskiptamaður hafi sagt, að hann borgaði ekki fyrst um sinn, og þess vegna ekki þurft til slíks að koma.

Fyrir dóminn hafa komið sem vitni Ólafur Magnússon, síðasti

kaupfélagsstjóri Kaupfélags Austfjarða, og Birgir Hallvarðsson, kaupfélagsstjóri árin 1966 og 1967.

Um efnahag Kaupfélags Austfjarða í ársbyrjun 1968, er Ólafur Magnússon tók við kaupfélagsstjórastarfinu, vísar hann til fundargerðar stjórnar kaupfélagsins þann 7. janúar s.l., en þar segir: „Kaupfélagsstjórinn skýrði stjórninni svo frá, að eftir að hann hefur kynnt sér rekstur félagsins og fjármál eftir því, sem fyrir lá, og þar sem fyrir liggur lokun vegna ógreidds söluskatts, að upphæð kr. 598.000.00, og útgáfa tékka, að upphæð yfir kr. 300.000.00 í óleyfðum yfirdrætti og með tilliti til ríkjandi aðstæðna, þá taldi hann, að ekki sé réttlætanlegt að halda rekstrinum áfram, nema sérstakar ráðstafanir kæmu til".

Þetta vitni bar einnig, að það hefði gefið umboðsmanni stefnanda eins og öðrum fleiri þær upplýsingar, að á meðan verið væri að framkvæma nánari athugun á fjárhag félagsins, væri ekki um að ræða að inna neinar greiðslur af hendi og teldi það, að útlitið væri „svart". Nánar innt eftir því, hvað það ætti við með þessu, svaraði það, að það ætti einkum við, að um rekstrarfjárskort hafi verið að ræða og þar af leiðandi enga greiðslugetu, en varðandi eignamat gæti ætíð verið matsatriði. Varðandi innheimtutilraunir stefnda minntist þetta vitni ekki að hafa fengið skriflega innheimtu frá honum, en minnist nokkurra símtala. Það kveðst hafa gefið stefnda sama svar og öðrum, að ekki yrði um greiðslur að ræða, fyrr en fyrir lægju nánari upplýsingar um efnahag félagsins. Það minnist þess ekki, að það hafi gefið stefnda í skyn, að félagið ætti ekki fyrir skuldum eða að hætta væri á, að það væri „farið yfir". Það telur sig hafa gefið stefnda sömu svör og öðrum, að útlitið í fjármálum Kaupfélags Austfjarða væri „svart". Þó minnist það þess ekki sérstaklega um viðtöl við stefnda, en þetta var svar, sem það gaf yfirleitt.

Vitnið Birgir Hallvarðsson, fyrrverandi kaupfélagsstjóri, upplýsir, að reikningsviðskiptum við S. Í. S. var lokað, áður en það tók við kaupfélagsstjórninni. Viðskipti voru við birgðastöð S. Í. S. gegn víxlum, en slitnaði þó upp úr þeim á milli. Upphaflega hófust viðskipti við stefnda vegna þess, að næst var í skipsferð frá Akureyri, er panta þurfti vörur. Það upplýsir, að aðalforstjóri S. Í. S. átti viðtal við það í apríl—maí 1967 og kvað S. Í. S. ekki geta aðstoðað Kaupfélag Austfjarða vegna eigin erfiðleika, enda rengdi hann reikninga kaupfélagsins fyrir 1966, taldi t. d. rýrnun vörubirgða of lágt talda. Vitnið taldi skýrslu stefnda á dskj. nr. 10,

það sem að því snýr, yfirleitt rétta og upplýsir loks aðspurt, að Kaupfélag Austfjarða hafi verið hætt að geta staðið við skuldbindingar sínar að fullu á réttum gjalddögum, áður en það tók við kaupfélagsstjórastarfinu í ársbyrjun 1966, en það hafi ágerzt síðari hluta 1967. Það telur þó, að skuldir hafi ekki aukizt verulega á árunum 1966 og 1967, en þær hafi færzt á færri hendur.

Í dóminum eru fram lagðir efnahagsreikningar Kaupfélags Austfjarða pr. 31/12 1966, 31/12 1967 og 18/4 1968.

Sýna reikningarnir skuldir umfram eignir 31/12 1966 kr. 4.889.564.22, en eigið fé talið til skulda kr. 1.009.144.81.

Skuldir umfram eignir 31/12 1967 kr. 6.420.321.03 og eigið fé talið til skulda kr. 1.009.144.81.

Skuldir umfram eignir 18/4 1968 kr. 6.663.033.98, en eigið fé talið til skulda kr. 1.009.144.81.

Fasteignir eru 31/12 1967 og 18/4 1968 taldar kr. 4.179.449.00, en fram er lagt vottorð um brunabótamat þessara eigna, sem sýnir heildarmat þeirra kr. 9.701.600.00.

Í málflutningi hefur af hálfu stefnanda verið lögð áherzla á að benda á sönnunarbyrði stefnda um, að hann hafi haft fulla ástæðu til þess að ætla, að þrotamaður ætti fyrir skuldum, er skuldamálið var höfðað þann 27. janúar 1968, og að honum hafi ekki tekizt að sanna þetta, m. a. bent á óvenjulegar innheimtuaðferðir og óvenjulegan hraða á þeim aðgerðum.

Af stefnda hálfu hefur verið talið, að hann hafi ekki haft ástæðu til þess að halda, að Kaupfélag Austfjarða ætti ekki fyrir skuldum á þessum tíma. Hann hafi einungis viljað tryggja greiðslu á inneign sinni, þegar nokkrir víxlar greiddust ekki á réttum tíma.

Þegar málsatvik, sem lýst hefur verið að framan, eru virt, virðist dóminum, að stefnda hafi ekki tekizt að sanna, að hann hafi haft fulla ástæðu til þess að ætla, að Kaupfélag Austfjarða ætti fyrir skuldum, þegar hann hóf málssókn sína, sem leiddi til fjárnáms þess, sem krafizt er riftunar á, m. a. vegna þess að hann hefur viðurkennt, að ástæðan til þess, að hann hóf svo öflugar aðgerðir til innheimtu inneignar sinnar, var sú, að kaupfélagsstjórinn tjáði honum, að hann borgaði ekkert fyrst um sinn, þ. e. greiðslur voru stöðvaðar, og að kaupfélagsstjórinn hefur upplýst, að hann gaf öllum skuldheimtumönnum félagsins yfirleitt þau svör, að ekkert yrði greitt fyrst um sinn, enda þótt hann minnist þess ekki sérstaklega í sambandi við stefnda.

Þar sem samkvæmt áðursögðu ber að telja, að 22. gr. laga nr. 25/1929 eigi við fjárnám þetta, og málið er réttilega höfðað sam-

kvæmt 30. gr. sömu laga, sbr. skiptafund stefnanda, ber að dæma málið að efni til og tak aðalkröfu stefnanda til greina, þ. e. að rifta ber gildi fjárnáms þess, sem gert var í eignum Kaupfélags Austfjarða þann 15. og 16. febrúar 1968 til tryggingar kröfum, tildæmdum stefnanda í dómi bæjarþings Seyðisfjarðar þann 27. janúar 1968, og skila uppboðsandvirði hinna fjárnumdu muna til stefnanda aftur.

Þá þykir eftir atvikum rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu, og verða málskostnaðarkröfur því ekki teknar til greina.

Dóm þenna kvað upp Axel V. Tulinius lögfræðingur, setudómari í máli þessu samkvæmt skipun dómsmálaráðuneytisins þann 15. maí 1968, en hinn reglulegi dómari vék sæti í málinu með úrskurði sínum þann 14. sama mánaðar.

Dómsorð:

Gildi hins umstefnda fjárnáms er rift, og ber að skila stefnanda, þrotabúi Kaupfélags Austfjarða, Seyðisfirði, uppboðsandvirði hinna fjárnumdu muna.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. október 1969.

Nr. 152/1968. **Félagsmálaráðuneytið vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga** (Ármann Jónsson hrl.)
gegn
Ríkisútvarpinu vegna Viðtækjaverzlunar ríkisins (Guðmundur Skaftason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögtak. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. september 1968. Hann krefst þess, að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak í eignum stefnda, Ríkis-

útvarpsins vegna Viðtækjaverzlunar ríkisins, til tryggingar landsútsvarsskuld, kr. 1.982.518.00, ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 15. ágúst 1967 til greiðsludags og kostnaði við löðtak og uppboð, ef til þess kemur. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar fógetadóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í úrskurði fógetadóms.

Samkvæmt 3. og 4. gr. laga nr. 43/1966 bar Viðtækjaverzlun ríkisins að greiða landsútsvar, sem ákveðið væri með sama hætti og tekjuútsvar félaga, sbr. 2. tl. 32. gr. laga nr. 51/1964 um tekjustofna sveitarfélaga. Gjöld þau af sjónvarpstækjum, sem mál þetta fjallar um, voru hluti af tekjum Viðtækjaverzlunar ríkisins. Þessi tekjuliður var því ekki undanþeginn álagningu landsútsvars, en ákvæði 2. gr. laga nr. 52/1962 breyta engu hér um. Kröfu áfrýjanda um dráttarvexti ber að taka til greina samkvæmt 62. gr. laga nr. 51/1964. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta að framkvæma lögtakið.

Rétt er samkvæmt úrslitum málsins, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og er hann ákveðinn samtals kr. 100.000.00.

Dómsorð:

Lögtak það, sem krafizt er, skal fram fara.

Stefndi, Ríkisútvarpið vegna Viðtækjaverzlunar ríkisins, greiði áfrýjanda, félagsmálaráðuneytinu vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, kr. 100.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 68/1934 um útvarpsrekstur ríkisins skyldi allur verzlunarhagnaður af einkasölu ríkisins á

útvarpstækjum renna til Ríkisútvarpsins. Með ákvæðum laga nr. 57/1957 til bráðabirgða og 1. gr. laga nr. 52/1962 var hagnaði Viðtækjaverzlunarinnar um nokkur ár ráðstafað með sérstökum hætti, en þau ákvæði voru niður felld með 2. gr. laga nr. 13/1964. Í 2. gr. laga nr. 52/1962 er svo mælt, að hagnaður Viðtækjaverzlunarinnar af innflutningi sjónvarpstækja skuli renna til undirbúnings og rekstrar sjónvarps.

Um svipað leyti og lög nr. 52/1962 öðluðust gildi, komu til framkvæmdar lög nr. 38/1962 um breyting á 14. gr. laga nr. 68/1934, þar sem mælt er, að „einkasalan" greiði fasteignaskatta og landsútsvar samkvæmt II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga. Skyldi landsútsvarið koma fyrst til framkvæmda á árinu 1963. Í samræmi við þetta ákvæði var Viðtækjaverzlun ríkisins seld undir landsútsvarsgreiðslu með lögum nr. 69/1962, lögum nr. 51/1964 og lögum nr. 43/1966. Samkvæmt 18. gr., b lið, laga nr. 69/1962 skyldi Viðtækjaverzlunin greiða 1½% af heildarsölu sinni, sbr. reglugerð nr. 182/1962. Greiddi Viðtækjaverzlunin eftir þessu ákvæði landsútsvar árin 1963, 1964 og 1965. Í lögum nr. 43/1943, 3. og 4. gr., er svo mælt, að landsútsvar Viðtækjaverzlunarinnar og annarra tilgreindra ríkisstofnana skyldi ákveða með sama hætti og tekjuútsvar félaga, sbr. 2. tl. 32. gr. laga nr. 51/1964, án fráviks frá útsvarsstiga samkvæmt 34. gr. laga nr. 51/1964.

Svo sem rakið var, mæltu lög nr. 52/1962, að hagnaður Viðtæjaverzlunarinnar af innflutningi sjónvarpstækja skyldi renna til undirbúnings og rekstrar sjónvarps, en lög nr. 38/1962 ákváðu samtímis, að Viðtækjaverzlunin skyldi greiða landsútsvar samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Er auðsætt mál, að höfundar laga nr. 52/1962 og höfundar laga nr. 38/1962 hafa hvorki haft samstarf né samræmt lagatextana. Má rekja upptök ágreinings þess, sem nú skal leysa úr, til nefnds atriðis. Þá er litið er til þess, að lög nr. 52/1962 undanþiggja eigi skýrt og skorinort hagnað þann, sem þar greinir, landsútsvarsgreiðslu, og seinni tíma lög, nr. 51/1964 og nú nr. 43/1966, kveða skýlaust á um

landsútsvarsskyldu Viðtækjaverzlunarinnar, verður hagnaður sá, sem getur í lögum nr. 52/1962, að teljast undir landsútsvar felldur.

Kröfu áfrýjanda um dráttarvexti ber að taka til greina, sbr. 62. gr. laga nr. 51/1964.

Niðurstaðan er því sú, að taka ber kröfu áfrýjanda til greina, fella úrskurð fógeta úr gildi og leggja fyrir hann að framkvæma hið umkrafða lögtak.

Þá er litið er til þess, hvernig lagatextar þeir, sem til álita koma í máli þessu, eru úr garði gerðir, er sanngjarnt, að málskostnaður í héraði og Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er lagt fyrir fógeta að framkvæma lögtak það, sem krafizt er.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 24. júlí 1968.

Ármann Jónsson hæstaréttarlögmaður hefur gert þær réttarkröfur f. h. félagsmálaráðuneytisins vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, *að* fram fari lögtak í eignum gerðarþola, Ríkisútvarpsins, til tryggingar landsútsvarsskuld að upphæð kr. 1.982.518.00 ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 15. ágúst 1967 til greiðsludags og til tryggingar kostnaði við lögtakið og eftirfarandi uppboð og að sér verði úrskurðaður málskostnaður vegna flutnings máls þessa fyrir fógetaréttinum.

Réttarkröfur gerðarþola eru þær, *að* synjað verði um umbeðna lögtaksgerð og *að* gerðarbeiðandi verði úrskurðaður til greiðslu málskostnaðar.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram hinn 9. þ. m.

Við álagningu landsútsvara á gjaldárinu 1967 gerði skattstjórinn í Reykjavík Viðtækjaverzlun ríkisins að greiða landsútsvar, kr. 2.219.089.00, til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, og er þar með talinn sá fjórðungshluti, sem Reykjavíkurborg ber. Var útsvarsþola tilkynnt um álagninguna með bréfi, dags. 31. maí 1967, sjá rskj. 2. Þar er kærufrestur ákveðinn 15 dagar frá póstlagningu tilkynningarinnar.

Viðtækjaverzlunin kærði álagningu þessa til skattstjóra og síðar til ríkisskattanefndar, en báðum kærum var vísað á bug, með þeirri breytingu þó, að ríkisskattanefnd hækkaði landsútsvarsupphæðina um kr. 11.00, þannig að hún varð 2.219.100.00. Vísast hér að öðru leyti til rskj. 4 b, 5, 6 og 7.

Hinn 19. september 1967 voru greiddar kr. 236.582.00 upp í landsútsvarsupphæðina, þannig að eftir standa kr. 1.982.518.00, eins og ríkisskattanefnd gekk frá málum og að ofan er lýst.

Lögtaksbeiðni er dagsett 10. nóvember 1967. Þar er vísað til þess, að Viðtækjaverzlunin hafi verið lögð niður sem sjálfstæð stofnun með lögum nr. 19/1967, sem hafi kveðið svo á, að framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins tæki við óráðstöfuðum eignum verzlunarinnar svo og skuldum hennar. Er lögtaksmáli þessu því beint að Ríkisútvarpinu, og með bókun í réttarhaldi í málinu hinn 8. febrúar s.l. féll lögmaður þess frá fyrirvara varðandi aðild, er fram hafði komið í greinargerð hans.

Lögtaksbeiðni fjallaði um landsútsvarsskuld að upphæð kr. 1.982.507.00. Var tíðkanlegur lögtaksúrskurður kveðinn upp samdægurs og ritaður á gerðarbeiðni og birtur daginn eftir fyrir skrifstofustjóra Ríkisútvarpsins. Lá þá ekki fyrir úrskurður ríkisskattanefndar, rskj. 7, en þar var álagning hækkuð um kr. 11.00, eins og að framan segir. Hefur lögmaður gerðarþola lýst því yfir, að því sé ekki sérstaklega mótmælt, að kröfugerð gerðarbeiðanda hækki um þessa fjárhæð, þó að hinn tíðkanlegi lögtaksúrskurður taki ekki til hennar.

Viðtækjaverzlun ríkisins hafði einkarétt á að flytja útvarps- og sjónvarpstæki til Íslands, meðan hún starfaði, en hún var lögð niður, eins og að framan er minnzt á, með lögum nr. 19/1967, sbr. auglýsingu nr. 123/1967, og hætti starfsemi 14. apríl 1967. A. m. k. síðustu starfsár sín tíðkaði Viðtækjaverzlunin að leyfa öðrum innflutning einkasölutækja gegn ákveðnu hundraðsgjaldi, sem ákveðið var af stjórn hennar: 15% af sjónvarpstækjum, en 30% af útvarpstækjum, en flutti sjálf inn verulegt magn þessara tækja. Þágildandi lögum um skemmtanaskatt og þjóðleikhús var breytt með lögum nr. 57/1957, og að auki var í bráðabirgðaákvæði síðarnefndra laga mælt svo fyrir, að af hagnaði Viðtækjaverzlunarinnar 1957—1961 incl. skyldu ⅗ hlutar ganga til að greiða byggingarkostnað Þjóðleikhússins, en ⅖ hlutum var ráðherra heimilt að ráðstafa til Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Lög nr. 52/1962 gerðu breytingu á nefndum bráðabirgðaákvæðum, þannig að árabilsákvæði þeirra var framlengt til 1963, en

jafnframt hnýtt við ákvæði, sem hefur orðið aðiljum máls þessa deiluefni, hvernig skýra beri, og er það á þessa leið:

„Hagnaður Viðtækjaverzlunar ríkisins af innflutningi sjónvarpstækja skal renna til Ríkisútvarpsins til undirbúnings og rekstrar sjónvarps".

Um tekjustofna sveitarfélaga gilda lög nr. 51/1964 sem stofnlög, en áður voru í gildi lög nr. 69/1962, og voru þau fyrsta lagaboð um landsútsvar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. 17. grein þeirra laga kvað svo á, að Viðtækjaverzlun ríkisins væri landsútsvarsskyld, og 18. grein sagði fyrir um, að fjárhæð landsútsvars skyldi vera 5% af hagnaði. Lög nr. 51/1964 koma hér til breytingar að því leyti, að Viðtækjaverzlunin greiði samkvæmt 18. grein þeirra 1½% af heildarsölu sinni. Þá koma hér enn til greina lög nr. 43/1966 um breytingu á lögum nr. 51/1964. Þar er ákveðið, að 18. gr. síðarnefndra laga verði á þá leið, að Viðtækjaverzlunin greiði landsútsvar, sem ákveðið verði með sama hætti og tekjuútsvar félaga, sbr. 32. gr., 2. tölulið, laganna (þ. e. gefin er hundraðstöluregla af útsvarsskyldum hreinum tekjum samkvæmt skattskrá, sbr. 31. grein) án fráviks frá útsvarsstiga samkvæmt 34. gr. (til hækkunar eða lækkunar skv. fjárhagsáætlun sveitarfélags).

Í lögum, sem lúta að landsútsvari, er því hvarvetna áskilinn lögtaksréttur samkvæmt 1. grein laga nr. 29/1885 svo og dráttarvextir í sveitarsjóð, sjá 62. gr. laga nr. 51/1964.

Í máli þessu hafa komið fram endurrit af kærum, er Viðtækjaverzlun ríkisins hefur sent skattstjóra og ríkisskattanefnd allt frá fyrstu álagningu landsútsvars á verzlunina árið 1963 svo og af úrskurðum þeirra þar að lútandi, enn fremur endurrit af ársreikningum Viðtækjaverzlunarinnar. Ekki þykir gerlegt að rekja efni þessara skjala lið fyrir lið, en kærur þessar ganga að langmestu leyti út á röksemdir fyrir þeirri staðhæfingu Viðtækjaverzlunarinnar, að ranglega hafi verið lagt landsútsvar á einkasölugjöld af sjónvarpstækjum, sem hafi verið afhent Ríkisútvarpinu óskert í samræmi við lög nr. 52/1962, 2. gr., án nokkurs rekstrarhagnaðar fyrir Viðtækjaverzlunina. Skattstjóri og ríkisskattanefnd hafa jafnan snúizt við þessum kærum á þann veg, að telja verði einkasölugjöldin tekjur Viðtækjaverzlunarinnar, og skipti engu máli, þótt tekjuafgangi sé öllum varið til styrktar ákveðnum stofnunum, sbr lög nr. 52/1962. Vísast hér til rskj. 9—25, en þar skráðar röksemdir eru meginhluti af málflutningi aðilja í lögtaksmáli þessu, enda snýst það um réttmæti álagningar landsút-

svars á einkasölugjöld þessi og koma fram, þá er farið verður út í að lýsa röksemdum aðilja í málinu hér að neðan.

Í málinu liggur fyrir útreikningur skattstofu Reykjavíkur á landsútsvari Viðtækjaverzlunar ríkisins árið 1967, framlagður sem rskj. 4 a, og er hann á þessa leið:

„Skattstofa Reykjavíkur
Landsútsvar 1967
Viðtækjaverzlun ríkisins.

1. Nettó tekjur skv. framtali	kr.	1.108.010.—04
2. Jólagjafir	—	13.119.—66
3. Sjónvarpsgjald sbr. skuldir á efnahagsreikningi Ríkisútvarpið sjónvarpsd. T.V. gjöld 1966	—	6.608.357.—
	kr.	7.729.486.—70
÷ hluti landsútsv. (1966) uppf. '66 til baka i.f.	—	307.522.—
Landsútsvarsskyldar tekjur	kr.	7.421.964.—
	+	35. 0.70

Landsútsvar og skipting þess.

Landsútsvarsskyldar tekur	kr.	7.421.964.—	
20% af	—	75.000.—	15.000.—
30% af	kr.	7.346.964.—	2.204.089.—
Heildar landsútsvar			kr. 2.219.089.—

Heildar landsútsvar skiptist þannig:

Jöfnunarsjóður fær ¾ af	kr.	2.219.089.—	1.664.316.—
Reykjavík fær ¼ af	—	2.219.089.—	554.773.—
			2.219.089.— ".

Tölur þessar eru teknar upp úr rekstrar- og efnahagsreikningi ársins 1966, rskj. 4.

Gerðarbeiðandi vísar til þess, að fyrir liggi lögmæt álagning landsútsvars 1967. Gjalddagi þess hafi verið 15. ágúst þ. á. Þar til bærir aðiljar hafi að vandlegri athugun ákveðið að hafna kæru greiðanda á álagningunni og sé úrskurður ríkisskattanefnd-

ar bindandi. Því er ákveðið mótmælt, að lagt hafi verið á framangreindan gjaldstofn að óréttu. Fyrst og fremst sé ekki samræmi í því, að Viðtækjaverzlunin hafi lengst af möglunarlaust greitt landsútsvar af einkasölutekjum af almennum viðtækjum, en neiti að greiða sama útsvar af einkasölugjöldum sjónvarpstækja, en á þessu tvennu sé enginn eðlismunur. Þá hafi Viðtækjaverzlunin engan ágreining gert um gjöld af tekjum sínum af eigin innflutningi sjónvarpstækja, sem hafi verið mjög verulegur, eða nánast ⅓ af heildarinnflutningnum til landsins árið 1966, sbr. yfirlýsingu Viðtækjaverzlunarinnar á rskj. 28. Þegar um sé að ræða að skýra lög nr. 52/1962, sérstaklega hvað við sé átt með orðinu „hagnaður", þá séu alls engin efni til að leggja aðra merkingu í það orð en almennt sé gert. „Hagnaður" merki hér sem endanær brúttótekjur að frádregnum rekstrarkostnaði, en óheimilt sé með öllu að ályktа, að með þessu hugtaki sé átt við „óskertar tekjur". Í lögum nr. 52/1962 sé ekki minnzt á skattaleg atriði og geti lögin því ekki hróflað við almennt viðurkenndum réttum skilningi almennra skattalaga. Sérlög, sem fari í bág við hin almennu skattalög, verði að vera allsendis ótvíræð, og dómstólar ættu að túlka þau þröngt.

Gerðarbeiðandi heldur því fram, að þó að Viðtækjaverzlunin hafi síðustu árin, sem hún starfaði, eða allt frá og með 1964, fært margnefnt einkasölugjald af sjónvarpstækjum sem skuld við Ríkisútvarpið á efnahagsreikning, sbr. rskj. 4 r. d., þá hafi þetta gjald áður verið fært teknamegin á rekstrarreikningi og þannig hafi forráðamenn Viðtækjaverzlunarinnar litið svo á, að um væri að ræða tekjur verzlunarinnar. Ekki sé um að ræða, að nein viðhorf í lögum eða álagningarreglum hafi breytzt svo, að tilefni hafi gefizt til að líta öðrum augum á þessi einkasölugjöld eða bókfæra þau öðruvísi.

Þá mótmælir gerðarbeiðandi því, að tekjum af innflutningi sjónvarpstækja verði jafnað til skattfjár. Viðtækjaverzlunin hafi jafnframt eigin innflutningi farið þá leið að afla tekna af innflutningi annarra á sjónvarpstækjum með því að áskilja sér 15% leyfisgjald og komi þetta í sama stað niður, í báðum tilfellum verði um að ræða tekjur af innflutningi. Það séu tekjur Viðtækjaverzlunarinnar og sem slíkar landsútsvarsskyldar og komi þar ekki til álita ráðstöfun verzlunarinnar á hagnaðinum. Vekur gerðarbeiðandi jafnframt athygli á lögum nr. 43/1966, sem ákváðu, að Viðtækjaverzlunin, sem áður hafði greitt landsútsvar af sölu eða veltu, skyldi nú landsútsvarsskyld með sama hætti og lög nr.

51/1964 ákveða um félög í 32. grein. Þetta leiði til þess, sbr. 31. grein nefndra laga, sem ákveður, að útsvör skuli miða við hreinar tekjur og eign samkvæmt skattskrá, að lög nr. 90/1965 komi til greina um skilgreiningu á hugtakinu „hreinar tekjur" í þessu sambandi eða reglugerð sett á grundvelli þeirra laga. Í þessum lögum og reglugerð eru engin ákvæði í þá átt að heimila tekjuskattskyldum aðilja að draga ráðstöfun á hagnaði frá tekjum sínum, áður en hreinar tekjur yrðu ákvarðaðar.

Af hálfu gerðarþola, Ríkisútvarpsins, er vísað til skjala málsins, þar sem fyrir liggur, að Viðtækjaverzlunin hefur jafnan kært álagningu landsútsvars. Þar hafi löngum verið um að ræða miklu lægri fjárhæðir en þetta lögtaksmál fjallar um og ekki hafi verið farið út í að láta sífelldan ágreining verða að dómstólamáli fyrr en nú.

Þá heldur gerðarþoli því fram, að þar sem lög nr. 52/1962 kveða svo á, að „hagnaður" af innflutningi sjónvarpstækja skuli ganga til Ríkisútvarpsins í fastákveðnum tilgangi, þá sé um að ræða sérlög, sem gangi fyrir almennum lögum, ef á greini, t. d. hér fyrir hinum almennu skattalögum, enda ekki minnzt á almenn skattalög í þeim. Sá hafi verið skilningur forráðamanna Viðtækjaverzlunarinnar og Ríkisútvarpsins, að með orðinu „hagnaður" sé átt við allt það fé, sem Viðtækjaverzlunin hafi innheimt vegna innflutnings annarra aðilja á sjónvarpstækjum. Í samræmi við þá skoðun hafi Ríkisútvarpið fengið allt það fé óskert. Viðtækjaverzlunin hafi aðeins innheimt fé þetta handa Ríkisútvarpinu án nokkurrar þóknunar og sé staðlaust að nefna „arð" eða „gróða" í þessu sambandi sem álagningarstofn í skilningi laga nr. 90/1965. Þá er litið sé á tilgang laga nr. 52/1962, sé það ljóst, að þessi skilningur og áralöng venja aðilja sé rétt. Tilgangurinn sé einvörðungu sá að afla Ríkisútvarpinu tekna til stofnunar sjónvarpsrekstrar, en alls ekki sá að halda til haga skattstofni fyrir ríki eða sveitarfélög. Það sé enn fremur í fullu samræmi við þessa almennu afstöðu, að einkasölugjöldin hafi verið færð skuldamegin á efnahagsreikning, og sé einkar mikilvægt að athuga afstöðu löggjafans til reikningsfærslunnar. Alþingi hafi einmitt löghelgað þessa skoðun Viðtækjaverzlunar og Ríkisútvarps og þar af leiðandi bókhaldsmeðferð. Er hér vísað til reikninganna á rskj. 4, en þar eru brúttótekjur taldar kr. 4.977.746.43 og vaxtatekjur kr. 15.169.60, eða samtals kr. 4.992.916.03, svo og til þess, að fjárlög fyrir 1966 áætla „tekjur" Viðtækjaverzlunarinnar vera kr. 3.800.000.00, og enn til þess, að fram komi í fjáraukalögum nr.

34/1968 fyrir árið 1966, að tekjur verzlunarinnar hafi farið kr. 1.192.916.03 fram úr áætlun, og komi berlega fram, *að* löggjafinn hafi fallizt á bókhaldstilhögun þá, sem að framan er lýst, að innkomin einkasölugjöld séu óviðkomandi rekstrarhagnaði Viðtækjaverzlunarinnar og að gjöld þessi skuli greiðast beint til Ríkisútvarpsins. Sama viðhorf löggjafans komi fram á fyrri árum í sambandi við afgreiðslu fjárlaga og ríkisreikninga.

Þannig hafi löggjafinn helgað þessa staðföstu venju, sem orðið hafi til um meðferð þessa fjár, og kveðið svo á, að þessi leyfisgjöld séu ekki innan landsútsvarakerfisins. Þessi afstaða Alþingis sé bindandi fyrir dómstólana að sjálfsögðu.

Aðiljum lögtaksmáls þessa hefur orðið að deiluefni atriðið um vexti af lögtaksupphæðinni. Ber gerðarbeiðandi fyrir sig ákvæði 62. gr. laga nr. 51/1964 og 17. grein reglugerðar nr. 182/1962, sem sett er á grundvelli þessara laga. Þar segir, að greiða skuli sveitarsjóði 1% dráttarvexti á mánuði eða broti úr mánuði, ef greitt sé eftir gjalddaga. Vaxtakröfu þessari er mótmælt af hálfu gerðarþola og á það bent, að 62. gr. laga nr. 51/1964 mæli fyrir um dráttarvexti í sveitarsjóð, en ekki sé minnzt á dráttarvexti til Jöfnunarsjóðs. Áminnzt reglugerðarákvæði eigi sér ekki lagastoð. Er krafizt algerrar sýknu af vaxtakröfu þessari, en til vara er þess krafizt, að vextir verði, ef til komi, ákveðnir 7% frá 11. desember 1967.

Það liggur fyrir í máli þessu, að Viðtækjaverzlunin hefur látið einkasölugjöld af innflutningi annarra á sjónvarpstækjum ganga beint til Ríkisútvarpsins án nokkurs frádráttar. Var þannig ekki um að ræða arð eða gróða Viðtækjaverzlunarinnar í venjulegum skilningi. Forráðamenn þessara fyrirtækja tveggja hafa komið sér saman um þessa tilhögun, og er hún óneitanlega út af fyrir sig heimil samkvæmt lögum nr. 52/1962, 2. gr., og í samræmi við vitanlegan tilgang þeirrar lagagreinar: að fá Ríkisútvarpinu tekjustofn. Í samræmi við þessa tilhögun hafa reikningar Viðtækjaverzlunarinnar verið þannig gerðir, að hér umræddur liður hefur verið færður á efnahagsreikning sem skuld við Ríkisútvarpið. Hefur gerðarbeiðandi vefengt þessa aðferð í reikningsgerð og talið hana undanbrögð ein og að engu hafandi gagnvart álagningu og heimtu landsútsvars og skattamálefnalegum meginreglum. Engu máli skipti hér, þó að arði þessum sé ráðstafað til 3-ja aðilja, og haggi það alls ekki landsútsvarsskyldunni, en telja verður, að hér skipti miklu máli tilgangur löggjafans, er hann setti 2. gr. laga nr. 52/1962, einnig er rétt að hafa mikla hliðsjón af því, að

Ríkisútvarpið er undanþegið opinberum álögum. Virðist í stuttu máli koma fram ótvíræð tilhneiging löggjafans í þá átt að gera hlut þess sem beztan. Og ekki virðist unnt að hafna þeirri staðhæfingu gerðarþola, að löggjafinn hafi beinlínis fallizt á nefnda bókhaldstilhögun og þá skoðun forráðamanna Viðtækjaverzlunarinnar og Ríkisútvarpsins og þá meðferð einkasölugjalds, sem þar liggur að baki og að framan er hvoru tveggja lýst.

Með tilliti til alls þessa er ekki annað fyrir hendi en að telja, að margumrædd einkasölugjöld hafi ekki verið álagningarstofn að lögum, og er þannig synjað um framgang þessarar lögtaksgerðar.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 10. október 1969.

Nr. 136/1968. **Þórður Kristjánsson og Þórður Þórðarson** (Valgarð Briem hdl.) gegn **Veli h/f og gagnsök** (Logi Guðbrandsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Útboð. Samningar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 2. ágúst 1968. Krefjast þeir sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 1. október 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. september s. á. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðal-

áfrýjendur dæmdir til að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í útboðs- og vinnulýsingu á byggingu vistheimilis við Dalbraut hér í borg, sem yfirvöld Reykjavíkurborgar gáfu út í júnímánuði 1964, segir meðal annars um jarðvinnu: „Magn fyllingarefnis er áætlað 26000 m^3 þjappað, og er þar með talinn frárennslisskurður í Sundlaugaveg". Á eyðublaði, sem nota skyldi við gerð tilboðs og fylgdi útboðs- og vinnulýsingu þessari, segir um þetta efni: „Jöfnunarverð á jarðvegsskiptum kr. pr. m^3 .... gröftur, fylling og vélþjöppun innifalin. Verð þetta verður notað, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar frá uppgefnu magni í lýsingu, þ. e. 26000 m^3". Gögn þessi fengu forráðamenn gagnáfrýjanda í hendur, áður en þeir gerðu tilboð til aðaláfrýjanda um að vinna verk það, sem um er fjallað í málinu. Fyrirsvarsmenn gagnáfrýjanda töldu eigi ljóst, hvernig skilja bæri fyrrgreind ákvæði í útboðslýsingunni, og ræddu um það mál við aðaláfrýjandann Þórð Kristjánsson, svo sem rakið er í héraðsdómi. Samkvæmt eigin skýrslu mátti honum vera ljóst, að fyrirsvarsmenn gagnáfrýjanda töldu, að miða bæri verðákvörðun við samanlagt magn þess efnis, sem burtu væri grafið úr grunninum, og þess efnis, sem hann væri síðan fylltur með. Virðist Þórður ekki hafa haft við þetta að athuga og ekki hreyft andmælum, þó að þessi skilningur fyrirsvarsmanna gagnáfrýjanda sé ekki í samræmi við orðalag útboðs- og vinnulýsingarinnar, og ekki hirti hann um að fá skriflega umsögn byggingadeildar borgarverkfræðings um þetta atriði, enda þótt ráð væri fyrir því gert í útboðs- og vinnulýsingunni. Má því ætla, að fyrirsvarsmenn gagnáfrýjanda hafi miðað verðtilboð sitt við þennan skilning. Þegar til þess er litið, hve laust var frá málum þessum gengið af hendi aðilja, er eðlilegast að miða við það, að í raun hafi ekki orðið fullnaðarsamkomulag um ákveðið verð fyrir verk þetta. Ber því samkvæmt grunnrökum 5. gr. laga nr. 39/1922 að leggja til grundvallar það verð, sem gagnáfrýjandi reiknar sér fyrir verkið, enda hafa aðaláfrýjendur ekki leitt rök að því, að það verð sé bersýnilega ósanngjarnt.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. maí 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 18. þ. m., hefur Völur h/f, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 26. september 1966, gegn Þórði Kristjánssyni húsasmíðameistara, Bergstaðastræti 60, og Þórði Þórðarsyni, Skeiðarvogi 97, báðum í Reykjavík, til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð kr. 1.049.450.00 með 7% ársvöxtum frá 26. maí 1966 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins.

Stefndu hafa krafizt þess, að þeir verði sýknaðir af dómkröfum stefnanda og stefnanda verði gert að greiða þeim málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Borgarstjóranum í Reykjavík hefur verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu fyrir hönd borgarsjóðs. Engar dómkröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hann hefur heldur engar kröfur gert.

Leitazt hefur verið við að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þeir, að stefndu, sem báðir eru byggingameistarar, gerðu á árinu 1964 tilboð í byggingu vistheimilis við Dalbraut hér í borg samkvæmt útboðs- og vinnulýsingu, sem gerð var á vegum Almenna byggingafélagsins h/f, en gefin út í júní 1964 af byggingadeild borgarverkfræðings í umboði borgarsjóðs Reykjavíkur, sem var verkkaupi. Er útdráttur af útboðs- og vinnulýsingu þessari lagður fram í málinu sem dskj. nr. 5. Tilboði stefndu í umrætt verk var tekið, og sáu þeir um allar framkvæmdir gagnvart borgarsjóði. Stefndu önnuðust þó ekki alla þætti verksins sjálfir, heldur réðu til 4 undirverktaka samkvæmt tilboðum frá þeim, sem lágu fyrir áður eða samtímis því, að aðaltilboð stefndu var samþykkt af verkkaupa, borgarsjóði Reykjavíkur. Meðal þeirra, sem stefndu þannig framseldu hluta

verksins, var stefnandi máls þessa. Skyldi verk stefnanda vera að annazt jarðvegsskipti í grunni byggingarinnar.

Um þennan þátt verksins segir svo í útboðs- og vinnulýsingunni á dskj. nr. 5 (á tilboðsblaði á forsíðu): „Jöfnunarverð á jarðvegsskiptum kr. pr. m^3 .... gröftur, fylling og vélþjöppun innifalin. Verð þetta verður notað, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar frá uppgefnu magni í lýsingu, þ. e. 26000 m^3".

Í útboðs- og vinnulýsingunni á dskj. nr. 5, bls. 15, undir fyrirsögninni „Jarðvinna", er gerð nákvæmari grein fyrir þessu umrædda verki. Þar segir meðal annars: „Fjarlægja skal allan lausan jarðveg úr grunni, en dýpi hans er 3 til 5 metrar. Reikna skal með að grafa þurfi ca. 4 til 6 m út fyrir húsalínur. Þegar uppgrefti er lokið, skal fylla í allan grunninn með þjappanlegri ofaníburðarmöl. Skal dreifa henni í 30 cm lögum, bleyta þau og vélþjappa vandlega". Síðan segir: „Magn fyllingarefnis er áætlað 26000 m^3 þjappað, og er þar með talinn frárennslisskurður í Sundlaugaveg ...".

Það, sem nú hefur verið rakið, er útdráttur úr útboðs- og vinnulýsingu þeirri, sem byggingadeild borgarverkfræðings Reykjavíkurborgar gaf út í júní 1964 í sambandi við framangreint vistheimili við Dalbraut. Á grundvelli þessarar útboðs- og vinnulýsingar sendu stefndu inn tilboð sitt í verkið, sem síðar var samþykkt af Reykjavíkurborg.

Svo sem áður getur, framseldu stefndu einn þátt byggingarframkvæmdanna til stefnanda máls þessa, þ. e. a. s. jarðvegsskiptin í grunni byggingarinnar. Um þetta framsal er eigi til annar „skriflegur samningur" heldur en handskrifað óundirritað og ódagsett plagg, sem lagt hefur verið fram sem rskj. nr. 14 og hljóðar svo: „Jöfnunarverð á jarðvegsskiptum kr. pr. m^3 89.00 gröftur, fylling og vélþjöppun innifalin 20.000.00 $\times$ 89 = 2.314.000.00".

Áður en „samningur" þessi var gerður, sem mun hafa verið í ágúst 1964, höfðu forsvarsmenn stefnanda fengið í hendur framangreinda útboðs- og vinnulýsingu á rskj. nr. 5 svo og uppdrátt, er sýndi, hvernig grafa átti, sbr. rskj. nr. 4. Uppdráttur þessi, sem dagsetur er 30. júní 1964, er gerður á verkfræðiskrifstofu Almenna byggingafélagsins, og er hann merktur 443-02.

Stefnandi hófst handa um verk þetta hinn 27. nóvember 1964 og lauk framkvæmd þess 26. maí 1966. Greiðslur til stefnanda fyrir verkið voru inntar af hendi af stefndu, þar sem stefnandi var eigi beinn aðili að verkinu gagnvart Reykjavíkurborg.

Greiðslufyrirkomulagið til stefnanda miðaðist við framgang verksins og var í samræmi við greiðslur frá Reykjavíkurborg til stefndu, en samkvæmt verksamningi stefndu við Reykjavíkurborg áttu greiðslur að dreifast á byggingartímabilið þannig, að samræmi yrði á milli greiðslu byggingarkostnaðar og framgangs byggingarframkvæmdanna í heild. Yfirlit yfir greiðslur þær, sem stefndu hafa innt af hendi til stefnanda vegna verks hans, er svolátandi:

„8.	desember 1964	kr. 150.000.00
19.	desember 1964	— 300.000.00
9.	janúar 1965	— 100.000.00
9.	febrúar 1965	— 100.000.00
13.	febrúar 1965	— 300.000.00
1.	marz 1965	— 100.000.00
10.	marz 1965	— 75.000.00
20.	marz 1965	— 250.000.00
30.	apríl 1965	— 250.000.00

Samtals kr. 1.625.000.00".

Svo sem sést á yfirliti þessu, var síðasta greiðsla stefndu til stefnanda vegna verks þessa innt af hendi hinn 30. apríl 1965. Eftir það stöðvuðu stefndu greiðslur til stefnanda, enda var þá kominn upp ágreiningur milli þeirra um það, hvernig skilja bæri samkomulag þeirra um verk þetta. Hélt stefnandi því fram, að sér bæri jöfnunarverð, kr. 89.00 fyrir hvern rúmmetra af grefti og einnig kr. 89.00 fyrir hvern rúmmetra af fyllingarefni, sem hann setti í grunninn. Stefndu lögðu aftur á móti þann skilning í samning þeirra um verk þetta, að þeim bæri einungis að greiða kr. 89.00 fyrir hvern rúmmetra af fyllingarefni, sem sett væri í grunninn, en hins vegar ekki sérstaklega fyrir hvern rúmmetra af grefti.

Þrátt fyrir þennan ágreining lauk stefnandi við verkið hinn 26. maí 1966, svo sem fyrr greinir.

Verkið reyndist þannig, að gröftur var 13.850.00 m^3 og fylling 16.200.00 m^3, eða samtals 30.050.00 m^3, sem nemur með kr. 89 pr. rúmmetra kr. 2.674.450.00. Upp í þessa fjárhæð kveður stefnandi stefndu hafa greitt kr. 1.625.000.00. Mismunurinn, kr. 1.049.450.00, er stefnufjárhæðin.

Verður nú vikið að yfirheyrslum í máli þessu.

Björgvin Ólafsson, stjórnarformaður Valar h/f, hefur skýrt

svo frá, að hann hafi lítil afskipti haft af samningum um verk það, er mál þetta fjallar um. Í upphafi hafi stefndi Þórður Kristjánsson hringt í sig og spurt sig, hvort Völur h/f gæti leyst verk þetta af hendi, en Þórður hafi vitað, að Völur h/f ætti tæki til þessara verka. Kvaðst Björgvin hafa vísað Þórði á framkvæmdastjóra Valar h/f, Ólaf Þorsteinsson, og verkfræðing Valar h/f, Þór Aðalsteinsson. Hafi þeir síðan samið um verkið við stefndu. Björgvin Ólafsson tók fram, að í fyrsta samtalinu við stefnda Þórð Kristjánsson hafi þeir rætt um stærð og magn verksins. Hafi Þórður Kristjánsson svarað því til, að grófturinn væri um 12—13 þúsund rúmmetrar og fyllingin eitthvað svipuð. Björgvin kvaðst hafa gert þá athugasemd, að það mætti reikna með 20—25% meira magni vegna þjöppunarinnar á efninu. Stefndi Þórður Kristjánsson hafi þá sagt, að kjallari væri undir hluta hússins og mundi það leiða til þess, að minna fyllingarefni þyrfti í grunninn, þannig að fyllingarefni yrði svipað og uppgrófturinn, þ. e. um 13.000.00 m^3 af hvoru. Björgvin kvaðst hafa rætt tilboðið við Ólaf Þorsteinsson, áður en Völur h/f gerði tilboðið. Hafi hann átt stutt símtal við Ólaf, sem sagði Björgvin, að þeir væru búnir að reikna út tilboð í verkið miðað við 13.000.00 m^3 uppgröft og 13.000.00 m^3 fyllingu, 89.00 kr. á rúmmetra, eða samtals kr. 2.314.000.00. Björgvin, sem kveðst vera vanur alls konar verktakavinnu á þeim vettvangi, sem hér um ræðir, kvaðst hafa talið, að unnt væri að samþykkja slíkt tilboð þrátt fyrir slæmar aðstæður. Kvaðst hann hafa samþykkt, að stefnandi gerði þetta tilboð í verkið.

Ólafur Þorsteinsson, framkvæmdastjóri stefnanda, hefur skýrt svo frá, að hann ásamt Þór Aðalsteinssyni, verkfræðingi hjá stefnanda, hafi samið um umrætt verk við stefnda Þórð Kristjánsson. Ólafur kvaðst fyrst hafa fengið teikninguna af verkinu á dskj. nr. 4 til athugunar, en daginn eftir hafi hann fengið útboðs- og vinnulýsinguna á dskj. nr. 5. Auk þess hafi þeir farið á staðinn og litið á aðstæður.

Í málinu hefur verið lögð fram skýrsla, sbr. rskj. nr. 12, undirrituð fyrir hönd Valar h/f af Þór Aðalsteinssyni og Ólafi Þorsteinssyni. Skýrsla þessi er svohljóðandi:

„Þórður Kristjánsson byggingameistari fór þess á leit við okkur, að við gerðum tilboð í jarðvegsvinnu við vistheimili við Dalbraut. Fengum við í hendur uppdrátt Almenna byggingafélagsins nr. 443-02. Á þessum uppdrætti eru gefin upp mál á fjarlægð uppgraftar frá húslínum, en engin mál á húsum. Einnig eru teikn-

aðar inn hæðarlínur og nokkrir kótar á föstum botni. Uppgefið var, að magn það, sem bjóða ætti í, væri 26.000 m³. Innifalið skyldi vera að grafa og fylla í frárennslisskurð í Sundlaugaveg, en engar upplýsingar lágu fyrir um efnismagn.

Útreikningar á jarðvegsmagni í grunni gaf ca. 13 þús. m³ gröft og 15 þús. m³ fyllingu, reiknað eftir uppdr. ABF nr. 443-02.

Þar sem grein sú, sem fjallar um jöfnunarverð á jarðvegsskiptum, á tilboðsblaði, er mjög ógreinileg, báðum við Þórð Kristjánsson um að fá nánari skýringar hjá réttum aðilum hjá borgaryfirvöldum. Tilkynnti Þórður okkur, að þeirra úrskurður hefði hljóðað upp á, að hér væri um að ræða 13 þús. m³ gröft og 13 þús. m³ fyllingu og að bjóða ætti í jöfnunarverð á samanlögðu magni, þ. e. a. s. 26 þús. m³.

Þessar upplýsingar komu vel heim við áður útreiknaðar magntölur að stærðargráðu til. Töldum við því, að hér væri rétt með farið, og gerðum tilboð samkvæmt því í 13 þús. m³ gröft og 13 þús. m³ fyllingu, samtals 26 þús. m³ á kr. 89.00 pr. m³, samtals kr. 2.314.000.00".

Skýrsla þessi var lesin fyrir Ólafi Þorsteinssyni í réttinum. Kannaðist hann við nafnritun sína undir skjalinu og kvað þar rétt frá greint.

Enn fremur var Ólafi Þorsteinssyni sýnt dskj. nr. 14 (sjá fyrr í dóminum), og áleit Ólafur, að Þór Aðalsteinsson hefði skráð skjalið eigin hendi og afhent stefnda Þórði Kristjánssyni skjalið sem tilboð.

Ólafur Þorsteinsson kvað stefnanda hafa haft mjög skamman tíma til að ganga frá tilboði sínu, minnti Ólaf, að stefnandi hafi fengið aðeins einn dag til að ganga frá tilboðinu.

Þór Aðalsteinsson verkfræðingur, einn af hluthöfum Valar h/f, hefur komið fyrir dóminn. Þór var sýnt dskj. nr. 14 (sjá fyrr í dóminum). Þór kvaðst hafa skráð skjal þetta eigin hendi og afhent stefnda Þórði Kristjánssyni skjalið sem tilboð stefnanda. Þór kvað textann í skjalinu vera orðrétt upp tekinn úr útboðs- og vinnulýsingunni á dskj. nr. 5, en tölunum um fjárhæðir bætt inn í. Framangreint dskj. nr. 12 var lesið fyrir Þór Aðalsteinsson, og kvað hann þar rétt frá greint og kannaðist við nafnritun sína á skjalinu. Þór kvaðst hafa reiknað út magnið, eins og segir í dskj. nr. 12, samkvæmt uppdrættinum á dskj. nr. 4, sem greint er frá fyrr í dóminum. Tók Þór fram, að endanlegar magntölur hafi komið vel heim við ofangreindan útreikning.

Stefndi Þórður Kristjánsson hefur komið fyrir réttinn. Var

skýrsla Björgvins Ólafssonar hér að framan lesin fyrir Þórði. Kvaðst hann ekkert sérstakt hafa við þessa skýrslu að athuga. Síðan er bókað eftir Þórði Kristjánssyni eftirfarandi: „Mætti kveðst þó telja fráleitt, að hann hafi talað um þessa 13.000.00 m³, eins og Björgvin ræðir um, enda hafi hann ekki verið búinn að gera mælingar á magninu og engin önnur tala verið gefin upp um magnið en 26.000.00 m³, sem getið er í verklýsingu dskj. nr. 5".

Þórður Kristjánsson kvaðst sjálfur hafa samið við Ólaf Þorsteinsson og verkfræðinginn Þór Aðalsteinsson um verkið, eftir að hann ræddi við Björgvin Ólafsson. Aðrir hafi ekki verið viðstaddir eða haft milligöngu um samningsgerðina. Þórður kvaðst hafa afhent Ólafi og Þór öll gögn um verklýsingu viðvíkjandi þessum þætti verksins, þar á meðal eintak af teikningunni á dskj. nr. 4 og útboðs- og vinnulýsingunni á dskj. nr. 5.

Þórði var kynntur „samningurinn" á dskj. nr. 14. Hann kvaðst hafa móttekið frumrit þessa skjals frá þeim Þór og Ólafi. Sagði Þórður, að ekki hefði verið gerður annar skriflegur samningur um verkið en sá, að þeir hafi afhent sér dómsskjal nr. 14.

3. málsgreinin á rskj. nr. 12 var lesin fyrir Þórði Kristjánssyni í réttinum. Málsgrein þessi er svohljóðandi: „Þar sem grein sú, sem fjallar um jöfnunarverð á jarðvegsskiptum, á tilboðsblaði, er mjög ógreinileg, báðum við Þórð Kristjánsson um að fá nánari skýringar hjá réttum aðilum hjá borgaryfirvöldum. Tilkynnti Þórður okkur, að þeirra úrskurður hefði hljóðað upp á, að hér væri um að ræða 13 þús. m³ gröft og 13 þús. m³ fyllingu og að bjóða ætti í jöfnunarverð á samanlögðu magni, þ. e. a. s. 26 þús. m³". Í tilefni af þessari málsgrein sagði Þórður Kristjánsson, að annar hvor, Þór eða Ólafur, hafi hringt í sig og sagt sér, að ósamræmi væri í útboðslýsingunni og teikningu, þar sem þeirra útreikningur væri um 13.000.00 m³. Kvaðst Þórður hafa borið þetta undir Gísla Teitsson, skrifstofustjóra hjá Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar, sem hafi fjallað um mál þetta fyrir hönd borgaryfirvalda. Hafi Gísli Teitsson sagt, að svona gæti komið fyrir, en það væri venjulega skýrt tekið fram í útboðslýsingum, að magn væri áætlað. Það, sem raunverulega væri beðið um, væri ákveðið verð á magni, það er á m³ samkvæmt verklýsingu. Kvaðst Þórður Kristjánsson hafa farið til Ólafs og Þórs og sagt þeim, að hann hafi farið til Gísla Teitssonar og rætt við hann um málið og Gísli hefði sagt, að vel gæti verið, að áðurgreindum gögnum bæri ekki saman, en af hálfu borgaryfirvalda væri að-

eins beðið um tilboð í verð pr. rúmmetra, eins og segir í verklýsingu. Þórður kvaðst hins vegar ekki hafa gert sér ljóst, hvernig tilboðsgefendur hugsuðu sér tilboð sitt. Þórður tók fram, að hann hafi ekki vefengt út af fyrir sig mælingar og útreikninga þeirra Ólafs og Þórs, og talið, að þeir væru réttir, en kvaðst ekki hafa haft neina aðstöðu til þess að reikna magnið út eða sannprófa það.

Lögmaður stefnanda spurði Þórð Kristjánsson eftirfarandi spurningar í réttinum: „Var mætta ljóst, þegar Þór lagði fram tilboðið á rskj. nr. 14, þar sem þeir höfðu talað um áður, að gröfturinn væri 13 þús. teningsmetrar og uppfyllingin 13 þús. teningsmetrar, hvort tilboðið væri miðað við gröft + fyllingu pr. teningsmeter eða gröft og fyllingu hvort í sínu lagi". Þórður Kristjánsson svaraði þessu þannig: „Mér var þetta fyllilega ljóst, að það gæti verið rétt, sem þeir héldu fram, að gröftur væri 13 þús. teningsmetrar og uppfylling 13 þús. teningsmetrar, og gröftur, fylling og vélþjöppun væri kr. 89.00 pr. rúmmeter, við setjum þá 26 þús. rúmmetra á kr. 89.00 sögðu þeir, en ég var viðstaddur, þegar Þór skráði dskj. nr. 14. Þá hélt ég, að þessi 26. þús. rúmmetra tala væri tekin beint upp úr verklýsingunni til þess að rugla ekki áætlað magn, sem gefið er upp í verklýsingunni".

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að hann hafi annazt jarðvegsvinnu við svonefnt vistheimili við Dalbraut hér í borg. Hafi verkið verið fólgið í því að flytja burt jarðveg og fylla upp með jarðvegi, eins og nánar er lýst á teikningunni á dskj. nr. 4 og útboðs- og vinnulýsingunni á dskj. nr. 5. Uppgefið hafi verið, að magn það, sem grafa ætti og fylla, væri alls 26 þús. m^3. Í útboðs- og vinnulýsingunni á rskj. nr. 5, sem stefndi Þórður Kristjánsson hafi sýnt forsvarsmönnum stefnanda, hafi grein sú, sem fjallaði um jarðvegsskiptin, verið ógreinileg og hafi forsvarsmenn stefnanda því óskað nánari skýringa. Hafi stefndi Þórður Kristjánsson þá tjáð þeim, að úrskurður borgaryfirvalda væri, að hér væri átt við 13 þús. m^3 gröft og 13 þús. m^3 fyllingu og bjóða ætti í jöfnunarverð á samanlögðu magni, þ. e. 26 þús. m^3. Þessi útreikningur hafi nokkurn veginn komið heim við þær teikningar, sbr. rskj. nr. 4, sem stefnandi hafi fengið til athugunar, enda hafi það reynzt svo í framkvæmd. Stefnandi hafi á þessum grundvelli gert tilboð sitt, kr. 89.00 pr. m^3 af grefti og kr. 90.00 pr. m^3 af fyllingu, og hefði það orðið kr. 2.314.000.00, ef rúmmetrafjöldi í útboðslýsingu hefði staðizt, en samkvæmt útboðslýsingu skyldi verðið pr. m^3 notað, þótt magnið samkvæmt út-

boðslýsingunni hækkaði eða lækkaði. Stefndu hafi síðan greitt stefnanda samkvæmt þessum skilningi allt fram í apríl 1965, en þá hafi stefndu stöðvað greiðslur og borið fyrir sig, að í tilboði stefnanda um kr. 89.00 á hvern rúmmetra fælist bæði gröftur og fylling. Þennan skilning hefur stefnandi ekki getað fallizt á, og bendir hann á, að orðið jöfnunarverð hafi enga merkingu í samkomulaginu nema því aðeins, að átt sé við sama verð fyrir hvern grafinn rúmmetra og fyrir hvern rúmmetra af fyllingu, enda hefði þá orðið að taka fram sérstaklega í samkomulaginu, að eingöngu ætti að greiða fyrir hvern rúmmetra af fyllingu.

Þá bendir stefnandi enn fremur á, að útilokað sé við verk eins og þetta og samkvæmt teikningu og vinnulýsingu, að sami rúmmetrafjöldi sé af grefti og fyllingu, og þess vegna sé ólíklegt, að ætlazt hafi verið til, að tilboð á rúmmetra fæli í sér bæði gröft og fyllingu. Það hafi og reynzt svo, að fyllingin hafi verið 2.350 rúmmetrum meiri heldur en grafturinn. Heildarmagn samanlagt á grefti og fyllingu hafi verið samtals 30.050 rúmmetrar, sem sé nálægt því, sem stefnandi hafi gert ráð fyrir í tilboði sínu, þ. e. a. s. 26 þús. m^3. Hins vegar sé heildarmagnið á grefti og fyllingu langt frá þeim skilningi, sem stefndu haldi nú fram, þ. e. a. s. að eingöngu eigi að reikna verkið eftir fyllingarefninu, en fyllingin hafi ekki verið nema 16.200 m^3. Varla sé hugsanlegt, að verkfræðingar borgaryfirvalda hafi gert slíka villu í útreikningum sínum. Að endingu hefur stefnandi bent á, að það skipti verulegu máli, þegar boðið sé í verk, hversu stórt það sé. Í tilboði sínu hafi þeir gert ráð fyrir því, að verkið yrði um það bil 26 þús. m^3, en ef þeir eigi nú aðeins að fá greitt fyrir fyllinguna, sem hafi verið 16.200 m^3, sé grundvöllurinn fyrir tilboði þeirra orðinn allur annar heldur en þeir hafi mátt gera ráð fyrir samkvæmt teikningu af verkinu og þeim upplýsingum, sem þeir hafi fengið hjá stefnda Þórði Kristjánssyni.

Stefndu byggja dómkröfur sínar á því, að heildarmagn fyllingarefnisins í grunninn hafi verið áætlað 26 þús. m^3. Hér hafi verið um ágizkun að ræða, en ekki nákvæma mælingu, enda beinlínis gert ráð fyrir því, að um gæti verið að ræða hvort heldur meira magn eða minna. Nákvæmni í þessu efni skipti heldur eigi máli, þar sem tilboð stefnanda hafi miðazt við verð pr. einingu, en ekki heildarmagnið. Hér sé og á önnur eðlileg skýring: Það hafi verið á huldu í upphafi, hve djúpt hafi þurft að grafa, og óvíst, hve langt yrði grafið út fyrir húslínur. Vísa stefndu hér um til þess, sem áður hefur verið rakið úr útboðs- og vinnulýsingu, en

þar segir dýpt grunnsins 3—5 metra, fjarlægð út fyrir húslínu 4—6 metra.

Þegar uppgreftinum hafi verið lokið, hafi verið framkvæmd á vegum verkkaupa mæling á rúmmáli grunnsins. Hafi þá fyrst fengizt nákvæmt mál til þess að fara eftir. Þá hafi komið í ljós, að upphafleg áætlun hafi verið til mikilla muna of há. Þegar hér var komið, höfðu stefndu þegar greitt stefnanda kr. 1.625.000.00, eða nokkru meira en þeir höfðu sjálfir fengið greitt frá verkkaupa vegna þessa þáttar byggingarframkvæmdanna. Var nú ljóst orðið, að stefnandi hafði fengið greitt meira en honum hafi borið samkvæmt samningi aðiljanna. Síðan hafi kröfum hans um frekari greiðslu frá stefndu algerlega verið synjað.

Stefndu reisa kröfur sínar á því, að stefnandi sé þegar búinn að fá fulla greiðslu fyrir umrætt verk, og raunar miklu meira til. Endurgjald það, sem stefnanda var áskilið fyrir verkið, hafi verið jöfnunarverð pr. einingu af efnismagni grunnsins og í því einingarverði hafi verið innifaldir allir þættir verksins, þ. e. kostnaður við uppgröft, fyllingu og þjöppun. Sjálft orðalagið í aðaltilboðinu, útboðs- og vinnulýsingunni á rskj. nr. 5 svo og samkomulag aðiljanna á rskj. nr. 14 gefi þetta órækt til kynna. Stefndu telja því, að hér sé ekki um neitt að villast og að skilningur stefnanda á þessu sé bersýnilega rangur, enda sé hann algerlega ósamrýmanlegur þessu orðalagi. Stefndu telja enn fremur ýmis önnur rök renna stoðum undir sinn málflutning:

Í fyrsta lagi hafi þeir miðað tilboð sitt til verkkaupa við þann skilning, sem þeir halda fram, og skilningur verkkaupa á þessu atriði sé sá sami og skilningur stefndu. Þannig hafi stefndu verið tjáð af verkkaupa, að ofgreiðsla sú til stefnanda, sem áður getur, komi til frádráttar við endanlegt uppgjör milli verkkaupa og stefndu sem verksala.

Í öðru lagi benda stefndu á, að aðrir, sem hafi boðið í þetta sama verk, hafi lagt sama skilning í álitaefnið eins og stefndu. Boðin hafi verið misjöfn og hafi stefnandi átt lægsta boð.

Í þriðja lagi telja stefndu það liggja í augum uppi, að kostnaður við uppgröft sé mun minni en við uppfyllingu. Komi þar til, að uppfyllingarefnið sé mjög dýrt svo og flutningskostnaður þess um langan veg. Með þær staðreyndir einar í huga sé auðsætt, hver fjarstæða það sé að leggja að jöfnu kostnað við hvort um sig, þ. e. gröft og fyllingu, eins og stefnandi geri.

Dómarar í máli þessu eru: Magnús Thoroddsen borgardómari

ásamt meðdómendunum Braga Þorsteinssyni verkfræðingi og Júlíusi Sólnes verkfræðingi.

Niðurstaða Júlíusar Sólnes verkfræðings og Magnúsar Thoroddsens borgardómara:

Í útboðs- og vinnulýsingu þeirri, sem verksamningur stefndu og Reykjavíkurborgar er byggður á, eru notuð orðin „jöfnunarverð á jarðvegsskiptum". Orðið „jöfnunarverð" hefur ekki ákveðna og ótvíræða merkingu í mæltu máli. Að vísu er talað um jöfnunarverð á t. d. mjólk eða benzíni, en sú merking, sem orð þetta hefur í þeim samböndum, kemur eigi að haldi við úrlausn þessa máls. Ekki er heldur í ljós leitt, að þetta orð hafi sérstaka ákveðna og ótvíræða merkingu í hópi byggingamanna eða verktaka, svo sem aðilja þessa máls. Verður því heldur eigi byggt á sérhæfðri merkingu þessa orðs í ákveðnum hópi manna.

Orð þetta er því afleitt til notkunar í löggerningi og því fráleitt að taka það upp í útboðs- og vinnulýsinguna án fullnægjandi skýringa.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að þeir hafi skilið orðin „jöfnunarverð á jarðvegsskiptum" þannig, að það tæki einungis til þess fyllingarefnis, er færi í grunninn, eftir að grafið hafði verið upp úr honum. Er það þó ekkert eðlilegri skilningur en sá, er fyrirsvarsmenn stefnanda hafa lagt í orð þessi.

Hins vegar ræður það ekki úrslitum þessa máls, hvern skilning stefndu lögðu í orð þessi í samningi sínum við Reykjavíkurborg, heldur það, hvernig staðið var að samningum við stefnanda.

Í „samning" málsaðilja á dskj. nr. 14 er tekið óbreytt orðalagið úr útboðs- og vinnulýsingunni á dskj. nr. 5. Eigi leiðir það þó til þess, að stefnandi sé bundinn af þeim skilningi, er stefndu lögðu í orð þessi. Eftir að fyrirsvarsmenn stefndu höfðu fengið í hendur teikningu af grunninum og margnefnda útboðs- og vinnulýsingu, óskuðu þeir eftir nánari skýringum hjá stefnda Þórði Kristjánssyni á grein þeirri, er fjallaði um jöfnunarverð á jarðvegsskiptum. Kveðast fyrirsvarsmenn stefnanda, þeir Þór Aðalsteinsson og Ólafur Þorsteinsson, þá hafa tjáð stefnda Þórði Kristjánssyni, hvern skilning þeir legðu í orðalag útboðs- og vinnulýsingarinnar og hvernig þeir mundu reikna einingarverðið við framkvæmd verksins samkvæmt því tilboði, sem þeir gerðu stefndu, sbr. dskj. nr. 14.

Þegar þetta er virt, verður að telja, að stefnda Þórði Kristjánssyni hafi mátt vera það ljóst, hvernig fyrirsvarsmenn stefnanda hugðust reikna endurgjald fyrir verkið samkvæmt tilboði stefn-

anda. Úr því að stefndi Þórður Kristjánsson, sem kom fram við gerð samninga þessara f. h. stefndu, tók eigi þegar af skarið um það, hvern skilning stefndu legðu á þetta vafamál, og mótmælti skilningi fyrirsvarsmanna stefnanda, verður að telja, að stefndu hafi við samningsgerðina orðið bundnir gagnvart stefnanda samkvæmt þeim skilningi, er fyrirsvarsmenn hans lögðu í samningstilboð stefnanda. Það styður og þessa niðurstöðu, að í „samningi" málsaðilja er útreikningur á heildarupphæð verksins miðaður við magntöluna 26.000 m^3. Verður því að líta svo á, að samkomulag hafi verið gert um áætlaðan heildarkostnað verksins kr. 2.314.000.00. Samkvæmt venju um slíka samninga á heildarupphæðin að hækka og lækka samkvæmt einingarfjölda, þegar endanlegt magn verksins liggur fyrir, enda sé þá eigi um meiri háttar frávik frá áætluðu heildarmagni að ræða. Verða stefndu því dæmdir til að greiða stefnanda hina umstefndu fjárhæð ásamt vöxtum, svo sem krafizt hefur verið.

Með tilvísun til 178. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð

Júlíusar Sólnes verkfræðings og Magnúsar Thoroddsens borgardómara:

Stefndu, Þórður Kristjánsson og Þórður Þórðarson, greiði in solidum stefnanda, Veli h/f, kr. 1.049.450.00 með 7% ársvöxtum frá 26. maí 1966 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Braga Þorsteinssonar verkfræðings:

Málsaðiljar hafa engan skriflegan samning gert um verk það, sem hér er um fjallað, annað en plagg það, sem stefnandi, Völur h/f, lagði fram sem tilboð, sjá rskj. nr. 14.

Plagg þetta er samið og ritað af trúnaðarmanni stefnanda. Orðalag og magntölur eru þar í samræmi við það, sem stendur í útboðslýsingu dskj. nr. 5, en þar segir svo: „Jöfnunarverð á jarðvegsskiptum kr. pr. m^3 .... gröftur, fylling og vélþjöppun innifalin. Verð þetta verður notað, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar frá uppgefnu magni í lýsingu, þ. e. 26000 m^3". Síðar á dskj. nr. 5: „Magn fyllingarefnis er áætlað 26000 m^3", o. s. frv.

Á fyrrnefndu tilboði stefnanda, rskj. 14, stendur: „Jöfnunarverð á jarðvegsskiptum kr. pr. m^3 89.00 gröftur, fylling og vélþjöppun innifalin 26000×89 = 2.314.000.00“.

Við yfirlestur á rskj. nr. 14 verður ekki annað séð en stefnandi hafi boðið í verkið samkvæmt skilmálum útboðslýsingar.

Hafi stefnandi viljað bjóða í verkið á öðrum forsendum en útboðslýsing tilgreinir eða hafi hann skilið ákvæði útboðslýsingar á annan hátt en þar kemur fram samkvæmt orðanna hljóðan, hefði honum verið í lófa lagið, og enda skylt, að orða tilboð sitt á þann hátt, að glögglega kæmi fram, að tilboð hans miðaðist við afbrigði frá útboðslýsingu.

Orðaskipti þau milli stefndu og stefnanda, sem frá er skýrt við yfirheyrslur, eru óljós, og verða engar ályktanir af þeim dregnar, er áhrif hafi á dómsniðurstöðu.

Þar sem engar kröfur eru hafðar uppi á þeim forsendum, að útboðið og umsamið verk er fast að því tvöfalt meira að magni en rétt reyndist, þegar til framkvæmda kom, verður hér ekki tekin afstaða til þessa atriðis.

Dómsorð mitt er:

Stefndu, Þórður Kristjánsson og Þórður Þórðarson, eiga að vera sýknir af dómkröfum stefnanda, Valar h/f.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 10. október 1969.

Nr. 30/1969. **Stöðull h/f**
(Benedikt Sveinsson hdl.)
gegn
Halldóri Hjaltasyni Gestssyni og gagnsök
(Ingi Hilmar Ingimundarson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fasteign. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. febrúar 1969. Krefst hann sýknu og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 2. maí 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. apríl s. á., og krafizt þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 61.509.00 með 8% ársvöxtum frá 3. desember 1967 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, en til vara, að héraðsdómurinn verði staðfestur og aðaláfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fallast má á úrlausn héraðsdóms um hina einstöku kröfuliði vegna galla á hinni seldu íbúð að öðru leyti en því, að rétt þykir að dæma gagnáfrýjanda bætur fyrir það, að vanrækt var að setja einangrun undir gólf íbúðar hans, sem er yfir óupphituðum kjallara, og þykja bætur þessar hæfilegar kr. 4.800.00, eins og í yfirmatsgerð getur. Úrslit máls þessa verða því þau, að aðaláfrýjandi verður dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda kr. 33.000.00 (28.200.00 + 4.800.00) ásamt 7% ársvöxtum, eins og í héraðsdómi greinir, frá 3. desember 1967 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 30.000.00, og er þá tekið tillit til matskostnaðar.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Stöðull h/f, greiði gagnáfrýjanda, Halldóri Hjaltasyni Gestssyni, kr. 33.000.00 með 7% ársvöxtum frá 3. desember 1967 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 30.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 28. nóvember 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 22. október s.l., hefur Halldór Hjaltason Gestsson, Álfaskeiði 98, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 1. apríl 1968, gegn Stöðli h/f, Hafnarfirði, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 61.509.00 með 8% ársvöxtum frá 3. desember 1967 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Af hálfu stefnda er aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukrafan verði lækkuð í kr. 20.200.00 og málskostnaður látinn niður falla.

Með kaupsamningi, dags. 20. desember 1965, kaupir stefnandi af stefnda 2ja herbergja íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsinu nr. 98 við Álfaskeið, Hafnarfirði. Samkvæmt kaupsamningnum var íbúðin seld tilbúin undir tréverk og málningu, þ. e. uppsteypt með frágengnu þaki, tvöföldu verksmiðjugleri í gluggum nema í opnanlegum gluggum, þar skyldi vera tvöfalt gler, en ekki verksmiðjugler, öllum skilrúmum, einangruð og múrhúðuð að innan, fínpússuð með frágenginni miðstöð, þ. e. kynditækjum, miðstöðvarlögn að ofnum, svo og vatns- og skólplögnum. Allt sameiginlegt í kjallara svo og stigahúsi skyldi vera fullfrágengið, stigahúsið málað og máluð gólf í stigagangi og handrið á stiga sett á ásamt fleiri atriðum, sem upp eru talin í kaupsamningi. Þá fylgdi íbúðinni frystihólf í kjallara auk geymslu. Samkvæmt kaupsamningnum skyldi afsal gefið út og íbúðin afhent í síðasta lagi 1. maí 1966, og átti þá öllu að vera lokið samkvæmt samningnum, að undanskildum frágangi á húsinu að utan, er skyldi vera lokið 1. ágúst 1966, en frágangi á lóð hússins skyldi vera lokið 1. nóvember 1966, að því leyti sem stefnandi skyldi annast frágang lóðar, en samkvæmt kaupsamningnum skyldi hann fylla að og jafna að húsinu að norðan.

Kaupverðið, samtals kr. 350.000.00, skyldi greiðast sem hér segir:

a) Með peningum við undirritun kaupsamnings kr. 65.000.00
b) Þegar kaupandi fær lán hjá húsnæðismálastjórn, þó eigi síðar en 15. apríl 1966 .. .. — 100.000.00
c) Með peningum þann 15. maí 1966 við afhendingu íbúðarinnar .. .. — 85.000.00
d) Eftirstöðvar með veðskuldabréfi .. .. — 100.000.00

Samtals kr. 350.000.00

Stefnandi greiddi kaupverðið sem hér segir:

a) Með peningum við undirritun kaupsamnings 20. desember 1965 .. .. kr. 65.000.00
b) Þann 4. maí 1966 .. .. — 45.000.00
c) Þann 21. júní 1966 .. .. — 140.000.00
d) Með veðskuldabréfi .. .. — 100.000.00

Kr. 350.000.00

Afsal fyrir íbúðinni er dagsett 15. júní, en upplýst er, að afsalið var raunverulega undirritað 21. júní.

Stefnandi hefur borið fyrir dóminum, að hinn 13. júní hafi hann fengið leyfi til að byrja að vinna við íbúðina og hafi flutt inn 14. júlí.

Hafi þá hvorki verið komið heitt né kalt vatn í íbúðina og ekki heldur verið búið að tengja skolplögn. Kalda vatnið og skolpleiðslan hafi verið tengd tveim dögum síðar og heita vatnið um mánuði síðar.

Þá hafi orðið dráttur á að fullgera ýmislegt af sameign.

Hinn 12. október hafi verið byrjað að betrumbæta handrið, 12. nóvember hafi verið sett bráðabirgðahurð fyrir barnavagnageymslu. Í síðari hluta desember hafi sorplúgur verið settar í, byrjað að rífa vinnupalla, gangagólf málað, byrjað að setja hurðir í þvottahús, gengið frá thermostati. Síðast í janúar hafi verið settar hurðir fyrir barnavagnageymslu og sorpgeymslu og um miðjan febrúar hafi verið sparzlað í sorplúgur og handrið málað. Frystir hafi verið afhentur 6. desember 1967.

Ástæðuna fyrir greiðsludrætti á kaupverðinu taldi stefnandi þá, að hann hafi ekki fengið útborgað húsnæðismálastjórnarlán fyrr en 21. júní, en tilkynningu um, að lánið væri til reiðu, hafi hann fengið frá Húsnæðismálastjórn hinn 14. júní.

Síðan hafi útborgun lánsins dregizt í viku, vegna þess að staðið hafi á lóðarleigusamningi, en hann hafi seljendur ekki afhent fyrr en 21. júní.

Stefnandi taldi, að hann hefði við undirritun kaupsamnings gert þann munnlega fyrirvara við seljendur, að greiðsla þess hluta kaupverðsins, er fara skyldi fram við útborgun húsnæðismálastjórnarláns eða í síðasta lagi 15. apríl, kynni að dragast fram yfir þann tíma, og hafi umboðsmaður seljanda samþykkt, að sú greiðsla mætti dragast þar til stefnandi fengi lánið.

Gallar komu fram á íbúð stefnanda. Stefnandi telur sig hafa orðið varan við galla á múrhúðun gólfa í ágúst eða september 1966.

Umboðsmaður stefnanda ritaði stefnda bréf hinn 19. október 1966 vegna umræddra galla og vanefnda, er hann taldi hafa orðið af hálfu stefnda.

Umboðsmenn aðilja áttu síðan fund um málið, og 22. nóvember 1966 sendir umboðsmaður stefnda umboðsmanni stefnanda bréf þess efnis, að seljendur séu reiðubúnir til að bæta úr göllum á íbúðinni og/eða greiða bætur fyrir þá eftir nánara samkomulagi, en mótmælir bótakröfum stefnanda vegna afhendingardráttar.

Þessu tilboði svaraði umboðsmaður stefnanda með gagntilboði á þá leið, að:

„1. Stöðull h.f. einangri gólf í íbúð umbj. míns, eins og honum ber skylda til skv. byggingarsamþykkt Hafnarfjarðar.

2. Stöðull h.f. skuldbindi sig til þess að hafa lokið þeim framkvæmdum, sem enn er ólokið, t. d. í sameign og frystigeymslu, fyrir vissan dag að viðlögðum dagsektum. Umræddan dag ákveði aðilar í sameiningu.

3. Stöðull h.f. greiði umbj. mínum kr. 28.000.00 nú strax eða felli niður 1. afb. og vexti af skuldabréfi tryggðu með 3. veðrétti í íbúð umbj. míns. Umrædd greiðsla verði talin fullar bætur á göllum á íbúð umbj. míns, afhendingardrætti svo og óþægindum.

4. Stöðull h.f. greiði lögfræðilegan kostnað v/starfa undirritaðs við mál þetta".

Þessu gagntilboði telur umboðsmaður stefnda sig hafa svarað munnlega við umboðsmann stefnanda og synjað um greiðslu skaðabóta í peningum, en hins vegar ítrekað, að stefndi væri reiðubúinn til að bæta úr göllum þeim, er væru á íbúðinni, enda hefði hann múrara á staðnum, sem gætu tekið að sér verkið þegar í stað.

Önnur atriði hafi stefndi talið sér óviðkomandi.

Hafi stefnandi haldið fast við þá kröfu sína, að fá greiddar bætur í peningum í stað þess að gefa stefnda kost á að bæta úr göllunum á múrverkinu in natura.

Ástæðuna fyrir því kvað stefnandi við aðiljayfirheyrslu hafa verið þá, að af hálfu stefndu hafi verið til þess ætlazt, að stefnandi byggi áfram í íbúðinni, meðan verið væri að brjóta upp gólfin, en stefnandi kvaðst ekki hafa talið það koma til greina, þar sem hann væri með tvö ung börn, það yngra rúmlega árs gamalt, og íbúðin ekki nema tvö herbergi og eldhús.

Hinn 6. marz 1967 beiddist umboðsmaður stefnanda svo mats á göllum á íbúð stefnanda auk annarrar íbúðar í sama húsi, er Guðríður nokkur Jensdóttir hafi keypt af stefnda.

Matsmenn voru dómkvaddir hinn 17. marz og skiluðu matsgerð, dagsettri 4. júní, þar sem þeir telja bætur vegna galla á íbúð stefnanda hæfilega metnar á kr. 9.400.00.

Stefnandi vildi ekki una mati þessu og beiddist hinn 14. september 1967 yfirmats. Þar er beðið um mat á sömu göllum og greindir voru í beiðni um undirmat.

Matsmennirnir skiluðu matsgerð, dagsettri 3. desember 1967, svohljóðandi:

„YFIRMATSGJÖRÐ
Yfirmat á göllum á tveimur íbúðum
að Álfaskeiði 98, Hafnarfirði.

Hinn 19. september 1967 vorum við undirritaðir dómkvaddir á bæjarþingi Hafnarfjarðar til að meta yfirmati „hversu kosta muni að bæta úr göllum þeim, sem getið er í matsbeiðni, dags. 6. marz (dómkvaðning 17. marz 1967), sbr. nánari lýsingu í yfirmatsbeiðni".

Í matsbeiðninni, dags. 6. marz, segir svo (orðrétt) um gallana á íbúðunum:

„1. Múrhúðun á gólfum er á mörgum stöðum algjörlega ónýt, þar sem hún er laus frá steini, holótt, óslétt og dældótt.

2.. Einangrun vantar undir gólf í íbúð Halldórs, en ókyntur kjallari er fyrir neðan. Hefur umbj. m. haft af þessu mikinn auka kyndingarkostnað.

3. Múrhúðun á veggjum íbúðanna, sérstaklega í íbúð Guðríðar, er mjög ábótavant.

4. Skothurð í íbúð Guðríðar mikið skemmd, þar sem naglar stóðu inn í skotið og rispuðu hurðina.

5. Í sameign er stigi mjög illa múrhúðaður og handrið ófaglega unnið.

6. Lóð hússins hefur verið lækkuð án samþykkis íbúðareigenda. Bætt hefur verið þremur þrepum við tröppur hússins og tröppum að hjóla- og barnavagnageymslu sleppt.

Eignarhluti Halldórs telst vera 30% af allri sameign í húsinu nr. 98 og 100, en Guðríðar telst vera 49%. Þess skal getið, að íbúðirnar eru keyptar tilbúnar undir tréverk".

Í yfirmatsbeiðninni segir meðal annars:

„... Er þess óskað, að yfirmatsmennirnir meti bæði beint og óbeint tjón, svo sem beinan viðgerðarkostnað, afnotamissi og önnur óþægindi við framkvæmd lagfæringa á göllunum ...".

Dómkvaðningunni fylgdi matsgjörð þeirra Einars Sigurðssonar og Bjarna Erlendssonar, dags. 4/6 1967.

Þann 16. okt. 1967, kl. 17, gengu yfirmatsmenn á vettvang, og voru þar þessir aðiljar fyrir: Halldór Hjaltason, Guðríður Jensdóttir og Hilmar Ingimundarson hdl. fyrir matsbeiðendur og Halldór Magnússon fyrir matsþola, Stöðul h.f. Að tilhlutan Halldórs Magnússonar var Óskar Ágústsson múrarameistari, sá sem sá um verkið, einnig viðstaddur.

Yfirmatsbeiðni og undirmatsbeiðni voru lesnar upp. Var þá leiðrétt, að eignarhluti íbúðanna ætti að vera 3,0% og 4,9%, en ekki 30% og 49%. Undirmatsgjörðin var einnig lesin upp.

Forsvarsmaður Stöðuls h.f. vildi láta þess getið, að flutt var í íbúð Halldórs í júlí og í íbúð Guðríðar í nóv. '66.

Yfirmatsmenn skoðuðu íbúðirnar, stigahúsið og kjallarann og athuguðu afstöðu hússins til lóðarinnar.

Hinar umræddu íbúðir eru í þriggja hæða sambýlishúsi. Íbúð Halldórs Hjaltasonar er á 1. hæð fyrir miðju og íbúð Guðríðar Jensdóttur á 3. hæð til hægri.

Tveir matsmanna, Árni Guðmundsson og Magnús Guðjónsson, fóru tvívegis síðar á staðinn til athugana og mælinga.

Í matsbeiðninni frá 6. marz 1967 eru taldir sex matsliðir, sbr. hér að framan, og þykir hentast að athuga þá hvern fyrir sig.

1. matsliður: Múrhúð gólfanna í báðum íbúðunum er mjög áfátt. Gólfin eru ekki rétt og holótt. Allvíða heyrist holhljóð, þegar barið er á þau, sem bendir til þess, að múrhúðun sé laus. Reynt hefur verið að bæta úr göllunum með Bemix-blöndu, en hún hefur flagnað upp.

Við teljum, að brjóta verði upp allstóran hluta af gólfunum vegna þess, hve afréttingin er ófullnægjandi, og aðra hluti þurfi að lagfæra, þar sem efsta lagið er ekki nógu haldgott og óslétt.

2. *matsliður:* Undir íbúð Halldórs Hjaltasonar er óupphitaður kjallari, allur grafinn í jörðu. Í kjallaranum eru geymslur. Loftun er góð.

Í byggingarsamþykkt þeirri, er í gildi var, er húsið var byggt, er í 23. gr. 1. fjallað um hitaeinangrun íbúða. Greinin hljóðar svo:

„Alla útveggi íbúðarherbergja skal einangra gegn hitatapi, þannig að tapið verði ekki meira en 1 hitaeining á klukkustund um 1 fermetra stóran veggjaflöt fyrir hvert hitastig, er mismunar úti og inni. *Sama gildir um kjallaragólf í íbúðarherbergjum og loft- og gólfplötur, sem útiloft liggur að*".

Þessi grein er samhljóða sömu grein í byggingarsamþykkt Reykjavíkur frá 1. október 1945 og hvað undirstrikuðu setningunni viðvíkur einnig samhljóða 45. gr. núgildandi byggingarsamþykktar Reykjavíkur frá 1964 (orðin: „í íbúðarherbergjum og" felld niður, en það breytir engu).

Í núgildandi byggingarsamþykkt fyrir Hafnarfjörð frá 1967 hljóðar tilsvarandi setning svo:

„... Sama gildir um neðstu gólfplötu og loftplötu yfir óupphituðum kjallara og skilveggi að óupphituðu rými ...".

Um þennan matslið segir í matsgjörð Einars Sigurðssonar og Bjarna Erlendssonar:

„Einangrun, sem talin er vanta undir gólf á íbúð Halldórs, þar sem ókyntur kjallari væri undir, þessa kröfu tökum við ekki til greina, þar sem byggingarsamþykkt Hafnarfjarðar gerir ekki kröfu til þess, enda ekki vanalegt að einangra gólf, þegar svona stendur á".

Ekki verður talið, að útiloft liggi að gólfplötunni, og verður því að telja, að byggingarsamþykkt sú, sem húsið er byggt eftir, geri ekki kröfu til einangrunar, en að okkar áliti er það venjulegast að hitaeinangra, þegar svona stendur á, og að okkar áliti nauðsynlegt, sbr. einnig fyrirmæli núgildandi byggingarsamþykktar fyrir Hafnarfjörð. Við teljum það ekki okkar verkefni að skera úr um þetta atriði, en höfum metið, hvað kosta mundi að einangra gólfið.

3. *matsliður:* Skekkjur eru á veggjum og áferð þeirra og loftanna ekki góð. Við höfum verðfellt múrhúðun veggja og lofta, en gerum ráð fyrir, að lagfæringar verði gerðar, þegar næst verður málað, og höfum því ekki metið kostnað vegna málunar.

4. *matsliður:* Rispa er á hurðinni, og höfum við metið kostnað

við viðgerð á henni. Við teljum okkur ekki geta eða bera að skera úr um það, hver eigi sök á rispunni.

5. *matsliður:* Bætt hefur verið úr þeim göllum, sem voru á múrhúðun stigans. Finna má að smíði handriðsins, en það er löglegt og kemur að fullum notum. Við teljum því ekki nægja ástæðu til þess að meta bætur.

6. *matsliður:* Lögð voru fram 4 blöð hústeikninga, gerð af Baldri Friðrikssyni og Eðvarði Guðmundssyni í maí 1965. Teikningarnar eru áritaðar af byggingafulltrúanum í Hafnarfirði 4/6 1965. Teikningarnar fylgja mati þessu sem fylgiskjöl nr. 1—4. Á teikningunum eru sýnd þrjú þrep niður að kjallaragólfi, en byggingafulltrúi heimilaði Stöðli h.f. að breyta jarðlagi við kjallara hússins frá samþykktri teikningu, þannig að það væri í sömu hæð og kjallaragólf hússins, sbr. vottorð byggingafulltrúa, sem fylgir í frumriti sem nr. 5. Útitröppurnar eru 1.50 m á hæð og fullnægja því 29. gr. 9 í byggingarsamþykktinni.

Við álítum ekkert tilefni til mats á þessum matslið.

Kostnaður viðgerða:

Við mat á kostnaði við viðgerð múrverks höfum við til hliðsjónar uppmælingar frá 17/2 og 25/3 1966, sbr. fylgiskjöl nr. 6 og 7. Við gerum ráð fyrir, að ráðstafanir verði gerðar til þess að verja veggi og tréverk, svo að ekki þurfi að mála. Metinn er kostnaður við rykbindingu og bætur fyrir afnotamissi og óþægindi.

Íbúð Halldórs Hjaltasonar (1. hæð fyrir miðju).

Múrverk, viðgerð og bætur .. .. kr. 20.200.00
Kostnaður við einangrun .. .. .. — 4.800.00

Íbúð Guðríðar Jensdóttur (3. hæð til hægri).

Múrverk, viðgerð og bætur .. .. kr. 29.400.00
Viðgerð á hurð .. .. — 1.500.00

Reykjavík, 3. desember 1967.

Árni Guðmundsson Magnús Guðjónsson
Ögmundur Jónsson".

Á grundvelli þessa mats sendi stefnandi stefnda síðan kröfubréf, dags. 20. desember 1967, þar sem hann er krafinn um bætur samkvæmt yfirmatsgerð svo og vegna afhendingardráttar, kostnaðar við lögfræðiaðstoð svo og vegna undir- og yfirmatskostnaðar.

Í bréfinu segir:

„Kröfugerð Halldórs Hjaltasonar Gestssonar:

1.	Bætur samkvæmt yfirmatsgjörð	kr. 25.000.00
2.	Yfirmatskostnaður (helmingur)	— 8.444.00
3.	Undirmatskostnaður (helmingur)	— 3.065.00
4.	Bætur vegna afhendingardráttar	— 10.000.00
5.	Lögfræðikostnaður	— 5.250.00
		Samtals kr. 51.759.00

Af þessari fjárhæð er krafizt 8% ársvaxta frá 3. desember 1967.

Kröfur þessar óskast greiddar undirrituðum fyrir 27. desember næstkomandi.

Verði ekki fallizt á ofangreindar kröfur umbj. m., telja þau sig ekki bundin við þessa kröfugerð og áskilja sér rétt til að krefja um bætur, m. a. vegna breytinga frá samþykktri teikningu svo og að hækka kröfugerð vegna afhendingarinnar".

Ekki vildi stefndi greiða samkvæmt framanritaðri kröfugerð, og hinn 1. apríl 1968 höfðaði svo stefnandi mál þetta.

Stefnukröfur sínar í máli þessu sundurliðar stefnandi þannig:

1.	Bætur samkvæmt yfirmatsgerð	kr. 25.000.00
2.	Yfirmatskostnaður (helmingur)	— 8.444.00
3.	Undirmatskostnaður (helmingur)	— 3.065.00
4.	Bætur vegna afhendingardráttar svo og bætur vegna breytinga frá samþykktri teikningu	— 25.000.00

Kröfur sínar rökstyður stefnandi með því, að stefnda hafi borið að skila íbúðinni í því ástandi, er kaupsamningurinn greinir, gallalausri og á réttum tíma.

Matsfjárhæðum sé í hóf stillt. Hvað snerti galla á múrhúðun, þá hafi tilboð stefnda um að bæta úr þeim verið ófullnægjandi. Hann hafi aðeins boðizt til að brjóta upp gólf, en eins og fram komi í matsgerð, séu skekkjur á veggjum og áferð þeirra og loftanna ekki góð. Hafi matsmenn séð ástæðu til að verðfella múrhúðun veggja og lofta.

Þá hafi stefnandi ekki verið skyldur að hlýta því, að stefndi bætti galla á gólfum in natura, og því á engan hátt spillt rétti sínum til þóta, þótt hann hafnaði ófullkomnu tilboði stefnda um slíka viðgerð.

Í fasteignakaupum hafi seljandi ekki hliðstæðan rétt og í lausafjárkaupum til að bæta úr göllum á seldum hlut.

Þótt kaupalögin geri ráð fyrir slíkum takmörkuðum rétti, sbr. 49. gr. nefndra laga, sé sá réttur ekki fyrir hendi í fasteignakaupum, enda komi það skýrt fram í 1. gr. kaupalaganna, að þau gildi ekki um fasteignakaup, og verði að telja, að lögjöfnun frá þeim sé óheimil.

Þá sé og á það að líta, að þótt um lausafjárkaup hefði verið að ræða, þá hefði réttur seljanda til að bæta úr gallanum verið takmarkaður við það, að það væri gert, áður en sá frestur var úti, er kaupanda var skylt að bíða afhendingar, og einnig að kaupandi hefði engan kostnað eða óhagræði af því.

Stefnandi bendir á, að hann hafi verið búinn að taka við íbúðinni, löngu áður en stefndi bauðst til að brjóta upp gólfið.

Enn fremur hefði það haft mikil óþægindi í för með sér, þar sem stefndi hafi gert ráð fyrir, að hann byggi áfram í íbúðinni, meðan verið væri að brjóta upp gólfin, en stefnandi hafi verið með tvö ung börn, það yngra rúmlega ársgamalt, og íbúðin ekki nema tvö herbergi og eldhús.

Hefði slíkt verið nánast útilokað vegna ryks og óþæginda og hefði að öllum líkindum spillt heilsu barna stefnanda.

Þá hafi stefnandi ekki átt kost á öðru húsnæði, þótt hann hefði viljað flytja úr íbúðinni.

Enn fremur hefði slíkur búferlaflutningur skapað stefnanda kostnað og mikla fyrirhöfn.

Sé því réttur stefnanda til að hafna tilboði stefnda um að brjóta upp gólfið, en krefjast í þess stað fébóta, óvefengjanlegur og beri því að hrinda sýknukröfu stefnda.

Bótakröfu vegna breytinga frá samþykktri teikningu rökstyður stefnandi með því, að stefndi hafi lækkað lóðina fyrir framan húsið án samráðs við sig, eftir að kaupsamningurinn var gerður. Hafi stefndi þannig vanefnt kaupsamninginn og þar með bakað sér bótaskyldu.

Af þessum sökum séu útitröppur um helmingi hærri en samkvæmt teikningunni og útlit hússins annað og lakara en ella. Þetta geri umferð inn í húsið örðugri og lækki íbúð stefnanda í verði.

Afhendingardrátt, einkum á sameign, telur stefnandi hafa valdið sér tjóni.

Frágangi á sameiginlegum eignarhluta hafi átt að vera lokið, er afhending íbúðarinnar skyldi fara fram hinn 1. maí 1966, að undanteknum frágangi á húsinu að utan, er skyldi vera lokið fyrir 1. ágúst 1966.

Afhending á íbúðinni hafi dregizt til 13. júní, eða um einn og

hálfan mánuð, og tenging á vatns-, skolp- og hitalögnum hafi dregizt lengur. Heita vatnið hafi t. d. ekki verið tengt, fyrr en nærri mánuði eftir að afsal var gefið út, og stefnandi hafði að fullu staðið skil á kaupverðinu, en heitt vatn sé að sjálfsögðu eitt skilyrði þess, að húsnæði sé íbúðarhæft, t. d. sé það ónothæft þangað til.

Af þessum afhendingardrætti telur stefnandi sig hafa haft óþægindi og töluverðan kostnað, bæði beinan húsaleigukostnað og ýmsan óbeinan kostnað, enda hafi þau hjónin verið með tvö ung börn.

Enn fremur telur stefndi sig hafa orðið fyrir kostnaði og óþægindum vegna afhendingardráttar á öðrum hlutum sameignar.

Það hafi t. d. ekki verið fyrr en í janúar 1967 sem hægt var að ganga í gegnum aðalinnganginn í húsið. Fram til þess tíma hafi verið gengið inn í kjallara, þ. e. í barnavagnageymslu í kjallara, þaðan inn í þvottahús og fram hjá dyrum á íbúð stefnanda.

Hafi stefnandi og fjölskylda hans haft mikil óþægindi af því, að öll umferð skyldi vera fram hjá dyrunum á íbúð hans, enda hafi verið unnið við múrverk og fleira á efri hæðunum, löngu eftir að stefnandi flutti inn í húsið, og múrarar og aðrir byggingamenn verið berandi fötur og byggingarefni inn í húsið, meðan á því stóð.

Þá telur stefnandi, að útitröppur séu gallaðar að því leyti, að hver trappa sé bæði of mjó og ekki nægilega há og fullnægi ekki skilyrðum 29. gr. byggingarsamþykktar fyrir Hafnarfjörð.

Sýknukröfu sína byggir stefndi fyrst og fremst á því, að það sé meginsjónarmið íslenzkra laga, að manni, sem selur hlut, sem áfátt er, sé rétt undir öllum kringumstæðum að fá að bæta úr þeim galla, sem á hlutnum er, til að verjast þeim heimildum, sem kaupandi kunni að eiga til riftunar eða skaðabóta.

Vanefndarheimildir kröfuhafa séu háðar því skilyrði, að hann hafi árangurslaust skorað á skuldara að bæta úr gallanum.

Hér standi svo á, að stefndi hafi frá upphafi verið reiðubúinn að bæta úr gallanum, en fyrir viðtökudrátt stefnanda á því að taka við bótum hafi hann spillt öllum rétti sínum til skaðabóta í máli þessu.

Að öðru leyti er rökstuðningur sýknukröfu þessi af hálfu stefnda:

„1. Dráttur sá, er varð á afhendingu íbúðarinnar til stefnanda, er stefnanda einum um að kenna, þar sem hann innti eigi af hendi tilskyldar og umsamdar greiðslur, fyrr en liðlega

tveimur mánuðum síðar en greiða skyldi. Íbúðin var hins vegar afhent stefnanda, um leið og hann hafði fullnægt greiðsluskuldbindingum sínum. Þess vegna mótmælir umbj. m. kröfum stefnanda um bætur fyrir drátt á afhendingu.

2. Kröfum um bætur vegna breytinga umbj. m. frá samþykktri teikningu af húsinu er mótmælt, enda breytingin samþ. af byggingaryfirvöldum í Hafnarfirði. Jafnframt skal bent á, að fjölbýlishúsið var uppsteypt, þegar er stefnandi festi kaup á íbúð sinni, og mátti honum því vera fyllilega ljós sú breyting, sem gerð hafði verið á húsinu frá teikningu þess. Jafnframt skal bent á, að yfirmatsmenn sem og undirmatsmenn telja ekki rök fyrir því að meta bætur af þessu tilefni.
3. Kröfum stefnanda um bætur fyrir einangrun á gólfplötu í íbúð hans er mótmælt, enda er íbúðin byggð í fullu samræmi við þágildandi byggingarsamþykkt Hafnarfjarðarkaupstaðar, og engir samningar voru um, að íbúðin skyldi fullnægja strangari reglum í þessu efni en byggingarsamþykktin gerði ráð fyrir.
4. Umbj. m. marg ítrekaði við stefnanda, bæði munnlega og skriflega, að hann væri reiðubúinn til þess að lagfæra þá galla, sem hann taldi sig bera ábyrgð á, sem sé múrverk í íbúðinni, en stefnandi hefur með þvermóðsku sinni jafnoft hafnað því tilboði. Samkvæmt meginreglum laga verður að telja, að umbj. m. hafi verið rétt að bæta úr göllunum, en þar sem stefnandi meinaði honum að gera það, verður að telja, að stefnandi hafi þegar með þeirri framkomu sinni fyrirgert þeim rétti, sem hann kann að hafa átt í þessu efni.
5. Stefnandi kaus heldur að leggja í ærinn kostnað við það að láta meta það tjón, sem hann telur sig hafa orðið fyrir af göllum þeim, sem umbj. m. lýsti sig ávallt reiðubúinn til þess að bæta. Verður að telja, að sá kostnaður hafi verið ástæðulaus, þegar virt eru rök matsmanna bæði við undir- og yfirmat. Sá kostnaður, sem stefnandi hefur af þessu haft, er því með öllu á hans eigin ábyrgð og með öllu óviðkomandi umbj. m., og er þeim kostnaði mótmælt sem kröfu á hendur umbj. m.“.

Rökstuðningur stefnda fyrir varakröfu er sá, að verði eigi fallizt á framangreind sjónarmið og hann sýknaður, þá sé eðlilegt, að honum verði aðeins gert að greiða þann beina skaða, er stefnandi hafi orðið fyrir af hinum greindu göllum, er yfirmats-

menn meti á kr. 20.200.00, en málskostnaður, þar á meðal kostnaður við möt þau, sem fram hafa farið, verði látinn niður falla, enda beri stefnandi einn ábyrgð á þeim tilkostnaði, sem stofnað hafi verið til í sambandi við undir- og yfirmat, þar sem mötin hafi verið með öllu ónauðsynleg, því að stefndi hafi ávallt verið reiðubúinn til að bæta úr göllum þeim, er voru á múrverki íbúðarinnar, en stefnandi hafi staðið því í vegi.

Þá staðfesti yfirmatið það, að aðrir gallar hafi ekki fundizt á íbúðinni, er yfirmatsmönnum þætti ástæða til að meta til bóta, en þeir, er stefndi hafi ætíð verið reiðubúinn að bæta úr.

Að áliti réttarins var stefndi ábyrgur fyrir göllum þeim, er fram komu á íbúð stefnanda.

Stefndi átti rétt á að bæta úr umræddum göllum með því að gera við og endurbæta það, er áfátt var.

Þó verður að telja, að stefndi ætti því aðeins rétt á að efna greiðsluskyldu sína með þessum hætti, að það ylli kaupanda ekki verulegum óþægindum eða kostnaði.

Stefnandi þykir því ekki hafa, eins og á stóð, fyrirgert rétti sínum til bóta úr hendi stefnda, þótt hann hafnaði tilboði stefnda um að brjóta upp gólfið í íbúðinni.

Dómendur hafa farið á vettvang, skoðað umrædda íbúð, kynnt sér galla á henni og kannað allar aðstæður.

Þykja bætur vegna galla á múrverki hæfilega ákvarðaðar kr. 20.200.00, og er það í samræmi við yfirmatsgerð.

Í kaupsamningi um íbúð stefnanda var tekið fram, að íbúðin skyldi vera einangruð, en ekki nánar tekið fram með hverjum hætti.

Verður að telja, að stefndi hafi skuldbundið sig til að skila íbúðinni þannig einangraðri, að fullnægði skilyrðum þágildandi byggingarsamþykktar nr. 94/1960 og í samræmi við það, sem venjulegt var og viðgengizt hafði hér í bæ á þeim tíma.

Byggingarsamþykktin gerði þá kröfu, að einangrað væri gegn nánar tilgreindu hitatapi, m. a. „kjallaragólf í íbúðarherbergjum og loft- og gólfplötur, sem útiloft liggur að".

Tilvitnuð ákvæði munu hafa verið skýrð þröngt af byggingaryfirvöldum hér í bæ og ekki verið að því fundið, þótt neðsta loftplata í húsum, þar sem aðstæður voru svipaðar og í því húsi, er hér um ræðir, væri ekki einangruð.

Hinir sérfróðu meðdómsmenn telja, að mjög óvenjulegt hafi verið, að neðsta loftplata væri einangruð, þar sem aðstæður eru svipaðar og að Álfaskeiði 98.

Hafi ekki, svo að kunnugt sé, komið til ágreinings af því tilefni né kaupendur íbúða að því fundið.

Telja þeir, að þetta hafi ekki áhrif á verð íbúða á fyrstu hæð og tillit sé ekki tekið til þessa við uppgjör á hitakostnaði milli íbúða.

Þar sem telja verður, að fyrrgreind skýring á ákvæðum byggingarsamþykktarinnar hafi verið heimil, og framangreindur skilningur virðist hafa verið orðinn almennur, verður ekki talið, að um vanefnd seljanda að þessu leyti hafi verið að ræða, enda er því ekki haldið fram í málinu, að einangrun á gólfi hafi sérstaklega borið á góma, er aðiljar sömdu um kaupin á íbúðinni.

Ber því að sýkna stefnda af þessum kröfulið.

Ekki verður talið, að stefnanda hafi tekizt að sanna, að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna breytinga frá samþykktri teikningu.

Stefnda bar ekki skylda til að afhenda hið selda, fyrr en hann hafði fengið greiddan þann hluta kaupverðsins, er greiðast skyldi fyrir afhendingu íbúðarinnar.

Verður honum því ekki gert að greiða bætur vegna afhendingardráttar á séreign stefnanda í húsinu.

Verulegur afhendingardráttur varð á ýmsum hlutum sameignar, m. a. frystigeymslu í kjallara, sem afhent var 6. desember 1967.

Ekki er bótagrundvöllur fyrir ófjárhagslegu tjóni stefnanda af þessum ástæðum, og ekki hefur honum tekizt að sanna nægilega fjárhagstjón annað en afnotamissi.

Bætur fyrir afnotamissi vegna afhendingardráttar þykja hæfilega ákveðnar kr. 8.000.00.

Matskostnað, er stefnda þykir bera að greiða, ber að taka til athugunar við ákvörðun málskostnaðar, sbr. 175. gr. laga nr. 85/1936.

Þar sem hér er um umþrættar kröfur að ræða, ber að tildæma 7% vexti.

Málskostnaður, þar með talinn matskostnaður, sem að fullu er tekinn til greina, þykir hæfilega ákveðinn kr. 21.500.00.

Már Pétursson, fulltrúa bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Sigurgeiri Guðmundssyni tæknifræðingi og Guðmundi Þorleifssyni húsasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Stöðull h/f, greiði stefnanda, Halldóri Hjaltasyni Gestssyni, kr. 28.200.00 með 7% ársvöxtum frá 3. desember 1967 til greiðsludags svo og samtals kr. 21.500.00 í matskostn-

að og málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. október 1969.

Nr. 177/1968. **Gunnlaugur Halldórsson**
Guðmundur Kr. Kristinsson
(Ragnar Jónsson hrl.)
Sigurður J. Helgason og
Byggingameistarinn h/f
(Baldvin Jónsson hrl.)
gegn
Bjarna Hannessyni
(Sigurður Helgason hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Ábyrgð byggingameistara og verktaka á byggingarframkvæmdum.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur Gunnlaugur Halldórsson og Guðmundur Kr. Kristinsson hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. október 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

Áfrýjendur Sigurður J. Helgason og Byggingameistarinn h/f hafa áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 21. október 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Þeir gera þær dómkröfur, að þeim verði dæmd sýkna og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi úr hendi áfrýjenda.

Matsgerð sú frá 30. apríl 1965, er í málinu greinir, var framkvæmd, löngu áður en áfrýjendum Gunnlaugi Halldórs-

syni og Guðmundi Kr. Kristinssyni var stefnt inn í málið, og var þeim eigi veittur kostur á að gæta hagsmuna sinna við það mat. Þá hefur ekkert mat né könnun reynda málsins, er hald sé í og varði nefnda áfrýjendur sérstaklega, farið fram, eftir að þeim var stefnt til greiðslu skaðabóta. Þessi þáttur málsins er því í grundvallaratriðum óreifaður. Ber af þeim sökum að ómerkja málsmeðferð og dóm í héraði, að því er til framangreindra áfrýjenda tekur, og vísa málinu að því leyti frá héraðsdómi. Kostnaður í héraði og hér fyrir dómi af þessu sakarefni þykir eiga að falla niður.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, að því er varðar áfrýjendur Sigurð J. Helgason og Byggingameistarann h/f, og greiði þeir stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Málsmeðferð og dómur í héraði eiga að vera ómerk, að því er varðar áfrýjendur Gunnlaug Halldórsson og Guðmund Kr. Kristinsson og stefnda, Bjarna Hannesson, en málskostnaður þeirra í milli í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Héraðsdómurinn er staðfestur, að því er varðar stefnda og áfrýjendur Sigurð J. Helgason og Byggingameistarann h/f, sem greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. maí 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 21. þ. m., hefur Bjarni Hannesson rafvirkjameistari, Sólheimum 25 hér í borg, höfðað með stefnu, birtri 26. júní 1965, gegn Sigurði Helgasyni múrarameistara, Goðheimum 20, til greiðslu á skaðabótum að fjárhæð kr. 32.900.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. maí 1964 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu, þar á meðal matskostnaði, kr. 3.353.50.

Með sakaukastefnu, birtri 26. febrúar 1966, höfðaði stefnandi sakaukamál á hendur stefnda Byggingameistaranum h/f, Reykja-

vík, og með sakaukastefnu, birtri 2. marz 1966, höfðaði stefnandi einnig mál á hendur Gunnlaugi Halldórssyni arkitekt, Hofi á Álftanesi í Bessastaðahreppi, og Guðmundi Kr. Kristinssyni, Vesturbæ, Álftanesi, Gullbringusýslu.

Stefnandi hefur gert þær dómkröfur á hendur sakaukastefndu, að þeir verði dæmdir in solidum ásamt stefnda Sigurði Helgasyni til þess að greiða kröfur þær, sem áður er lýst.

Stefndu Sigurður Helgason og Byggingameistarinn h/f hafa krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar.

Stefndu Gunnlaugur Halldórsson og Guðmundur Kr. Kristinsson gera þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað.

Mál þetta hefur stefnandi höfðað á hendur stefndu vegna galla á múrhúðun á gólfum í íbúð á 11. hæð C í húsinu nr. 25 við Sólheima hér í borg. Hann kveðst á árinu 1960 hafa gerzt aðili að byggingu nefnds húss, er byggt hafi verið á vegum Byggingarsamvinnufélagsins Framtaks.

Stefndu Gunnlaugur Halldórsson og Guðmundur Kr. Kristinsson teiknuðu hús þetta. Stefndi Sigurður Helgason var múrarameistari við bygginguna, en stefndi Byggingameistarinn h/f var verktaki að múrverki því, sem málið fjallar um. Stefndi Sigurður Helgason er hluthafi í Byggingameistaranum h/f og framkvæmdastjóri hlutafélagsins.

Stefnandi hefur í skýrslu, dags. 1. nóvember 1965, skýrt svo frá, að seinni hlutann í marzmánuði 1962 hafi hann þurft að færa rör fyrir eldavél í eldhúsi umræddrar íbúðar. Er hann braut frá rörinu, hafi komið í ljós, að vikurinn í gólfinu var óbundinn og mjög víða laus frá örþunnri yfirborðsmúrhúð. Þar sem hann hafi álitið, að gólflagið væri ónýtt, kveðst hann hafa stöðvað uppsetningu á tréverki og tilkynnt stefnda Sigurði Helgasyni um ástand gólfsins og lýst því fyrir honum. Stefndi Sigurður hafi haldið því fram, að gólfið væri í lagi. Hafi þeir þráttað um þetta. Kveðst stefnandi hafa sagt Sigurði m. a., að hann mundi ekki taka á sig ábyrgð á því, ef gólfið færi að brotna upp síðar. Sigurður hafi hins vegar fullyrt, að óhætt væri að halda áfram við tréverkið. Stefnandi kveðst hafa flutt í íbúðina í lok septembermánaðar 1962. Áður en flutt var inn, kveðst hann hafa fernisera allt gólfið í íbúðinni og málað stofugólfið með olíumálningu. Hann kveðst þó strax hafa sett flísar á eldhúsgólfið og mjög

fljótlega pappadúk á stofuna og fyrir jólin 1962 hafi hann sett pappadúk á gang og borðkrók. Fljótlega eftir áramótin 1962 og 1963 hafi hann sett linoleumdúk á svefnherbergi. Sumarið 1963 hafi mjög víða verið komnar holur í gólfið, sérstaklega í eldhúsi og stofu. Kveðst hann þá hafa beðið stjórn hússins að gangast fyrir viðgerð á gólfinu. Um haustið 1963 hafi af hálfu stjórnarinnar þeir Indriði Einarsson og Bragi Melax skoðað gólfin. Í janúar 1964 hafi Sigurður Helgason skoðað gólfið og þá lofað að gera við það, en jafnframt lýst því yfir, að hann þyrfti að ráðfæra sig við aðra um aðferðina við viðgerðina. Engar efndir hafi þó orðið á þessu loforði. Á síðari hluta ársins 1964 eftir margítrekaðar beiðnir um viðgerð á gólfunum hafi Sigurður Helgason komið aftur til þess að skoða gólfið. Hafi hann þá haft góð orð um viðgerð fyrir jólin 1964. Engar efndir hafi þó orðið á því, en eftir áramótin 1964—1965 hafi Sigurður lýst því yfir, að hann mundi ekki gera við gólfin. Stefnandi kveðst ekki hafa fylgzt með því, hvenær gólfið var múrhúðað. Hann kveðst hins vegar hafa fengið upplýsingar, meðal annars frá Indriða Einarssyni, um aðferðir múraranna við múrverkið. Vikurinn hafi verið keyrður í hjólbörum inn í íbúðirnar og sturtað þar í nokkrar hrúgur á gólfin og hjólbörufjöldi látinn ráða um blöndun vikurs og sements. Þetta hafi síðan verið hrært með höndum á mjög ósléttum gólfum, en mokað síðan út um þau. Stefnandi segir, að áður en hann setti flísar, pappadúk og linoleumdúk á hluta af gólfum íbúðarinnar, hafi ekki verið farnir að koma fram neinir gallar á þeim hlutum gólfanna, en hins vegar hafi víða mátt finna, að múrhúðunarlagið hafi verið laust frá vikursteininum, sem undir var.

Þann 24. marz 1965 ritaði lögmaður stefnanda yfirborgardómaranum í Reykjavík bréf með beiðni um, að hann dómkveddi tvo matsmenn til þess að skoða og meta galla á gólfi nefndrar íbúðar. Yfirborgardómari dómkvaddi þá Þórð Þórðarson múrarameistara og Ólaf Ólafsson veggfóðrarameistara. Skiluðu þeir matsgerð, sem dagsett er 30. apríl 1965, svohljóðandi:

„Fimmtudaginn 25. marz vorum við undirritaðir dómkvaddir af yfirborgardómaranum í Reykjavík, Hákoni Guðmundssyni, samkvæmt beiðni Þorvalds Lúðvíkssonar hrl. til að skoða og meta galla þá, er fram hafa komið í íbúð Bjarna Hannessonar, Sólheimum 25 á 11. hæð C, eins og nánar getur í beiðninni.

Skoðun fór fram laugardaginn 10/4 1965 kl. 5 e. h. Viðstaddir voru auk matsmanna Sigurður Helgason, múraram., Goðheimum 20, og Bjarni Hannesson íbúðareigandi. Jón Hallsson, Sólheimum

25, var einnig boðaður, en tilkynnti, að hann mundi ekki mæta.

Lesin var matsbeiðni á staðnum og að því loknu skoðuð gólf íbúðarinnar. Við skoðun kom í ljós, að gólf íbúðarinnar gangast upp, og víða eru göt á slitlagi. Galla þessa teljum við stafa af því, að of veik vikurblanda er í slitlagi, og þar sem geislahitun er í gólfunum, virðist ílagið brenna með tímanum af hitanum, sem í gólfunum er.

Galla þessa og skemmdir á dúk metum við samkv. framanskráðu og eftir nána athugun á kr. 22.900.00".

Í málinu liggur frammi niðurstaða rannsókar byggingarefnarannsóknardeildar Atvinnudeildar Háskólas, dags. 18. maí 1965. Þar segir svo:

„Skv. endurtekinni beiðni Hr. Baldurs Aspar var gólfílögn í íbúð Bjarna Hannessonar á 11. hæð í húsinu skoðuð og sýnishorn tekin.

Ílögnin sjálf ber með sér, að hún hefir ekki næga festu til þess að gegna hlutverki sínu, enda víðast molnuð.

Við skoðun á sýnishorninu kemur í ljós, að það er misveikt, og bendir til þess, að blandan hafi verið mjög blaut við niðurlagningu, þannig að semetsefjan hafi náð að renna af kornunum sumsstaðar.

Yfirborðsmúrhúð er mjög þunn, innan við 0.5 cm, og dreifir því umferðarálagi mjög lítið.

Ekki er unnt að segja fyrir um orsakir til þess, að gólfílögnin hefir ekki náð tilætluðum styrkleika, því ekkert sýnishorn var til af þeim efnum, sem í hana höfðu farið, og engar prófanir höfðu verið framkvæmdar á þeim".

Matsmaðurinn Þórður Þórðarson hefur komið fyrir dóm. Segir matsmaðurinn, að með því, að of veik vikurblanda sé í slitlagi, eigi hann við, að of lítið sement sé í blöndunni. Hann kveður frágang gólfsins frábrugðinn því, sem vanalegt sé, að því leyti, að engin gólfpússning hafi verið á gólfinu, heldur hafi verið pússað slitlag úr vikursteypunni sjálfri. Vitnið kveður það álit sitt, að veik vikursteypa þoli ekki, að gengið sé á henni, nema eitthvað sé sett ofan á hana henni til hlífðar. Hann segir, að sums staðar í íbúðinni hafi verið gólfdúkur á gólfi, en annars staðar hafi aðeins verið ber steinn, en gólfið málað. Segir matsmaðurinn, að gallarnir hafi bæði komið fram þar, sem dúkur var, og þar, sem hann var ekki. Hann kveðst hafa reynzlu af því, að of veik vikurblanda molni við mikinn hita. Hann segir, að sig minni, að blöndunarhlutföll vikurblöndunnar hafi verið að frá-

sögn Sigurðar 1 : 5, en vanaleg gólfílögn sé yfirleitt 1 : 2. Hann segir, að vatnið í hitalögn slíkri og þarna var í húsinu megi ekki fara upp fyrir 40° C, því að þá springi steypan og gólfílagið geti losnað frá plötunni Matsmaðurinn kynnti sér ekki sérstaklega, hvernig háttað var rekstri á hitakerfi hússins á þeim tíma, sem lagt var í gólfin. Fyrir matsmanninum var lesin útboðslýsing á múrvinnu, dskj. nr. 9. Gerir matsmaðurinn þær athugasemdir, að í lýsinguna vanti alveg, hversu þykkt slitlag skuli vera. Segir hann það vera álit sitt, að ílag í blöndunni 1 : 5 geti dugað í því tilfelli, sem hér á við, ef jafnframt sé sett á það slitlag 2—3 cm í hlutföllunum 1 : 2½. Matsmaðurinn kveðst hafa athugað sérstaklega, að vikurblanda var í slitlaginu, en ekki vanaleg sandblanda. Að gefnu tilefni upplýsir matsmaðurinn, að með því að segja í matsgerðinni, „virðist ílagið brenna með tímanum", eigi hann við, að svo virðist sem ílagið bakist og þar sem steypan sé ónýt, þoli hún ekki umgang á gólfum, þorni upp og molni með tímanum. Aðspurður hvort hann hafi orðið þess var, að sementsefjan hafi runnið af kornum steypunnar eða steypan verið misterk, segir matsmaðurinn, að ekki sé hægt að ganga úr skugga um slíkt við skoðun, eins og matsmennirnir framkvæmdu, en matsmaðurinn tekur fram, að gólfið virðist hafa verið verst farið þar, sem mest var á því gengið.

Lögð hefur verið fram í málinu útboðslýsing svohljóðandi:

„ÚTBOÐSLÝSING

á múrvinnu við byggingu b.sf. „Framtaks" við Sólheima no. 25....

Leggja skal í gólf íbúða á þann hátt, að miðað sé við, að þrepskjaldarlaust sé innan íbúðanna, enda verður til staðar aðstoð til hallamælingar og ákvörðunar á hæð efri brúnar á gólfi.

Skal ílag vera 1 hluti sements á móti ca. 5 hlutum af hreinum salt- og sýrufríum vikursandi, en gera má ráð fyrir, að þykkt þess sé frá, yfirleitt 2—4 cm — ílagið skal taka rétt, svo að slitlag geti verið sem jafnast og ekki þykkt. Slitlagið sé úr blöndu 1 : 2½ eftir nánara samkomulagi. Gæta skal þess sérstaklega að taka hitann af gólfum (loftum), meðan mesta þornun fer fram, og smá auka síðan hitann, og forðast allan umgang, þangað til öruggri herzlu er náð.

EFNI: Sementið sé nýtt og kekkjalaust og viðurkennt portlandsement. Sandur skal vera hreinn og ómengaður af skaðlegum efnum, og af hæfilegri kornastærð til gróf- og fínhúðunar.

VERKKAUPI: Lætur í té sand, vikursand, fínpússningarsand, sement, kalk og vírnet í húsi og utan, á neðstu hæð. Rafmagn til ljósa, og hita í geislahitunarkerfi, og vatn eftir þörfum á hæðum. Efni í vinnupalla, eftir samkomulagi.

VERKSALI: Lætur í té alla vinnu við ofangreint verk, þar í falinn flutningur á efni og öll handlöngun, og hvers konar aðstoð við múrvinnuna. Verksali lætur á sinn kostnað gera nauðsynlega vinnupalla. Hann skal standa straum af kostnaði við tryggingar og orlofsfé".

Útboðslýsingu þessa sömdu arkitektarnir Gunnlaugur Halldórsson og Guðmundur Kr. Kristinsson.

Stefndi Sigurður Helgason hefur í aðiljaskýrslu, dags. 28. september 1965, skýrt svo frá:

„... B.sf. Framtak bauð út múrvinnu við byggingu félagsins við Sólheima 25, og var útboðslýsing gerð af þeim arkitektunum Gunnlaugi Halldórssyni og Guðm. Kr. Kristinssyni.

Engu tilboði var tekið, en samið var við Byggingameistarann h.f., og var verkið unnið skv. útboðslýsingunni með nokkrum frávikum, svo sem að byggingarsamvinnufélaginu væri heimilt að láta félagsmenn vinna að handlöngun o. fl. Verkkaupi lét í té allt efni og skilaði því á staðinn. Trésmíðameistari hússins á þessu stigi var Pétur Laxdal, og sá hann um daglega verkstjórn verkamanna, sem voru að mestu eigendur íbúða í húsinu, og voru byggingarmeistaranum engin umsjónarlaun greidd af vinnu þessara manna. Í stjórn b.sf. Framtaks voru þá Þorsteinn Óskarsson, Gunnar Baldvinsson, Kristinn Sigurjónsson, Guðmundur Vilhjálmsson og að ég held Baldur Aspar. Ég mætti á fundi með stjórn b.sf. Framtaks í apríl 1961 ásamt arkitektunum og gerði þá strax athugasemd um það, hvernig áætlað væri að vinna gólfin, en fékk engu ráðið þar um. Þetta ætla ég, að hafi verið bókað í fundargerðarbókina.

Verkið var unnið skv. fyrrnefndri útboðslýsingu, og var blandað 1 hluta af sementi á móti 5 hlutum af vikri, sem lagt var í gólfið, en síðan dregið yfir þunnt lag af sandlögun og glattað yfir. Geislahitun er í loftum, og er það sjálfsagt orsök skemmdanna, þar sem vikurinn má ekki þorna um of, og má t. d. alls ekki hita vatnið í kerfinu yfir 40—45 gráður C, en þarna var enginn termostat, svo að erfitt var að hafa jafnan hita sem nauðsynlegt var, a. m. k. fyrst í stað.

Eins og að framan segir, unnu eigendur að handlöngun, og var vel kunnugt um, hvernig verkið væri unnið. Þess vegna var það alveg óverjandi, hve lengi gólfin voru notuð óvarin. Íbúð stefnanda var tekin í notkun fyrir ca. 4 árum, og hafa gólfin verið notuð dúkalaus mest af þeim tíma, og verða þau þá fyrir ýmsu hnjaski, sem getur skemmt þau".

Stefndi Sigurður Helgason hefur hér fyrir dómi þann 10. nóvember 1965 skýrt svo frá, að hann hafi verið múrarameistari hússins gagnvart byggingaryfirvöldum. Hann segir, að ekki hafi verið gerður skriflegur samningur um múrverkið og að verkið hafi verið unnið samkvæmt reikningi. Á fundi þeim, sem samið var um milli Framtaks og Byggingameistarans h/f um múrverkið, hafi Gunnlaugur Halldórsson arkitekt spurt sig, hvort hann hefði einhverjar athugasemdir að gera við útboðslýsingu. Kveðst hann þá hafa gert athugasemdir við hana. Hafi þær verið bókaðar í fundargerð.

Fundargerð þessi hefur verið lögð fram í málinu. Viðvíkjandi þessu atriði er bókað í fundargerðina: „Í öðru lagi taldi Sigurður Helgason, að slitlag á gólfinu væri samkvæmt útboðslýsingunni úr of sterkri blöndu. Lofaði Gunnlaugur Halldórsson að athuga það nánar".

Stefndi Sigurður kveður þarna ekki rétt frá skýrt, að því er hann minnir. Hann telur, að hann hafi gagnrýnt þá aðferð, sem fyrirhuguð var við ílagningu gólfa, og hafi hann bent á, að betra væri að múra gólfin á venjulegan hátt, en líma síðan korkþynnur ofan á. Menn hafi rætt um þetta á fundinum, en forsvarsmenn Framtaks hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að nota þá aðferð, sem um ræðir í útboðslýsingu, þar sem dýrara hafi verið að nota korkinn og þar sem Gunnlaugur Halldórsson hafi sérstaklega mælt með þeirri aðferð, sem um ræðir í útboðslýsingunni. Telur stefndi Sigurður, að Gunnlaugur hafi sérstaklega minnzt á, að sama aðferð hafi verið notuð í fjölbýlishúsi við Kleppsveg, sem hann hafði umsjón með, með góðum árangri. Skömmu eftir fundinn, sem haldinn var 29. marz 1961, kveðst hann hafa hafizt handa um að múra húsið. Hann kveðst ekki geta upplýst, hvenær gólfin í íbúð stefnanda voru múruð, en hann geti ef til vill séð það við athugun á gögnum. Múrverkið hafi verið unnið alveg eftir forskrift arkitektanna. Hafi þeir meðal annars verið kalllaðir sérstaklega á staðinn. Í annað skiptið hafi svo hagað til, að múrararnir höfðu lagt ca. 2 cm lag af grófpússningu ofan á vikursteypuna, en það hafi allt sprungið og

losnað. Þá hafi verið ákveðið af arkitektunum að reyna að hafa slitlagið örþunnt, þ. e. að pússa upp úr vikrinum. Svo hafi þetta verið gert við eitt gólf og það látið standa í nokkurn tíma, en arkitektarnir af því búnu kallaðir á staðinn. Hafi þá verið ákveðið að nota þessa aðferð framvegis við gólfílögnina. Vikursteypan hafi verið blönduð í hlutfallinu 1 : 5. Vikursteypan hafi verið hrærð með höndum. Það hafi verið gert samkvæmt ósk eigenda hússins. Verkkaupar hafi útvegað vikursandinn, sem notaður var. Hann kveðst ekki hafa athugað sandinn sérstaklega, en hafa haft spurnir af því, að um gott hráefni var að ræða. Hann segir, að nú hafi komið í ljós almennar skemmdir á gólfum hússins. Hafi honum borizt margar umkvartanir þar að lútandi. Kveðst hann ekki minnast þess að hafa lofað stefnanda þessa máls að láta gera við gólfin á ákveðnum tíma. Hann kveðst trúlega hafa lofað honum að athuga, hvað hægt væri að gera. Hann kveðst hafa reynt ýmsar aðgerðir til þess að bæta úr göllum þessum á húsinu, en þær hafi allar reynzt árangurslausar. Hann tekur fram, að ekki sé hægt að hafa einangrunarsteypu úr vikri mjög sterka, þar eð hún missi þá einangrunargildi sitt. Hann tekur einnig fram, að það hafi verið vitað frá upphafi, að gólfin þyldu illa hnjask og mættu því ekki vera óvarin. Hann segir, að mest hafi borið á göllum í gólfum, sem voru óvarin, en þó viti hann þess dæmi, að gallar hafi komið fram á gólfum, þar sem fullrar varúðar var gætt. Hann segir það vera álit sitt, að aðferð sú, sem notuð var við gólfin, hafi aldrei átt neinn tilverurétt miðað við þær aðstæður, sem þarna voru, en hann telji, að hún hafi verið ákveðin af eigendum og arkitektum gegn ráðleggingum sínum. Hann telur útilokað, að við ílagningu gólfanna hafi verið notuð blandan 1 : 8. Hann segir, að öll pússning hafi verið hrærð niðri í kjallara hússins að undanskilinni vikurblöndunni, sem hrærð hafi verið uppi á hæðinni af flokki íbúðareigenda, sem gengið hafi á milli múraranna, sem unnið hafi í þremur flokkum. Hann kveðst telja útilokað, að þessir íbúðareigendur hafi ekki hrært í réttum hlutföllum. Hann kveðst sjálfur hafa rætt við þá oftar en einu sinni um blöndunina og hafa fylgzt með þeim, eins og unnt var við jafnstórt verkefni. Hann tekur fram, að honum sé ekki kunnugt um, að neinar frostskemmdir hafi orðið á húsinu Sólheimum 25. Daginn, sem frost hafi komið um haustið, hafi hann tekið alla múrarana frá störfum í húsinu og í önnur verkefni og hafi þeir ekki komið aftur, fyrr en hiti var kominn í húsið.

Stefndi Guðmundur Kristinsson arkitekt gaf skýrslu fyrir dómi 22. febrúar 1966 og skýrði þá svo frá, að arkitektar hússins hafi ákveðið, hvernig ganga skyldi frá gólfum. Arkitektarnir hafi bent hússtjórninni á fleiri leiðir en þá, sem valin var við það að hitaeinangra gólf hússins. Eftir að gerður hafði verið kostnaðarsamanburður, lauslega áætlaður, hafi sú leið verið valin að leggja vikursteypu í gólfin. Hafi sú leið verið valin í samráði við hússtjórnina. Þeir arkitektarnir hafi áður látið leggja sams konar vikursteypu í gólf í stórt sambýlishús við Kleppsveg og hafi þeir talið sig hafa góða reynslu af því. Að vísu hafi þá verið komnir fram gallar á nokkrum gólfum í því húsi, og segir hann, að stjórn Byggingarsamvinnufélagsins Framtaks hafi verið skýrt frá því, en hann segist hafa talið þá og telja enn, að þeir gallar hefðu ekki þurft að koma til, ef rétt hefði verið farið að. Útboðslýsingin hafi í þessu skyni verið gerð nákvæmari en ella til að koma í veg fyrir, að gallarnir endurtækju sig. Hann segir, að áður hafi verið búið að leggja vikursteypu í gólf í annarri „blokk" við Sólheima, er Byggingarsamvinnufélagið Framtak byggði. Áður en vikursteypan var sett í gólfin í húsinu á Kleppsveginum, hafi arkitektarnir með milligöngu Ingvars Þórðarsonar látið Jón Eiríksson múrarameistara gera nokkrar tilraunir með mismunandi gerðir vikursteypu og hafi vikurblandan, sem endanlega var notuð, verið valin með hliðsjón af þeim tilraunum. Nefndur Ingvar hafi komið til þeirra með vikursteypuprufur og hafi þeir arkitektarnir og Ingvar prófað styrkleika steypuprufanna með því að setja þær undir hornið á stólfæti og síðan þrýst á með mannsþunga. Hafi þær prufur verið valdar, sem ekki markaði fyrir stólfætinum á. Í þessu sambandi kveðst hann vitna til framburðar í bæjarþingsmálinu Byggingasamvinnufélag Reykjavíkur gegn Byggi h/f, en dómur í því máli var kveðinn upp í Hæstarétti 13. febrúar 1968. Hann kveðst vilja leggja áherzlu á það, að nota hafi átt salt- og sýrufrían sand, eins og fram komi í útboðslýsingu. Ekkert hafi verið tekið fram um, hvernig skyldi hræra steypuna, en þetta atriði séu múrarameistarar fullfærir að dæma um. Eins og fram komi í útboðslýsingu, sé sett slitlag ofan á vikursteypuna. Á fyrstu gólfunum hafi slitlagið verið þykkara en síðar varð og það sé eflaust rétt hjá stefnda Sigurði, að þeir arkitektarnir hafi ákveðið að þynna slitlagið, því að erfiðleikar kæmu af því að hafa það eins þykkt og áður. Hann segir, að honum hafi verið kunnugt um galla, sem komið hafi fram á gólfum hússins Sólheimum 25, og kveðst hafa verið kvaddur

þangað á fundi út af göllunum ásamt stefnda Sigurði. Augljóst sé, að mjög skorti upp á samloðun í steypunni, en hvort það stafi af því, að útboðslýsingu arkitektanna hafi ekki verið fylgt nákvæmlega eða af öðrum orsökum, kveðst hann ekki geta gert sér grein fyrir. Hér geti komið til gallað efni í steypunni, of blaut steypa, steypan hafi fengið of skamman tíma, til þess að sementið gæti náð fullri bindiorku vegna of skjótrar upphitunar, umgangur hafi verið of mikill, meðan steypan hafi verið að harðna, og margt fleira, sem hann telur, að komið geti hér til. Þeir arkitektarnir hafi ætlazt til þess, að gólfin yrðu ekki notuð óvarin, heldur væri settur á þau dúkur eða annað, eins og vanalegt sé. Að sínum dómi sé ófullnægjandi að fernisera gólfin einungis, þar eð það bindi aðeins efsta lagið og hlífi aðeins yfirborði steypunnar. Að því er varðar matsgerð matsmannanna, segist hann vilja gera þær athugasemdir í fyrsta lagi, að ekki sé vikur í slitlaginu, og í öðru lagi þá sé kenningin um, að ílagið brenni með tímanum vegna hita, sér ókunnug og þurfi vísindalegar tilraunir til að sannreyna hana. Að því er varðar niðurstöður rannsóknar Atvinnudeildar Háskólans, kveðst hann ekki geta gert neinar athugasemdir nema varðandi þykktina á slitlaginu. Þeir arkitektarnir hafi talað um, að slitlagið ætti að vera þunnt, en til samanburðar sé normalt pússningarlag um 1 tomma á þykkt, en auðvitað geti það orðið þynnra sums staðar. Honum finnist 0.5 cm of þunn meðalþykkt, en hann viti ekki, hvernig sýnishornin hafi verið tekin. Hann minnist þess ekki að hafa gefið fyrirmæli um, að slitlagið ætti að vera þunnt eins og skæni. Hann tekur fram, að þeir arkitektarnir hafi ekki haft daglegt eftirlit með vinnu í húsinu, en þeir hafi komið þangað við og við, eins og starfi þeirra tilheyri, og ávallt þegar þeir hafi verið sérstaklega tilkallaðir.

Í málinu liggur frammi aðiljaskýrsla arkitektanna Gunnlaugs Halldórssonar og Guðmundar Kr. Kristinssonar. Skýrsla þessi, sem er ódagsett, var lögð fram 3. maí 1966. Hún er svohljóðandi:

„Árið 1956 fól stjórn byggingarsamvinnufjelagsins Framtaks okkur að gera teikningar af fjölbýlishúsum, er það hugðist láta reisa við Sólheima no. 27 og 29.

Við önnuðumst síðan venjuleg arkitektastörf við þessar byggingar, en félagið sjálft annaðist daglegt eftirlit, kvaddi okkur til ráðagerða og eftirlits, þegar þurfa þótti.

Í ársbyrjun 1961 var farið að ræða um framkvæmd múrverks á síðara húsinu, en í því var geislahitun sem hinu fyrra. Verkið var rætt í einstökum atriðum, og hvað gólfin snertir, bentum

við stjórninni á ýmsar aðrar aðferðir til einangrunar gólfhitans en þeirrar, er notuð hafði verið í fyrri byggingu Framtaks, — en þar var notað vikurílag með slitlagi úr sandlögum. Við það tækifæri greindum við frá skemmdum, er komið höfðu í ljós í fjölbýlishúsi við Kleppsveg, er við höfðum teiknað, en galla þessa töldum við og teljum enn stafa af rangri útfærslu fyrirmæla okkar.

Eftir athuganir og kostnaðarsamanburð var ákveðið að nota vikurílag með slitlagi úr sandlögun. Útboðslýsing var síðan samin, en það hafði verið ákveðið að bjóða verkið út, og voru þar ýmis atriði ákveðin í samráði við stjórnina í því skyni að tryggja sem beztan árangur. Viljum við þar til nefna, að að okkar ráðum var verksala gert í útboðslýsingunni að láta í té alla vinnu við ofangreint verk, þar í falinn flutningur á efni og öll handlöngun og hvers konar aðstoð við múrverk.

Framtak hafði í mun ríkara mæli en önnur byggingarfjelög haldið á lofti, að íbúðareigendur ynnu við byggingu sína. Þetta töldum við óráðlegt að gera að skilyrði í útboðinu og bentum á, að verksali ætti að bera ábyrgð á allri vinnunni (eins og handlöngun) og yrði því sjálfur að velja sjer starfslið — og yrði það að vera hans mat, hvort eigendur teldust hlutgengir til starfans. Fallizt var á þetta sjónarmið, eins og útboðslýsing ber með sjer, og samþykkti stjórnin útboðslýsinguna á fundi 27. febr. 1961.

Tilboð bárust 20. marz, en þau voru rædd á fundi 25. marz, en kom þá í ljós, að lægsti bjóðandi, Magnús Baldvinsson, fjell frá boði sínu. Þá var enn haldinn stjórnarfundur um málið, og mættu þar einnig Sigurður Helgason múrarameistari byggingarinnar og Gunnlaugur Halldórsson arkitekt. Sigurður gerði grein fyrir tilboði sínu, en það þótti of hátt, og var því talað um, að Sigurður ynni verkið í reikningi.

Gunnlaugur bað Sigurð Helgason að segja álit sitt á verklýsingunni og eins, ef hann gæti betrum bætt hana. Sigurður varð við þessum tilmælum, en hafði ekki annað að athuga við verklýsinguna, hvað gólfin og frágang þeirra snertir, en að hann taldi blöndu slitlagsins fullsterka, — en blandan er samkv. lýsingu 1 : 2½ (1 sement — 2½ sandur). Gunnlaugur óskaði eftir, að þessi atriði yrðu bókuð í fundargerðarbókina. Áður en múrvinna hófst og út byggingartímann, var Pétur Laxdal eftirlitsmaður við bygginguna, — var hann ráðinn af stjórninni og trúnaðarmaður hennar. Dag einn vorum við kallaðir á vinnustað, en þá hafði komið í ljós, að fyrstu gólfin, — okkur minnir þau vera 3, höfðu

sprungið, en slitlag þeirra var, að því er við bezt munum, um 3 cm. Þetta var, samkvæmt verklýsingu okkar, óþarflega þykkt slitlag — bæði minnkaði við það einangrun ílagsins — og hættara væri við sprungum í slitlaginu þetta þykku.

Munum við því hafa bent á að þynna slitlagið og setja það á eins fljótt og kostur væri — eða þá ofan á blauta ílagssteypuna og gæta þeirrar varúðar í hvívetna, er um getur í verklýsingunni. Um annað, er lýtur að vinnubrögðum (vinnuháttum) fagmanna, höfum við ekki fengizt — enda algerlega á þeirra ábyrgð og engar misfellur þá á okkar vitorði, — þó ekki sæjum við gólfin, áður en lagt var í þau. Við teljum, að hér hafi verið um að ræða fyrstu gólfin og á neðstu hæðum byggingarinnar og þetta muni hafa verið í öndverðum ágústmánuði.

Þá teljum við okkur muna, að múrarameistarinn hafi viðurkennt, að frost hafi valdið skemmdum á gólfum nokkurra íbúða, og kvaðst hann hafa látið „moka" út af nokkrum gólfum af þeim ástæðum. Að öðru leyti vitnum við til verklýsingar og þeirra varúðarráðstafana, sem þar er getið um".

Gunnlaugur Halldórsson kom fyrir dóm 4. maí 1966 og staðfesti efni skýrslunnar. Í því sambandi tók hann fram, að númerum bygginganna, sem um getur í skýrslunni, hafi verið breytt. Þá skýrði hann frá því, að á fundi 25. nóvember 1963 hjá Byggingarsamvinnufélaginu Framtaki, en fundurinn var haldinn að Laufásvegi 18 A, hafi Bragi Melax meðal annars sagt: „Maður ætti kannski ekki að minnast á það, að við erum ekki fagmenn í að blanda steypu og kunnum lítið til þeirra hluta".

Annar af fulltrúum Byggingarfélagsins Framtaks á fundinum hafi sagt: „Já, og svo var oft rekið svo á eftir og ekkert eftirlit með því, hvort rétt væri gert hjá okkur".

Kvaðst Gunnlaugur hafa skráð þetta niður strax og umræddur fundur var um garð genginn. Hann kveðst hafa haft orð á því, að ekki fengist bindingur, nema að bera fyrst á sementsgraut á rakt gólfið. Þeir hafi sagt, að það hafi ekki verið gert, en steypan aftur á móti alveg fljótandi í vatni. Þá kveðst hann hafa sagt, að vikur væri lengi að þorna og áríðandi væri að snerta ekki gólfin, fyrr en mesta hörðnun væri um garð gengin. En þeir hafi lýst því yfir, að það hafi verið farið að ganga á gólfunum, einkum úti á svölum, undir eins og hætti að marka för á þeim, oft daginn eftir.

Þorsteinn Óskarsson, sem var framkvæmdastjóri Byggingarsamvinnufélagsins Framtaks við þessa byggingu, gaf skýrslu

fyrir dómi 4. marz 1966. Hann segir, að stjórnin hafi boðið út alla múrvinnu, sem eftir var, þegar húsið hafði verið steypt upp. Hafi þetta verið gert með góðu samkomulagi við Sigurð Helgason, sem verið hafi múrarameistari við húsið. Þrjú tilboð hafi borizt, þar af eitt frá Sigurði Helgasyni, en engu tilboðanna hafi verið tekið. Hafi sá aðili, sem lægst bauð, gengið frá tilboði sínu, þegar á reyndi, og hafi stefndi Sigurður Helgason þá verið látinn vinna vekið með venjulegum kjörum. Hann segir, að innan stjórnarinnar muni eitthvað hafa verið rætt um mismunandi aðferðir við að leggja í gólf hússins, en niðurstaðan hafi orðið sú, að vikursteypa var valin. Telur vitnið, að það kunni að hafa ráðið, að vikursteypa hafi verið lögð í gólf hússins Sólheima 27, sem byggt var eftir sömu teikningu. Ákvörðun þessi hafi verið tekin í samráði við arkitekta og meistara hússins. Þegar verkið var boðið út, hafi arkitektarnir gert útboðslýsingu varðandi ílagningu gólfa. Telur hann, að við hana hafi verið stuðzt, þegar verkið var unnið. Eigendur íbúðanna hafi unnið við byggingu hússins ýmis störf sem ófaglærðir verkamenn undir stjórn viðkomandi meistara. Sjálfur kveðst hann ekki hafa unnið við að aðstoða við ílagningu gólfanna. Hann kveðst muna, að strax hafi komið fram gallar í nokkrum gólfum og hafi þau verið brotin upp, ílögninni ekið út úr húsinu og lagt í þau á nýjan leik. Kveðst hann minnast þess, að stjórnin hafi kallað arkitektana í húsinu til þess að láta þá segja álit sitt um vinnuna við gólfin og hvernig lagfæra mætti einhver ákveðin gólf, sem gallar höfðu komið fram á. Arkitektarnir hafi rætt við Sigurð múrarameistara um lagfæringu. Þetta hafi gerzt, eftir að gengið hafði verið frá gólfunum, en hann kveðst ekki minnast þess, að arkitektarnir hafi verið kallaðir sérstaklega út af gólfunum, á meðan á ílögn stóð. Hann segir, að allur gangur hafi verið á því, hvernig íbúðareigendur gengu frá gólfum í íbúðum sínum, eftir að múrverki við þau var lokið. Sjálfur kveðst hann hafa rykbundið gólf sinnar íbúðar og síðan fljótlega sett á þau pappadúk, sem notaður hafi verið í ca. 1½ ár. Nú séu á gólfum teppi og flísar. Ekki hafi komið fram á gólfum íbúðar hans stórvægilegir gallar. Gallar hafi hins vegar komið fljótlega fram á gólfum stefnanda og í tveimur öðrum íbúðum. Hann minnist þess ekki, að rætt hafi verið um neina stórvægilega galla á gólfum hússins Sólheimum 27, áður en ráðizt var í að múrhúða gólfin í Sólheimum 25. Stjórnin hafi lagt til efni við múrhúðun hússins. Vikursand þann, sem notaður var, hafi stjórnin fengið hjá Sigurði nokkrum Jónssyni vörubílstjóra

í skiptum fyrir timbur. Kveðst hann muna, að eitthvað hafi verið rætt við sig um gerð efnisins, en minnist þess ekki, að nein vísindaleg rannsókn hafi hafi farið fram á efninu á vegum stjórnarinnar. Hann segir, að Pétur Laxdal trésmíðameistari hafi verið verkstjóri fyrir þeim íbúðareigendum, sem unnu við húsið, og muni hann hafa lánað menn til aðstoðarstarfa við múrverkið. Ílögn í gólfin hafi verið framkvæmd að sumri til, áður en miðstöð var sett í gang. Hann segir, að hitakerfi hússins fylgi hitastillir, sem stjórni hámarks- og lágmarkshita kerfisins.

Baldur Aspar kom fyrir dóm 13. apríl 1966. Hefur hann skýrt svo frá, að þegar hann tók sæti í stjórn Byggingarsamvinnufélagsins Framtaks, 2. byggingaflokki, hafi stjórnin verið búin að ákveða, hvaða efni skyldi nota við einangrun gólfa. Eftir að hann kom í stjórnina, hafi arkitektar hússins verið beðnir að útbúa útboðslýsingu af frágangi gólfa. Hann kveðst ekki hafa verið á stjórnarfundi þeim, er tilboðin voru opnuð á. Stjórnin hafi ákveðið að hafna öllum tilboðum, en síðan hafi verið samið við Byggingameistarann h/f um, að verkið skyldi unnið eftir reikningi. Umsamið hafi verið við múrarameistarann, Sigurð Helgason, að húseigendur legðu til menn í handlöngun, en þeir hafi unnið undir stjórn múrarameistarans. Ætlunin hafi verið að hræra steypuna í gólfin í steypuhrærivél og hafi svo verið gert í fyrstu gólfin. Kveðst hann hafa komið í húsið, skömmu eftir að byrjað var að vinna við gólfin. Hafi hann þá veitt því athygli, að steypuefni var flutt óhrært upp á hæðirnar og hrært þar með höndunum. Honum hafi komið þetta spánskt fyrir sjónir, þar eð hann hafi haldið, að mikilvægt væri að hræra steypuna í vél. Kveðst hann hafa spurt handlangarana, hverju þetta sætti, en þeir hafi svarað því til, að iðnaðarmönnunum hafi þótt verkið ganga of seint með því að hræra steypuna í vélum. Ekki kveðst hann hafa fengið uppgefið, hver leyfði að fara svona að við verkið. Hann kveðst hafa rætt þetta við formann stjórnarinnar, Þorstein Óskarsson, en kveðst ekki muna, hvort hann ræddi þetta á stjórnarfundi eða við Sigurð Helgason. Hann segir, að gallar hafi komið strax fram á fyrstu gólfunum. Hafi múrarameistarinn í samráði við arkitektana látið breyta slitlaginu eitthvað, en það hafi ekki gefið betri raun. Kveðst hann halda, að þá hafi verið skotið á ráðstefnu með múrarameisturunum og arkitektunum. Heldur hann, að niðurstaðan hafi orðið sú, að slitlagið skyldi þynnt. Sjálfur kveðst hann ekki hafa unnið að handlagningu við ílagningu gólfanna. Hann segir, að hiti hafi verið settur á húsið, um það leyti sem

gólfílagningunni var lokið eða var að ljúka, en hann kveðst ekki muna, hvernig því hagaði til, er hiti var settur á. Hann segir, að Byggingarsamvinnufélagið Framtak hafi haft trúnaðarmann á vinnustað, Pétur Laxdal. Hafi Pétur haft með verkstjórn að gera, en um verkaskiptingu milli hans og múrarameistarans kveðst hann ekki geta upplýst. Hafi Pétur Laxdal verið ráðinn af hússtjórninni. Ekki minnist hann þess, að hússtjórnin hafi krafizt efnagreiningar á vikrinum, sem notaður var af seljanda hans, né látið efnagreina hann sjálfur. Ekki kveðst hann vita, hver hafi gætt þess, að ekki var gengið á gólfunum, eftir að ílagningu þeirra var lokið.

Pétur Laxdal hefur hér fyrir dómi skýrt svo frá, að hann hafi verið trésmíðameistari hússins og verkstjóri verkamanna, að svo miklu leyti sem það gekk ekki inn á svið annarra fagmanna. Kveðst hann hafa verið trúnaðarmaður hússtjórnar og séð um ýmiss konar snúninga í sambandi við byggingu hússins. Hann segir, að þegar rætt var um gólfin í húsinu í upphafi, hafi verið um fjórar leiðir að ræða. Í fyrsta lagi að hafa gólfin óeinangruð. Í öðru lagi að einangra þau með korki. Í þriðja lagi að einangra þau með frauðsteypu og í fjórða lagi að einangra þau með vikri. Fyrsta leiðin hafi ekki verið talin fær. Önnur leiðin hafi þótt of kostnaðarsöm og af tveim síðasttöldu leiðunum hafi vikuraðferðin þótt skárri, enda þótt hússtjórninni væri það ljóst, að hún væri ekki jafngóð og korkaðferðin. Vikuraðferðin hafi verið valin í samráði við arkitektana. Hann kveðst ekki muna, hvort múrarameistarinn hafi verið henni andvígur, en segir, að honum þyki það ekki ósennilegt, þar eð múrarameistarinn hafði áður haft af slíkri reynslu (sic). Hann kveðst muna, að múrarameistarinn taldi, að hafa yrði tveggja til þriggja cm þykkt slitlag ofan á vikursteypunni, þar eð hún væri ekki nógu sterk. Hafi múrarameistarinn unnið fyrstu gólfin þannig, en þegar gólfílögnin hafi þornað, hafi hún öll sprungið. Hafi þá verið ákveðið í samráði við arkitektana að hafa slitlagið örþunnt. Hann kveðst hafa séð um að útvega handlangara við ílagningu gólfanna, en eftir að handlangararnir voru komnir til starfa, hafi múrararnir sagt þeim fyrir verkum. Í fyrstunni hafi steypan í gólfin verið hrærð í hrærivél, en því hafi verið hætt, þar sem illa hafi gengið að hræra vikurinn í vél og múrararnir hafi ekki talið sig hafa nokkurn tíma til að mæta þeim töfum, sem af því leiddi. Hafi því verið gripið til þess ráðs að hræra vikurinn í höndunum. Múrararnir hafi trúlega ráðið því, og kveðst hann varla hafa gert neina athugasemd við

það, enda hafi hann ekki séð neitt athugavert við það og verkið hafi heldur ekki verið í hans verkahring. Eftir að slitlagið var lagt í gólfin, segir hann, að skorður hafi verið settar við dyraop, en hann kveðst ekki vita, hve lengi þær hafi staðið. Vanalega séu slíkar skorður hafðar, þar til yfirborð sé orðið vel sporhelt. Ekkert hafi verið unnið í íbúðunum í nokkrar vikur, eftir að lagt var í gólfin, en þá hafi fínpússun þeirra hafizt. Íbúðareigendur hafi fengið íbúðir sínar afhentar tilbúnar undir tréverk og hafi það verið löngu eftir að lokið var við að leggja í gólfin. Hann kveðst hafa verið ráðinn til starfa af hús„stjórninni og verið trúnaðarmaður hennar, en ekki sérstaklega arkitektanna.

Ragnar Hilmar Þorsteinsson, sem kom fyrir dóm 1. júní 1966, hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið múrari við múrverk hússins Sólheima 25 undir stjórn Sigurðar Helgasonar. Hann kveðst muna, hvernig unnið var við gólfin í Sólheimum 25. Það hafi verið gert eins og venja sé, þegar vikur er notaður. Fyrst hafi gólfin verið hreinsuð vel og öll laus steypa fjarlægð, síðan hafi þau verið kústuð með sementsblöndu. Vikurinn og sement hafi verið þurrhrært með skóflum inni á gólfi, en síðan bleytt í og steypan hrærð. Þar næst hafi vikursteypan verið lögð í gólfin og hún hnöllud. Vikursteypan hafi verið látin þorna eina nótt, en þá hafi verið straujað yfir pússningarlag. Pússningarlagið hafi verið úr sandi og sementi og hafi það ekki verið haft þykkt. Hann minnist þess ekki, að breytingar hafi verið gerðar á þykkt pússningarlagsins. Eigendur íbúðanna hafi að mestu leyti annazt handlöngun við múrverkið. Hafi þeir unnið eftir tilsögn meistaranna, en múrarameistarinn hafi sagt til um styrkleika steypublöndunnar. Hann minnir, að vikursteypublandan hafi verið höfð örlítið sterkari en vanalegt er, þar eð slitlagið hafi verið svo þunnt. Telur vitnið, að jafngott sé að hræra vikursteypuna í höndum og gera það með vél. Eigendurnir, sem við handlangið hafi unnið, hafi reynzt ágætlega. Ekki kvaðst hann muna sérstaklega eftir vinnunni við 11. hæð C. Við þær íbúðir, sem vitnið vann, hafi verið lagt slitlag úr sandi og sementi. Sú breyting hafi verið gerð frá Sólheimum 27, að þar hafi slitlagið verið haft þykkt, en í Sólheimum 25 hafi það verið haft þunnt. Honum skildist, að þessi breyting hafi verið gerð, þar eð gólfin í fyrri blokkinni hafi viljað springa upp. Þegar umrædd gólf voru gerð, hafi vanaleg vikurblanda verið talin 1 : 10 til 1 : 12, en hann segir, að sig minni, að í þetta skipti hafi verið notuð blandan 1 : 8, og segir hann, að hann hafi vanalega notað þá blöndu síðan.

Páll Leifur Gíslason múrari hefur hér fyrir dómi 3. júní 1966 skýrt svo frá, að hann hafi unnið við múrverk í umræddu húsi. Við gólfin í húsinu hafi verið notuð vikursteypa, en síðan dregin sandlögn yfir og síðan glattað yfir á venjulegan hátt. Fyrst hafi gólfið verið hreinsað vel, bleytt og sementskústað, en vikursteypa síðan lögð yfir. Hann geti ekki sagt um blöndunarhlutföll vikursteypunnar, en handlangararnir hafi haft hlutföllin uppskrifuð hjá sér. Eftir að vikursteypan var komin á gólfin, hafi hún verið látin þorna eina nótt, en síðan sandlögn sett yfir. Telur hann, að þykkt slitlagsins hafi verið um ½ cm með venjulegum frávikum, þar sem gólfin hafi verið endanlega afrétt með sandlöguninni. Aðspurður um, hversu blaut steypan hafi verið í gólflögninni, segir hann, að hún hafi verið ósköp venjuleg. Eigendurnir hafi annazt handlöngun og mikil mannaskipti hafi átt sér stað við verkið. Hafi þeir haft blöndunarhlutföllin skrifuð á spjaldi niðri í kjallara. Hann telur, að hann hafi verið með í að leggja gólflögnina á 11. hæð C og hafi það verið með síðustu íbúðunum. Hann heldur, að vikurblandan í gólflögninni hafi verið hrærð niðri í kjallara, þar sem þá var hægt að anna flutningum á lagaðri steypu um lyftuop hússins, en annars hafi í langflestum íbúðanna vikurinn verið hrærður inni á gólfum þeirra með skóflum. Hann kveðst einnig hafa unnið við gólfin í íbúðinni við hliðina og hafi það verið gert um leið og á sama hátt.

Vitnið Kolbeinn Þorgeirsson hefur skýrt svo frá hér fyrir dómi 3. júní 1966, að hann hafi verið múrari og hafi unnið við múrverk í Sólheimum 25. Í gólfið hafi verið lögð vikursteypa, blönduð í hlutföllunum 1 : 5. Hún látin þorna eina nótt og síðan lögð yfir mjög þunn sandlögun. Sandlögunin hafi aðeins verið höfð til þess að slétta og holufylla og hún höfð svo þunn, sökum þess að í fyrstu hafi verið reynd þykkari sandlögun, en hún öll losnað frá og sprungið. Hann kveðst ekki hafa unnið við íbúðir á 11. hæð, en einungis við múrverk á 8. hæð hússins. Eigendur íbúðanna hafi annazt alla handlögn við múrverkið, en múrararnir hafi sagt þeim til og sagt þeim, hvernig lögunin ætti að vera í hvert skipti. Handlangararnir hafi að mestu verið sömu mennirnir og hafi þeir unnið fyrir alla múrara í húsinu. Þegar lagt hafi verið í gólf, hafi verið bætt við mönnum úr hópi íbúðareigenda.

Kröfur sínar í málinu byggir stefnandi á því, að sannað sé í málinu, að verulegir gallar hafi komið fram á múrverki á gólfi nefndrar íbúðar. Stefndi Sigurður Helgason beri sem múrara-

meistari við húsið alla ábyrgð á göllum þessum gagnvart stefnanda og Byggingarsamvinnufélaginu Framtaki, sem framselt hafi stefnanda allan rétt sinn á hendur stefnda. Við hinn munnlega málflutning byggði stefnandi einnig kröfur sínar gagnvart stefnda Sigurði á því, að stefndi Sigurður hefði lofað stefnanda að bæta úr göllunum, en ekki efnt það loforð. Þá beri stefndi Byggingameistarinn h/f sem verktaki einnig ábyrgð á göllum þessum, þar sem hlutafélagið beri ábyrgð á mistökum starfsmanna sinna, sem sáu um framkvæmd verksins. Arkitektarnir, stefndu Guðmundur Kr. Kristinsson og Gunnlaugur Halldórsson, hafi lagt á ráðin, hvernig múrhúða skyldi gólfin, og beri þeir því einnig ábyrgð á göllunum. Við hinn munnlega málflutning var á það bent af hálfu stefnanda, að aðferðin, sem notuð var, hafi verið liður í tilraunastarfsemi arkitektanna. Múrarameistarinn hafi samþykkt tilraunina, enda þótt honum hafi sem fagmanni mátt vera ljóst, hve vafasöm hún var. Hinir stefndu beri því allir ríkari bótaábyrgð, þar sem um tilraunir hafi verið að ræða.

Stefnandi sundurliðar bótakröfu sína þannig:

1. Viðgerðarkostnaður á göllunum samkvæmt matsgerð .. .. kr. 22.900.00
2. Röskun vegna viðgerða og afnotamissis .. .. .. — 10.000.00

Kr. 32.900.00

Stefndu Sigurður Helgason og Byggingameistarinn h/f hafa í greinargerð byggt kröfur sínar á því í fyrsta lagi, að þeir hafi aldrei neitt verk unnið fyrir stefnanda. Stefndi Sigurður hafi á fundi með verkkaupa í aprílmánuði 1961 komið fram með athugasemdir um framkvæmd verksins, en þeim athugasemdum hafi ekki verið sinnt. Þá hafi eigendum verið fullkunnugt um framkvæmd verksins, en engar athugasemdir gert, fyrr en nokkrum árum eftir að því var skilað, en gólf hafi ekki verið dúklögð eða varin fyrr en mikið síðar og gæti það verið ein orsök skemmdanna. Byggingarfélagið Framtak hafi lagt til allt efni og handlangara, en arkitektarnir hafi ákveðið blöndun vikurs og sements. Þá hafi starfsmenn Byggingarfélagsins Framtaks stjórnað upphitun hússins, enda hafi stefndi Sigurður ekki komið nálægt upphituninni, en það sé rétt, að of mikil hitun geti valdið skemmdum á vikrinum. Við hinn munnlega málflutning var á það bent, að vafasamt væri um orsakir til skemmdanna, enda

væri matsgerðin ófullkomin, þar á meðal sundurliðun sú, sem annar matsmaðurinn hefði lagt fram undir rekstri málsins. Framsal kröfunnar til stefnanda sé einnig gallað, þar sem aðeins tveir stjórnendur skrifi undir framsalið. Varakrafan var studd þeim rökum, að ljóst megi vera, að Byggingarfélagið Framtak hafi haft Pétur Laxdal trésmíðameistara sem trúnaðarmann sinn við bygginguna. Beri Byggingarfélagið Framtak því einnig ábyrgð á og sé því skylt að skipta ábyrgðinni og geti stefnandi ekki átt meiri rétt en framseljandi kröfunnar, Byggingarfélagið Framtak, átti. Þá var því haldið fram við hinn munnlega málflutning, að kröfur stefnanda væru fallnar niður fyrir fyrningu.

Hinir stefndu arkitektar, Guðmundur Kr. Kristinsson og Gunnlaugur Halldórsson, byggja kröfur sínar um sýknu fyrst og fremst á því, að þeir hafi ekki haft daglegt eftirlit með byggingarframkvæmdum við húsið né á sínum vegum í þeim tilgangi, enda hafi þeir hvorki farið fram á né fengið greiðslu fyrir slíka vinnu. Hið daglega eftirlit hafi verið í höndum trúnaðarmanns eigenda, Péturs Laxdals. Í öðru lagi sé fram komið, að múrhúðun gólfa hafi ekki verið framkvæmd á þann hátt sem í útboðslýsingu greinir og ákveðið hafi verið í viðtölum við múrarameistara hússins. Auk þess sé ljóst, að veigamiklir faglegir gallar hafi orðið á útfærslu verkefnisins. Í þriðja lagi bendi margt til þess, að sumar af skemmdunum geti stafað af náttúruvöldum, frostskemmdum, þar sem frost hafi komið á tímabilinu, á meðan verið var að leggja í gólfin, en hitakerfið hafi ekki verið tengt né sett í samband fyrr en 17. nóvember 1961. Í fjórða lagi hafi komið í ljós, að notkun gólfa og umgengni um þau hafi ekki verið slík sem gerð gólfpússningarinnar hafi gefið tilefni til og eigendum hafi átt að vera fullkunnugt um. Gengið hafi verið á gólfunum allt of fljótt, eftir að lagt var í þau, eða löngu áður en sementið hafði fengið tækifæri til að öðlast fulla bindihörku. Einnig hafi gólfpússning verið óvarin (dúklaus) í lengri tíma, eftir að flutt var í íbúðirnar. Hinir stefndu arkitektar fullyrða, að þar sem skemmdir hafi komið fram, sé vikurílagið mikið veikara en blöndunarhlutfallið 1 hluti af sementi á móti 5 hlutum af vikursandi gefur tilefni til. Skortur á bindiefni geti að þeirra dómi orsakazt af eftirtöldum atriðum:

a. Látið hafi verið minna sement í blönduna en láta átti samkvæmt fyrrgreindum blöndunarhlutföllum.
b. Sementið hafi verið gallað.

c. Vikursandurinn hafi verið mengaður efnum, sem dregið hafi úr bindimætti sementsins.
d. Vikurblandan hafi þornað of hratt, þannig að „bindi- prosess" sementsins hafi stöðvazt, áður en fullri herzlu var náð.
e. Frostskemmdum.
f. Slæmri blöndun lögunar, illa hrært. Gætu þá myndazt blettir, sem bindiefni vantar alveg í.
g. Of blaut lögun, sbr. álit Atvinnudeildar Háskólans.

Benda arkitektarnir á, að sérhvert ofangreindra atriða væri nægjanleg orsök fyrir göllum hliðstæðum þeim, sem komið hafi fram á gólfunum, en á engu þessara atriða geti þeir borið ábyrgð. Meginástæðuna fyrir skemmdum á umræddum gólfum telja þeir vera, að vikurílagið hafi verið illa hrært og allt of blautt við niðurlagningu. Leggja þeir á það áherzlu, að arkitektar beri ábyrgð á fyrirmælum sínum og formúlum, en ekki á starfi iðnaðarmanna. Þá taka þeir fram, að einangrun með vikri sé ekki ný byggingaraðferð hér á landi, t. d. hafi húsameistari ríkisins gefið út bókina Húsakostur og híbýlaprýði á árinu 1939 og þar mælt með vikursteypu til einangrunar. Er því þess vegna mótmælt af arkitektunum, að hér hafi verið um að ræða tilraunir með áður óþekkta aðferð. Hér hafi verið um að ræða þekkta og nothæfa aðferð, sem mundi hafa náð tilætluðum árangri, ef réttrar meðferðar hefði verið gætt, enda hafi flestar íbúðirnar í húsinu reynzt gallalausar. Af hálfu arkitektanna er einnig á það bent, að Byggingarsamvinnufélagið Framtak beri vafalaust ábyrgð að hluta á umræddu tjóni, og geti stefnandi því ekki átt solidariskan bótarétt á hendur stefndu. Byggist þetta á því, að forsvarsmenn Byggingarfélagsins Framtaks hafi vitað um umrædda byggingaraðferð frá fyrra sambýlishúsi, sem félagið reisti, og jafnframt hafi félagið haft sinn eftirlitsmann, Pétur Laxdal. Að lokum var því haldið fram við hinn munnlega málflutning, að kröfur stefnanda á hendur arkitektunum væru fallnar niður fyrir fyrningu.

Dómendur fóru á vettvang þann 22. maí s.l. Hafði stefnandi þá sett viðarklæðningu (parket) á gólf stofu og eldhúss. Gólfið í gangi var klætt með teppi. Að sögn stefnanda hafði áður verið gert við ganggólfið að nokkru. Mátti þó enn finna ójöfnur í múrhúðuninni í gegnum teppið. Í hjónaherbergi var gólfdúkur úr linoleum. Var það gólf mjög dældótt, einkanlega þar, sem mest var gengið á því. Gólf í barnaherbergi var einnig nokkuð

dældótt. Innan við dyrnar í barnaherbergi var alldjúp dæld í gólfinu. Var dúkurinn þar laus, svo að hinir sérfróðu meðdómendur gátu tekið sýni þar úr múrlaginu. Athugun á sýninu leiddi í ljós, að þykkt slitlags var 3—4 mm, og var vikureinangrun þar undir festulítil, en einangrun þessi er sett vegna geislahitunarlagna í gólfplötum hússins.

Svo sem áður er lýst, hefur útboðslýsing arkitektanna viðvíkjandi frágangi gólfa ekki að geyma ákveðin fyrirmæli um þykkt slitlags. Fram er komið í málinu, að slitlag á fyrstu gólfunum var 2—3 cm. Óumdeilt er, að slitlag þeirra gólfa sprakk mjög mikið. Voru hinir stefndu arkitektar þá kvaddir á staðinn, og áttu þeir viðræður við múrarameistarann, stefnda Sigurð Helgason, um þetta. Telja verður sannað, að þá hafi verið ákveðið að þynna slitlagið, en hins vegar er ekki í ljós leitt, hvort ákveðið var þá, hver endanleg þykkt slitlagsins skyldi vera. Stefndi Sigurður Helgason heldur því fram, svo sem fyrr er frá greint, að á fundi þessum hafi verið ákveðið að hafa slitlagið örþunnt, og bera sýni þau, sem tekin hafa verið, það með sér, að þannig hefur þetta orðið í framkvæmd. Stefndi Sigurður Helgason, sem hefur lýst því yfir, að hann hafi haft vantrú á aðferð þeirri, sem notuð var, framkvæmdi verkið eigi að síður, enda þótt honum sem reyndum fagmanni hafi átt að vera ljóst, að svo þunnt slitlag var ófullnægjandi. Auk þess er ljóst, að vikureinangrunin er festulítil, að minnsta kosti á köflum. Ósannað er, að efnið, sem notað var, hafi verið gallað. Dómurinn telur hins vegar, að gögn málsins gefi ákveðið til kynna, að mistök hafi átt sér stað við framkvæmd verksins. Stefndi Sigurður Helgason hafði með höndum stjórn múrvinnunnar fyrir hönd stefnda Byggingameistarans h/f. Bar honum sem slíkum að sjá um það, að framkvæmd verksins færi þannig úr hendi, að ekki hlytust skemmdir af. Verður því að telja, að stefndi Byggingameistarinn h/f beri ábyrgð á vangæzlu við framkvæmd verksins, enda telur dómurinn, að í því sambandi skipti ekki máli, þó að handlangarar við múrvinnuna hafi verið félagsmenn Byggingarfélagsins Framtaks, þar sem múrarameistaranum bar að sjá um, að sá hluti verksins væri rétt framkvæmdur.

Eftir að gallar komu fram á fyrstu gólfunum, ákváðu arkitektarnir í samráði við múrarameistarann að þynna slitlagið, eins og áður er frá greint, án þess að kanna á fullnægjandi hátt, hvort sú breyting fengi staðizt. Verður að líta svo á, að skort hafi á nægjanlega aðgæzlu af þeirra hendi, en með tilliti til fyrri galla

var sérstök ástæða fyrir þá að sýna fyllstu varúð við öll fyrirmæli um framkvæmd verksins. Vegna þessarar vangæzlu bera arkitektarnir einnig ábyrgð á hinum framkomnu göllum, enda skiptir ekki máli, eins og á stendur, þó að þeir hafi ekki tekið að sér daglegt eftirlit við byggingarframkvæmdir.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið lýst, hafa allir hinir stefndu sýnt af sér vangæzlu við undirbúning og framkvæmd umræddsmúrverks. Stefndu hafa lagt á það mikla áherzlu, að ábyrgð þeirra takmarkist verulega vegna þess eftirlits, sem Pétur Laxdal trésmíðameistari hafði með höndum. Dómurinn lítur svo á, að einangrunaraðferð sú, sem hér var um að ræða, hafi í raun verið það vandasöm, að trúnaðarmanni Byggingarfélagsins Framtaks, sem var trésmíðameistari að iðn, hafi tæpast verið unnt að gera sér glögga grein fyrir því, hvernig bregðast skyldi við göllum þeim, sem fram komu á fyrstu gólfunum. Þykir því ekki unnt að takmarka ábyrgð hinna stefndu af þessari ástæðu. Sú málsástæða stefndu, sem fram kom við hinn munnlega málflutning, að krafa þeirra væri fallin niður fyrir fyrningu, er gegn mótmælum stefnanda of seint fram komin. Sama er að segja um þá málsástæðu hinna stefndu arkitekta, sem látið var liggja að við hinn munnlega málflutning, að krafan á hendur þeim væri fallin niður fyrir vangeymslu. Að því er varðar sömu málsástæðu stefndu Sigurðar og Byggingameistarans h/f, þá verður að líta svo á, að þeirri staðhæfingu stefnanda, að hann hafi kvartað við stefnda Sigurð Helgason snemma á árinu 1962 og einnig síðar, hafi ekki verið hnekkt. Þykir sú kvörtun einnig verða að ná til stefnda Byggingameistarans h/f, þar sem stefndi Sigurður Helgason var í fyrirsvari fyrir það firma. Að svo vöxnu máli kemur þessi málsástæða þessara stefndu ekki að haldi. Stefnandi hefur lagt fram framsöl til sín frá Byggingarsamvinnufélaginu Framtaki vegna alls þess réttar, sem félagið kann að eiga á hendur stefndu vegna gallanna. Þessum framsölum hefur ekki verið hnekkt. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og atvikum málsins að öðru leyti verða hinir stefndu að bera óskipta fjárábyrgð á tjóni stefnanda.

Að því er fjárhæð fyrra kröfuliðs stefnanda varðar, þá er hún byggð á matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, sem ekki hefur verið hnekkt. Verður sá kröfuliður því tekinn til greina. Að því er síðari kröfulið stefnanda varðar, þá telur dómurinn, að stefnandi hafi orðið fyrir bótaskyldu tjóni vegna þeirrar röskunar og afnotamissis, sem viðgerð á göllunum hefur í för með sér. Þykir

þessum kröfulið í hóf stillt, og verður hann því einnig tekinn til greina.

Vaxtakröfu stefnanda hefur verið mótmælt. Rétt þykir að dæma stefndu til að greiða stefnanda ársvexti, er reiknast 6% frá 26. júní 1965 til 1. janúar 1966, en 7% frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 12.000.00.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Diðriki Helgasyni múrarameistara og Jóhannesi Guðmundssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurður Helgason, Byggingameistarinn h/f, Guðmundur Kr. Kristinsson og Gunnlaugur Halldórsson, greiði óskipt stefnanda, Bjarna Hannessyni, kr. 32.900.00 með 6% ársvöxtum frá 26. júní 1965 til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 12.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. október 1969.

Nr. 185/1968. **Ingvar S. Ingvarsson f. h. Ingvars Jóns Ingvarssonar og Sigurlaug M. Jónsdóttir**
(Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
Guðmundi E. Sæmundssyni & sonum
(Haukur Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. október 1968 og gert þessar dómkröfur:

Aðalkröfu: Að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi.

Varakröfu: Að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Þrautavarakröfu: Að hinar dæmdu fjárhæðir verði lækkaðar.

Þá hafa áfrýjendur krafizt málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Í héraðsstefnu krefst stefndi hér fyrir dómi þess, að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða kr. 116.827.20 auk vaxta og kostnaðar „eftir réttum eignarhlutum þeirra í húseigninni á Engjavegi 15", Ísafirði. Í héraðsstefnunni er hins vegar ekki greint, hver þessi eignarhlutföll séu.

Kröfugerð þessi samrýmist eigi ákvæðum 88. gr. laga nr. 85/1936, og voru því kröfur stefnda fyrir héraðsdómi ódómhæfar. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að áfrýjendur, sem án lögmætra forfalla létu þingsókn falla niður í héraði eftir að hafa látið sækja þing nokkrum sinnum, greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjendur, Ingvar S. Ingvarsson f. h. Ingvars Jóns Ingvarssonar og Sigurlaug M. Jónsdóttir, greiði stefnda, Guðmundi E. Sæmundssyni & sonum, kr. 20.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 28. september 1968.

Ár 1968, laugardaginn 28. september, var í bæjarþingi Ísafjarðar, sem haldið var í dómsal bæjarfógetaembættisins af Jóhanni Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 23. september s.l.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþinginu af firmanu Guðmundur Sæmundsson & synir, Ísafirði, gegn frú Sigurlaugu M. Jónsdóttur og Ingvari J. Ingvarssyni, báðum að Engjavegi 15, Ísafirði, til greiðslu á skuld, kr. 146.827.20, ásamt 10% ársvöxtum frá 1. janúar 1968 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt reikningi.

Gerði stefnandi þær stefnukröfur, að stefndu yrðu dæmd til að greiða skuldina ásamt vöxtum og kostnaði eftir réttum eignarhlutum þeirra í húseigninni Engjavegi 15, Ísafirði. Fjárhaldsmanni stefnda Ingvars var stefnt til að gæta hagsmuna hans.

Þá krafðist stefnandi þess, að staðfest yrði löghaldsgerð sú, er fór fram 21. ágúst s.l., í kr. 650.000.00 ásamt tryggingarbréfi með veðrétti í húseigninni nr. 107 við Bústaðaveg í Reykjavík til tryggingar skuldinni.

Stefnandi skýrir frá því, að skuldin sé til orðin vegna vinnu, málningarvara o. fl., sem hann hafi látið stefndu í té til húsbyggingarinnar á Engjavegi nr. 15. Þrátt fyrir ítrekaðar kröfur greiddu stefndu ekki skuldina og hafi hann því orðið að leggja löghald á verðmæti í vörzlum bæjarfógetaembættisins og til að tryggja sig og síðan að höfða mál þetta.

Stefndu létu mæta nokkrum sinnum í málinu til frestunar, en höfðu ekki uppi nein andmæli eða kröfur. Við dómtöku málsins létu þau ekki mæta.

Ber því að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti og dæma þau til að greiða umstefndar upphæðir.

Löghaldsgerð frá 21. ágúst 1968 staðfestist.

Málskostnaður nemur samkvæmt framlögðum reikningi kr. 20.482.00, og ber að dæma stefndu til að greiða hann í sömu hlutföllum og aðalupphæðina.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurlaug M. Jónsdóttir og Ingvar J. Ingvarsson, greiði stefnanda, firmanu Guðmundi E. Sæmundssyni & sonum, kr. 146.827.20 ásamt 10% ársvöxtum frá 1. janúar 1968 til greiðsludags og 20.482.00 krónur í málskostnað, eftir réttum eignarhlutföllum þeirra í húseigninni Engjavegi 15, Ísafirði, innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Löghaldsgerð frá 21. ágúst 1968 staðfestist.

Föstudaginn 17. október 1969.

Nr. 37/1969. **Knútur Kristinsson f. h. Ewalds Ellerts Berndsens**
(Kristinn Einarsson hdl.)
gegn
Skrifstofu ríkisspítalanna
Gjaldheimtunni í Reykjavík
Friðjóni Skarphéðinssyni yfirborgarfógeta
Unnsteini Beck borgarfógeta
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs svo og
Dómsmálaráðherra til réttargæzlu
(Benedikt Sveinsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Uppboð. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson yfirborgarfógeti hefur framkvæmt hina áfrýjuðu uppboðsgerð.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 27. febrúar 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða uppboðsgerð verði úr gildi felld og stefndu dæmt sameiginlega að greiða honum málskostnað.

Stefndu skrifstofa ríkisspítalanna, Gjaldheimtan í Reykjavík, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og réttargæzlustefndi dómsmálaráðherra krefjast sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi fyrir Hæstarétti.

Stefndu Friðjón Skarphéðinsson yfirborgarfógeti og Unnsteinn Beck borgarfógeti hafa ekki sótt þing í málinu.

Við skipti á dánarbúi Sigurðar Berndsens og Margrétar Pétursdóttur Berndsens 12. apríl 1967 hlutu áfrýjandi og systur hans Guðný Berndsen, Margrét Berndsen og Sólveig Berndsen hvert í arf 9.583% af fasteigninni nr. 8 við Engihlíð hér í borg.

Hinn 12. ágúst 1968 krafðist stefndi Gjaldheimtan í Reykjavík uppboðs á fasteigninni nr. 8 við Engihlíð til tryggingar opinberum gjöldum ásamt vöxtum og kostnaði, alls kr.

7.137.00, samkvæmt lögtaksgerð frá 14. maí 1968. Uppboðið var auglýst í 58., 60. og 62. tbl. Lögbirtingablaðsins 1968 og skyldi tekið fyrir í uppboðsdómi 27. nóvember 1968.

Hinn 6. nóvember 1968 krafðist sami aðili uppboðs á hluta fasteignarinnar nr. 8 við Engihlíð, eign áfrýjanda, Ewalds Ellerts Berndsens, og systra hans Guðnýjar Berndsens, Margrétar Berndsens og Sólveigar Berndsens til lúkningar opinberum gjöldum dánarbús Sigurðar Berndsens og Margrétar Pétursdóttur Berndsens ásamt vöxtum og kostnaði, alls kr. 2.708.126.00 samkvæmt lögtaksgerð 11. apríl 1967.

Á uppboðsdómþingi 27. nóvember 1968 var tekið fyrir „að selja við nauðungaruppboð Engihlíð 8". Voru uppboðsbeiðnir þær, er áður getur, lagðar fram á dómþinginu og svo endurrit lögtaksgerðar. Eigi var sótt þing af hálfu eigenda eignarinnar. Var sala á eigninni þá ákveðin 14. janúar 1969.

Hinn 14. janúar 1969 háði yfirborgarfógeti uppboðsþing, og var þá tekið fyrir „að selja við nauðungaruppboð hl. í Engihlíð 8. þingl. eig. Guðný, Margrét og Sólveig og Ewald Berndsen, eftir kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík". Uppboðsþolendur Guðný Berndsen, Margrét Berndsen og Sólveig Berndsen sóttu sjálfar þing, en af hendi áfrýjanda var sótt þing. Var eignin síðan boðin upp, og komu fram boð. Af hendi stefnda Gjaldheimtunnar í Reykjavík var óskað eftir öðru uppboði, sbr. 29. gr. laga nr. 57/1949.

Yfirborgarfógeti háði enn uppboðsþing 27. janúar 1969, og var þá tekið fyrir að „halda annað og síðasta uppboð á hl. í Engihlíð 8, þingl. eigendur E. Berndsen o. fl.". Af hendi uppboðsþolenda sóttu sömu aðiljar þing og á uppboðsdómþingi 14. janúar 1969. Fór uppboð síðan fram, og var stefndi skrifstofa ríkisspítalanna hæstbjóðandi. Uppboðshaldari tók sér þá 2 vikna frest til að taka ákvörðun um framkomin boð.

Hinn 3. febrúar 1969 háði yfirborgarfógeti enn uppboðsdómþing, og er þar meðal annars bókað: „Fyrir var tekið: Að taka ákvörðun um framkomin boð í hluta af húseigninni nr. 8 við Engihlíð, þingl. eign Edw. Berndsen, Guðnýjar Berndsen, Margr. Berndsen og Sólveigar Berndsen.

Dagana 14. jan. og 27. jan. s.l. var ofangreind eign, ⅔ hl.

úr neðri hæð og 3 herbergja kjallaraíbúð ásamt lóðarréttindum, seld á nauðungaruppboði eftir kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík. Hæstbjóðandi var Georg Lúðvíksson f. h. skrifstofu ríkisspítalanna, sem bauð kr. 710.000.00.

Boð þetta hefur verið samþykkt.

Mættur er Georg Lúðvíksson f. h. skrifstofu ríkisspítalanna og greiðir hann áfallinn uppboðskostnað, kr. 29.570.00, og ¼ hluta kaupverðsins, kr. 177.500.00. Eftirstöðvar greiðast innan tveggja mánaða, og verður þá gefið út uppboðsafsal. Uppboðskaupanda eru afhentir lyklar að húsinu. Hann nýtur arðs af eigninni frá og með deginum í dag".

Svo sem að framan er getið, var hin selda eign sameign þeirra áfrýjanda og systra hans Guðnýjar Berndsens, Margrétar Berndsens og Sólveigar Berndsens, og þær voru aðiljar uppboðsmálsins í héraði, sbr. 2. tl. 8. gr. laga nr. 57/1949.

Efnisdómur í Hæstarétti mundi og binda þær. Þeim hefur hins vegar eigi verið stefnt fyrir Hæstarétt. Verður því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Mánudaginn 20. október 1969.

Nr. 205/1968. **Guðmundur Ásbjörnsson**
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
gegn
Bæjarstjóra Kópavogskaupstaðar
f. h. bæjarsjóðs og gagnsök
(Árni Guðjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. október 1968, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. nóvember s. á. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 440.426.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 24. október 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 29. nóvember 1968 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í máli aðaláfrýjanda á hendur ríkissjóði, sem dæmt var af Hæstarétti hinn 12. júní 1964, var samkvæmt gögnum málsins við það miðað, að sundmarðahús aðaláfrýjanda yrði honum ónothæf eign, eftir að sundmarðaeldi var lagt niður hér á landi samkvæmt lögum nr. 32/1951. Voru honum dæmdar skaðabætur fyrir sundmarðahús, búr og tæki á þeim grundvelli. Með nefndum dómi var aðaláfrýjandi eigi sviptur eignarrétti til sundmarðahússins. Með bréfi 26. apríl 1963 lýsti gagnáfrýjandi því, að sundmarðahúsið skyldi rífa samkvæmt heimild í erfðaleigusamningi aðilja frá 14. nóvember 1939.

Í máli því, sem nú er dæmt, hefur af hendi aðaláfrýjanda eigi verið viðhafðir tilburðir, sem hald sé í, til að leiða í ljós og sanna, að sundmarðahúsið hafi verið fémæt eign, þá er

gagnáfrýjandi lét rifa það. Er tilbúnaði máls þessa og reifun því svo áfátt, að ómerkja verður héraðsdóminn og alla málsmeðferðina í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eins og skiptum aðaláfrýjanda og stjórnvalda er háttað, ber að láta málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Kópavogs 5. júní 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. f. m. eftir munnlegan málflutning, er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 20. september 1967 af Guðmundi Ásbjörnssyni fisksala, Bergstaðastræti 11, Reykjavík, á hendur Hjálmari Ólafssyni bæjarstjóra, Skjólbraut 8, Kópavogi, f. h. bæjarsjóðs Kópavogs til viðurkenningar á eftirtöldum kröfum:

Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 440.486.00 með 8% ársvöxtum frá 24. október 1966 til greiðsludags auk hæfilegs málskostnaðar að mati réttarins. Stefnukrafan sundurliðast þannig: bætur fyrir sundmarðahús, kr. 417.000.00, og lögfræðikostnaður stefnanda vegna tveggja matsmála, kr. 23.426.00, eða samtals kr. 440.426.00.

Til vara gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 263.626.00 með 8% ársvöxtum frá 24. október 1966 til greiðsludags auk hæfilegs málskostnaðar að mati réttarins. Varakrafan sundurliðast þannig: bætur vegna sundmarðahúss, kr. 240.200.00, og lögfræðikostnaður stefnanda vegna tveggja matsmála, kr. 23.426.00, eða samtals kr. 263.626.00.

Til þrautavara krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 72.926.00 með 8% ársvöxtum frá 24. október 1966 til greiðsludags auk hæfilegs málskostnaðar að mati réttarins. Krafan sundurliðast þannig: bætur vegna sundmarðahúss kr. 49.500.00, þ. e. fyrir járn og timbur, og lögfræðikostnaður stefnanda vegna tveggja matsmála, kr. 23.426.00, eða alls kr. 72.926.00.

Stefndi krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum

stefnanda og að sér verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt mati réttarins.

Málavextir eru þessir:

Með erfðaleigusamningi, útgefnum 14. nóvember 1939 í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu af landbúnaðarráðherra, var stefnanda seld á leigu til erfðafestu 0.5 hektara landspilda úr landi jarðarinnar Kópavogs, sem þá var í Seltjarnarneshreppi í Kjósarsýslu. Flutti stefnandi þá til Kópavogs og var þar búsettur fram í ársbyrjun 1966. Árið 1944 reisti stefnandi sér íbúðarhús á nefndu landi og byggði síðan við það árið 1951. Stefnandi byggði síðan árið 1948 svonefnt sundmarðahús á landinu. Var það 9.5 metra á breidd og 55 metra langt, eða alls 522.5 m^2 og 1.250 rúmmetrar. Fékk hann tilskilin leyfi viðkomandi byggingaryfirvalda fyrir húsinu, en í því stundaði hann minkarækt fram í ársbyrjun 1955, er minkaeldi var bannað með lögum.

Árið 1963 neytti Kópavogskaupstaður, sem þá var orðinn eigandi að landinu, heimildar í erfðaleigusamningnum og sagði honum upp með bréfi, dags. 26. apríl 1963, miðað við 1. maí sama ár. Í bréfi þessu sagði m. a.: „... Vegna yfirtöku landsins býður bærinn yður eftirfarandi:

1. Gerður verði lóðarsamningur fyrir húsið Hlíðarveg 13, sem verður nr. 19 skv. nýju skipulagi. Stærð lóðar ca. 800 m^2.
2. Yður verður gefinn kostur á lóðinni vestan við hús yðar, sem verður nr. 17 við Hlíðarveg. Byggingarfrestur til 1. júní 1964.
3. Kópavogskaupstaður greiðir kr. 15.000.00 — fimmtán þúsund krónur — í bætur fyrir ræktun á landinu, sem fellur í gjalddaga, þegar gatnagerðargjald af húsinu nr. 17 er gjaldkræft.

Það skal sérstaklega tekið fram, að hér er eingöngu um bætur fyrir land að ræða. Minkabú það, sem stendur á lóðinni, ber að fjarlægja skv. sérstökum samningi ...".

Í framhaldi af uppsögn landsdrottins, þ. e. stefnda, áttu sér síðan stað langvarandi samningaviðræður á milli málsaðilja um bótagreiðslur vegna yfirtöku lands og mannvirkja, en án árangurs. Með matsgerð, dagsettri 14. maí 1965, voru ákvarðaðar bætur fyrir landið og fleira, að undanskilinni 899 m^2 lóð, sem íbúðarhús stefnanda var á, svo og önnur mannvirki á þeirri lóð. Þá voru enn fremur undanþegnar í þessari matsgerð bætur fyrir sundmarðahúsið.

Þegar hér var komið, ákvað stefnandi að neyta heimildar í 14. gr. erfðaleigusamningsins til að krefjast þess, að stefndi yfir-

tæki samkvæmt mati það land, sem eftir var, íbúðarhús og mannvirki á því og þar með talið sundmarðahúsið. Að undangenginni dómkvaðningu á bæjarþingi Kópavogs 24. júní 1965 fór fram mat á þessum eignum, og er matsgerðin dags. 17. september 1965. Greiddi stefndi þá til stefnanda bætur fyrir íbúðarhús og lóð samkvæmt matsgerðinni svo og þóknun matsmanna og kostnað við dómkvaðningu þeirra, en neitaði að greiða bætur fyrir sundmarðahúsið og kostnað stefnanda vegna lögfræðilegrar aðstoðar við báðar matsgerðirnar. Hins vegar varð að samkomulagi með aðiljum, að stefndi fengi umráða- og ráðstöfunarrétt yfir sundmarðahúsinu, en stefnandi áskildi sér allan rétt til að krefjast fullra bóta fyrir það í sérstöku máli, og var sá fyrirvari samþykktur af stefnda.

Stefnandi byggir kröfur sínar í málinu á ákvæðum erfðaleigusamningsins um landið, en í 14. gr. hans segir svo: „... Fyrir ræktun og önnur mannvirki á þeim hluta landsins, sem ríkið (nú stefndi) vill taka og sem eigi brjóta í bága við erfðaleigusamning þennan, skal greiða leigutaka eftir mati úttektarmanna eða mati óvilhallra, dómkvaddra manna, nema öðruvísi semjist ...“, og enn fremur: „Nú krefst ríkið meira af landinu en ¼ hluta þess og getur þá leigutaki krafizt, að landið verði allt tekið með mannvirkjum, sem á því eru eftir mati“.

Í samræmi við heimildina í seinustu málsgrein 14. greinar erfðaleigusamningsins hafi farið fram mat á öllu því, sem undanþegið var í matsgerðinni frá 14. maí 1965, að beiðni stefnanda. Í matsgerð þeirra Sigurjóns Davíðssonar fasteignasala og Jóns Þorsteinssonar húsasmíðameistara frá 17. september 1965 segir svo um sundmarðahúsið:

„Miðað við verðlag á efni og vinnu, eins og það er nú, teljum við, að kostnaður við að byggja sundmarðahúsið mundi verða kr. 417.000.00.

Nú er á það að líta, að umrætt hús var byggt árið 1948, og verður því að teljast eðlilegt, að byggingin sér fyrnd ár hvert á þessu tímabili, og teljum við fyrningu hæfilega ákveðna 2½% fyrir hvert ár. Verður þá útkoma matsupphæðar sem hér segir:

Kr. 417.000.00. Fyrning 2½% pr. ár, kr. 10.425.00 × 16 ár = kr. 166.800.00 eða kr. 417.000.00 mínus kr. 166.800.00 = kr. 240.200.00.

Að öðru leyti viljum við taka fram, að verði húsið rifið, kemur ekki til verðs annað en járn og timbur, og teljum við þá upphæð hæfilega ákveðna kr. 49.500.00“.

Þá byggir stefnandi enn fremur kröfur sínar á 67. gr. stjórnarskrárinnar og verndun eignarréttarins.

Stefnandi mótmælir þeirri málsástæðu stefnda, sem kemur fram í greinargerð hans, að hann hafi þegar fengið fullar bætur fyrir sundmarðahúsið, sem ákvarðaðar hafi verið með héraðsdómi 5. marz 1963 og dómi Hæstaréttar 12. júní 1964 í máli, sem stefnandi höfðaði gegn ríkissjóði til skaðabóta vegna laga nr. 32/1951, sem lögðu bann við minkaeldi á Íslandi. Í máli þessu hafi stefnanda verið ákveðnar skaðabætur vegna þess, að grundvelli þeim fyrir notkun hússins, sem það var upphaflega reist til, var með greindum lögum kippt í burtu. Hins vegar hafi eignaraðild hússins alls eigi neitt breytzt, því að stefnandi hafi eftir sem áður verið hinn lögmæti eigandi þess, og því beri stefnda nú sem eignarnámshafa að greiða fullt verð eftir mati dómkvaddra manna fyrir þær eignir, sem hann með aðgerðum sínum sviptir stefnanda eignarrétti yfir. Kveður stefnandi þessa skoðun sína í samræmi við grundvallarreglur um eignarnám og verndun eignarréttarins samkvæmt stjórnarskránni.

Stefnandi heldur því fram, að hann hafi átt þess kost að nýta sundmarðahúsið á arðberandi hátt, og bendir í því sambandi á það, að falazt hafi verið eftir því til leigu, m. a. af Jóni Kr. Jóhannessyni, húsasmið í Hafnarfirði, sem hugðist nota húsið til trésmíðarekstrar og fyrir efnisgeymslur. Eins kveður stefnandi, að húsið hafi verið upplagt til þess að reka þar bílaþvottastöð.

Þá bendir stefnandi á, að stefndi hafi á sínum tíma, er samningaviðræður stóðu enn yfir, gefið fyllilega í skyn, að honum bæri að greiða bætur fyrir húsið. Komi þetta m. a. fram í bréfi bæjarstjóra Kópavogs, dags. 26. apríl 1963, þar sem segir: „... Það skal sérstaklega tekið fram, að hér er eingöngu um bætur fyrir land að ræða. Minkabú það, sem stendur á lóðinni, ber að fjarlægja skv. sérstökum samningi ...“. Með orðalaginu um sérstakan samning sé augljóslega átt við samninga um bætur fyrir húsið og fjarlægingu þess.

Varðandi þann lið kröfugerðar sinnar í málinu, er fjallar um lögfræðikostnað sinn vegna hinna tveggja matsmála, kveður stefnandi, að þar sé um að ræða þann kostnað, sem hann varð að greiða lögmanni sínum fyrir lögfræðilega aðstoð við matsmálin, og hafi hann lagt fram í málinu sundurliðaðan reikning um þennan lið stefnukröfunnar. Þennan kostnað hafi stefndi neitað að greiða þrátt fyrir kröfur sínar í þá átt. Í matsmálum þessum hafi verið fjallað um veigamikla hagsmuni. Þarna hafi

verið fyrir hendi mikill aðstöðumunur einstaklingsins gegn bæjaryfirvöldunum, sem höfðu ærna sérfræðilega aðstoð, og því hafi það bæði verið sjálfsagt, eðlilegt og bráðnauðsynlegt fyrir sig að njóta lögfræðilegrar aðstoðar. Sé það algild venja í málum sem þessum, að landsdrottinn greiði allan kostnað við matsgerðir, þ. á m. lögfræðikostnað erfðaleiguhafa, óski hann eftir að segja upp erfðaleigusamningi og taka til sín landið að nýju.

Stefndi gerir grein fyrir dómkröfum sínum á eftirfarandi hátt: Árið 1948 byggði stefnandi svonefnt sundmarðahús á landinu og stundaði þar minkaeldi fram í ársbyrjun 1955, er hann neyddist til að leggja það niður lögum samkvæmt.

Ekki gerði stefnandi sig ánægðan með að verða að leggja niður sundmarðabú sitt bótalaust og hófst því handa um málarekstur gegn ríkissjóði til heimtu skaðabóta.

Hinn 6. júní 1959 sendi lögmaður stefnanda bæjarfógetanum í Kópavogi beiðni um dómkvaðningu matsmanna, og skyldu þeir meta bæði beint og óbeint tjón hans af að verða að leggja niður sundmarðabúið. Hinir dómkvöddu matsmenn skiluðu matsgerð sinni 29. janúar 1960, en þar var fjallað um hið beina tjón stefnanda. Í matsgerðinni segir m. a.: „Við höfum athugað möguleika á því, að hagnýta umrætt hús til annarra nota en það var ætlað í upphafi, en þar sem gólf hússins er hallandi, lofthæð mjög lítil og aðkeyrslumöguleikar ekki fyrir hendi, sjáum við ekki, að unnt sé að hagnýta húsið. Af framantöldum ástæðum höfum við metið kostnað við að rífa húsið og einnig verðmæti þess efnis, sem úr húsinu kæmi, væri það rifið. Það er álit okkar, að efnið komi til með að greiða kostnað við að rífa og fjarlægja húsið ...". „Niðurstöður mats okkar eru sem hér segir: I. Sundmarðahús kr. 380.000.00 ...".

Með beiðni, dags. 6. febrúar 1960, óskaði stefnandi eftir dómkvaðningu matsmanna til að meta hið óbeina tjón sitt. Í beiðni þessari er að finna skýringu stefnanda, þar sem hann rökstyður mjög ýtarlega það álit sitt, að sundmarðahúsið sé til einskis nýtt nema til sundmarðaeldis. Að fenginni matsgerð krafði stefnandi ríkissjóð um bætur, og krafðist hann m. a. kr. 380.000.00 bóta fyrir sundmarðahúsið. Þessu var ekki sinnt, og höfðaði stefnandi því mál gegn ríkissjóði með stefnu, birtri 8. desember 1960.

Hinn 6. marz 1961 voru samkvæmt kröfu lögmanns ríkissjóðs dómkvaddir yfirmatsmenn til mats á hinu beina tjóni stefnanda. Í yfirmatsgerðinni, dags. 7. febrúar 1962, segir m. a.:

„Við erum samdóma undirmatsmönnum um það, að húsið sé ekki nothæft til annars en minkaeldis vegna byggingarlags, lítillar lofthæðar og mikils gólfhalla. Allar breytingar á því myndu verða mjög dýrar og ólíklegt, að þær yrðu leyfðar nú, þar sem landsvæðið kringum húsið hefur verið skipulagt sem íbúðarhverfi og fyrirsjáanlegt er, að húsið verður að víkja fyrir því. Virðist því ekki um annað að ræða, en að afskrifa húsið að fullu".

Hinn 5. marz 1963 var kveðinn upp héraðsdómur í máli stefnanda gegn ríkissjóði. Með þeim dómi voru stefnanda dæmdar bætur, m. a. kr. 380.000.00 fyrir sundmarðahúsið. Í forsendum héraðsdómsins segir m. a.:

„Byggja verður á yfirmatsgerð um upphæð tjónsins, enda er það skoðun dómarans, sem skoðað hefur minkahús stefnanda, að sú niðurstaða matsmanna sé rétt, að húsið sé ekki til annars nothæft en minkaeldis. Hefur ekki þótt þörf á að fá sérfróða menn til setu í dómi þessa atriðis vegna".

Dómi héraðsdóms var síðan áfrýjað og gagnáfrýjað til Hæstaréttar, sem staðfesti héraðsdóminn 12. júní 1964. Í forsendum Hæstaréttar segir m. a.:

„Bann það, sem með lögum nr. 32/1951 var lagt á við sundmarðaeldi hér á landi, leiddi til þess, að nefnd hús og tæki urðu honum (stefnanda) ónothæf eign. Þykir af þessum ástæðum rétt að taka til greina kröfu hans um skaðabætur fyrir sundmarðahús, búr og tæki".

Stefndi kveður það ómótmælanlegt með tilliti til þess, sem nú hefur verið rakið, og gagna málsins, að stefnandi hafi fengið sundmarðahús sitt að fullu bætt úr hendi ríkissjóðs. Hafi ríkissjóði verið gert að bæta honum sundmarðahúsið á þeim forsendum, að aðgerðir ríkisvaldsins hefðu leitt til þess, að það varð óhæft til allrar löglegrar notkunar og eiganda sínum verðlaust og einskis virði. Það sé höfuðregla í íslenzkum skaðabótarétti, að bætur fyrir bótaskylt tjón skuli ekki nema hærri upphæð en tjónið sjálft er metið á.

Ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar og 14. gr. erfðaleigusamningsins, sem stefnandi byggi kröfur sínar á, heimili ekki frávik frá þessari reglu. Í 67. gr. stjórnarskrárinnar segi: „og komi fullt verð fyrir". Þar sé greinilega ekki gert ráð fyrir, að eignarnámsþolar eigi rétt á meiru en „fullu verði". Í 14. gr. erfðaleigusamningsins segi: „Opinber styrkur, sem greiddur hefur verið til mannvirkja, skal dreginn frá söluverðinu". Komi þarna ótvírætt fram, hvernig líta beri á bætur þær, sem ríkissjóður greiddi stefnanda

á sínum tíma. Þá beri að telja það vera almenna reglu, að erfðafestuhafar skuli ekki hagnast á uppsögn erfðafestusamnings.

Stefndi kveður, að þegar gögn málsins séu virt, sé ekki sýnilegt, að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni, er sundmarðahúsið var yfirtekið af bæjaryfirvöldum Kópavogs, og því beri honum engar bætur þess vegna.

Að því er varðar kröfur stefnanda um greiðslu á lögfræðikostnaði vegna tveggja matsmála, þá mótmælir stefndi greiðsluskyldu sinni á þeim forsendum, að um hana sé hvorki til heimild í lögum né venju.

Varðandi aðalliðinn í dómkröfum stefnanda, um bætur fyrir sundmarðahúsið, er það álit dómarans, að fallast verði á þá málsástæðu stefnda, að stefnandi hafi þegar fengið þetta hús að fullu bætt með fyrri málssókn sinni, eins og rakið hefur verið hér að framan.

Ágreiningslaust er í þessu máli, að stefnandi rökstuddi kröfur sínar í bótamálinu gegn ríkissjóði aðallega með því, að sundmarðahúsið væri gersamlega og með öllu ónothæft til annarrar notkunar en þeirrar, sem það var reist til í upphafi, þ. e. til minkaeldis. Því er og ómótmælt af hálfu stefnanda, að húsið hafi eigi verið notað til neins frá því árið 1955 og þar til það var rifið. Telja verður og, að stefnanda hafi eigi tekizt að sýna fram á, að hann hafi haft einhverja raunhæfa möguleika til að hagnýta húsið.

Í dómi bæjarþings Reykjavíkur 5. marz 1963 í bótamáli stefnanda gegn ríkissjóði segir m. a. svo í forsendum: „... Er það því ekki atriði, sem orkar á úrslit málsins, að hér var ekki um yfirfærslu eignarréttar til ríkisins að ræða, heldur að eignir voru gerðar verðlausar. Styðst þessi niðurstaða við, að fjártjónið er hið sama, hvort heldur er ...". Og í dómi Hæstaréttar 12. júní 1964 segir svo: „Bann það, sem með lögum nr. 32/1951 var lagt við sundmarðaeldi hér á landi, leiddi til þess, að nefnd hús og tæki urðu honum ónothæf eign".

Með tilvísun til þess, sem nú hefur verið rakið, og þess, að telja verður, að stefnandi hafi áður fengið sundmarðahúsið að fullu bætt, og að stefnanda hafi eigi tekizt að sýna fram á, að nefnt hús hafi verið eign, sem hafði eitthvað fjárhagslegt gildi, ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda um bætur fyrir þetta hús.

Í sambandi við þann kröfulið, sem er krafa stefnanda um heimtu lögfræðikostnaðar vegna tveggja matsmála úr hendi stefnda, ber að hafa það í huga, að þarna var um að ræða matsmál, sem rekin

voru í því skyni, að ákvarða endurgjald eða bætur til handa stefnanda fyrir eignir hans, sem hann var svo sviptur. Voru þarna allmiklir hagsmunir í húfi, og verður það að teljast bæði sjálfsagt og eðlilegt, að stefnandi aflaði sér lögfræðilegrar aðstoðar, eins og á stóð. Gagnaðili hans, hið opinbera, hafði aðgang að alls konar sérfræðilegri aðstoð, en stefnandi ólögfróður einstaklingur.

Álíta ber, að stefnandi geti eigi talizt hafa fengið fullar bætur fyrir þann skaða, sem svipting eignanna var honum, verði hann að sæta því að greiða sjálfur eðlilegan og sjálfsagðan kostnað við að meta skaðann.

Með tilvísun til ofanritaðs og þar sem kröfuliður þessi hefur eigi mætt neinum rökstuddum mótmælum tölulega, verður hann tekinn til greina að fullu. Verður að telja, að þessi niðurstaða styðjist við venju og eðli máls.

Með tilliti til allra málavaxta þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Ólafur St. Sigurðsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hjálmar Ólafsson bæjarstjóri f. h. bæjarsjóðs Kópavogs, greiði stefnanda, Guðmundi Ásbjörnssyni, kr. 23.426.00 með 8% ársvöxtum frá 24. október 1966 til greiðsludags innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 20. október 1969.

Nr. 128/1968. **Ásmundur Steinar Jóhannsson**
(Sigurður Sigurðsson hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Setudómaralaun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. júlí 1968. Hann gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 55.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 29. nóvember 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar hér fyrir dómi úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti þykir eiga að falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. apríl 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, dags. 22. febrúar f. á., af Ásmundi Steinari Jóhannssyni lögfræðingi, Stafholti 20, Akureyri, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómsmálaráðherra er stefnt til réttargæzlu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 55.000.00 með 7% ársvöxtum frá 29. nóvember 1966 til greiðsludags. Til vara krefst hann þess, að sér verði dæmd fjárhæð, er dómurinn telji hæfilega. Málskostnaðar krefst stefnandi að skaðlausu eða eftir mati dómsins.

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins. Til vara krefst hann þess, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Af hálfu réttargæzlustefnda hefur eigi verið sótt dómþing í málinu.

Málavextir eru þessir:

Með umboðsskrá, dags. 13. júlí 1966, skipaði dómsmálaráðherra stefnanda til að framkvæma dómsrannsókn vegna kæru 48 sóknarmanna út af prestkosningu í Möðruvallaprestakalli í Eyjafjarðarprófastsdæmi svo og til að kveða upp dóm í málinu, ef til málshöfðunar kæmi. Í bréfi frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til stefnanda, dags. sama dag, sem fylgdi umboðsskránni, segir svo: „Þóknun fyrir starf þetta verður yður greidd úr ríkissjóði eftir reikningi úrskurðuðum af ráðuneytinu".

Stefnandi hóf umrædda dómsrannsókn 19. júlí 1966 og háði síðast dómþing sitt í málinu 6. september s. á. Með bréfi, dags. 7. s. m., lýsti ákæruvaldið yfir því, að eigi væri af þess hálfu krafizt frekari aðgerða, og lauk þar með rannsóknar- og dómstörfum stefnanda í téðu máli.

Hinn 21. september 1966 sendi stefnandi dómsmálaráðuneytinu reikning yfir kostnað vegna rannsóknarinnar og þóknun til sín. Námu kostnaðarliðir reikningsins kr. 11.304.00. Þá fjárhæð greiddi ráðuneytið með kr. 10.304.00, og eru ekki af stefnanda hálfu hafðar uppi frekari kröfur út af þeirri greiðslu ráðuneytisins. Hins vegar gerði stefnandi kröfu til kr. 80.000.00 þóknunar sér til handa fyrir störf sín sem rannsóknardómari í nefndu máli. Til greiðslu á þeirri fjárhæð sendi dómsmálaráðuneytið hinn 29. nóvember 1966 stefnanda kr. 25.000.00, og segir ráðuneytið í bréfi því, er fylgdi greiðslu þessari, að það telji hana hæfilega greiðslu fyrir umrætt dómarastarf stefnanda miðað við umfang málsins.

Stefnandi vildi ekki una þessari úrlausn dómsmálaráðuneytisins og krafðist fullrar greiðslu á nefndum kr. 80.000.00, en þar sem ráðuneytið vildi eigi breyta fyrri ákvörðun sinni, hefur stefnandi höfðað mál þetta og gert þær dómkröfur, sem áður greinir, þ. e. að honum verði dæmdar kr. 55.000.00, sem er mismunurinn á kröfu hans kr. 80.000.00 og kr. 25.000.00, sem hann hefur fengið greiddar.

Kröfu sína í máli þessu styður stefnandi þeim rökum fyrst og fremst, að þóknun þeirri, kr. 80.000.00, sem hann gerir kröfu til, sé mjög í hóf stillt, þegar litið sé til þess, hvers eðlis nefnd

dómsrannsókn hafi verið, svo og sérmenntunar sinnar og reynslu við rannsóknir opinberra mála. Þá heldur stefnandi því og fram, að enda þótt dómsmálaráðuneytið hafi í áðurgreindu bréfi sínu 13. júlí 1966 mælt svo, að þóknun stefnanda yrði ákveðin eftir úrskurði þess, geti ráðuneytið eigi án sérstakrar lagaheimildar tekið slíka einhliða ákvörðun, svo bindandi sé fyrir hann, enda sé það nú almenn regla samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, að þeir eigi samningsrétt um kjör sín. Neitar stefnandi því, að hann hafi gengizt undir einhliða ákvörðun ráðuneytisins með þeim hætti, að bindandi sé fyrir hann.

Í sambandi við varakröfu sína bendir stefnandi á það, að tveir matsmenn, dómkvaddir af bæjarþingi Reykjavíkur, Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður, hafi samkvæmt matsgerð, dags. 31. október 1967, talið hæfilega þóknun til sín kr. 38.000.00.

Stefndi hefur eindregið mótmælt dómkröfum stefnanda. Byggir hann málsvörn sína á því, að áðurnefnd ákvörðun dómsmálaráðuneytisins um þóknun til stefnanda sé fullnaðarúrskurður, er eigi verði haggað, enda hafi stefnandi tekið við setudómarastarfinu með þeim skilmálum af hálfu ráðuneytisins, að þóknun til hans færi eftir ákvörðun þess, og það án nokkurs fyrirvara um þetta atriði. Þá kveður stefndi og, að þóknun sú, sem stefnandi fékk fyrir starf sitt, hafi verið fullnægjandi og fremur of há en of lág miðað við sambærilegar greiðslur fyrir hliðstæð störf.

Dómsrannsókn sú, er stefnandi framkvæmdi, fór fram á tímabilinu frá 19. júlí til 6. september 1966. Voru þinghöld alls 14, þar af 12 þinghöld frá 19. júlí til 15. ágúst. Þingað var alls 12 daga, en eigi sést af dómsrannsókninni, hve langan tíma þingað hafi verið dag hvern. Fyrir dóm komu 17 aðiljar, en þar sem sami aðilinn kom fyrir dóm oftar en einu sinni, urðu fyrirtökur alls 26. Lengd endurrita er alls 66 bls. quarto, þar af er efni framlagðra skjala 28 blaðsíður. Þinghöld öll, að þremur undanskildum, fóru fram á Akureyri, aðsetursstað stefnanda. Eitt þing var háð í Reykjavík og tvö í Eyjafjarðarsýslu. Fékk stefnandi, eins og áður greinir, útlagðan ferðakostnað greiddan og að því er virðist kr. 2.000.00 í dagpeninga samtals. Málefni það, er rannsakað var, virðist ekki hafa verið flókið meðferðar, en nokkurt viðkvæmnismál innan héraðs.

Það mun vera hefðbundin venja, er dómsmálaráðuneytið skipar setudómara til sérstakra dómstarfa, að þeim sé tjáð af hálfu ráðuneytisins, er skipun fer fram, að þóknun fyrir störf sín fái

þeir samkvæmt úrskurði ráðuneytisins, og hefur eigi komið fram í máli þessu, að áður hafi komið til málssóknar út af ágreiningi um slíka þóknun.

Stefnandi tók að sér án lagaskyldu að framkvæma umrædda dómsrannsókn og lauk henni án nokkurs fyrirvara um þá ákvörðun dómsmálaráðuneytisins, er hann fékk vitneskju um samtímis skipunarbréfi sínu, að honum yrði greidd þóknun fyrir störf sín samkvæmt reikningi úrskurðuðum af ráðuneytinu. Samkvæmt meginreglum laga batt þó viðtaka skipunarbréfsins og athugasemdalaus vitneskja stefnanda um greiðsluháttt dómsmálaráðuneytisins hann eigi til þess að hlíta ósanngjarnri greiðslu fyrir rannsóknarstörf sín. En með hliðsjón af umfangi dómsrannsóknar stefnanda, þeim tíma, er séð verður, að hann hafi varið til hennar, og þeirri fyrirhöfn, sem ætla má, að hún hafi kostað hann, verður eigi talið, að fjárhæð sú, er dómsmálaráðuneytið greiddi stefnanda, sé neðan þess marks, sem hann, eins og atvikum máls þessa er háttað, verður að hlíta. Haggar framangreind matsgerð eigi þeirri niðurstöðu.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af dómkröfu stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Hákon Guðmundsson yfirborgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Ásmundar Steinars Jóhannssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudagur 27. október 1969.

Nr. 163/1968. **Haraldur Þorsteinsson** (enginn)
gegn
Ragnari Haraldssyni og gagnsök
(Björn Sveinbjörnsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Útivist aðaláfrýjanda. Skuldamál. Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. september 1968. Er málið var tekið þar fyrir til munnlegs flutnings hinn 22. þ. m., var þing eigi sótt af hendi aðaláfrýjanda. Ber því að fella aðalsök í máli þessu niður, sbr. 39. gr. laga nr. 57/1962.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 31. október 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. s. m. Dómkröfur hans eru þessar:

„*Aðallega*, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda kr. 106.115.00 ásamt 1% vanskilavöxtum á mánuði eða byrjuðum mánuði af kr. 37.800.00 frá 1/7 1965 til 1/10 s. á., af kr. 58.445.00 frá þeim degi til 2/11 s. á. og frá þeim degi af kr. 76.145.00 til 30/12 s. á., en af kr. 96.040.00 frá þeim degi til 15/1 1966, en af kr. 103.865.00 frá þeim degi til 15/2 s. á., af kr. 88.865.00 frá þeim degi til 1/8 s. á. og loks af kr. 91.115.00 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 15.000.00.

Til vara er þess krafizt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 81.870.00 að frádregnum kr. 15.000.00, eða kr. 66.870.00, með 1% vanskilavöxtum á mánuði frá 1. jan. 1966 til greiðsludags.

Til þrautavara er krafizt staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó með þeirri breytingu, að krafizt er 1% vanskilavaxta á mánuði frá 1. jan. 1966 til greiðsludags.

Þess er ennfremur krafizt, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð, er fram fór 30. ágúst 1968, verði staðfest og að aðaláfrýj-

anda verði gert að greiða gagnáfrýjanda hæfilegan málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar".

Samkvæmt kröfu gagnáfrýjanda var gert fjárnám eftir héraðsdómi í eign aðaláfrýjanda hinn 30. ágúst 1968. Þar sem gagnáfrýjandi gerði þá ekki fyrirvara um áfrýjun af sinni hálfu, hefur hann fyrirgert áfrýjunarrétti til heimtu hærri fjárhæðar en héraðsdómur dæmdi. Ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Með því að engir annmarkar eru á hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð, ber og að staðfesta hana.

Aðaláfrýjandi hafði áfrýjað málinu, áður en gagnáfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína, og var þá ástæða til, að gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu til staðfestingar héraðsdómi. Er því rétt, að aðaláfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Aðalsök máls þessa fyrir Hæstarétti er felld niður.

Í gagnsök er hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð staðfest.

Aðaláfrýjandi, Haraldur Þorsteinsson, greiði gagnáfrýjanda, Ragnari Haraldssyni, kr. 15.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. júlí 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 27. f. m., hefur Ragnar Haraldsson, Norður-Reykjum, Mosfellssveit, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 2. marz 1967, á hendur Haraldi Þorsteinssyni, Miðtúni 30 hér í borg, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 106.115.00 ásamt 1% dráttarvöxtum á mánuði eða byrjuðum mánuði af kr. 37.800.00 frá 1. júlí 1965 til 1. október s. á., af kr. 58.445.00 frá þeim degi til 2. nóvember s. á., af kr. 76.145.00 frá þeim degi til 30. desember s. á., af kr. 96.040.00 frá þeim degi til 15. janúar 1966, af kr. 103.865.00 frá þeim degi til 15. febrúar s. á., af kr. 88.865.00 frá þeim degi til 1. ágúst s. á. og af kr. 91.115.00 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómsins, allt að frádregnum kr. 15.000.00. Auk framangreindra krafna var þess krafizt til vara við munnlegan flutning

málsins, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda fyrir 870 m³ fyllingarefnis á kr. 90.00 hvern rúmmetra að viðbættum 25%, en til þrautavara, að stefndi verði dæmdur til að greiða fyrir 870 m³ á kr. 75.00 hvern rúmmetra að viðbættum 25%.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo, að stefnandi hafi undanfarin ár rekið starfsemi með sölu og flutningi á fyllingarefni til fyllingar í grunna nýbygginga. Hann hafi látið stefnda í té fyllingarefni í grunn hússins nr. 1 við Álftamýri og sé höfuðstóll stefnukröfunnar andvirði þess efnis. Hinn 15. febrúar 1966 hafi stefndi greitt upp í skuld sína kr. 15.000.00 án nokkurs fyrirvara, en þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir hafi stefndi eigi verið fáanlegur til að inna frekari greiðslur af hendi.

Stefnandi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að stefndi hafi tekið að sér sem verktaki að grafa grunn hússins nr. 1 við Álftamýri og setja í hann fyllingarefni. Hafi þeir aðiljarnir svo gert með sér samning um það, að hann, þ. e. stefnandi, æki fyllingarefni í umræddan húsgrunn fyrir kr. 75.00 hvern rúmmetra fyllingarefnis mælt laust. Stefnandi kveðst hafa boðið stefnda að aka fyllingarefni í grunninn fyrir kr. 90.00 hvern rúmmetra og þá miðað við fyllingarefnið mælt þjappað í grunninum, en stefndi hafi ekki viljað samþykkja það tilboð, þar sem hann hafi talið sig ná hagstæðari samningi með hinum fyrrgreindu kjörum. Stefnandi kveðst fyrst hafa reynt að fá stefnda til að greiða fyrir verkið um sumarið 1965, en stefndi hafi borið við fjárskorti og ekki sagzt geta greitt, fyrr en húseigandinn hefði greitt sér fyrir verkið. Þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir hafi stefndi síðan dregið greiðslu, en hinn 15. febrúar 1966 hafi hann greitt kr. 15.000.00 upp í skuldina. Síðan hafi stefndi ekki innt neina greiðslu af hendi. Við framangreinda samningsgerð þeirra aðiljanna kveður stefnandi ekki hafa verið rætt um neinn skuldajöfnuð í sambandi við verk við Norræna húsið og kveðst eigi hafa heyrt á slíkt minnzt, fyrr en undir rekstri máls þessa.

Í greinargerð stefnda er sýknukrafa hans byggð á því, að hann eigi hjá stefnanda vegna fyrri viðskipta þeirra aðiljanna hærri fjárhæð en krafa stefnanda í máli þessu nemur. Því muni stefndi hafa uppi kröfu um skuldajöfnuð á þeirri kröfu og kröfu stefnanda og muni stefndi jafnframt krefjast sjálfstæðs dóms um það, sem umfram kann að vera. Við munnlegan flutning málsins var því og haldið fram, að endurgjald það, sem stefnandi

krefst fyrir umrætt verk, sé of hátt, enda hafi aðiljarnir samið um greiðslu, er næmi kr. 75.00 fyrir hvern rúmmetra af þjöppuðu efni.

Stefndi hefur skýrt svo frá varðandi viðskipti þau, sem þeir aðiljarnir hafi átt saman, að í ársbyrjun 1965 hafi stefnandi tekið að sér að grafa fyrir grunni Norræna hússins og fylla hann með sandi og hafi uppgröftur þessi numið 8.000 m^3. Hann kveður þeim aðiljunum hafa komið saman um það, að hann, þ. e. stefndi, skyldi leggja til vél til framkvæmdar verksins, en stefnandi skyldi greiða fyrir vélarleiguna með uppfyllingarefni. Ekki kveður stefndi endanlegar tölur hafa verið ákveðnar fyrir þessa vinnu, en miðað hafi verið við gangverð á þeim tíma, sem verkið var unnið. Stuttu síðar kveðst stefndi hafa tekið að sér fyrir stefnanda að grafa grunn hússins nr. 5 við Skeifuna og hafi endurgjald fyrir verkið numið kr. 146.250.00. Af þeirri fjárhæð kveður stefndi stefnanda hafa greitt sér kr. 115.000.00 og nemi því eftirstöðvarnar kr. 31.250.00. Kveður stefndi því stefnanda skulda sér síðastgreinda fjárhæð auk greiðslu fyrir vélarleigu við gröft á grunni Norræna hússins. Um mitt sumar 1965 kveðst stefndi svo hafa tekið að sér að grafa fyrir grunni hússins nr. 1 við Álftamýri og hafi hann einnig átt að fylla grunninn með sandi. Kveðst hann hafa samið um það við stefnanda, að hann léti í té fyllingarefni í grunninn. Hann kveður stefnanda hafa boðið tvenns konar verð, annars vegar kr. 65.00 fyrir hvern rúmmetra kominn á staðinn og hins vegar kr. 75.00 fyrir hvern rúmmetra og væri þá efnið mælt þjappað á staðnum. Til þess að fyrirbyggja ágreining kveðst stefndi hafa tekið hærra tilboðinu og hafi átt að mæla magnið að verki loknu. Í skýrslu sinni kveður stefndi þessa mælingu þó ekki enn hafa verið framkvæmda og stafi það m. a. af því, að stefnandi hafi ekki enn, þ. e. í aprílmánuði 1967, ekið öllum þeim sandi, sem honum hafi borið, til þess að unnt væri að ljúka verkinu, og einnig hafi veðurfar valdið því, að ekki var hægt að ljúka verkinu. Kveður stefndi tölur þær, sem stefnandi byggir kröfur sínar á, vera hreina ágizkun, þar sem uppmæling hafi ekki farið fram og engin leið að vita um efnismagn, án þess að það sé gert. Þá kveður stefndi það ekki rétt, að hann hafi hinn 15. febrúar 1966 greitt kr. 15.000.00 upp í hina umstefndu kröfu, heldur hafi hér verið um að ræða lán til stefnanda, þar sem hann hafi sagzt vera í fjárhagsvandræðum vegna erlends láns. Kveðst stefndi eiga kvittun stefnanda fyrir láni þessu.

Stefnandi hefur skýrt svo frá varðandi framkvæmd verksins

við grunn Norræna hússins, að hann hafi gert tilboð í að grafa grunninn og fylla hann aftur með sandi og hafi því tilboði verið tekið. Stefnandi kveður þá Gylfa Magnússon hafa samið þetta tilboð að ýmsu leyti saman, en stefnandi kveðst sjálfur hafa undirritað tilboðið og einn verið ábyrgur sem verktaki. Stefnandi kveðst svo hafa samið um það við Gylfa, að hann tæki að sér að grafa grunn hússins. Hafi Gylfi tekið það að sér og unnið að verkinu með gröfu, sem hann hafi verið eigandi að. Eftir að unnið hafi verið að verkinu í nokkurn tíma, kveður stefnandi Gylfa hafa þurft að nota gröfuna við framkvæmd annars verks og hafi Gylfi þá séð um að útvega aðra gröfu í staðinn. Kveðst stefnandi síðar hafa komizt að raun um, að það var stefndi, sem átti þá gröfu. Á meðan á verkinu stóð, kveðst stefnandi nokkrum sinnum hafa hitt stefnda að máli, en hann kveðst aldrei hafa rætt um það við stefnda, að hann ætti að taka verkið að sér, og því hafi aldrei verið gerður samningur um það af sinni hálfu við stefnda. Kveðst stefnandi telja, að hann sé búinn að greiða Gylfa fyrir gröftinn við Norræna húsið. Að því er varðar verkið við húsið Skeifuna 5, kveður stefnandi, að það sé til komið á sama eða svipaðan hátt og við Norræna húsið. Kveðst hann hafa gert tilboð í að grafa grunn hússins og hafi það tilboð verið samþykkt. Kveðst hann svo hafa samið við Gylfa um að grafa grunninn, en verið geti, að stefndi hafi eitt sinn verið viðstaddur viðræður þeirra Gylfa, en þeir Gylfi og stefndi hafi átt saman a. m. k. aðra gröfuna, sem notuð var við verkið. Stefnandi kveður svo byrjað hafa verið að grafa grunninn með sömu gröfu og við Norræna húsið og síðan hafi báðar gröfurnar verið notaðar samtímis við verkið. Stefnandi kveðst hafa greitt fyrir þetta verk kr. 115.000.00 í tveimur greiðslum og hafi hann innt þær af hendi til stefnda að beiðni Gylfa. Hann kveður þetta ekki hafa verið fullnaðargreiðslu, en hins vegar hafi þetta verk verið gert upp ásamt fleiri verkum við fullnaðaruppgjör. Varðandi þær kr. 15.000.00, sem stefndi greiddi hinn 15. febrúar 1966, hefur stefnandi skýrt svo frá, að hann hafi á þessum tíma verið að festa kaup á bifreið og hafi hann þurft að ná saman öllu því fé, sem tiltækt var. Kveðst hann vafalaust hafa sagt stefnda, að hann þyrfti að fá greitt upp í skuldina vegna erlends láns, sem á hann væri að falla.

Vitnið Gylfi Magnússon hefur skýrt svo frá, að stefnandi hafi samið um það við sig að grafa fyrir grunni Norræna hússins og hafi hann átt að fá ákveðna krónutölu fyrir hvern rúmmetra af uppgrafinni mold. Kveðst Gylfi hafa lagt til gröfu, sem hann hafi

átt með tveim öðrum mönnum, og hafi stefndi verið annar þeirra. Gylfi kveður gröfu þessa aðeins hafa verið til taks um helgar og hafi málin þróazt þannig, að stefndi hafi lagt til aðra vél, sem hann hafði umráð yfir. Telur Gylfi efalaust, að hann hafi beðið stefnda um að leggja til gröfu við framkvæmd verksins, þótt hann treysti sér ekki um það að fullyrða. Ekki kveðst Gylfi vita, hverja samninga aðiljar máls þessa hafi gert um greiðslu fyrir síðari gröfuna. Gylfi kveður endanlegt uppgjör fyrir fyrri gröfuna enn ekki hafa farið fram, svo að hann viti. Kveðst Gylfi hafa afskrifað skuld þá, sem hann kynni að hafa átt á hendur stefnanda fyrir vinnuna við Norræna húsið, enda hafi hann talið hana glataða, þar sem hann hafi ekki haft neitt skriflegt í höndunum fyrir henni. Gylfi kveður afskipti sín af framkvæmdum við húsið nr. 5 við Skeifuna hafa verið svipuð og við Norræna húsið.

Af hálfu stefnda hafa verið lagðir fram reikningar og nótur fyrir fyllingarefni, samtals að fjárhæð kr. 106.115.00.

Við munnlegan flutning málsins var af hálfu stefnda lagður fram útreikningur Vilhjálms Þorlákssonar verkfræðings á rúmmáli fyllingarefnis í grunn lyfjabúðar við Álftamýri, en það er hús það, sem fjallað er um í máli þessu sem nr. 1 við Álftamýri. Er útreikningur þessi byggður á mælingum og útreikningum gerðum hinn 18. janúar 1966. Samkvæmt útreikningi þessum er magn fyllingarefnisins þetta:

„Fylling undir gólf:		240 m³	þjappað
—	meðfram sökklum	380 m³	óþjappað
—	á lóð	300 —	—
—	í skurði	20 —	—
		700 m³	

Umreiknað í þjappaða fyllingu:

	240 m³
700 × 0,9	630 —
	Samtals 870 m³“.

Við munnlegan flutning málsins voru einnig lagðir fram af hálfu stefnda tveir reikningar frá Vélaleigunni h/f, annar fyrir leigu á skurðgröfu við gröft á grunni Norræna hússins, kr. 96.000.00, en hinn fyrir leigu á skurðgröfu við gröft á grunni hússins nr. 5 við Skeifuna.

Af hálfu stefnanda var reikningum þessum svo og útreikningi Vilhjálms Þorlákssonar mótmælt. Var því og mótmælt, að stefndi eigi kröfur á hendur stefnanda vegna framkvæmda við Norræna húsið og Skeifuna 5.

Lögð hefur verið fram útboðslýsing á grefti á grunni og bifreiðastæði umræddrar byggingar og fyllingu á því. Aðiljar buðu báðir í framkvæmd verksins, eins og fram er komið. Í útboðslýsingunni segir m. a. svo: „Tilboð skal þó miða við rúmmetra graftar og rúmmetra í þjappaðri fyllingu, og er rúmmálið fundið með því að mæla grunninn, eftir að grafið hefur verið og síðan eftir að fyllt hefur verið í bílastæði". Þá er ágreiningslaust, að stefnandi bauð í verkið þannig: Fyrir að grafa og fjarlægja uppgröft, kr. 38.00 fyrir hvern rúmmetra, og fyrir að fylla og þjappa, kr. 90.00 fyrir hvern rúmmetra. Tilboð stefnda var hins vegar þannig: Fyrir að grafa og fjarlægja, kr. 27.00 fyrir hvern rúmmetra, og fyrir að fylla og þjappa, kr. 117.00 fyrir hvern rúmmetra.

Það er ágreiningslaust, að eigi var gerður skriflegur samningur um viðskipti aðiljanna um fyllingarefnið í grunn lyfjabúðarinnar að Álftamýri 1. Samkvæmt skýrslum aðilja þykir mega leggja til grundvallar, að þeir hafi samið um kr. 75.00 sem einingarverð fyrir hvern rúmmetra fyllingarefnis, en þá greinir á um það, hvort þetta einingarverð skyldi miðast við þjappað eða óþjappað efni. Gegn andmælum stefnda hefur stefnandi ekki fært að því sönnur, að efni samnings þeirra hafi verið það, að hann léti stefnda í té fyllingarefnið fyrir kr. 75.00 hvern rúmmetra, mælt óþjappað. Þykir því eigi unnt að leggja til grundvallar reikninga þá, sem stefnandi byggir kröfu sína á. Stefndi hefur eigi lagt fram kvittun fyrir greindum kr. 15.000.00, sem hann kveðst hafa greitt stefnanda sem lán. Þykir því mega leggja til grundvallar, að þar hafi verið um að ræða greiðslu upp í endanlegt endurgjald fyrir verkið. Hins vegar verður eigi talið samkvæmt því, sem fram er komið um aðdraganda að greiðslu þessari, að með henni hafi stefndi viðurkennt endanlega kröfu stefnanda. Samningur aðiljanna var gerður í framhaldi af tilboðum þeim, sem þeir höfðu gert í framkvæmd verksins í samræmi við áðurgreinda útboðslýsingu. Með hliðsjón af því þykir mega skýra samning aðiljanna svo, að þar hafi verið samið um það, að stefndi skyldi greiða kr. 75.00 fyrir hvern rúmmetra fyllingarefnis, mælt þjappað á staðnum, og er þá hafður í huga hæfilegur kostnaður við þjöppun efnisins. Mælingu Vilhjálms Þorlákssonar verkfræð-

ings á efnismagninu hefur að vísu verið mótmælt af hálfu stefnanda, en þar sem hins vegar er byggt að nokkru á því sama efnismagni í varakröfu og þrautavarakröfu stefnanda, þá þykir mega leggja það til grundvallar við úrlausn málsins. Stefndi hefur eigi fært að því nægileg rök, að hann eigi gagnkröfur á hendur stefnanda vegna framkvæmda við Norræna húsið og húsið Skeifuna 5. Þykir því eigi unnt að sinna skuldajafnaðarkröfu hans í þessu máli.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verða úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 65.250.00 (75 × 870) að frádregnum kr. 15.000.00, er stefndi greiddi hinn 15. febrúar 1966, eða kr. 50.250.00. Með hliðsjón af öllum málavöxtum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða stefnanda 7% ársvexti af hinni dæmdu fjárhæð frá 1. ágúst 1966 til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum málsins verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 12.500.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Guðmundi Magnússyni og Theodór Árnasyni verkfræðingum.

Dómsorð:

Stefndi, Haraldur Þorsteinsson, greiða stefnanda, Ragnari Haraldssyni, kr. 50.250.00 með 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1966 til greiðsludags og kr. 12.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 30. ágúst 1968.

Ár 1968, föstudaginn 30. ágúst, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Miðtúni 30 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta, Böðvari Bragasyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A 2522/1968: Ragnar Haraldsson gegn Haraldi Þorsteinssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 1527/1967, svohljóðandi.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jón E. Ragnarsson héraðsdómslögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 50.250.00 með 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1966 til greiðsludags, kr. 12.500.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér, en er ekki viðstaddur ... /sem upplýsir

að gerðarþoli sé þinglýstur eigandi fasteignarinnar Miðtún 30 (sic).

Samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, fasteigninni Miðtúni 30.

Fógeti ákvað, að gerðarþola skyldi tilkynnt um fjárnámið í ábyrgðarbréfi. Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar.

Mánudagur 27. október 1969.

Nr. 84/1969. **Sigurður Helgason**
(Kristinn Einarsson hdl.)
gegn
Herði Helgasyni og gagnsök
(Sigurður Helgason hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál. Samningur um lausn veðbands. Dagsektir.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. maí 1969. Dómkröfur hans eru þessar: *Að* gagnáfrýjanda verði gert að greiða honum kr. 307.825.00 með 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 7.825.00 frá 14. september 1966 til 21. október 1967 og af kr. 307.825.00 frá þeim degi til greiðsludags, *að* gagnáfrýjanda verði dæmt að viðlögðum kr. 2.000.00 dagsektum til aðaláfrýjanda að leysa veð af eignarhluta aðaláfrýjanda í fasteigninni Safamýri 44, Reykjavík, sem hvílir með 3ja veðrétti á eigninni samkvæmt veðbréfi, dags. 13. desember 1963, til tryggingar skuld að fjárhæð tékkneskar krónur 35.000.00 og *að* gagnáfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 9. maí 1969. Krefst hann sýknu og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Kröfu aðaláfrýjanda um framangreinda veðbandslausn verður að jafna til kröfu um peningagreiðslu. Dagsektir verða því ekki dæmdar, sbr. 2. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Ársvexti af dæmdri fjárhæð, kr. 7.825.00, ber að ákveða 7%. Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Hörður Helgason, greiði aðaláfrýjanda, Sigurði Helgasyni, kr. 7.825.00 með 7% ársvöxtum frá 14. september 1966 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi leysi veð af eignarhluta aðaláfrýjanda í fasteigninni Safamýri 44, Reykjavík, sem hvílir með 3ja veðrétti á eigninni samkvæmt veðbréfi, dags. 13. desember 1963, til tryggingar skuld að fjárhæð tékkneskar krónur 35.000.00.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. apríl 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. m., hefur Sigurður Helgason, Safamýri 44, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Herði Helgasyni, Kjartansgötu 2, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 307.825.00 ásamt 1% vöxtum á mánuði fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 7.825.00 frá 14. september 1966 til 21. október 1967, en af kr. 307.825.00 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Hinn 27. nóvember 1968 höfðaði stefnandi framhaldssök í máli þessu, og eru dómkröfur stefnanda í framhaldssök þær, að stefndi, Hörður Helgason, verði dæmdur að viðlögðum dagsektum, kr. 2.000.00 á dag, er renni til stefnanda, að leysa af eignarhluta stefnanda í húsinu nr. 44 við Safamýri, Reykjavík, veð það, er stefnandi hafi lánað Sokkaverksmiðjunni Evu h/f samkvæmt veðbréfi, útgefnu 13. desember 1963, en veðið hafi verið til trygg-

ingar skuld fyrirtækisins að fjárhæð tékkneskar krónur 35.000.00. Í framhaldssök krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins bæði í aðalsök og framhaldssök.

Málavöxtum í aðalsök lýsir stefnandi á þá leið, að hann hafi á sínum tíma verið hluthafi í Sokkaverksmiðjunni Evu h/f og hafi hann þá gengið í ýmsa ábyrgð fyrir félagið. Á árinu 1966 hafi Hörður Helgason orðið formaður félagsins og hafi hann óskað eftir að kaupa hlutabréf stefnanda í félaginu og hafi hann jafnframt boðizt til að leysa stefnanda undan öllum þeim skuldbindingum, er stefnandi hafði gengið í vegna félagsins. Hafi þeir undirritað samning þess efnis hinn 7. maí 1966, að stefndi keypti af stefnanda hlutabréf í Sokkaverksmiðjunni Evu h/f að nafnverði kr. 20.000.00. Einnig hafi stefnandi afsalað stefnda rétti sínum til kaupa á hlutabréfum að fjárhæð kr. 130.000.00, er stefnandi hafi verið búinn að skrá sig fyrir, en hafði enn eigi greitt. Í stað þessa hafi stefndi lofað að greiða stefnanda kr. 10.000.00 og leysa hann undan öllum ábyrgðum, er hann hafi verið í vegna Sokkaversksmiðjunnar Evu h/f, en á þessum tíma hafi stefndi verið stjórnarformaður í hlutafélaginu. Í samningi þessum segir m. a.:

„Víxilskuldbindingum þeim, er Sigurður hefur gengið í fyrir Evu h/f ýmist sem samþykkjandi eða ábyrgðarmaður, verður hann leystur frá á gjalddaga víxlanna, en þeir eru:

a. Víxill, að fjárhæð kr. 16.000.00, pr. 20/5 1966.
b. Víxill, að fjárhæð kr. 2.000.00, pr. 28/5 1966.
c. Víxill, að fjárhæð kr. 60.000.00, pr. 1/6 1966.
d. Víxill, að fjárhæð kr. 6.500.00, pr. 20/6 1966.
e. Víxill, að fjárhæð kr. 11.000.00, pr. 20/7 1966.
f. Víxill, að fjárhæð kr. 4.000.00, pr. 20/7 1966".

Við þetta samkomulag hafi stefndi ekki staðið.

Víxil þann, sem getið er í d lið í ofangreindri upptalningu, hafi stefnandi orðið að leysa til sín hinn 14. september með kr. 7.825.00.

Þá kveðst stefnandi hafa orðið að greiða kr. 300.000.00 til Samvinnubanka Íslands h/f, útibúsins á Akranesi, vegna víxilábyrgðar fyrir Sokkaverksmiðjuna Evu h/f. Þeirrar víxilábyrgðar sé eigi sérstaklega getið í samningi þeim, er áður er getið, þar sem stefndi hafi tjáð stefnanda, að búið væri að ganga frá þeim víxli og annar víxill kominn í stað hans hjá bankanum. Stefnandi segir, að þessa víxils hefði verið getið í samningnum, ef stefndi hefði veitt réttar upplýsingar. Stefnandi segir, að samningur sá,

er stefnandi hafi gert við stefnda, hafi verið gerður í þeim tilgangi m. a., að stefnandi mætti losna úr öllum þeim ábyrgðum, sem hann hafi verið í fyrir félagið, enda hafi engin undantekning verið gerð þar um í samningnum. Að víxilábyrgðarinnar í Samvinnubankanum á Akranesi sé eigi getið, sé eingöngu sök stefnda.

Sýknukröfu sína í aðalsök rökstyður stefndi með því, að svo sem samningurinn á dskj. nr. 3 beri með sér, séu víxilskuldbindingarnar, sem stefnandi hafði tekið á sig og lofað hafi verið að leysa hann undan, taldar tæmandi upp. Hvergi sé minnzt á þessa 300 þúsund króna skuldbindingu, sem stefnandi reisi mál sitt á, enda staðhæfir stefndi, að aldrei hafi verið á það minnzt, að stefnandi yrði leystur undan henni eða nokkuð talað um þessa skuldbindingu.

Stefndi kveðst telja, að hann hafi staðið við samninginn á dskj. nr. 3 að öllu leyti. Ef víxill, sem talinn sé upp undir lið d, hafi ekki verið greiddur, sé það yfirsjón og muni stafa af því, að stefnandi hafi ekki framvísað víxlinum. Stefndi hafi verið formaður stjórnar Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f og framkvæmdastjóri fjármála fyrirtækisins frá 19. febrúar 1966 til 8. desember 1966. Hann eigi ekki þess kost nú að kanna bókhald félagsins varðandi þennan víxil, en telji, að núverandi framkvæmdastjóri Evu h/f muni geta veitt upplýsingar um þetta.

Kröfur sínar í framhaldssök rökstyður stefnandi með vísan til samningsins á dómsskjali nr. 3, sem liggi til grundvallar máli þessu, en þar hafi stefndi skuldbundið sig til þess fyrir 1. júlí 1966 að lýsa af eignarhluta stefnanda í húsinu nr. 44 við Safamýri, Reykjavík, veði því, er stefnandi hafi lánað Sokkaverksmiðjunni Evu h/f í eignarhlutanum til tryggingar skuld fyrirtækisins að fjárhæð tékkneskar kr. 35.000.00. Hafi stefndi eigi staðið við þetta þrátt fyrir ítrekuð loforð hans þar að lútandi.

Málavöxtum í framhaldssök lýsir stefndi m. a. á þá leið, að Sokkaverksmiðjan Eva h/f hafi á sínum tíma fest kaup á vélum til sokkaframleiðslu frá Tékkóslóvakíu. Framleiðandinn hafi lánað eða útvegað lán í tékkneskum krónum, sem muni hafa samsvarað á þáverandi gengi um kr. 2.000.000.00 íslenzkum. Skilyrði fyrir lánveitingunni hafi verið, að bæjarsjóður Akraness ábyrgðist. Hafi bæjarsjóður Akraness fallizt á þetta gegn því að fá fasteignatryggð veð. Þegar stefndi hafi gert samninginn við stefnanda, sbr. dskj. nr. 3, hafi verið búið að greiða þetta tékkneska lán niður að verulegu leyti. Samningurinn á dskj. nr. 3 hafi verið gerður í samráði við Inga Þorsteinsson, framkvæmdastjóra Sokka-

verksmiðjunnar Evu h/f. Það hafi verið skoðun Inga, að þar sem verulega hafði verið greitt niður af þessu tékkneska láni, ætti ekkert að vera til fyrirstöðu því, að bæjarsjóður Akraness gæfi eftir sumt af hinum fasteignatryggðu veðum sínum. Það hafi því orðið að samkomulagi milli stefnda og Inga Þorsteinssonar, að fasteign stefnanda yrði fyrst leyst úr veðböndum, ef bæjarsjóður Akraness féllist á slíkt. Síðar hafi verið gerðar ráðstafanir til þess að hrinda þessu í framkvæmd með því að rita bréf til bæjarsjóðs Akraness. Munu fleiri en eitt bréf hafa verið rituð. Ingi Þorsteinsson hafi séð um þessa bréfaritun. Málið hafi enn verið óleyst, er stefndi hafi horfið úr stjórn Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f í desember 1966. Þar með hafi hann verið útilokaður frá því að geta staðið við ákvæði í 4. tl. samningsins á dskj. nr. 3.

Loforðið í 4. tl. samningsins á dskj. nr. 3 hafi verið gefið á þeirri forsendu, að stefndi hefði möguleika eða aðstöðu til þess að leysa veðið af, en til þess að svo mætti vera, hafi hann þurft að vera í stjórn Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f.

Er stefndi hafi horfið úr stjórninni í desember 1966, hafi hann því ekki lengur verið í aðstöðu til að standa við loforðið, sem stefnanda hafi verið gefið í 4. tl. samningsins á dskj. nr. 3. Stefnandi hafi vitað, á hvaða forsendum loforðið hafi verið gefið. Það hafi verið háð því, að bæjarsjóður Akraness samþykkti. Það hafi stefnandi vitað. Það sé því óheiðarlegt og andstætt góðu siðferði að krefjast þess, að stefndi standi við samninginn að þessu leyti nú, löngu eftir að hann sé kominn úr stjórn hlutafélagsins, sbr. 32. gr. laga nr. 7/1936. Varðandi yfirlýsingu stefnda þess efnis, að hann tæki á sig persónulega ábyrgð, að staðið yrði við samkomulagið á dskj. nr. 3, skuli það tekið fram, sem raunar gefi auga leið, að það sé gert á þeirri forsendu, að stefndi gæti ráðið ferðinni sem stjórnarformaður Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f, enda komi það skýrt fram í inngangsorðum samningsins, þeim, að stefndi sé fyrst og fremst samningsaðili sem formaður stjórnar Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f og geri samninginn fyrir hönd félagsins.

Þá sé því haldið fram, að krafan í framhaldssökinni sé niður fallin vegna vangeymslu. Það séu nú liðin tvö ár, frá því að stefndi hafi gengið úr stjórn Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f, sem þýði það, að tvö ár séu liðin frá því, að hann hafi misst möguleika á því að standa við samninginn.

Vegna máls þessa hafa báðir aðiljar málsins komið fyrir dóm tvisvar sinnum og einnig vitnið Ingi Þorsteinsson, framkvæmda-

stjóri Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f. Einnig hefur komið fyrir dóm sem vitni lögmaður stefnanda.

Stefnandi hefur haldið því fram, að stefndi hafi óskað eftir því, að stefnandi greiddi ógreidd hlutafjárloforð sín, en þar sem stefnandi hafi ekki getað greitt hlutafjárloforð sín, þá hafi stefndi boðizt til að kaupa hlutabréf stefnanda og leysa hann undan greiðslu á ógreiddum hlutafjárloforðum. Í málinu hefur verið lagt fram sem dskj. nr. 9 ljósrit úr fundargerðarbók Sokkaverksmiðjunnar Evu, en þar kemur fram, að aðalboðskapur stefnda, þá er hann hafði verið kosinn stjórnarformaður Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f, hafi verið, að hann ætlaði að ganga fast eftir því að ná inn ógreiddu hlutafé. Eftir hinu framlagða ljósriti úr fundargerðarbókinni hefur stefndi verið kosinn stjórnarformaður Sokkaverksmiðjunar Evu h/f hinn 19. febrúar 1966.

Stefnandi málsins hefur fyrir dómi haldið því fram, að samningurinn á dskj. nr. 3 hafi verið gerður við Hörð Helgason persónulega. Í því sambandi hefur stefnandi haldið því fram, að fyrir hlutabréfin að fjárhæð kr. 20.000.00, sem stefndi hafi keypt á kr. 10.000.00 samkvæmt 2. lið samningsins á dskj. nr. 3, hafi stefndi greitt með ávísun úr eigin ávísanahefti.

Stefndi hefur haldið því fram fyrir dómi, að samninginn á dskj. nr. 3 hafi hann gert sem stjórnarformaður Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f. Því til stuðnings hefur verið lagt fram af hálfu stefnda ljósrit af ávísun að fjárhæð kr. 10.000.00, stílaðri á Sigurð Helgason, útgefinni af Herði Helgasyni pr. pr. Sokkaverksmiðjan Eva h/f og dagsettri 7. maí 1966.

Stefnandi hefur haldið því fram fyrir dómi, að við gerð samningsins á dskj. nr. 3 hafi það verið meiningin, að hann skyldi losna úr öllum ábyrgðum, sem hann væri í fyrir Sokkaverksmiðjuna Evu h/f, og þá einnig ábyrgð á víxli að fjárhæð kr. 900.000.00. En víxill þessi mun vera þannig til kominn, að vegna yfirdráttar Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f í útibúi Samvinnubankans á Akranesi mun bankanum m. a. hafa verið settur að tryggingu víxill að fjárhæð kr. 900.000.00. Einn af ábyrgðarmönnum á þessum víxli hafi verið stefnandi, og hefur hann haldið því fram fyrir dómi, að hann muni hafa verið næst síðastur af fimm ábyrgðarmönnum. Seinna fór svo, að Samvinnubankinn gerði fjárnám í íbúð stefnanda vegna víxils þessa, og mun það hafa orðið að samkomulagi á milli bankans og stefnanda, að stefnandi greiddi bankanum kr. 300.000.00 vegna víxilábyrgðar þessarar, sbr. dskj. nr. 4. Hefur stefnandi haldið því fram, að við gerð samningsins

á dskj. nr. 3 og einnig áður en samningurinn var gerður, þá hafi stefnandi ítrekað spurt stefnda um þennan víxil, sem mun hafa verið að fjárhæð kr. 900.000.00, en hann hefur verið nefndur stóri víxillinn í yfirheyrslum, sem fram hafa farið í málinu. Fyrirspurnum stefnanda um þennan víxil hafi stefndi svarað á þá leið, að stefnandi væri fallinn út af víxlinum, og heldur stefnandi því fram, að það sé einungis sök stefnda, að stóra víxilsins sé ekki getið í samningnum á dskj. nr. 3. Stefndi hefur fyrir dómi haldið því fram, að hann hafi ekkert um þennan víxil vitað, fyrr en eftir að samningurinn á dskj. nr. 3 var gerður. Stefndi sagði, að meiningin með samningnum á dskj. nr. 3 hafi verið að leysa stefnanda undan öllum ábyrgðum, sem hann hafi staðið í fyrir Evu h/f, og kvaðst stefndi ekki hafa vitað til, að stefnandi stæði í meiri ábyrgðum en taldar eru á dskj. nr. 3. Ekki kvaðst stefndi vita, hvað hann hefði gert, ef hann hefði vitað um stóra víxilinn, því að þá hefði málið breytzt, þar sem þar hafi verið um kr. 900.000.00 ábyrgð að ræða. Stefndi tók fram, að hann teldi líklegt, að hann hefði gert samning eins og samninginn á dskj. nr. 3, ef hann hefði vitað um stóra víxilinn, þar sem samningurinn sé um lágar fjárhæðir, að því er hlutafé varðar, og honum hafi á þessum tíma verið það kunnur fjárhagur félagsins að öðru leyti, þá telji hann ólíklegt, að hann hefði gert samning, þar sem hann hefði leyst stefnanda undan ábyrgð hans á stóra víxlinum og tekið jafnframt persónulega ábyrgð á svo stórum fjárhæðum.

Lögmaður stefnanda, Þorvaldur Lúðvíksson hæstaréttarlögmaður, hefur komið fyrir dóm sem vitni í máli þessu og þá borið, að hann hafi annazt gerð samningsins á dskj. nr. 3 eftir upplýsingum stefnanda og stefnda. Einnig kvaðst lögmaðurinn hafa verið viðstaddur fyrri viðræður málsaðiljanna. Ekki kvaðst lögmaðurinn muna, að rætt hafi verið um stóra víxilinn svokallaða, en kvaðst halda, að það hefði verið gert.

Vitnið Ingi Þorsteinsson hefur borið fyrir dómi, að það hafi verið viðstatt viðræður þeirra stefnanda og stefnda í máli þessu og þar hafi verið talað um, að stefnandi yrði leystur undan öllum skuldbindingum, sem hann hafði gengið í fyrir Evu h/f, en ekki hafi verið sérstaklega minnzt á víxilábyrgð stefnda vegna yfirdráttarheimildar Evu h/f við Samvinnubankann á Akranesi. Jafnframt sagði vitnið, að það teldi víst, að stefndi hafi vitað um stóra víxilinn, þegar samningurinn á dskj. nr. 3 var gerður. Í því sambandi tók vitnið fram, að þegar stefndi hafi tekið við stjórnarformennsku, þá hafi hann jafnframt tekið við fjármálastjórn

fyrirtækisins í heild. Einnig sagði vitnið, að hætt hafi verið að nota hlaupareikning nr. 6 um áramótin 1965—1966, en það hafi verið reikningurinn með yfirdráttarheimildinni, sem stóri víxillinn hafi átt að tryggja, og hafi sá reikningur ekki verið í notkun, þegar stefndi hafi tekið við stjórnarformennsku í hlutafélaginu.

Stefndi hefur haldið því fram fyrir dómi, að hann hafi tekið við fjármálastjórn Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f, þegar hann hafi verið kosinn stjórnarformaður, að öðru leyti en því, að Ingi Þorsteinsson hafi haft stjórn fjármála fyrirtækisins á Akranesi fram til júní eða júlí 1966, en þá kvaðst stefndi hafa tekið við stjórn allra fjármála fyrirtækisins og hafi hann haft þau þar til í desember 1966, en þá kveðst stefndi hafa sagt af sér sem stjórnarformaður félagsins, eftir að hann hafði borið fram tillögu um, að fyrirtækið lýsti sig gjaldþrota, og sú tillaga hafi verið felld. Stefndi kvaðst hafa tekið við hlaupareikningi nr. 6 í júní 1966. Þá kvaðst stefndi hafa athugað þennan bankareikning og þá hafi honum orðið ljóst, að stefnandi stæði í víxilábyrgð vegna stóra víxilsins. Í málinu hefur verið lagt fram sem dskj. nr. 11 ljósrit af færslum á hlaupareikningi nr. 6 við útibú Samvinnubankans á Akranesi, og sést þar, að sá reikningur hefur verið í samfelldri notkun til 27. apríl 1966 og svo aftur frá 1. júlí 1966. Einnig hefur verið lagt fram sem dskj. nr. 10 bréf frá Samvinnubanka Íslands h/f, Akranesi, en þar er upplýst, að fyrsta ávísun, sem stefndi hafi gefið út á hlaupareikning nr. 6, hafi verið 1. júlí 1966.

Varðandi kröfur stefnanda í framhaldssök þá hefur stefndi borið, að hann hafi talið óhætt að lofa því að leysa veð af húseign stefnanda, þar sem skuld sú, sem veðið áttti að tryggja, hafi þá lækkað mikið. Vitnið Ingi Þorsteinsson hefur borið fyrir dómi, að málavaxtalýsing stefnda í framhaldssök sé rétt að öðru leyti en því, að bæjarsjóður Akraness hafi svarað málaleitan vitnisins um það að leysa veðið af húseign stefnanda og hafi bæjarsjóður Akraness viljað verða við tilmælum fyrirsvarsmanna Sokkaverksmiðjunnar að vissum skilyrðum fullnægðum. Af hálfu stefnda hefur verið lagt fram sem dskj. nr. 18 ljósrit af bréfi frá bæjarritaranum á Akranesi, en það er endurrit úr bókunum bæjarráðs. Í bókun frá 16. nóvember 1966 samþykkir bæjarráð m. a. að gefa eftir veð á Safamýri 44, enda greiði Sokkaverksmiðjan gjöld sín til bæjarsjóðs fyrir 1966. Vitnið Ingi Þorsteinsson kvaðst hafa haldið, að veðið hefði verið leyst af Safamýrinni, en sagði þó, að sokkaverksmiðjan muni ekki hafa fullnægt skilyrðum

bæjarstjórnarinnar varðandi greiðslu á opinberum gjöldum, en vitnið kvaðst hafa haldið, að Samvinnubankinn mundi greiða gjöldin og fullnægja þannig skilyrðum til þess að leysa annað veð.

Hér að framan hafa helztu málsatvik verið rakin, eins og þau eru eftir skjölum málsins og framburði aðilja og vitna fyrir dómi.

Eftir að málið hafði verið munnlega flutt 11. marz s.l., var það endurupptekið að tilhlutan dómarans og óskað eftir því við lögmenn aðilja, að þeir útveguðu og leggðu fram: útskrift af víxilreikningi Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f á tímabilinu janúar 1966 til júní 1966, ljósrit af stóra víxlinum svokallaða og samning um yfirdráttarheimild Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f við útibú Samvinnubanka Íslands h/f á Akranesi.

Lögmaður stefnanda lagði fram ljósrit af víxlinum. Lögmenn aðilja lýstu því yfir, að samningur um yfirdráttarheimild sokkaverksmiðjunnar við útibú Samvinnubankans muni ekki hafa verið gerður skriðlega og vísuðu um það til almennrar starfsvenju banka. Lögmenn aðilja lýstu því yfir, að þýðingarlaust mundi vera að reyna að útvega víxilreikning Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f.

Þar sem víxilreikningur Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f á fyrrgreindu tímabili hefur ekki verið lagður fram í málinu, þá er ekki hægt að sjá, hvort stóri víxillinn svokallaði hefur verið bókfærður í bókhaldi fyrirtækisins.

En hvernig sem aðdragandi að samningnum á dskj. nr. 3 hefur verið, þá er samningurinn staðreynd, og ekki hefur neitt komið fram af hálfu málsaðilja, sem hnekkt geti gildi samningsins. Aðiljar að samningnum eru tveir lögráða aðiljar, annar þeirra hafði rekið fyrirtækið í a. m. k. 9 ár, þá er samningurinn var gerður. Hinn aðilinn hafði sér til ráðuneytis hæstaréttarlögmann við samningsgerðina og undirbúning að samningsgerðinni. Hvor aðili um sig hefur viljað halda sig við ákvæði samningsins, að því leyti sem hann er þeim hvorum fyrir sig til hagsbóta.

Stefnandi heldur sig við efni samningsins að öllu leyti, en vill þar að auki telja, að víxilskuldbindingar samkvæmt 3. gr. samningsins séu ekki tæmandi taldar, sbr. kröfu stefnanda um greiðslu á kr. 300.000.00. Eins og hér hefur verið rakið, rökstyður stefnandi þá kröfu sína með því, að það sé stefnda að kenna, að víxils að fjárhæð kr. 900.000.00 sé ekki getið í samningnum. Ekki þykir stefnandi hafa sýnt fram á það gegn andmælum stefnda, að stefnda hafi verið kunnugt um þann víxil, þá er samningurinn

var gerður. Eftir framburði aðilja og vitna fyrir dómi virðist það hafa verið meiningin með gerð samningsins á dskj. nr. 3, að stefnandi skyldi losna úr öllum þeim ábyrgðum, sem hann væri í fyrir Sokkaverksmiðjuna Evu h/f, þrátt fyrir það að stefnanda hafi verið kunnugt um víxilinn að fjárhæð kr. 900.000.00 og stefnda hafi sem stjórnarformanni mátt vera kunnugt um hann. Þá er staðreynd, að á þann víxil er ekki minnzt í samningnum á dskj. nr. 3, en telja verður, að þær ábyrgðir, sem taldar eru í samningnum, séu tæmandi, að því er tekur til þeirra ábyrgða, sem stefnandi skyldi leystur úr og stefndi taka á sig.

Stefndi vill halda sig við ákvæði samningsins, að því er varðar tæmandi talningu í 3. gr. samningsins á þeim skuldbindingum, sem stefnandi skyldi leystur undan. Af því, sem fram hefur komið af hálfu stefnda, þá virðist hann vilja halda sig við samninginn að öðru leyti en því, að hann sé við stefnda persónulega, en því hefur verið marghaldið fram af hálfu stefnda, að samninginn hafi hann gert sem stjórnarformaður Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f og gert samninginn fyrir hönd félagsins. En í sambandi við þessa fullyrðingu stefnda, er rétt að líta á samninginn á dskj. nr. 3, en undir hann skrifa Sigurður Helgason og Hörður Helgason, ekki aðrir. Ekki er þar að finna neina undirskrift fyrir hönd Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f. Vegna 4. gr. samningsins er því haldið fram af hálfu stefnda, að það loforð hafi verið gefið á þeirri forsendu, að stefndi hefði möguleika eða aðstöðu til þess að leysa veðið af, en til þess, að svo mætti vera, hafi hann þurft að vera í stjórn hlutafélagsins. Í samningnum eru engir fyrirvarar um persónulega ábyrgð stefnda. Heldur er í 5. gr. samningsins skýlaus yfirlýsing um, að stefndi taki á sig persónulega ábyrgð, að staðið verði við allt samkomulag þetta. Með framlagningu dskj. nr. 16 hefur stefndi gert þá fullyrðingu sína, að það hafi verið Sokkaverksmiðjan Eva h/f, sem keypti hlutabréfin samkvæmt 2. gr. samningsins á dskj. nr. 3, trúlega. En hvernig sem þeim viðskiptum stefnda og Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f hefur verið háttað, þá hefur það ekki áhrif á hin skýlausu ákvæði samningsins um persónulega ábyrgð stefnda, og svo hitt, að undir samninginn skrifa þeir stefndi og stefnandi, en ekki er samningurinn undirskrifaður af hálfu Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f.

Þá er því einnig haldið fram af hálfu stefnda, að krafan í framhaldssök sé niður fallin vegna vangeymslu. Það séu nú liðin

tvö ár, frá því að stefndi hafi gengið úr stjórn Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f, sem þýði það, að tvö ár séu liðin frá því, að hann hafi misst möguleika á því að standa við samninginn. Eftir ákvæðum samningsins þá skyldi umrætt veð leyst af húseign stefnanda hið fyrsta og eigi síðar en 1. júlí 1966. Eftir upplýsingum stefnda sjálfs þá var hann stjórnarformaður í Sokkaverksmiðjunni Evu h/f þar til í desember 1966. Ætti stefnda því tímans vegna að hafa verið unnt að uppfylla samninginn, á meðan hann var stjórnarformaður. En hvernig sem geta stefnda hefur verið, að því er tekur til efnda á 4. gr. samningsins, þann tíma, sem stefndi var stjórnarformaður Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f, þá verður ekki talið, að stefndi hafi getað leyst sig undan persónulegum ábyrgðum með því að segja af sér stjórnarformennsku. Ekki verður fallizt á þá skoðun lögmanns stefnda, að 32. gr. laga nr. 7/1936 eigi við í þessu tilfelli. Þá var því haldið fram við munnlegan málflutning af hálfu stefnda, að ábyrgð hans væri einföld ábyrgð, og væri því ekki hægt að krefja stefnda um efndir á samningi þessum, fyrr en fullreynt væri um greiðslufall hjá öðrum skuldurum. Ekki verður á þetta fallizt, því að í samningnum eru engar takmarkanir á ábyrgð stefnda.

Af öllu því, sem hér hefur verið rakið, þá þykir við niðurstöðu máls þessa verða að leggja samninginn á dskj. nr. 3 til grundvallar að öllu leyti.

Krafa stefnanda um greiðslu á kr. 7.825.00 með 1% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 14. september 1966 til greiðsludags hefur verið rökstudd með framlagningu á dskj. nr. 7, en það er víxilafrit, bankareikningur og kvittun fyrir greiðslu málskostnaðar. Af hálfu stefnda hafa ekki verið höfð uppi rökstudd mótmæli gegn kröfu þessari, og með vísan til þeirra gagna, sem hún er rökstudd með af hálfu stefnanda, þá þykir verða að taka hana til greina.

Krafa stefnanda um greiðslu á kr. 300.000.00 verður ekki tekin til greina, þar sem sú ábyrgð er ekki talin í samningnum á dskj. nr. 3.

Af hálfu stefnanda hefur krafan um dagsektir ekki verið rökstudd, en við munnlegan málflutning upplýsti lögmaður stefnanda, að aðför í húseign stefnanda stæði fyrir dyrum vegna veðs þessa. Lögmaður stefnda gerði þá varakröfu við munnlegan málflutning, að krafa stefnanda um dagsektir yrði lækkuð. Þótt svo að krafa stefnanda um dagsektir sé ekki rökstudd, þá þykir

hún eiga rétt á sér. Þykir því verða að taka kröfu stefnanda um dagsektir til greina, en með tilliti til fjárhæðar veðskuldarinnar þykja dagsektir hæfilega ákveðnar kr. 700.00.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Auður Þorbergsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hörður Helgason, greiði stefnanda, Sigurði Helgasyni, kr. 7.825.00 með 1% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 14. september 1966 til greiðsludags innan 15 daga frá birtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum. Stefndi, Hörður Helgason, leysi með samkvæmt veðbréfi, dags. 13. desember 1963, til tryggingar skuld að fjárhæð tékkneskar krónur 35.000.00, tryggðu með 3. veðrétti í 2ja herbergja íbúð Sigurðar Helgasonar í Safamýri 44, Reykjavík, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlögðum dagsektum, er renni til stefnanda, kr. 700.00 á dag.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 31. október 1969.

Nr. 18/1969. **Stefanía Hansen**
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Dánarbúi Halldórs Guðbjarnarsonar
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Dánarbú. Ráðskonukaup. Húsaleiga.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. janúar 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s. m., og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða henni kr. 243.250.00 með 6% ársvöxtum frá 23. október 1965 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti,

eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi fékk gjafsóknarleyfi hér fyrir dómi hinn 4. desember 1968.

Stefndi krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa komið fyrir dóm og gefið skýrslu hjónin Elín Guðbjarnardóttir, systir Halldórs heitins Guðbjarnarsonar, og Sigurður Guðmundsson, Sólbakka við Laugalæk, Reykjavík. Bera þau, að Halldór heitinn hafi haft herbergi til afnota hjá þeim að Sólbakka, frá því að hann gerist skipverji á m/s Særúnu og þar til nokkru áður en hann fluttist að Laugavegi 27 A í september 1964, að sögn Elínar. Segja þau hann hafa haft lykil að húsinu og sofið í herberginu, er hann var í landi, og borðað á heimili þeirra, þegar hann var þar staddur á matmálstíma. Hann hafi haft sæng sína þarna, þar til hann fluttist úr herberginu, en þá hafi hann skilað húslyklinum.

Þá hefur Lilja Thoroddsen, Skipasundi 12 hér í borg, gefið vottorð þess efnis og staðfest fyrir dómi, að hún hafi verið vel kunnug Halldóri heitnum Guðbjarnarsyni, en þar til fyrir um fjórum árum hafi hún búið í næsta húsi við Sólbakka og þá komið oftast daglega þangað. Kveðst hún vita til þess, að Halldór heitinn hafi um margra ára skeið haft til afnota herbergi á Sólbakka og að hann hafi iðulega sofið þar.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, sem ákveðast kr. 12.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Jónasar A. Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður skiptadóms Ísafjarðarsýslu 3. ágúst 1968.

Ár 1968, laugardaginn 3. ágúst, var í skiptarétti Ísafjarðarsýslu, sem haldinn var í dómsal sýslumannsembættisins að Pólgötu 2, Ísafirði, af Jóhanni Gunnari Ólafssyni sýslumanni, kveðinn upp úrskurður í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 5. júlí s.l.

Jónas A. Aðalsteinsson héraðsdómslögmaður, Reykjavík, lýsti 23. október 1965 f. h. Stefaníu Hansens, Bergþórugötu 16, Reykjavík, kröfu í dánarbú Halldórs Guðbjarnarsonar matsveins, Hafnarstræti 108, Bolungarvík, sem andaðist 8. júní 1965, að fjárhæð kr. 243.250.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 23. október 1965 til greiðsludags og málskostnaði að mati réttarins, eins og málið væri ekki gjarsóknarmál, en gjafsóknarleyfi fyrir Stefaníu Hansen er gefið út af dómsmálaráðherra 23. nóvember 1965.

Varnaraðili, erfingjar í dánarbúinu, gera aðallega þær réttarkröfur, að alveg verði sýknað af öllum fjárkröfum sóknaraðilja í dánarbúið og sóknaraðilja gert að greiða varnaraðiljum málskostnað að mati réttarins. Til vara krefjast þeir þess, að kröfur sóknaraðilja verði lækkaðar til stórra muna og málskostnaður þá látinn falla niður.

Sáttaumleitun reyndist árangurslaus.

Mál þetta var skriflega flutt.

Málavexti kveður sóknaraðili vera þá, að í lok júlímánaðar 1958 hafi Halldór Guðbjarnarson flutt til hennar í íbúð hennar að Bergþórugötu 16, Reykjavík, og að hún hafi haldið honum heimili óslitið til desember 1964, er Halldór leigði sér herbergi að Laugavegi 27 A í Reykjavík. Hún kvaðst þó hafa haldið áfram heimili fyrir hann að öðru leyti, svo sem varðandi fæði og þjónustu. Halldór var um þær mundir matsveinn á m/s Særúnu frá Bolungarvík, sem stundaði vöruflutninga og sigldi milli heimahafnar og Reykjavíkur. Skipið var að meðaltali 3 daga í hverri viku í Reykjavík fyrir utan lengri hafnarlegur vegna viðgerða og þess háttar og megi því segja, að heimahöfn skipsins hafi verið Reykjavík, en samkvæmt skýrslu hafnarskrifstofunnar í Reykjavík á dskj. nr. 18 hefur m/s Særún verið samtals um það bil 3 ár í Reykjavík á umræddu tímabili. Af þessu hafi leitt óvenju mikla landveru Halldórs í Reykjavík þrátt fyrir sjómannsstarf hans, en hann var matsveinn á m/s Særúnu. Þrátt fyrir það starf hans hafi það verið undantekning, ef hann borðaði ekki að Bergþórugötu 16, enda þótt hann sæi um matseld fyrir suma skipsfélaga sína í höfn, og þess vegna hafi raunverulegt heimili hans

umrætt tímabil verið í Reykjavík hjá sóknaraðilja. Sóknaraðili kvaðst lítið hafa unnið utan heimilisins, nema þegar Halldór var úti á sjó, svo að það kæmi ekki niður á heimilisstörfunum. Sóknaraðili sundurliðar kröfu sína þannig:

1. Ráðskonukaup frá 31. júlí 1958 til 31. desember 1961, kr. 2.000.00 fyrir mánuð .. .. kr. 82.000.00
2. Ráðskonukaup frá 31. desember 1961 til 31. maí 1965, kr. 3.000.00 á mánuði .. .. — 123.000.00
3. Húsnæði frá 31. júlí 1958 til 15. desember 1964, kr. 500.00 á mánuði til jafnaðar .. .. — 38.250.00

Samtals kr. 243.250.00

Sóknaraðili rökstyður 1. og 2. lið með því að vísa til hæstaréttardóma um slík tilvik (XXXIV. bindi, bls. 41 og 232, XXXVI. bindi, bls. 231 og 235) og að hún eigi rétt á þessum launum, þar sem Halldór hafi aldrei greitt henni laun fyrir að halda heimili fyrir hann, en hins vegar hafi hann tekið þátt í fæðiskostnaði vegna heimilisins. Kröfur samkvæmt 1. og 2. lið séu hreinar launakröfur og mjög lágar, þegar tillit er tekið til allra aðstæðna. Upphæð 3. liðar sé mjög lág, en hún rökstyður ekki þann lið sérstaklega. Þá skýrði sókaraðili frá því, að hún og Halldór hafi búið saman í óvígðri sambúð og að slík sambúð sé ekki ótíð hérlendis. Íslenzkir dómstólar hafi nú um langt árabil viðurkennt þá staðreynd, að hinum eftirlifandi beri í slíkum tilfellum þóknun fyrir þjónustu sína við hinn látna, og beri að hafa þetta sjónarmið í huga við uppkvaðningu úrskurðar í máli þessu.

Sóknaraðili hefur leitt vitni máli sínu til stuðnings. Verður nú rakið vætti þeirra.

Katrín Andrésdóttir, sem bjó á 1. hæð í sama húsi og sóknaraðili, segir, að Halldór hafi dvalizt hjá henni, þegar hann var í landi. Sóknaraðili bjó í kjallaraíbúð í sama húsi. Vitnið kvaðst hafa orðið vart við þetta um helgar, en það hafi unnið úti alla virka daga nema laugardaga. Það kvað sér kunnugt um, að Halldór hafi borðað hjá sóknaraðilja, a. m. k. um helgar. Kvaðst það hafa orðið vart við þetta, þegar það gekk um húsið eða var statt úti í garðinum. Þá sagði það, að sér hafi verið kunnugt um, að sóknaraðili hafi þvegið þvotta af Halldóri í þvottahúsi hússins, og einnig að sóknaraðili hafi látið orð falla um það, að hún væri með þvott, því að Halldór væri í landi. Þá hefur vitnið staðfest

vottorð sitt um það, að sóknaraðili og Halldór hafi búið saman að Bergþórugötu 16, Reykjavík, síðan það og systir þess Kristín fluttu í húsið 1959, til ársloka 1964, er hann leigði sér herbergi. En Halldór hafði eftir sem áður alla þjónustu, fæði og aðhlynningu hjá sóknaraðilja til dánardægurs. Sams konar utanréttarvottorð hafa þær Kristín Andrésdóttir og Margrét Guðmundsdóttir staðfest fyrir dómi. Kristín kvað Halldór hafa gengið út og inn í húsið sem hvern annan heimilismann. Þá fullyrti hún, að Halldór hefði borðað hjá sóknaraðilja, a. m. k. um helgar, en hún vann úti aðra daga vikunnar. Kvaðst hún einnig hafa orðið þess vör, að Halldór hafi verið hjá sóknaraðilja að kvöldlagi, en treysti sér ekki til að segja, hvort Halldór hafi borðað kvöldmat hjá sóknaraðilja, enda ekki komið inn í íbúðina til hennar nema 2—3 sinnum allt tímabilið. Hún kvaðst hafa heyrt, þegar Halldór var staddur í íbúðinni hjá sóknaraðilja, þar sem hann talaði hátt.

Margrét Guðmundsdóttir sagði, að Halldór hefði verið eins og hver annar heimilismaður hjá sóknaraðilja og hann hafi yfirleitt borðað bæði hádegis- og kvöldverð hjá henni og þegar Halldór var í landi um langt skeið vegna slyss, hafi hann alveg verið hjá sóknaraðilja. Vitnið taldi þó, að Halldór hefði stundum borðað um borð í bátnum, þar sem hann hafi verið þar matsveinn, en hann hafi þrátt fyrir það borðað hjá sóknaraðilja, enda verið matmaður. Vitnið kvaðst yfirleitt hafa komið daglega til sóknaraðilja og verið náinn kunningsskapur með þeim og henni því fullkunnugt um, að hann var í þjónustu hjá sóknaraðilja og hún hafi hugsað mjög vel um Halldór. Vitnið taldi, að Halldór hefði orðið að leigja sér herbergi annars staðar vegna erfiðra aðstæðna heima fyrir hjá sóknaraðilja, þ. e. óreglu sonar hennar, sem átti lögheimili hjá henni. Vitnið sagði, að íbúð sóknaraðilja væri eitt herbergi og eldhús, og að þau þrjú, sóknaraðili, sonur hennar og Halldór, hafi verið saman í íbúðinni, þegar svo hittist á, að báðir voru í landi. Þá sagði vitnið, að sóknaraðili hafi enga atvinnu stundað á umræddu tímabili nema nokkrar vikur á haustin, en þrátt fyrir það hugsað um mat fyrir Halldór. Vitnið treysti sér ekki til að segja um það, hver hafi kostað heimilishald sóknaraðilja, en gat þess, að hún hafi verið mjög sparsöm og að tvær dætur hennar hafi hjálpað henni með peninga. Þó taldi það ótrúlegt annað en að Halldór hafi greitt fæði sitt, en það hafi aldrei séð hann afhenda sóknaraðilja peninga.

Vitnið Jón Ólafsson kvað sig og konu sína hafa þekkt sóknaraðilja um langt árabil, um það bil 40 ár, og hafi þau hjón oft

komið til hennar og hún til þeirra. Það taldi, að Halldór hafi fljótlega, eftir að sóknaraðili fluttist að Bergþórugötu 16, farið að búa hjá henni, en treysti sér ekki að fullyrða neitt um ártöl. Vitnið sagði, að sér væri fullkunnugt, að Halldór hafi verið til húsa hjá sóknaraðilja, þegar hann var í landi og oftast nær borðað kvöldmat hjá henni. Sagðist vitnið oft og mörgum sinnum hafa verið statt hjá sóknaraðilja, þegar hann mataðist. Þá gerði vitnið ráð fyrir, að Halldór hefði einnig borðað hádegismat hjá sóknaraðilja, en treysti sér ekki til að fullyrða neitt um það. Það sagði einnig, að Halldór hefði hugsað um mat fyrir skipverja og oftast verið einhverja stund um borð í bátnum á degi hverjum, þegar hann var í Reykjavík, og gerði þá ráð fyrir, að hann hafi borðað um borð í skipinu. Þá kvað vitnið sér fullkunnugt, að Halldór hafi verið í þjónustu hjá sóknaraðilja, t. d. oft séð hana með föt af Halldóri til viðgerðar. Vitnið kvaðst hafa verið skipverji á v/s Reykjafossi s.l. 14 ár og hafi skipið komið til Reykjavíkur á mánaðar til fimm vikna fresti og hafi viðdvölin ekki verið skemmri en ein vika og oft lengri.

Sóknaraðili heldur því fram, að þessir vitnisburðir þessara fjögurra vitna séu ótvíræð sönnun þess, að Halldór hafi átt heimili hjá sér og haft þar aðsetur.

Þessu hefur varnaraðili mótmælt.

Rökstyður hann mótmæli sín með því að leggja fram vottorð Hagstofu Íslands, sem sýnir, að Halldór hefur samkvæmt þjóðskrá aðsetur á Sólbakka við Laugarnesveg frá 1. janúar 1958 til 1. janúar 1962, en lögheimili að Fjarðarstræti 10 A, Þingeyri, Vestur-Ísafjarðarsýslu. Frá 1. nóvember 1962 er Halldór talinn hafa aðsetur og eiga lögheimili að Hafnarstræti 108, Bolungarvík, Hólshreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu. Samkvæmt þessu telur varnaraðili, að Halldór hafi aldrei haft aðsetur eða lögheimili hjá sóknaraðilja.

Enn fremur rökstyður varnaraðili mál sitt með vætti 3ja vitna, og verður nú vætti þeirra rakið.

Vitnið Guðni Jóhannsson, sem kvaðst hafa séð um útgerð m/s Særúnar frá því á árinu 1956 fram til vors 1965 eða seinni part vetrar 1964—1965, segist hafa komið hér um bil daglega um borð í skipið, þegar það lá í Reykjavíkurhöfn, og því geta borið um það af eigin raun, sem í vottorði þess greinir, t. d. hafi það sjálft oft borðað um borð í skipinu og drukkið kaffi, en aldrei borðað kvöldverð. Það sagði, að það hefði orðið vart við, að Halldór var að undirbúa kvöldverð, en treysti sér ekki til að fullyrða, hvort

Halldór hafi borðað kvöldverð um borð í skipinu, en telur líklegt, að svo hafi verið. Í vottorði því sem vitnið hefur staðfest fyrir dómi, segir það, að sér sé vel kunnugt, að Halldór annaðist alla matseld í Reykjavík fyrir skipverja á skipinu alla virka daga, er skipið var í Reykjavíkurhöfn, og borðaði alltaf sjálfur um borð. Vitnið skýrði enn fremur frá því, að yfirleitt hafi verið framreiddur kvöldverður í skipinu alla þá virka daga, sem það lá í höfn í Reykjavík, þar sem skipverjar hafi ekki losnað frá störfum fyrr en um kl. 6—7 á kvöldin, en yfirleitt hafi verið borðað kl. 6, og eigi þetta við, þegar skipið hafi verið í starfi. Vitnið sagði, að yfirleitt hafi verið reynt að haga ferðum þess þannig, að skipið lægi ekki í Reykjavíkurhöfn um helgar, en þegar svo hafi verið, hafi ekki verið framreiddur matur í skipinu frá hádegi laugardags fram á mánudagsmorgun. Ekki hafi heldur verið eldað um borð í skipinu, þegar það var í viðgerð, sem hafi verið um ½ mánuður til 3 vikur árlega, og eitt árið þó miklu lengur. Vitnið sagði, að að jafnaði hafi 3 dagar í viku farið til lestunar á farmi í Reykjavík. Vitnið kvaðst ekki hafa vitað um samband Halldórs og sóknaraðilja, nema hvað skipverjar hafi haft í flimtingum, t. d. hvort hann hafi farið með henni á dansleik um helgi.

Vitnið Gunnar Rósmundsson sagði, að þá virka daga, sem skipið lá í Reykjavíkurhöfn, hafi nær alltaf verið framreiddur morgunverður og hádegisverður og einnig eftirmiðdegiskaffi um þrjú leytið. Hins vegar hafi kvöldmat oftast verið sleppt, a. m. k. seinustu árin, sem vitnið var á skipinu, þegar störf um borð hættu kl. 5, en áður hafi verið algengara, að unnið væri lengur og kvöldmatur borðaður. Vitnið sagði, að ekki hafi verið eldað um borð, þegar viðgerðir fóru fram á skipinu, og á árinu 1962 hafi viðgerð staðið yfir frá því í febrúar fram á vor. Þá sagði vitnið, að Halldór hefði að öllu jöfnu borðað með þeim skipverjum, er hann framreiddi mat, en þó hafi það komið fyrir, að hann gerði það ekki. Þá staðfesti vitnið vottorð sitt, sem er samhljóða vottorði Guðna Jóhannssonar um matseldina.

Vitnið Eggert Sigurmundsson sagði, að Halldór hefði borðað allar máltíðir um borð í skipinu nema þá ef til vill kvöldverð að einhverju leyti, en kvað svo langt um liðið, að það geti ekki beinlínis fullyrt, hvort það hafi séð Halldór borða í skipinu, en taldi það þó víst. Þá upplýsti vitnið, að Halldór hafi mjög sjaldan verið í fríi og að helgarnar hafi oftast verið notaðar til að sigla á milli Reykjavíkur og Vestfjarða og sjaldan komið fyrir, að

skipið hafi verið statt í Reykjavík yfir helgi. Vitnið var skipstjóri á m/s Særúnu.

Varnaraðili telur, að vætti þessara 3ja síðasttöldu vitna sanni, að kröfur sóknaraðilja séu algerlega rangar. Halldór hafi hvorki haft aðsetur hjá henni né hún annazt matseld fyrir hann og sóknaraðili hafi því aldrei verið ráðskona hjá honum. Varnaraðili telur, að þar sem sóknaraðili hafi haft litlar tekjur umrætt tímabil, enda lítið stundað vinnu, hafi hún verið á framfæri Halldórs og hafi þannig fengið fullgreitt fyrir þau störf, sem hún kynni að hafa unnið fyrir hann. Á framtölum sóknaraðilja á árunum 1959—1965 incl. er enginn sambýlismaður nefndur og sóknaraðili sögð ekkja og ein í heimili.

Til vara hefur varnaraðili krafizt lækkunar til stórra muna á kröfum sóknaraðilja og vísar til raka sinna fyrir sýknukröfunni til stuðnings þeirri kröfu. Kæmi til mála, að sóknaraðili geti sannað, að hún hafi unnið einhver störf fyrir Halldór, hafi hún fengið fulla greiðslu fyrir þau, þar sem hún hafi verið á framfæri hans allt umrætt tímabil og kröfur hennar um ráðskonukaup því allt of háar. Þá mótmælir varnaraðili því, að Halldór hafi haft húsnæði hjá sóknaraðilja, og til vara er þeirri kröfu mótmælt sem allt of hárri. Þá er því mótmælt, að dómar þeir, sem sóknaraðili vitnar til, séu sambærilegir við þetta mál. Hafi Halldór tíðkað heimsóknir til sóknaraðilja, hafi það aðeins verið sem gestur. Þá telur varnaraðili, að sóknaraðili geti ekki átt ráðskonukaup eða húsaleigu fyrir þann tíma, sem skipið kom alls ekki til Reykjavíkur, þegar það var 2 mánuði í förum milli Siglufjarðar og Austfjarða árið 1964.

Varnaraðili telur, að það sé á móti lögum og velsæmi að dæma sóknaraðilja einhverja þóknun fyrir að taka á móti Halldóri sem gesti og veita honum góðgerðir og jafnvel næturgistingu, ef svo bar undir. Þá mótmælir varnaraðili því, að sóknaraðili geti átt rétt á húsaleigu fyrir það tímabil, sem Halldór leigir að Laugavegi 27 A frá 16. september 1964, og enn fremur telur hann, að sóknaraðili geti ekki átt kröfu á meiru en greiðslu fyrir mat og næturgistingu fyrir þær helgar, sem Halldór var í Reykjavík á umræddu tímabili, sem eru eftir útreikningi varnaraðilja 109 helgar. Þá er því eindregið mótmælt af varnaraðilja, að aðiljar hafi búið saman í óvígðri sambúð.

Eins og fram kemur af gögnum málsins, hafði Halldór hvorki sama aðsetur né lögheimili og sóknaraðili. Það er ekki upplýst, hvort Halldór hafi raunverulega haft á leigu herbergi hjá systur

sinni á Sólbakka við Laugarnesveg í Reykjavík eða að Hafnarstræti 108 í Bolungarvík. Þótt Halldór hafi stundum borðað hjá sóknaraðilja um helgar og þegar viðgerðir fóru fram á skipinu og þáð þar næturgistingu hjá henni, verður ekki fallizt á, að við það hafi skapazt sambýli, sem veitir sóknaraðilja rétt til ráðskonukaups, enda hreyfði hún ekki neinum kröfum í þá átt fyrr en eftir andlát Halldórs. Sama máli gegnir um kröfu hennar til greiðslu á húsaleigu. Það er upplýst, að Halldór tók þátt í fæðiskostnaði sóknaraðilja.

Gegn mótmælum varnaraðilja þykir sóknaraðili að svo vöxnu máli ekki eiga rétt til greiðslu úr dánarbúinu, og verður krafa hennar því ekki tekin til greina.

Sóknaraðilja var veitt gjafsókn í málinu, og eru því talsmanni hennar ákveðin málflutningslaus, kr. 5.000.00, sem greiðist úr ríkissjóði.

Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Ályktarorð:

Kröfur Stefaníu Hansens í dánarbú Halldórs Guðbjarnarsonar verða ekki teknar til greina.

Málflutningslaun, kr. 5.000.00, til Jónasar A. Aðalsteinssonar lögfræðings, skipaðs talsmanns Stefaníu, greiðist úr ríkissjóði.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 31. október 1969.

Nr.. 75/1969. **Georg Hermannsson**
(Björn Hermannsson hrl.)
gegn
Samvinnutryggingum
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. apríl 1969. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 6.460.40 með 7% ársvöxtum frá 25. janúar 1968 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi.

Í máli þessu hefur áfrýjandi eigi gefið aðiljaskýrslu fyrir dómi, en í héraðsdómi segir, að áfrýjandi haldi því fram, að hann hafi skýrt frá því, er hann keypti ábyrgðartryggingu vegna dráttarvélarinnar, að hún væri búin tækjum til ámokstrar og graftar.

Þá hefur ekki heldur sá starfsmaður stefnda, er annaðist tryggingarbeiðni áfrýjanda, gefið skýrslu fyrir dómi og tjáð sig um framangreinda staðhæfingu.

Þar sem meðferð málsins er svo áfátt sem að framan er lýst, verður að ómerkja dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. febrúar 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 18. þ. m., hefur Georg Hermannsson bifreiðarstjóri, Yzta-Mói í Fljótum, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 27. marz 1968, á hendur Samvinnutryggingum g/t hér í borg til greiðslu á kr. 6.460.42 með 7% ársvöxtum frá 25. janúar 1968 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Hinn 27. júní 1966 var unnið við að grafa skurð frá húsinu nr. 29 við Móabarð í Hafnarfirði og yfir götuna. Var unnið að verkinu með skurðgröfuútbúnaði, sem dráttarvélin KD 348 var búin. Dráttarvél þessi er eign stefnanda, og eins og skráningarnúmer hennar gefur til kynna, var hún skráð sem slík í Skagafirði. Er dráttarvélin af gerðinni Massey Ferguson, árgerð 1962. Auk skurðgröfuútbúnaðarins, sem er aftan á dráttarvélinni, er dráttarvélin að framan búin ámoksturstækjum. Er verið var að grafa skurðinn með skurðgröfutæki dráttarvélarinnar, vildi svo til, að skófla þess sleit rafmagnsjarðstreng, er var í um 3 feta dýpt í götubrúninni. Er jarðstrengur þessi eign Rafveitu Hafnarfjarðar. Stefnandi hafði hinn 9. nóvember 1962 keypt hjá bifreiðadeild stefnda ábyrgðartryggingu fyrir dráttarvélina. Í beiðni þeirri, sem stefnandi undirritaði, er notkun dráttarvélarinnar lýst þannig: „Landbúnaðarframkvæmda (Iðnaðarvél)". Var síðan gefið út tryggingarskírteini til stefnanda. Nam hámarksvátryggingarfjárhæð kr. 200.000.00, og ársiðgjaldið var kr. 750.00. Í meginmáli tryggingarskírteinisins segir m. a. svo: „Tryggingin gildir fyrir tjón gegn sérhverri einkaréttarbótakröfu, sem vátryggingartaka, samkvæmt núgildandi bifreiðalögum, er skylt að tryggja gegn, sem eigandi hinnar vátryggðu vélar, vegna tjóns, sem hlotizt hefur af notkun hennar. ... Um tryggingu þessa gilda ennfremur almennir og sérstakir tryggingaskilmálar, sem skráðir eru annars staðar á þessu skírteini, svo og upplýsingar þær, er gefnar eru í vátryggingarbeiðni frá eiganda ofanskráðrar dráttarvélar". Rafveita Hafnarfjarðar krafði stefnda um tjón það, sem orðið hafði á jarðstrengnum, en það nam kr. 4.962.05. Stefndi synjaði um greiðslu á þeim grundvelli, að tjónið hefði ekki hlotizt af notkun dráttarvélarinnar sem ökutækis. Hinn 25. janúar 1968 greiddi stefnandi Rafveitu Hafnarfjarðar framangreint tjón hennar ásamt

vöxtum, kr. 449.92, og innheimtulaunum, kr. 1.048.00, enda hafði Rafveita Hafnarfjarðar áður boðað stefnanda, að krafan yrði innheimt með málssókn. Stefnandi krafði nú stefnda um fjárhæðir þær, sem hann hafði greitt Rafveitu Hafnarfjarðar, en af hálfu stefnda var synjað um greiðslu á sömu forsendum og áður. Höfðaði stefnandi síðan mál þetta til heimtu þeirra fjárhæða, sem hann hafði greitt.

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að hann hafi keypt af stefnda lögboðna tryggingu fyrir dráttarvélina KD 348 samkvæmt ákvæði 70. gr. laga nr. 26/1958, enda hafi vélin verið tryggingarskyld. Þrátt fyrir það hafi stefndi eigi fengizt til að greiða Rafveitu Hafnarfjarðar tjón það, sem vélin hafi valdið á rafmagnsstrengnum, en á tjóni þessu hafi stefnandi borið fébótaábyrgð samkvæmt ákvæði 67. gr. greindra laga. Stefnandi hafi því sjálfur greitt tjónið, en þar sem hann hafi keypt lögboðna ábyrgðartryggingu fyrir dráttarvélina hjá stefnda, eigi hann rétt á að fá tjón sitt bætt að fullu af stefnda. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að með tryggingarsamningnum hafi stefndi tekið að sér að bæta tjón, sem vélin ylli þriðja manni, og skipti ekki máli, hver notkunin sé eða hvort það sé einn eða annar hluti tækisins, sem sé í notkun. Er því haldið fram, að með orðinu „Iðnaðarvél" í tryggingarbeiðninni hafi verið gefið til kynna, að tækið yrði notað til annarra starfa en landbúnaðarstarfa. Stefndi hafi samkvæmt þessu sjálfur ákveðið iðgjaldið fyrir trygginguna og verði einn að bera hallann af því, ef hann hafi ákveðið iðgjaldið of lágt. Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að eigi skipti máli, hvort dráttarvélin hafi verið skorðuð eða ekki.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að skylduvátrygging dráttarvélarinnar KD 348 sem vélknúins ökutækis taki eigi til tjóns þess, sem fjallað er um í máli þessu. Samkvæmt 1. mgr. 70. gr. umferðarlaga beri eigendum skráningarskyldra vélknúinna ökutækja að kaupa hjá vátryggingarfélagi og halda við vátryggingu til tryggingar greiðslu tjóna, sem hljótast kunni af hinu tryggða tæki sem vélknúnu ökutæki í notkun. Þótt tjón hljótist af tækjum, sem tengd séu við dráttarvélina, t. d. tæki til skurðgraftar, eins og hér er fjallað um, þá sé auðsætt, að dráttarvélin sé ekki í notkun sem ökutæki, heldur sem vinnuvél, enda sé tækið þá algerlega komið yfir á svið skurðgröfu, en slík tæki séu ekki tryggingarskyld samkvæmt umferðarlögum. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að umrædd dráttarvél stefnanda hafi eigi verið í notkun sem vélknúið ökutæki, er umrætt tjón varð, heldur sem

skurðgrafa. Er á það bent í þessu sambandi, að við slíka notkun sé tækið skorðað fast og verði ekki hnikað til, á meðan grafið sé. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að með notkun dráttarvélarinnar sem skurðgröfu í þéttbýli hafi verið farið út fyrir eðlilegt notkunarsvið hennar sem dráttarvélar til landbúnaðarstarfa og hafi það stóraukið áhættu stefnda gagnvart þriðja manni. Þá er því og haldið fram af hálfu stefnda, að tjónið hafi hlotizt af stórkostlegri óvarkárni stjórnanda tækisins, þar sem hann hafi unnið að greftinum innanbæjar án þess að kynna sér hjá viðkomandi aðiljum, hvar leiðslur lægju, en samkvæmt ákvæði 8. gr. tryggingarskilmálanna leiði þetta til þess, að stefnandi hafi fyrirgert rétti sínum á hendur stefnda. Til ýtrustu vara er því mótmælt af hálfu stefnda, að honum verði gert að endurgreiða stefnanda innheimtukostnað, sem stefnandi beri einn ábyrgð á, að fallið hafi á hann.

Það er ágreiningslaust, að dráttarvélin KD 348 hafi verið skráningarskyld sem dráttarvél samkvæmt 11. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og eiganda hennar hafi verið skylt að kaupa ábyrgðartryggingu fyrir hana samkvæmt 70. gr. sömu laga. Keypti stefnandi slíka tryggingu hjá stefnda, eins og áður er rakið. Samkvæmt því, sem fram kemur í beiðni stefnanda um trygginguna, þ. e. að um iðnaðarvél væri að ræða, mátti fyrirsvarsmönnum stefnda vera ljóst, að dráttarvélin væri búin tækjum til ámoksturs og skurðgraftar, eins og haldið er fram af hálfu stefnanda, að hann hafi skýrt frá. Útbúnað þennan er hægt að fá með slíkum dráttarvélum, er þær koma til landsins, en einnig er hægt að koma honum fyrir síðar. Jafnframt er hægt að losa slíkan útbúnað frá vélinni. Slíkur útbúnaður er drifinn af vökvakerfi, sem fær afl sitt frá aflvél dráttarvélarinnar. Við notkun skurðgröfu situr stjórnandi skurðgröfutækisins í sérstöku sæti aftan á dráttarvélinni og stjórnar tækinu með sérstökum stjórntækjum. Við skurðgröft er ætlazt til, að dráttarvélin sé skorðuð með stoðum, sem eru sambyggðar skurðgröfuútbúnaðinum og tengdar vökvakerfinu og hleypa má niður með stjórntækjum þess. Það kom fram við munnlegan flutning málsins af hálfu stefnanda, að sami maður hafi stjórnað dráttarvélinni sjálfri og skurðgröfutækinu. Þótt tækið hafi í upphafi átt að nota til landbúnaðarframkvæmda, var það nú leigt út til verklegra framkvæmda í Hafnarfirði. Það er ágreiningslaust, að tjón það, sem mál þetta er risið af, hafi orðið, er skófla skurðgröfutækisins sleit rafmagnsjarðstreng, sem lá í jörðu í um þriggja feta dýpt, er það var notað

til að grafa umræddan skurð. Það verður að telja, að tjón þetta liggi utan notkunarsviðs dráttarvélarinnar KD 348 sem skráningarskylds vélknúins ökutækis og falli því utan sviðs tryggingar þeirrar, sem stefnandi keypti hjá stefnda samkvæmt 70. gr., sbr. 67. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda í máli þessu, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Birni Bjarnasyni ráðunaut og Sigurgesti Guðjónssyni bifvélavirkjameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Samvinnutryggingar g/t, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Georgs Hermannssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 31. október 1969.

Nr. 188/1969. **Útgerðarfélagið Barðinn h/f**
gegn
Þórði Óskarssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 21. gr., 1, b, laga nr. 57/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 1. ágúst 1969, er barst dóminum 22. október 1969. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur, lagt verði fyrir héraðsdómara að dæma efni máls og varnaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar héraðsdóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er staðfestur.

Sóknaraðili, Útgerðarfélagið Barðinn h/f, greiði varnaraðilja, Þórði Óskarssyni, kærumálskostnað, kr. 12.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. júlí 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Útgerðarfélagið Barðinn h/f, Húsavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. október 1966, gegn Þórði Óskarssyni skipstjóra, til heimilis að Vitateigi 1, Akranesi, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 93.652.40 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1964 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt mati dómsins.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi vaxtakröfu sinni á þann veg, að hann krafðist nú 7% ársvaxta af stefnukröfunni frá 1. janúar 1964 til 1. janúar 1966, 6% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1967 og 7% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Af sálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu samkvæmt taxta L. M. F. Í.

Við munnlegan flutning málsins var af hálfu stefnda gerð sú varakrafa, að stefnukrafan yrði lækkuð í kr. 22.482.41 og málskostnaður látinn falla niður.

Tildrög máls þessa kveður stefnandi vera þau, að stefndi, Þórður Óskarsson skipstjóri, hafi haustið 1962 verið ráðinn skipstjóri á skip stefnanda, m/s Náttfara, á haust- og vetrarsíldarvertíðinni það ár og fram á árið 1963 og á vetrarvertíðinni 1963 á þorskveiðar. Stefnandi kveður hlut stefnda vera löngu upp gerðan, en vegna þess að skipið hafi lagt upp afla á Akranesi, hafi stefndi annazt fjárumsýslu alls konar fyrir stefnanda, tekið á móti peningum fyrir afla og greitt bæði kaup og ýmsan annan kostnað útgerðarinnar. Reikningurinn á rskj. nr. 4 beri með sér, að hann hafi tekið af fé útgerðarinnar kr. 93.692.40 meira en honum hafi borið. Af innlagðri síld fyrir áramót 1962 til 1963 hafi stefndi

tekið við kr. 268.000.00, af síld upplagðri eftir áramót hafi hann tekið við kr. 117.000.00 og af þorski lögðum upp frá vertíðinni 1963 hafi hann tekið við kr. 401.300.00, eða samtals, á meðan hann var skipstjóri á m/s Náttfara, kr. 786.300.00. Tölur þessar kveður stefnandi mega sjá af reikningunum á rskj. nr. 5—6. Stefndi hafi gert grein fyrir ráðstöfunum sínum á fé þessu öllu, öðrum en fyrrnefndum kr. 93.692.40, eins og reikningurinn á dskj. nr. 4 greini. Stefnandi kveðst hafa gert margfaldan reka að því að fá þetta uppgjör og hafi stefndi lofað fyrst að leggja upp síld á söltunarstöð stefnanda á Húsavík til þess að greiða þessa skuld. Það loforð hafi staðið endurtekið í 2 ár, en án þess að stefndi stæði við það. Kveðst stefnandi af þessum sökum neyðast til að höfða mál þetta.

Framkvæmdastjóri stefnanda, Stefán Pétursson, hefur gefið svofellda aðiljaskýrslu í málinu, sem lögð hefur verið fram sem dskj. nr. 14:

„Þórður Óskarsson var skipstjóri á m.s. Náttfara og annaðist sem skipstjóri kaupgreiðslur til manna á skipinu og til sjálfs sín. Tók ennfremur á móti peningum vegna útgerðarinnar til þessara greiðslna hjá þeim, sem keyptu aflann. Þegar hann sendi uppgjör til Útgerðarfélagsins Barðans h.f., kom í ljós, að hann hafði tekið út kr. 365.000.00 auk fæðis, kr. 9.942.00, og hafði því tekið út kr. 93.692.40 meira en honum bar og sem hann hefur ekki enn þá gert grein fyrir og skilað. Þegar útgerð skipsins fól skipstjóra þetta starf, var að sjálfsögðu ætlazt til þess, að Þórður gerði fjárvörzlur þessar upp, er þeim væri lokið, en það hefur hann ekki gert, og hafði hann að sjálfsögðu enga heimild til þess að taka út meiri peninga en honum bar, þó hann sem skipstjóri gæti tekið við peningum útgerðarinnar fyrir aflann. Ef athuguð eru viðskipti Þórðar við Barðann h.f. frá þessu úthaldi, er sýnilegt, að ekki hefur verið farið illa með hann. Um áramótin 1962/1963 var Þórður búinn að taka út meiri peinga en honum bar. Stefán Pétursson minntist á þetta við Þórð, og sagði þá Þórður, að hann hefði verið í vandræðum með skattana, og var þá ekkert meira um það talað að sinni. Öll síldin, sem lögð var upp á Akranesi, var lögð upp hjá Þórði Óskarssyni h.f. Innlagða síld ber að greiða við móttöku, en Útgerðarfélagið Barðinn h.f. gekk ekki eftir sínu, fyrr en eftir að síldinni var afskipað. Þorskur á vetrarvertíðinni var einnig lagður upp hjá Þórði Óskarssyni h.f., en það er verkunarfélag stefnda, og var Útgerðarfélagið Barðinn h.f. þátttakandi í verkuninni að hálfu leyti. Vitanlega bar kaupendum

aflans (verkendum) að greiða hann við móttöku, en m.s. Náttfari hætti veiðum um miðjan maí, en samkvæmt uppgjöri frá Þórði Óskarssyni h.f. er inneign Útgerðarfélagsins Barðans h.f. kr. 504.078.07 þann 1. júní það ár. Þessi skuld var ekki greidd að fullu fyrr en seint á árinu, og engir vextir voru reiknaðir á þessa peninga. Ég vissi, að stefndur var að láta byggja bát á þessum tíma, og þess vegna var ekki gengið eftir þessu frekar. Enn fremur talaðist svo til milli mín og stefnda, að hann legði upp síld til söltunar á söltunarstöð Útgerðarfélagsins Barðans h.f. á Húsavík um sumarið. En það gerði stefndi þó aldrei. Öll viðskipti Útgerðarfélagsins Barðans h.f. við stefnda og fyrirtæki hans, Þórð Óskarsson h.f., sýna, að ekki verður um villzt, að honum var sýnd sérstök tillitssemi. Það vakti því hina mestu undrun, þegar Stefán Pétursson fer fram á, að hann greiði til baka það fé, sem hann hefur oftekið hjá Barðanum h.f., snýst hann hinn versti við og neitar greiðslu. Hann virtist ekki vilja annað en málaferli, og nú hefur hann fengið þau".

Við aðiljayfirheyrslu á bæjarþingi Reykjavíkur hefur framkvæmdastjóri stefnanda staðfest aðiljaskýrslu sína á dskj. nr. 14 og sagt þar vera rétt frá skýrt. Hann getur þess, að stefnandi og Þórður Óskarsson h/f hafi verið þátttakendur í verkuninni á þorskinum að jöfnum hluta, en að auki hafi verið annar bátur, sem hafi verið þátttakandi að ⅓, þannig að stefnandi og Þórður Óskarsson hafi verið þátttakendur að ⅓ hvor í allri verkuninni. Í framangreindu þinghaldi var framkvæmdastjóra stefnanda sýnd dskj. nr. 5 og 6. Kannast hann við uppgjör þessi og segir reikningsyfirlitið á dskj. nr. 5 vera vegna síldveiða, en dskj. nr. 6 vegna þorskveiða. Þá var framkvæmdastjóranum og sýnt dskj. nr. 16, og kannast hann við það uppgjör og segir það vera innifalið í reikningsuppgjörinu á dskj. nr. 6. Framkvæmdastjóranum var sýnt dskj. nr. 7. Kannaðist hann við að hafa fengið bréf þetta, er undirritað er af Birni Björnssyni, en hann hafi annazt bókhald fyrir Þórð Óskarsson h/f. Þá var framkvæmdastjóranum í þessu sama þinghaldi sýnt dskj. nr. 15, og kveðst hann kannast við að hafa fengið það bréf.

Framkvæmdastjórinn segir, að fyrirtækið Þórður Óskarsson h/f á Akranesi hafi keypt allan síldaraflann, sem til söltunar hafi farið, en þorskaflann hafi það fyrirtæki og stefnandi verkað í félagi, svo sem áður greinir. Segir hann, að útgerðarfélag stefnanda hafi fengið mjög greinileg reikningsyfirlit hjá Þórði Óskarssyni h/f ásamt fylgiskjölum. Þá segir hann, að við þessi reikn-

ingsyfirlit hafi verið miðað í bókhaldi stefnanda. Framkvæmdastjórinn segir, að er hann hafi yfirfarið reikningsyfirlit þessi og úttekna peninga stefnda, þá hafi komið út, að stefndi hafi tekið þeirri fjárhæð meira, sem stefnt er fyrir í máli þessu, heldur en reikningsyfirlitin hafi sýnt. Framkvæmdastjóra stefnanda var sýndur reikningur á dskj. nr. 18, og kannast hann við að hafa sent stefnda reikning þennan og tekur fram, að hann hafi af vangá tvíreiknað stefnda hlut fyrir áramótin 1962—1963. Hins vegar hafi stefndi í bréfi sínu á dskj. nr. 15 vakið máls á þessu og er það hafi verið leiðrétt, hafi fjárhæð sú, sem stefndi hafði ekki gert grein fyrir, hækkað úr kr. 40.035.86 í stefnufjárhæðina. Framkvæmdastjórinn getur þess, að bréf stefnda á dskj. nr. 15 sé svar við reikningnum á dskj. nr. 18. Einnig getur hann þess, að öll viðskipti aðiljanna og reikningsuppgjör hafi farið fram í hinni mestu vinsemd og leiðréttingar verið gerðar af beggja hálfu, ef í ljós hafi komið villur. Framkvæmdastjórinn getur þess, að í reikningsyfirlitunum sé þess getið með bókstöfunum ÞÓ, hverjar greiðslur fóru til stefnda. Segir framkvæmdastjórinn, að við þessar tölur sé miðað til að finna þá fjárhæð, sem stefndi hafi tekið út vegna fyrirtækis stefnanda.

Fyrir framkvæmdastjóra stefnanda var borin upp í umræddu þinghaldi fyrsta spurningin á dskj. nr. 17, og svaraði hann á þá leið, að hann hafi, eins og áður segir, fengið reikningsyfirlit, mjög skilmerkilegt, frá Þórði Óskarssyni h/f, þar sem meðal annars hafi verið sérgreindar þær fjárhæðir, sem stefndi hafi tekið út. Síðan hafi hann fengið launakvittanirnar yfir þær greiðslur, sem stefndi hafi innt af hendi til skipverja. Kveðst framkvæmdastjórinn hafa fært dagbók og viðskiptamannabók yfir þessi atriði og hafi hann meðal annars af þessu fengið út, hve mikið hafi runnið til stefnda sjálfs.

Stefndi, Þórður Óskarsson, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að tengdafaðir hans, Björn Björnsson, hafi annazt um bókhald Þórðar Óskarssonar h/f. Segir stefndi, að í reikningsyfirlitunum á dskj. nr. 5 og 6, þar sem úttektir eru tilgreindar með bókstöfunum ÞÓ, þar sé um að ræða fjárhæðir, sem hann hafi fengið, og hafi hann greitt af þeim fjárhæðum til skipverja. Stefndi kveðst hafa tekið við vegna útgerðarinnar kr. 20.000.00 hjá Síldar- og fiskimjölsverksmiðjunni á Akranesi og kr. 10.000.00 hjá h/f Jupiter auk þeirra fjárhæða, sem hann hafði tekið út hjá Þórði Óskarssyni h/f. Þá segist hann ekki hafa ástæðu til að efa, að reikningsyfirlitin á dskj. nr. 5 og 6 séu rétt, en kveðst þó ekkert frekar geta

um það sagt, þar sem hann hafi ekki annazt bókhaldið, eins og áður segir. Stefndi kveðst hafa gefið kvittanir til Þórðar Óskarssonar h/f fyrir þeim fjárhæðum, sem hann hafi fengið greiddar vegna útgerðar stefnanda frá því fyrirtæki. Stefnda er sýnt bréfið á dskj. nr. 15, og kannast hann við að hafa sent þetta bréf og kannast við undirskrift sína. Þá getur stefndi þess, að hann hafi orðið þess var, að stefnandi hafi reiknað honum of háan hlut, og þess vegna hafi hann vakið athygli á því í bréfi sínu á dskj. nr. 15. Stefnda var sýndur reikningurinn á dskj. nr. 18, og segir hann, að þetta sé reikningur sá, sem hann hafi gert athugasemdir við við stefnanda, sbr. það sem áður segir.

Eins og áður er fram komið, styður stefnandi dómkröfur sínar þeim rökum, að stefndi hafi í viðskiptum þeirra ekki gert grein fyrir fjárhæð þeirri, sem stefnukröfunni nemi, né heldur fengizt til að greiða þá fjárhæð, og neyðist hann því til að höfða mál þetta.

Stefndi reisir hins vegar sýknukröfu sína á því, að sökum fjarlægðar frá heimili útgerðarfélagsins hafi það orðið úr, að hann tæki að sér í greiðaskyni að annast kaupgreiðslur til skipverja og ýmsar aðrar nauðsynlegar greiðslur, og hafi hann tekið út fé til þeirra greiðslna hjá kaupendum afurðanna. Stefndi kveðst hafa tekið kvittanir fyrir þessum greiðslum og afhent þær stefnanda, en um þennan erindisrekstur sinn hafi hann ekki haft annað bókhald, enda hafi honum ekki borið það. Hann kveðst hafa tekið kaup sitt með þessum hætti og hafi það ekki orðið að ágreiningsefni, enda kveðst hann telja, að það sé að fullu uppgert og um upphæð þess sé ekki deilt. Stefndi kveðst hafa haft kvittanahefti, er sjómenn hans hafi jafnan skrifað kvittanir sínar á. Á stofn þeirra hefta kveðst hann hafa skrifað þær upphæðir, er kvittað hafi verið fyrir, dagsetningar og nafn móttakenda, svo sem tíðkist. Þessir stofnar séu til. Samtala þeirra útgjalda, sem kvittanirnar hafi verið gefnar fyrir á eyðublöðum þessara kvittanahefta, sé kr. 827.944.99, að því er honum reiknist til, eða hærri en tala sú, sem stefnandi gefi upp sem móttekið fé. Sé því ljóst, að einhverju skeiki. Á reikningnum á rskj. nr. 4 sé liðurinn: Úttekt á Akranesi, kr. 365.000.00, óstuddur öllum gögnum og sé þeirri tölu algerlega mótmælt. Stefndi segir, að stefnandi muni hafa afhent kvittanirnar til sjómanna, um leið og hann hafi gert við þá lokauppgjör. Sé því væntanlega ekki hægt að styðjast við þær. Sé því þeim mun meiri nauðsyn, að stefnandi leggi fram sundurliðað bókhald sitt að þessu leyti.

Af reikningsyfirlitum þeim, sem liggja frammi í málinu, verður ekki ráðið, hvernig viðskipti aðilja standa. Þrátt fyrir áskorun stefnda hefur stefnandi ekki lagt fram viðskiptareikning hans eftir bókhaldi sínu. Þar sem stefnandi er bókhaldsskylt hlutafélag, verður að ætla, meðan annað er ekki upplýst, að bókhald þess hafi að geyma slíkan reikning, sem greini viðskipti aðilja sundurliðuð. Þessa er því fremur þörf, þar sem því er ómótmælt haldið fram, að stefnandi hafi látið af hendi kvittanir þær, sem stefndi fékk, gegn greiðslum þeim, sem hann innti af hendi fyrir stefnanda.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir mál þetta svo vanreifað, að vísa ber því frá dómi.

Eins og máli þessu er háttað, þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Eiríki Kristóferssyni skipherra og Guðmundi Skaftasyni, löggiltum endurskoðanda.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 3. nóvember 1969.

Nr. 85/1969. **Hafskip h/f**
gegn
G. Albertssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hafskip h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. nóvember 1969.

Nr. 140/1969. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
gegn
Kenneth Dean Nelson og gagnsök.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. nóvember 1969.

Nr. 175/1969. **Kristófer Reykdal**
gegn
Hafsteini h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristófer Reykdal, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 5. nóvember 1969.

Nr. 40/1969. **Gunnar og Ebenezer h/f og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f**
(Benerikt Blöndal hrl.)
gegn
Guðmundi Kjartanssyni og gagnsök
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál. Flutningur. Lögveð í bifreið.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, birtri 14. apríl 1969, og krafizt sýknu og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 18. apríl 1969. Hann krefst þess, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 21.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. nóvember 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi Gunnar og Ebenezer h/f tókst á hendur flutning á varningi þeim, er í málinu greinir, gegn flutningsgjaldi. Varningurinn spilltist, meðan á flutningi stóð, og hefur nefndur aðaláfrýjandi eigi leitt sönnur að því, að spjöllin hafi orðið, án þess að vanrækslu af hans hendi eða mistökum væri um að kenna. Ber hann því skaðabótaábyrgð á tjóni því, er á varningnum varð, bæði samkvæmt meginreglu í 99. gr. siglingalaga nr. 66/1963 og 114. gr. og 116. gr. loftferðalaga nr. 34/1964 og svo samkvæmt þeim ákvæðum umferðarlaga, sem í héraðsdómi greinir. Að svo vöxnu máli og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Gunnar og Ebenezer h/f og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði gagnáfrýjanda, Guðmundi Kjartanssyni, óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. desember 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í gær, hefur Guðmundur Kjartansson, Háaleitisbraut 30 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, með stefnu, útgefinni hinn 2. desember 1966, á hendur Gunnari og Ebenezer h/f, Ísafirði, og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, hér í borg, til greiðslu skaðabóta in solidum að fjárhæð kr. 23.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1.. september 1966 til greiðsludags ásamt málskostnaði að skaðlausu. Þá hefur stefnandi og krafizt lögveðs í bifreiðinni Í 248 til tryggingar stefnukröfunum. Undir rekstri málsins hefur stefnandi lækkað höfuðstól kröfunnar í kr. 21.000.00.

Stefndu hafa krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans. Málavextir eru þeir, að hinn 27. ágúst 1966 samdist svo um með stefnanda og fyrirsvarsmönnum stefnda Gunnars og Ebenezers h/f, að fyrirtæki þeirra tæki að sér að flytja búslóð stefnanda frá Ísafirði til Reykjavíkur. Var flutningurinn síðan framkvæmdur með bifreið fyrirtækisins, Í 248, daginn eftir. Bifreiðin er ábyrgðartryggð hjá stefnda Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f. Meðal muna þeirra, sem fluttir voru, var slagharpa og útvarpsgrammófónn. Urðu skemmdir á munum þessum í flutningnum. Telur stefnandi, að stefndu beri að bæta sér tjón það, sem hann hefur orðið fyrir af þessum sökum, og hefur hann því höfðað mál þetta.

Stefnandi hefur skýrt svo frá hér fyrir dómi, að er hann hafi spurzt fyrir um það hjá stefnda Gunnari og Ebenezer, hvort pakka skyldi vörunum sérstaklega, hafi annar aðaleigandi fyrirtækisins, Ebenezer Þórarinsson, sagt, að það væri jafnvel verra, heldur skyldi vefja teppi vel um grammófóninn og píanóið. Kveður stefnandi Ebenezer hafa vitnað því til stuðnings til nýlegs búslóðarflutnings frá Ísafirði til Reykjavíkur. Kveður stefnandi búslóðinni svo hafa verið komið fyrir á bifreið stefnda Gunnars og Ebenezers h/f undir stjórn bifreiðarstjóra fyrirtækisins. Stefn-

andi kveður í ljós hafa komið, er bifreiðin kom til Reykjavíkur, að radíógrammófónninn hafi reynzt mölbrotinn og píanóið hafi verið stórskaddað, án þess þó að rispur eða slíkir áverkar sæjust á þeim eða öðrum munum. Kveðst stefnandi telja ljóst, að mjög ógætilegur akstur hafi valdið skemmdum þessum, og telur, að rekja megi orsakir þess til vanmats bifreiðarstjórans á ástandi vega á leiðinni, enda hafi stórviðri og vatnselgur gengið yfir landið, skömmu áður en flutningurinn fór fram, og tætt í sundur og lokað vegum víða á leiðinni. Stefnandi kveður sér ekki hafa verið bent á það af hálfu fyrirsvarsmanna Gunnars og Ebenezers h/f að vátryggja búslóðina í flutningnum og kveður ekkert hafa verið rætt um það við sig, að hann bæri áhættuna af því, að munirnir skemmdust í flutningnum. Stefnandi kveðst hafa beðið bifreiðarstjóra þann, sem ók bifreiðinni, Jón Ólaf Sigurðsson, að aka varlega. Kveðst stefnandi hafa gert þetta, þegar þeir voru að ferma bifreiðina, enda kveðst hann hafa vitað, að Jón var ekki vanur ökumaður og hafði lent í óhöppum. Kveður stefnandi Jón þá hafa spurt sig að því, hvort hann hefði ekki vátryggt búslóðina. Kveðst stefnandi hafa svarað því neitandi og kveðst hafa sagt Jóni, að búslóðin væri tryggð í flutningi hjá stefnda Gunnari og Ebenezer. Kveður stefnandi Jón hafa talið, að varningurinn væri ekki tryggður, en hann hafi ekki verið viss um það. Stefnandi kveður búslóðina aðallega hafa verið flutta á einni bifreið og hafi greindir hlutir verið í henni. Nokkrum dögum síðar hafi stefndi Gunnar og Ebenezer h/f flutt það af búslóðinni, sem eftir var. Stefnandi kveðst samtals hafa greitt kr. 15.200.00 fyrir flutninginn, en þar með hafi verið talinn flutningur á búslóð móður hans, sem einnig hafi verið þarna með. Ekki kveðst stefnandi hafa fengið kvittun í hendur, er hann afhenti búslóðina til flutnings. Ekki kveðst hann heldur hafa fengið fylgibréf. Stefnandi kveðst hafa keypt umræddan útvarpsgrammófón nýjan fyrir um það bil 8—10 árum og kveður sig minna, að söluverð hans þá hafi verið kr. 14.000.00. Hann kveður tækið hafa verið í lagi, þegar það var afhent til flutnings. Ekki kveðst hann þekkja til þess, að á tækinu séu sérstakar skrúfur eða spennur, sem ætlaðar séu til að stilla tækið í sambandi við flutninga. Hann kveður tækið vera af gerðinni Telefunken og í því vera plötuspilara, segulbandstæki og útvarp. Við flutninginn kveður hann kassa tækisins allan hafa mölbrotnað. Hann kveður útvarpið hafa farið úr lagi svo og plötuspilarann, en hann kveðst telja, að segulbandstækið sé í lagi. Stefnandi kveður slaghörpuna vera að

minnsta kosti ellefu ára gamla, en vel geti verið, að hún sé eldri. Hann kveður slaghörpuna hafa verið í lagi, þegar hún var afhent til flutnings, en kveður hana ekki hafa verið stillta s.l. 10 ár. Við flutninginn kveður hann hjólin hafa verið á slaghörpunni og kveður þau ekki hafa verið skorðuð í flutningabílnum.

Ebenezer Þórarinsson, einn af hluthöfum fyrirtækisins Gunnar og Ebenezer h/f og starfsmaður þess, hefur skýrt svo frá hér fyrir dómi, að hann muni að vísu ekki eftir samtali því, sem stefnandi kveður þá hafa átt, en hefur þó ekki viljað synja fyrir, að það hafi farið fram. Ebenezer kveður starfsmenn fyrirtækisins segja öllum, sem þeir flytja fyrir, að rétt sé að tryggja slíkan varning. Hann kveðst einnig hafa sagt stefnanda þetta, áður en búslóð hans var flutt til Reykjavíkur, þó að hann muni ekki, hvar eða með hverjum hætti það samtal fór fram. Ebenezer kveður stefnanda hafa sagt sér sama kvöldið og búslóðin kom til Reykjavíkur, að greindir munir hefðu skemmzt. Kveður hann þá hafa rætt málið og kveðst ekki hafa skilið stefnanda betur en svo, að hann, þ. e. stefnandi, teldi hér vera um sína eigin sök að ræða, þar sem hann hefði ekki tryggt vörurnar. Kveður Ebenezer stefnanda jafnframt hafa getið þess, að hann hefði orðið of seinn að tryggja vörurnar, en þetta hafi verið á laugardegi og búið hafi verið að loka vátryggingarskrifstofunni á Ísafirði. Ebenezer kveðst telja, að í þeirri ábendingu til viðskiptavina, að þeir þurfi að tryggja vörur sínar, felist það, að fyrirtækið Gunnar og Ebenezer h/f undanskilji sig ábyrgð á farminum í flutningnum. Ekki kveðst Ebenezer vita, hvort fylgibréf hafi verið gefið út í sambandi við flutninginn.

Kröfur stefnanda eru í fyrsta lagi byggðar á því, að fyrirtækið Gunnar og Ebenezer hafi tekið að sér flutning á munum þeim, sem fyrir skemmdunum urðu, gegn gjaldi, og beri því fyrirtækið og ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar, sem flutti munina, stefndi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, óskipta fébótaábyrgð á tjóninu samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 67. gr. og 1. og 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga. Er því haldið fram í þessu sambandi, að ógætilegur akstur hafi valdið tjóninu. Er því mótmælt, að stefnandi sé á nokkurn hátt meðvaldur eða meðábyrgur fyrir tjóninu, enda hafi bifreiðarstjóri sá, sem varninginn flutti, séð um fermingu bifreiðarinnar. Verði eigi á þetta fallizt, þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að ábyrgð verði felld á stefnda Gunnar og Ebenezer h/f sem farmflytjanda með lögjöfnun frá ákvæðum 96. gr. og 103. gr. siglingalaga. Verði heldur eigi á þetta fallizt, þá er

fébótaábyrgð stefnda Gunnars og Ebenezers h/f byggð á því, að tjónið stafi af ógætilegum akstri bifreiðarstjórans á Í 248, er verið hafi starfsmaður fyrirtækisins, en á slíku tjóni beri stefndi Gunnar og Ebenezer h/f ábyrgð sem vinnuveitandi.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að tilvik það, sem hér er fjallað um, falli ekki undir ábyrgðarreglur 67. gr. umferðarlaga. Tjónin hafi ekki hlotizt af ökuóhappi, sem stafi af hinum sérstöku hættueiginleikum bifreiðar, heldur hafi það orðið sökum eðlis munanna og hins lélega ástands þeirra. Þá er því og haldið fram, að tjónið verði ekki rakið til þess, hvernig hleðslu munanna í bifreiðina var háttað. Fari svo, að ábyrgðarregla 67. gr. umferðarlaga verði talin taka til tilviks þessa, þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að bætur beri að fella niður eða lækka samkvæmt ákvæði 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga, þar sem stefnandi hafi sjálfur þekkt vel ástand munanna og hafi séð um hleðslu þeirra á bifreiðina ásamt bifreiðarstjóranum. Einnig er bent á það í þessu sambandi, að stefnandi sé kaupmaður og hafi vitað, hvernig búa þurfti um munina, en hann hafi í sama skipti einnig flutt með bifreiðinni verzlunarvarning. Þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að eigi sé í tilviki þessu grundvöllur til að beita lögjöfnun frá reglum siglingalaga, en ef svo verði gert, þá beri að sýkna stefnda Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f af kröfum stefnanda. Þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að eigi sé grundvöllur til að fella á ábyrgð samkvæmt reglu íslenzks réttar um fébótaábyrgð vinnuveitanda á skaðabótaskyldum verkum starfsmanna sinna, en ef það verði gert, þá beri að sýkna stefnda Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f af kröfum stefnanda og verði þá heldur eigi dæmdur lögveðréttur í bifreiðinni Í 248. Þá var því að lokum haldið fram af hálfu stefndu, að þótt talið verði, að grundvöllur fébótaábyrgðar kunni að hafa verið fyrir hendi, þá hafi fyrirsvarsmenn stefnda Gunnars og Ebenezers h/f bæði munnlega og með fyrirvara í fylgibréfi, sem stefnanda hafi verið afhent, undanskilið sig ábyrgð á tjóni á munum þeim, sem fluttir voru fyrir stefnanda, en verði það talið ósannað, hafi stefnanda mátt vera ljóst, að fyrirtækið undanskildi sig slíkri ábyrgð, og verði eftir öllum atvikum að líta svo á, að um það hafi stofnazt samningur með aðiljum.

Það er ágreiningslaust, að tjón hafi orðið á útvarpsgrammófóni þeim og slaghörpu, sem fyrirtækið Gunnar og Ebenezer h/f flutti fyrir stefnanda frá Ísafirði til Reykjavíkur. Fyrirtækið framkvæmdi flutning þennan gegn endurgjaldi. Verður því að telja,

að stefnda Gunnari og Ebeezer h/f beri samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 67. gr. umferðarlaga að bæta stefnanda tjón það, sem á munum þessum varð í flutningnum. Gegn andmælum stefnanda er ósannað, að hann hafi fengið í hendur fylgibréf, þar sem fyrirtækið hafi undanskilið sig ábyrgð á slíku tjóni. Er og ósannað, að fyrirsvarsmenn fyrirtækisins hafi með öðrum hætti undanskilið sig slíkri ábyrgð eða að stefnanda hafi mátt vera ljós vilji þeirra til þess. Það verður að telja, að stefnandi hafi sýnt af sér nokkurt andvaraleysi við umbúnað munanna undir flutning, og að meta verði það honum til lækkunar bóta samkvæmt ákvæði 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga. Eftir öllum atvikum þykir sétt, að stefnandi beri tjón sitt sjálfur að ¼ hluta, en stefndi Gunnar og Ebenezer h/f bæti honum ¾ hluta þess. Undir rekstri málsins hefur verið fallið frá töllulegum mótmælum gegn fjárhæð dómkröfu stefnanda, eins og hún er endanlega sett fram. Verður því að leggja til grundvallar, að tjón stefnanda hafi numið samtals kr. 21.000.00, tjónið á slaghörpunni kr. 7.500.00 og tjónið á útvarpsgrammófóninum kr. 13.500.00, eins og það er sundurliðað af stefnanda. Verður stefndi Gunnar og Ebenezer h/f því dæmdur til að greiða stefnanda kr. 15.750.00, og samkvæmt ákvæði 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga verður stefndi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f sem ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar Í 248, sem munina flutti, dæmdur til að greiða fjárhæð þessa óskipt með stefnda Gunnari og Ebenezer h/f. Þá verða stefndu og dæmdir til að greiða óskipt 7% ársvexti af hinni dæmdu fjárhæð frá 1. september 1966 til greiðsludags og málskostnað, sem ákveðst kr. 5.800.00. Á stefnandi lögveðrétt í bifreiðinni Í 248 fyrir dæmdum fjárhæðum samkvæmt ákvæði 69. gr. umferðarlaga.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Jóhanni J. Ólafssyni forstjóra og Ottó Ryel hljóðfærasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndu, Gunnar og Ebenezer h/f og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði in solidum stefnanda, Guðmundi Kjartanssyni, kr. 15.750.00 með 7% ársvöxtum frá 1. september 1966 til greiðsludags og kr. 5.800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Á stefnandi lögveðrétt í bifreiðinni Í 248 fyrir dæmdum fjárhæðum.

Föstudaginn 7. nóvember 1969.

Nr. 213/1968. **Dánarbú Sigtryggs Péturssonar**
(Ragnar Steinbergsson hrl.)
gegn
Helga Hálfdánarsyni og
Bæjarstjóranum á Húsavík
f. h. Húsavíkurkaupstaðar
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lóðamörk.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. október 1968, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. nóvember 1968. Gerir hann þær dómkröfur, sem nú skal greina:

Aðalkrafa: Að lóðamörk milli húsanna nr. 13 og 15 við Garðarsbraut, Húsavík, verði ákvörðuð af línu, sem dregin verði hornrétt á Garðarsbraut í átt til Ketilsbrautar í 3.15 metra fjarlægð frá tröppum norðan húss áfrýjanda (upphaflega) og um leið í 3.15 metra fjarlægð frá suðurhlið húss stefnda Helga Hálfdánarsonar.

Varakrafa: Að áðurnefnd lína verði dregin í 3.15 metra fjarlægð frá norðurhlið húss áfrýjanda, Garðarsbraut 15.

Í öðru lagi er það krafa áfrýjanda, að stefnda Helga verði dæmt að fjarlægja girðingu þá, sem hann setti upp milli húsanna nr. 13 og 15 við Garðarsbraut, innan 30 daga frá uppsögu dóms þessa að viðlögðum hæfilegum dagsektum.

Áfrýjandi krefst loks málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað í Hæstarétti.

Með grunnlóðarbréfi 22. nóvember 1923, þinglesnu, seldi hreppsnefnd Húsavíkurhrepps Páli Jónssyni á erfðaleigu grunnlóð að stærð 324 fermetrar. „Hún er rétthyrndur ferhyrningur 18 × 18 metrar og ákvörðuð þannig: Suðaustur-

hlið lóðarinnar er 3 metra frá suðausturstafni brauðgerðarhúss, er lóðarhafi hefur reist á lóðinni, en þá tekur við þeim megin vegarstæði milli þeirrar lóðar og grunnlóðar Björns Jósefssonar héraðslæknis. Suðurhliðin er 4 metr frá framhlið hússins, þeirri sem veit að aðalvegi".

Á byggingarnefndarfundi Húsavíkur 15. apríl 1925 var bókuð svohljóðandi ályktun: „Framlögð umsókn Páls bakara Jónssonar, dags. 7. þ. m., ásamt ágætum uppdrætti, um að mega lengja íbúðarhús sitt um 8 álnir norður og byggja port á því samkvæmt uppdrættinum. Nefndin leyfði þetta". Páli bakara Jónssyni var eigi seldur á leigu grunnlóðarauki til samræmis ályktun byggingarnefndar. Páll bakari jók hús sitt samkvæmt leyfinu. Páll seldi síðar Marinó Sigurðssyni bakara hús sitt við Garðarsbraut nr. 15 ásamt grunnlóðarréttindum, en Marinó seldi hinn 7. apríl 1936 Sigtryggi Péturssyni bakara nefnda fasteign. Samkvæmt leyfi byggingarnefndar reif Sigtryggur Pétursson hús sitt, nr. 15 við Garðarsbraut, á árinu 1962 og reisti þar verzlunar- og íbúðarhús. Samkvæmt vottorði byggingarfulltrúa Húsavíkur, dags. 12. október 1969, var nýbyggingin „byggð allt að norðurmörkum húsgrunnsins, sem þar stóð áður (grunns gamla brauðgerðarhússins), þó þannig, að nýbyggingin nær ekki yfir undirstöður að tröppum, sem voru norðan við gamla húsið".

Með grunnlóðarbréfi 30. desember 1929 var Bjarna Benediktssyni kaupmanni, Húsavík, seld á erfðaleigu grunnlóð „sumpart meðfram aðalgötu suður að norðurmörkum grunnlóðar Bakarahúss (nr. 5)". Er ágreiningslaust, að þetta er grunnlóðin nr. 13 við Garðarsbraut og að stefndi Helgi Hálfdánarson er réttartaki Bjarna Benediktssonar að lóð þessari. Byggði stefndi Helgi Hálfdánarson hús á lóðinni 1947, að fengnu leyfi byggingarvalda. Var staða hússins á lóð nr. 13 ákveðin þannig, að yfir 6.30 m væri milli þess húss og hússins nr. 15 við sömu götu, sbr. 16. gr. byggingarsamþykktar fyrir Húsavíkurkauptún nr. 57/1939. Stefndi Helgi Hálfdánarson tók þegar á árinu 1951 að æskja þess, að grunnlóð hans væri mæld og afmörkuð, en framkvæmd verksins dróst á langinn. Byggingarfulltrúi Húsavíkurkaupstaðar mældi loks

grunnlóð stefnda Helga Hálfdánarsonar sumarið 1958 ásamt lóðarauka, sem stefnda Helga hafði verið veittur að Ketilsbraut. Lagði mælingarmaður til grundvallar, að mörkin milli grunnlóðanna nr. 13 og nr. 15 við Garðarsbraut væru þau, sem greindi í áðurgreindu grunnlóðarbréfi Páls Jónssonar, réttarleifanda Marinós Sigurðssonar og Sigtryggs Péturssonar, og svo í grunnlóðarbréfi Bjarna Benediktssonar, réttarleifanda stefnda Helga Hálfdánarsonar. Markalínan milli húsanna var samkvæmt þessu sett 5.20 metra sunnan við húsið nr. 13 og 2.85 metra frá norðurvegg gamla brauðgerðarhússins. Á þessari markalínu lét stefndi Helgi Hálfdánarson setja niður girðingu mótmælalaust af hendi Sigtryggs Péturssonar, sem tók þátt í girðingarkostnaði.

Svo sem rækilega er rakið í héraðsdómi, hófust deilur með eigendum húsanna nr. 13 og nr. 15 við Garðarsbraut um mörkin milli fasteigna þessara á árinu 1962, er Sigtryggur Pétursson tók að reisa nýhýsi sitt á grunnlóðinni nr. 15. Byggingarnefnd Húsavíkur gerði í tilefni af ágreiningi þessum svohljóðandi ályktun á fundi sínum 18. júlí 1962: „Skipting bilsins milli umræddra húsa nr. 13 og 15 við Garðarsbraut er þannig til orðin, að nr. 13, sem seinna var byggt, fékk lóð að mörkum lóðarinnar, sem eldra húsinu hafði verið úthlutað á sínum tíma".

Í máli þessu liggur þannig ljóst fyrir, að bæjarstjórn Húsavíkur hefur veitt stefnda Helga Hálfdánarsyni grunnlóðarréttindi að markalínu þeirri, sem girðingin milli húsanna nr. 13 og nr. 15 við Garðarsbraut segir til um, og að uppsetning girðingar þessarar var samþykkt í verki af hendi Sigtryggs Pétursonar. Að svo vöxnu máli ber að taka kröfur stefndu um sýknu til greina..

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda Helga Hálfdánarsyni málskostnað, sem ákveðst kr. 12.000.00 í héraði og kr. 35.000.00 í Hæstarétti.

Eigi eru efni til að dæma stefnda bæjarstjóranum á Húsavík f. h. Húsavíkurkaupstaðar málskostnað.

Dómsorð:

Stefndu, Helgi Hálfdánarson og bæjarstjórinn á Húsavík f. h. Húsavíkurkaupstaðar, eiga að vera sýknir af kröfum áfrýjanda, dánarbús Sigtryggs Péturssonar, í máli þessu.

Áfrýjandi greiði stefnda Helga Hálfdánarsyni málskostnað í héraði, kr. 12.000.00, og í Hæstarétti, kr. 35.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Húsavíkur og Þingeyjarsýslu 17. maí 1968.

Ár 1968, föstudaginn 17. maí klukkan 1600, var í aukadómþingi Þingeyjarsýslu og Húsavíkur, sem haldið var í skrifstofu embættisins í Húsavík af Jóhanni Skaptasyni, sýslumanni og bæjarfógeta, og meðdómsmönnunum Guðmundi S. Guðmundssyni tæknifræðingi og Úlfi Indriðasyni hreppstjóra, kveðinn upp dómur í málinu nr. 7/1965: Merkjadómsmálinu Sigtryggur Pétursson, nú dánarbúi Sigtryggs Péturssonar, gegn Helga Hálfdánarsyni og bæjarstjóranum í Húsavík f. h. Húsavíkurkaupstaðar.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., höfðaði Sigtryggur Pétursson bakarameistari, Garðarsbraut 15, Húsavík, fyrir merkjadómi Húsavíkur með stefnu, útgefinni 12. maí 1965, gegn Helga Hálfdánarsyni lyfsala, til heimilis að Sólheimum 45, Reykjavík, og bæjarstjóranum í Húsavík fyrir hönd Húsavíkurbæjar til viðurkenningar á lóðamerkjum milli húseignanna Garðarsbrautar nr. 15, sem er eign stefnanda, og Garðarsbrautar nr. 13, sem þá var eign stefnda Helga Hálfdánarsonar.

Málið var dæmt í undirrétti hinn 2. desember 1965. Því var síðan áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 5. júlí 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. júlí s. á. Krafðist áfrýjandi heimvísunar og ómerkingar héraðsdóms.

Upplýst var, að meðdómandinn Stefán Sörensson hafði setið bæjarstjórnarfund Húsavíkurkaupstaðar hinn 11. nóvember 1964, þar sem rætt var um lóðina nr. 15 við Garðarsbraut, og greitt atkvæði, meðal annars um stærð hennar. Var héraðsdómur því

ómerktur og meðferð málsins í héraði frá og með þinghaldi 20. október 1965, er meðdómendur í héraði voru tilnefndir.

Málið var síðan aftur upp tekið fyrir merkjadóminum hinn 23. nóvember 1967, og varð þá Guðmundur S. Guðmundsson tæknifræðingur, Húsavík, meðdómandi í stað Stefáns Sörenssonar.

Sammæli var um það, að Úlfur Indriðason sæti áfram í dóminum.

Stefnandinn gerir þær kröfur, að lóðamörk húsanna nr. 15 og nr. 13 við Garðarsbraut verði ákveðin þannig, að dregin verði lína á milli lóðanna hornrétt á Garðarsbraut í átt til Ketilsbrautar, sem sé í 3.15 metra fjarlægð frá tröppum norðan við upphaflegt hús hans og ráði sú lína lóðamörkum.

Til vara krefst hann þess, að umrædd lóð verði dregin í 3.15 metra fjarlægð frá norðurhlið upprunalega hússins að frádregnum áðurgreindum tröppum.

Þá krefst stefnandinn þess, að stefndi Helgi Hálfdánarson verði dæmdur til að fjarlægja girðingu þá, er hann setti upp á lóð stefnanda (sic), innan 30 daga frá dómsuppsögu að viðlögðum dagsektum, enda hafi hann eigi verið í góðri trú með staðsetningu girðingarinnar.

Að lokum krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu eftir framlögðum reikningi eða mati dómsins.

Stefndi Helgi Hálfdánarson krefst algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda. Einnig krefst hann hæfilegs málskostnaðar samkvæmt mati dómsins og verði þar tekið tillit til ferðakostnaðar lögmanns hans.

Stefndi bæjarstjórinn í Húsavík f. h. Húsavíkurkaupstaðar krefst sýknu af öllum kröfum stefnandans. Einnig krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins.

Tildrög máls þessa eru þau, að árið 1923 sótti Páll Jónsson, bakari í Húsavík, um lóð til byggingar brauðgerðar og íbúðarhúss í Húsavík. Hinn 22. nóvember sama ár var Páli með lóðarleigusamningi leigð lóð, sem nú er nr. 15 við Garðarsbraut. Stærð lóðarinnar var ákveðin 18 × 18 metrar, eða 324 fermetrar. Hinn 7. apríl 1925 sótti Páll Jónsson um leyfi til þess að lengja íbúðarhús sitt um 8 álnir til norðurs.

Byggingarnefnd Húsavíkur heimilaði umbeðna lengingu á fundi 15. apríl 1925.

Fyrst á árinu 1942 sótti stefnandi máls þessa, sem þá var orðinn eigandi húseigna Páls Jónssonar bakara, um leyfi til þess að byggja viðbótarbyggingu við suðausturstafn húss síns, 10 metra

langa og jafnbreiða húsinu (Málsskjalið segir 16 metra, en upplýst var í munnlega málflutningnum, að 10 metrar væri rétt). Leyfði byggingarnefnd þetta á fundi 6. janúar 1942.

Árið 1946 sótti stefnandi um leyfi til þess að byggja 15 metra byggingu austur af viðbyggingunni, sem leyfð hafði verið 4 árum áður. Byggingarnefnd leyfði það.

Stefnandi fékk útgefinn lóðarleigusamning á árinu 1953 vegna breytinga þeirra, sem heimilaðar höfðu verið árin 1942 og 1946. Þar er stærð lóðar ákveðin 982 fermetrar.

Árið 1943 sótti Helgi Hálfdánarson lyfsali, þá nýfluttur til Húsavíkur, um lóð undir lyfjabúð. Árið 1947 var honum veitt lóðin nr. 13 við Garðarsbraut, og byggði hann á lóðinni.

Var staða hússins á lóðinni ákveðin af tveim trúnaðarmönnum byggingarnefndar, og ákváðu þeir fjarlægð milli húsanna nr. 13 og nr. 15 6.30 metra með það fyrir augum, að eigin sögn, að fullnægt væri brunavarnarsamþykkt bæjarins.

Hinn 15. júní 1951 ritaði Helgi Hálfdánarson bæjarstjóra Húsavíkur út af því, að lóð hans við Garðarsbraut 13 hafi ekki verið mæld og afmörkuð. Á fundi byggingarnefndar 25. september 1951 er byggingarfulltrúa bæjarins falið að mæla lóðina nákvæmlega daginn eftir. Það mun þó ekki hafa verið framkvæmt að sinni.

Árið 1955 sótti Helgi Hálfdánarson um lóðarauka að Ketilsbraut. Var það veitt, eftir að skipulagsstjóri hafði staðfest tillögur byggingarnefndar þar að lútandi. Byggingarfulltrúi Húsavíkurkaupstaðar mældi lóðina sumarið 1958, og lét Helgi Hálfdánarson girða lóðina samkvæmt þeirri mælingu. Eigendur húsanna nr. 11 og 15 við Garðarsbraut greiddu sinn hluta í girðingarkostnaðinum.

Hinn 17. febrúar 1959 fékk Helgi síðan útgefinn lóðarleigusamning fyrir lóð nr. 13 við Garðarsbraut. Markalína milli húsanna nr. 13 og 15 var samkvæmt mælingu byggingarfulltrúa ákveðin 5.20 metra sunnan hússins nr. 13, og var fyrrnefnd girðing sett þar niður. Þegar girt var, var stefnandi máls þessa sjúklingur og kveður sig ekki hafa vitað um staðsetningu girðingarinnar.

Stefnandi sótti um leyfi til endurbyggingar gamla hússins að Garðarsbraut 15 fyrri hluta ársins 1962 sem verzlunar- og íbúðarhúsnæðis. Lagði hann fram teikningar. Féllst byggingarnefnd á umsóknina, og skyldi byggt á sama grunni sem gamla húsið hafði staðið á.

Hinn 10. júlí 1962 ritaði Helgi Hálfdánarson bæjarstjórn og tjáði henni, að hann gæti ekki fallizt á, að byggt yrði á lóð Garðarsbrautar 15 nær lóðarmörkum sínum en 3.15 metra. Byggingarnefnd svaraði, að heimilt væri samkvæmt byggingarsamþykkt Húsavíkur að byggja að lóðamörkum, ef byggingin væri með eldvarnarvegg við mörkin.

Stefnandi ritaði bæjarstjórn bréf 17. sama mánaðar í tilefni af bréfi Helga Hálfdánarsonar. Kvartaði hann þar yfir, að mörk milli lóðanna nr. 13 og 15 við Garðarsbraut hefðu ekki verið rétt sett niður, hefði átt að skipta bili milli húsanna til helminga. Óskaði hann leiðréttingar á þeim mistökum. Spurði hann einnig, hvort leyfilegt væri að byggja á lóðamörk, ef um brunagafl væri að ræða.

Byggingarnefnd svaraði, að lóðamörk væru þannig til orðin, að hús nr. 13 hefði fengið lóð að mörkum lóðar nr. 15, sem því húsi hefði verið úthlutað á sínum tíma. Spurningu stefnanda varðandi byggingu á lóðamörk var svarað játandi.

Helgi Hálfdánarson ritaði bæjarstjórn 19. sama mánaðar og mótmælti niðurstöðu byggingarnefndar í svari við bréfi hans frá 10. sama mánaðar.

Síðar á sumrinu 1962 sótti stefnandi um leyfi til þess að byggja forstofu norðan við nýbygginguna á Garðarsbraut 15. Forstofuhúsið átti að vera með eldvarnarvegg 35 cm frá lóðamörkum. Byggingarnefnd tók umsóknina fyrir á fundi 5. september og veitti leyfi til byggingarinnar með því skilyrði, að umsækjandi tæki á sig skaðabótaábyrgð gagnvart nágranna í sambandi við forstofubygginguna. Bæjarstjórn vísaði þessari afgreiðslu byggingarnefndar til umsagnar skipulagsstjóra, sem svaraði 27. september og taldi sig eigi geta mælt með erindinu. Taldi hann skilyrði byggingarnefndar Húsavíkur um skaðabótaábyrgð eðlilegt og réttmætt.

Bæjarstjórn Húsavíkur tók síðan mál þetta fyrir að nýju hinn 17. október og synjaði þá umsókn stefnanda um forstofubygginguna. Stefnandi hafði þá látið grafa fyrir eldvarnarveggnum.

Dómarar í máli þessu fóru á staðinn hinn 23. nóvember 1967 ásamt málflutningsmönnum aðilja og athuguðu staðhætti.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að ranglega hafi verið sett niður girðingin milli lóðanna 13 og 15 sumarið 1958 og gengið á rétt hans með því. Samkvæmt lóðarleigusamningi, dagsettum 22. nóvember 1923, var Páli Jónssyni leigð lóð að flatarmáli 324 ferm, eða 18 × 18 metrar.

Eigi hefur komið fram, að breyting hafi verið gerð á lóðarstærð árið 1925, þegar Páli Jónssyni var heimiluð lenging húss síns til norðurs um 8 álnir, og eigi verður því fundinn staður, að leyfi til lengingar hússins hafi sjálfkrafa haft í för með sér breytingu á lóðarstærð, þar sem lenging hússins rúmaðist á hinni veittu lóð samkvæmt lóðarsamningnum frá 22. nóvember 1923. Lóðarsamningur þessi var ekki innfærður í veðmálabækur fyrr en 3. desember 1926, og var því nægur tími til breytinga á honum, ef lóðarsali eða lóðarhafi hefði álitið, að leyfi til lengingar hússins hefði haft nokkrar breytingar á lóðarstærð í för með sér.

Þær breytingar, sem síðar hafa verið gerðar á lóð nr. 15 við Garðarsbraut, hafa í engu hróflað við mörkum hennar til norðurs. Það var því eðlilegt, er byggingarfulltrúi mældi út lóðina nr. 13 við Garðarsbraut, að hann afmarkaði hana til suðurs að þinglesnum og ómótmæltum mörkum nágrannalóðarinnar.

Þá verður eigi fallizt á, að mæling Sigurðar Egilssonar og Páls Kristjánssonar, er þeir ákváðu stað húss Helga Hálfdánarsonar, hafi valdið breytingu á lóðamörkum. Eins og fram kemur af dómsskjali nr. 8, var sjónarmið þeirra það, að fjarlægðin milli húsanna stæðist fyrirmæli brunavarnarsamþykktar.

Þá verður að telja eðlilegt, að girðingin milli lóða nr. 13 og 15 væri sett niður á þeim mörkum, sem byggingarfulltrúi bæjarins mældi út, þ. e. á hinum gömlu mörkum lóða Bjarna Benediktssonar og Páls Jónssonar.

Það er upplýst í málinu, að stefnda Helga Hálfdánarsyni var af réttum aðiljum úthlutað lóð þeirri, sem Bjarni Benediktsson hafði áður haft til umráða, að lóðarmörkum hinnar fornu lóðar Páls Jónssonar bakara og að girðingin um lóð stefnda Helga var sett niður á þeim mörkum, sem eru 2.85 m frá norðurvegg hins gamla brauðgerðarhúss, og að lóð þess húss fékk aldrei úthlutað viðbót til norðurs inn á lóð þá, sem stefnda var úthlutað.

Málflutningsmaður stefnandans hefur í sínum munnlega málflutningi haldið því fram og lagt á það áherzlu, að þar sem gamla bakaríið hafi nú staðið svo lengi á þessum stað, hafi það unnið með hefð lóðarréttindi alla leið 3.15 metra norður fyrir tröppur gamla brauðgerðarhússins og hafi því verið óheimilt að úthluta stefnda þeim hluta lóðar hans, sem liggur sunnan þeirrar línu, og eigi hann því að tildæmast stefnandanum.

Dómurinn fellst ekki á þetta sjónarmið. Stefnandinn hefur engin umráð haft yfir þessari lóðarspildu, og öll skilyrði til hefðar skortir.

Hin ólöglega staða gamla hússins hefur ekki áunnið því neinn rétt frá nágrannalóðinni, en byggingaryfirvöldum ber að sjá um það, að við endurbyggingu á lóðinni verði hin nýja bygging sett niður lögum samkvæmt, þótt gamla byggingin hafi staðið ólöglega.

Nýbyggingar á suðausturhluta lóðar nr. 15 hafa verið settar niður að kalla fast við lóðamörk við nr. 17 og með gluggum út að þeirri lóð. Ef skilningur málflutningsmanns stefnandans væri réttur, ætti hús nr. 15 að vera að vinna sér með ólöglegri stöðu sinni lóð frá húsinu nr. 17.

Það er því álit dómsins, að sýkna beri stefndu í máli þessu af öllum kröfum stefnanda. Þá þykir rétt að dæma stefnanda til greiðslu alls kostnaðar máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun lögmanna hinna stefndu, sem þykja hæfilega ákveðin með tilliti til ferðakostnaðar krónur 12.000.00 til lögmanns Helga Hálfdánarsonar, hæstaréttarlögmanns Þorvalds Þórarinssonar, og krónur 4.000.00 til lögmanna Húsavíkurkaupstaðar.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Helgi Hálfdánarson og bæjarstjórinn í Húsavík fyrir hönd Húsavíkurkaupstaðar, skulu sýknir af kröfum stefnanda, dánarbús Sigtryggs Péturssonar.

Stefnandi, dánarbú Sigtryggs Péturssonar, greiði allan kostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun Þorvalds Þórarinssonar, kr. 12.000..00, og lögmanna Húsavíkurkaupstaðar, kr. 4.000.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 7. nóvember 1969.

Nr. 200/1968. **Björn Magnússon**
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Helga Skúlasyni og gagnsök
(Ragnar Steinbergsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, birtri 2. desember 1968, krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 16. desember 1968. Hann gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 63.535.35 ásamt 8% ársvöxtum frá 4. ágúst 1963 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eins og gögnum máls og atvikum öllum er háttað, þykir aðaláfrýjandi eiga að bæta tjón gagnáfrýjanda að ⅔ hlutum.

Gagnáfrýjandi sundurliðar kröfu sína þannig:

1. Vegna kostnaðar af viðgerð bifreiðar	kr. 18.735.35
2. Vegna afnotamissis bifreiðar 224 daga, kr. 200.00 á dag	— 44.800.00
	Kr. 63.535.35
Fjárhæð 1. kröfuliðar er viðurkennd	— 18.735.35
Tjón samkvæmt 2. kröfulið þykir hæfilega reiknað	— 10.000.00
	kr. 28.735.35

og greiði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda þar af kr. 19.156.90

ásamt 7% ársvöxtum frá 4. ágúst 1963 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Björn Magnússon, greiði gagnáfrýjanda, Helga Skúlasyni, kr. 19.156.80 ásamt 7% ársvöxtum frá 4. ágúst 1963 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 7. ágúst 1968.

Ár 1968, miðvikudaginn 7. ágúst, setti Ásmundur S. Jóhannsson fulltrúi bæjarþing Akureyrar í skrifstofu embættisins og hélt það með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið málið nr. 79/1967: Helgi Skúlason gegn Birni Magnússyni, og var í málinu kveðinn upp svohljóðandi dómur:

Mál þetta, sem dómtekið var upphaflega 12. janúar 1968, endurupptekið 31. s. m. og dómtekið endanlega 6. f. m. að lokinni vettvangsskoðun og munnlegum málflutningi, er höfðað fyrir aukadómþingi Skagafjarðarsýslu með stefnu, birtri 3. ágúst 1967, af Helga Skúlasyni augnlækni, Akureyri, gegn Birni Magnússyni bifreiðarstjóra, Norðurgötu 14, Siglufirði, til greiðslu skaðabóta vegna bifreiðaárekstrar að upphæð kr. 63.535.35 auk 8% ársvaxta frá 4. ágúst 1963 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir reikningi eða mati dómara.

Málið var þingfest 8. september 1967 á aukadómþingi Skagafjarðarsýslu, sem haldið var að Ketilási í Holtshreppi. Umboðsmenn aðilja sættust á, að málið yrði flutt fyrir bæjarþing Akureyrar, og var málið tekið fyrir 2. október 1967 hér á bæjarþingi.

Stefndi krefst aðallega sýknu og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómara, en til vara, að sök verði skipt, stefnukröfur stórlækkaðar og málskostnaður falli niður.

Stefnandi kveður tildrög málsins vera þau, að hinn 4. ágúst 1963 hafi hann verið á leið akandi frá Siglufirði í bifreið sinni, A 82, sem var ný fólksbifreið af gerðinni Chevy II. Er hann var í nánd við Hraun í Holtshreppi, mætti hann vörubifreiðinni F 88,

sem stefndi ók. Stefnandi athugaði möguleika til að mætast, og reyndist vera útskot á veginum, vestari vegarbrún. Nam stefnandi staðar á austari vegarbrún og beið vörubifreiðarinnar. Telur stefnandi, að vörubifreiðin hafi ekið allgreitt og ekki hægt ferðina, þegar hún mætti bifreið hans. Hafi stefnda þá fatazt stjórn bifreiðar sinnar, svo að afturhluti hennar rakst á bifreið stefnanda framanverða með þeim afleiðingum, að hún skemmdist allmikið.

Stefnandi gaf skýrslu fyrir dómi 11. september 1964 um slys þetta, og kvaðst hann þá hafa stöðvað bifreið sína, áður en F 88 komst á hlið við bifreið hans, eða um 2 til 3 bíllengdum áður, miðað við fólksbifreið. Taldi hann þá, að F 88 hefði verið ekið ógætilega, það er bæði of hratt og hún hafi vikið of seint og illa. Hafi hann, þ. e. stefnandi, þá verið með bifreið sína alveg út við vegarbrún. Þetta hafi stefndi athugað og hafi hann ekkert haft við staðsetningu bifreiðarinnar að athuga. Stefndi taldi þá, að stefnandi hefði átt að stanza við heimreiðina að Hraunum, en stefnandi kvaðst hafa verið kominn talsverðan spöl fram hjá og hafi verið jafngott að mætast, þar sem þeir voru, en svo til slétt hafi verið út af veginum að vestan, en þar tók við slétt valllendisflöt, og svaraði stefndi þessu engu, þegar stefnandi hélt þessu fram. Stefnandi taldi, að unnt hefði verið að mætast þarna, ef farið hefði verið varlega. Varðandi hraða F 88 áleit stefnandi, að hann hefði verið meiri en 25 til 30 km miðað við klukkustund.

Hinn 4. ágúst 1965 gaf stefnandi skýrslu hjá lögreglunni í Siglufirði um slysið. Taldi hann þá, að útskot hefði verið vestan vegarins og nægilegt svigrúm til að mætast. Stefnandi kvað stefnda þá hafa talið orsök árekstrarins hafa verið þá, að vinstra afturhjól F 88 hafi lent á jarðföstum steini, um leið og hann ók fram hjá A 82, og hafi bifreiðin við það kastazt til hliðar, og lenti stefndi á allhvassri steinnibbu, ca. 8 cm hérri, í slóð vinstri hjóla F 88 við útskotið. Hélt stefnandi því þá fram einnig, að bifreið hans hefði verið kyrrstæð.

Daginn áður en nefnd lögregluskýrsla var gerð, fóru aðiljar frá Siglufirði ásamt Braga Magnússyni lögregluvarðstjóra inn í Fljót til að framkvæma mælingar og gera uppdrætti vegna slyssins. Benti stefnandi þá á stað á þjóðveginum ca. 1.100 m sunnan við heimreiðina að Hraunum og kvað áreksturinn hafa orðið þar. Þarna hagaði svo til, að dálítill halli var á veginum til suðurs og vestan við hann rúmgott útskot. Hins vegar taldi stefnandi, að aðstæður hefðu breytzt síðan 4. ágúst 1963 til hins verra, þar sem

borið hefði verið ofan í sjálfan veginn, þannig að halli væri meiri vestur á útskotið. Stefndi benti á stað þann, sem slysið hefði orðið á, 28 m sunnan við heimreiðina að Hraunum. Þarna var vegurinn beinn á nokkrum kafla og hallaðist til suðurs, en ekki var útskot á veginum. Breidd vegar var 4 m. Stefndi benti á jarðfastan stein á vestari vegarbrún, sem hann kvað bifreið sína hafa kastazt til á, er áreksturinn varð.

Stefndi kveður bifreið sína hafa verið með malarhlass á palli og hafi bifreiðin ásamt hlassi vegið 10—11 tonn. Í bifreiðinni hjá stefnda voru börn hans tvö, 10 og 12 ára að aldri. Stefndi ók sem leið liggur um bugðu á veginum og síðan upp aflíðandi halla, skammt áður en komið er að heimreiðinni að Hraunum. Hraði bifreiðar stefnda var um 25—30 km miðað við klukkustund. Er stefndi kom í fyrrnefndan halla, veitti hann athygli fólksbifreið, er á móti kom, og gizkar hann á, að svona 40—50 metrar hafi verið milli bifreiðanna, er hann fyrst tók eftir fólksbifreiðinni. Fólksbifreiðinni var ekið með skikkanlegri ferð, og var hún komin 2—3 bíllengdir suður fyrir heimreiðina að Hraunum, er bifreiðarnar mættust, og var stefndi þá að komast í háþunguna á fyrrnefndum halla. Stefndi fylgdist gaumgæfilega með sínum vinstra vegarkanti, er hann mætti fólksbifreiðinni, og var hún á ferð, er bifreiðarnar mættust. Þar eð stefndi taldi útilokað að nema staðar yzt á vegarkantinum, hélt hann akstrinum áfram, og mun bifreið stefnda hafa farið upp á stein, sem var yzt í vegarkantinum, en við það hefur bifreið hans hallazt til inn á veginn með þeim afleiðingum, að bifreiðarnar hafa rekizt saman. Stefndi varð var við það, að bifreið hans lyftist vinstra megin að aftanverðu, er hann ók yfir steininn, en í þessu rákust bifreiðarnar saman. Ekki hafði stefndi veitt umræddum steini athygli fyrir áreksturinn. Stefndi tók eftir því í hægri hliðarspegli bifreiðar sinnar, að fólksbifreiðin var nú stöðvuð. Ók stefndi vörubifreið sinni inn á heimreiðina að Hraunum og fór síðan að athuga verksummerki. Fólksbifreiðin hafði dældazt á frambretti hægra megin og lukt brotnað. Í fólksbifreiðinni var aðeins einn maður, bifreiðarstjórinn Helgi Skúlason, augnlæknir frá Akureyri, sem stefndi þekkti í sjón. Stefndi vildi fara að Hraunum og hringja í lögreglu á Siglufirði, en stefnandi mátti ekki vera að því að bíða eftir því, þar sem honum lá svo mjög á að komast til Hofsóss. Ekki sá neitt á bifreið stefnda, þar sem afturdekk hægra megin hefur komið við fólksbifreiðina. Þá voru óhreinindi strokin af dekkinu á ákomustaðnum. Stefndi greinir frá því, að

fólksbifreiðin hafi verið stödd norðan við heimreiðina að Hraunum, er hann fyrst tók eftir fólksbifreiðinni.

Stefnandi telur, að slysið hafi orðið fyrir gáleysi stefnda við aksturinn. Hann hafi ekki dregið úr hraðanum og ekki notfært sér útskot við veginn og ekið svo nærri bifreið stefnanda, að afturhluti vörubifreiðarinnar rakst í framhluta fólksbifreiðarinnar, sem stóð kyrr. Stefndi hafi ekki stöðvað bifreið sína, þótt hann samkvæmt eigin áliti sé á mjóum vegi, þar sem ekki hafi verið unnt að mætast, og að hann hafi ekki fylgzt með bifreið stefnanda vegna þess, að hann taldi sig þurfa að fylgjast með sínum vegarkanti.

Stefndi byggir sýknukröfu sína þeim rökum, að stefnandi hafi ekki hirt um að nema staðar við heimreiðina að Hraunum, heldur ekið með um 40—50 km hraða suður vegarhallið, þar sem ógerlegt var að mætast. Hafi honum verið skylt að nema staðar við heimreiðina, en úr því sem komið var, hafi honum verið skylt að nema staðar og aka aftur á bak að heimreiðinni. Stefndi mótmælti þeirri staðhæfingu stefnanda, að stefndi hafi ekið of hratt og gáleysislega og ekki dregið úr ferð svo og að stefnandi hafi þegar numið staðar, áður en bifreiðarnar mættust og rákust saman.

Þann 6. júlí, sama dag og málið var flutt munnlega í hið seinna sinn, fór dómarinn ásamt umboðsmönnum aðilja vestur í Fljót og athugaði báða þá staði, sem til greina koma sem árekstrarstaðir. Á stað þeim, sem stefnandi telur árekstrarstað og lýst er á uppdrættinum á dómsskjali nr. 4, var lítil bugða og halli til suðurs og stórt útskot til vesturs. Á stað þeim, sem stefndi telur árekstrarstað og lýst er á uppdrættinum á dómsskjali nr. 5, var halli til suðurs og hæð á mótum heimreiðarinnar að Hraunum og þjóðvegarins. Vegurinn var þarna beinn. Land vestan vegar var grasivaxinn bali, sem hallaði frá vegi, og var vegurinn nær því í sömu hæð og landið vestan við, þó litlu hærri. Jarðfastur steinn var í vesturhelmingi vegar um 1½ fet frá vegarbrún.

Dómurinn lítur svo á samkvæmt því, sem að framan greinir, að aðiljar, stefnandi og stefndi, eigi báðir sök á árekstrinum, og þykir eftir atvikum rétt, að þeir beri helming sakar hvor.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig, að kr. 18.735.35 séu vegna viðgerðar á bifreiðinni, og hafa verið lagðir fram sundurliðaðir reikningar til stuðnings þessum lið. Enn fremur krefst stefnandi kr. 44.800.00 í bætur fyrir afnotamissi bifreiðarinnar, kr. 200.00 á dag í 224 daga, og er það innifalið í stefnukröfunni.

Þessum lið hefur stefndi mótmælt sem of háum og hefur bent á, að samkvæmt reikningum hafi aðeins verið unnið í 12 daga við viðgerð á bifreiðinni. Auk þess hafi stefnandi átt aðra bifreið, sem hann hafi notað við starf sitt.

Stefnandi hefur lagt fram vottorð B. S. A. verkstæðis h/f, Akureyri, sem annaðist viðgerð á bifreið hans, og segir þar, að bifreiðin hafi verið til viðgerðar frá 17. september 1963 til 24. apríl 1964 og hafi orsökin verið, að varahlutir fengust ekki hér á landi, og varð að panta þá frá Bandaríkjunum og sé viðtekin regla, að afgreiðslutími á slíkum pöntunum sé 3 til 6 mánuðir, enda hafi téðir varahlutir ekki borizt fyrr en í marzmánuði 1964 og þangað til hafi bifreiðin verið óökufær. Að þessu athuguðu og þar sem fallast verður á það með stefnda, að honum beri ekki að fullbæta afnotamissi stefnanda á bifreið hans vegna tafa á viðgerð, er stafaði af vöntun varahluta, þykja bæturnar samkvæmt þessum kröfulið hæfilega metnar kr. 20.000.00.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda helming af kr. 18.735.35 plús 20.000.00, eða kr. 19.367.67, ásamt 7% ársvöxtum frá 4. ágúst 1963 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1965 til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1966 til greiðsludags svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 13.500.00, og er þar innifalinn ferðakostnaður og dagpeningar til stefnanda vegna þingfestingar málsins að Ketilási og aðiljayfirheyrslu í Siglufirði, kr. 5.000.00, og ferðakostnaður, kr. 2.000.00 vegna vettvangsskoðunar.

Dómsuppsaga hefur dregizt vegna anna dómarans við önnur embættisstörf.

Dómsorð

Stefndi, Björn Magnússon, greiði stefnanda, Helga Skúlasyni, kr. 19.367.67 ásamt 7% ársvöxtum frá 4. ágúst 1963 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og síðan 7% ársvexti til greiðsludags og kr. 13.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 7. nóvember 1969.

Nr. 129/1969. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Þorgeiri Þorleifssyni
(Ragnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og reglum um öxulþunga bifreiða.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa vitni gefið skýrslur fyrir dómi og nokkur ný gögn verið lögð fram, m. a. bréf Löggildingarstofunnar, dags. 23. september 1969, er starfsmaður hennar, Sigurður Axelsson, hefur staðfest, svohljóðandi: „Samkvæmt löggildingarbókum Löggildingarstofunnar var bílavog Malbikunarstöðvar Reykjavíkurborgar við Ártúnshöfða, að tegund Landssmiðjan & Pfinster 30 tonn, löggilt í fyrsta sinn 14. október 1965 (þá ný vog) og síðan endurlöggilt 28. maí 1968, reyndist hún þá í fullkomnu lagi".

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 6.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 6 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Þorgeir Þorleifsson, greiði 6.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 6 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. apríl 1969.

Ár 1969, þriðjudaginn 22. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 163/1969: Ákæruvaldið gegn Þorgeiri Þorleifssyni, sem tekið var til dóms 17. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 3. febrúar s.l., gegn ákærða „Þorgeiri Þorleifssyni bifreiðarstjóra, Barmahlíð 52, Reykjavík, fæddum 22. janúar 1916 að Þverlæk, Holtum, Rangárvallasýslu, fyrir ofhleðslu vöruflutningabifreiðanna R 20918 og R 358, svo sem hér greinir:

1.

Þriðjudaginn 6. júní 1967, kl. 09.30, á bifreiðinni R 20918 á leiðinni frá Sandi og Möl í Mosfellssveit til Reykjavíkur, með því að heildarþyngd bifreiðarinnar reyndist við athugun á bílavog við Elliðaárvog vera 15.630 kg., þungi á framöxli 4.370 kg. og þungi á einföldum afturöxli 11.260 kg.

2.

Miðvikudaginn 18. október 1967, um kl. 09.50, á bifreiðinni R 358 á leiðinni frá Helgafellsmelum í Mosfellssveit til Reykjavíkur, með því að heildarþyngd bifreiðarinnar reyndist við athugun á bílavog við Elliðaárvog vera 17.470 kg., þungi á framöxli 4.870 kg. og þungi á einföldum afturöxli 12.600 kg.

Samkvæmt skráningarskírteini bifreiðarinnar er leyfður hámarksþungi á öxli 10.500 kg. og heildarþyngd bifreiðarinnar 16.000 kg., en leyfður hámarksþungi á öxli ökutækis á umræddri leið 10.000 kg., sbr. auglýsingu frá vegamálastjóra 29. júlí 1967 um undanþágur frá 55. og 56. gr. laga nr. 26/1958, sbr. nú lög nr. 40/1968, um mestu breidd og hámarksöxulþunga bifreiða.

Telst brot þetta varða við 2. mgr. 17. gr. og framangreinda auglýsingu vegamálastjóra frá 29. júlí 1967, sbr. 3. mgr. 56. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, sbr. nú lög nr. 40/1968.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1949 25/10 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir of hraðan bifreiðarakstur.

1957 13/11 í Reykjavík, Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. bifreiðalaga.

1961 24/10 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 48. og 50. gr. umferðarlaganna.

1964 8/1 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir umferðarslys.

Málavextir eru þessir:

I.

Að morgni þriðjudagsins 6. júní voru Eyjólfur Jónsson lögregluþjónn og Arnkell Jónas Einarsson vegaeftirlitsmaður við að athuga þyngd flutningabifreiða á veginum við Elliðaár hér í borg. Stöðvuðu þeir bifreiðina R 20918, sem var með malarhlass, og færðu hana að bifreiðavog Malbikunarstöðvar Reykjavíkur við Elliðaárvog. Var bifreiðin vegin þar kl. 0930. Reyndist þungi á framöxli vera 4.370 kg., en á afturöxli 11.260 kg., eða samanlagður öxulþungi 15.630 kg. Þegar bifreiðin var hins vegar vegin í einu lagi, reyndist heildarþungi hennar 15.550 kg., eða 80 kg. minni en samanlagður öxulþungi. Bifreiðin hefur einfaldan afturöxul. Samkvæmt skráningarskírteini er breidd hennar 2.40 metrar, þyngd 7.300 kg. og leyfður hámarksþungi á öxli 10.500 kg., en leyfð heildarþyngd 16.500 kg. Bifreiðin var að koma frá fyrirtækinu Sandur og Möl í Mosfellssveit og var á leið að Langholtsvegi 50 hér í borg. Á umræddri leið var leyfður hámarksþungi á öxli ökutækis 9.500 kg. samkvæmt auglýsingu vegamálastjóra frá 15. september 1959, en 10.000 kg. samkvæmt auglýsingu sama aðilja frá 17. júlí 1967, birtri 29. sama mánaðar, um undanþágur frá 55. og 56. gr. laga nr. 26/1958, sbr. nú sömu greinar laga nr. 40/1968. Ökumaður bifreiðarinnar var eigandi hennar, Þorgeir Þorleifsson, ákærði í máli þessu.

Eyjólfur Jónsson lögregluþjónn, er gaf lögregluskýrsluna, hefur mætt í dómi og staðfest hana. Vitnið kveðst ekki muna sérstaklega eftir umræddu tilviki.

Arnkell Jónas Einarsson hefur og mætt sem vitni og staðfest, að þungatölur þær, er að framan greinir, séu réttar.

II.

Að morgni miðvikudagsins 18. október 1967 voru Jóhann Löve Þorsteinsson lögregluþjónn og Arnkell Jónas Einarsson, er að framan greinir, við að athuga þyngd flutningabifreiða á veginum við Elliðaár hér í borg. Stöðvuðu þeir bifreiðina R 358, sem var með malarhlass, og færðu hana að bifreiðavog Malbikunarstöðvar Reykjavíkur við Elliðaárvog. Var bifreiðin vegin þar kl. 0905. Reyndist þungi á framöxli vera 4.970 kg., en á afturöxli 12.600 kg., eða samanlagður öxulþungi 17.470 kg. Þegar bifreiðin var hins vegar vegin í einu lagi, reyndist heildarþungi hennar 17.390 kg., eða 80 kg. minni en samanlagður öxulþungi. Bifreiðin hefur einfaldan afturöxul. Samkvæmt skráningarskírteini er breidd hennar 2.40 metrar, þyngd 7.300 kg. og leyfður hámarksþungi á framöxli 6.000 kg. og á afturöxli 10.500 kg., en leyfð heildarþyngd 16.000 kg. Bifreiðin var að koma frá Helgafellsmelum í Mosfellssveit og var á leið í Breiðholtshverfi. Á umræddri leið var leyfður hámarksöxulþungi 10.000 kg. samkvæmt framangreindri auglýsingu vegamálastjóra frá 17. júlí 1967, birtri 29. sama mánaðar, um undanþágur frá 55. og 56. gr. laga nr. 26/1958, sbr. nú sömu greinar laga nr. 40/1968. Ökumaður bifreiðarinnar var eigandi hennar, Þorgeir Þorleifsson, ákærði í máli þessu.

Jóhann Löve Þorsteinsson hefur mætt í dómi sem vitni. Kveðst vitnið ekki muna eftir umræddum atburði. Las vitnið yfir skýrslu sína um hann og taldi allt rétt, er í henni greinir. Vitnið kveðst ekki muna eftir því, að bifreiðin R 358 hafi verið vegin tvisvar með sama farminn.

Arnkell Jónas Einarsson hefur og mætt og staðfest, að þungatölur þær, er í skýrslu Jóhanns Löve Þorsteinssonar greinir, séu réttar.

Halldór Gunnar Pálsson, löggiltur vigtunarmaður, starfsmaður í Malbikunarstöð Reykjavíkur, annaðist vigtun á bifreiðunum R 20918 og R 358 í framangreind skipti. Vitnið kveðst hafa starfað sem löggiltur vigtunarmaður frá því haustið 1965. Umrædd vog hefur að sögn vitnisins hlotið löggildingu. Vitnið kveðst ekki muna sérstaklega eftir því, er bifreiðarnar voru vegnar. Vitnið sá í dóminum vigtunarseðla þá, er fylgja lögregluskýrslunum. Kveðst það staðfesta þá og kannast við nafnritun sína á þeim.

Vitnið kveðst hafa framkvæmt vigtunina eftir beztu samvizku og sýni tölur þær, er á vigtunarseðlunum greinir, réttan þunga á bifreiðunum í bæði skiptin. Vitnið kveðst ekki geta gefið skýringar á mismun þeim, sem kemur fram á samanlögðum öxulþunga annars vegar og heildarþunga bifreiðanna hins vegar, er þær voru vegnar. Það, sem því getur dottið helzt í hug að hafi valdið þessum mismun, er, að svæðið út frá voginni hafi ekki verið alveg lárétt. Vitnið kveðst áður hafa orðið vart við smávegis misræmi sem þetta við vigtun bifreiða. Hefur mismunurinn verið frá 10—30 kg. hverju sinni. Kveður vitnið vera um algert hámark að ræða í framangreindum tilvikum. Svæðið umhverfis malbikunarstöðina var malbikað á árinu 1965. Er það farið að slitna nokkuð og hefur smávegis missigið. Umrædd vog er í notkun alla daga.

Ákærði, Þorgeir Þorleifsson, hefur skýrt frá því í dómi, að hann geri ekki athuganir við þungatölur þær, er að framan greinir. Hann tekur þó fram, að samkvæmt skoðunarvottorði megi heildarþyngd bifreiðarinnar, þ. e. R 20918, vera 16.500 kg. Þá vill ákærði benda á, að meira megi vera á framöxli bifreiðarinnar en reyndist í umrætt sinn. Ákærði vekur athygli á misræmi milli heildarþunga bifreiðanna og samanlagðs öxulþunga. Ákærði kveðst hafa beðið um 50 tunnur af möl, en ámokstursskóflan taki 40 tunnur. Þess vegna sé erfitt að fá afgreiddar nákvæmlega 10 tunnur í viðbót. Geti þá meira komið á bifreiðina en um er beðið.

Við þingfestingu málsins skýrði ákærði frá því, að hann geti ekki sagt um það, hvort það sé rétt, sem honum er gefið að sök í ákæru.

Við rekstur málsins hefur verið lagt fram ljósrit af undanþágu frá Vegagerð ríkisins, dags. 12. febrúar s.l., fyrir bifreiðina R 358 til að mega aka með allt að 11.250 kg. öxulþunga á þar tilgreindum vegum, m. a. Vesturlandsvegi frá Esjubergi til Reykjavíkur og Þingvallavegi frá Vesturlandsvegi að Helgafellsmelum.

Þá var og lagt fram ljósrit af skrásetningarskírteini bifreiðarinnar. Segir í því, að samkvæmt bréfi, dags. 11. febrúar 1968, frá Ræsi h/f, sem hefur umboð fyrir Mercedes Benz bifreiðar á Íslandi, sé heimild frá framleiðanda til að hafa öxulþunga Mercedes Benz bifreiða sem R 358 á framás 6.000 kg. og á afturás 12.500 kg., en því aðeins, að hámarkshraði fari ekki yfir 50 km á klukkustund, en þá má öxulþyngd ekki fara yfir 6.000 kg. á framás og 10.500 á afturás, að því er helzt verður ráðið af skírteininu.

Bifreiðarnar R 20918 og R 358 voru vegnar á löggiltri vog, og þykir verða að byggja á því, að hún hafi sýnt réttan þunga. Þá annaðist löggiltur vigtunarmaður vigtun bifreiðanna í viðurvist lögreglumanns og vegaeftirlitsmanns. Þungi á afturöxli bifreiðarinnar R 20918 reyndist 11.260 kg., er bifreiðin var vegin hinn 6. júní 1967, en leyfður hámarksöxulþungi var þá á leiðum þeim, sem bifreiðin ók, 9.500 kg. samkvæmt auglýsingu vegamálastjóra frá 15. september 1959. Telst samkvæmt þessu sannað, að ákærði hafi ekið bifreiðinni með hlassi, er var 1.760 kg. umfram leyfðan hámarksöxulþunga, en rétt þykir, að til frádráttar þeirri tölu komi mismunur heildarþunga bifreiðarinnar og samanlögðum öxulþunga, er nam 80 kg. Þegar bifreiðin R 358 var vegin hinn 18. október sama ár, reyndist þungi á afturöxli 12.600 kg., en heildarþungi 17.390 kg. Leyfður hámarksöxulþungi var á leiðum þeim, sem bifreiðin ók, 10.000 kg., en leyfð heildarþyngd hennar 16.000 kg. samkvæmt skoðunarvottorði. Telst samkvæmt því sannað, að ákærði hafi ekið í umrætt sinn með hlassi, er var 2.600 kg. umfram leyfðan hámarksöxulþunga að frádregnum mismun á heildarþunga og samanlögðum öxulþunga, er nam 80 kg. Þá nam heildarþyngd bifreiðarinnar 1.390 kg. umfram það, sem leyft var.

Með þessu atferli sínu hefur ákærði orðið brotlegur gegn 2. mgr. 17. gr., sbr. 3. mgr. 56. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, sbr. nú lög nr. 40/1968, svo og auglýsingu vegamálastjóra frá 15. september 1959, að því er atferlið frá 6. júní 1967 varðar, og auglýsingu frá sama aðilja frá 29. júlí sama ár, að því er varðar atferlið frá 18. október.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 5.000 kr. sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 7 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Er við ákvörðun refsingarinnar tekið tillit til þess, að hámarksöxulþungi er í ákæru talinn hafa verið hinn 6. júní 1967 á umræddum leiðum 10.000 kg., enda þótt hann væri 9.500 kg., eins og áður er rakið.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristins Einarssonar héraðsdómslögmanns, er þykja hæfilega ákveðin kr. 3.000.00.

Dómari máls þessa veitti því fyrst viðtöku hinn 24. marz s.l. og ber því enga ábyrgð á drætti þeim, sem á því hefur orðið.

Dómsorð:

Ákærði, Þorgeir Þorleifsson, greiði 5.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 7 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristins Einarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 3.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 10. nóvember 1969.

Nr. 38/1969. **Jón Ingibersson**
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegn
Skiptaráðandanum í Reykjavík
f. h. þrotabús Friðriks Jörgensens
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Gjaldþrotaskipti. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. febrúar 1969 og krefst þess, að dæmt verði, að honum verði greiddar utan skuldaraðar úr þrotabúi Friðriks Jörgensens kr. 117.938.38 af innstæðu hlaupareiknings nr. 4895 í Útvegsbanka Íslands auk 2% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 3. febrúar 1967 til greiðsludags. Þá krefst hann og, að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í bréfi Útvegsbanka Íslands, dags. 27. maí 1969, til umboðsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti segir m. a.: „Innstæða

á hlr. 4895 er nú kr. 1.638.508.10. Þrotabú Friðriks Jörgensens hefur ekki gert neina kröfu um að fá innstæðu þessa til ráðstöfunar, enda áskiljum vér oss allan rétt til að skuldajafna þeirri fjárhæð við kröfur vorar á hendur þrotabúinu, sbr. kröfulýsingu vora, dags. 20. og 26. júlí 1967".

Fé það, sem áfrýjandi gerir kröfu til í máli þessu, er hluti þess fjár, sem stendur inni á nefndum hlaupareikningi í Útvegsbanka Íslands. Banki þessi kveðst fara með vörzlur fjárins á sjálfs sín vegum og sér sjálfum til ávinnings og hagræðis, en eigi fyrir hönd þrotabúsins. Áfrýjandi hefði því að réttu átt að búa mál þetta á hendur Útvegsbanka Íslands og svo á hendur þrotabúi Friðriks Jörgensens til réttargæzlu og hagsmuna. Slíkt mál ber undir hinn almenna héraðsdómara, en ekki skiptaráðanda, sbr. 35. gr. og 90. gr. laga nr. 3/1878. Þar sem tilbúnaður málsins er þannig í ólagi og það er dæmt af óbærum dómara, verður að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð.

Rétt er, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 12. febrúar 1969.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi hinn 10. þ. m., hefur sóknaraðili, Jón Ingibersson, Ytri-Njarðvík, krafizt þess, að honum verði greiddar utan skuldaraðar úr þrotabúi Friðriks Jörgensens kr. 126.963.72 af innstæðu á hlaupareikningi nr. 4895 við Útvegsbanka Íslands auk 2% ársvaxta af fjárhæðinni frá 3. febrúar 1967 til greiðsludags.

Krafa þessi var lögð fyrir skiptafud í þrotabúi Friðriks Jörgensens hinn 30. september s.l., og komu fram mótmæli frá kröfuhöfum í búinu gegn því, að hún yrði tekin til greina. Var málið lagt undir úrskurð skiptaráðandans og varnaraðilja, þrotabúinu, ráðinn umboðsmaður til að fara með málið fyrir þess hönd. Hefur hann gert þær kröfur, að innstæða á hlaupareikningi 4895 við Útvegsbankann, þar með talin sú fjárhæð, sem sóknaraðili krefst sér til handa, verði látin renna óskipt í þrotabú Friðriks Jörgen-

sens. Þá krefst hann þóknunar sér til handa fyrir meðferð málsins.

Í upphafi voru sóknaraðiljar að máli þessu auk Jóns Ingibers-sonar útgerðarstöð Guðmundar Jónssonar, Ytri-Njarðvík, og Jón Sæmundsson, Keflavík, en við munnlegan flutning málsins féll umboðsmaður sóknaraðilja frá kröfum sínum í þessu máli fyrir tvo hina síðastnefndu.

Tildrög málsins eru þessi: Gjaldþroti, Friðrik Jörgensen, rak um skeið útflutningsverzlun með sjávarafurðir og tók þá m. a. vörur frá sækjanda til sölu. Enginn sérstakur samningur var þeirra á milli um þessi viðskipti, en báðir telja, að hér hafi verið um umboðssölu að ræða. Vörurnar voru seldar kaupendum erlendis á nafni Friðriks Jörgensens eingöngu, en á umbúðum hennar voru ávallt auðkenni, sem gáfu framleiðandann til kynna.

Andvirði seldrar vöru greiddu hinir erlendu kaupendur til Friðriks Jörgensens. Var þá oft greiddur útflutningur frá mörgum aðiljum í einu lagi, enda virðist vörum margra framleiðenda hafa verið blandað saman í vörusendingunum til útlanda, ef henta þótti.

Viðskiptabanki Friðriks Jörgensens var Útvegsbanki Íslands, en sóknaraðili hafði sín viðskipti við Landsbankann. Þetta eru sem kunnugt er einu bankar landsins, sem heimild hafa til kaupa á erlendum gjaldeyri, og eiga því allar greiðslur í erlendum gjaldeyri að renna til annars hvors þeirra. Bankar þessir höfðu 12. maí 1964 gert með sér samkomulag um greiðsluhætti verðs allra útflutningsafurða og um meðferð á andvirði þeirra afurða. Meginatriði þeirra reglna eru, að afurðir, sem bankarnir hafa veð í, skuli að jafnaði seldar úr landi gegn bankaábyrgð eða gegn innheimtu fyrir milligöngu annars hvors fyrrnefndra banka, en andvirði varanna, þegar það barst erlendis frá, skyldi að frádregnum áætluðum útflutningskostnaði greitt í sérstakan reikning útflytjanda. Af þeim reikningi mátti aðeins ráðstafa fé til greiðslu á skilaverði afurðanna gegn sölureikningi eða annarri slíkri skilagrein útflytjanda með tékkum stíluðum á þann banka, sem afurðirnar voru veðsettar í, en að verðinu greiddu skyldi sá banki færa afgang greiðslunnar á viðskiptareikning veðsetta. Samkvæmt efni sínu taka þessar reglur eingöngu til ráðstöfunar á andvirði þeirra útflutningsvara, sem veðsettar voru banka með tryggingarbréfum eða afurðalánasamningum.

Sem fyrr greinir var Útvegsbanki Íslands viðskiptabanki Friðriks Jörgensens. Þegar bankanum barst andvirði varnings, sem

hann hafði flutt úr landi, var það að frádregnum 10—15% fyrir áætluðum útflutningskostnaði lagt á sérstakan hlaupareikning, nr. 4895, á nafni hans. Af þessum reikningi var ekki greitt nema gegn ávísunum útgefnum af Friðriki Jörgensen, yfirstimpluðum með árituninni „Til banka vegna afurða". Að öðru leyti virðist bankinn ekki hafa fylgzt með ráðstöfun á þeim peningum, sem lagðir voru á þennan reikning, og samkvæmt vætti deildarstjóra í útflutningsdeild bankans fyrir bæjarþingi Reykjavíkur lágu ekki fyrir upplýsingar um það hjá bankanum, hverjir voru eigendur þess varnings, sem greiðsla kom fyrir inn á reikninginn hverju sinni.

Í nóvembermánuði 1966 urðu starfsmenn Útvegsbankans þess varir, að gjaldeyrisskil Friðriks Jörgensens vegna útflutnings gengu ekki sem skyldi. Mun hann hafa fengið áminningu vegna þessa, en viðskipti hans héldu þó áfram um sinn á sama hátt sem fyrr. Hinn 23. nóvember 1966 hlutaðist bankinn til um, að sérstakur endurskoðandi færi yfir bókhald Friðriks Jörgensens. Skýrslur um þá endurskoðun, sem bárust 9. og 14. desember s. á., leiddu til þess, að Jörgensen var kærður til sakadóms Reykjavíkur hinn 22. desember 1966. Í janúarlok 1967 lagði sakadómur Reykjavíkur hald á bókhald Jörgensens, a. m. k. fyrir árið 1965 og fyrri hluta árs 1966. Að svo búnu tilkynnti Útvegsbankinn Jörgensen, að hömlur væru lagðar á ráðstöfun fjár af hinum „bundna" hlaupareikningi hans og að ekki yrðu innleystir tékkar á reikninginn, nema sýnt væri, að þeir væru til ráðstöfunar andvirði afurða, sem þegar hefði verið greitt inn á reikninginn og eigi ráðstafað. Samkvæmt þessum fyrirvara voru innleystir ýmsir tékkar, sem gefnir voru út á margnefndan reikning allt fram til 8. marz 1967.

Hinn 2. desember 1966 var skipað út til m/s Rangá skreiðarsendingu frá Friðriki Jörgensen h/f að verðmæti £ 17.466.16.3, eða kr. 2.094.444.10. Í sendingunni voru vörur frá ýmsum aðiljum, þ. á m. sóknaraðilja máls þessa. Greiðslur á þessari sendingu bárust Útvegsbanka Íslands og voru lagðar inn á hlaupareikning nr. 4895. Voru þær sem hér greinir:

Þann 7. desember 1966	£	5.058.0.0	kr.	605.695.50
Þann 19. janúar 1967	£	6.195.7.0	—	742.822.45
Þann 3. febrúar 1967	£	6.213.9.3	—	745.926.15
Samtals	£	17.466.16.3	kr.	2.094.444.10

Um það leyti sem vörur þessar voru fermdar í m/s Rangá, varð það kunnugt ýmsum viðskiptamönnum Friðriks Jörgensens, þ. á m. sóknaraðilja máls þessa, að fjárhagur hans mundi ekki traustur. Kom til orða að hætta við sendingu á vörunni, en þó varð ekki af því, og er ekki fyllilega upplýst, hvað því olli. Engar ráðstafanir voru þó gerðar af hálfu sóknaraðilja né að því er virðist annarra þeirra, sem áttu hlutdeild í sendingunni, til að tryggja greiðslu á andvirði hennar. Sendingin fór svo út með m/s Rangá í umrætt skipti, og bárust greiðslur fyrir hana til Útvegsbankans, svo sem rakið er hér að framan.

Er krafa sóknaraðilja við það miðuð, að hann fái greidda hlutdeild sína úr greiðslu þeirri, sem barst bankanum 3. febrúar 1967, £ 6.213.9.3, eða kr. 745.926.15. Er það ekki vefengt, að sóknaraðili hafi átt tilkall til þess hluta þeirrar fjárhæðar, sem stefnukrafan nemur. Þess er að geta, að eftir að hlaupareikningi nr. 4895 var lokað, gaf Friðrik Jörgensen ávísun á reikninginn fyrir hinni umdeildu fjárhæð ásamt ýmsum öðrum fjárhæðum, en Útvegsbankinn neitaði að innleysa þær ávísanir, enda námu þær að sögn starfsmanns bankans hærri fjárhæð en innstæðan nam þá á hlaupareikningnum.

Kröfu sína byggir sóknaraðili á því, að hann sé eigandi að andvirði þeirrar vöru, sem Friðrik Jörgensen flutti út í umboði hans. Andvirðinu hafi verið ráðstafað samkvæmt reglum gjaldeyrisbankanna inn á sérstakan „bundinn" reikning, sem einungis mátti greiða út af eftir ákveðnum reglum, þess vegna hafi þetta fé aldrei runnið í sjóð Friðriks Jörgensens og verði því að teljast sérgreind eign sóknaraðilja og þrotabúi Friðriks Jörgensens óviðkomandi, enda hafi sóknaraðili öðlazt hlutbundinn rétt yfir fénu, þegar það var greitt inn á reikninginn. Það hafi aldrei komið í hendur Friðriks Jörgensens. Hann bendir einnig á, að söluumboðsmaður baki sér refsiábyrgð samkvæmt 2. mgr. 242. gr. hegningarlaganna með því að standa ekki umbjóðanda sínum skil á andvirði umboðssöluvörunnar, enda þótt honum sé óskylt að halda því sérgreindu.

Varnaraðili byggir kröfur sínar á því, að andvirði þeirrar vöru, sem Friðrik Jörgensen seldi sem umboðsmaður sóknaraðilja, hafi aldrei verið sérgreint, hvorki í vörzlum hans né á hinum „bundna" reikningi í Útvegsbankanum, enda komi greinilega í ljós, að á reikning þennan hafi verið greiddar ýmsar fjárhæðir, sem ekki geti talizt geymslufé fyrir einstaka aðilja, og að innstæða á

reikningnum tíðum ekki nægt til að greiða andvirði þeirra afurða, sem lagt var inn á hann.

Svo sem rakið er hér að framan, var andvirði afurða, sem Friðrik Jörgensen flutti úr landi og greitt var til Útvegsbankans, lagt á hlaupareikning nr. 4895 við bankann í samræmi við reglur gjaldeyrisbankanna frá 12. maí 1964 (dskj. nr. 15). Þær reglur virðast settar eingöngu til að gæta hagsmuna veðhafa í hinum útfluttu afurðum, en tryggja ekki rétt eigenda afurðanna til greiðslu af reikningnum að öðru leyti. Það er ljóst, að greitt var af reikningi samkvæmt tékkum frá Friðriki Jörgensen, án þess að þess væri gætt, hvert greiðslurnar rynnu, ef aðeins var tryggt, að veð, sem kunnu að hvíla á hinum veðsettu afurðum, væru greidd. Það verður heldur ekki séð, að sóknaraðili máls þessa hafi haft neitt eftirlit með ráðstöfun á þeim greiðslum, sem bárust inn á reikninginn fyrir vörur, sem seldar voru fyrir hann, en þær greiðslur bárust, eins og áður er lýst, einatt sem hluti af greiðslum fyrir afurðir fleiri aðilja.

Með því að stöðva greiðslur út af reikningnum, þegar sýnt þótti, að Friðrik Jörgensen mundi ekki eiga fyrir skuldum, og fá þrotabúi Friðriks Jörgensens innstæðuna á reikningnum til ráðstöfunar, eftir að hann var orðinn gjaldþrota, sýnir Útvegsbankinn, að hann telur sig ekki geyma það fé, sem á reikningnum stóð, fyrir einstaka viðskiptamenn Friðriks Jörgensens.

Samkvæmt framanskráðu verður ekki fallizt á þá kröfu sóknaraðilja, að honum verði greidd dómkrafan úr þrotabúinu utan skuldaraðar, enda verður heldur ekki á það fallizt, að fé, sem umboðsmaður tekur við fyrir seldar umboðsvörur, sé sérgreind eign umbjóðandans, án þess að sérstakar ráðstafanir séu um það gerðar.

Ekki þykja efni til að taka kröfu hins skipaða fyrirsvarsmanns þrotabúsins í máli þessu, Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanns, um þóknun fyrir störf sín, til úrskurðar í málinu, og fellur því málskostnaður niður.

Unnsteinn Beck borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Krafa sóknaraðilja, Jóns Ingiberssonar, um, að honum verði afhentar utan skuldaraðar úr þrotabúi Friðriks Jörgensens kr. 126.969.72 af innstæðu á hlaupareikningi nr. 4985 við Útvegsbanka Íslands, er ekki tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 10. nóvember 1969.

Nr. 62/1969. **Ásdís Ástþórsdóttir**
(Benedikt Blöndal hrl.)
og Helgi Scheving (enginn)
gegn
Verksmiðjunni Fötum h/f
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun. Útivist.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. marz 1969. Þeir áfrýjuðu málinu upphaflega með stefnu 22. apríl 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m., en útivistardómur gekk í því máli hinn 3. marz 1969. Er málið var tekið fyrir í Hæstarétti til munnlegs flutnings hinn 7. þ. m., var eigi sótt þing af hendi áfrýjanda Helga Schevings, en bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta hinn 30. júní 1969, og fellur mál hans því niður.

Áfrýjandi Ásdís Ástþórsdóttir krefst þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og að stefnda verði dæmt að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaður fyrir Hæstarétti óskipt úr höndum áfrýjanda.

Áfrýjendur gengu í hjónaband hinn 6. maí 1961. Með kaupmála 4. s. m. varð íbúð á 4. hæð í húsinu nr. 153 við Hvassaleiti í Reykjavík séreign áfrýjanda Ásdísar Ástþórsdóttur svo og arður af íbúðinni og það, sem kynni að verða keypt fyrir andvirði íbúðarinnar. Samkvæmt skattframtali áfrýjanda Helga Schevings var íbúð þessi seld árið 1968 á nauðungaruppboði „til lúkningar ábyrgðarskuldbindingum vegna Yls h/f, Sauðárkróki, en það félag varð gjaldþrota 1967, og gekk allt andvirðið kr. 1.250.000.00 til greiðslu á þeim". Samkvæmt lóðarleigusamningi, dags. 7. marz 1967, seldi bæjarstjórn Sauðárkróks áfrýjanda Helga Scheving á

leigu lóðina nr. 9 við Smáragrund, Sauðárkróki. Leigutaka var heimilt að selja rétt sinn til lóðarinnar. Hann framseldi áfrýjanda Ásdísi Ástþórsdóttur leiguréttinn hinn 3. apríl 1967, og var lóðarleigusamningnum ásamt framsalinu þinglýst. Fokhelt íbúðarhús var síðan byggt á lóðinni.

Mál þetta fjallar um fjárnám, sem að kröfu stefnda var gert í greindri fasteign, Smáragrund 9, hinn 29. september 1967, til tryggingar dómskuld áfrýjanda Helga Schevings að fjárhæð kr. 155.524.00, vöxtum og kostnaði samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur hinn 21. apríl 1967. Reisir áfrýjandi Ásdís Ástþórsdóttir kröfu sína á því, að hin fjárnumda eign hafi verið séreign hennar eða a. m. k. hjúskapareign, þegar fjárnámið fór fram, þar sem eignin sé reist fyrir arð af fasteign hennar að Hvassaleiti 153 í Reykjavík. Stefndi telur með öllu ósannað, að þessum arði hafi verið varið til byggingar hússins að Smáragrund 9.

Af hálfu áfrýjenda hefur þess ekki verið freistað að gera fullnægjandi grein fyrir þeim fjármunum, sem varið var til að reisa húsið að Smáragrund 9. Sjálf hafa þau ekki komið fyrir dóm til að gefa glöggar skýrslur um það efni, eins og þeim bar, sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936. Er málið því svo vanreifað af þeirra hálfu, að vísa ber því frá Hæstarétti.

Áfrýjendur greiði óskipt stefnda kr. 25.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjendur, Ásdís Ástþórsdóttir og Helgi Scheving, greiði stefnda, Verksmiðjunni Fötum h/f, óskipt kr. 25.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Sauðárkróks 29. september 1967.

Ár 1967, föstudaginn 29. september, var fógetadómur Sauðárkróks settur í skrifstofu embættisins að Víðigrund 5 og haldinn af Jóhanni Salberg Guðmundssyni bæjarfógeta með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið nr. 33/1967: Verksmiðjan Föt h/f gegn Yl h/f o. fl.

Fyrir gerðarbeiðanda sækir þing Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður og leggur fram nr. 1—2 fjárnámsbeiðni og endurrit dóms, svohljóðandi (Fylgir í ljósriti).

Fyrir gerðarþola er þing eigi sótt af hans hálfu, en að tilhlutun fógeta sækir þing Sigurgeir Þórarinsson skrifstofumaður til þess að gæta réttar gerðarþola.

Lögmaður gerðarbeiðanda krefst fjárnáms hjá Helga Scheving, Hólavegi 9 hér í bæ, til tryggingar kr. 155.524.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 50.000.00 frá 10. marz 1966 til 10. maí s. á., af kr. 100.000.00 frá þeim degi til 10. júní s. á. og af kr. 155.524.00 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 374.00 í stimpilkostnað, kr. 510.00 í afsagnarkostnað og kr. 18.450.00 í málskostnað auk alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Þess er getið, að gerðin var byrjuð að Hólavegi 9, síðan framhaldið að Smáragrund 9 og loks í skrifstofu embættisins.

Fógeti skoraði á mætta fyrir gerðarþola að greiða kröfuna, en það kvaðst hann eigi geta gert. Skoraði fógeti þá á hann að benda á eignir til fjárnáms. Benti hann þá á húseign gerðarþola nr. 9 við Smáragrund hér í bæ (skráða á nafn konu gerðarþola, Ásdísar Ástþórsdóttur).

Gerðarbeiðandi tók eignina gilda til fjárnáms, og er fallið frá virðingu.

Lýsti fógeti þá fjárnámi í nefndri eign til tryggingar framangreindum kröfum.

Fógeti bryndi þýðingu gerðarinnar fyrir mætta og fól honum að tilkynna gerðarþola um fjárnámið.

Mánudaginn 10. nóvember 1969.

Nr. 63/1969. **Ásdís Ástþórsdóttir**
(Benedikt Blöndal hrl.)
og Helgi Scheving (enginn)
gegn
Útvegsbanka Íslands
(Ragnar Steinbergsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun. Útivist.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. marz 1969. Þeir áfrýjuðu málinu upphaflega með stefnu 31. janúar 1968, en útivistardómur gekk í því máli hinn 3. marz 1969. Er málið var tekið fyrir í Hæstarétti til munnlegs flutnings hinn 7. þ. m., var eigi sótt þing af hendi áfrýjanda Helga Schevings, en bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta hinn 30. júní 1969, og fellur mál hans því niður.

Áfrýjandi Ásdís Ástþórsdóttir krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt á þá leið, að synjað verði staðfestingar löghaldsgerðar. Hún krefst þess og, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og að stefnda verði dæmt að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaðadóms og hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr höndum áfrýjanda.

Áfrýjendur gengu í hjónaband hinn 6. maí 1961. Með kaupmála 4. s. m. varð íbúð á 4. hæð í húsinu nr. 153 við Hvassaleiti í Reykjavík séreign áfrýjanda Ásdísar Ástþórsdóttur svo og arður af íbúðinni og það, sem kynni að verða keypt fyrir andvirði íbúðarinnar. Samkvæmt skattframtali áfrýjanda Helga Schevings var íbúð þessi seld árið 1968 á nauðungaruppboði „til lúkningar ábyrgðarskuldbindinum vegna Yls h/f, Sauðárkróki, en það félag varð gjaldþrota 1967, og gekk allt andvirðið kr. 1.250.000.00 til greiðslu á þeim". Samkvæmt lóðarleigusamningi, dags. 7. marz 1967,

seldi bæjarstjórn Sauðárkróks áfrýjanda Helga Scheving á leigu lóðina nr. 9 við Smáragrund, Sauðárkróki. Leigutaka var heimilt að selja rétt sinn til lóðarinnar. Hann framseldi áfrýjanda Ásdísi Ástþórsdóttur leiguréttinn hinn 3. apríl 1967, og var lóðarleigusamningnum ásamt framsalinu þinglýst. Fokhelt íbúðarhús var síðan byggt á lóðinni.

Hinn 30. ágúst 1967 var að kröfu stefnda gert löghald í greindri fasteign, Smáragrund 9, til tryggingar víxilskuld áfrýjanda Helga Schevings að fjárhæð kr. 68.000.00, vöxtum og kostnaði. Staðfestingarmál var síðan höfðað og dómur kveðinn upp á bæjarþingi Sauðárkróks hinn 31. október 1967. Samkvæmt kröfu stefnda var gert fjárnám eftir héraðsdómi í fasteigninni Smáragrund 9 hinn 9. janúar 1968.

Áfrýjandi Ásdís Ástþórsdóttir reisir kröfur sínar á því, að greind fasteign hafi verið séreign hennar eða a. m. k. hjúskapareign, þegar nefndar dómsathafnir fóru fram, þar sem eignin sé reist fyrir arð af fasteign hennar að Hvassaleiti 153 í Reykjavík. Stefndi telur með öllu ósannað, að þessum arði hafi verið varið til byggingar hússins að Smáragrund 9.

Af hálfu áfrýjenda hefur þess ekki verið freistað að gera fullnægjandi grein fyrir þeim fjármunum, sem varið var til að reisa húsið að Smáragrund 9. Sjálf hafa þau ekki komið fyrir dóm til að gefa glöggar skýrslur um það efni, eins og þeim bar, sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936. Er málið því svo vanreifað af þeirra hálfu, að vísa ber því frá Hæstarétti.

Áfrýjendur greiði óskipt stefnda kr. 18.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjendur, Ásdís Ástþórsdóttir og Helgi Scheving, greiði stefnda, Útvegsbanka Íslands, óskipt kr. 18.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Sauðárkróks 31. október 1967.

Ár 1967, þriðjudaginn 31. október, var á bæjarþingi Sauðárkróks, sem haldið var í skrifstofu bæjarfógeta að Víðigrund 5 og haldið af Jóhanni Salberg Guðmundssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í málinu nr. 22/1967: Útvegsbanki Íslands gegn Yl h/f og Helga Scheving og til réttargæzlu Ásdísi Ástþórsdóttur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu af Útvegsbanka Íslands, Akureyri, með stefnu, útgefinni 6. f. m, gegn Yl h/f, Sauðárkróki, og Helga Scheving forstjóra, Hólavegi 9, Sauðárkróki, til greiðslu víxils og til staðfestingar á lögbaldsgerð. Enn fremur er málið höfðað gegn frú Ásdísi Ástþórsdóttur, Hólavegi 9, Sauðárkróki, til réttargæzlu, en engar sjálfstæðar kröfur eru gerðar á hendur henni.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að hann hafi þann 12. janúar 1967 keypt af stefndu víxil að fjárhæð kr. 68.000.00, til framlengingar á eldra víxli. Víxill þessi var samþykktur af stefnda Yl h/f og útgefinn 10. janúar 1967 af stefnda Helga Scheving og ábektur af honum. Greiðslustaður víxilsins var í Útvegsbanka Íslands, Akureyri. Er víxillinn var eigi greiddur á gjalddaga 10. júlí 1967, var hann afsagður 12. s. m. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndu Ylur h/f og Helgi Scheving verði in solidum dæmdir til að greiða honum víxilfjárhæðina, kr. 68.000.00, með 1% vöxtum á mánuði eða fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 10. júlí 1967 til greiðsludags, kr. 200.00 í afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu eftir framlögðum reikningi eða mati dómsins, þar í innifalið ferðakostnaður og dagpeningar. Þann 30. ágúst s.l. var að kröfu stefnanda gert lögbald í íbúðarhúsinu nr. 9 við Smáragrund á Sauðárkróki til tryggingar framangreindri kröfu auk kostnaðar við gerðina, staðfestingarmál og eftirfarandi fjárnám og uppboð, ef til kæmi, en hús þetta er talið eign frú Ásdísar Ástþórsdóttur, sem er réttargæzlustefnd og eiginkona stefnda Helga Schevings. Er lögbaldsgerðin fór fram, var hvorugt þeirra hjóna á Sauðárkróki, og var þeim því skipaður réttargæzlumaður við gerðina. Við eftirgrennslan við gerðina fannst enginn kaupmáli milli þeirra hjóna, hvorki við þetta embætti né borgarfógetaembættið í Reykjavík. Stefnandi gerir þær kröfur auk þeirra, er áður greinir, að framangreint lögbald frá 30. ágúst s.l. verði með dómi viðurkennt til tryggingar dæmdum kröfum.

Mál þetta var þingfest 8. f. m. og þá veittur frestur handa

stefndu til 25. s. m. Er málið þá var tekið fyrir, var af hálfu stefndu lagt fram ljósrit af kaupmála milli þeirra hjóna, Helga Schevings og Ásdísar Ástþórsdóttur, dags. 4. maí 1961, gerður í Reykjavík fyrir hjúskap og tilkynntur til borgarfógeta þar 6. s. m. Engin önnur gögn voru þá lögð fram af hálfu stefndu. Var þá af þeirra hálfu beðið um frest til frekari gagnaöflunar, en þeirri frestbeiðni var neitað af hálfu stefnanda. Ágreiningsatriði þetta var tekið til úrskurðar í sama þinghaldi og úrskurður um það kveðinn upp 28. s. m. á þá lund, að umbeðinn frestur skyldi eigi veittur.

Málið var síðan tekið til flutnings 16. þ. m. og dómtekið sama dag. Í þessu þinghaldi sýndi lögmaður stefndu verksamning milli Gunnars M. Sigurðssonar trésmiðs, Sauðárkróki, og réttargæzlustefnda, Ásdísar Ástþórsdóttur, dags. 1. maí s.l., þar sem nefndur Gunnar tekur að sér að reisa fyrir hana íbúðarhús að Smáragrund 9 hér í bæ. Enn fremur sýndi sami lögmaður kvittun Búnaðarbanka Íslands, dags. 10. júlí s.l., fyrir greiðslu Ástþórs Matthíassonar á kr. 100.000.00 inn í ávísanareikning stefnda Helga Schevings í útibúi bankans á Sauðárkróki. Loks sýndi sami lögmaður ljósrit af tékka á Útvegsbanka Íslands, Reykjavík, fyrir kr. 60.000.00 til stefnda Helga Schevings, útgefins 3. júní s.l. af Ástþóri Matthíassyni.

Í málflutningi hefur af hálfu stefnda verið mótmælt öllum kröfum stefnanda og sýknu krafizt til handa stefndu. Þá er og krafizt greiðslu dagpeninga 3 daga handa lögmanni stefnda og málskostnaðar samkvæmt mati dómsins svo og ferðakostnaðar, kr. 1.560.00, og uppihaldskostnaðar samkvæmt reikningi fyrir sömu 3 daga, 14.—16. október 1967.

Víxill sá, sem mál þetta er af risið og grein er gerð fyrir hér að framan, hefur verið lagður fram í frumriti með áritaðri afsögn. Ber því að taka til greina kröfur stefnanda og dæma stefndu, Yl h/f og Helga Scheving, in solidum til þess að greiða víxilkröfuna, kr. 68.000.00, með vöxtum og afsagnarkostnaði, eins og krafizt er, svo og málskostnað.

Hvað varðar kröfu stefnanda um staðfestingu löghalds þess í húseigninni nr. 9 við Smáragrund hér í bæ, er fram fór 30. ágúst s.l., til tryggingar dómkröfum stefnanda, er tekið fram eftirfarandi:

Komið hefur í ljós, eins og áður greinir, að hjónin stefndi Helgi Scheving og réttargæzlustefndi, Ásdís Munda Ástþórsdóttir, hafa þann 4. maí 1961 gert með sér kaupmála fyrir hjúskap, og hefur

málinn verið tilkynntur borgarfógetaembættinu í Reykjavík 6. s. m. Er þar svo ákveðið, að íbúð Ásdísar Mundu á 4. hæð í húsinu nr. 153 við Hvassaleiti í Reykjavík skuli vera séreign hennar svo og innanstokksmunir, sem þau þá áttu, taldir að verðmæti kr. 28.000.00, og enn fremur allir aðrir innanstokksmunir, er þau kunni að eignast síðar. Einnig skyldi vera séreign hennar lögarfur, er til hennar kynni að falla, bréfarfur, ánafnaður henni, og persónulegar gjafir. Þá er og tekið fram, að arður af íbúðinni og það, sem fyrir andvirði hennar kynni að verða keypt, skuli vera séreign konunnar.

Eigi verður talið sannað, að húseignin nr. 9 við Smáragrund á Sauðárkróki, er um ræðir í máli þessu, geti talizt séreign réttargæzlustefnda, Ásdísar Mundu Ástþórsdóttur, sbr. 3. tl. 23. gr. laga nr. 20/1923, og eigi hefur eignin heldur verið gerð að séreign hennar með kaupmála samkvæmt 29. gr. sömu laga. Gögn þau, er af hálfu stefndu voru sýnd í dómi 16. þ. m. og um getur hér að framan, veita eigi sönnun fyrir hinu gagnstæða og breyta því engu hér um. Þess má geta, að í flutningi málsins var á það bent af lögmanni stefnanda, að stefndi Helgi Scheving hafi 9. marz 1967 fengið á sitt nafn byggingarleyfi fyrir umræddu húsi að Smáragrund 9, en hann síðan framselt lóðarréttindin 3. apríl s. á. konu sinni, réttargæzlustefnda Ásdísi Mundu Ástþórsdóttur, án þess að séð verði, að hann hafi haft samþykki bæjaryfirvalda til þess.

Með vísun til framanritaðs þykir rétt að taka til greina kröfu stefnanda um staðfestingu lögbaldsins frá 30. ágúst s.l. í húseigninni nr. 9 við Smáragrund hér í bæ til tryggingar téðum kröfum.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, þykir rétt að dæma stefndu, Yl h/f og Helga Scheving, til þess in solidum að þola dóm til greiðslu á kröfum stefnanda að öllu leyti.

Málskostnaður þykir samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi hæfilega ákveðinn kr. 22.784.00.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppsögn dóms í máli þessu, og stafar hann af miklu annríki dómarans.

Dómsorð:

Framangreind lögbaldsgerð er staðfest.

Stefndu, Ylur h/f og Helgi Scheving, greiði in solidum stefnanda, Útvegsbanka Íslands, kr. 68.000.00 með 1% vöxtum á mánuði eða fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 10. júlí 1967

til greiðsludags, kr. 200.00 í afsagnarkostnað og kr. 22.784.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Sauðárkróks 9. janúar 1968.

Ár 1968, þriðjudaginn 9. janúar, var fógetadómur Sauðárkróks settur að Hólavegi 9, framhaldið að Smáragrund 9 og loks í skrifstofu fógeta að Víðigrund 5 og haldinn af Jóhanni Salberg Guðmundssyni bæjarfógeta með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið nr. 1/1968: Útvegsbanki Íslands gegn Yl h/f o. fl.

Fógeti lagði fram nr. 1—2 beiðni um fjárnám og endurrit af dómi, svohljóðandi (Fylgir í ljósriti).

Fyrir gerðarbeiðanda sækir þing Árni Þorbjörnsson héraðsdómslögmaður.

Að tilhlutan fógeta sækir þing Sigurgeir Þórarinsson skrifstofumaður til þess að gæta réttar gerðarþola, sem hefur engan í fyrirsvari hér á staðnum, svo að vitað sé.

Lögmaður gerðarbeiðanda krefst fjárnáms í húseigninni nr. 9 við Smáragrund, Sauðárkróki, til tryggingar dómkröfunni, kr. 68.000.00, með 1% vöxtum á mánuði eða fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 10. júlí 1967 til greiðsludags, kr. 200.00 í afsagnarkostnað og kr. 22.784.00 í málskostnað auk alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Mætti fyrir gerðarþola hreyfir eigi andmælum gegn framgangi gerðarinnar.

Lýsti fógeti þá yfir því, að fjárnám væri hér með gert í téðri eign, húsinu nr. 9 við Smáragrund hér í bæ, til tryggingar framangreindum kröfum.

Fallið er frá virðingu eignarinnar.

Brýndi fógeti þýðingu gerðarinnar fyrir mætta vegna gerðarþola og fól honum að tilkynna þeim um framgang gerðarinnar.

Löghaldsgerð fógetadóms Sauðárkróks 30. ágúst 1967.

Ár 1967, miðvikudaginn 30. ágúst, var fógetadómur Sauðárkróks settur í skrifstofu embættisins að Víðigrund 5 og haldinn af Jóhanni Salberg Guðmundssyni bæjarfógeta með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Fógetadómsmálið nr. 25/1967: Útvegsbanki Íslands geg Yl h/f og Helga Scheving.

Fyrir gerðarbeiðanda sækir þing Ragnar Steinbergsson hæstaréttarlögmaður og leggur fram: nr. 1 löghaldsbeiðni, nr. 2 víxil.

Skjölin eru svohljóðandi:

Að tilhlutun fógeta sækir þing Sigurgeir Þórarinsson skrifstofumaður til réttargæzlu fyrir gerðarþola, sem eru fjarverandi.

Dómurinn var fluttur að Hólavegi 9 og síðan að Smáragrund 9 og það hús, sem er í smíðum, skoðað. Síðan var dómurinn aftur fluttur í skrifstofu embættisins. Þess skal getið, að á Hólavegi 9 var enginn staddur og húsið læst.

Lögmaður gerðarbeiðanda krefst löghalds í húsinu nr. 9 við Smáragrund hér í bæ, sem talið er eign eiginkonu gerðarþola Helga Schevings Karlssonar, til tryggingar víxilfjárhæð, kr. 68.000.00, auk afsagnarkostnaðar, kr. 200.00, 1% vanskilavöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 10. júlí 1967 til greiðsludags með málskostnaði og öðrum kostnaði við gerð þessa og staðfestingarmáli og eftirfarandi fjárnámi og uppboði, ef til kemur.

Tryggingar vegna gerðarinnar verður eigi krafizt samkvæmt lögum.

Það er tekið fram, að meðan á gerðinni stóð, var leitað upplýsinga um það, hvort til væri kaupmáli milli þeirra hjóna, gerðarþola Helga Schevings Karlssonar og konu hans, Ásdísar Ástþórsdóttur. En eigi var um slíkt að ræða, hvorki við þetta embætti né borgarfógetaembættið í Reykjavík.

Fógeti lýsti löghaldi í framangreindri húseign nr. 9 við Smáragrund til tryggingar téðum kröfum.

Brýndi fógeti þýðingu gerðarinnar fyrir réttargæzlumanni gerðarþola.

Miðvikudaginn 12. nóvember 1969.

Nr. 151/1969. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Sveini Valdimarssyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ákæra um fiskveiðabrot. Birting stjórnvaldaerinda.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn ásamt samdómsmönnunum Angantý Elíassyni skipstjóra og Páli Þorbjörnssyni skipstjóra.

Ákærði er í máli þessu sóttur þeim sökum að hafa hinn 20. marz 1969 á skipi sínu v/b Sæborgu, VE 22, verið að botnvörpuveiðum á hafsvæði, þar sem botnvörpuveiðar voru á þeim tíma bannaðar með auglýsingu sjávarútvegsráðherra 27. febrúar 1969 „um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi", sem sett hafði verið „samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og lögum nr. 62 18. maí 1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 304 20. desember 1968 um leyfi til togveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi ...". Auglýsing þessi var birt í Lögbirtingablaði 4. marz 1969 og síðan í B-deild Stjórnartíðinda 30. apríl 1969. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldaerinda bar að birta auglýsinguna í B-deild Stjórnartíðinda, og samkvæmt 7. gr. sömu laga mátti ekki beita ákvæðum hennar, fyrr en svo hafði verið gert. Að svo vöxnu máli verður ákærða dæmd sýkna af kröfum ákæruvalds.

Allur kostnaður af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sveinn Valdimarsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Kostnaður af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 21. maí 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, útgefinni af saksóknara ríkisins 31. marz 1969, á hendur Sveini Valdimarssyni, Nýjabæjarbraut 9, Vestmannaeyjum, skipstjóra á m/b Sæborgu, VE 22, „fyrir að hafa gerzt sekur um fiskiveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskiveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið að botnvöruveiðum á nefndum báti fimmtudaginn 20. marz 1969 út af Þorlákshöfn á svæði innan fiskiveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. áðurnefndrar reglugerðar, þar sem botnvörpuveiðar eru bannaðar til 30. apríl 1969 skv. 1. tl. 1. gr. auglýsingar sjávarútvegsmálaráðuneytisins 27. febrúar 1969 um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðurlandi, sbr. lög nr. 88/1968 um breytingu á áðurnefndum lögum, sbr. reglugerð nr. 304/1968 um leyfi til togveiða í fiskiveiðilandhelgi Íslands, sbr. að öðru leyti reglugerðir um fiskilandhelgi Íslands nr. 3/1961, 87/1958, 4/1961 og 29/1964, og auglýsingu nr. 4/1961.

Ákærist því nefndur Sveinn Valdimarsson til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr. nefndra laga nr. 62/1967, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961 og 1. mgr. 2. gr. auglýsingar nr. 304/1968, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu sakarkostnaðar".

Ákærði, Sveinn Valdimarsson, er fæddur í Vestmannaeyjum 11. ágúst 1934 og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir, öllum í Vestmannaeyjum:

1963 29/4 Áminning fyrir brot á 217. gr. hegningarlaga, gekkst inn á bætur fyrir kjaftshögg (bætur á tönnum).

1963 3/9 Dómur: 20.000.00 kr. sekt fyrir brot á lögum nr.

5/1920, 1. gr. sbr. 3. gr., og tilheyrandi ákvæði, og afli og veiðarfæri Sjöstjörnunnar, VE 92, gerð upptæk.

Hinn 14. apríl 1965 veitti forseti Íslands uppgjöf sakar, að því er varðar dóminn 3. september 1963.

1967 6/4 Dómur: 25.000.00 kr. sekt fyrir ólöglegar togveiðar innan fiskveiðitakmarkanna og afli og veiðarfæri m/b Sæborgar, BA 25, gerð upptæk.

1967 11/4 Dómur: 10.000.00 kr. sekt fyrir ólöglegar togveiðar innan fiskveiðitakmarkanna og afli og veiðarfæri m/b Sæborgar, BA 25, gerð upptæk (hegningarauki).

1967 21/11 Dómur: Varðhald í tvo mánuði, 25.000.00 kr. sekt fyrir ólöglegar botnvörpuveiðar innan fiskveiðitakmarkanna og afli og veiðarfæri um borð í Sæborgu, BA 25, gerð upptæk.

Hinn 30. nóvember 1968 veitti forseti Íslands uppgjöf sakar, að því er varðar dómana 6. apríl 1967, 11. apríl 1967 og 21. nóvember 1967.

Í skýrslu Landhelgisgæzlunnar, undirritaðri af skipherranum á varðskipinu Ægi, Guðmundi Kjærnested, 21. marz 1969, segir á þessa leið:

„Fimmtudaginn 20. marz tók varðskipið m/b Sæborgu, VE 22, skipstjóri Sveinn Valdimarsson, f. 11. ágúst 1934, til heimilis að Nýjabæjarbraut 9, Vestmannaeyjum, að ólöglegum veiðum undan Hafnarnesi við Þorlákshöfn.

Nánari atvik voru sem hér segir:

Fimmtudaginn hinn 20. marz var varðskipið við eftirlitsferð við SV-land.

Kl. 2235 var komið að m/b Sæborgu, VE 22, þar sem hann var á togveiðum á svæði, þar sem þær eru bannaðar til 30. apríl 1969 samkvæmt auglýsingu sjávarútvegsmálaráðuneytisins frá 27. febr. 1969.

Eftirfarandi staðarákvörðun var þá gerð við hlið bátsins:

Hafnarnes, fjarl. 404 sjóm.

Stokkseyri, fjarl. 8.9 sjóm.

Gefur þetta bátinn um 10.6 sjóm. inni á áðurgreindu svæði, dýpi um 88 metrar. Kl. 2249 var eftirfarandi staðarákvörðun gerð:

Hafnarnes, fjarl. 4.5 sjóm.

Stokkseyri, fjarl. 9.1 sjóm.

Skipstjóri bátsins var fluttur yfir í varðskipið og aðspurður

kvað hann sér ekki kunnugt um, að togveiðar væru bannaðar á þessu svæði. Honum var tjáð, að athæfi hans yrði kært til viðkomandi yfirvalda, og síðan fluttur yfir í bát sinn og sagt að halda til Vestmannaeyja.

Staðarákvarðanir voru gerðar með K.H. ratar og gýróáttavita varðskipsins af 1., 2. og 3. stýrimanni undir umsjá skipherra.

Staðir bátsins voru markaðir í sjókort nr. 16. Fylgir úrklippa úr kortinu skýrslu þessari.

Veður NA 3, sjór 3, léttskýjað".

Skipherrann á varðskipinu Ægi, Guðmundur Kjærnested, mætti í sakadómi og kvaðst hafa undirritað skýrsluna og væri innihald hennar rétt. Einnig mætti I. stýrimaður varðskipsins, Bjarni Ólafur Helgason, og II. stýrimaður, Kristinn Jóhann Árnason, og kváðu skýrsluna rétta.

Þegar ákærði mætti fyrir sakadómi, viðurkenndi hann þegar að hafa verið að togveiðum á þeim stað og tíma, sem segir í skýrslunni. Hins vegar sagði hann, að honum hafi verið algerlega ókunnugt um, að hann væri á friðlýstu svæði, og ekki hafi hann séð eða heyrt talað um auglýsingu sjávarútvegsmálaráðuneytisins, sem gefin var út 27. febrúar 1969.

Með framburði varðskipsmanna og játningu ákærða er sannað, að ákærði var að botnvörpuveiðum á m/b Sæborgu, VE 22, á þeim stað og tíma, sem í skýrslunni greinir.

Ekki verður fallizt á, að það leysi ákærða frá refsiábyrgð, þótt honum hafi verið ókunnugt um auglýsingu sjávarútvegsmálaráðuneytisins frá 27. febrúar 1969, og verður því að telja, að hann hafi verið á ólöglegum togveiðum í umrætt sinn. Hefur hann því gerzt brotlegur við þau lagaákvæði, sem tilgreind eru í ákæru, og unnið til refsingar samkvæmt þeim.

M/b Sæborg, VE 22, er að stærð 65.82 rúmlestir brúttó.

Samkvæmt upplýsingum Seðlabankans um stofngengi krónunnar jafngilda 100 gullkrónur 3.992.93 seðlakrónum.

Með tilvísun til þessa og samkvæmt tilvitnuðum lagaákvæðum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 40.000 kr. sekt í Landhelgissjóð, er ákærða ber að greiða innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 20 daga.

Allur afli og veiðarfæri um borð í m/b Sæborgu, VE 22, eru gerð upptæk, og gengur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Sveinn Valdimarsson, greiði kr. 40.000.00 í sekt í Landhelgissjóð innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 20 daga.

Allur afli og veiðarfæri um borð í m/b Sæborgu eru gerð upptæk, og gengur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. nóvember 1969.

Nr. 152/1969. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Hilmari Árnasyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ákæra um fiskveiðabrot. Birting stjórnvaldaerinda.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn ásamt samdómsmönnunum Angantý Elíassyni skipstjóra og Páli Þorbjörnssyni skipstjóra.

Ákærði er í máli þessu sóttur þeim sökum að hafa hinn 20. marz 1969 á skipi sínu v/b Sigurfara, VE 138, verið að botnvörpuveiðum á hafsvæði, þar sem botnvörpuveiðar voru á þeim tíma bannaðar með auglýsingu sjávarútvegsráðherra 27. febrúar 1969 „um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi", sem sett hafði verið „samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og lögum nr. 62 18. maí 1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 304 20. desember 1968 um leyfi til togveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að

öðlast þegar gildi ...". Auglýsing þessi var birt í Lögbirtingablaði 4. marz 1969 og síðan í B-deild Stjórnartíðinda 30. apríl 1969. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldaerinda bar að birta auglýsinguna í B-deild Stjórnartíðinda, og samkvæmt 7. gr. sömu laga mátti ekki beita ákvæðum hennar, fyrr en svo hafði verið gert. Að svo vöxnu máli verður ákærða dæmd sýkna af kröfum ákæruvalds.

Allur kostnaður af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hilmar Árnason, á að vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Kostnaður af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 24. júní 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, útgefinni 31. marz 1969, á hendur Hilmari Árnasyni, Skólavegi 37, Vestmannaeyjum, skipstjóra á m/b Sigurfara, VE 138, „fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum báti fimmtudaginn 20. marz 1969 út af Þorlákshöfn á svæði innan fiskiveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. áðurnefndrar reglugerðar, þar sem botnvörpuveiðar eru bannaðar til 30. apríl 1969 samkvæmt 1. tl. 1. gr. auglýsingar sjávarútvegsmálaráðuneytisins 27. febrúar 1969 um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðurlandi, sbr. lög nr. 88/1968 um breytingu á áðurnefndum lögum, sbr. reglugerð nr. 304/1968 um leyfi til togveiða í fiskiveiðilandhelgi Íslands, sbr. að öðru leyti reglugerðir um fiskveiðilandhelgi Ís-

lands nr. 3/1961, 87/1958, 4/1961 og 29/1964, og auglýsingu nr. 4/1961.

Ákærist því nefndur Hilmar Árnason til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr. nefndra laga nr. 62/1967, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961 og 1. mgr. 2. gr. auglýsingar nr. 304/1968, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu sakarkostnaðar".

Ákærði, Hilmar Árnason, er fæddur á Bíldudal 4. febrúar 1930 og hefur sætt kærum og refsingum er hér segir:

1960 16/10 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun.
1960 13/12 í Reykjavík: Sátt fyrir ölvun, 150 kr. sekt.
1961 1/2 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
1967 26/9 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.

Í skýrslu skipherra varðskipsins Ægis, dags. 21. marz 1969, segir á þessa leið:

„Fimmtudaginn 20. marz tók varðskipið m/b Sigurfara, VE 138, skipstjóri Hilmar Árnason, Skólavegi 37, f. 4. febrúar 1930, að ólöglegum veiðum undan Hafnarnesi við Þorlákshöfn.

Nánari atvik voru sem hér segir:

Fimmtudaginn 20. marz var varðskipið við eftirlitsstörf við SV-land.

Kl. 2231 var komið að m/b Sigurfara, VE 38, þar sem hann var að togveiðum á svæði, þar sem þær eru bannaðar til 30. apríl 1969 samkvæmt auglýsingu sjávarútvegsmálaráðuneytisins frá 27. febr. 1969. Eftirfarandi staðarákvörðun var þá gerð við hlið bátsins:

Hafnarnes, fjarl. 4.5 sjóm.
Stokkseyri, fjarl. 8.6 sjóm., dýpi 88 m.

Sýnir þetta bátinn um 10.7 sjóm. inni á umræddu bannsvæði. Strax á eftir var staðarákvörðunin endurtekin og reyndist óbreytt.

Skipstjóri bátsins var fluttur yfir í varðskipið, og kvað hann sér ekki kunnugt um, að hann væri á bannsvæði. Honum var síðan tilkynnt, að atferli hans yrði kært, og skyldi hann halda til heimahafnar sinnar. Staðarákvarðanirnar voru gerðar með K.H. radar og gýróáttavita skipsins af 1., 2. og 3. stýrimanni, undir umsjá skipherra.

Staðir bátsins voru settir út í sjókort nr. 16, og fylgir úrklippa úr því skýrslu þessari.

Veður: NA 3, sjór 3, léttskýjað".

Skipherrann á varðskipinu Ægi, Guðmundur Kjærnested, mætti í sakadómi Vestmannaeyja og kvaðst hafa undirritað skýrsluna

og væri innihald hennar rétt. Einnig mætti 1. stýrimaður varðskipsins, Bjarni Ólafur Helgason, og 2. stýrimaður, Kristinn Jóhann Árnason, og kváðu skýrsluna rétta.

Þegar ákærði mætti fyrir sakadómi, viðurkenndi hann þegar að hafa verið að togveiðum á þeim stað og tíma, sem segir í skýrslum. Hins vegar sagði hann, að honum hafi verið algerlega ókunnugt, að hann væri á friðlýstu svæði, og ekki hafi hann séð eða heyrt talað um auglýsingu sjávarútvegsmálaráðuneytisins, sem gefin var út 27. febrúar 1969 og birt í Lögbirtingablaðinu 4. marz 1969. Hann hafi því haldið, að sér væri heimilt að toga þarna.

Útgerðarmaður skipsins mætti einnig fyrir sakadómi og benti á, að ekki hefði verið leitað umsagna skipstjóra eða útgerðarmanna úr Vestmannaeyjum, áður en áðurgreind auglýsing sjávarútvegsmálaráðuneytisins var sett. Fiskifélag Íslands hafi haldið ráðstefnu í Reykjavík hinn 17. febrúar og hafi þar verið mættir skipstjórar og útgerðarmenn úr Keflavík, Sandgerði, Grindavík, Þorlákshöfn, Stokkseyri og Reykjavík, en enginn úr Vestmannaeyjum. Á ráðstefnu þessari var samþykkt að leggja til, að togveiðar yrðu bannaðar á svæði undan Suðurlandi, sem tekur yfir vesturhluta Selvogsbanka. Í samræmi við þessar tillögur hafi sjávarútvegsmálaráðuneytið gefið út áðurgreinda auglýsingu og er útvegsmönnum í Vestmannaeyjum var kunnugt um hana, hafi þeir mótmælt henni, þar sem ekki var haft samráð við þá, áður en hún var gefin út.

Með framburði varðskipsmanna og játningu ákærða er það sannað, að ákærði var að togveiðum á svæði, þar sem togveiðar eru bannaðar samkvæmt auglýsingu sjávarútvegsmálaráðuneytisins 27. febrúar s.l.

Auglýsing þessi virðist hafa verið birt með löglegum hætti, og verður því ekki fallizt á, að það leysi ákærða undan refsingu, þótt honum væri ókunnugt um hana. Samkvæmt þessu verður að telja, að ákærði hafi gerzt brotlegur við öll þau lagaákvæði, sem tilgreind eru í ákæru. M/b Sigurfari, VE 138, er að stærð 46.07 rúmlestir brúttó.

Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands um stofngengi krónunnar jafngilda 100 gullkrónur 3.992.93 seðlakrónum.

Með tilvísun til þess, er nú var tekið fram, og samkvæmt tilvitnuðum lagaákvæðum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 40.000 kr. sekt, sem ákærða ber að greiða í Landhelgissjóð Ís-

lands innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 20 daga.

Allur afli og veiðarfæri um borð í Sigurfara, VE 138, eru gerð upptæk, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Hilmar Árnason, greiði kr. 40.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 20 daga.

Allur afli og veiðarfæri um borð í m/b Sigurfara, VE 138, eru gerð upptæk, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. nóvember 1969.

Nr. 153/1969. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Guðjóni Emil Aanes
(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ákæra um fiskveiðabrot. Birting stjórnvaldaerinda.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn ásamt samdómsmönnunum Angantý Elíassyni skipstjóra og Páli Þorbjörnssyni skipstjóra.

Ákærði er í máli þessu sóttur þeim sökum að hafa hinn 20. marz 1969 á skipi sínu v/b Glað, VE 270, verið að botnvörpuveiðum á hafsvæði, þar sem botnvöruveiðar voru á þeim tíma bannaðar með auglýsingu sjávarútvegsráð-

herra 27. febrúar 1969 „um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi", sem sett hafði verið „samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og lögum nr. 62 18. maí 1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 304 20. desember 1968 um leyfi til togveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi . . .". Auglýsing þessi var birt í Lögbirtingablaði 4. marz 1969 og síðan í B-deild Stjórnartíðinda 30. apríl 1969. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldaerinda bar að birta auglýsinguna í B-deild Stjórnartíðinda, og samkvæmt 7. gr. sömu laga mátti ekki beita ákvæðum hennar, fyrr en svo hafði verið gert. Að svo vöxnu máli verður ákærða dæmd sýkna af kröfum ákæruvaldsins.

Allur kostnaður af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Guðjón Emil Aanes, á að vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Kostnaður af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar, hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 24. júní 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, útgefinni af saksóknara ríkisins 31. marz 1969, á hendur Guðjóni Emil Aanes, Fífilgötu 5 í Vestmannaeyjum, skipstjóra á vélbátnum Glað, VE 270 „fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum báti um miðnætti aðfaranótt föstudagsins 21. marz 1969 út af Þorlákshöfn á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. áðurnefndrar reglugerðar, þar sem botnvörpuveiðar eru

bannaðar til 30. apríl 1969 skv. 1. tl. 1. gr. auglýsingar sjávarútvegsmálaráðuneytisins 27. febrúar 1969 um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðurlandi, sbr. lög nr. 88/1968 um breytingu á áðurnefndum lögum, sbr. reglugerð nr. 304/1968 um leyfi til togveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. að öðru leyti reglugerðir um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 3/1961, 87/1958, 4/1961 og 29/1964, og auglýsingu nr. 4/1961.

Ákærist því nefndur Guðjón Emil til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr. nefndra laga nr. 62/1967, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961 og 1. mgr. 2. gr. auglýsingar nr. 304/1968, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu sakarkostnaðar".

Ákærði Guðjón Emil Aanes er fæddur í Vestmannaeyjum 24. júlí 1930 og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1947 4/9 í Reykjavík: Sátt, 25. kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1949 3/4 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1950 14/1 í Vestmannaeyjum: Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1950 10/2 í Vestmannaeyjum: Dómur: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga og 1.500 kr. sekt fyrir brot á 6. gr. áfengislaga.

1951 15/3 í Vestmannaeyjum: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1951 6/8 í Vestmannaeyjum: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1951 26/10 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1952 17/2 í Vestmannaeyjum: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1952 28/10 í Vestmannaeyjum: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1952 23/12 í Vestmannaeyjum: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1953 5/3 í Vestmannaeyjum: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1953 19/3 í Vestmannaeyjum: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1953 6/5 í Vestmannaeyjum: Áminning fyrir ölvun innanhúss.

1953 16/10 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.

1953 17/10 í Reykjavík: 200 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga, 500 kr. skaðabætur fyrir spellvirki.
1957 19/4 í Reykjavík: 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1960 30/1 í Vestmannaeyjum: 500 kr. sekt fyrir sama brot og 231. gr. hegningarlaga.
1961 9/1 í Reykjavík: 100 kr. sekt fyrir ölvun.
1961 1/11 í Neskaupstað: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1962 28/3 í Neskaupstað: Sátt, 200 kr. sekt fyrir sama brot.
1962 20/12 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir sama brot.
1964 23/2 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir sama brot.
1965 1/2 í Vestmannaeyjum: Dómur: Varðhald í 30 daga, sviftur rétti til þess að öðlast ökuréttindi í 15 mánuði, fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956, áfengislögum og umferðarlögum.
1965 9/5 í Vestmannaeyjum: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga. Skaðabætur kr. 1.000.00 til Valdimars Traustasonar fyrir líkamsmeiðingar og kr. 250.00 til lögregluþjóns fyrir skemmdir á úri.
1966 3/3 í Vestmannaeyjum: Dómur: 20.000 kr. sekt fyrir ólöglegar togveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Afli og veiðarfæri m/b Dagrúnar, ÍS 11, gerð upptæk.
1966 28/6 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1966 30/9 í Vestmannaeyjum: Dómur: Varðhald í 2 mánuði, 25.000 kr. sekt fyrir ólöglegar togveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Afli og veiðarfæri m/b Sigurðar, VE 35, gerð upptæk.
1967 21/1 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1967 24/2 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 231. gr. hegningarlaga.
1968 12/5 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 231. gr. hegningarlaga.

Hinn 30. nóvember 1968 veitti forseti Íslands uppgjöf sakar, að því er varðar dómana uppkveðna 3. marz 1966 og 30. september 1966.

Í skýrslu Landhelgisgæzlunnar, undirritaðri af skipherra varðskipsins Ægis 21. marz 1969, segir á þessa leið:

„Fimmtudaginn 20. marz tók varðskipið m/b Glað, VE 270,

skipstjóri Guðjón Aanes, f. 24. júlí 1930, til heimilis að Fífilgötu 5, Vestmannaeyjum, að ólöglegum veiðum undan Eyrarbakka.

Nánari atvik voru sem hér segir:

Fimmtudaginn hinn 20. marz var varðskipið við eftirlit við SV-land.

Kl. 2355 var komið að m/b Glað, VE 270, þar sem hann var að togveiðum á svæði, sem þær eru bannaðar til 30. apríl 1969 samkvæmt auglýsingu sjávarútvegsmálaráðuneytisins frá 27. febrúar 1969.

Eftirfarandi staðarákvörðun var gerð við hlið bátsins:

Knarrarós, fjarl. 4.5 sjóm.

Hafnarnes, fjarl. 6.9 sjóm.

Gefur þetta stað bátsins um 10.3 sjóm. inni á friðunarsvæðinu.

Kl. 0011 var aftur gerð staðarákvörðun:

Knarrarós, fjarl. 4.8 sjóm.

Hafnarnes, fjarl. 6.8 sjóm. Dýpi 60 metrar.

Gefur þetta stað bátsins um 10.4 sjóm. inni á friðunarsvæðinu.

Skipstjóri bátsins kom um borð í varðskipið og gaf þá skýringu á veiðum sínum, að sér væri ókunnugt um þetta friðunarsvæði.

Honum var sagt, að skýrsla yrði gerð um málið og það kært til viðkomandi yfirvalda, síðan var hann fluttur um borð í bát sinn og sagt að halda til Vestmannaeyja.

Mælingar voru gerðar með K.H. radar og gýróáttavita varðskipsins af 1., 2. og 3. stýrimanni undir umsjá skipherra.

Staðarákvarðanirnar voru settar út í kort nr. 16, og fylgir afklippa úr því skýrslu þessari.

Veður: NA 3, sjór 3, léttskýjað".

Skipherra v/s Ægis, Guðmundur Kjærnested, mætti fyrir sakadómi Vestmannaeyja og kvaðst hafa undirritað skýrsluna og væri innihald hennar rétt. Fyrsti stýrimaður varðskipsins, Bjarni Ólafur Helgason, og annar stýrimaður, Kristinn Jóhann Árnason, mættu einnig fyrir sakadómi og kváðu skýrsluna rétta.

Er ákærði mætti fyrir sakadómi, viðurkenndi hann þegar að hafa verið að togveiðum á m/b Glað, VE 270, á þeim stað og tíma, sem í skýrslunni greinir, og ekki kvaðst hann vefengja staðarákvarðanir varðskipsmanna. Hins vegar kvað hann sér algerlega ókunnugt um, að togveiðar væru óheimilar þarna, og hann hafi gengið út frá, að sér væri heimilt að toga inn að þrem sjómílum frá landi. Áður en hann hóf togveiðar, kvaðst hann hafa leitað upplýsinga um friðunarsvæði fyrir Suðurlandi, en

ekki fengið ákveðin svör. Auglýsingu sjávarútvegsmálaráðuneytisins frá 27. febrúar 1969, sem birtist í Lögbirtingablaðinu 4. marz s.l., kvaðst hann ekki hafa séð, enda sjái hann ekki Lögbirtingablaðið. Morgunblaðið, sem birti auglýsingu um friðunarsvæði sunnanlands, sá hann ekki, vegna þess að hann var fjarverandi, er það kom á heimili hans, og er hann kom heim, var blaðið glatað.

Með framburði varðskipsmanna og játningu ákærða er sannað, að hann var að togveiðum á m/b Glað, VE 270, í umrætt sinn á svæði, þar sem togveiðar voru bannaðar samkvæmt auglýsingu sjávarútvegsmálaráðuneytisins 27. febrúar 1969. Ekki verður fallizt á, að það leysi ákærða undan refsingu, þótt honum hafi verið ókunnugt um nefnda auglýsingu, sem virðist hafa verið birt með lögmætum hætti. Verður því litið svo á, að ákærði hafi verið að ólöglegum togveiðum í umrætt sinn og gerzt brotlegur við þau lagaákvæði, sem tilgreind eru í ákæru.

M/b Glaður, VE 270, er að stærð 43.17 rúmlestir brúttó.

Samkvæmt auglýsingum Seðlabankans um stofngengi krónunnar jafngilda 100 gullkrónur 3.992.93 seðlakrónum.

Með tilvísun til þess, er nú hefur verið tekið fram, og samkvæmt tilvitnuðum lagaákvæðum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 40.000 kr. sekt í Landhelgissjóð, sem ákærða ber að greiða innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 20 daga.

Allur afli og veiðarfæri um borð í m/b Glað, VE 270, eru gerð upptæk, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Guðjón Emil Aanes, greiði kr. 40.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 20 daga.

Allur afli og veiðarfæri um borð í m/b Glað, VE 270, eru gerð upptæk, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. nóvember 1969.

Nr. 162/1969. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Günther Borgwardt
(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Þjófnaður. Bifreiðar. Nytjastuldur. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Sakaratriðum er rétt lýst í héraðsdómi. Samkvæmt refsiákvæðum, er þar greinir, og 77. gr. laga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði. Ákærði sat í gæzluvarðhaldi frá 2. júlí 1968 til 5. s. m. Samkvæmt 76. gr. laga nr. 19/1940 á sá gæzluvarðhaldstími að koma til frádráttar refsivistinni. Þá ber að svipta ákærða ævilangt rétti til að öðlast ökuréttindi bifreiðarstjóra.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og málflutningslaun verjanda síns þar, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Günther Borgwardt, sæti fangelsi 6 mánuði. Gæzluvarðhaldstími hans frá 2. júlí 1968 til 5. s. m. á að koma til frádráttar refsingunni.

Ákærði er ævilangt sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi bifreiðarstjóra.

Ákærði greiði kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns þar, Jóns

Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.
Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 22. maí 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. þ. m., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, útgefinni af saksóknara ríkisins 10. apríl 1969, á hendur Günther Borgwardt, Heimagötu 11, Vestmannaeyjum, „fyrir að hafa:

I. Miðvikudaginn 29. maí 1968 heimildarlaust tekið vörubifreiðina V 78 og undir áhrifum áfengis og ökuréttindalaus ekið henni frá Friðarhöfn áleiðis út á Stórhöfða, unz lögreglan handtók hann við hliðið norðan við vitann. Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

II. Fimmtudaginn 16. maí 1968 stolið sjóúri, tveimur sirklum, nokkrum útvarpslömpum og íslenzkri bók úr m/b Halkion, VE 205, í Vestmannaeyjahöfn svo og fyrir að hafa stolið um veturinn eða vorið 1968 tveimur sjónaukum úr bátum við Vestmannaeyjahöfn, öðrum úr m/b Stefáni Þór. Telst þetta varða við 244. gr. alm. hegingarlaga. Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkv. 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Ákærði, Günther Borgwardt, er fæddur 7. ágúst 1938 að Zachow/Mecklemburg, Þýzkalandi, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirfarandi kærum og refsingum hér á landi:

1966 31/12 í Vestmannaeyjum: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

I.

Föstudaginn 24. maí 1968 fór ákærði að neyta víns og hélt því áfram næsta dag. Þriðjudaginn 28. maí var hann enn undir vínáhrifum og fór að sofa kl. 1300 þann dag og svaf til kl. 1900. Hélt hann þá áfram drykkjunni og drakk koníak í herbergi nr. 8 í Vinnslustöðinni, Vestmannaeyjum. Kl. 2400 fór hann þaðan inn í Friðarhöfn og var þá allmikið drukkinn. Við höfnina sá hann vörubifreiðina V 78, og stóð hún þar mannlaus og ólæst. Ákærði hefur ekki ökuréttindi, hvorki hér né í Þýzkalandi. Hann opnaði bifreiðina og settist undir stýri og tókst að ræsa hana án

þess að nota lykil. Ók hann svo af stað og fór víða um bæinn, en síðan hélt hann suður úr bænum í áttina að Stórhöfða. Lögreglunni var tilkynnt, að eitthvað væri athugavert við akstur bifreiðar um bæinn, og fór hún að leita hennar. Leitaði hún um bæinn, fór síðan upp í Herjólfsdal og suður Höfðaveg. Er hún var komin suður fyrir Breiðabakka, sá hún bifreið á leið upp Stórhöfða. Lögreglan dró bifreiðina fljótt uppi, en komst ekki fram fyrir hana, vegna þess að vegurinn er mjór þarna. Við hliðið norðan við vitann stöðvaði ökumaðurinn bifreiðina. Ökumaðurinn reyndist vera ákærði, og var hann drukkinn. Hann var einn í bifreiðinni. Lögreglan tók hann og flutti niður á lögreglustöð, og var læknir kvaddur til til að taka úr honum blóðsýnishorn. Blóðsýnishornið var sent rannsóknarstofu prófessors Jóns Steffensens til alkóhólákvörðunar. Niðurstaða rannsóknarinnar var á þá leið, að í blóði hans fundust reducerandi efni, er samsvara 1.35‰ af alkóhóli.

Ákærði tók bifreiðina í algeru heimildarleysi. Hún skemmdist ekki við aksturinn og eigandinn, Tryggvi Gunnarsson, gerði engar kröfur á hendur ákærða út af töku hennar.

Með óheimilli töku bifreiðarinnar og með akstri hennar án ökuréttinda og undir áhrifum áfengis hefur ákærði gerzt brotlegur við þau lagaákvæði, sem tilgreind eru í ákæru undir I., og unnið til refsingar samkvæmt þeim.

II.

Þriðjudaginn 2. júlí 1968 var lögreglan á eftirlitsferð um bæinn, og er hún var stödd niður á Básaskersbryggju, sá hún mann vera að skríða inn í veiðarfæ rageymslu Andvara á bryggjunni. Lögreglan tók manninn, og reyndist það vera ákærði, og var hann drukkinn. Þetta var kl. 0200. Hann var fluttur í fangahúsið. Síðar um daginn var framkvæmd leit í herbergi hans að Heimagötu 11, og fundust þar ýmsir munir, sem talið var, að illa væru fengnir. Meðal annars var þar sjóúr og tveir sjónaukar. Sjóúrið reyndist vera úr m/b Halkion, VE 205, og hafði horfið þaðan 16. maí um vorið. Ákærði viðurkenndi að hafa stolið sjóúrinu úr báti á höfninni, sem hann ekki mundi, hvað hét. Þar kvaðst hann einnig hafa tekið tvo sirkla og íslenzka bók. Ákærði viðurkenndi einnig að hafa stolið sjónaukum úr bátum hér í höfninni, en ekki mundi hann, hvaða bátar það voru. Síðar upplýstist, að annar sjónaukinn, er hjá honum fannst, var úr m/b Stefáni Þór, en ekki tókst að upplýsa, hvaðan hinn sjónaukinn

var. Fleira viðurkenndi ákærði að hafa tekið ófrjálsri hendi. Skipstjórar bátanna m/b Halkions og m/b Stefáns Þórs gerðu ekki kröfur á hendur ákærða, er þeir höfðu móttekið hina stolnu muni.

Með þeim verknaði, er nú hefur verið lýst, hefur ákærði gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga og unnið til refsingar samkvæmt þeirri grein.

III.

Refsing ákærða fyrir þau brot, er að framan er lýst, þykir hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga þykir bera að svipta ákærða rétti til að öðlast ökuleyfi í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Allan sakarkostnað, áfallinn og áfallandi, ber ákærða að greiða.

Dómsorð:

Ákærði, Günther Borgwardt, sæti varðhaldi í 60 daga.

Hann er sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í eitt ár frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. nóvember 1969.

Nr. 199/1969. **Lífeyrissjóður Verkfræðingafélags Íslands**
gegn
Páli Hannessyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 57/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. október 1969, sem dóminum barst 31. s. m. Krefst sóknaraðili þess, að frávísunardómi, sem upp var kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 7. október 1969, verði hrundið og lagt fyrir dómara að dæma málið að efni til.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms.

Eftir gögnum málsins er varnaraðili heimilisfastur í Kópavogi, og þar var honum birt stefna máls þessa. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn kærða dóm.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. október 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. september s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 1. september s.l., af Lífeyrissjóði Verkfræðingafélags Íslands, Brautarholti 20, Reykjavík, gegn Páli Hannessyni verkfræðingi, Grænutungu 3, Kópavogi, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 87.532.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð af kr. 5.532.00 frá 1. febrúar 1967 til 1. apríl 1967, af kr. 11.086.00 frá 1. apríl 1967 til 1. júní 1967, af kr. 16.596.00 frá 1. júní 1967 til 1. ágúst 1967, af kr. 22.128.00 frá 1. ágúst 1967 til 1. október 1968, af kr. 27.660.00 frá 1. október 1967 til 1. desember 1967, af kr. 33.192.00 frá 1. desember 1967 til 1. febrúar 1968, af kr. 38.912.00 frá 1. febrúar 1968 til 1. apríl 1968, af kr. 44.632.00 frá 1. apríl 1968 til 1. júní 1968, af kr. 50.352.00 frá 1. júní 1968 til 1. ágúst 1968, af kr. 56.072.00 frá 1. ágúst 1968 til 1. október 1968, af kr. 61.972.00 frá 1. október 1968 til 1. desember s. á., af kr. 67.512.00 frá 1. desember 1968 til 1. febrúar 1969, af kr. 73.232.00 frá 1. febrúar 1969 til 1. apríl 1969, af kr. 78.952.00 frá 1. apríl 1969 til 1. júní 1969, af kr. 84.672.00 frá 1. júní 1969 til 1. júlí 1969 og af kr. 87.532.00 frá 1. júlí 1969 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt taxta L. M. F. Í.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera samkvæmt reikningsyfirliti yfir iðgjöld sjóðfélaga frá og með 1. janúar 1967 til og með 1. júlí 1969, „þ. e. til loka júlí þ. á." (sic). Stefnandi heldur því fram, að krafa þessi sé eingöngu hið ákveðna framlag stefnda sem sjóðfélaga í sjóð stefnanda mánaðarlega. Hafi framlagið átt að nema af launum félagans kr. 2.768.00 á mánuði til og með 1. desember 1967, en 1. janúar 1968 og áfram eigi það að vera kr. 2.860.00. Iðgjaldið falli í gjalddaga 1. hvers mánaðar eftir á. Innheimtutilraunir hafi engan árangur borið.

Í þinghaldi 30. september s.l. lagði stefnandi fram sókn og frek-

ari skjöl í málinu. Í sókninni heldur stefnandi því fram, að sækja megi mál þetta hér í Reykjavík, þar sem heimili og varnarþing stefnanda sé í Reykjavík og að stefnda hafi ætíð borið að skila iðgjöldum til sjóðsins, þ. e. stefnanda. Jafnframt rökstyður hann nánar vaxtakröfu sína og kemur með nýjan útreikning á henni, þar sem leiðréttar eru þær skekkjur, sem fram koma í vaxtakröfu í stefnu.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Svo sem fram kemur í stefnu, á stefndi heimilisvarnarþing í Kópavogi. Ekki verður séð þrátt fyrir fullyrðingar stefnanda, að sækja megi hann samkvæmt öðrum reglum um varnarþing samkvæmt lögum nr. 85 frá 1936.

Af þessum sökum ber að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Málskostnaður verður ekki dæmdur.

Hrafn Bragason, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður verður ekki dæmdur.

Föstudaginn 14. nóvember 1969.

Nr. 103/1969. **Björn Pálsson**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Jóni Jónssyni og gagnsök
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Synjað um framkvæmd innsetningargerðar.

Dómur Hæstaréttar.

Andrés Valdimarsson sýslumaður hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð sem setufógeti.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. júní 1969. Hann gerir þær dómkröfur, að honum verði með innsetningargerð „afhent hin brúnskjótta hryssa, sem um er deilt í málinu", og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 7. ágúst 1969 og krafizt þess, að synjað verði innsetningargerðar og að honum verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Ágreiningur er um eignarrétt að hryssu þeirri, sem um er að tefla. Gagnaöflun í málinu er mjög áfátt. Hvorki hafa aðiljar komið fyrir dóm né vitni verið leidd um meginatriði málsins. Eru því ekki skilyrði til að beita innsetningargerð. Samkvæmt þessu verður staðfest synjun fógeta um framkvæmd innsetningargerðar.

Það athugast, að réttast er að reka slíkt mál sem þetta fyrir hinum almennu héraðsdómstólum.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti þykir eiga að falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Húnavatnssýslu 27. maí 1969.

Gangur máls þessa hefur verið sá, að með beiðni, dagsettri 27. nóvember 1967, fór Björn Pálsson alþingismaður, Ytri-Löngumýri, Svínavatnshreppi, þess á leit við hinn reglulega fógeta Húnavatnssýslu, að hann með fógetavaldi tæki ákveðna brúnskjótta hryssu úr vörzlum Jóns Jónssonar, bónda að Öxl í Sveinsstaðahreppi. Lagður var fram fjöldi vottorða varðandi eignarrétt á nefndri hryssu.

Hinn reglulegi fógeti tilnefndi fjóra menn, tvo dýralækna og og tvo markafróða menn, til þess að segja álit sitt á marki umræddrar hryssu, og að lokinni skoðun þeirra gáfu þeir álitsgerð um þetta efni, sem þeir undirrituðu ásamt fógeta.

Miðvikudaginn 14. ágúst 1968 var síðan kveðinn upp úrskurður

í fógetaréttinum, og var þeim úrskurði síðan áfrýjað til Hæstaréttar, og var dæmt í máli þessu þar hinn 7. febrúar 1969. Niðurstaða réttarins varð sú, að þar sem héraðsdómari hefði á byrjunarstigi málsins ásamt hinum tilkvöddu skoðunarmönnum framkvæmt skoðun og mat í málinu, hefði honum borið að víkja úr dómarasæti í því. Var því hinn áfrýjaði úrskurður ómerktur ásamt meðferð málsins í héraði og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar.

Með bréfi, dagsettu 21. febrúar 1969, skipaði dómsmálaráðuneytið dómara þann, sem nú fer með málið, til þess að fara með það sem setufógeti í Húnavatnssýslu.

Með áðurnefndri beiðni um úrskurð fógeta, dagsettri 27. nóvember 1967, fór gerðarbeiðandi í máli þessu fram á, að tekin yrði úr vörzlum Jóns Jónssonar, bónda að Öxl í Sveinsstaðahreppi, skjótt hryssa, sem dregin hafði verið nefndum Jóni í Auðkúlurétt í Svínavatnshreppi haustið áður, en hryssu þessa telur gerðarbeiðandi sína eign.

Í nefndri beiðni lýsir gerðarbeiðandi málsástæðum. Segist hann hafa verið í réttinni, en þar hafi hann gengið úr allar folaldshryssur sínar og geldhross þau, sem hann hafi til náð, en er hann hafi þurft frá að hverfa, voru eftir í réttinni þrjár hryssur geldar og þar af ein skjótt. Er gerðarbeiðandi kom aftur í réttina, var töfludrætti lokið, og segir hann, að vegna veðurs hafi drætti verið flaustrað af.

Nokkru síðar hitti gerðarbeiðandi Jón Jónsson, bónda í Öxl í Sveinsstaðahreppi, sem er gerðarþoli í máli þessu. Sagði gerðarþoli honum, að honum hefði verið eignuð og dregin skjótt hryssa í Auðkúlurétt. Sagði gerðarþoli gerðarbeiðanda, að fyrir 15 árum hefði hann vantað skjótt tryppi, þriggja ára gamalt, sem rekið hefði verið á Sauðadal. Það haust hefði fundizt skjótt tryppi dautt sunnan við Sauðadal, sem hann hefði álitið sitt tryppi.

Er gerðarbeiðandi athugaði nánar hross þau, sem hann hafði heimt úr réttinni, sá hann, að eina skjótta hryssu vantaði. Fékk hann nokkra nábúa sína til að athuga hryssu þá, sem gerðarþola hafði verið dregin, og liggja frammi í málinu vottorð þeirra þar að lútandi. Í vottorði, dagsettu 12. nóvember 1967, undirrituðu af Páli Péturssyni, Höllustöðum, Halldóri Eyþórssyni, Syðri-Löngumýri, og Kristjáni Sigfússyni, Húnsstöðum, að því er varðar markalýsingu í nefndu vottorði, segjast þeir þekkja hryssu þá, sem komið hafi fyrir í Auðkúlurétt 1. október 1967 og boðin hafi verið Jóni í Öxl, og hafi hún verið á Ytri-Löngu-

mýri, frá því þeir fyrst muni eftir henni. Vottorðsgefendur segjast síðan hafa skoðað mark hryssunnar vandlega, og lýsa þeir því þannig: Markaleysa aftan hægra, blaðstýft framan og líkast fjöður aftan vinstra. Þeir geta þess, að sé fingri strokið niður hægra eyra aftanvert, verði vart missmíði á eyranu. Um undirben á vinstra eyra segja þeir, að glögglega finnist fyrir broddi fremst í undirbeninni neðanvert. Segjast þeir aldrei hafa séð vaglskoru á hrossi með þessu lagi, en hins vegar skemmdar fjaðrir.

Í skjölum málsins kemur fram, að mark gerðarbeiðanda er biti aftan hægra, blaðstýft framan, fjöður aftan vinstra, en mark gerðarþola er blaðstýft framan, vaglskora aftan vinstra.

Í bréfi til sýslumanns Húnavatnssýslu, dagsettu 3. desember 1967, fer gerðarþoli þess á leit, að skipaður verði yfirmarkadómur til þess að skoða hryssu þá, sem hér er um deilt, svo að úr því fáist skorið, hver réttur eigandi skuli teljast. Segir hann, að í stóðrétt Svínvetninga 1. október 1967 hafi sér af markalýsingamönnum verið eignuð brúnskjótt hryssa, roskin. Hryssu með þessum lit hafi sig vantað síðastliðin 16 ár og hafi það getað staðið heima við líklegan aldur þessarar hryssu. Fór hann þess þá á leit við oddvita Sveinsstaðahrepps, að tilnefndir yrðu markalýsendur, og var það gert, og völdust til þess starfs bændurnir Pálmi Zophoníasson, Bjarnastöðum, og Magnús Sigurðsson, Litlu-Giljá. Lýstu þeir markinu þannig, að það væri blaðstýft framan, vaglskora aftan á vinstra eyra, eða mark gerðarþola.

Þar sem þeir markaskoðunum, sem hér að framan er um getið, ber ekki saman, óskar gerðarþoli, eins og áður segir, eftir því, að skipaður verði yfirmarkadómur til þess að skoða hryssuna. Svo sem fram kemur í skjölum málsins og áður er nefnt, skipaði hinn reglulegi fógeti Húnavatnssýslu fjóra menn til að segja álit sitt á umræddri hryssu. Voru skoðunarmenn sammála um mark margnefndrar hryssu. Á hægra eyra sé ekki hægt að finna ummerki eftir mark og sé það eyra óskert. Glögg blaðstýfing sé að framan vinstra. Aftan vinstra sé vaglskora nú og beri markið ekki þess merki, að fjöður hafi kalið eða skemmzt af mývargi, það er sárið virðist hreint. Hins vegar segjast þeir ekki geta fullyrt um, hvort fjöður hafi kalið af eða ekki, það er fjöður hafi verið mörkuð, en skemmzt, en eins og markið sé nú, sé það vaglskora.

Hinn 31. marz 1969 dómkvaddi setufógeti þrjá menn, tvo markafróða menn og einn dýralækni, til að skoða umrædda hryssu, og framkvæmdu þeir skoðun sína 6. maí 1969 að Haga

í Sveinsstaðahreppi, en þar er hryssan í vörzlu. Skoðuðu þeir mark hryssunnar, eftir að eyru hennar höfðu verið klippt og rökuð. Lýsa þeir markinu þannig, að hægra eyra sé alheilt. Á vinstra eyra sé markið blaðstýft framan, vaglskora aftan. Vaglskoran sé frekar grunn, en ör í framlengingu af þverskurði, ca. 0.5 cm. Einnig skoðuðu þeir tennur hryssunnar til að athuga um aldur hennar, og virtust þær benda til þess, að hún væri 17—20 vetra.

Gerðarbeiðandi hefur haldið því fram í rekstri málsins, að jafnvel þótt svo yrði litið á, að hann hafi eigi verið eigandi hinnar umdeildu hryssu frá upphafi, þá sé það í ljós leitt, að hann hafi óátalið haft hana í sínum vörzlum í hefðartíma fullan, og hafi hann með því orðið eigandi hennar.

Þessu er mótmælt af hálfu gerðarþola, meðal annars með þeim röksemdum, að skilyrðum hefðar sé ekki fullnægt, en þau séu fyrst og fremst óslitið „eignarhald" í 10 ár, en ósannað sé, að gerðarbeiðandi uppfylli það skilyrði.

Verður að líta svo á, að gerðarbeiðandi hafi eigi leitt svo óyggjandi rök að staðhæfingu sinni um hefðina, að þau nægi honum í þessu máli til framgangs kröfu sinnar.

Eitt meginskilyrði þess, að bein fógetagerð nái fram að ganga, er, að gerðarbeiðandi sanni ótvíræðan rétt sinn yfir hlut þeim, sem gerð beinist að. Með vísan til þess, sem rakið hefur verið hér að framan, einkanlega þess, að sannað þykir, að mark gerðarþola sé á hryssunni, og að hún samkvæmt því var dregin honum í skilarétt, þykir gerðarbeiðandi ekki hafa sannað nægilega rétt sinn til hryssu þeirrar, sem fjallað er um í máli þessu, og á því hin umbeðna innsetningargerð ekki að ná fram að ganga.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dráttur sá, sem orðið hefur á máli þessu í höndum setufógeta, stafar einkum af samgönguerfiðleikum nú yfir vetrarmánuðina.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna innsetningargerð á ekki að ná fram að ganga.
Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 17. nóvember 1969.

Nr. 163/1969. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Hreiðari Svavarssyni
(Jón Bjarnason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Brot gegn áfengislögum, lögum um veitingasölu og lögum um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.
Upptaka eigna.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að refsivist ákærða ákveðst fangelsi 30 daga og frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 25.000.00, og laun verjanda síns, kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hreiðar Svavarsson, sæti fangelsi 30 daga og kr. 60.000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi fangelsi 60 daga í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 25.000.00, og laun verjanda síns, Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. júlí 1969.

Ár 1969, föstudaginn 4. júlí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni, dómara samkvæmt sérstakri umboðsskrá, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 272/1969: Ákæruvaldið gegn Hreiðari Svavarssyni, sem dómtekið var 23. f. m.

Málið er höfðað með ákæru, dagsettri 12. maí s.l., gegn Hreiðari Svavarssyni framreiðslumanni, Borgartúni 21 hér í borg, „fyrir að hafa frá ársbyrjun 1968 fram til 24. apríl 1969 gert sér að atvinnu sölu og veitingar áfengis að Borgartúni 21 í Reykjavík, í húsakynnum, sem ákærði tók á leigu og lét innrétta í því skyni, og rekið þar á framangreindu tímabili dag hvern frá kl. 1500 til miðnættis, laugardaga og sunnudaga þó frá kl. 1400, án leyfis lögreglustjóra umfangsmikla veitingastarfsemi í atvinnuskyni undir nafninu Ásaklúbburinn, þar sem ákærði seldi og lét selja áfengi til neyzlu á staðnum, hvern áfengisskammt (2.6 cl.) á kr. 35.00—50.00 eftir tegundum, en að jafnaði voru gestir, sem áfengi keyptu, um 40 á virkum dögum, en allt að 80 um helgar. Með sama hætti og samhliða voru seldir gosdrykkir á kr. 20.00—25.00 hver flaska, brauðsneiðar á kr. 40.00—75.00 hver sneið, vindlingar á kr. 50.00 hver pakki o. fl. Auk þess voru gestir ýmist krafðir greiðslu stofngjalds, kr. 2.000.00, og þá til viðbótar mánaðargjalds, kr. 100.00 fyrir hvern mánuð, eða mánaðargjalds, kr. 250.00 hvern mánuð, svo og inngöngu- eða fatagjalds, kr. 50.00 hvert sinn.

Eftir 1. marz 1969 rekið framangreinda starfsemi einnig að nóttu til, þá undir nafninu Playboyklúbburinn, fjórar nætur í viku frá aðfaranótt föstudags til aðfaranætur mánudags og oftar samhliða frídögum og helgidögum, þ. á m. skírdag, föstudaginn langa, páskadag og annan páskadag 3.—7. apríl og allar nætur þessara helgidaga svo og aðfaranótt þriðjudagsins 8. apríl, á hverri nóttu frá miðnætti fram til kl. 0600 að morgni, með sama hætti og áður greinir að öðru leyti en því, að ákærði seldi á skrifstofu í sömu húsakynnum eða lét selja gestum merki, misjöfn að gerð og verðgildi, sem síðan við framvísun gesta á vínbar og í veitingasölum giltu sem greiðslur fyrir áfengi og áðurgreindar veitingar, en við veitingastarfsemina störfuðu þá á vegum ákærða fjórir dyraverðir (2 hverju sinni), einn til tveir menn við sölu áðurgreindra afgreiðslumerkja, tvær stúlkur í fatageymslu, ein til tvær í eldhúsi, þrjár við framreiðslu í veit-

ingasölum og tvær við afgreiðslu á vínbar auk söngkonu og hljómsveitar þriggja manna, sem lék fyrir dansi milli kl. 0100 og 0500. Að nóttu til var fjöldi gesta, sem áfengi keyptu með framangreindum hætti, allt að 200 samtímis innan dyra, en á hverri nóttu sóttu staðinn allt að 30 gestum.

Framangreind veitingastarfsemi, sem að meginhluta var áfengissala, var eina atvinna ákærða á tímabilinu. Húsaleigugreiðslur vegna starfseminnar, greiddar af ágóða hennar, voru allt að kr. 30.000.00 á mánuði, en eftir 1. marz allt að kr. 80.000.00 á mánuði, en þær runnu að verulegum hluta til ákærða.

Brot ákærða varða við 18. gr., sbr. 1. og 2. mgr. 39. gr. áfengislaga nr. 58/1954, sbr. 20. gr. og 43. gr. sömu laga, 1. mgr. 3. gr., sbr. 27. gr. laga um veitingasölu, gististaðahald o. fl. nr. 53/1963, auglýsingar um slit á skemmtunum og samkomum nr. 11 og nr. 17/1948, sbr. 1. gr. laga um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma nr. 120/1947 og 7. gr., sbr. 3. gr., sbr. 8. gr. laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar nr. 45/1926, sbr. einnig 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um sölu og veitingar áfengis nr. 118/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar og auk þess til að sæta upptöku, *annars vegar* á áfengi því, sem ákærði hafði útvegað sér til framangreindrar áframhaldandi áfengissölu og lagt var hald á við húsleit í húsakynnum ákærða aðfaranótt fimmtudagsins 3. apríl 1969 og aðfaranótt fimmtudagsins 24. apríl 1969, samtals á 77 flöskum ýmissa tegunda, þar af 19 áteknum, skjölum, reikningum, afgreiðslumerkjum og öðrum gögnum, þ. á m. rennslistöppum og vínmælum viðvíkjandi veitingastarfseminni og sem ákærði hafði notað við hana, allt samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 69. gr. almennra hegingarlaga nr. 19/1940, og *hins vegar* ávinnings af framangreindri áfengissölu og veitingastarfsemi samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 69. gr. sömu laga".

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 29. desember 1943 í Reykjavík. Sakavottorð hans er svohljóðandi:

„1958 2/5 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 200 kr. sekt fyrir akstur án réttinda.

1962 15/1 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt, umferðarlagabrot, skaðabætur 500 + 260 kr.

1962 15/2 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir ökuhraða.

1962 4/5 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarslys.

1962 10/9 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir óskoðaða bifreið.

1963 18/1 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir ökuhraða.
1963 25/2 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir ökuhraða.
1963 30/4 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1963 23/8 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1963 24/10 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1964 9/6 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir umferðarslys.
1964 10/11 í Reykjavík: Sátt, 450 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1965 25/3 í Reykjavík: Dómur: 4.000 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur. Sviptur ökuleyfi í 3 mánuði.
1966 26/1 í Reykjavík: Sátt, 1.400 kr. sekt fyrir brot á 49., 50. og 51. gr. umferðarlaga.
1966 10/8 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 7. og 10. gr. lögreglusamþykktar.
1966 12/12 í Reykjavík: Dómur: 6.000 kr. sekt fyrir brot á 25., 26., 37., 41., 48., 49. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá dómsbirtingu. (Dómsbirting 21/3 1967).
1967 18/1 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.
1967 19/6 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.
1967 9/10 í Reykjavík: Sátt, 1.200 kr. sekt fyrir brot á 261. gr. hegningarlaga.
1968 14/3 í Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 261. gr. hegningarlaga.
1968 9/9 í Reykjavík: Sátt, 23.000 kr. sekt fyrir brot á 261. gr. hegningarlaga".

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, eru málavextir þessir:

I. *Starfsemi Ásaklúbbsins.*

Í ársbyrjun 1968 tók ákærði á leigu óinnréttað húsnæði hjá Sendibílastöðinni á efri hæð hússins Borgartúni 21 hér í borg og hóf að láta innrétta það. Lauk því verki í apríl á s.l. ári. Framleigði ákærði síðan húsnæði þetta svonefndum Ásaklúbbi fyrir um kr. 30.000.00 á mánuði, en klúbbur með því nafni hafði áður verið til, og var verið að endurvekja hann.

Ákærði hefur upplýst, að kjörin hafi verið 3ja manna stjórn klúbbsins í ársbyrjun 1968 og sé Bjarni Bjarnason héraðsdómslögmaður, Túngötu 16 hér í borg, formaður félagsstjórnar, en

hann sjálfur meðstjórnandi. Ákærði hefur neitað að upplýsa nafn 3ja stjórnarmannsis, og Bjarni neitaði fyrir dóminum að upplýsa, hversu margir og hverjir væru með honum í stjórn.

Ásaklúbburinn hóf síðan starfsemi sína í apríl 1968, og kveðst ákærði vera klúbbstjóri.

Samkvæmt frásögn ákærða fyrir dóminum er tilgangur klúbbsins sá, að félagar geti á eigin félagsheimili komið saman, spilað, teflt og horft á sjónvarp.

Sérstök umsóknareyðublöð liggja frammi, og er haldin spjaldskrá yfir meðlimi. Meðlimir geta orðið menn 21 árs, fjár síns ráðandi og með nokkurn veginn óflekkað mannorð. Þegar meðlimur hefur verið samþykktur, fær hann félagsskírteini og lykil. Hann þarf auk þess að greiða kr. 2.000.00 í stofngjald og árgjald kr. 1.200.00. Meðlimir eru taldir um 400.

Helztu eignir klúbbsins telur ákærði innréttingar og borðbúnað, en sjálfur kveðst hann eiga teppi og húsgögn og framleigja klúbbnum það svo og nokkur spil og töfl, en flest þeirra eigi klúbburinn. Auk fyrrtaldra mua segir ákærði, að til séu í húsakynnum klúbbsins bækur, útvarp, sjónvarp, tennisborð og fótboltaspil.

Starfstími klúbbsins er frá kl. 1500 til 2400 nema laugardaga og sunnudaga, en þá er opnað kl. 1400.

Engu skattframtali var skilað fyrir starfsemi ársins 1968. Ákærði taldi sig færa sjóðbók og sagði, að bókhald væri til, en ekki hefur hann fengizt til að láta það af hendi, og ekki hefur það fundizt við leit í húsakynnum klúbbsins.

Helztu útgjöld hafa verið vegna innréttinga, ræstingar, ljóss, hita og síma. Þá sagði ákærði, að framreiðslustúlkur væru á launum, og sjálfur kvaðst hann hafa haft kr. 180.000.00 í laun frá 1. apríl 1968 til ársloka það ár, en ekki hafði ákærði aðra atvinnu en rekstur Ásaklúbbsins og síðar Playboyklúbbsins.

Engra leyfa aflaði ákærði til starfseminnar og taldi þess ekki þurfa.

Ákærði telur aðsókn að klúbbnum jafna og segir, að 40 manns komi á virkum dögum, en um 80 manns um helgar.

Í húsakynnum klúbbsins eru á boðstólum veitingar, svo sem kaffi, gosdrykkir, öl, tóbak og áfengi. Ekki vildi ákærði í fyrstu upplýsa verðlag veitinga, en eftir að honum höfðu verið kynntir framburðir þeirra starfsmanna, meðlima og gesta, sem raktir verða hér á eftir, taldi hann þar rétt frá skýrt, að því er það snerti.

Þá upplýsti ákærði, að í húsakynnum klúbbsins færi stundum fram spilakeppni, taflkeppni og félagsvist.

Verða nú raktir framburðir þeirra starfsmanna og meðlima klúbbsins, sem komið hafa fyrir dóminn.

Hermann Svavarsson, dyravörður í Ásaklúbbnum, Álftröð 3 í Kópavogi, hefur unnið í Ásaklúbbum frá byrjun, þ. e. í apríl 1968. Starf hans er fólgið í dyravörzlu, hann hleypir inn meðlimum og lætur menn skrá sig. Hann tekur á móti gjaldi aukafélaga og tekur við yfirhöfnum manna. Fatageymsla kostar ekkert. Að öðru leyti er hann til eftirlits með framkomu meðlima og gesta. Hann hefur rúmlega kr. 15.000 í laun á mánuði. Gestafjöldi er mismunandi, sennilega nokkrir tugir á degi hverjum. Hermann sér um innkaup að okkru, helzt í sambandi við brauð, kaffi og álegg og stundum tóbak og mjólk. Ákærði sér sjálfur um innkaup áfengis og tóbaks. Menn spila í Ásaklúbbnum bridge og casion, stundum upp á peninga. Verðlag á veitingum er þannig: molakaffi kr. 15.00, brauðsneiðar kr. 25.00—50.00, gosdrykkir kr. 25.00 hver flaska, vindlingapakkar á kr. 45.00—50.00. Einfaldur whiskysjúss kostar kr. 50.00 og tvöfaldur með gosdrykk kr. 125.00.

Erla Björk Steinþórsdóttir, starfsstúlka í Ásaklúbbnum, Langholtsvegi 7 hér í borg, hefur starfað í Ásaklúbbnum frá 15. ágúst 1968. Hún vinnur tvo daga í einu og á frí næstu tvo daga. Starfstíminn er frá kl. 1500 alla daga nema laugardaga og sunnudaga, þá frá kl. 1400 og til miðnættis. Launin eru tæp 11 þús. á mánuði, og greiðir ákærði hennni þau.

Aðalstarfið er fólgið í því að afgreiða við barinn og auk þess að hita kaffi og smyrja brauð og ryksuga einu sinni í viku. Mismargt er í Ásaklúbbnum, stundum margt, t. d. um helgar, og þá eru þær tvær að afgreiða. Molakaffi kostar kr. 15.00, brauðsneiðar kr. 50.00, vindlingar (Viceroy og Camel) kr. 50.00 pakkinn, pilsner og gosdrykkir kr. 25.00 flaskan og vínsjúss kr. 35.00 til kr. 50.00 eftir tegundum. Auk þess eru seldir smávindlar í pökkum eða stakir. Hún kvaðst afgreiða allar fyrrtaldar vörur, án þess að nokkuð af söluverðinu renni til hennar. Hún er á sama kaupi, hvort sem um litla eða mikla sölu er að ræða. Hún telur, að meiri hluti þeirra, sem komi í klúbbinn, neyti áfengis þar.

Hrafnhildur Halldórsdóttir, starfsstúlka í Ásaklúbbnum, Skúlagötu 58 hér í borg, byrjaði að vinna í Ásaklúbbnum 1. júlí f. á., og vann hún daglega þar, þangað til Erla Björk byrjaði að vinna. Nú vinnur hún tvo daga í röð og á frí næstu tvo. Launin eru

um kr. 10.000.00 á mánuði, og fær hún engar prósentur af sölu. Hún segir að Ásaklúbburinn sé opinn frá kl. 1400 á laugardögum og sunnudögum, en kl. 1500 aðra daga og til miðnættis og eigi meðlimir og gestir að vera komnir út fyrir kl. 0100. Hún telur starfsemina hafa byrjað 4. apríl 1968. Annað starfsfólk er klúbbstjóri, dyravörður og ræstingakona. Starfið er fólgið í framreiðslu og að smyrja brauð og hita kaffi. Verðlagi á veitingum lýsir hún á sama hátt og Hermann og Erla Björk. Mismargt er í klúbbnum, stundum um 10 manns, en um 50, þegar flest er. Hrafnhildur telur meiri hluta þeirra, sem koma í Ásaklúbbinn, hafa áfengi um hönd þar og margir spili og tefli.

Halldóra María Níelsdóttir, starfstúlka í Ásaklúbbnum, Meistaravöllum 9 hér í borg, byrjaði að starfa í eldhúsinu í Ásaklúbbnum þegar í apríl 1968. Vann hún frá því opnað var til kl. 1800 alla daga nema sunnudaga. Smurði hún brauð og þvoði upp. Um áramótin breyttist þetta á þann hátt, að hún vinnur á barnum laugardaga og sunnudaga frá kl. 1400 til 2400. Starfið er fólgið í því að afgreiða við barinn, hreinsa til á borðum og raða stólum. Afgreitt er vín, gosdrykkir, kaffi, brauð og tóbak. Verðlagi á veitingum lýsir hún á svipaðan hátt og annað starfsfólk klúbbsins. Aðsókn að Ásaklúbbnum segir hún mesta á milli kl. 1500 og 1900 og svo á milli kl. 2100 og 2300. Hún áætlaði jafnvel um 300 manns. Meiri hluti þeirra, sem koma, hafa vín um hönd í Ásaklúbbnum, vín sem þeir hafa keypt þar, en mjög fátítt er, að vandræði verði á staðnum vegna ölvunar. Mest spila menn bridge eða casion.

Bjarni Bjarnason héraðsdómslögmaður, Túngötu 16 hér í borg, segist vera formaður félagsstjórnar Ásaklúbbsins. Hann neitaði að gefa upp fjölda þeirra, sem í stjórn eru eða nöfn þeirra. Tilgangurinn með starfseminni er að hittast og eyða tímanum við ýmsar dægradvalir, t. d. horfa á sjónvarp, hlusta á útvarp, spila, tefla o. fl. Hann kvaðst hafa spilað bridge upp á peninga í Ásaklúbbnum, en kvaðst hafa oftar tapað en grætt. Hann var spurður um það, hvort menn greiddu sérstaklega fyrir það að spila bridge upp á peninga í klúbbnum, og svaraði hann því neitandi. Með árgjaldinu greiddu menn fyrir aðstöðu og afnot, t. d. spilanna, spilaborða og annars, sem á boðstólum er. Hann sagði, að Ásaklúbburinn greiddi engin opinber gjöld. Hann sagðist ekki vita um neinar eignir klúbbsins og vísaði á ákærða í því efni. .

Gunnar Ólafur Kvaran bankastarfsmaður, Hraunbæ 92 hér í borg, er meðlimur nr. 22. Hann greiddi stofngjald, kr. 2.000.00,

og síðan árgjald, kr. 100.00 á mánuði. Eingöngu er um karlaklúbb að ræða, og spila menn þar, tefla og leika borðtennis, og auk þess eru í klúbbnum útvarp og sjónvarp. Sjálfur leikur hann borðtennis. Ekki kvaðst hann vita um neina keppni eða fjárhættuspil í Ásaklúbbnum. Hann sagðist hafa keypt brauðsneiðar á kr. 35.00 og vindlinga á 40—50 kr. pakkann. Hann kvaðst hafa neytt áfengis í húsakynnum klúbbsins.

Egill Bachmann Hafliðason skreytingamaður, Meistaravöllum 21 hér í borg, er meðlimur nr. 74. Hann segir, að Ásaklúbburinn sé opinn frá miðjum degi til miðnættis, og er Egill oftast á staðnum fram til kl. 1800. Tilgangurinn með klúbbnum er sá, að félagar geti komið saman og rabbað og fengið veitingar. Egill spilar lítið sjálfur, en nokkuð er spilað á spil, og hefur hann heyrt menn tala um 1 kr. á punktinn. Hann hefur neytt áfengis í klúbbnum og telur, að 10—15 séu í klúbbnum á þeim tíma, sem hann er þar. Verðlagi á veitingum lýsir hann á svipaðan hátt og áður er fram komið í framburðum starfsfólksins.

Sigurður Guðnason bókbindari, Snorrabraut 35 hér í borg, er meðlimur nr. 122. Hann greiddi kr. 2.000.00 í stofngjald og kr. 100.00 á mánuði árið 1968. Misjafnlega margt fólk er á staðnum, stundum 10 manns, stundum miklu fleiri, og þá helzt um helgar. Mest spila menn, en einnig sitja menn og rabba yfir glasi eða horfa á sjónvarp. Sigurður spilar lítið bridge, og hefur hann ekki gert það í Ásaklúbbnum. Hann spilar casion, og þegar hún er spiluð, er spilað upp á peninga, oft 1 kr. á punktinn, stundum þó 3 kr. eða 5 kr. á punktinn. Hann segir, að í spilamennskunni skiptist á tap og gróði, t. d. hafi hann tapað kr. 50—300 á kvöldi, en unnið annað eins á öðru kvöldi. Hann segir, að enginn hvetji meðlimi til þess að spila casion, en félagar slái sér saman við borð að sjálfsdáðum. Verðlagi á veitingum lýsir hann á svipaðan hátt og áður er fram komið, að því er hann getur um það borið.

Garðar Óskar Pálmason málari, Lönguhlíð 21 hér í borg, er meðlimur nr. 221 og hefur verið í Ásaklúbbnum frá s.l. áramótum. Meðlimagjald er kr. 2.000.00 og auk þess annað gjald, sem svarar kr. 100.00 á mánuði. Meðlimir fá lykil og félagsskírteini svo og afnot af húsnæði klúbbsins eftir vild. Þar er mest spilað og rabbað. Hægt er að fá veitingar framreiddar, mat, gosdrykki, áfengi, tóbak. Hann kveðst hafa keypt og neytt áfengis í klúbbnum. Hann telur fjölda þeirra, sem klúbbinn sækja, um 50—60 á dag, þegar mest er, þó talsvert meira um helgar.

Guðmundur Svavar Guðmundsson verzlunarmaður, Hausthús-

um á Stokkseyri, er meðlimur í Ásaklúbbnum frá því í maí 1968. Hann greiddi stofngjald, kr. 2.000.00, og kr. 100.00 á mánuði. Hann kemur um það bil einu sinni í viku í klúbbinn. Hann kemur þangað helzt til þess að spila bridge, en mest er spilað casion og póker lítils háttar. Hann kveðst stundum kaupa sér veitingar við barborðið. Hefur hann keypt vín, kaffi og brauð. Whiskyglas kostar kr. 100.00 og sódavatn kr. 25.00. Hann segir meiri hluta þeirra, sem á staðinn koma, hafa vín um hönd. Kaupa þeir það við barinn og neyta þess á staðnum. Guðmundur spilar bridge upp á kr. 25—50 punktinn, og er almennt spilað upp á þá fjárhæð. Hann spilar ekki casion, en oftast er spilað upp á kr. 5.00 í því spili, en stundum kr. 10.00. Engan hagnað telur hann sig hafa haft af spilamennskunni, yfirleitt skiptist á tap og gróði.

Verður nú látið staðar numið að lýsa starfsemi Ásaklúbbsins, enda bæði samkvæmt framburði ákærða sjálfs og annarra ljóst, með hverjum hætti hún er.

II. *Starfsemi Playboyklúbbsins.*

Ákærði hefur skýrt frá því, að nokkrir kunningjar sínir hafi farið þess á leit við sig að hefja starfsemi næturklúbbs. Var haldinn stofnfundur að sögn ákærða, en Bjarni Bjarnason héraðsdómslögmaður, Túngötu 16 hér í borg, hefur talið, að um hringborðsráðstefnu hafi verið að ræða, en ekki er ljóst, hversu margir komu saman greint sinn, nefnir Bjarni ca. 9, ákærði „einir 16", Steindór Gíslason, Bólstaðarhlíð 3 hér í borg, „einir 15". Á fundi þessum var engin stjórn kosin, en ákærða falið að sjá um framkvæmdaratriði málsins og stjórna starfseminni. Engin leyfi voru fengin til rekstrar klúbbsins.

Hófst starfsemi klúbbsins, sem hlaut nafnið Playboyklúbburinn, aðfaranótt 1. marz s.l. Var síðan opið fjórar nætur í viku hverri, frá aðfaranótt föstudags til aðfaranætur mánudags fram til og með aðfaranótt 24. apríl s.l., en þá nótt var gerð húsleit í húsakynnum klúbbsins og ákærði handtekinn og færður fyrst í gæzlu, en úrskurðaður í allt að 7 daga gæzluvarðhald næsta dag. Hann var látinn laus eftir tæpra 6 daga setu í gæzluvarðhaldi. Klúbburinn skyldi einnig opinn oftar, ef helgi- og frídagar komu inn í.

Playboyklúbburinn opnaði á næturnar kl. 0030—0100 og hafði opið til kl. 0500—0530 á morgnana.

Meðlimir klúmmsins eru taldir um 400 og skilyrði fyrir inngöngu svipuð og í Ásaklúbbnum. Hver meðlimur má taka með

sér 2—3 gesti, enda séu þeir ekki yngri en 21 árs. Meðlimagjald er kr. 200.00 fyrir mættan mánuð.

Ákærði réð aðallega sjálfur starfsfólk til starfa í klúbbnum, þ. á m. hljómsveit þriggja manna og söngkonu. Einnig sá hann um öll innkaup að mestu sjálfur, þ. á m. áfengi, vikulega fyrir um kr. 30.000.00.

Í klúbbnum voru á boðstólum sömu veitingar og í Ásaklúbbnum, en í stað peningagreiðslu við móttöku veitinga var notað miðakerfi. Voru miðarnir með spilamerkjum. Spaðamiði kostaði kr. 100.00, hjartamiði kostaði kr. 75.00, tígulmiði kr. 50.00 og laufamiði kr. 25.00. Gegn framvísun miðanna voru veitingarnar síðan afhentar. Var verðlag svipað og í Ásaklúbbnum. Meiri hluti þeirra, sem í klúbbinn komu, neyttu þar víns, sem þeir fengu framreitt við barinn.

Ákærði áleit, að þegar mest væri, væru um 180 manns í húsinu, en hugsanlega um 300 manns yfir eina nótt.

Laun ákærða hjá klúbbnum eru að hans sögn þannig ákveðin, að hann má skammta sér góð laun, ef vel gengur, en tekur áhættuna, ef illa gengur. Starfsfólkið er flest á tímakaupi og nýtur ekki hagnaðar af mikilli sölu.

Ákærði fær í húsaleigu hjá Playboyklúbbnum um kr. 50.000.00 á mánuði fyrir afnot húsnæðis og húsbúnaðar.

Um páskahátíðina var að sögn ákærða opið alla daga nema aðfaranótt föstudagsins langa.

Verða nú raktir framburðir starfsmanna, meðlima og gesta um starfsemi Playboyklúbbsins.

Sigmar Björnsson, fyrrverandi bankastarfsmaður, Barmahlíð 20 hér í borg, er meðlimur nr. 2 í Playboyklúbbnum og nr. 123 í Ásaklúbbnum. Hann hefur þó ekki greitt nein gjöld sem meðlimur Ásaklúbbsins, en verið boðið af ákærða að vera meðlimur ókeypis. Hann hefur greitt kr. 200.00 í mánaðargjald sem meðlimur Playboyklúbbsins og er jafnframt starfsmaður hans. Starf hans er að taka við mánaðargjöldum, selja miða, gera upp afhenta miða og peninga, gera upp ásamt ákærða það, sem barnum var afhent, og það, sem eftir er þar að loknu starfi á nóttunni. Auk þess fylgist hann með mætingum starfsfólks og greiðir því laun. Hann hefur tímakaup, um kr. 150.00 á tímann. Vinnutími hans er frá 2400—0700 fjórar nætur í viku, þ. e. aðfaranætur föstu-, laugar-, sunnu- og mánudaga. Annað starfsfólk er dyravörður og tveir aðstoðarmenn til skiptis, tvær stúlkur í fatageymslu til skiptis, ein til tvær í eldhúsi, þrjár, sem ganga um

beina úti í sölunum, og tvær við barinn. Laun fólksins eru yfirleitt tímakaup, kr. 125.00 eða 150.00 á tímann. Sigmar kvaðst ekki vita um stjórn klúbbsins, og telur hann ákærða vera framkvæmdastjóra eða klúbbstjóra. Auk tímakaups á starfsfólkið rétt á að fá brauð og gosdrykki í vinnutímanum. Ákærði hefur séð um ráðningu starfsmanna. Almennt er opið frá kl. 2400—0600. Sigmar segir, að það, sem gerist í Playboyklúbbnum, sé mjög líkt og á hverjum öðrum vínveitingastað. Meiri hluti þeirra, sem í klúbbnum dveljast, neytir þar áfengis, sem keypt er á staðnum, þó þannig, að keyptir eru miðar, sem síðan er framvísað við barinn. Verði þeirra og gerð lýsir hann á sama hátt og ákærði. Hver miði táknar vöruúttekt fyrir þá upphæð, sem hann var keyptur fyrir, t. d. fæst gosdrykkjaflaska fyrir einn laufamiða, en fyrir tvo laufamiða fæst einfaldur sjúss af hvaða víntegund sem er eins og fyrir einn tígulmiða. Öll innkaup á vörum eru í höndum ákærða eða Hermanns Svavarssonar. Þegar flest er í húsinu á skemmtunum klúbbsins, eru hugsanlega um 200 manns þar. Er þetta eina starf Sigmars í marz.

Hermann Svavarsson dyravörður hefur meðlimakort nr. 14 í Playboyklúbbnum. Hann greiðir ekkert meðlimagjald. Hann segir, að hugmyndin að stofnun klúbbsins hafi orðið til hjá sér og ákærða. Hermann er dyravörður og umsjónarmaður í Playboyklúbbnum. Hann vinnur oftast tvær nætur í viku. Klúbburinn opnar kl. 0030 og hefur opið til kl. 0500 eða 0530 á laugar- og sunnudögum. Fólk getur komið inn á greindum tíma, og hljómsveit leikur á sama tíma. Sölu á miðum, sem eru ávísun á veitingar á barnum, er hætt ½ stundu fyrir lokun. Stundum eru 100—150 manns í húsinu í einu, og er þá alveg fullt, en á einni nóttu koma 200—250 manns. Meiri hluti þessa fólks hefur áfengi um hönd í klúbbnum og neytir þess þar. Þetta áfengi fær það afhent við barinn eftir að hafa keypt sér miða á skrifstofunni. Laun Hermanns eru kr. 150.00 á klst. og einhver matur, brauð og gosdrykkir á vinnutímabilinu. Hermann telur það, sem afgangs er, þegar Ásaklúbburinn hættir, og er það sett inn á lager Ásaklúbbsins. Síðan telur hann inn á barinn það, sem áætlað er að seljist, meðan opið er í Playboyklúbbnum. Í því sambandi talar hann um 12—15 vínflöskur, þar af 3—4 af Vodka og 3—4 af whisky, en um 7 tegundir eru á boðstólum. Auk þessa 8—10 kassa af gosdrykkjum, nokkrar lengjur vindlinga svo og smávindlapakka. Stundum nægir þetta, en stundum þarf að bæta

við. Hann telur síðan út í lokin og flytur afganga inn á lager Playboyklúbbsins. Hermann staðfestir verð það, sem áður greinir á miðum þeim, sem seldir eru á skrifstofunni. Hann staðfestir það, að fyrst þurfi að kaupa greinda spilamiða, áður en fólk fái veitingar framreiddar. Hann segir, að Sigmar Björnsson vinni nánast eingöngu á skrifstofunni við sölu á spilamiðum. Mest mun vera um sölu fyrri hluta nætur. Eru þá stundum nokkrir í einu að kaupa. Hermann segist einu sinni hafa hlaupið í skarðið fyrir Sigmar og selt stutta stund. Hermann sér um innkaup á gosdrykkjum og stundum á tóbaki. Eru gosdrykkir pantaðir vikulega, um 20 kassar af Coca-Cola og svo ýmsar tegundir frá Ölgerð Egils Skallagrímssonar. Af tóbaki er pantað fyrir kr. 12—15 þúsund í hvert sinn á viku til 10 daga fresti. Þessar vörur fást á heildsöluverði.

Steindór Gíslason, aðstoðarmaður við efnarannsóknir, Bólstaðarhlíð 3 hér í borg, er kunningi Hermanns Svavarssonar og hefur leyst hann af sem dyravörð, fyrst í Ásaklúbbnum og síðar í Playboyklúbbnum. Hefur hann gert það í 1½—2 mánuði, oftast eitt kvöld í viku eða eina nótt, en stundum tvær nætur. Hann má taka út vín, tóbak, gosdrykki og brauð, en hugsanlega fær hann einhverja beina greiðslu frá klúbbnum síðar. Starf hans er fólgið í dyravörzlu og að láta gesti skrá sig. Hann hefur eftirlit með fólki innan hússins, og auk þess telur hann inn á barinn í upphafi nætur. Oft eru settar þangað 14 vínflöskur, 6—7 víntegundir, 7—8 gosdrykkjakassar, þrjár lengjur af vindlingum og 20 vindlapakkar, 5 stk. í hverjum. Stundum hefur komið fyrir, að bæta hafi þurft við, en afgangar eru teknir og geymdir til næstu nætur. Meiri hluti gesta kaupir áfengi (þó miðakerfi) og neytir þess á staðnum. Ofurölvun er þó ekki til að dreifa, heldur skemmtir fólk sér eins og á hverjum öðrum vínveitingastað við dans og drykkju. Hann segir ákærða sjá um vínkaup. Opið er í Playboyklúbbnum fjórar nætur í viku hverri frá kl. 2400 eða 0100 til 0500, en þá er hætt að selja, og hljómsveitin hættir leik sínum. Rúmlega 100 komast fyrir í einu í húsinu, en fólk er að koma og fara, og geta því verið um 200 gestir á nóttu. Fátítt er, að fólk spili á spil í Playboyklúbbnum. Steindór er meðlimur nr. 10 í Playboyklúbbnum. Hann hefur líka sama númer í Ásaklúbbnum. Hann segir, að þeir hafi einir 15 komið saman og ákveðið að stofna næturklúbb, þar sem aðrir slíkir tóku ekki við fleiri meðlimum. Ákærða var falið að sjá um framkvæmd þessa í

húsakynnum Ásaklúbbsins og að stýra starfseminni. Nánast er ákærði formaður, Bjarni Bjarnason ritari og hinir 13 meðstjórnendur.

Hjördís Emma Morthens húsmóðir, Ferjubakka 14 hér í borg, segist hafa verið ráðin til starfa í Playboyklúbbnum af ákærða. Hún hefur ekki ákveðinn vinnutíma, heldur eftir því sem þarf og samrýmist starfi hennar sem framreiðslustúlku í Klúbbnum að Lækjarteigi 2. Hún vinnur í Playboyklúbbnum á hinum ýmsu nóttum, sem hann er opinn á, frá kl. 2200, 2300, 2400 eða 0100 og mismunandi lengi, til kl. 0400, 0500 eða 0600. Launin eru kr. 150.00 á klst. Hún vinnur mismunandi margar nætur í viku hverri í Playboyklúbbnum, stundum 2 nætur, stundum fjórar. Er það í hennar verkahring að sækja hrein glös og smurt brauð í eldhúsið, en aðalstarfið er fólgið í afgreiðslu við barinn. Fólkið framvísar miðum með spilamerkjum á. Hún afgreiðir áfengi, einar sjö tegundir af því, öll þau kvöld, sem hún vinnur í klúbbnum. Fólkið neytir þess á staðnum, og yfirleitt fer þarna fram skemmtun eins og í hverju öðru vínveitingahúsi, fólk dansar, situr yfir vínglasi og rabbar saman. Meiri hluti gestanna hefur vín um hönd. Aðsókn er mest milli kl. 0200—0300, en fer fækkandi upp úr því, en mest fækkar upp úr kl. 0400. Erfitt er að áætla fjölda þeirra, sem koma í Playboyklúbbinn, en líklega koma yfir 100 manns á nóttu.

Sirrý Hulda Jóhannsdóttir, starfsstúlka hjá prjónastofunni Iðunni, Melabraut 14, Seltjarnarnesi, vann í Ásaklúbbnum frá 5. apríl til júníloka 1968. Vann hún þá 4 daga frá kl. 1500—2400 og átti svo frí næstu tvo daga. Laun á tímabilinu voru kr. 24.000.00. Á móti henni vann Erla Sigurgeirsdóttir. Ákærði var vinnuveitandi hennar, og var starfið fólgið í að selja fólki, sem í húsinu var, áfengi, tóbak, brauð og gosdrykki. Hún vinnur í Playboyklúbbnum aðfaranætur laugar- og sunnudaga, en stöku sinnum aðfaranótt mánudaga. Hún hefur kr. 150.00 á klst. og fær yfirleitt greitt eftir hverja nótt frá ákærða, en hann er vinnuveitandinn. Starf hennar er að afgreiða fólk, sem að barnum kemur og framvísar þar miðum. Afgreiðir hún fólkið með vín, tóbak, brauð og gosdrykki, sem það neytir á staðnum. Meiri hluti þeirra, sem koma, neyta víns. Eru þær tvær við barinn, þegar mest er, og hafa nóg að gera. Ákærði eða Sigmar útvega það, sem vantar, en yfirleitt eru um tvær vínflöskur af hverri tegund, talsvert af gosdrykkjum og eitthvað af tóbaksvörum til á barnum, þegar starfsemin hefst á nóttunni.

Hrafnhildur Halldórsdóttir framreiðslustúlka, Skúlagötu 58 hér í borg, hefur aðeins verið í fá skipti í vinnu í Playboyklúbbnum, að hún telur aðeins eftir sérstakri beiðni ákærða. Hún hefur haft kr. 100.00 á klst., og vinnutíminn er óákveðinn, þannig að hún hefur hætt, áður en skemmtunin var á enda. Hún hefur unnið í eldhúsinu við að þvo upp glös og diska svo og að smyrja brauð.

Gunnar Ólafur Kvaran bankastarfsmaður, Hraunbæ 92 hér í borg, segir, að á starfstíma Playboyklúbbsins, sem hann hefur lýst á sama veg og aðrir, leiki hljómsveit hans. Hann hefur leikið öll kvöld, sem opið hefur verið. Launin eru kr. 1.500.00 á mann á kvöldi, eða kr. 6.000.00 á viku fyrir hvern, en með honum í hljómsveitinni eru Einar Hólm Ólafsson, Jón Garðar Elísson og Helga Sigþórsdóttir. Hefur Sigmar Björnsson séð um greiðslu til þeirra. Ákærði, Sigmar og Hermann, aðallega þó ákærði, báðu Gunnar Ólaf að sjá um hljómlist í Playboyklúbbnum. Á tímabilinu eru tvö hlé, 15 og 20 mínútur, og fá þau þá brauð og gosdrykki ókeypis. Gunnar segir, að fólk hafi almennt vín um hönd í húsakynnum Playboyklúbbsins, en man ekki eftir neinum vandræðum vegna ölvunar einstakra manna. Vínið fær fólkið afgreitt við barinn gegn framvísun miða. Nefnir hann sama verð og sömu miðategundir og áður er fram komið. Hann hefur sjálfur fengið afgreitt vín. Almennt segir hann, að fólk sé þarna til þess að skemmta sér, dansa, drekka vín, spjalla saman, eða eins og á hverjum öðrum skemmtistað. Það eina, sem frábrugðið er, er, að spilað er á spil á örfáum borðum.

Einar Hólm Einarsson kennari, Kópavogsbraut 19, Kópavogi, hefur spilað í hljómsveit Gunnars Ólafs Kvarans. Í framburði hans hefur ekkert það komið fram, sem ekki er þegar komið fram í málinu. Sama er að segja um framburð Jóns Garðars Elíssonar hljóðfæraleikara, Bergstaðastræti 51 hér í borg.

Helga Sigþórsdóttir söngkona, Sogavegi 121 hér í borg, kveðst hafa sungið með hljómsveitinni frá opnun klúbbsins. Laun hennar eru þau sömu og hinna í hljómsveitinni og lýsing hennar á því, sem fram fer í klúbbnum, á svipaðan veg og fram er komið.

Sigurður Hilmar Gíslason framreiðslumaður, Mosabarði 10 í Hafnarfirði, er meðlimur nr. 228 í Playboyklúbbnum. Hann greiddi kr. 200.00 sem mánaðargjald og hefur komið tvisvar í klúbbinn, dvaldist í fyrra skiptið til kl. ca. 0300 og síðara skiptið til kl. 0600. Í síðara skiptið, er hann kom þangað, var fullt hús, en hann treystir sér ekki til þess að nefna neina tölu um aðsóknina. Það, sem gerist í húsinu, er mjög áþekkt því, sem gerist

á venjulegum vínveitingahúsum í borginni. Fólk dansar, drekkur vín og rabbar saman. Víndrykkja virðist þó hófsamlegri en á almennum vínveitingastöðum. Ekki hefur hann séð nein vandræði vegna ofurölvunar fólks. Áfengi er afgreitt við barinn eða að borðum hvers og eins. Telur hann sig hafa séð einar 6 starfsstúlkur, sem framreiddu, og auk þess tvo dyraverði og stúlku í fatageymslu.

Hrafnhildur Helgadóttir húsmóðir, Digranesvegi 89 í Kópavogi, fór með fleira fólki ásamt systur sinni frá Hótel Loftleiðum og í Playboyklúbbinn aðfaranótt 10. marz s.l. Ekki hafði hún neinn ákveðinn gestgjafa. Hún skrifaði í gestabók þarna Helga og Hrafnhildur Helgadætur. Hún tók eftir, að sumir neituðu að skrifa nafn sitt í gestabókina. Hún tók eftir dyraverði, afgreiðslustúlku í fatageymslu og stúlku, sem tæmdi öskubakka og hreinsaði til á borðum. Hún sneri baki í barinn og tók ekki sérstaklega eftir afgreiðslu þar. Nokkuð margt fólk var þarna og fór fjölgandi eftir því sem á leið. Var fullt á dansgólfinu. Hún var á staðnum frá kl. tæplega 0200 til tæplega 0300. Á tímabilinu var dansað eftir tónlist frá hljómsveit og söngkonu, sem voru á staðnum. Flestir höfðu glös fyrir framan sig, og flestir voru ölvaðir, en enginn þannig, að til vandræða væri. Einhver útvegaði henni vínglas og vildi ekki taka greiðslu fyrir.

Þorgrímur Einarsson sýningarstjóri, Nýlendugötu 15 A hér í borg, var í Playboyklúbbnum aðfaranótt 10. marz s.l. Hann var í fylgd Erlings Gíslasonar leikara, en þeir voru í boði annars manns. Hann taldi Jón hafa útvegað sér 3 spaðamiða. Fékk Þorgrímur afgreidda 3 tvöfalda Vodkasjússa til sín, þar sem hann sat í danssalnum. Vínneyzla var mjög lík og á venjulegum vínveitingastað, en ekki ölvun til neinna vandræða. Þorgrímur er ekki meðlimur og hefur aðeins einu sinni komið í Playboyklúbbinn.

Magnús Sigurjón Ingimarsson hljómlistarmaður, Miðbraut 5, Seltjarnarnesi, Þrándur Thoroddsen, forstöðumaður, Grundargerði 35 hér í borg, Margrét Lára Þórðardóttir, Goðatúni 5 í Garðahreppi, og Brynjólfur Bjarkan, stud. oecon., Álfheimum 16 hér í borg, hafa komið fyrir dóminn, og eru framburðir þeirra um starfsemi Playboyklúbbsins á svipaðan veg og rakið hefur verið hér að framan.

Af því, sem rakið hefur verið hér að framan, telst sannað með játningu ákærða sjálfs, sem er í samræmi við framburði fjölmargra meðlima og gesta Ásaklúbbsins og Playboyklúbbsins svo

og starfsfólks, að starfsemi sú, sem lýst er í ákæru, hafi farið fram, eins og þar er lýst.

Kemur þá til að meta, hvort brotið hafi verið gegn þeim lagaákvæðum, sem í ákæru greinir, svo og hvort ákærði sé ábyrgur fyrir þeirri háttsemi.

Svo sem fram hefur komið, er ákærði leigutaki húsnæðis klúbbanna og framleigusali þess til þeirra. Hann er klúbbstjóri í þeim báðum og á launum hjá þeim báðum. Hann hefur sjálfur ráðið starfslið þeirra og séð um rekstur þeirra. Til hans renna húsaleigutekjur af húsnæði þeirra, og hann hefur sjálfur viðurkennt, að hann hafi af því aðalatvinnu og atvinnutekjur að reka þá. Hann hefur sjálfur séð um innkaup á áfengi til sölu í húsakynnum klúbbanna, og í stuttu máli verður eigi annað séð en að rekstur þeirra sé að verulegu leyti einkafyrirtæki hans, en hann hefur með allar fjárreiður að gera. Þá er ekki annað séð en hann einn hafi notið hagnaðarins af rekstri þeirra.

Eins og rakið hefur verið, er sannað með játningu ákærða sjálfs og öðrum framburðum, að í húsakynnum Ásaklúbbsins og Playboyklúbbsins hefur farið fram sala á áfengi, gosdrykkjum, smurðu brauði, tóbaki og kaffi til fjölmargra meðlima og gesta klúbbsins, sem neyttu veitinganna í klúbbnum, en hinn síðarnefndi var opinn allt til kl. 0600 að morgni, hinn fyrrnefndi aðallega fyrir spilamennsku og áfengisneyzlu meðlima og hinn síðarnefndi fyrir dans og drykkju. Hinn fyrrnefndi hefur verið opinn frá því í aprílbyrjun 1968, en hinn síðarnefndi frá því aðfaranótt 1. marz s.l. þar til 24. apríl s.l. Af lýsingu starfseminnar, sem rakin hefur verið, má ráða, að hér hafi verið um að ræða veitinga- og skemmtistarfsemi í svipuðu formi og í veitingahúsum borgarinnar. Til greindrar starfsemi hafði ákærði ekki leyfi yfirvalda. Hann hélt ekkert bókhald, svo að sannað sé, og greiddi enga skatta af starfseminni.

Við rekstur Ásaklúbbsins hafði ákærði í þjónustu sinni allt að 3 manna starfsliði hverju sinni, sem allt var á launum. Við rekstur Playboyklúbbsins hafði ákærði í þjónustu sinni allt að 11 manna starfsliði hverju sinni og auk þess hljómsveit þriggja manna og söngkonu, sem allt þáði laun fyrir störf sín.

Af framburði ákærða er ljóst, að hann hefur haft atvinnu af rekstri klúbbanna og þar með sölu áfengis og annarra veitinga. Tekjur af starfseminni hafa samkvæmt framburði hans nægt til að greiða honum sjálfum persónulega í húsaleigu vegna Ása-

klúbbsins um kr. 30.000.00 á mánuði og vegna Playboyklúbbsins um kr. 50.000.00 á mánuði svo og laun sem klúbbstjóra, sem á árinu 1968 námu frá aprílbyrjun til ársloka kr. 180.000.00. Er af framansögðu ljóst, að ákærði hefur haft verulegan hagnað af starfsemi klúbbanna, en ekki er unnt að sannreyna, hver hagnaður hans hafi verið.

Telst ákærði því hafa brotið gegn 18. gr., sbr. 1. og 2. mgr. 39. gr. áfengislaga nr. 58/1954, sbr. 20. gr. og 43. gr. sömu laga, að því er snertir áfengissölu í atvinnuskyni, gegn 1. mgr. 3. gr., sbr. 27. gr. laga um veitingasölu og gististaðahald o. fl. nr. 53/1963, að því er snertir aðra veitingasölu, auglýsingum nr. 11 og 17/1948 um slit á skemmtunum og samkomum, sbr. 1. gr. laga nr. 120/1947 um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma, að því er snertir lokunartíma skemmtistaðarins, og 7. gr., sbr. 3. gr., sbr. 8. gr. laga nr. 45/1926 um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, sbr. einnig 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um sölu og veitingar áfengis nr. 118/1954, að því er snertir það að hafa opið um páskahelgi og selja þá áfengi.

Krafa ákæruvaldsins um upptöku er tvíþætt: a) Krafa um upptöku á áfengi því, sem ákærði hafði útvegað sér til áframhaldandi áfengissölu og lagt var hald á við húsleit í húsakynnum ákærða aðfaranótt fimmtudagsins 3. apríl s.l. og aðfaranótt fimmtudagsins 24. apríl s.l., samtals 77 flöskum ýmissa tegunda, þar af 19 áteknum, skjölum, reikningum, afgreiðslumerkjum og öðrum gögnum, þ. á m. rennslistöppum og vínmælum viðvíkjandi veitingastarfseminni og sem ákærði hafði notað við hana. b) Krafa um upptöku ávinnings af framangreindri áfengissölu og veitingastarfsemi ákærða.

a) Samkvæmt 1. tl. 69. gr. hegningarlaga má gera upptæka „hluti, sem orðið hafa til við misgerning eða hafðir hafa verið til að drýgja brot með". Ljóst er, að greint áfengi hefur ekki orðið til við misgerning, og ekki hefur verið drýgt brot með því, fyrr en það hefur verið selt, enda þótt fyrir liggi, að það hafi verið ætlað til sölu. Verður eigi fallizt á kröfu ákæruvaldsins, að því er varðar upptöku á greindu áfengi, enda er eigi lagaheimild til þess. Að því er snertir skjöl, reikninga og gögn varðandi starfsemi Ása- og Playboyklúbba er á það að líta, að enda þótt veitingastarfsemi klúbbanna sé ólögleg, þá er ekki hægt að fallast á, að greind plögg hafi orðið til við misgerning eða að drýgt hafi verið brot með þeim, en hald var lagt á þau vegna

rannsóknar málsins. Er upptaka þeirra óþörf og hefur ekki stoð í lögum. Verður því eigi fallizt á að gera þau upptæk.

Lagt var hald á notaða afgreiðslumiða fyrir áfengi og öðrum veitingum við áðurgreindar húsleitir. Notkun þeirra er liður í hinni ólöglegu veitingasölu, og ber að gera þá upptæka svo og rennslistappa og vínmæli, sem hald var lagt á og telja má sannað, að hafi verið notaðir við áfengissöluna.

b) Krafizt er upptöku ávinnings, sem ákærði hafi haft af brotum sínum. Ekki er tilgreind fjárhæð, enda hefur rannsókn málsins eigi leitt í ljós, hver ávinningur hafi orðið af hinni ólöglegu starfsemi. Fullnægir ákæran að þessu leyti eigi ákvæðum 115. gr. laga nr. 82/1961, og ber því að vísa kröfunni frá.

Við ákvörðun refsingar þykir bera að hafa í huga, að telja má sannað, að ákærði hafi haft verulegan hagnað af broti sínu.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 45 daga, og komi henni til frádráttar seta hans í gæzluvarðhaldi í 6 daga. Þá greiði ákærði kr. 60.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar fangelsi í 60 daga, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Samkvæmt 1. tl. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ber að gera upptæka til handa ríkissjóði þá rennslistappa og vínmæli, sem hald var lagt á í húsakynnum Ása- og Playboyklúbba 3. og 24. apríl 1969 svo og notaða afgreiðslumiða fyrir veitingum, sem hald var lagt á við sama tækifæri.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 10.000.00, til skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Hreiðar Svavarsson, sæti fangelsi 45 daga og greiði kr. 60.000.00 í sekt til ríkissjóðs, en sæti fangelsi 60 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Til frádráttar fangelsisrefsingu ákærða kemur seta hans í gæzluvarðhaldi í 6 daga.

Upptækir skulu vera til handa ríkissjóði þeir rennslistappar og vínmælir, sem hald var lagt á í húsakynnum Ása- og Playboyklúbba 3. og 24. apríl 1969, svo og notaðir afgreiðslumiðar fyrir veitingum, sem hald var lagt á við sömu tækifæri.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. nóvember 1969.

Nr. 154/1969. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Gunnari Einarssyni
(Áki Jakobsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Arnar G. Hinriksson, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Eftir áfrýjun málsins hafa lögreglumenn þeir, sem fóru með mál ákærða, komið fyrir dóm. Er vætti þeirra, sem þeir hafa heitfest, í samræmi við atvikalýsingu héraðsdóms. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóminn.

Ákærði greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Gunnar Einarsson, greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr.

8.000.00, og laun verjanda sins, Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkur 24. júní 1969.

Mál þetta, sem þingfest var og dómtekið í dag, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 1. október 1968, gegn Gunnari Einarssyni bifreiðarstjóra, Sólvallagötu 12, Keflavík, fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 2. maí 1968 undir áhrifum áfengis bifreiðinni G 719 frá Sólvallagötu 42 í Keflavík norður þá götu að heimili sínu, Sólvallagötu 12, þar sem akstri lauk.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. nú sömu greinar laga nr. 40/1968, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 29. maí 1919 í Keflavík og hefur samkvæmt sakaskrá ríkisins sætt þessum refsingum:

1936 7/2 í Hafnarfirði: Sátt, bifreiðarakstur án réttinda og akstur á ljóslausu reiðhjóli, kr. 100.00 í sekt.

1936 6/7 í Hafnarfirði: Sátt, ók bifreið próflaus, kr. 10.00 í sekt.

1942 18/6 í Hafnarfirði: Sátt, 260 kr. sekt fyrir þrot á lögum nr. 33/1935 og lögum nr. 63/1937.

1953 11/5 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga og 7. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1961 29/1 í Keflavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 38. gr., 1. mgr., laga nr. 26/1958.

1964 29/1 í Keflavík: Dómur: 10 daga varðhald, sviptur ökuréttindum í 1 ár frá 1. júní 1963, fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum.

1966 7/3 í Keflavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga.

1967 1/11 í Keflavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 38. gr. umferðarlaga.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt laugardagsins 2. marz s.l., kl. 0335, hringdi ákærði

á lögreglustöðina í Keflavík og óskaði eftir, að lögreglan æki heim fyrir sig bifreið, er hann var með við fjölbýlishúsið Sólvallagötu 42, þar sem hann hefði neytt áfengis.

Um kl. 0400 fóru tveir lögreglumenn á staðinn til að aka bifreiðinni heim fyrir ákærða. Biðu þeir í góða stund fyrir framan húsið, en urðu engra mannaferða varir. Stóð bifreiðin G 719, sem ákærði hefur til umráða, við húsið. Fóru lögreglumennirnir á brott við svo búið.

Um kl. 0415 höfðu lögreglumennirnir talstöðvarsamband við lögreglustöðina, og var þeim þá sagt, að ákærði hefði hringt aftur varðandi heimaksturinn og hefði honum verið sagt að huga betur að lögreglunni, þar sem hún væri sennilega stödd við húsið.

Hugðust nú lögreglumennirnir gera aðra tilraun til að hitta ákærða. Er þeir voru staddir á Flugvallarvegi, sáu þeir, hvar bifreiðinni G 719 var ekið af stað frá Sólvallagötu 42 og sem leið lá norður götuna. Veittu þeir nú bifreiðinni eftirför, en náðu henni ekki fyrr en við heimili ákærða, þar sem hún var stöðvuð við húsið. Var nú haft tal af ökumanni, sem reyndist vera ákærði í máli þessu, og virtist hann vera undir allmiklum áfengisáhrifum af málfari og hreyfingum að dæma.

Var ákærði því færður til læknis, sem tók honum blóð til alkóhólákvörðunar. Niðurstaða alkóhólrannsóknarinnar varð sú, að í blóði ákærða fundust reducerandi efni, sem samsvara 1.33‰ af alkóhóli.

Hér fyrir dómi hefur ákærði skýrt svo frá, að hann hafi farið út í bifreiðina G 719 og ætlað að bíða þar lögreglunnar. Síðan sagði ákærði, að sig hafi brostið minni, en næst hafi hann munað eftir sér, að hann var að koma á bifreið sinni að heimili sínu.

Ákærði viðurkenndi að hafa verið mikið ölvaður, er fyrrgreindur akstur átti sér stað.

Samkvæmt játningu ákærða, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og öðru því, sem hér að framan er rakið, þykir sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og er þar rétt færð til refsiákvæða.

Hér er um ítrekað brot hjá ákærða að ræða. Hann var dæmdur í 10 daga varðhald og 1 árs ökuleyfissviptingu fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum í sakadómi Keflavíkur þann 29. janúar 1964.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 12 daga.

Þá ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Einarsson, sæti varðhaldi í 12 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði sakarkostnað allan, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. nóvember 1969.

Nr. 51/1969. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Eyjólfi Guðjónssyni
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Sýknað af ákæru um brot gegn tolllögum.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu, eftir að því var áfrýjað.

Eins og í héraðsdómi greinir, varðar mál þetta innflutning tveggja þvottavéla frá Þýzkalandi með m/s Vatnajökli sumarið 1966. Er fram komið í málinu, að eigandi annarrar vélarinnar var Sigurður Þorvaldsson, Heiðarbraut 5, Akranesi, en eigandi hinnar Skúli Skúlason, Kleppsvegi 58, Reykjavík. Kaup beggja vélanna fóru fram um hendur Bræðranna Ormsson h/f, Reykjavík. Í bréfi til sakadóms Reykjavíkur 26. september 1969 skýrði nefnt hlutafélag svo

frá, að hinn 26. apríl 1966 hafi Sigurður Þorvaldsson pantað hjá félaginu sjálfvirka þvottavél, sem samkvæmt pöntuninni hafi verið afgreidd um borð í m/s Vatnajökul í þýzkri höfn 3. júní 1966. Í bréfi sama hlutafélags 13. október 1966 er frá því skýrt, að Skúli Skúlason hafi hinn 28. janúar 1966 pantað þvottavél sína, sem einnig hafi verið send til landsins með m/s Vatnajökli. Báðir hafi þeir Sigurður og Skúli kannazt við að eiga sína vélina hvor, eins og í héraðsdómi er nánar rakið. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um sýknu ákærða af ákæru um brot gegn 42. gr., sbr. 22. gr. laga nr. 68/1956 og 34. gr. til 36. gr., sbr. 102. gr. reglugerðar nr. 41/1957.

Þar sem ákæruvaldið hefur eigi gert kröfu um upptöku þvottavélanna á hendur eigendum þeirra, verður upptaka þeirra eigi dæmd í máli þessu, enda þótt heimil sé samkvæmt 38. gr. laga nr. 68/1956.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta.

Kostnaður af áfrýjun málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða, kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kostnaður af áfrýjun málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða, Gunnars M. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. nóvember 1968.

Ár 1968, föstudaginn 8. nóvember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 522/1968: Ákæruvaldið gegn Eyjólfi Guðjónssyni, sem tekið var til dóms 25. f. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 12. júlí 1968, gegn ákærða, Eyjólfi Guðjónssyni skipstjóra, Úthlíð 11, Reykjavík, fæddum 17. júní 1926 í Reykjavík, fyrir brot á lögum um tollheimtu og tolleftirlit nr. 68/1956 og reglugerð nr.

41/1957 um sama efni með því, að við leit tollvarða í m/s Vatnajökli við komu skipsins til Reykjavíkur frá Þýzkalandi hinn 9. júní 1966, sem ákærði var þá skipstjóri á, fundust í lest skipsins tvær þvottavélar af AEG LAVAMAT gerð, sem ekki höfðu verið færðar á farmskrá skipsins né áhafnarlista og ekki voru í vörzlum neins af áhöfn skipsins.

Telst þetta varða við 42. gr., sbr. 22. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit og 34. gr.—36. gr. incl., sbr. 102. gr. reglugerðar um sama efni.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og enn fremur verði greindar þvottavélar gerðar upptækar samkvæmt 4. mgr. 38. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Málsatvik eru þessi:

Við lestareftirlit í m/s Vatnajökli hinn 9. júní 1966 fann tollgæzlan í Reykjavík tvo kassa, sem ekki voru skráðir á farmskrá, áhafnarlista né til þeirra sagt. Annar kassinn var merktur: E. Guðjónsson, m/s Vatnajökull, E 93133, en hinn: S. Skúlason, b/v Geir, E 90959. Hvor kassi hafði að geyma þvottavél, og tók tollgæzlan þær í sínar vörzlur.

Einar Ingi Guðjónsson verkstjóri, Holtsgötu 9 hér í borg, gerði þá grein fyrir þvottavél merktri: E. Guðjónsson m/s Vatnajökull E 93133, að uppeldisfaðir eiginkonu hans, Sigurður Þorvaldsson, Heiðarbraut 5, Akranesi, hefði beðið sig, en hann var þá stýrimaður á m/s Vatnajökli, að flytja vélina til Íslands frá Hamborg og aldrei verið á annað minnzt en hún yrði flutt löglega til landsins, og átti umboðsmaður seljanda hér að sjá um, að vélin yrði send um borð á hans nafni. Eftir að Einar Ingi tók að sér erindisrekstur þenna, kvaðst hann hafa hætt til sjós og farið að starfa í landi, en þvottavélin hafði þá enn eigi verið afgreidd. Bað hann því Sigurð Óla Valdimarsson, fyrsta vélstjóra á skipinu, að fylgjast með, þegar vélin kæmi um borð, og sjá um, að hún yrði skráð á viðeigandi skipsskjöl og vel færi um hana. Kvaðst Einar Ingi síðan hafa spurzt fyrir um þvottavélina, en hún ekki komið hingað til lands fyrr en í þriðju ferð skipsins, eftir að hann hætti störfum á því.

Sigurður Óli Valdimarsson, fyrsti vélstjóri, Holtagerði 20, Kópavogi, kannaðist við, að Einar Ingi Guðjónsson, fyrrum stýrimaður á m/s Vatnajökli, hefði beðið sig að fylgjast með því, hvort þvottavél, merkt honum, kæmi um borð í skipið í Hamborg, eftir að hann lét af stýrimannsstörfum. Bað Einar Ingi hann þá um að

setja vélina á tolllista, og féllst hann á það. Sigurður Óli Valdimarsson kvaðst í næstu ferðum hafa spurzt fyrir um vélina í Hamborg hjá þeim aðiljum, sem sáu um fermingu skipsins þar, og jafnan fengið neikvæð svör, m. a. í ferðinni, sem vélin kom með, enda ekki vitað um hingaðkomu hennar, fyrr en tollgæzlan var komin í málið. Sigurður Óli kvað Einar Inga hafa spurzt fyrir um vélina í hverri ferð og hann þá tjáð honum, að vélin væri ekki með.

Halldór Sigurjón Sveinsson, Háaleitisbraut 30, Reykjavík, kvaðst hafa verið fyrsti stýrimaður á m/s Vatnajökli í ferð þeirri, er málið fjallar um, séð um lestunina í Hamborg, en aldrei orðið þess var, að nefndar þvottavélar kæmu um borð, enda ekki venja að telja í skipið.

Skúli Skúlason stýrimaður, Kleppsvegi 58, Reykjavík, kvaðst veturinn 1965—1966 hafa pantað AEG þvottavél hjá umboðsmanni vélarinnar hér á landi, fyrirtækinu Bræðrunum Ormsson h/f. Hefði hann þá verið stýrimaður á botnvörpungnum Geir og þá gert ráð fyrir að geta tekið vélina í Bremerhaven, en vélin ekki verið til staðar, er hann kom þangað, og hann ekki farið utan aftur. Skúli Skúlason kvaðst einnig hafa beðið kunningja sinn, skipstjórann á Hvalfelli, að flytja vélina til Íslands, en hún ekki fundizt. Hefði hann þá snúið sér til umboðsins hér, sem óskaði þess bréflega, að vélin yrði send á heimilisfang kaupanda með næstu skipsferð, og hefur afrit þessa bréfs verið lagt fram í málinu. Skúli Skúlason staðhæfði, að sú hefði aldrei verið ætlun hans að flytja þvottavélina ólöglega hingað til lands.

Ákærði kvaðst ekkert geta borið um, með hvaða hætti nefndar þvottavélar hefðu komið um borð í skipið eða á hvers vegum þær væru. Sagðist hann ekki annað um þær vita en Sigurður Jónsson tollvörður hefði skýrt honum frá, að fundizt hefði í lest skipsins þvottavél, merkt stöfum hans, og jafnframt spurt, hvort verið gæti, að hún væri eign hans, en hann þá skýrt tollverðinum frá því, að svo væri ekki, og tjáði hann ákærða síðar, að eigandinn væri kominn fram.

Ákærði hefur ekki sætt nokkrum þeim refsingum, sem áhrif gætu haft á refsimat í máli þessu.

Þær tvær þvottavélar, sem nefndar eru í ákæru, voru fluttar um borð í m/s Vatnajökul í Hamborg, en þar sá Halldór Sigurjón Sveinsson, 1. stýrimaður, um fermingu skipsins. Ákærði hefur fullyrt, að hann hafi ekki vitað um veru vélanna í skipinu, sem er stórt vöruflutningaskip, en þeim var komið fyrir í lest þess

innan um annan varning, og er ekkert fram komið í málinu til styrktar því, að ákærði hafi vitað eða haft nokkra aðstöðu til að vita um flutning þeirra hingað til lands. Þvottavélarnar voru merktar, og er kunnugt bæði um eigendur og sendendur þeirra. Með vísan til alls þessa verður ekki talið, að ákærði hafi brotið gegn lagaákvæðum þeim, sem í ákæru eru rakin, og ber því að sýkna hann af kröfu ákæruvaldsins um refsingu. Í ákæru er þess einnig krafizt, að greindar þvottavélar verði gerðar upptækar samkvæmt 4. mgr. 38. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 68/1956. Ákvæðum 4. mgr. 38. gr. um upptöku verður því aðeins beitt, að fyrir hendi sé eitthvert þeirra skilyrða, er þar eru talin upp og nánar greinir í fyrri mgr. 38. gr. laganna. Brestur því heimild til að gera umræddan varning upptækan til ríkissjóðs, og ber samkvæmt því að sýkna ákærða einnig af þessari kröfu ákæruvalds, en raunverulegir eigendur þvottavélanna voru eigi ákærðir til að þola upptöku á þessum eignum sínum.

Loks ber að dæma ríkissjóð til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Valgarðs Briems héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda ákærða, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Eyjólfur Guðjónsson, skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvalds í málinu.

Sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun Valgarðs Briems héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda ákærða, kr. 5.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 19. nóvember 1969.

Nr. 187/1969. **Gústaf A. Sveinsson fyrir Philip Morris Inc.**
gegn
Magnúsi Thorlacius fyrir Benson & Hedges Ltd.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Málskostnaðartrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 21. gr., 1, g, laga nr. 57/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 6. október 1969, er barst dóminum 22. október 1969. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að úrskurður héraðsdóms verði úr gildi felldur, synjað verði kröfu varnaraðilja um tryggingu fyrir málskostnaði og honum dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Eigi er í ljós leitt, að fullnægt sé skilyrðum 2. mgr. 183. gr. laga nr. 85/1936 fyrir því, að sóknaraðili sé undanþeginn ákvæði 1. mgr. sömu greinar um tryggingu vegna málskostnaðar. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Gústaf A. Sveinsson fyrir Philip Morris Inc., greiði varnaraðilja, Magnúsi Thorlacius fyrir Benson & Hedges Ltd., kærumálskostnað, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 24. september 1969.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 23. september s.l., hefur Gústaf A. Sveinsson hæstaréttarlögmaður, Laufásvegi 8 í Reykjavík, höfðað fyrir Philip Morris Incorporated, fyrirtæki í Virginiafylki í Bandaríkjum Norður-Ameríku, með heimilisfangi að 100 Park-Avenue, New York, fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 12. ágúst s.l., gegn Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni, Hafnarstræti 19 í Reykjavík, fyrir Benson & Hedges Limited, iðjurekstur, 13 Old Bond Street í London, svo og gegn vörumerkjaskrárritara, Brynjólfi Ingólfssyni ráðuneytisstjóra, Arnarhvoli í Reykjavík.

Málavöxtum lýsir stefnandi á þá leið, að hinn 31. maí 1946 hafi firmað Benson & Hedges, verksmiðjurekstur og verzlun, New York, tilkynnt vörumerkjaskrárritara, að firmað óskaði að skrásetja fyrir sig vörumerkið „Benson & Hedges". Hafi vörumerkið síðan verið skrásett 7. júní 1947 og sé skrásetningarnúmer 52/1947. Samkvæmt tilkynningu, dags. 21. desember 1945, sé merkið skrásett í Washington 25. marz 1947 fyrir vindla, vindlinga og reyktóbak. Hin íslenzka skráning hafi verið auglýst í Lögbirtingablaði 1947, nr. 47, og á bls. 650 í B-deild Stjórnartíðinda 1947.

Umrætt vörumerki hafi verið endurnýjað 1957 fyrir Benson & Hedges Inc. og 1967 fyrir Philip Morris Inc., en með afsalsbréfi, útgefnu 31. janúar 1961, hafi firmað Benson & Hedges Inc. framselt umrætt vörumerki firmanu Philip Morris Inc., enda hafi hið síðarnefnda félag síðan verið eigandi merkisins.

Á árinu 1967 hafi stefnandi orðið þess var, að hið stefnda félag, Benson & Hedges Ltd., hafi látið skrásetja fyrir sig vörumerki. Skráningin hafi verið auglýst í Lögbirtingablaði 1967, nr. 63, og B-deild Stjórnartíðinda 1967, bls. 542. Merkinu sé lýst þannig: „Aflangur ferhyrndur reitur, efst í reitnum stafirnir B H ritaðir á sérkennilegan hátt, í miðjum reitnum skjaldarmerki með stöfunum B & H neðst í reitnum eru orðin: Benson & Hedges". Merkið sé skrásett í London 15. apríl 1966, í 34. flokki fyrir sígarettur.

Stefnandi kveðst ætla fyrir víst, að hið stefnda firma, Benson & Hedges Ltd., selji hér á landi sígarettur með síðastgreindu vörumerki. Telji stefnandi stefnda Benson & Hedges Ltd. hafa brotið á stefnanda lög með skráningu hins síðastgreinda merkis og notkun merkisins á sígarettuumbúðum svo og sölu á sígarettum með téðu merki og í umbúðum auðkenndum með því. Bendir stefnandi í því sambandi einkum á, að nöfnin séu hin sömu á

báðum merkjunum, BENSON & HEDGES, og sé þannig mjög mikil hætta á, að ruglað sé saman merkjunum, og það því fremur sem bæði séu skrásett fyrir sams konar vöru.

Stefnandi kveðst telja sig með skrásetningu firmans Benson & Hedges Inc. á vörumerkinu nr. 52/1947 og síðar framsali téðs firma á vörumerkinu til stefnanda hafa eignazt einkarétt á að nota orðin Benson & Hedges sem vörumerki eða hluta úr vörumerki. Kveðst stefnandi telja vafalaust, að stefnda hafi verið vel kunnugt um einkarétt stefnanda á merkinu, er stefndi hafi látið skrásetja vörumerkið nr. 215/1967, enda sé ofangreind skráning stefnda og notkun hans á vörumerkinu nr. 215/1967 augljóst brot á einkarétti stefnanda til vörumerkisins. Verði brot þetta enn ljósara, þar sem framleiðsluvörur beggja aðilja séu mjög sömu tegundar.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. Að hinu stefnda firma, Benson & Hedges Ltd., London, verði dæmt óheimilt að nota hér á landi, hvort heldur á vörum sínum, umbúðum um þær, í auglýsingum eða á annan hátt, orðin Benson & Hedges sem vörumerki eða annars konar merki, hvort heldur sérstakt eða í sambandi við vörumerki sín, skráð eða óskráð.
2. Að stefnda, Benson & Hedges Ltd., skuli dæmt skylt að viðlögðum dagsektum til stefnanda eftir ákvörðun dómsins að afturkalla skráningu sína á vörumerki nr. 215/1967.
3. Að stefnda, Benson & Hedges Ltd., skuli dæmt óheimilt að nota hér á landi téð vörumerki nr. 215/1967.
4. Að vörumerkjaskrárritara skuli dæmt skylt að afmá úr vörumerkjaskrá áminnzt vörumerki nr. 215/1967.
5. Að stefnda verði dæmt til að greiða stefnanda að skaðlausu kostnað sakarinnar.

Mál þetta var þingfest 5. september s.l., og var þá bókað af hálfu umboðsmanns stefnda, Magnúsar Thorlocius hæstaréttarlögmanns, að hann gerði þá kröfu, sbr. 183. gr. laga nr. 85 frá 1936, að stefnandi legði fram tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar að fjárhæð kr. 50.000.00, áður en hann tæki til varna í máli þessu.

Umboðsmaður stefnanda neitaði kröfu umboðsmanns stefnda um málskostnaðartryggingu, og var atriðið tekið til úrskurðar að kröfu umboðsmanns stefnda.

Hinn 12. september s.l. var málið tekið fyrir að tilhlutan dómsins til að gefa lögmönnum aðilja kost á að tjá sig um þessa kröfu

umboðsmanns stefnda, og fór fram munnlegur málflutningur um þetta atriði.

Hinn 23. september s.l. var málið endurupptekið að tilhlutan dómsins og flutt að nýju af lögmönnum aðilja vegna ágreinings þessa.

Lögmaður stefnda gerði þá kröfu, að stefnanda verði gert að setja honum tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar, eigi lægri en kr. 50.000.00, og jafnframt krafðist umboðsmaður stefnda þess, að honum verði tildæmdur málskostnaður í þessum þætti málsins.

Lögmaður stefnanda mótmælti kröfu umboðsmanns stefnda og rökstuddi kröfu sína m. a. með tilvísun til Parísarsamþykktarinnar frá 20. marz 1883 með síðari breytingum, en samþykkt þessi var staðfest fyrir Íslands hönd með lögum nr. 102 frá 1961. Lögmaður stefnanda gerði þá varakröfu, færi svo, að krafa umboðsmanns stefnda um málskostnaðartryggingu yrði tekin til greina, að fjárhæð tryggingarinnar verði ákveðin lægri en krafizt hefur verið. Jafnframt gerði lögmaður stefnanda þá kröfu, færi svo, að málskostnaður yrði ákveðinn í þessum þætti málsins, að þá verði honum tildæmdur málskostnaður.

Parísarsamþykktin fjallar um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, og er þar um víðtæka vernd að ræða. Lögmaður stefnanda hefur um rökstuðning fyrir kröfum sínum aðallega vísað til 2. gr. samþykktarinnar. Lögmaður stefnda hefur í málflutningi efazt um réttmæti hins íslenzka texta samþykktarinnar í síðustu málsgrein 2. gr. Við athugun á 3. mgr. 2. gr. samþykktarinnar þykir verða að skilja þá grein þannig, að sérhvert land, sem aðili sé að samþykktinni, hafi áskilið sér rétt til sjálfsákvörðunar, að því er tekur til réttarfarsreglna og framkvæmdavalds, sbr.: „að því er snertir hina lögformlegu og framkvæmdalegu aðferð og réttindi". Þegar litið er á þetta ákvæði og samninginn í heild, þá verður ekki talið, að staðfesting samþykktarinnar breyti hinu skýlausa ákvæði 183. gr. laga nr. 85 frá 1936. Verður því krafa umboðsmanns stefnda um málskostnaðartryggingu tekin til greina. Ekki verður á það fallizt með lögmanni stefnanda, að krafa umboðsmanns stefnda um kr. 50.000.00 sé of há, og verður því krafa umboðsmanns stefnda um kr. 50.000.00 í málskostnaðartryggingu tekin til greina, og ber lögmanni stefnanda að setja hana eigi síðar en 31. október n. k., en þá verður mál þetta tekið fyrir að nýju á reglulegu dómþingi.

Rétt þykir, að ákvörðun um málskostnað vegna þessa þáttar málsins bíði efnisdóms í málinu.

Auður Þorbergsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp úrskurð þennan ásamt meðdómendunum Hólmfríði Snæbjörnsdóttur lögfræðingi og Hrafni Bragasyni lögfræðingi.

Úrskurðarorð:

Gústaf A. Sveinsson hæstaréttarlögmaður f. h. Philip Morris Inc. setji Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni f. h. Benson & Hedges Ltd kr. 50.000.00 tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar fyrir 31. október n. k., en þá verður mál þetta tekið fyrir á reglulegu dómþingi.

Föstudaginn 21. nóvember 1969.

Nr. 188/1968. **Helgi Th. Andersen**
(Guðjón Styrkársson hrl.)
gegn
Magnúsi Þorleifssyni
(Gunnar Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Kaupgjaldsmál. Sjóveð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 21. október 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. s. m. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og hér fyrir dómi. Til vara krefst áfrýjandi, að hann verði einungis dæmdur til að greiða kr. 1.981.25 og að ekki verði viðurkenndur sjóveðréttur til tryggingar því fé.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var þingfest í héraði 16. september 1966, og kom áfrýjandi þá sjálfur fyrir dóm. Málinu var þá frestað

til 4. október 1966, en er málið kom þá fyrir dóm, sótti áfrýjandi eigi þing og enginn af hans hálfu, og eigi sótti hann síðar þing í málinu.

Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi lagt fram ýmis gögn, svo sem aðiljaskýrslu, vitnaskýrslur og reikningsgögn. Stefndi mótmælir hins vegar sem of seint framkomnum öllum málsástæðum og gögnum, sem áfrýjandi hafi nú komið með fyrir Hæstarétt. Samkvæmt 110. gr., sbr. 111. gr. laga nr. 85/1936 skulu staðhæfingar og mótmæli jafnan koma fram, jafnskjótt og tilefni verður, og má annars kostar ekki taka slíkar yfirlýsingar til greina, nema gagnaðili samþykki. Gögn þau og málsástæður, sem áfrýjandi hefur nú lagt fyrir Hæstarétt, virðist honum hafa verið í lófa lagið að færa fram í héraði. Verður þeim því eigi gaumur gefinn gegn andmælum stefnda. Samkvæmt þessu og þar sem héraðsdómurinn er í samræmi við gögn þau, sem fram komu í héraði, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Helgi Th. Andersen, greiði stefnda, Magnúsi Þorleifssyni, kr. 10.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sjó- og verzlunardómur Gullbringu- og Kjósarsýslu

25. október 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. þ. m., hefur Magnús Þorleifsson sjómaður, Hraungerði, Grindavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 8. f. m., gegn Helga Th. Andersen útgerðarmanni, Grindavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 16.595.00 með 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1966 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Þá er og krafizt viðurkenningar sjóveðréttar í m/b Leifi, ÓF 4, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera vegna starfa síns sem háseta á m/b Leifi, ÓF 4, frá 23. apríl s.l., fyrst á þorskanetjaveiðum, en síðan á handfæraveiðum. Hinn 2. júní s.l. hafi sér verið tilkynnt, að eigi væri rúm fyrir hann lengur á bátnum, þar sem búið væri að ráða annan mann í staðinn.

Stefnandi telur inneign sína vegna starfa á bátnum nema kr. 13.900.00 og auk þess geri hann kröfu til að fá vegna ólögmæts brottrekstrar kauptryggingu í 7 daga, kr. 385.00 á dag, eða samtals kr. 2.695.00, þannig að samtals verður stefnukrafan kr. 16.595.00. Stefnandi tekur fram, að hann hafi ekki fengið viðskiptareikning frá stefnda.

Við þingfestingu málsins mætti stefndi, mótmælti kröfum stefnanda og fékk frest til greinargerðar til 4. þ. m. Við fyrirtekt málsins þá var ekki mætt af hans hálfu, og var málið dómtekið að kröfu lögmanns stefnanda.

Með úrskurði 19. þ. m. var stefnda gefinn kostur á að koma að athugasemdum sínum og honum stefnt fyrir dóminn 21. þ. m. Sinnti hann því eigi, og var málið þá dómtekið að nýju.

Samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 ber nú að dæma málið eftir framkomnum kröfum, skilríkjum og sókn sækjanda og með tilliti til þess, að stefndi hefur ekki þrátt fyrir ítrekuð tækifæri haldið uppi vörnum, verða kröfur stefnanda teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 3.800.00.

Stefán Hirst, fulltrúi sýslumanns, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Þorsteini Einarssyni og Þorsteini Eyjólfssyni.

Dómsorð:

Sjóveðréttur í m/b Leifi, ÓF 4, staðfestist til tryggingar dæmdum kröfum.

Stefndi, Helgi Th. Andersen, greiði stefnanda, Magnúsi Þorleifssyni, kr. 16.595.00 með 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1966 til greiðsludags og kr. 3.800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. nóvember 1969.

Nr. 187/1968. **Halldór Halldórsson**
(Guðjón Styrkársson hrl.)
gegn
Magnúsi Þorleifssyni og
Gunnari Jónssyni
(Gunnar Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Uppboðsmál. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. marz 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. febrúar 1968. Í því máli gekk útivistardómur 2. október 1968. Hann áfrýjaði málinu af nýju til Hæstaréttar samkvæmt 36. gr. laga nr. 57/1962 hinn 21. október 1968. Krefst hann sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í héraði krafðist stefndi Magnús Þorleifsson þess, að honum yrðu greiddar kr. 16.132.52 af uppboðsandvirði m/s Bryndísar, GK 17 (áður m/s Leifur, ÓF 4), og var sú krafa tekin til úrskurðar. Uppboðsdómarinn hratt þeirri kröfu, en ákvað að greiða skyldi lögmanni stefnda Magnúsar Þorleifssonar, Gunnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni, sem ekki var aðili málsins, af uppboðsandvirðinu kr. 11.921.00 auk 7% ársvaxta af kr. 5.000.00 frá 17. júlí 1967 til greiðsludags. Þessi meðferð er ólögmæt, og verður að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og vísa málinu heim í hérað til úrskurðar af nýju.

Það athugast, að rétt hefði verið af uppboðsdómara að gefa stefnda Magnúsi Þorleifssyni kost á að renna stoðum undir staðhæfingar hans um ólæsi.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til úrskurðar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður uppboðsdóms Hafnarfjarðar 30. desember 1967.

Ár 1967, laugardaginn 30. desember, var í uppboðsrétti Hafnarfjarðar, sem haldinn var á skrifstofu embættisins af Einari Ingimundarsyni bæjarfógeta, kveðinn upp úrskurður í uppboðsmálinu: Gunnar Jónsson hæstaréttarlögmaður f. h. Magnúsar Þorleifssonar gegn Halldóri Halldórssyni, sem tekið var til úrskurðar þann 19. þ. m.

Í máli þessu hefur sækjandi krafizt þess, að greidd verði af uppboðsandvirði m/b Bryndísar, GK 17, sjóveðkrafa Magnúsar Þorleifssonar, Grindavík, í m/b Leifi, ÓF 4, (nú Bryndís, GK 17), að fjárhæð kr. 16.595.00 auk vaxta og kostnaðar, sem samtals nemur kr. 8.537.52 samkvæmt reikningi sækjanda, þannig að samtals nemur heildarkrafa hans, sem hann krefst greiðslu á, kr. 25.132.52.

Verjandi, Halldór Halldórsson, krefst aðallega sýknu af kröfu sækjanda og til vara, að sækjanda verði aðeins greidd af uppboðsandvirði m/b Bryndísar innheimtulaun af þeirri fjárhæð, sem verjandi telur hafa verið greidda sem fullnaðargreiðslu á sjóveðkröfu Magnúsar Þorleifssonar í m/b Leifi, þ. e. af kr. 9.000.00, svo sem síðar verður lýst.

Hvorugur málsaðilja hefur krafizt málskostnaðar úr hendi hins.

Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja í máli þessu, eru málavextir þessir:

Þann 27. júní s.l. fór fram uppboð á m/b Bryndísi, GK 17, (áður Leifur, ÓF 4), en eigandi skipsins og uppboðsþoli var þá talinn vera Útvegsbanki Íslands, Akureyri. Meðal uppboðsbeiðenda var Gunnar Jónsson hæstaréttarlögmaður, en með bréfi, dags. 2. febrúar s.l., hafði hann krafizt uppboðs á nefndu skipi, sem á uppboðsdegi lá í Hafnarfjarðarhöfn, til lúkningar kröfu samkvæmt dómi sjó- og verzlunardóms Gullbringu- og Kjósarsýslu, uppkveðnum 25. október 1966, í málinu: Magnús Þorleifsson gegn Helga Th. Andersen, að fjárhæð kr. 16.595.00 auk 7%

ársvaxta frá 1. júlí 1966 til greiðsludags og málskostnaðar, kr. 3.800.00. Fjárnámsendurrit fylgdi uppboðsbeiðni sækjanda, og hafði samkvæmt því verið gert fjárnám í m/b Leifi, ÓF 4, í Grindavík þann 9. janúar 1967 til tryggingar áðurnefndri dómskuld svo og öllum kostnaði við fjárnám og uppboð, ef til kæmi.

Hæstbjóðandi við áðurnefnt uppboð varð Halldór Halldórsson skipasali, Reykjavík, og nam boð hans kr. 1.600.000.00.

Þegar kom til greiðslu á uppboðsandvirðinu, mótmælti hæstbjóðandi, verjandi í máli þessu, réttmæti kröfu sækjanda, með því að hann (verjandi) hefði þá þegar að fullu greitt umbjóðanda sækjanda, Magnúsi Þorleifssyni, kröfu hans, og lagði hann því til sönnunar fram kvittun nefnds Magnúsar, dags. 31. október s.l., þar sem segir m. a., að hann hafi fengið greiddar sem fullnaðargreiðslu á kröfu sinni kr. 9.000.00, og lýsti jafnframt yfir því, að hann hefði ekki uppi frekari kröfur á hendur eiganda m/b Bryndísar vegna áðurnefndrar sjóveðkröfu hans í skipinu.

Kröfðust síðan málsaðiljar úrskurðar um þann ágreining, sem risinn var.

Kröfur sínar hefur sækjandi í greinargerð rökstutt með því, að samkvæmt uppgjöri hans (sækjanda) samkvæmt reikningi nemi krafa umbjóðanda hans þá, 21. nóvember s.l., samtals kr. 25.132.52, höfuðstóll, vextir og allur kostnaður, og sé því ekki um neina fullnaðargreiðslu að ræða með greiðslu kr. 9.000.00 til umbjóðanda hans, enda telur hann augljóst, að umbjóðandi hans hafi ekki haft í huga að kvitta skuldina að fullu með öllum kostnaði og vöxtum með kr. 9.000.00 í stað kr. 25.132.52.

Hins vegar sé hér um að ræða innborgun upp í kröfu umbjóðanda sækjanda, þ. e. kr. 9.000.00, sem hann (sækjandi) kveðst ekkert hafa við að athuga, þannig að eftirstöðvar sjóveðkröfunnar verði nú kr. 16.132.52.

Eins og áður segir, rökstyður verjandi sýknukröfu sína með því, að sjóveðkrafa Magnúsar Þorleifssonar sé að fullu greidd með þeim kr. 9.000.00, sem verjandi greiddi honum að kostnaði öllum meðtöldum. Svo sem áður er frá skýrt, er það varakrafa verjanda, að aðeins verði greidd af uppboðsandvirðinu innheimtulaun af þeirri fjárhæð, sem hann greiddi kröfueiganda sem fullnaðargreiðslu á kröfunni allri, þ. e. kr. 9.000.00.

Lögð hefur verið fram í máli þessu kvittun, undirrituð af Magnúsi Þorleifssyni, dags. 17. júlí 1967, þar sem hann votnar, að Gunnar Jónsson, sækjandi í máli þessu, hafi greitt honum

nefndan dag kr. 5.000.00 upp í sjóveðkröfu hans í m/b Leifi, nú Bryndísi, GK 17.

Verjandi setti við útgáfu uppboðsafsals til hans fyrir nefndu skipi tryggingu, sem uppboðshaldari mat gilda fyrir greiðslu sjóveðkröfu Magnúsar Þorleifssonar samkvæmt reikningi sækjanda, Gunnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns.

Í fyrrnefndri kvittun sjóveðréttarhafa, Magnúsar Þorleifssonar, fyrir greiðslu á kr. 9.000.00, dags. 31. október s.l., staðfestir hann, að hann hafi ekki uppi frekari kröfur á hendur eiganda m/b Bryndísar, GK 17, sem er að veði fyrir kröfu hans samkvæmt áðurnefndum dómi sjó- og verzlunardóms Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Verður að telja, að með þessari yfirlýsingu hafi nefndur sjóveðréttarhafi fyrrt sig sjálfan frekari kröfum í uppboðsandvirði nefnds skips, þótt honum hafi verið dæmd hærri fjárhæð í fyrrnefndum dómi og tryggð þar með veði í skipinu.

Hins vegar virðist það liggja ljóst fyrir, að sækjandi, Gunnar Jónsson hæstaréttarlögmaður, sem kom fram sem umboðsmaður Magnúsar Þorleifssonar við allar innheimtuaðgerðir hans fyrir dómstólum vegna kröfu hans á hendur eiganda eða útgerðarmanni umrædds skips, eigi kröfu til, að honum verði greiddur kostnaður hans af málssókn hans og öðrum innheimtuaðgerðum svo og sú fjárhæð, sem sannað telst, að hann hafi greitt umbjóðanda sínum, Magnúsi Þorleifssyni, upp í sjóveðkröfu hans, ásamt vöxtum af þeirri fjárhæð, frá því hann innti þá greiðslu af hendi til greiðsludags. Nemur kostnaður sækjanda samtals samkvæmt reikningi hans kr. 6.921.00, og þykja ekki efni til að vefengja kostnaðarliðina út af fyrir sig, en þeir eru annars þessir:

1.	Málskostnaður	kr. 3.800.00
2.	Dómsendurrit	— 30.00
3.	Birting dóms	— 156.00
4.	Fjárnámskostnaður, bílkostnaður, mót og dagpeningar	— 2.290.00
5.	Mót vegna uppboðs	— 500.00
6.	Ferðakostnaður vegna uppboðs	— 145.00

eða samtals kr. 6.921.00, eins og áður segir.

Þá þykir rétt samkvæmt áðurfenginni niðurstöðu að greiða sækjanda af uppboðsandvirði m/b Bryndísar, GK 17, kr. 5.000.00, sem hann hafði áður greitt umbjóðanda sínum upp í sjóveð-

kröfu hans, ásamt 7% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá greiðsludegi, þ. e. 17. júlí 1967, til greiðsludags. Samtals nemur því fjárhæð sú, sem samkvæmt framansögðu telst rétt að greiða sækjanda af uppboðsandvirði umræddS skips, kr. 11.921.00.

Málskostnaðar hefur ekki verið krafizt af hvorugs aðilja hálfu í máli þessu, og verður því ekki úrskurður felldur um hann.

Því úrskurðast:

Greiða ber sækjanda, Gunnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni, af uppboðsandvirði m/b Bryndísar, GK 17, kr. 11.921.00 auk 7% ársvaxta af kr. 5.000.00 frá 17. júlí 1967 til greiðsludags.

Miðvikudaginn 26. nóvember 1969.

Nr. 66/1969. **Bjarnfríður Leósdóttir**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Bæjarstjóra Akraneskaupstaðar
f. h. bæjarsjóðs
(Árni Guðjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Hermann G. Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akranesi, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. apríl 1969. Krefst hún þess, að stefnda verði dæmt að greiða kr. 21.162.33 með 8% ársvöxtum af kr. 4.562.00 frá 1. nóvember 1967 til 1. desember 1967, af kr. 9.124.00 frá þeim degi til 1. janúar 1968, af kr. 12.142.24 frá þeim degi til 1. febrúar 1968, af kr. 16.292.32 frá þeim degi til 1.

marz 1968, af kr. 20.819.32 frá þeim degi til 1. apríl 1968, af kr. 25.676.32 frá þeim degi til 1. maí 1968, af kr. 29.756.20 frá þeim degi til 1. júní 1968, af kr. 37.162.33 frá þeim degi til 11. október 1968 og af kr. 21.162.33 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hún og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi.

Samkvæmt málflutningi fyrir Hæstarétti eru aðiljar sammála um, að lögskipti þeirra hafi verið háð ákvæðum 7. gr. laga nr. 80/1938. Krafa áfrýjanda verður ekki reist á þeim ákvæðum 5. gr. samnings Verkalýðsfélags Akraness og Vinnuveitendafélags Akraness frá 29. nóvember 1965, sem fjalla um hálf daglaun „fyrir hvern byrjaðan vinnudag". Eftir öllum atvikum þykir rétt að leggja til grundvallar, að áfrýjandi hafi verið viðbundin vegna starfsins þrjár klukkustundir hvern virkan kennsludag. Ekki er vefengt, að miðað við það nemi tímakaup hennar og orlofsfé samkvæmt kjarasamningum samtals kr. 27.994.12. Upp í þessa fjárhæð hefur stefndi hinn 11. október 1968 greitt kr. 16.000.00. Ber því að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda mismuninn, kr. 11.994.12, ásamt 7% ársvöxtum af kr. 27.994.12 frá 22. ágúst 1968 til 11. október 1968 og af kr. 11.994.12 frá þeim degi til greiðsludags. Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda kr. 18.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjóri Akraneskaupstaðar f. h. bæjarsjóðs, greiði áfrýjanda, Bjarnfríði Leósdóttur, kr. 11.994.12 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 27.994.12 frá 22. ágúst 1968 til 11. október 1968 og af kr. 11.994.12 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda kr. 18.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akraness 18. janúar 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. desember 1968 eftir árangurslausa sáttatilraun, var höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 16. ágúst 1968, af Bjarnfríði Leósdóttur frú, Stillholti 13, Akranesi, gegn bæjarsjóði Akraness.

Dómkröfur stefnanda voru þær í stefnu, að stefnda verði dæmt að greiða henni kr. 37.182.33 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 4.562.00 frá 1. nóvember 1967 til 1. desember s. á., af kr. 9.124.00 frá þeim degi til 1. janúar 1968, af kr. 12.142.24 frá þeim degi til 1. febrúar s. á., af kr. 16.292.32 frá þeim degi til 1. marz s. á., af kr. 20.819.32 frá þeim degi til 1. apríl s. á., af kr. 25.676.32 frá þeim degi til 1. maí s. á., af kr. 29.756.20 frá þeim degi til 1. júní s. á og af kr. 37.182.33 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Af hálfu stefnda var greitt upp í stefnukröfuna í dómþingi 11. október s.l. kr. 16.000.00. Við munnlegan málflutning lækkaði stefnandi því stefnukröfu sína um þá fjárhæð og vaxtakröfu samkvæmt því, þannig að hún verður 1% á mánuði af kr. 21.182.33 frá 11. október s.l. til greiðsludags, en að öðru leyti óbreytt, svo og málskostnaðarkröfur miðað við upphaflega fjárhæð.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og henni dæmt að greiða stefnda hæfilegan málskostnað að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi gerir þá grein fyrir stefnukröfum, að þær séu ógreidd vinnulaun vegna kaffihitunar í barnaskóla Akraness á tímabilinu október 1967 til maí 1968 og orlofsfé af þeim launum. Hún kvaðst hafa byrjað að vinna við kaffihitun í skólanum um áramót 1966—1967 og hafi hún eingöngu talað við Njál Guðmundsson skólastjóra um ráðninguna. Starfið var fólgið í því að hita kaffi fyrir kennara skólans, 23 að tölu, hjúkrunarkonu og húsvörð, eða samtals 25 manns. Starf hennar hófst hvern morgun á því að þvo upp bolla frá deginum áður, leggja á borð og hita kaffi, og skyldi þessu lokið kl. 1030, en þá komu kennararnir í kaffi, en þeir höfðu stundarfjórðungs kaffihlé. Að loknum kaffitíma kennara þvoði stefnandi upp á nýjan leik og

hitaði kaffi, er hún lét í hitakönnur og kennararnir drukku í síðdegiskaffitímanum. Stefnandi sagði, að starf þetta hefði venjulega tekið a. m. k. 2 klukkustundir, og þurfti þá að vinna vel.

Stefnandi fékk greiddar kr. 2.000.00 á mánuði fyrir starf þetta, og var greiðsla innt af hendi á bæjarskrifstofunni og úr bæjarsjóði Akraness samkvæmt samþykktum reikningi skólastjóra.

Stefnandi sagðist ekki hafa farið fram á launahækkun veturinn 1967, enda hafi hún ekki ætlað að vera í þessu starfi nema skamma hríð. En þegar leið að vori, kom húsvörður skólans að máli við stefnanda og spurði, hvort hún hefði hug á því að vera áfram í þessu starfi, og ef svo væri, hefði skólastjóri talað um, að hún tæki einnig að sér að þrífa vistarverur kennara, en fyrir það starf var og er greitt samkvæmt uppmælingu í ákvæðisvinnu. Nokkru síðar átti skólastjóri tal við stefnanda og bauð henni umrædd störf. Kvaðst hann vilja bæta henni upp hin lágu laun vegna kaffihitunarinnar á þennan hátt, enda ætti það að vera bæjarsjóði til góðs, þar sem sú, er kaffihitunina annaðist, mundi fremur una hinum lágu launum, ef hún nyti góðra launa vegna annars starfs hjá sama aðilja. Á þessari ráðningu var þó hafður sá fyrirvari, að þar sem ákveðið hefði verið að bjóða ræstingu barnaskólans út frá 1. október 1967, hefðu þeir húsvörður og skólastjóri ekki ráðstöfunarrétt á starfinu nema til þess tíma, er verktaki tæki við því, en húsvörður hefði jafnan ráðið ræstingakonu án íhlutunar bæjaryfirvalda.

Stefnandi annaðist síðan bæði þessi störf í september 1967. Eigi hafði hún sótt um neina hækkun á kaupi fyrir kaffihitunina og vissi ekki til, að nein breyting væri fyrirhuguð á greiðslu kaups fyrir þau störf. En fyrir ræstinguna, sem var um einnar klukkustundar starf á dag, fékk stefnandi greiddar tæplega kr. 4.000.00 fyrir septembermánuð. Eigi varð af því, að verktaki tæki að sér ræstingu í skólanum, en er stefnandi kom til að ræsta hinn 1. október, var önnur kona komin í það starf, og hafði bæjarritari sent hana, án þess að stefnanda væri gert viðvart eða henni sagt upp með fyrirvara, en hún kvað allar aðrar ræstingakonur skólans hafa haldið störfum sínum áfram.

Þegar svo var komið, sagði stefnandi, að skólastjóri og yfirkennari hafi boðið henni, að laun hennar fyrir kaffihitunina skyldu hækka í kr. 3.000.00 á mánuði, og hafi það orðið að samkomulagi, en hún kveðst þó á þessu stigi málsins ekki hafa sett fram kröfur um kauphækkun. Stefnandi fékk síðan greiddar

úr bæjarsjóði kr. 3.000.00 fyrir kaffihitunina í septembermánuði samkvæmt samþykktum reikningi skólastjóra. En þegar stefnandi framvísaði reikningi fyrir kaffihitunina í október sömu fjárhæðar og einnig samþykktum af skólastjóra, fékkst hann ekki greiddur. Stefnandi sagðist hafa tilkynnt skólastjóra þetta og hafi hann ætlað að athuga málið. En eigi varð af því, að hækkun þessi yrði samþykkt, og kveðst stefnandi þá hafa snúið sér til kvennadeildar Verkalýðsfélags Akraness og leitað eftir aðstoð þess. Stefnandi taldi, að stefndi, bæjarsjóður Akraness, mundi greiða umrædda hækkun, enda hafi aldrei verið um annað rætt og kennararnir hafi aldrei verið samningsaðiljar að kaupi hennar, heldur ráðningu. Stefnandi vann síðan við kaffihitunina allan veturinn til maíloka 1968 án þess að taka laun fyrir. En eins og síðar verður lýst nánar, leitaði formaður kvennadeildar verkalýðsfélagsins, Herdís Ólafsdóttir, eftir því við bæjaryfirvöld, að samið yrði um kaup fyrir kaffihitunina, en án árangurs. Og í framhaldi af því ritaði lögmaður Verkalýðsfélags Akraness f. h. stefnanda bæjarsjóði Akraness bréf, dags. 1. marz 1968, og krafðist greiðslu fyrir kaffihitunina samkvæmt hinum almenna kjarasamningi verkafólks við Vinnuveitendafélag Akraness. Var krafa þessi tekin til meðferðar á fundi bæjarráðs Akraness 4. marz s. á., og var henni synjað. Bæjarstjóri tilkynnti lögmanninum þessi úrslit málsins með bréfi, dags. 8. marz s. á. (dskj. nr. 11). Var þá mál þetta höfðað sem fyrr greinir.

Hafa nú verið raktir málavextir, eins og þeir hafa fram komið í stefnu og aðiljaskýrslu stefnanda, en næst verður lýst að nokkru vitnisburðum og öðrum gögnum, er fram komu undir rekstri málsins fyrir bæjarþinginu.

Vitnið Njáll Guðmundsson skólastjóri staðfesti frásögn stefnanda um ráðningu hennar frá 1. janúar 1967 og kaup, og vann hún störf þessi til loka skólaárs 1967.

Haustið 1967 tók stefnandi einnig að sér störf þessi fyrir sama kaup, kr. 2.000.00 á mánuði, þar sem hún var þá einnig ráðin til að ræsta vistarverur kennara. Vitnið kvaðst þó hafa tekið skýrt fram við stefnanda, að óvissa væri um ráðningu í ræstinguna nema í einn mánuð, september, þar sem fyrir dyrum stæði hagræðing í sambandi við ræstingu skólans. Þegar svo önnur kona var ráðin í störf stefnanda við ræstingu með október, kom stefnandi til vitnisins og lét í ljós óánægju sína yfir þessu.

Vitnið sagði, að það og yfirkennari, Þorgils Stefánsson, hafi álitið, að kaup stefnanda fyrir kaffihitunina væri of lágt, því að

eftir 1. janúar 1967 hafi kaffitíminn síðdegis verið lengdur og löggiltur í 15 mínútur og við það hafi störfin aukizt. Einnig hafi komið í ljós, að sömu störf í sambærilegum skólum væru að miklum mun betur greidd. Hafi því orðið að samkomulagi að fara þess á leit, að kaup stefnanda hækkaði um kr. 1.000.00 á mánuði. Vitnið kvaðst munnlega hafa snúið sér til bæjarritara, Jóns Ben. Ásmundssonar, og mælzt til þess, að greiðsla til stefnanda yrði hækkuð, og að hann legði tilmæli um það fyrir bæjarráð Akraness. Vitnið samþykkti síðan reikning stefnanda fyrir septembermánuð að fjárhæð kr. 3.000.00 og fékk hann greiddan úr bæjarsjóði. Vitnið kvaðst hafa tekið fram við stefnanda, að það væri ekki búið að fá samþykki bæjarsjóðs fyrir hækkuninni, en skoða hefði mátt áritun þess á reikninginn sem tilmæli um hækkun, sem það teldi sanngjarna að athuguðu máli, og hefði það ávallt vonað, að bæjarráð samþykkti hækkunina, þar sem starfið hefði alltaf verið vangoldið.

Þegar stefnandi kom með samþykktan reikning fyrir októbermánuð sömu fjárhæðar, var henni synjað um greiðslu úr bæjarsjóði, og um sama leyti var vitninu tilkynnt af bæjarritara, að beiðni um hækkun kaupsins væri synjað. Vitnið kvaðst ekki hafa gert frekari tilraunir til að fá kaup stefnanda hækkað og hún hafi ekki komið með fleiri reikninga til vitnisins, en vann áfram við kaffihitunina til loka skólaárs 1968. Sagðist vitnið þó hafa búizt við því, að stefnandi mundi hætta, hvenær sem væri, vegna þessarar synjunar um hækkun kaupsins.

Vitnið sagðist ávallt hafa ráðið konu til kaffihitunar í skólanum að áskildu samþykki bæjarráðs, en húsvörður annaðist ráðningu ræstingafólks. Vitnið sagði, að kennararnir hafi aldrei greitt laun til þeirra, sem annazt hafi kaffihitun í skólanum, síðan það kom að skólanum 1954.

Vitnið Þorgils Stefánsson yfirkennari sagðist ekki hafa haft bein afskipti af ráðningu stefnanda við ræstinguna og ekki átt hlut að ráðningu hennar við kaffihitunina, en því hafi verið kunnugt um þetta og meðmælt því og hafi vitninu og skólastjóra þótt vel fara á því, að sama kona ynni við kaffihitunina og við ræstun herbergja skólastjóra, yfirkennara og kennarastofu. Vitnið sagði, að það hefði vakið gremju þess og skólastjóra, þegar stefnandi missti vinnuna við ræstinguna. Og eftir að vitnið hafði aflað sér vitneskju um það, hvað væri greitt fyrir kaffihitun annars staðar, m. a. í barnaskóla Hafnarfjarðar, hefði það lagt til, að kaup stefnanda yrði hækkað upp í kr. 3.000.00 á mánuði,

þar sem það væri lágt og lægra en annars staðar. Vitnið kvaðst hafa ætlazt til, að bæjarsjóður Akraness greiddi þessa hækkun og aldrei hefði verið rætt um, að kennararnir greiddu hana. Sagðist vitnið þó ávallt hafa gert sér ljóst, að það sem yfirkennari gat ekki gefið bindandi loforð f. h. bæjarsjóðs um hækkun þessa frekar en um aðrar greiðslur. Vitnið taldi, að störfin við kaffihitunina hefðu aukizt frá september 1966, er heimild fékkst til að greiða kr. 2.000.00 á mánuði fyrir þessi störf, og til september 1967 og hafi starfið verið að smáaukast eftir áramót 1967, en þá hafi kennararnir fengið vitneskju um, að þeir ættu rétt til kaffitíma síðdegis. Taldi vitnið, að stefnandi hefði unnið við kaffihitunina um 3 klukkustundir á dag.

Vitnið Herdís Ólafsdóttir frú sagði, að stefnandi hafi leitað til þess sem formanns kvennadeildar Verkalýðsfélags Akraness, skömmu eftir að hún fékk synjun á greiðslu hjá bæjarsjóði á fyrrnefndum reikningi, kr. 3.000.00. Vitnið talaði við bæjarritara um málið og síðan bæjarstjóra. Vitnið kvaðst hafa farið fram á, að sérstakur samningur yrði gerður um kaffihitunina, því að verkalýðsfélagið hafi talið það eðlilegt, en teldi lágmarkslaun fyrir starfið kr. 3.000.00 á mánuði.

Bæjarstjóri taldi sig geta mælt með, að greitt yrði fyrir kaffihitunina kr. 2.500.00, en því hafnaði félagið, og urðu frekari tilraunir til að koma á samningi án árangurs. Vitnið kveðst ávallt hafa talið, að hinn almenni kjarasamningur Verkalýðsfélags Akraness gilti um þessa vinnu, og því hafi það tilkynnt bæjarstjóra, að kaup stefnanda við kaffihitunina yrði innheimt samkvæmt hinum almenna samningi verkalýðsfélagsins við vinnuveitendur á Akranesi um hálfsdagslaun.

Vitnið sagði, að eigi hafi komið fram í viðræðum þessum við bæjarstjóra, að hann teldi bæjarsjóð eigi aðilja að semja um starf þetta, og vísaði hann ekki á aðra aðilja, er semja bæri við.

Björgvin Sæmundsson bæjarstjóri hefur upplýst, að í október 1965 hafi kennarar barnaskólans farið þess á leit að mega ráða konu til að sjá um hitun kaffisins á kostnað bæjarsjóðs, og töldu þeir sig geta fengið til þess konu fyrir kr. 2.000.00 á mánuði. Bæjarráð samþykkti þá að fela bæjarstjóra að tilkynna skólastjóra, að það samþykkti að greiða kr. 1.500.00 fyrir þetta starf á mánuði og yrðu kennararnir sjálfir að greiða það, sem á vantaði, ef ekki fengist kona til starfsins fyrir þá upphæð. Sams konar afgreiðsla hafi verið á málinu, er greiðsla þessi var hækkuð upp í kr. 2.000.00 frá og með september 1966. Var það kaup

síðan greitt fyrir starf þetta allt skólaárið 1966—1967, einnig stefnanda í máli þessu, sem tók við starfinu 1. janúar 1967. Bæjarstjóri sagði, að reikningur stefnanda fyrir septembermánuð 1967, kr. 3.000.00, hafi verið greiddur af gjaldkera, án þess að hann, þ. e. bæjarstjóri, vissi, en er hann varð var við reikning stefnanda fyrir október, hafi verið synjað um greiðslu hans. Síðar var málið lagt fyrir bæjarráð, sem neitaði að hækka greiðslu fyrir kaffihitunina.

Eftir synjun bæjarráðs kvað bæjarstjóri Herdísi Ólafsdóttur hafa talað við sig og óskað eftir því, að samkomulag næðist um greiðslu þessa. Kvaðst hann hafa boðizt til að leitast eftir að fá greiðsluna hækkaða í kr. 2.500.00, ef það mætti verða til að leysa málið. En eftir nokkurn tíma hafi Herdís komið aftur og hafnað þessu tilboði. Bæjarstjóri kvaðst hafa sagt við Herdísi, hvort ekki væri eðlilegt, að stefnandi hætti í þessu starfi, þar sem hún fengi ekki þá greiðslu, er hún vildi una við, og að kennararnir leituðu eftir annarri konu í starfið eða þeir greiddu sjálfir mismuninn, ef þeir vildu, að stefnandi héldi starfinu áfram.

Frekari samningaumleitanir fóru ekki fram um framangreinda kaupgreiðslu, en bæjarstjóri sagði það vel geta verið rétt, að Herdís hefði sagt honum, að kaup stefnanda yrði innheimt samkvæmt almennum samningi verkalýðsfélagsins.

Bæjarstjóri taldi, að laun stefnanda hefðu verið gefin upp til skatts eins og aðrar launagreiðslur.

Þá upplýsti bæjarstjóri fyrir dóminum, að bæjarsjóður Akraness færi um kaup og kjör til verkafólks eftir almennum samningi Verkalýðsfélags Akraness, þótt bærinn sé ekki aðili að þeim samningi.

Jón Ben. Ásmundsson bæjarritari kvaðst ekki minnast þess að hafa haft nein afskipti af þessu máli, fyrr en hann sá reikning frá stefnanda, kr. 3.000.00, fyrir októbermánuð, og var hann samþykktur af skólastjóra. Sagðist vitnið þá strax hafa tilkynnt skólastjóra, að eigi væri heimild til hækkunar úr kr. 2.000.00. Ræddi skólastjóri þá um, að hann og yfirkennari teldu réttmætt, að reikningurinn yrði hækkaður. Kvaðst vitnið ekki minnast þess, að málaleitun um hækkunina kæmi fram fyrr.

Af hálfu stefnanda eru dómkröfur byggðar á því, að hún hafi verið starfsmaður stefnda, bæjarsjóðs Akraness, ráðin í starfið af skólastjóra að áskildu samþykki bæjarsjóðs. Það samþykki hafi komið fram í reynd, þar sem hún vann framangreint starf,

án þess að til afskipta bæjarráðs kæmi eða henni sagt upp starfi. Stefnandi hafi og verið á launaskrá bæjarsjóðs, þar sem laun hennar séu árið 1967 samkvæmt launamiða bæjarsjóðs kr. 19.905.36 (dskj. nr. 13). Stefnandi hefur lauslega sundurliðað á dskj. nr. 14 greiðslur þessar, sem allar eru á launamiða taldar greiddar fyrir ræstingu. Komi þá í ljós, að fyrir kaffihitun fær hún greiddar kr. 13.000.00, þvott á þurrkum kr. 1.250.00, en fyrir ræstingu aðeins um mánuð, eins og fram er komið, og auk þess nokkra greiðslu fyrir nefndastörf. Þessu hafi og eigi verið mótmælt og sé því augljóst, að stefnandi var starfsmaður bæjarsjóðs Akraness, stefnda í máli þessu.

Þegar stefnandi hóf störf við kaffihitunina í september 1967, tók hún einnig að sér að annast ræstingu á vistarverum kennara. Var sú vinna greidd í ákvæðisvinnu samkvæmt sérsamningi. En þegar stefnandi missti þessa vinnu, komu fram tilmæli um hækkun kaups fyrir kaffihitunina í samráði við skólastjóra og yfirkennara, m. a. vegna þess að störfin höfðu aukizt. Og þegar tilmælum um hækkun kaups var hafnað af hálfu stefnda, leitaði stefnandi til stéttarfélags síns, kvennadeildar Verkalýðsfélags Akraness, um aðstoð í málinu. Af þess hálfu var stefnda gefinn kostur á sérsamningi um kaffihitunina, en er því var hafnað, ákvað félagið og stefnandi að innheimta kaupið samkvæmt samningi milli Verkalýðsfélags Akraness og Vinnuveitendafélags Akraness um kaup og kjör verkamanna og verkakvenna á Akranesi frá 29. nóvember 1965, en hann hefur verið lagður fram í málinu, dskj. nr. 9. Reisir stefnandi kröfur sínar á 5. og 6. gr. samningsins, en í 5. gr. segir (bls. 12 á dskj. nr. 9): „Fyrir hvern byrjaðan vinnudag greiðist hálf daglaun" o. s. frv. Kröfur stefnanda byggjast og á 5., 6. og 7. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Það er óumdeilt, að stefnandi er félagsbundin í kvennadeild Verkalýðsfélags Akraness, sem leitaði eftir sérsamningi við stefnda, en þegar því var hafnað, hafi stefnandi haft lagalegan rétt til að fá greitt kaup samkvæmt gildandi kjarasamningi, meðan ráðningarsamningi var ekki slitið, enda hafi verkalýðsfélagið ekki samþykkt kaup það, sem í boði var, sbr. 7. gr. laga nr. 80/1938.

Stefndi, bæjarsjóður Akraness, sé að vísu ekki formlega aðili að fyrrnefndum kjarasamningi, en í framkvæmd fari hann eftir honum, enda hafi bæjarstjóri lýst því yfir í máli þessu, sem fyrr er greint. Í sérsamningi frá 6. nóvember 1964, dskj. nr. 15 í máli þessu, milli bæjarstjórnarinnar á Akranesi og kvenna-

deildar Verkalýðsfélags Akraness um kaup og kjör verkakvenna við ræstingavinnu, ákvæðisvinnu og tímavinnu í skólahúsum bæjarins sé í 5. gr. vísað til almenna samningsins, sem fyrr er nefndur, um kaup og kjör. Sýni þetta ljóslega vilja stefnda til að fara eftir hinum almenna kjarasamningi og megi því telja, að hann hafi gerzt aðili að hinum almenna kjarasamningi í reynd.

Stefndi hefur í málflutningi sínum í fyrsta lagi byggt sýknukröfu sína á aðildarskorti, þar sem stefnandi hafi ekki verið starfsmaður stefnda, bæjarsjóðs Akraness, heldur kennaranna við barnaskóla Akraness. Þeir hafi ráðið stefnanda til starfans fyrir ákveðinn styrk, sem þeir fengu frá bæjarsjóði í þessu skyni. Stefnandi hafi því átt að beina kröfum sínum til kennaranna og eigi því þegar af þessari ástæðu að sýkna stefnda í máli þessu.

Til vara byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að aldrei hafi af hendi bæjarsjóðs verið samþykkt að greiða hærri kaffihitunarstyrk til kennaranna en kr. 2.000.00 á mánuði. Sú fjárhæð hafi ætíð verið til reiðu og tilbúin til greiðslu mánaðarlega hjá bæjargjaldkera til handa stefnanda eða hverjum þeim, sem kennararnir fólu þetta starf hverju sinni. Þegar þau mistök urðu í októbermánuði 1967 að greiða kr. 3.000.00 í kaffihitunarstyrk fyrir septembermánuð, hafi engin beiðni borizt frá kennurum eða stefnanda sjálfri um slíka hækkun, hvað þá að slík hækkun styrksins hafi verið samþykkt. Þegar tilmæli komu fyrst af hálfu kennaranna um hækkun styrksins upp í kr. 3.000.00, var þeim synjað af hálfu bæjarráðs. Hafi stefnandi ekki sætt sig við styrkinn til kennaranna, kr. 2.000.00, sem þóknun fyrir kaffihitunina, þá hafði hún eigi um annað að velja en að láta kennarana sjálfa greiða mismuninn eða hætta störfum.

Í munnlegum flutningi málsins var því haldið fram, að enginn samningur hafi verið til um störf stefnanda, og tilraunir verkalýðsfélagsins til að ná sérsamningi um kaffihitunina hafi ekki tekizt. Enginn til þess bær aðili af hendi stefnda hafi gert neina þá samninga við stefnanda, sem hún geti byggt á kröfu sína um tímakaup með lágmarkstímafjölda á dag samkvæmt 5. gr. hins almenna samnings verkalýðsfélagsins við vinnuveitendur á Akranesi. Í fyrsta lagi sé stefndi, bæjarsjóður Akraness, alls ekki aðili að þeim samningi. Og þó að bæjarsjóður fari eftir þeim samningi í öllum venjulegum og almennum atriðum, að því er varðar verkamanna- og verkakvennavinnu, þá þurfi sérsamninga um

mörg störf, sbr. áðurnefndan samning um kaup og kjör við ræstingu í skólum bæjarins. Í öðru lagi eigi þau ákvæði 5. gr. hins almenna kaupsamnings um hálf daglaun fyrir hvern byrjaðan dag ekki við um störf stefnanda, þegar um fasta ráðningu væri að ræða um langan tíma. Ákvæði þetta eigi aðeins við um daglaunamenn og hafi verið sett þeim til hagsbóta.

Í munnlegum flutningi málsins var og af hálfu stefnda mótmælt sérstaklega vaxtakröfu stefnanda í málinu, hvernig sem málið færi, nema þá frá stefnudegi, og einnig málskostnaðarkröfu hennar, þar sem hún hefði ávallt getað fengið greiddar þær kr. 16.000.00, sem inntar hafa verið að hendi sem fyrr greinir.

Samkvæmt gögnum máls þessa, sem hafa verið rakin hér að framan, verður að telja, að stefnandi hafi verið ráðin í þjónustu stefnda og því starfsmaður hans á þeim tíma, er um getur í málinu. Verður því sú varnarástæða, að um aðildarskort sé að ræða, ekki tekin til greina.

Þegar ágreiningur var kominn upp um kaup stefnanda, var eðlilegt, að hún leitaði til stéttarfélags síns, kvennadeildar Verkalýðsfélags Akraness, um aðstoð. Verkalýðsfélagið fór fram á samninga við stefnda um störf stefnanda, kaffihitunina, en samningar tókust ekki.

Í máli þessu krefur stefnandi vinnuveitanda sinn, bæjarsjóð Akraness, um lágmarkskaup samkvæmt gildandi samningi stéttarfélags síns, þar sem það samþykkti eigi fyrri kaupgreiðslu, og telur stefnandi, að hér sé um kröfu samkvæmt kjarasamningi stéttarfélags að ræða, sem ákvæði 7. gr. laga nr. 80/1938 taki til. Upplýst er í máli þessu, að stefndi, bæjarsjóður Akraness, fer um kaup og kjör verkafólks almennt eftir gildandi samningi Verkalýðsfélags Akraness við Vinnuveitendafélag Akraness. En það er og óumdeilt í málinu, að stefndi er eigi formlegur aðili að þeim samningi, og eigi í ljós leitt, að hann hafi á þessum tíma verið í stéttarfélagi atvinnurekenda. Og þar sem stefnandi hefur eigi fært sönnur á gegn mótmælum stefnda, að hann hafi með öðrum hætti skuldbundið sig til þess að hlíta ákvæðum hins almenna kjarasamnings, eru lögskipti aðilja eigi háð ákvæðum kjarasamnings stéttarfélags við atvinnurekanda, sbr. 7. gr. laga nr. 80/1938. Verða kröfur stefnanda í máli þessu því eigi byggðar á ákvæðum kjarasamnings stéttarfélags hennar, og ber því þegar af þeim ástæðum að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarsjóður Akraness, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Bjarnfríðar Leósdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 1. desember 1969.

Nr. 204/1968. **Jón S. Pálmason**
gegn
Kaupfélagi Húnvetninga.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón S. Pálmason, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. desember 1969.

Nr. 128/1969. **Hallfríður Bjarnadóttir**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Ingvari N. Pálssyni og
Guðmundi Ó. Ólafssyni og gagnsök.
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Forkaupsréttur. Vangeymsla.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. júlí 1969 og krafizt þess, að kaupum gagnáfrýjenda um efri hæð húseignarinnar nr. 4 við Bollagötu, Reykjavík, verði riftað og að henni verði dæmt rétt að ganga inn í kaupin gegn því að greiða útborgun, kr. 150.000.00, og svo það, sem greitt kann að vera síðan af þá áhvílandi lánum, og gegn því að taka að sér að greiða áhvílandi lán á 1.—3. veðrétti. Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 8. september 1969 og krafizt þess, að ákvæði héraðsdóms um sýknu þeim til handa verði staðfest og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur aðaláfrýjandi, eiginmaður hennar og vitnið Bergur Tómasson gefið framhaldsskýrslur fyrir dómi.

Málsgögn, einkum vætti þeirra Vagns E. Jónssonar hæstaréttarlögmanns og Ólafs Guðmundssonar, eiginmanns aðaláfrýjanda, sem rakin eru í héraðsdómi, veita sterkar líkur fyrir því, að aðaláfrýjanda hafi mátt ljóst vera eigi síðar en síðla árs 1965, að kaup höfðu gerzt með gagnáfrýjendum um húshluta þann, sem í málinu greinir. Aðaláfrýjandi hafði

eigi hirt um forkaupsrétt sinn til húshlutans við hinar fyrri sölur á honum. Var henni af þeim sökum sérstaklega mikil nauðsyn að halda forkaupsréttinum til streitu, svo fljótt sem efni voru til. Þetta hefur aðaláfrýjandi látið dragast úr hömlu, og verður hún að bera hallann af því. Ber því að staðfesta forsendur og niðurstöður héraðsdóms.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. júní 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 29. f. m., hefur Hallfríður Bjarnadóttir húsfreyja, Bollagötu 4 hér í borg, höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 15. janúar 1968, gegn Ingvari N. Pálssyni framkvæmdastjóra, Rauðagerði 16, og Guðmundi Ólafssyni bókara, Bollagötu 4, báðum hér í borg.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að kaupum á milli stefnda Ingvars og stefnda Guðmundar um efri hæð húseignarinnar nr. 4 við Bollagötu verði riftað og að viðurkenndur verði réttur stefnanda til að ganga inn í kaupin gegn greiðslu á útborgun, kr. 150.000.00, svo og því, er kann að vera greitt síðan af áhvílandi lánum, og gegn því að taka að sér áhvílandi lán á fyrsta til þriðja veðrétti. Þá krefst stefnandi þess, að stefndu verði in solidum dæmt að greiða henni málskostnað að skaðlausu.

Stefndu gera þær dómkröfur, að þeim verði dæmd sýkna af kröfum stefnanda og málskostnaður úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, að stefnandi og Matthías Hreiðarsson tannlæknir byggðu í sameiningu hús við Bollagötu 4 hér í borg. Þann 23. október 1943 gerðu þau með sér svohljóðandi sameignarsamning:

„1. Við erum sameigendur að húseigninni Bollagötu 4, er við höfum byggt í sameiningu.
2. Matthías Hreiðarsson er einkaeigandi að efri hæð hússins Bollagötu 4 ásamt einu geymsluherbergi í kjallara.
3. Samningsaðilar eiga að jöfnu í óskiftri sameign og til jafnra

afnota geymslu undir útitröppum, miðstöð, þvottahús, W. C. í kjallara og þurrkloft svo og lóðarréttindi hússins.

4. Hallfríður Bjarnadóttir er einkaeigandi að neðri hæð hússins ásamt þeim hluta kjallarans, sem ekki er talinn upp í 2. og 3. gr. hér að ofan.
5. Hvorugur aðila hefur heimild til án samþykkis hins að leigja eða ráðstafa á nokkurn hátt sérstaklega þeim hlutum húseignarinnar, er nefndir eru undir nr. 3 hér að ofan.
6. Hvor aðili um sig skal sjá um að kosta innanhússviðhald og viðgerðir þess hluta hússins, sem er hans séreign, en viðhald og viðgerðir þess hluta hússins að innan, sem þeir eiga í óskiftri sameign, kosta þeir að helmingi hvor. Viðhald og viðgerðir hússins að utan kostar Hallfríður að 60/100, en Matthías að 40/100 hlutum. Standsetningu og viðhald lóðar hússins kosta aðilar að jöfnum hlutum.
7. Vilji annarhvor samningsaðila selja hluta húseignarinnar, skal honum skylt að bjóða hinum forkaupsrétt, og skal sá aðili, sem fær forkaupsréttartilboð, hafa svarað því innan 14 daga, frá því honum barst það.
8. Samningur þessi er gerður í tveim samhljóða eintökum, og heldur hvor aðili sínu eintaki.
9. Rísi mál út af samningi þessum, má reka það fyrir bæjarþingi Reykjavíkur án undangenginnar sáttaumleitunar fyrir sáttanefnd".

Samningur þessi var afhentur til þinglýsingar 11. desember 1943 og var þinglýst 16. sama mánaðar.

Stefnandi heldur því fram, að samningur þessi sé bindandi fyrir alla síðari eigendur húseignarinnar, enda hafi honum ekki verið breytt. Hún segir, að hluti Matthíasar hafi gengið nokkrum sinnum kaupum og sölum, og kveðst hún hafa fallið í hvert skipti frá forkaupsrétti. Þann 8. september 1960 hafi stefndu gert kaupsamning um efri hæð húseignarinnar þess efnis, að stefndi Ingvar hafi lofað að selja og stefndi Guðmundur að kaupa hana fyrir kr. 640.000.00, er skyldu greiðast þannig:

Þann 25. september 1960 kr. 150.000.00 í peningum og með því að taka að sér að greiða 1. veðréttarskuld að eftirstöðvum kr. 10.000.00 og 2. veðréttarskuld að eftirstöðvum kr. 36.666.68 svo og með því að gefa út 3. veðréttar skuldabréf að fjárhæð kr. 443.333.32. Kaupsamningi þessum hefur aldrei verið þinglýst, og ekki hefur stefndi Ingvar gefið út afsal til stefnda Guðmundar fyrir eigninni. Frumrit kaupsamnings þessa liggur frammi í mál-

inu. Fyrir neðan undirskriftir stefndu stendur eftirfarandi: „Fell frá forkaupsrétti. Reykjavík, 9. sept. 1960 Hallfríður Bjarnadóttir. Vitundarvottar: Vagn E. Jónsson, Birna Karlsdóttir".

Í greinargerð stefnanda á dskj. nr. 3 er því haldið fram, að stefnanda hafi aldrei verið boðinn forkaupsréttur að nefndum eignarhluta. Nafn hennar sé falsað á kaupsamninginn, enda hafi hún aldrei séð frumrit hans og ekkert vitað um þessi kaup, fyrr en eiginmaður hennar, Ólafur Guðmundsson byggingameistari, móttók bréf stefnda Guðmundar 23. nóvember 1967, ef álykta megi þar af, að hann sé orðinn eigandi.

Rannsókn á þessu ætlaða skjalafalsi fór fram í sakadómi Reykjavíkur. Verður nú gerð grein fyrir þeirri rannsókn.

Birna Soffía Karlsdóttir hefur fyrir sakadómi þann 2. ágúst 1968 skýrt svo frá, að hún hafi verið starfsstúlka hjá Vagni E. Jónssyni héraðsdómslögmanni í um 3 ár og hætt störfum í ágústmánuði 1963. Hún hafi á starfstíma sínum oft verið vottur á skjölum, sem skrifstofan hafi látið gera. Ekki kveðst hún muna sérstaklega eftir þessum viðskiptum.

Stefndi Ingvar Nikulás Pálsson hefur skýrt svo frá í sakadómi 2. október 1968, að hann hafi afhent Vagni E. Jónssyni hæstaréttarlögmanni, sem hafði með söluna á umræddri íbúð að gera, frumrit af kaupsamningi þeim, sem stefnt er út af, en lögmaðurinn hafi síðan ljósritað samninginn og afhent lögmanni stefnanda. Stefndi minnist þess ekki að hafa séð stefnanda, enda hafi Vagn E. Jónsson hæstaréttarlögmaður alveg haft með söluna að gera. Þá segir stefndi, að hann geti ekki séð, til hvers hann ætti að hafa ástæðu til að falsa nafn stefnanda, þar sem hún hefði orðið að ganga inn í nákvæmlega sömu boð og stefndi Guðmundur. Hann segir, að undirskrift kaupsamningsins hafi farið fram á skrifstofu Vagns E. Jónssonar hæstaréttarlögmanns og þar hafi ásamt honum verið viðstaddur kaupandinn, stefndi Guðmundur, lögmaðurinn svo og stúlkur, sem voru þarna vinnandi. Hann minnir, að vitundarvottar hafi ritað undir kaupsamninginn, meðan hann og kaupandinn voru á skrifstofu lögmannsins. Þá segir hann, að hann hafi ekki haft símasamband við stefnanda í því skyni að spyrja hana, hvort hún vildi falla frá forkaupsrétti.

Stefnandi gaf skýrslu í sakadómi 2. október 1968. Hefur hún skýrt svo frá, að hún hafi aldrei komið á lögmannsskrifstofu Vagns E. Jónssonar, enda kveðst hún ekki vita, hvar hún er. Aðspurð hvort lögmaðurinn hafi haft samband við hana símleiðis, bréflega eða á annan hátt, segir hún, að svo hafi ekki

verið í sambandi við söluna, sem stefnt er út af. Hins vegar hafi lögmaðurinn komið til sín ásamt Níels P. Sigurðssyni, sem bjó þá í sama húsi, til að fá hana til þess að skrifa undir fráfall frá forkaupsrétti gagnvart Ingvari N. Pálssyni við sölu Níelsar til hans. Þetta sé í eina skiptið, sem hún hafi haft samband við Vagn, en síðar, eftir að hún og eiginmaður hennar fréttu frá kaupandanum, stefnda Guðmundi, um söluna, sem stefnt er út af, hafi eiginmaður hennar farið að ræða við Vagn út af málinu. Þá segir hún, að Níels P. Sigurðsson hafi fyrir orð þeirra hjóna farið að ræða við Vagn. Eftir það hafi Níels skýrt hjónunum frá því, að Vagn teldi sig hafa samning, sem hún hefði skrifað undir, en hún segir, að slíkt hafi aldrei komið til. Hún segir, að það sé öldungis víst, að þeim hjónum hafi aldrei verið boðinn forkaupsrétturinn af stefnda Ingvars hálfu eða þau beðin að falla frá honum, hvað þá að hún hafi verið beðin að skrifa undir yfirlýsingu um það.

Ólafur Guðmundsson, eiginmaður stefnanda, gaf skýrslu í sakadómi 2. október 1968. Hann segir, að stefndi Ingvar N. Pálsson hafi aldrei haft samband við sig, en þau hjónin hafi beðið Berg Tómasson endurskoðanda að ræða við stefnda Ingvar, eftir að þau höfðu frétt frá stefnda Guðmundi, að hann hefði keypt íbúðina af stefnda Ingvari. Hafi Bergur talað tvívegis við stefnda Ingvar og að því loknu hafi Bergur ráðlagt þeim hjónunum að bíða átekta og sjá, hvað þeir gerðu með þinglýsingu. Hann segir, að Vagn hafi aldrei haft samband við sig að fyrra bragði, en eftir að fréttist um söluna hjá stefnda Guðmundi, kveðst hann hafa haft samband við Vagn og tjáð honum, að ekki hefði verið rétt að farið, en Vagn var þá búinn að kannast við það fyrir honum, að salan hefði átt sér stað. Þá hafi Vagn sagt, að hann hefði plagg upp á það, og er hann (Ólafur) kom í seinna skiptið hafi lögmaðurinn beinlínis fullyrt þetta. Aldrei kveðst Ólafur þó hafa fengið að sjá slíkt plagg hjá lögmanninum. Seinna, eftir að Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður var búinn að taka málið að sér, kveðst Ólafur hafa séð hjá Magnúsi ljósrit af kaupsamningi með undirritaðri yfirlýsingu um fráfall á forkaupsrétti. Er hjónin sáu plaggið, hafi þeim komið yfirlýsingin og undirskriftin ókunnuglega fyrir sjónir, enda hafði hvorugt séð plaggið áður eða verið boðið upp á að sjá það. Ólafur tekur fram, að áður en hann sá ljósritið hjá lögmanni sínum, hafi hann hitt stefnda Guðmund einan í garðinum heima og hafi stefndi Guðmundur þá sagzt hafa plagg, áritað með nafni stefnanda, og væri plaggið

geymt í bankahólfi. Hafi stefndi Guðmundur lofað að sýna Ólafi plaggið eftir tvo til þrjá daga, en það loforð hafi stefndi Guðmundur aldrei efnt. Ólaf minnir fastlega, að íbúðin hafi staðið auð, frá því að Níels flutti og þar til stefndi Guðmundur flutti inn um 7 mánuðum seinna. Ekki hafi stefndi Ingvar haft neitt samband við hjónin og hafi þau í fyrstu talið, að stefndi Guðmundur væri leigjandi. Hann segir, að gjaldseðlar frá Gjaldheimtunni um fasteignagjöld hafi verið stílaðir á stefnanda og fleiri allt fram að þessu. Hafi þau hjónin greitt 60% af þeim gjöldum beint til Gjaldheimtunnar.

Stefndi Guðmundur Óskar Ólafsson gaf skýrslu í sakadómi 2. október 1968. Segir hann, að kaupsamningurinn, sem stefnt er út af, hafi verið undirritaður á skrifstofu Vagns E. Jónssonar hæstaréttarlögmanns. Hann kveðst hafa þurft að inna þarna af hendi greiðslu og öll skjöl hafi verið tilbúin þar til undirskriftar, er hann kom á skrifstofuna. Hann minnir, að Ingvar hafi einnig verið þarna á skrifstofunni, en man ekki, hvort hann var búinn að skrifa undir, er hann kom, eða hvort þeir skrifuðu undir samtímis. Auk þeirra og lögmannsins voru þarna einhverjar skrifstofustúlkur. Hann kveðst hafa verið í góðri trú, og hann man ekki betur en þegar hann skrifaði undir, hafi Hallfríður þegar verið búin að undirrita fráfall forkaupsréttar. Hann segir, að sér hafi verið kunnugt um forkaupsrétt Hallfríðar, áður en samningar tókust með honum og stefnda Ingvari. Hann minnir, að Vagn hafi sagt sér, að Hallfríður þyrfti að samþykkja, svo að úr samningum gæti orðið. Hann segir, að kaupsamningurinn sé rétt dagsettur. Aðspurður, hvers vegna hann hafi undirritað bréf, dags. 13. október 1960, til bæjarverkfræðings f. h. stefnda Ingvars, dskj. nr. 5 í málinu, svarar hann því til, að hann hafi ekki getað staðið í skilum við stefnda Ingvar, eins og um var samið. Þá hafi það orðið að samkomulagi hjá þeim, að íbúðin skyldi vera áfram á nafni stefnda Ingvars. Hann segir, að fyrir 3 árum hafi hann byrjað að telja íbúðina til skatts sem sína eign. Ekki þorir hann að segja um, hvort hann hafi fengið afsal fyrir íbúðinni eða hvort kaupsamningurinn hafi verið stimplaður, enda hafi öll þessi viðskipti farið fram gegnum skrifstofu Vagns E. Jónssonar hæstaréttarlögmanns. Hann kveðst aldrei hafa snúið sér til stefnanda og beðið hana að falla frá forkaupsrétti, en nokkru eftir að hann flutti, hafi Ólafur, eiginmaður stefnanda, komið upp til hans. Ekki man hann, hvaða erindi Ólafur átti, en þetta hafi verið um það leyti sem hann var að flytja, og kveðst hann ekki hafa

verið búinn að koma sér alveg fyrir. Hann kveðst hafa sagt sem svo við Ólaf: „Þið vilduð ekki kaupa“. Hafi Ólafur svarað því til, að hann hefði byggt húsið og því vitað, hvað það kostaði og söluverðið hafi verið of hátt. Að gefnu tilefni segir hann, að það hafi verið samkomulag á milli sín og stefnda Ingvars að draga í 5 ár að telja íbúðina fram til skatts sem eign hans. Hyggur hann það hafa verið vegna skattamála stefnda Ingvars, enda kveðst hann engan hag sjálfur hafa haft af þessum drætti. Aðspurður hvort hjónin, stefnandi og Ólafur, hafi ekki borið sig upp undan því, að gengið hefði verið á hlut þeirra með sölunni til hans, kveðst hann ekkert hafa vitað um það, fyrr en honum barst bréf frá stefnanda, dags. 5. desember 1967, sbr. dskj. nr. 11. Hann minnir þó að athuguðu máli, að nokkru áður en honum barst síðastgreint bréf, hafi Ólafur spurt, hvort búið væri að ganga frá sölunni eða þinglýsa henni. Kveðst hann hafa vísað Ólafi á lögmanninn Vagn til þess að fá upplýsingar um þetta.

Vitnið Bergur Tómasson, löggiltur endurskoðandi, gaf skýrslu í sakadómi 5. október 1968. Vitnið upplýsir, að stefnandi sé móðursystir sín og að Ólafur, eiginmaður hennar, hafi fyrir nokkrum árum beðið sig í tvö skipti að kanna, hvort búið væri að þinglýsa sölu á efri hæðinni á Bollagötu 4. Vitnið gerði það og komst að raun um, að svo hafði ekki verið gert. Auk þess bað Ólafur vitnið tvívegis, sitt hvort árið, að tala við stefnda Ingvar N. Pálsson, sem Ólafur vissi, að var gamall skólabróðir vitnisins, og spyrja hann, hvernig þessu væri háttað. Stefndi Ingvar hafði sagzt vera búinn að selja íbúðina, en ekki væri búið að þinglýsa sölunni, og minnir vitnið, að stefndi Ingvar hafi sagt ástæðuna vera peningaleysi kaupanda. Þetta eru einu aðgerðirnar, sem Ólafur bað vitnið um og vitnið hefur framkvæmt. Aðspurt, hvort forkaupsréttarákvæðið hafi borið á góma í símtölunum við Ingvar, minnir vitnið fastlega, að svo hafi verið, en það hafi ekki lagt megináherzlu á það, heldur að réttar aðferðir yrðu viðhafðar í hvívetna.

Vagn E. Jónsson hæstaréttarlögmaður gaf skýrslu í sakadómi 11. október 1968. Hann tekur fram, að kaupsamningurinn, fylgiskjal nr. 11 í sakadómsmálinu, dskj. nr. 21 í máli þessu, hafi að öllum líkindum verið gerður á skrifstofu sinni, undirritaður þar af aðiljum og vottaður af sér og starfsstúlku sinni, Birnu Karlsdóttur. Hann tekur fram, að hann muni þessa atburði ekki í smærri atriðum, en veit, að kaupsamningurinn var vottfestur, er seljandinn, stefndi Ingvar N. Pálsson, og kaupandinn, stefndi

Guðmundur Ólafsson, rituðu undir kaupsamninginn. Hins vegar ályktar hann, að mjög óvíst sé, hvort vottfestingar nái til undirritunar frá forkaupsrétti. Ýmislegt sé til í dæminu, t. d. að stefnandi hafi undirritað daginn eftir á skrifstofu hans í hans viðurvist og hann talið þá, ef svo hefur verið, að hann væri vottur að undirskriftinni. Ekki getur hann sagt um, hvort starfsstúlkan Birna hafi verið viðstödd eða ekki. Hann segir, að hugsanlegt sé, að hann hafi sent einhvern starfsmann sinn eða jafnvel sjálfur farið til stefnanda. Hann kveðst ekki muna sérstaklega að hafa séð stefnanda eða ekki. Hann kveðst vera eins viss um það, eins og hægt sé að ráða af einum tölustaf, að hann hafi ritað töluna 9 í dagsetningunni 9. september 1960. Einnig segist hann vera örugglega viss um, að sú dagsetning sé rétt, þar sem hann hafi ævinlega haft það fyrir reglu að hafa allar dagsetningar réttar. Að gefnu tilefni var hann spurður að því, hvort Ingólfur Jónsson frá Prestbakka hafi verið starfsmaður hans á þessum tíma. Hann kveður, að svo hafi verið auk annarra starfsmanna. Hann getur þess, að eiginmaður stefnanda hafi komið á skrifstofu sína í Austurstræti 9 fyrir rúmum 3 árum að því er hann minnir, og var hann þá að ræða um það, hvernig þinglýsingu væri háttað á umræddri íbúð, sem stefndi Guðmundur Ólafsson byggi í, og var hann að fetta fingur út í það, að stefndi Guðmundur Ólafsson hefði ekki þinglýst sinni eignarheimild, og fann að því, að fram hjá sér hefði verið gengið og ekki boðinn forkaupsréttur, er Níels P. Sigurðsson seldi stefnda Ingvari Pálssyni, og heldur ekki, þegar stefndi Ingvar N. Pálsson seldi stefnda Guðmundi Ólafssyni. Ólafur gat þess jafnframt, að þetta kæmi ekki að sök, þar sem þau hefðu ekki haft möguleika á að neyta forkaupsréttarins. Ólafur hafi fyrst og fremst kvartað yfir því, að ekki væri þinglýstur réttur eigandi að íbúðinni, og fannst honum þetta vera rangt eða ólöglegt. Í framhaldi af þessu samtali við eiginmann stefnanda kveðst Vagn hafa talið rétt að ganga úr skugga um, hvort verið gæti, að láðst hefði að bjóða forkaupsrétt. Í því skyni fékk hann lánaðan frá stefnda Ingvari N. Pálssyni kaupsamninginn og komst þá að raun um, að hann var áritaður um fráfall frá forkaupsrétti. Hann segir, að einhver tími hafi liðið, frá því að hann bað stefnda Ingvar um samninginn og þar til hann barst. Eftir að hann var búinn að athuga þetta atriði, hafi eiginmaður Hallfríðar komið aftur samkvæmt umtali í fyrra samtali, og kveðst Vagn þá hafa skýrt honum frá því, að stefnandi hefði áritað samninginn og fallið frá forkaupsrétti.

Með því taldi hann málið afgreitt að þessu leyti. Alllöngu síðar kom eiginmaðurinn þriðju ferðina og var þá enn að ræða um, að ekki væri búið að þinglýsa eignarskiptum, og hafi samtalið nánast verið endurtekning á fyrri samtölum.

Stefnandi gaf aftur skýrslu í sakadómi 18. október 1968. Dómarinn lagði fyrir hana kaupsamninginn, fylgiskjal nr. 11 í sakadómsmálinu, dskj. nr. 21 í þessu máli, og bað stefnanda að tjá sig um áritun á nafni hennar á skjalinu. Stefnandi lýsti því yfir eftir að hafa skoðað skjalið gaumgæfilega, að hún hefði ekki sjálf ritað á það. Dómari lagði fyrir stefnanda afsalið, fylgiskjal nr. 12 í sakadómsmálinu, dskj. nr. 22 í þessu máli (afsal Níelsar P. Sigurðssonar til Ingvars N. Pálssonar) og bað stefnanda einnig að tjá sig um ritunina á nafni hennar á skjalinu. Hún kvaðst muna það mjög vel að hafa ritað nafn sitt á þetta skjal á sínum tíma. Hún tók fram, að rithönd hennar gæti verið eitthvað misjöfn eftir skriffærum og eftir því, hve upplögð hún væri hverju sinni.

Eiginmaður stefnanda, Ólafur Guðmundsson, gaf aftur skýrslu í sakadómi 18. október 1968. Framburður Vagns E. Jónssonar í dóminum 11. sama mánaðar um samskipti þeirra er borinn undir Ólaf lið fyrir lið og hann beðinn að tjá sig um framburðinn. Hann segir, að það hafi verið um það bil 5 árum eftir gerð kaupsamningsins, sem kært er út af, að hann hafi snúið sér til Vagns. Kveðst Ólafur hafa snúið sér beint til Vagns til að ganga úr skugga um, hvernig hlutirnir raunverulega stæðu, og kveðst Ólafur hafa kvartað fyrst og fremst undan því, að þeim hjónunum hafi ekki verið boðinn forkaupsréttur við söluna frá Ingvari til Guðmundar. Rangt sé hjá Vagni, að hann hafi kvartað undan slíku varðandi söluna frá Níels til Ingvars, því að bæði Níels og Vagn hefðu komið heim til hjónanna og eiginkona hans skrifaði þar undir fráfall frá forkaupsrétti. Ólafur segir, að það sé heldur ekki rétt hjá Vagni, að það kæmi ekki að sök, að forkaupsrétturinn væri ekki boðinn við söluna til Guðmundar, enda hafi þá staðið allt öðru vísi á, bæði hvað snerti fjárhæð útborgunar og fjárhag hjónanna. Svo hefðu greiðsluskilmálarnir hjá stefnda Guðmundi verið sérstaklega hagkvæmir. Við söluna til Ingvars hafi útborgun verið um kr. 500.000.00, en til Guðmundar um kr. 140.000.00. Sérstaklega aðspurður um breyttan fjárhag hjónanna segir hann, að sonur þeirra sé ríkisstarfsmaður, sem rétt hafi átt á lífeyrissjóðsláni, sem nægt hefði til útborgunar við síðari söluna, en ekki þá fyrri. Hann tekur fram, að það hafi ekki verið fyrr en málin voru komin í hendur lögmanns síns, að

þau hjónin vissu um greiðsluskilmálana. Hann kveðst aðeins hafa gengið á fund Vagns tvívegis og hafi Vagn í hvorugt skiptið sýnt honum, að hann hefði plagg um, að eiginkona hans hefði skrifað undir fráfall frá forkaupsrétti. Í bæði skiptin hafi Vagn sagzt halda, að hann hefði plagg, sem stefnandi hefði skrifað á, en Vagn hefði aldrei fullyrt, að svo væri.

Í sakadómi þann 18. október 1968 var Páll Kr. Pálsson organleikari dómkvaddur til að athuga nafnritanirnar Hallfríður Bjarnadóttir á fylgiskjölum 11 og 12 í sakadómsmálinu, dskj. 21 og 22 í máli þessu, og segja álit sitt á þeim. Álitsgerð hans, sem dagsett er 5. febrúar 1969, dskj. nr. 18, er svohljóðandi:

„Samkvæmt dómkvaðningu í bréfi yðar, dags. 15. nóv. s.l., hefi ég undirritaður athugað undirskriftirnar „Hallfríður Bjarnadóttir" á dómsskjölum nr. 11 og 12, er lögð voru fram í sakadómi hinn 11. 10. 1968, og tel allar líkur fyrir því, að undirskriftin á dskj. nr. 11 sé eiginleg, enda fastmótuð og „rennandi" (óþvinguð) skrift með skörpum tengjum, en að rithöndin á dskj. nr. 12 sé fölsuð. Þar, á dskj. 12, er fremur teiknað en skrifað (skrifað í áföngum), sbr. hlykkir á lykkjunum á H, l-in eru sundurslitin, lykkjan á f-i hlykkjótt, skriftin öll mun léttari, þ. e. minni þrýstingur, tengi sveigmynduð og halli minni á „dóttir".

Samanburður á einstökum stöfum:

Dómsskjal 11:	Dómsskjal 12:
H án forlykkju, neðri lykkjan framstæð, ákveðin; efri lykkjan því næst lokuð; skáleggur nokkuð beinn, stefnir hátt; aftari leggur endar fyrir neðan næsta staf, a.	H með forlykkju; neðri lykkja afrennd, opin; skáleggur með hlykk og kemur neðar í aftari legg; aftari leggur endar f. ofan a-grunninn.
a (ólík stafgerð) lægra, breiðara; svigi snertir legg ofanverðan.	a hærra, mjórra; svigi laus frá, fyrir ofan legg.
ll lægra; fyrra l endar í horni.	ll hærra; fyrra l endar í sveig.
f lægri uppleggur, beinn, ákveðinn; mjó efri lykkja; beinn, djarfur aðalleggur; neðri lykkja grönn og létt, með slaufu (vinstra megin við aðallegg).	f hærri uppleggur, byrjar á sveig; ekki efri lykkja; hlykkjóttur aðalleggur; neðri lykkja víðari, með slaufu hægra megin við aðallegg.

r byrjar á horni; lykkja á legg; tengist í-i efst.	r byrjar á lykkju, ekki lykkja á legg; leggurinn með sveig til vinstri; tengist í-i ofarlega með sveig.
í lægra; kröpp lykkja til ð-s með löngu, ákveðnu tengi.	í hærra; víð lykkja með stuttu, daufu tengi í ð neðanvert.
ð ólík stafagerð.	ð ólík stafagerð.
u fyrri leggur hærri, með sveig; seinni leggur lægri; tengi til r myndar horn.	u fyrri leggur lægri; seinni leggur hærri; tengi til r myndar sveig.
r án lykkju.	r með lykkju.
B niðurleggurinn hallar nokkuð og er dreginn langt til vinstri: „húfan“ er allflöt; stafurinn endar í odda.	B niðurleggur hallar minna og er styttri; „húfan“ byrjar á lykkju og er með stórum sveig, stafurinn endar í lykkju.
n með hornum.	n með sveigum.
d tt ólík stafagerð, kommur og punktar til hægri við viðkomandi stafi.	d tt ólík stafagerð, kommur og punktar nánast yfir viðkomandi stöfum.

Þótt hér sé margt ólíkt í stafagerð, verður þyngri á metunum munur á stöðugleika (continuity), þunga (þrýsting) og skörpum tengjum (dskj. 11). Á dskj. 12 er hins vegar pennanum oft lyft upp og farið ofan í á nokkrum stöðum, svo og tengin eru, eins og fyrr segir, víðast sveigmynduð“.

Sakadómaraembættið sendi með bréfi, dags. 11. febrúar, umrædda sakadómsrannsókn saksóknara ríkisins. Saksóknari ríkisins ritaði sakadómi bréf 11. apríl 1969, þar sem tekið var fram, „að eigi er af ákæruvaldsins hálfu krafizt frekari aðgerða í máli þessu“.

Kröfur sínar í málinu styður stefnandi þeim rökum, að samkvæmt sameignarsamningnum frá 23. október 1943 hafi stefnda Ingvari N. Pálssyni verið skylt að bjóða stefnanda forkaupsrétt að nefndri íbúð, þegar hann hugðist selja stefnda Guðmundi Ólafssyni hana. Samningur þessi, sem hafi verið þinglýstur, sé bindandi fyrir alla síðari eigendur húseignarinnar og þar sem honum hafi ekki verið breytt og stefnanda hafi ekki verið boðinn forkaupsréttur við umrædda sölu, en nafn hennar falsað

undir kaupsamning, þá beri að taka kröfur hennar til greina um, að áminnztum kaupum verði riftað og viðurkenndur verði réttur hennar til þess að ganga inn í kaupin gegn greiðslu á útborguninni, kr. 150.000.00, svo og því, er kann að vera greitt síðan af áhvílandi lánum, gegn því að taka að sér áhvílandi lán á 1.—3. veðrétti.

Í greinargerð stefndu hefur lögmaður þeirra meðal annars tekið fram, að stefndi Ingvar N. Pálsson hafi verið eigandi fasteignarinnar nr. 19 við Laugarásveg hér í borg. Hann hafi selt þessa eign Níels P. Sigurðssyni samkvæmt makaskiptasamningi, dags. 21. janúar 1960. Hluta umsamins kaupverðs hafi kaupandi greitt með því að afsala stefnda Ingvari efri hæð húseignarinnar nr. 4 við Bollagötu hér í borg. Jafnframt þessum eignaskiptum hafi stefndi Ingvar keypt um líkt leyti hluta í fasteigninni nr. 16 við Rauðagerði hér í borg. Það muni aldrei hafa verið ætlun hans að eiga til frambúðar eignarhlutann í fasteigninni nr. 4 við Bollagötu, enda hafi stefndi Ingvar selt Guðmundi Ólafssyni þá eign samkvæmt áðurgreindum kaupsamningi. Hafi það gerzt samtímis, að Níels P. Sigurðsson rýmdi hæðina að Bollagötu 4 og stefndi Guðmundur fluttist þangað. Um það leyti hafi stefndi Ingvar aftur á móti flutzt frá Laugarásvegi 19 að Rauðagerði 16. Hann hafi því aldrei haft nein afnot eða afskipti af eignarhlutanum að Bollagötu 4. Þá tekur lögmaðurinn fram, að stefnandi hafi einn verið eigandi að sínum eignarhluta húseignarinnar Bollagötu 4 frá upphafi, en öðru máli gegni um efri hæð hússins. Alltíð eigendaskipti hafi orðið um þann eignarhluta. Samkvæmt afsalsbókum hafi eigendur verið þessir:

„1. Upphaflegur eigandi, Matthías Hreiðarsson, selur eignarhlutann Garðari Viborg. Afsal dagsett 5. marz 1946. L^5 nr. 267.
2. Garðar Viborg selur Aðalbjörgu Albertsdóttur. Afsal dagsett 11. maí 1946. N^5 nr. 208.
3. Aðalbjörg Albertsdóttir selur Elsu E. Guðjónsson. Afsal dagsett 9. maí 1947. T^5 nr. 363.
4. Elsa E. Guðjónsson selur Kjartani O. Bjarnasyni. Afsal dagsett 20. júlí 1951. Y^6 nr. 415.
5. Nauðungarsala frá Kjartani O. Bjarnasyni. Kaupandi á nauðungaruppboði Níels P. Sigurðsson. Uppboðsafsal 30. maí 1952. R^7 nr. 414.
6. Níels P. Sigurðsson selur Ingvari N. Pálssyni. Afsal dagsett 21. janúar 1960. U^{11} nr. 50.

7. Ingvar N. Pálsson selur Guðmundi Ó. Ólafssyni. Kaupsamningur dagsettur 8. september 1960".

Á enga framanskráðra eignarheimilda hafi stefnandi undirritað höfnun á forkaupsrétti, þegar frá sé talið afsalið undir 6. lið hér að framan. Þinglýst hafi verið yfirlýsingu stefnanda um höfnun forkaupsréttar gagnvart kaupum Garðars Vilborgs. Sé yfirlýsing þessi dags. 4. apríl 1946 og þinglýst 5. apríl sama ár, L^5 nr. 302. Sé það viku seinna en afsali því er þinglýst, er höfnun forkaupsréttarins á við. Kveðst lögmaðurinn halda því fram, að um höfnun á forkaupsrétti af hálfu stefnanda hafi eigi verið að ræða í sambandi við aðrar sölur á eignarhlutanum en nr. 1 og 6 hér að framan. Af hálfu stefndu er því algerlega mótmælt, að nafnritun stefnanda undir höfnun forkaupsréttar á kaupsamningnum á dskj. nr. 21 sé fölsuð. Sá, sem vilji halda fram fölsun nafnritunar sinnar, verði að sjálfsögðu að sanna slíka fullyrðingu með óyggjandi sönnunargögnum. Þá er á það bent af hálfu stefndu, að umræddur eignarhluti í Bollagötu 4 hafi sjö sinnum frá byggingu hússins fyrir 20 árum gengið kaupum og sölum. Aldrei í sögu þessara tíðu eigendaskipta af eignarhlutanum hafi spurzt áhugi stefnanda fyrir kaupum. Hún hafi þó átt hæg heimatökin, búandi í húsinu frá upphafi. Kaup stefnda Ingvars á íbúðinni í janúar 1960 eftir viðurkennda höfnun stefnanda á forkaupsrétti og sala af hans hálfu rúmum 7 mánuðum síðar valdi því einu út af fyrir sig, að með ólíkindum sé, að vilji og geta stefnanda hafi verið meiri til kaupa í síðara skiptið en í fyrra. Stefnandi hafi vitað það lengi, að stefndi Guðmundur var eigandi eignarhlutans. Hafi stefndi Guðmundur tiltæk mörg dæmi þess. Megi þar til dæmis nefna, að stefnandi og maður hennar hafi vitjað til hans um greiðslu á fasteignagjöldum vegna eignarhlutans. Þessi kunnugleiki stefnanda um eignarrétt stefnda Guðmundar komi og beinlínis fram í skýrslum í sakadómi og gögnum málsins. Í þessu sambandi er af hálfu stefndu vitnað í vætti Ólafs, eiginmanns stefnanda, Bergs Tómassonar, Vagns E. Jónssonar og stefnanda sjálfrar. Stefnandi og maður hennar hafi vitað gerla um kaup stefnda Guðmundar, en aftur á móti hafi þau staðið í þeirri villu, að þinglýsing eignarheimildar hafi verið skilyrði fyrir réttaráhrifum kaupa hans á íbúðinni. Hið sama komi fram í ferðum eiginmanns stefnanda á skrifstofu borgarfógeta. Erindi hans þangað hafi alltaf verið hið sama: „Hvort nokkru hafi verið þinglýst um sölu á húshlutanum". Starfsfólk borgarfógetaembættisins hafi verið orðið svo þaulvant erindrekstri

eiginmannsins, að það hafi búið til ákveðið svar við fyrirspurn hans: „Engin breyting á eignarrétti að áminnztum eignarhluta". Megi þá spyrja, af hverju eiginmaðurinn hafi verið að leggja á sig svo þunga kvöð og meðal annars taka sér frí úr vinnu til þess að geta rækt hana? Þá er á það bent, að stefndi Ingvar hafi ekki haft neina ástæðu til þess að ganga í berhögg við hagsmuni stefnanda. Hann hafi eigi ætlað sér að eiga íbúðina til frambúðar. Honum hafi verið það meira að segja mjög brýnt hagsmunamál að selja íbúðina sem fyrst. Hann hafi engan kaupanda haft tiltækan að íbúðinni. Honum hafi satt bezt að segja verið mikil þökk í því að þurfa ekki að fara út fyrir veggi hússins til þess að selja íbúðina. Stefndi Guðmundur hafi á engan hátt verið honum vandabundinn eða handgenginn. Umræddur eignarhluti hafi eigi á nokkurn hátt verið eigulegri en íbúðir sambærilegar þá. Þvert á móti muni íbúðin þá hafa þarfnazt allverulegra endurbóta. Þá muni verðið hafa verið sízt lægra en tíðkaðist um slíkar eignir á fasteignamarkaðinum. Þá er því haldið fram af stefndu, að ákvæðið um forkaupsrétt í sameignarsamningnum hafi verið bundið eingöngu við hina upphaflegu aðilja samningsins, sbr. orðalag 7. tl. samningsins. Forkaupsréttur stefnanda hafi því fallið niður í eitt skipti fyrir öll, er stefnandi neytti eigi réttarins gagnvart Matthíasi Hreiðarssyni. Í annan stað verði að líta svo á, að réttur þessi hafi í öllu falli fallið niður að fullu og öllu, er eignarhlutinn var seldur á nauðungaruppboði, og hafi eigi raknað við aftur. Yrði á hvorugt þetta fallizt, þá sé því haldið fram, að forkaupsréttur stefnanda sé löngu niður fallinn gagnvart stefndu fyrir aðferðarleysi stefnanda eitt sér. Krafa stefnanda um yfirtöku íbúðarinnar á söluverði 1960 án tillits til stórkostlegra verðhækkana og verðaukningar vegna verulegra endurbóta sé svo dæmalaus, að vart verði dæmi um slíkt fundið í dómsmáli. Sé þeirri kröfu mótmælt alveg sérstaklega sem hreinni fjarstæðu, enda telji stefndu stefnanda ekki hafa sannað, að hún hafi haft bolmagn til að kaupa umræddan eignarhluta haustið 1960. Hún hafi engin gögn lagt fram um það þrátt fyrir áskoranir af þeirra hálfu.

Eigi er hér á landi að finna almenn ákvæði um forkaupsrétt. Um kauprétt á jörðum eru hins vegar ákvæði í lögum nr. 40/1948. Í 6. gr. þeirra laga segir, að ef seljandi jarðar selji jörð sína án þess að hafa áður fullnægt kaupréttarákvæðum laganna, geti kaupréttarhafi, sem rétti hefur verið sviptur, krafizt þess, að salan sé ógilt, og eigi hann þá rétt á að ganga inn í

kaupin, enda sé málssókn til þess hafin innan 6 mánaða, frá því að hann fékk viteskju um misfelluna. Samkvæmt gögnum málsins, þar á meðal skýrslum stefnanda, eiginmanns hennar, vitnanna Bergs Tómassonar og Vagns E. Jónssonar, verður að telja ljóst, að stefnandi hafi fengið upplýsingar um það, að umrædd íbúð hafði verið seld, löngu áður en stefnandi hófst handa um málssókn þessa. Með vísan til þessa og með tilliti til málavaxta að öðru leyti þá verður að telja, að stefnandi hafi verið búinn með aðgerðarleysi sínu að fyrirgera ætluðum forkaupsrétti sínum, þegar hún hófst handa um höfðun þessa máls. Í því sambandi þykir ekki skipta máli, þótt stefnandi hafi ekki fengið vitneskju um söluskilmálana við umræddu sölu fyrr en síðar né að afsal hefur ekki enn verið gefið út. Verður sýknukrafa stefndu því tekin til greina þegar af þessari ástæðu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Ingvar N. Pálsson og Guðmundur Ólafsson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Hallfríðar Bjarnadóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 3. desember 1969.

Nr. 181/1968. **Dánarbú Þórarins Ólafssonar**
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn
Hauki Sævaldssyni
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson og Einar Arnalds og prófessorarnir Gaukur Jörundsson og Magnús Þ. Torfason.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. október 1968. Hann gerir þær dómkröfur, að

stefnda verði dæmt að greiða kr. 15.799.00 með 6% ársvöxtum frá 1. október 1963 til 12. júní 1965 og með 1% vöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu krefur áfrýjandi stefnda um eftirstöðvar skuldar fyrir 23 glugga, sem Þórarinn Ólafsson smíðaði fyrir stefnda haustið 1963, en Þórarinn lézt hinn 27. nóvember 1967. Stefndi hefur viðurkennt þessi viðskipti. Reisir hann sýknukröfu sína á því, að Þórarinn heitinn hafi tekið tvo glugganna til baka, en eftirstöðvar skuldarinnar hafi verið að fullu greiddar samkvæmt samningi þeirra með verkfræðistörfum stefnda í þágu Þórarins heitins. Af hálfu áfrýjanda hefur slík greiðsla, að fjárhæð kr. 5.000.00, verið viðurkennd. Söluverð glugganna, vinna, efni, söluskattur og fleira, var kr. 20.799.00 samkvæmt reikningi, dagsettum 6. september 1963.

Gegn mótmælum áfrýjanda er ósannað, að kaupin hafi gengið til baka um gluggana tvo, og einnig brestur stefnda sönnur fyrir því, að hann hafi látið Þórarni heitnum í té gagngjald umfram greindar kr. 5.000.00.

Í annan stað ber stefndi fyrir sig, að krafan hafi verið fallin niður fyrir fyrningu, þegar héraðsstefna var birt hinn 6. marz 1968.

Kröfu þessa verður að telja til verzlunarskulda. Fyrningarfrestur hennar hófst því 1. janúar 1964, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 14/1905. Fullt ár var ekki eftir af fyrningartímanum, þegar Þórarinn Ólafsson lézt. Lengdist fyrningarfresturinn því um eitt ár frá þeim tíma, sbr. 9. gr. sömu laga.

Samkvæmt þessu ber að taka kröfu áfrýjanda til greina, þó svo, að upphafstími vaxta ákveðst 6. marz 1968 og ársvextir 7%. Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 14.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Haukur Sævaldsson, greiði áfrýjanda, dánarbúi Þórarins Ólafssonar, kr. 15.799.00 með 7% ársvöxtum frá 6. marz 1968 til greiðsludags og kr. 14.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. september 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. september 1968, hefur stefnandi, dánarbú Þórarins Ólafssonar, Keflavík, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 6. marz 1968 og birtri sama dag, á hendur Hauki Sævaldssyni, Goðheimum 12, Reykjavík, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 20.799.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. október 1963 til 12. júní 1965 og með 1% vöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði lögmaður stefnanda kröfu sína niður í kr. 15.799.00 og gerði sömu vaxtakröfu og áður. Kröfur stefnda voru óbreyttar.

Stefnandi kveður mál þetta vera höfðað til innheimtu á skuld fyrir 23 stk. glugga og fleira, er stefnandi smíðaði fyrir stefnda í september 1963, sbr. reikning á dskj. nr. 3. Með kröfubréfi, dags. 25. janúar 1968 krafði hann stefnda um skuld þessa. Í svarbréfi stefnda, dags. 12. febrúar 1968, kveður hann málavexti vera þá, að til skuldar þessarar hafi verið stofnað á miðju ári 1963 vegna gluggasmíði.

Milli sín og Þórarins sáluga hafi samizt svo um, að þeir skyldu hafa verkaskipti, þannig að hann aðstoðaði Þórarin, þegar hann þyrfti á hjálp verkfræðings að halda. Þeir hafi svo oft rætt um ýmis verkefni, er Þórarinn hafði til úrlausnar, en ekki minnist hann þó að hafa gert neinar teikningar fyrir hann. Þó minni sig, að hann hafi breytt fyrir hann teikningu af hitalögn fyrir húsið Tjarnargötu 3 í Keflavík. Aldrei hafi verið um neina reikninga að ræða í þessu sambandi og aldrei hafi Þórarinn krafið sig um þessa skuld. Hann telji sig því ekki skulda þá fjárupphæð, sem hann sé krafinn um.

Í bréfi til lögmanns stefnanda, dags. 27. marz 1968, kveðst

stefndi senda honum reikninga vegna verkfræðiaðstoðar o. fl. í sambandi við kröfu hans vegna dánarbús Þórarins Ólafssonar. Kveður stefndi reikninga þessa algerlega vera útbúna eftir minni til þess að mæta reikningum stefnanda. Í bréfinu ítrekar hann, að Þórarinn heitinn hafi talið, að um jafna reikninga væri að ræða, þar eð aldrei hefði verið gerð nein innheimtutilraun af hans hálfu.

Lögmenn aðilja eru sammála um, að upphaflega stefnukrafan, kr. 20.799.00, sé tölulega rétt. Við munnlegan málflutning viðurkenndi lögmaður stefnanda reikning stefnda fyrir verkfræðiaðstoð við Tjarnargötu 3 í Keflavík, kr. 5.000.00, og lækkaði kröfu sína um þá upphæð.

Stefnandi reisir kröfu sína á því, að hér sé um verzlunarskuld að ræða og sé kröfuupphæðin óumdeild. Þegar stefndi bar það fyrir sig, að hann hefði á sínum tíma veitt Þórarni heitnum verkfræðiaðstoð, hafi hann óskað eftir, að stefndi legði fram sundurliðaða reikninga yfir þau störf, sem hann hefði unnið fyrir Þórarin heitinn, svo að hægt væri að taka afstöðu til þeirra. Þetta hafi gengið treglega, en þó hafi stefndi að lokum látið sig fá reikninga þá, sem lagðir hafa verið fram á dskj. nr. 9 og 10. Þessa reikninga hafi stefndi afhent sér, en ekki lögmanni sínum.

Lögmaður stefnanda kveðst svo hafa borið reikningana undir þá, sem gleggst kunnu skil á viðskiptum Þórarins og stefnda, og hafi þeir ekki kannazt við neitt samkomulag þeirra í milli, svo sem stefndi heldur fram. Það sé því algerlega ósannað, að stefndi hafi unnið þau störf, sem reikningarnir greina, að undanskildri verkfræðiaðstoð við Tjarnargötu 3 í Keflavík, sem áður greinir. Þá mótmælir hann þeirri staðhæfingu stefnda, að hann hafi skilað aftur gluggum, svo sem greinir á dskj. nr. 10.

Enn fremur mótmælir stefnandi þeirri málsástæðu stefnda, að krafan sé fyrnd. Hann rökstyður þau mótmæli á eftirfarandi hátt: Krafa stefnanda á hendur stefnda varð til í september 1963. Ef ekkert frekara hefði til komið, væri hún fyrnd. En viðskipti þeirra héldu áfram, og samkvæmt reglum fyrningarlaganna hefst fyrningarfrestur ekki fyrr en viðskiptin hætta. Á dskj. nr. 9, sem er undirritað af stefnda, kveðst hann hafa unnið verkfræðistörf fyrir stefnanda á árinu 1964. Fyrningarfrestur hefjist því ekki fyrr en 31. desember 1964 og sé skuldin af þeim sökum ekki fyrnd. Þessi varnarástæða stefnda fái því ekki staðizt.

Stefndi reisir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á þeim rökum, að hin umstefnda skuld sé að fullu greidd með verkfræðiaðstoð,

sem hann hafi látið Þórarni heitnum í té samkvæmt samkomulagi þeirra í milli. Í samræmi við það samkomulag hafi Þórarinn komið með ýmis verkefni, sem hann hafi leyst, án þess að gera honum sérstakan reikning fyrir hverju sinni. Þórarinn lézt hinn 27. nóvember 1967. Hann krafði stefnda aldrei um skuldina og sé því ljóst, að hann hafi litið svo á, að hún væri að fullu greidd með verkfræðiaðstoð þeirri, sem hann hefði látið honum í té.

Í öðru lagi sé skuldin þegar fyrnd og beri af þeirri ástæðu að sýkna hann af stefnukröfunni. Við munnlegan málflutning upplýsti lögmaður stefnda, að eftir að stefnda hafði borizt kröfubréf frá stefnanda, hafi hann rætt við lögmann stefnanda og skýrt honum frá málavöxtum. Lögmaðurinn hafi þá óskað eftir, að hann legði fram sundurliðaða reikninga yfir störf sín fyrir stefnanda. Stefndi tjáði þá lögmanninum, að hann gæti ekki sundurliðað þessa reikninga nákvæmlega, þar sem hann myndi ekki, hvenær Þórarinn heitinn hefði komið með hvert verk til úrlausnar. Hann hafi þó fallizt á að setja upp slíka reikninga án þess þó að bera fyrir sig skuldajöfnun. Stefndi bendir á, að reikningur stefnanda sé dags. 6. september 1963 og fyrningarfrestur hafi því runnið út 6. september 1967. Sé litið á viðskipti aðilja sem verzlunarskuld, hafi fyrningarfrestur runnið út 31. desember 1967. Hvernig svo sem á það sé litið, hafi fyrningarfrestur verið runninn út, er stefnandi krafði stefnda um skuldina.

Þá hefur stefndi algerlega mótmælt þeirri skoðun stefnanda, að fyrningarfrestur byrji ekki að líða fyrr en 31. desember 1964 sökum verkfræðiaðstoðar þeirrar, sem um getur á dskj. nr. 9. Hann hefur lagt sérstaka áherzlu á, að hann muni ekki með neinni vissu, hvort sú vinna var unnin á árinu 1963 eða 1964.

Eins og málsatvikum hefur verið lýst hér að framan, er umdeilt í málinu, hvort krafa stefnanda var fyrnd, er hann krafði stefnda um greiðslu með málssókn þessari. Kemur því hér til úrlausnar, hvort stefndi hafi viðurkennt greiðsluskyldu sína með reikningum þeim, sem lagðir hafa verið fram sem dskj. nr. 9 og 10. Stefndi hefur stöðugt haldið því fram, að skuld sín við stefnanda hafi verið greidd með verkfræðiaðstoð þeirri, er hann veitti Þórarni heitnum og lýst hefur verið hér að framan. Aðgerðarleysi Þórarins gagnvart innheimtu skuldarinnar styður þá staðhæfingu stefnda.

Þótt stefndi hafi sett fram áðurgreinda reikninga að ósk lögmanns stefnanda, hefur hann jafnframt tekið fram, að hann muni ekki með neinni vissu, hvenær verk þau, er þar um ræðir, voru

unnin og ekki gert neina skuldajöfnunarkröfu. Verður því ekki litið svo á, að í framlagningu áðurgreindra reikninga felist viðurkenning á skuldinni eða neitt, sem máli skiptir um fyrningu kröfunnar. Ber þegar af þessum ástæðum að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Kristján Jónsson bogardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Haukur Sævaldsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 3. desember 1969.

Nr. 101/1969. **Kristján Eiríksson** (sjálfur)
gegn
Árna Guðjónssyni
(Jón L. Arnalds hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fjárnám úr gildi fellt.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu var upphaflega áfrýjað með stefnu 7. janúar 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. janúar 1969, en útivistardómur gekk í því máli 2. maí s.l. Samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 57/1962 hefur áfrýjandi skotið máli þessu af nýju til Hæstaréttar með stefnu 28. maí 1969.

Með sáttargerð á bæjarþingi Reykjavíkur 27. júní 1968 samþykkti Bergur Bjarnason héraðsdómslögmaður f. h. áfrýjanda að greiða stefnda kr. 24.240.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 14.240.00 frá 1. marz til 15. marz 1968 og af kr. 24.240.00 frá þeim tíma til greiðsludags og svo kr. 5.334.00 í málskostnað, allt fyrir 10. ágúst 1968, en fyrir stefnda vegna Jóns L. Arnalds

hæstaréttarlögmanns undirritaði sáttina Jóhann Steinason héraðsdómslögmaður.

Með bréfi, dags. 23. ágúst 1968, til yfirborgarfógetans í Reykjavík krafðist Jón L. Arnalds hæstaréttarlögmaður þess f. h. stefnda, að gert yrði fjárnám í eignum áfrýjanda til tryggingar áðurgreindri skuld, vöxtum og málskostnaði ásamt kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, ef til þess kæmi.

Viggó Tryggvason, fulltrúi yfirborgarfógeta, tók fjárnámsbeiðnina til meðferðar í fógetadómi Reykjavíkur hinn 19. september 1968, sem háður var í skrifstofu embættisins að Skólavörðustíg 12 hér í borg með samþykki umboðsmanns gerðarþolanda, áfrýjanda máls þessa, Jóhanns Steinasonar héraðsdómslögmanns, er kom fyrir fógetadóminn, en af hálfu gerðarbeiðanda sótti dómþingið Jón L. Arnalds hæstaréttarlögmaður. Umboðsmaður gerðarþolanda kvaðst ekki geta greitt fyrir hann, og er þá eftirfarandi skráð í þingbók: „Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola, húseigninni nr. 15 við Þverholt. Fallið var frá virðingu. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Vottar: Rétti slitið.
Hj. Jónsson Viggó Tryggvason ftr.“.

Áfrýjandi hefur skotið greindri fjárnámsgerð til Hæstaréttar með stefnu 28. maí 1969, eins og áður greinir, og krafizt þess, að hún verði úr gildi felld og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að fógeta hafi orðið á stórfelld mistök við framkvæmd hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og að hún hafi ekki farið fram með þeim hætti, er fógeti hefur fært til bókar. Lögmaður stefnda hafi aðeins dvalizt skamma hríð á dómþinginu 19. september 1968 og vikið þaðan án gildra ástæðna, áður en gerðinni var lokið. Hafi fógeta því borið að fresta gerðinni eða fella

hana niður, sbr. 34. gr. og 4. mgr. 42. gr. laga nr. 19/1887. Þá hafi lögmaður áfrýjanda vikið af dómþingi, áður en hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð var ráðið til lykta, og einnig annar þeirra, er talinn er hafa verið vottur við gerðina, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 19/1887. Telur áfrýjandi fógeta því eigi hafa farið eftir ákvæðum laga nr. 19/1887, 2. mgr. 2. gr., 34. gr. og 4. mgr. 42. gr., og laga nr. 85/1936, 41. gr. og 118. gr.

Stefndi heldur því aftur á móti fram, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð hafi farið fram lögum samkvæmt, enda hafi verið leitt í ljós við dómpróf, er fram fóru, eftir að máli þessu var skotið til Hæstaréttar, að vottar og umboðsmenn aðilja hafi verið viðstaddir, er gerðin var framkvæmd, en þeir hafa skýrt svo frá:

Viggó Tryggvason, fulltrúi yfirborgarfógeta, sem framkvæmdi hina áfrýjuðu fjárnámsgerð, kveðst geta fullyrt, að umboðsmenn aðilja, Jón L. Arnalds hæstaréttarlögmaður og Jóhann Steinason héraðsdómslögmaður, hafi báðir verið viðstaddir fjárnámsgerðina samtímis, en þeir muni ekki hafa skrifað undir hana í fógetabók, enda sé ekki venja, að lögmenn geri það, nema gerð feli í sér einhverja samninga þeirra á milli. Þá kveðst hann minnast þess, að Pétur Axel Jónsson, sem hafi átt að vera þingvottur, og Hjálmar Jónsson, er undirritaði fjárnámsgerðina sem vottur, hafi verið viðstaddir þinghaldið, en þegar hann hafi ætlað að láta umboðsmenn aðilja og Pétur Axel Jónsson undirrita fjárnámsgerðina, hafi þeir verið horfnir, en þeir Jóhann Steinason og Pétur Axel Jónsson muni hafa farið annað, þar sem gera átti fjárnám. Viggó Tryggvason kveðst svo síðar hafa ætlað að fá Pétur Axel Jónsson til að votta í fógetabókina, en hætt við það, þar sem þá hafi verið búið að taka endurrit úr henni.

Hinn 25. janúar 1969 gaf Jóhann Steinason héraðsdómslögmaður svohljóðandi yfirlýsingu, sem hann hefur staðfest í dómi og Pétur Axel Jónsson hefur vottað rétta 3. febrúar 1969 og staðfest fyrir dómi:

„Ég undirritaður Jóhann Steinason hdl. votta, að fjárnámsgerð sú, sem gerð var 19. 9. 68 í málinu Árni Guðjónsson gegn Kristjáni Eirikssyni, er rétt bókuð af Viggó Tryggvasyni ftr.

Enn fremur var viðstaddur gerðina Pétur A. Jónsson ftr., enda þótt hann hafi ekki undirritað, áður en endurritið var tekið".

Jóhann Steinason héraðsdómslögmaður kveðst ekki muna nákvæmlega, hvort hann og umboðsmaður stefnda, Jón L. Arnalds hæstaréttarlögmaður, hafi báðir verið viðstaddir hina áfrýjuðu fjárnámsgerð 19. september 1968, en fullyrðir, að hann hafi verið við gerðina, enda treysti hann því, „sem kemur fram í bókun fulltrúa yfirborgarfógeta, Viggós Tryggvasonar, að" hann „hafi verið" viðstaddur. Þá kveðst Jóhann Steinason af sérstöku atviki muna, „að Pétur Axel Jónsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, hafi einnig verið viðstaddur, er fyrrnefnd gerð fór fram (alla vega í lok gerðarinnar)".

Ekki kveðst Jóhann Steinason muna, hvort Hjálmar Jónsson, sem undirritar fjárnámsgerðina sem vottur, hafi verið viðstaddur hana, og ekki segist Jóhann muna, hvort eða hvenær hann ritaði undir fjárnámsgerðina, en minnir, að hann hafi skrifað í fógetabókina sama dag og hann ritaði undir áðurgreinda yfirlýsingu sína, sem dagsett er 25. janúar 1969.

Jón L. Arnalds hæstaréttarlögmaður, umboðsmaður gerðarbeiðanda, ber, að hann muni ekki, hvort þeir Jóhann Steinason og hann hafi báðir verið samtímis viðstaddir, þegar gerðin var færð til bókar, en kveðst muna, að Viggó Tryggvason, Hjálmar Jónsson og Pétur Axel Jónsson hafi allir verið við fjárnámsgerðina.

Hjálmar Jónsson kveðst telja sig geta fullyrt, að þeir lögmennirnir Jón L. Arnalds og Jóhann Steinason hafi báðir verið „viðstaddir samtímis á skrifstofu borgarfógetaembættisins hjá Viggó Tryggvasyni, fulltrúa yfirborgarfógeta, er áðurnefnd fógetagerð fór fram fimmtudaginn 19. september

1968“, en sér hafi virzt, að „talsverð hreyfing og los hafi verið á lögmönnunum og telur sig muna það, að Jóhann Steinason hafi verið horfinn úr réttarsalnum, þegar Viggó Tryggvason kallaði á hann til að skrifa undir bókunina í fógetabókinni“, og sama sé að segja um Pétur Axel Jónsson, en hann og Jóhann Steinason muni hafa verið að fara eitthvað annað til að gera fjárnám.

Pétur Axel Jónsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, kveðst hafa komið á dómþingið, er margnefnd fjárnámsgerð var framkvæmd, og hafi þeir lögmennirnir Jón L. Arnalds og Jóhann Steinason þá verið þar. Ekki kveðst Pétur Axel hafa „beinlínis verið“ viðstaddur „gerðina sem vottur“, heldur hafi hann verið að bíða eftir Jóhanni Steinasyni, þar eð þeir hafi verið á förum til að framkvæma fjárnám annars staðar, en þeir hafi ekki horfið af vettvangi, áður en fjárnámsgerðinni var lokið.

Eins og endurrit fjárnámsgerðarinnar ber með sér og rakið er að framan, hefur fógeti ekki gætt sem skyldi þeirra lagareglna, er honum bar að fara eftir við framkvæmd fógetagerðarinnar. Umboðsmenn aðilja hurfu af vettvangi, áður en bókun fjárnámsgerðarinnar var lesin upp, og þeir undirrituðu hana eigi, þótt hún fæli í sér samkomulag um, að hún færi fram annars staðar en á heimili gerðarþolanda. Þá hefur eingöngu einn vottur ritað undir fjárnámsgerðina.

Þykja slíkir misbrestir vera á framkvæmd hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar, að ógilda beri hana, sbr. 2. mgr. 2. gr., 2. mgr. 33. gr. og 4. mgr. 42. gr. laga nr. 19/1887 og 41. gr. og 2. mgr. 42. gr. laga nr. 85/1936.

Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Stefndi, Árni Guðjónsson, greiði áfrýjanda, Kristjáni Eirikssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 19. september 1968.

Ár 1968, fimmtudaginn 19. september, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Skólavörðustíg 12 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta, Viggó Tryggvasyni, með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið: Málið A-2535/1968: Árni Guðjónsson gegn Kristjáni Eiríkssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 sátt í bæjarþingi Reykjavíkur nr. 3216/1968. Nr. 1 fylgir í eftirriti. Nr. 2 fylgir í frumriti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jón L. Arnalds hæstaréttarlögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 24.240.00 með 1% mánaðarvöxtum af kr. 14.240.00 frá 1. marz 1968 til 15. marz 1968 og af kr. 24.240.00 til greiðsludags, kr. 30.00 í endurritskostnað, kr. 5.334.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fyrir gerðarþola mætir Jóhann Steinason héraðsdómslögmaður, og kveðst hann ekki geta greitt, en samþykkir, að gerðin fari hér fram.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola, húseigninni nr. 15 við Þverholt.

Fallið var frá virðingu.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Vottar: Rétti slitið.

Hj. Jónsson. Viggó Tryggvason ftr.

Miðvikudaginn 3. desember 1969.

Nr. 76/1969. **Hraðfrystistöðin í Reykjavík h/f**
(Jóhann Gunnar Ólafsson hrl.)
gegn
Pálma Karlssyni
(Gunnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnulaun. Sjóveð. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. apríl 1969. Hann gerir þær dómkröfur, að honum verði dæmd sýkna af kröfum stefnda, hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og stefnda dæmt að greiða málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hinna áfrýjuðu dómsathafna og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi var lögskráður II. stýrimaður á skipi áfrýjanda, v/b Akurey, RE 6, eins og í héraðsdómi greinir. Um kaup stefnda og kjör fór því eftir ákvæðum samnings Landssambands íslenzkra útvegsmanna og stéttarfélaga skipstjóra og stýrimanna, sem í héraðsdómi getur, sbr. 7. gr. laga nr. 80/1938, og svo sjómannalögum nr. 67/1963. Eftir á hefur stefndi ekki gefið upp rétt sinn samkvæmt greindum ráðningarkjörum. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms og hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð eiga að vera óröskuð.

Áfrýjandi, Hraðfrystistöðin í Reykjavík h/f, greiði stefnda, Pálma Karlssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 28. janúar 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Pálmi Karlsson sjómaður, Kvisthaga 17, Reykjavík, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 22. apríl 1966, gegn Einari Sigurðssyni útgerðarmanni, Bárugötu 2, Reykjavík, fyrir hönd Hraðfrystistöðvarinnar h/f í Reykjavík, Slipphúsinu við Mýrargötu, Reykjavík, til greiðslu á eftirstöðvum stýrimannshlutar o. fl. samkvæmt reikningi að fjárhæð kr. 147.406.42 auk 7% ársvaxta frá 1. október 1965 til greiðsludags og málskostaði að skaðlausu samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands. Enn fremur krefst stefnandi, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/b Akurey, Reykjavík, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði algerlega sýknaður og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að um miðjan maímánuð 1965 hafi hann verið ráðinn II. stýrimaður á m/b Akurey til síldveiða. Hafi hann þá nýlokið prófi, fiskimannaprófi við Stýrimannaskólann í Reykjavík, en vantað tvo til þrjá mánuði á siglingatímann til að hafa full réttindi sem stýrimaður. Stefnandi kveðst hafa útvegað sér undanþágu í samgöngumálaráðuneytinu til að vera II. stýrimaður á m/b Akurey og sé undanþágan útgefin 21. maí 1965. Stefnandi kveðst síðan hafa verið II. stýrimaður á nefndum báti og verið skráður á bátinn 25. maí og hafi hann verið II. stýrimaður á bátnum, þar til hann veiktist hinn 21. júlí 1965. Kveðst stefnandi síðan hafa verið óvinnufær vegna veikinda frá 21. júlí til 24. september 1965, en hann hafi verið afskráður 9. ágúst 1965. Stefnandi segir, að samkvæmt viðskiptareikningi, er hann hafi fengið frá stefnda, dagsettum 23. nóvember 1965, sé honum aðeins reiknaður hásetahlutur, og það aðeins frá 25. maí til 17. ágúst 1965, en stefnandi telur sig eiga rétt á II. stýrimannshlut, sem sé 1¼ hlutur háseta, og eigi hluturinn að reiknast frá 25. maí til 21. september, með því að hann eigi rétt á tveggja mánaða kaupi, frá því að hann veiktist, samkvæmt kaup- og kjarasamningum, sbr. 18. gr., 3. mgr., sjómannalaga nr. 67/1963. Kveður stefnandi eftirstöðvar hlutar síns nema kr. 147.406.42 og sé þá búið að draga frá sparimerki, kr. 10.260.00, sem enn liggi inni á skrifstofu stefnda og ekki hafi verið sótt.

Aðilja- og vitnayfirheyrslur hafa farið fram í máli þessu.

Stefnandi, Pálmi Hannes Karlsson, hefur komið fyrir dóm í

máli þessu hinn 12. október 1966 og staðfest þar málavaxtalýsingu úr stefnu sem sannleikanum samkvæma. Hann skýrir svo frá, að hann og Kristbjörn Árnason hafi um áramótin 1964—1965 verið saman í Stýrimannaskólanum og þá hafi borizt í tal á milli þeirra, að Kristbjörn ætlaði að vera með bát um sumarið, og hafi hann viljað fá stefnanda með sér. Stefnandi kveðst þá hafa sagt, að hann vildi þá vera ráðinn sem stýrimaður, og hafi Kristbjörn sagt, að hann mundi geta fengið að vera skráður sem II. stýrimaður. Síðan hafi það komið til tals, að stefnandi yrði með bát og hann hafi verið búinn að ráða til sín áhöfn, en þá hafi sá, sem áður var með bátinn, hætt við að segja upp bátnum. Stefnandi kveðst hafa skýrt Kristbirni frá þessu og hafi hann þá sagt, að hann skyldi koma til sín og vera skráður sem II. stýrimaður. Stefnandi kveðst þá hafa sagt, að hann vildi fá 1¼ hlut. Kristbjörn hafi þá sagt honum, að það hlyti að vera í lagi og hann skyldi fara með honum suður. Þegar suður hafi komið, hafi þeir hjá útgerðinni sótt um undanþágu fyrir hann.

Með stefnanda til að fá undanþáguna hafi verið Þórhallur nokkur frá útgerðinni. Hann hafi sagt við stefnanda, að ekki hafi verið meiningin að hafa tvo stýrimenn á bátnum og hann teldi stefnanda frekan. Stefnandi segir, að hann haldi, að Þórhallur hafi verið að sveigja að því, að stefnandi hefði farið fram á 1¼ hlut. Stefnandi segist hafa haldið, að það væri útrætt mál milli Kristbjarnar og útgerðarinnar, að hann fengi 1¼ úr hlut. Kveðst hann hafa átt uppástunguna að því við Kristbjörn, að hann hefði tvo stýrimenn, eins og þá hafi verið orðið algengt með marga báta vegna hins langa úthalds. Kristbjörn hafi þá ekki verið búinn að ráða þetta við sig. Stefnandi kveðst hafa staðið vaktir á móti skipstjóranum og stýrimanninum. Skipstjórinn hafi þó staðið flestar vaktir. Skipting vaktanna hafi verið óregluleg milli þeirra, allir hafi verið uppi, þegar verið var að veiða, síðan hafi sá, sem síðast stóð vakt fyrir veiðarnar, fengið að hvíla sig. Stefnandi kveðst hafa staðið vaktirnar, meðan hinir tveir sváfu. Stefnandi segir, að skipstjórinn hafi frekar ræst stefnanda á vakt heldur en I. stýrimann og hafi það gengið svo langt, að I. stýrimaður hafi sofið með vekjaraklukku undir koddanum, til þess að ekki væri gengið fram hjá honum. Stefnandi segir, að I. stýrimaður hafi slasazt og hafi hann þá staðið einn vaktir á móti skipstjóranum. Stefnandi kveður það ekki vera skyldu að hafa tvo stýrimenn á báti af stærð Akureyjar. Hann segir, að það hafi vakað fyrir sér með því að vera ráðinn sem II. stýrimaður

á bátinn að fá hærra kaup og sem fyrst tilskilinn siglingatíma til að öðlazt viðurkenningu.

Stefnandi kveður sjúkdóm þann, sem hafi bagað sig, hafa verið bólgur í baki og öxlum og upp í hnakkann, hann hafi verið slæmur í höfði og sé varla orðinn góður enn, er skýrsla þessi var af honum tekin. Stefnandi segir, að læknar hafi sagt sér, að þetta væru ekki sömu veikindin og hann hafi haft haustið 1964, en þá hafi hann legið á Heilsuverndarstöðinni í Reykjavík í sex vikur. Þegar hann hafi verið útskrifaður, hafi honum verið sagt að taka það rólega fram að jólum. Hann hafi farið í rannsókn rétt fyrir áramótin 1964—1965 og læknar þá sagt honum, að hann væri fullfrískur. Stefnandi segir, að þegar hann veiktist í fyrra skiptið, hafi hann verið á m/b Engey, sem sé í eigu sömu útgerðar og Akurey. Kristbjörn hafi verið með honum á Engey. Stefnandi kveðst hafa stundað alls konar atvinnu frá september 1965, þ. á m. sjómennsku á smábátum. Hann kveðst nú, er skýrsla þessi var af honum tekin, vera að fara sem háseti á síldveiðar.

Kristbjörn Þór Árnason hefur komið fyrir dóm í máli þessu sem vitni hinn 8. apríl 1967, og hefur hann kannazt við að hafa gefið vottorðið á dskj. nr. 11 og segir það rétt. Vitnið gerir þær athugasemdir við framburð stefnanda frá 12. október 1966, að stefnandi hafi beðið hann að skrá sig sem II. stýrimann, stefnandi hafi áður margsinnis beðið vitnið að ráða sig sem stýrimann, er þeir hafi verið saman í skóla. Vitnið segir, að stefnandi hafi sagzt ekki taka fyrir það að vera II. stýrimaður, en mundi vinna sem háseti og mætti vitnið biðja hann að standa vaktir, hann mundi ekki taka sérstaklega fyrir það. Vitnið kveðst hafa sagt útgerðinni þetta, en þegar komið hafi verið að því að skrá stefnanda sem II. stýrimann, hafi komið í ljós, að hann hafi ekki haft réttindi sem stýrimaður, og hafi útgerðin fengið undanþágu fyrir hann, en stefnandi hafi verið lengi hjá þessari útgerð. Vitnið segir, að það hafi komið fyrir tvisvar eða þrisvar sinnum, að hann hafi beðið stefnanda að standa vaktir. I. stýrimaður hafi slasazt á hendi á tímabilinu og hafi stefnandi þá leyst hann af, og kveðst vitnið ekki vita betur en gert hafi verið upp við stefnanda sem I. stýrimann það tímabil, en það hafi verið um stuttan tíma. Þegar stefnandi hafi orðið veikur, kveðst vitnið hafa látið hann fá kr. 10.000.00 og sagt honum að fara til lækna þeirra, sem áður hafi stundað hann í Reykjavík. Hann gæti svo tekið út hjá útgerðinni þar, það sem hann ætti inni. Stefnandi hafi í stað þess farið til Húsavíkur til lækninga, en þegar batinn hafi

komið seint, hafi hann farið suður. Hafi þá komið í ljós, að læknar á Húsavík höfðu greint sjúkdóm stefnanda skakkt. Vitnið kveðst aðspurt álíta, að það hafi ekki verið algengt, að tveir stýrimenn væru ráðnir á bát sem Akurey, en Akurey hafi verið 251 tonn á þessum tíma, nú hafi skipið verið lengt. Einhver brögð hafi þó verið að því, að tveir stýrimenn væru ráðnir á skip af þessari stærð. Vitnið kveðst aðspurt ekki muna eftir því til þess að geta farið með það fyrir víst, hvort ætlunin hafi verið, að skipshöfnin tæki frí til skiptis. Af þessu tilefni fullyrðir vitnið, að það hafi eingöngu verið fyrir greiðasemi við stefnanda, að hann var skráður sem II. stýrimaður. Vitnið kveðst aðspurt hafa verið lengi í þjónustu þessarar útgerðar og vera núna skipstjóri á Örfirisey.

Vitnið Björn Halldórsson, sem kom fyrir dóm í máli þessu sama dag og vitnið Kristbjörn Þór Árnason, hefur staðfest vottorðið á dskj. nr. 11 og kveðst hafa gefið það ásamt Kristbirni Árnasyni. Vitnið kveðst ekki hafa fylgzt með ráðningu Pálma, þ. e. stefnanda, en Kristbjörn hafi sagt sér frá því, að Pálmi yrði skráður sem II. stýrimaður, til þess að Pálmi öðlaðist fyrr réttindi. Vitnið kveðst einnig hafa það eftir Kristbirni, að Pálmi hafi verið ráðinn sem háseti, þótt hann væri skráður sem stýrimaður. Vitnið segir, að Pálmi hafi gengið vaktir á móti þeim Kristbirni, t. d. á landleið og eins þegar leitað var að síld, en við veiðar séu allir vakandi og engin vakt. Vitnið kveðst um tíma hafa verið í landi vegna meiðsla á hendi. Það hafi verið um vikutíma. Á meðan hafi Pálmi gengið vaktir á móti skipstjóranum. Aðspurt kveðst vitnið hafa vitað til þess, að tveir stýrimenn væru ráðnir á bát á stærð við Akurey á þessum tíma, en ekki viti það, hvort það hafi verið algengt. Vitnið tekur fram, að það viti til þess, að háseti, sem hafi réttindi, hafi tekið að sér vaktir, er mikið var að gera á báti þeim, sem viðkomandi háseti var á. Pálmi hafi alveg staðið á móti þeim Kristbirni. Vitnið segir það hafa staðið til þetta sumar, að skipshöfnin færi til skiptis í frí. Pálmi hafi átt að fara fyrstur og þegar hann hafi farið frá borði, hafi hann ekki verið það veikur, að hann væri talinn fara í vikufrí, en þegar dregizt hafi, að hann kæmi aftur, hafi það runnið út í sandinn, að frí væru tekin. Vitnið segir, að aðeins hafi verið ráðin lögleg tala á bátinn. Vitnið kveðst ekki muna til þess, að maður væri ráðinn í staðinn fyrir Pálma. Aðspurt af lögmanni stefnanda segir vitnið, að dskj. nr. 11 sé samið af þeim Kristbirni í sameiningu með aðstoð lögfræðings. Vitnið segir aðspurt, að

það hafi verið um þrjú ár í þjónustu viðkomandi útgerðarfyrirtækis og sé það enn sem stýrimaður á bátnum Örfirisey. Vitnið segir, að þeir Kristbjörn hafi staðið vaktir til skiptis, eftir að Pálmi fór af bátnum, og enginn leyst þá af. Vitnið kveðst ekki hafa rætt um ráðningu Pálma við hann sjálfan, en staðið í þessari meiningu eftir viðræður við Kristbjörn fyrir vertíðarbyrjun. Vitnið kveðst álíta, að öll áhöfnin mundi staðfesta það, að þeir hafi staðið í þeirri meiningu, að Pálmi væri aðeins skráður sem II. stýrimaður, en ráðinn sem háseti.

Hafa nú verið raktir framburðir aðilja og vitna í málinu.

Eins og þegar er fram komið, reisir stefnandi kröfur sínar á því, að hann hafi verið ráðinn II. stýrimaður á umræddan bát, m/b Akurey, og beri honum því kaup samkvæmt því, þ. e. II. stýrimannshlutur, eða 1¼ hásetahlutur.

Stefndi hins vegar styður sýknukröfu sína þeim rökum, að stefnandi hafi raunverulega verið ráðinn háseti, en í greiðaskyni og samkvæmt ósk hans hafi hann verið skráður II. stýrimaður á bátinn, þrátt fyrir það að það væri engin skylda að hafa tvo stýrimenn á báti af þeirri stærð, sem hér um ræðir.

Svo sem fram kemur í gögnum málsins, er málið fyrst og fremst af því risið, að aðiljar eru eigi á eitt sáttir um það, með hvaða kjörum stefnandi hafi verið ráðinn á m/b Akurey, og stendur þar raunar staðhæfing gegn staðhæfingu, þ. e. stefnanda og skipstjóra, þar sem stefnandi heldur því fram, að hann hafi verið ráðinn sem II. stýrimaður og eigi þá að sjálfsögðu að fá kaup sem slíkur, en skipstjórinn telur hann hins vegar raunverulega hafa verið ráðinn sem háseta og beri honum því aðeins hásetakaup, þrátt fyrir það að hann væri skráður sem II. stýrimaður. Framburður vitnisins Björns Halldórssonar sker ekki úr um þetta, þar sem vitnið kveðst ekki hafa fylgzt með ráðningu stefnanda, heldur hafa sínar upplýsingar um ráðninguna eftir skipstjóranum.

Þykir því verða að leggja til grundvallar um þetta atriði vottorð lögskráningarstjórans í Reykjavík, sem lagt hefur verið fram sem dskj. nr. 6 í málinu, en þar segir, að stefnandi, Pálmi Karlsson, hafi verið skráður II. stýrimaður á m/b Akurey, RE 6, 25. maí til 9. ágúst 1965, enda brestur fyrir því sannanir af hálfu stefnda sem fyrr segir, að stefnandi hafi raunverulega verið ráðinn sem háseti. Samkvæmt þessu ber stefnanda því kaup II. stýrimanns, eins og það er ákveðið samkvæmt sjómannalögum og kjarasamningum. En samkvæmt 3. mgr. 18. gr. sjómannalaga

nr. 67/1963 á skipverji, sem verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir, meðan á ráðningartíma stendur, rétt til kaups allt að tveim mánuðum, sé um að ræða stýrimann, vélstjóra, bryta eða loftskeytamann. Og samkvæmt síldveiðisamningi, sem lagður hefur verið fram sem dskj. nr. 14, 2. gr., staflið b, skal stýrimaður aldrei hafa minna en 1¼ hásetahlut auk kr. 425.00 í kaup á mánuði, sbr. staflið d sömu greinar.

Samkvæmt þessu telur stefnandi sig eiga inni hjá stefnda kr. 147.406.42, sbr. sundurliðaðan reikning á dskj. nr. 3.

Undir rekstri málsins upplýstist hins vegar, að stefnandi hefur byrjað að vinna annars staðar 20. september 1965, sbr. dskj. nr. 13, og styttist því tíminn um tvo daga, sem reikna ber honum kaup frá stefnda.

Á dómsskjali nr. 17 liggur fyrir hlutaútreikningur fyrir umrætt tímabil, en samkvæmt honum á stefnandi rétt til kaups sem hér segir:

1¼ hásetahlutur 25. maí til 19. september incl. ..		kr. 207.634.03
7% orlof		— 14.554.38
Fastakaup samkvæmt reikningi		— 1.656.80
Úttekið:		
Peningar	kr. 50.026.20	
Opinber gjöld	— 22.168.00	
Sparimerki	— 10.260.00	
Fæði samkvæmt reikningi	— 5.000.00	
	Kr. 87.454.20	Kr. 223.825.21
Mismunur		— 136.371.01
		Kr. 223.825.21 Kr. 223.825.21

Ber því stefnda að greiða stefnanda framangreinda fjárhæð, kr. 136.371.01, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. október 1965 til 1. janúar 1966, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og á stefnandi sjóveðrétt í m/b Akurey, RE 6, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 22.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Guðmundi Skaftasyni, löggiltum endurskoðanda og lögfræðingi, og Eiríki Kristóferssyni skipherra.

Dómsorð:

Stefndi, Hraðfrystistöðin í Reykjavík h/f, greiði stefnanda, Pálma Karlssyni, kr. 136.371.01 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. október 1965 til 1. janúar 1966, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 22.000.00 í málskostnað. Á stefnandi sjóveðrétt í m/b Akurey, RE 6, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 17. apríl 1969.

Ár 1969, fimmtudaginn 17. apríl, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Austurstræti 17 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta, Viggó Tryggvasyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A-677/1969: Pálmi Karlsson gegn Hraðfrystistöðinni í Reykjavík.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur nr. 47/1966. Nr. 1 og 2 fylgir með í eftirriti, svohljóðandi.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Einar Viðar hæstaréttarlögmaður vegna Gunnars Jónssonar lögmanns og krefst fjárnáms fyrir kr. 136.371.01 með 6% ársvöxtum frá 1. október 1965 til 1. janúar 1966, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, endurrits- og birtingarkostnaði, kr. 250.00, kr. 22.000.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli starfar hér, en fyrir hann mætir Kristjana Björnsdóttir, sem starfar hér. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í m/b Akurey, RE 6, sem stendur að sjóveði fyrir ofangreindum skuldum samkvæmt rskj. nr. 2.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá fjárnáminu.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Miðvikudaginn 3. desember 1969.

Nr. 133/1969. **Byggingarfélag verkamanna og sjómanna í Ólafsvík**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Sveinbirni Sigtrygssyni og gagnsök.
(Vilhjálmur Árnason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson og Einar Arnalds og prófessorarnir Gaukur Jörundsson og Magnús Þ. Torfason.

Húsbyggingar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. júlí 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. júní s. á. Eru kröfur hans þessar:

Í aðalsök: Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 104.212.14 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. apríl 1965 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í gagnsök: Að honum verði einungis gert að greiða gagnáfrýjanda kr. 9.583.43 og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 24. júlí 1969. Gerir hann þessar kröfur:

Í aðalsök: Að honum verði einungis dæmt að greiða aðaláfrýjanda kr. 2.431.57 og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í gagnsök: Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum „kr. 129.640.54 auk 7% ársvaxta af kr. 11.029.94 frá 5. febrúar 1964 til greiðsludags að viðbættum 7% ársvöxtum af kr. 118.619.60 frá 1. desember 1964 til greiðsludags“ og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með samningi 31. maí 1963 tók gagnáfrýjandi, sem er trésmíðameistari að iðn, að sér smíði íbúðarhúsa, sem aðaláfrýjandi hugðist reisa í Ólafsvík. Í samningi þessum segir

svo: „Nefndur húsasmíðameistari annist smíði húsanna, að svo miklu leyti sem það fellur undir hans fag, þar með talið smíði glugga og innréttinga. Verðlag á tímavinnu samkvæmt almennum kauptöxtum og almennt verð á þeim hluta smíðinnar, sem selt er í akkorði. Stjórn félagsins leggur á það áherzlu, að verkinu verði hraðað, svo sem föng verða á, og miðast við, að húsin verði komin undir þak um áramót, enda liggi vinnuteikningar fyrir, um leið og verkið er hafið. Formaður byggingarfélagsins, Ottó Árnason, hefir umsjón með byggingunum fyrir hönd félagsins, og skal húsameistarinn snúa sér að honum um það, sem að smíðinni við kemur".

Ekki virðist hafa verið ráðinn múrarameistari til að sjá um múrsmíði húsanna, en samkvæmt 11. tl. 4. gr. byggingarsamþykktar fyrir Ólafsvíkurhrepp nr. 223/1951, sbr. auglýsingu nr. 97/1948, má eigi nota fengið byggingarleyfi, fyrr en byggingarfulltrúa hefur verið tilkynnt, hver múrarameistari sjái um múrsmíði.

Hús þau, sem um er fjallað í máli þessu, eru fjögur talsins, byggð úr steinsteypu. Byggingaframkvæmdir hófust um mánaðamótin maí og júní 1963. Samkvæmt skýrslu gagnáfrýjanda voru teikningar af hitalögnum eigi fyrir hendi, er steypa skyldi botnplötu húsanna, en á þeim teikningum, sem notaðar hafi verið við byggingarnar í upphafi, hafi ekki verið sýnt, hvernig frá gólfum skyldi gengið. Hafi hann átt símtal við Halldór Kristin Halldórsson, framkvæmdastjóra Húsnæðismálastofnunar ríkisins, um þetta efni og fengið þær upplýsingar, að gólf ættu að vera einangruð og að gert hafi verið „ráð fyrir því ílagi, þegar lofthæð húsanna var ákveðin". Samkvæmt þessum upplýsingum og þar sem fyrirsvarsmenn aðaláfrýjanda hafi mjög eindregið krafizt þess, að byggingunum yrði haldið áfram, hafi botnplötur húsanna síðan verið steyptar án raufa fyrir hitalagnir.

Samkvæmt málflutningi aðilja virðist greiðslum fyrir vinnu við byggingarnar hafa verið þannig hagað, að aðaláfrýjandi greiddi laun ófaglærðra verkamanna samkvæmt vinnuskrám gagnáfrýjanda án nokkurs álags til hans. Vinnulaun gagnáfrýjanda, nema hans og lærðra trésmiða virðist aðal-

áfrýjandi hafa greitt samkvæmt kaupskrám frá gagnáfrýjanda. Þá reiknaði gagnáfrýjandi sér 15% álag á þessi laun, sem aðaláfrýjandi einnig greiddi. Ógreiddur er þó einn reikningur gagnáfrýjanda fyrir laun og álag vegna vinnu, sem unnin var á árinu 1964.

Byggingu húsanna var síðan fram haldið sumarið 1963, en um haustið virðast hafa risið nokkrir úfar með aðiljum um byggingarnar.

Gagnáfrýjandi telur, að um áramótin 1963 og 1964 hafi húsin verið komin undir þak, en eigi gler í glugga, enda hafi gler eigi verið fyrir hendi. Síðast virðist gagnáfrýjandi hafa unnið við húsin 5. febrúar 1964. Hinn 8. apríl 1964 sagði aðaláfrýjandi upp samningi sínum við gagnáfrýjanda og bar við samningsrofum af hans hendi. Með stefnu 21. desember 1964 höfðaði gagnáfrýjandi mál á hendur aðaláfrýjanda til heimtu vangoldinna launa og álags og svo bóta fyrir tapaðan ávinning, atvinnutjón og álitshnekki. Aðaláfrýjandi höfðaði gagnsök í máli þessu með stefnu 12. apríl 1965 og krafði gagnáfrýjanda um greiðslu efnis, endurgreiðslu á ofgreiddu álagi á vinnulaun og bætur vegna galla á húsunum, m. a. vegna þess að eigi hefðu verið steyptar raufar fyrir hitalagnir í botnplötur húsanna. Mál þetta var dæmt í héraði 19. marz 1966. Þeim dómi var skotið til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar 1. marz 1967 var héraðsdómurinn ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi vegna vanreifunar. Gagnáfrýjandi höfðaði mál af nýju með stefnu 26. maí 1967 og gagnáfrýjandi höfðaði gagnsök með stefnu 5. júní 1967. Var það mál dæmt í héraði 14. febrúar 1969.

Aðalsök. Kröfur sínar í aðalsök sundurliðar aðaláfrýjandi þannig:

1.	Bætur vegna galla á húsum	kr. 65.500.00
2.	Ofgreidd þóknun	— 31.624.57
3.	Úttekið efni	— 2.431.57
4.	Matskostnaður	— 4.606.00

Um 1. Aðaláfrýjandi reisir kröfu þessa á matsgerð þeirra Finns Sigurðssonar og Ágústs Bjartmarz, sem rakin er í

héraðsdómi. Matsfjárhæð skipta matsmennirnir þannig, að þeir meta hæfilegar bætur, kr. 52.000.00, vegna þess að raufar hafi eigi verið steyptar í botnplötur húsanna í upphafi og því orðið að leggja hitalagnir ofan á gólfin og steypa síðan yfir gólfin til að hylja lagnirnar. Bætur vegna annarra galla mátu þeir kr. 13.500.00. Í málinu hafa ekki komið fram teikningar af húsum þessum, áritaðar af byggingaryfirvöldum í Ólafsvíkurhreppi, sbr. 10. tl. og 3. tl. 4. gr. byggingarsamþykktar fyrir Ólafsvíkurhrepp nr. 223/1951, sbr. auglýsingu nr. 97/1948. Í málinu hafa hins vegar verið lagðar fram þrjár teikningar, sem samkvæmt málflutningi aðilja hafa verið notaðar við byggingu húsa þessara, teikning af hitalögn, gerð í nóvember 1962, grunnmynd, gerð í september 1963, og sérteikningar af undirstöðum og jarðgólfi, gerðar í apríl 1964. Ekki hefur verið skýrt í málinu, hverju sæti þessi munur á dagsetningum teikninganna og byggingartíma húsanna. Matsmenn virðast eigi hafa veitt þessu athygli, og er matsgerð þeirra meðal annars áfátt að því leyti. Aðaláfrýjandi hefur ekki leitt sönnur að því, að sú gerð botnplatna og gólfa, sem gagnáfrýjandi notaði við byggingu húsanna, sé óforsvaranleg eða geti á neinn hátt varðað hann bótaskyldu, eins og á stóð, enda verður ekki séð, að eftirlitsmaður aðaláfrýjanda við byggingarnar hafi hreyft athugasemdum við gerð þeirra. Þá er ósannað, að færa hafi þurft dósir fyrir raflagnir, þannig að gagnáfrýjandi verði talinn bótaskyldur af því efni. Sannað er, að veggir í einu húsanna eru eigi réttir. Telja verður, að gagnáfrýjandi beri fébótaábyrgð á þessum göllum, og þykir eiga að leggja til grundvallar mat héraðsdóms um þetta atriði. Samkvæmt þessu verður þessi kröfuliður aðaláfrýjanda tekinn til greina með kr. 9.000.00.

Um 2. Aðaláfrýjandi greiddi fé það, sem hér um ræðir, án fyrirvara. Hefur hann engin örugg gögn fært fram fyrir því, að hann megi endurkrefja þetta fé úr hendi gagnáfrýjanda, og verður þessi kröfuliður því eigi tekinn til greina.

Um 3. Þessi kröfuliður er viðurkenndur af gagnáfrýjanda og verður því til greina tekinn.

Um 4. Samkvæmt 5. tl. 2. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936 ber að telja kröfu þessa með málskostnaði.

Samkvæmt framangreindu verða úrslit aðalsakar þau, að gagnáfrýjanda verður dæmt að greiða aðaláfrýjanda kr. 11.431.57 með 6% ársvöxtum frá 12. apríl 1965 til greiðsludags.

Gagnsök: Kröfur sínar í gagnsök sundurliðar gagnáfrýjandi þannig:

1. Ógreidd vinnulaun samkvæmt reikningi 5. febrúar 1964 ..... kr. 9.583.43
2. Álag á kröfu samkvæmt 1. lið ..... — 1.437.51
3. Bætur fyrir tapaðan hagnað ..... — 68.614.60
4. Bætur fyrir álitshnekki og atvinnutjón ..... — 50.000.00

Um 1. Þessi kröfuliður er viðurkenndur.

Um 2. Í samningi aðilja, sem fyrr hefur verið rakinn, segir um laun þannig: „Verðlag á tímavinnu skv. almennum kauptöxtum". Hins vegar er ekki fjallað þar um sérstakt álag til gagnáfrýjanda. Ósannað er, að fyrirsvarsmenn aðaláfrýjanda hafi samþykkt að greiða gagnáfrýjanda álag þetta. Þegar þessa er gætt, verður eigi talið, að gagnáfrýjandi hafi fært þau rök fyrir þessari kröfu sinni, að unnt sé að taka hana til greina.

Um 3. og 4. Gagnáfrýjandi byggir þessa kröfuliði á því, að fyrrgreind uppsögn aðaláfrýjanda á samningi þeirra aðiljanna hafi verið ólögmæt og valdið honum tjóni. Gegn andmælum aðaláfrýjanda hefur gagnáfrýjandi ekki fært nægileg rök fyrir tjóni, sem hann kann að hafa orðið fyrir vegna uppsagnar fyrrgreinds samnings. Verður því þegar af þeirri ástæðu eigi hægt að taka þessa kröfuliði gagnáfrýjanda til greina.

Samkvæmt þessu verða úrslit gagnsakar þau, að aðaláfrýjandi verður dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda kr. 9.583.43 með 7% ársvöxtum frá 5. febrúar 1964 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum og með hliðsjón af flutningi máls þessa þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði gagnáfrýjandi, Sveinbjörn Sigtryggsson, aðaláfrýjanda, Bryggingarfélagi verkamanna og sjómanna í Ólafsvík, kr. 11.431.57 með 6% ársvöxtum frá 12. apríl 1965 til greiðsludags.

Í gagnsök greiði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda kr. 9.583.43 með 7% ársvöxtum frá 5. febrúar 1964 til greiðsludags.

Málskostnaður í báðum sökum í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 14. febrúar 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 10. september s.l., hefur Sveinbjörn Sigtryggsson byggingameistari í Ólafsvík, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, höfðað fyrir aukadómþingi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu með stefnu, útgefinni 26. maí 1967, gegn Bryggingarfélagi verkamanna og sjómanna í Ólafsvík til greiðslu á kr. 129.640.54 auk 7% ársvaxta af kr. 11.020.94 frá 5. febrúar 1964 til greiðsludags að viðbættum 7% ársvöxtum af kr. 118.619.60 frá 1. desember 1964 til greiðsludags og málskostnaði að mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

Enn fremur hefur stefndi höfðað gagnsök með stefnu, útgefinni 5. júní 1967, og krafizt þess, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða kr. 104.212.14 auk 7% ársvaxta frá útgáfudegi gagnstefnu til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Aðalstefnandi krefst sýknu og málskostnaðar í gagnsök.

Mál út af sama sakarefni hefur áður verið rekið hér fyrir dóminum, og var dómur í því uppkveðinn þann 19. marz 1966. Dómi þessum var áfrýjað til Hæstaréttar, sem með dómi sínum, uppkveðnum 1. marz 1967, ómerkti héraðsdóminn og vísaði málinu frá héraðsdómi.

Málavextir eru þeir, að með samningi, dags. 31. maí 1963, var

aðalstefnandi ráðinn til þess að byggja þau íbúðarhús, sem gagnstefnandi hugðist reisa á því ári. Verðlag á tímavinnu við smíðina skyldi vera samkvæmt almennum kauptöxtum og almennt verð á þeim hluta smíðinnar, sem seldur yrði í akkorði. Verkinu skyldi hraðað og miðazt við, að húsin yrðu komin undir þak um næstu áramót, enda skyldu vinnuteikningar liggja fyrir, um leið og verkið hæfist.

Hin umræddu hús urðu fjögur.

Byggingaframkvæmdir munu hafa hafizt um mánaðamótin maí/júní 1963. Greiðslu vinnulauna annaðist formaður gagnstefnanda allan tímann samkvæmt vinnulistum frá aðalstefnanda. Aðalstefnandi reiknaði sér 15% meistaraálag á vinnu sína, eins smiðs og lærlings. Aðalstefnandi hætti vinnu við húsin 5. febrúar 1964. Með bréfi, dags. 8. apríl 1964, sagði gagnstefnandi upp ráðningarsamningi sínum við aðalstefnanda, sem mótmælti uppsögninni með bréfi, dags. 10. sama mánaðar. Undir rekstri málsins voru dómkvaddir þeir Ágúst Bjartmarz byggingameistari, Stykkishólmi, og Finnur Sigurðsson múrarameistari, Stykkishólmi, til þess að meta til peningaverðs smíðagalla á framangreindum húsum, sem talið var, að aðalstefnanda væri um að kenna. Mat þeirra var á þá leið, að kosta mundi kr. 65.500.00 að bæta úr göllum, sem væru á smíði húsanna. Einnig voru dómkvaddir menn til þess að meta til peningaverðs alla óunna fagvinnu í framangreindum fjórum íbúðarhúsum, er aðalstefnandi sem trésmíðameistari átti að annast smíði á, að því leyti er undir hans fag félli, þar með talin smíði glugga og innréttinga samkvæmt ráðningarsamningi hans við gagnstefnanda, og skyldi matið miðast við það, sem óunnið var af þessari fagvinnu, þegar aðalstefnandi hætti vinnu við húsin. Dómkvaddir voru Hörður Kristjánsson byggingameistari, Stykkishólmi, og Tómas Vigfússon byggingameistari, Reykjavík. Mat þeirra á framangreindu nam kr. 64.388.00.

Aðalsök. Kröfur sínar sundurliðar aðalstefnandi þannig:

1. Reikningur, dags. 5. febrúar 1964	kr.	9.583.43
2. 15% álag á þennan reikning	—	1.437.51
3. Tapaður ávinningur (17.154.90 pr. hús)	—	68.614.60
4. Bætur fyrir álitshnekki og atvinnutjón	—	50.000.00
	Samtals kr.	129.640.54

Um 1. Kröfur sínar samkvæmt þessum tölulið rökstyður aðalstefnandi þannig, að reikingur þessi sé samkvæmt síðustu kaupskrá aðalstefnanda fyrir vinnu við framangreind hús gagnstefnanda samkvæmt ráðningarsamningi aðilja. Neitað hafi verið um greiðslu reikningsupphæðarinnar að ástæðulausu, þegar reikningurinn var sýndur. Gagnstefnandi hefur mótmælt reikningnum sem röngum. Ekki hefur hann þó sýnt fram á, að hann sé tölulega rangur, og ekki heldur, að vinna samkvæmt kaupskránni, sem reikningurinn byggist á, hafi ekki verið unnin. Verður þessi liður kröfu aðalstefnanda því tekinn til greina.

Um 2. Eftir að ráðningarsamningur aðilja var gerður, en áður en fyrsta greiðsla vinnulauna fór fram, kveðst aðalstefnandi hafa samið svo um munnlega við tvo stjórnarmenn gagnstefnanda, þá Ottó Árnason, formann gagnstefnanda, og Þórð Þórðarson, að sér yrði greitt 15% meistaraálag á selda vinnu sína, eins smiðs og lærlings. Álag þetta hafi síðan verið greitt athugasemdalaust allan tímann nema á síðasta reikninginn (sbr. lið 1). Það hafi verið venja í Ólafsvík, að byggingameistarar tækju 15—20% álag á útselda vinnu, og árið 1963 hafi álagið verið 18.3%.

Mótmæli sín gegn þessum lið kröfu aðalstefnanda byggir gagnstefnandi á því, að aldrei hafi verið samið við aðalstefnanda um, að hann fengi greitt meistaraálag vegna byggingar framangreindra húsa. Það hafi heldur ekki verið venja, að slíkt álag væri greitt í Ólafsvík á þeim tíma, sem húsin voru í smíðum.

Við yfirheyrslur í málinu hafa bæði Ottó Árnason, formaður gagnstefnanda, og Þórður Þórðarson meðstjórnandi mótmælt því, að samið hafi verið við aðalstefnanda um 15% meistaraálag. En vegna ókunnugleika hafi formaður gagnstefnanda greitt það, þar til hann fékk vitneskju um, hver kauptaxtinn væri í Ólafsvík.

Vigfús Vigfússon, byggingameistari í Ólafsvík, sem kom fyrir dóm í málinu, kveðst alltaf hafa tekið meistaraálag og hafi það að meðaltali verið 15%. Vitni þetta bar einnig, að formaður gagnstefnanda, Ottó Árnason, hafi sagt, að aðalstefnandi fengi 15% meistaraálag á vinnu við hús gagnstefnanda og væri það samkvæmt samningi málsaðilja.

Framburði þessum var mótmælt sem röngum og vilhöllum, þar sem vitnið og aðalstefnandi eru mágar.

Böðvar Bjarnason, byggingameistari í Ólafsvík, kom einnig fyrir dóminn. Hann kveðst hafa tekið 10% meistaraálag á vinnu sína frá árinu 1963.

Byggingameistarar í Ólafsvík eru fjórir. Þrír þeirra hafa komið

fyrir dóm í málinu, og ber þeim öllum saman um, að venja hafi verið að taka meistaraálag á selda vinnu í Ólafsvík á þeim tíma, sem aðalstefnandi vann að byggingu húsa gagnstefnanda. Með tilliti til þess og framburðar vitnisins Vigfúsar Vigfússonar um það, hvað Ottó Árnason sagði því um samning málsaðilja varðandi 15% álagið, verður dómurinn að líta svo á, að aðalstefnanda hafi verið heimilt að reikna sér framangreint meistaraálag. Styðst það enn fremur við þá staðreynd, að álagið var greitt athugasemdalaust á alla reikninga aðalstefnanda, sem gagnstefnandi hefur greitt. Þessi liður í kröfum aðalstefnanda verður því tekinn til greina.

Um 3. Þennan lið kröfugerðar sinnar rökstyður aðalstefnandi með því, að vegna þess að hann var rekinn frá verkinu, áður en það var fullunnið, hafi hann misst þann hagnað, sem meistaraálag á óunna fagvinnu við húsið hefði fært honum, ef hann hefði fengið að ljúka verkinu. Uppsögn gagnstefnanda á ráðningarsamningnum hafi verið algerlega óréttmæt, þar sem aðalstefnandi hafi í öllu fylgt fyrirmælum gagnstefnanda um tilhögun á verkinu og frávik frá teikningum. Það hafi ekki verið sín sök, að verkinu varð ekki lokið á tilsettum tíma, heldur hafi drátturinn, sem þó var óverulegur, stafað af því, að staðið hafi á efnisútvegun.

Gallar þeir, sem fram hafi komið á húsunum, séu heldur ekki sín sök, þar sem hann hafi byrjað á verkinu, áður en endanlegar teikningar lágu fyrir, vegna eftirrekstrar gagnstefnanda og einnig hafi hann vegna fyrirmæla gagnstefnanda notað gamalt timbur, sem gagnstefnandi átti, við einhvern hluta verksins og hafi það átt sinn þátt í þeim göllum, sem fram komu á húsunum. Uppsögnin hafi verið byggð á því, að aðalstefnandi tók meistaraálag við verkið, sem honum hafi þó verið fyllilega heimilt, og sú ástæða því ekki nægileg til að réttlæta uppsögnina. Fagleg mistök hafi löngu síðar verið tilgreind sem uppsagnarástæða, en ekki á þau minnzt sem ástæðu í upphafi. Hin faglegu mistök hafi ekki verið sér að kenna, nema þá að litlu leyti, og réttlæti alls ekki uppsögnina, þar sem gallar á verkinu, sem kynnu að vera sér að kenna, hafi verið mjög óverulegir.

Gagnstefnandi reisir mótmæli sín gegn þessum kröfulið á því, að vegna hegðunar aðalstefnanda og framkvæmda við verkið hafi samningsriftunin verið algerlega réttmæt. Byggir hann það á því, að stefnandi hafi reiknað sér of hátt endurgjald, að hann virðist hafa haft tilraunir í frammi um að láta gagnstefnanda

greiða fyrir verk óviðkomandi samningum, að hann hafi ekki lokið tilskildum hluta verksins um áramótin 1963/1964, að hann hafi reynzt ósamvinnuþýður og að hann reisti bygginguna með verulegum meinbugum og frávikum frá teikningu.

Í framangreindri matsgerð þeirra Ágústs Bjartmarz og Finns Sigurðssonar, sem dagsett er 1. marz 1965, segir m. a. á þessa leið:

„... Hús I. Ekki búið að leggja í gólfin. Lofthæð 268 cm. Raki í útvegg niður við gólf í svefnherbergjum, og tjáði eigandi, að vatn gengi inn um vegginn í rigningum. Húsið er enn ekki múrhúðað að utan, og getur vatnið gengið inn um steypuskil á vegg og plötu og orsakað vatn á gólfi. En þar sem veður var þurrt, er við vorum á staðnum, gátum við ekki rannsakað þetta frekar.

Hús II. Búið að leggja í gólf og múrhúða að innan, og reyndist lofthæð vera 251 cm. Milliveggur steyptur, sem gengur í gegnum húsið á lengdina, hefur á tveimur stöðum gengið úr skorðum í mótum, og steyptur þannig, að hann hallast allt að 5 cm. En sökum þess að búið var að múrhúða loft og veggi, var erfitt að gera sér grein fyrir, hve mikið hefði þurft að brjóta og kasta á vegginn til þess að rétta hann af. Í stofu, þar sem milliveggur kemur í útvegg, hefur hann ekki verið réttur af að fullu, og hallast hann þar um 2.8 cm. Útveggur í stofu hefur bognað út um 2.2 cm, og er mesta beygjan um 2 m frá útvegg.

Gluggi er í þessum vegg, og er hann 5 m á lengd og 150 cm á hæð, og hefur hann bognað með veggnum. Teljum við, að útilokað sé að setja rúður eða rétta gluggana af nema með því móti, að sett verði nýtt undirstykki í gluggann. Vegginn fyrir neðan gluggann, sem er 65 cm á hæð, var búið að rétta af með múrhúðun. Einnig verður að skipta um þverpóst í sama glugga.

Hús III. Í því var sjáanlegur rakablettur í lofti við múrpípu gangmegin. Teljum við, að eftir því sem bezt verður séð, að leki þessi stafi frá frágangi við reykháf og hægt sé að komast fyrir hann með lagfæringu og endurbótum á þakjárni við skorsteininn. Þakgluggi var ekki kominn á, en járnplata sett yfir opið. Þar sem gluggaopið er 150 cm til hliðar við skorstein, teljum við útilokað, að lekinn geti stafað frá því. Hins vegar tjáði eigandi okkur, að mikill raki væri í útvegg svefnherbergja eins og í húsi nr. I, og getur hann stafað að einhverju leyti frá lausri þakplötu, sem nær fyrir vegginn fram á þakbrún.

Það virðist vera sameiginlegt með öllum húsunum, að steypa í útveggnum veðrast nokkuð, sérstaklega á suðaustur hlið, og

verður því að álíta, að sá raki, sem kemur þar fram, stafi frá því, að vatn komist gegnum veggina, meðan húsin eru ekki múrhúðuð að utan.

Einnig er það sameiginlegt í öllum húsunum, að engar raufar eru í neðsta gólfi fyrir miðstöðvarlögnum, og hafa því lagnir verið lagðar ofan á gólfin, eins og þau eru nú. Verður því að steypa 10—12 cm lag til að hylja rörin fyrir utan venjulegt ílag. Þessi hækkun á gólfi orsakar það, að færa verður rafmagnsdósir, sem steyptar hafa verið í veggi niður við gólf, upp um þá hæð, sem gólfið hækkar.

Eftirfarandi mat höfum við komið okkur saman um: Steypa í gólf á 4 húsum kr. 52.000.00. Aðrir gallar kr. 13.500.00. Samtals kr. 65.500.00".

Eftir að framangreint mat þeirra Finns Sigurðssonar og Ágústs Bjartmarz var framkvæmt, var óskað eftir því, að þeir endurmætu framangreint verk, og er síðari matsgerð þeirra dags. 22. maí 1968. Matsgerð þessi er staðfesting á fyrra mati þeirra, og hafa þeir staðfest hana fyrir dómi.

Sannað er, að teikning af miðstöðvarlögn lá ekki fyrir, þegar botnplötur húsanna voru steyptar, og telja verður, að byggingaframkvæmdir hafi verið hafnar með fullu samþykki og að ósk réttra aðilja, og verður það að teljast eðlilegt af byggingameistaranum að steypa botnplötur húsanna án raufa fyrir miðstöðvarlagnir, en gera ráð fyrir þykkara ílagi í gólf til að hylja ofanáliggjandi lagnir, enda er sú aðferð langalgengust við byggingar minni húsa. Dómurinn lítur svo á, að riftun ráðningarsamnings vegna galla á verkinu hafi ekki verið réttmæt, þar sem stærsti hluti matsgerðarinnar, kr. 52.000.00, er vegna þykkara gólfílags, en aðrir gallar, kr. 13.500.00, það óverulegir, að ekki réttlæti uppsögn samningsins, enda var það ekki upphafleg riftunarástæða.

Einnig hefur komið í ljós við mælingu, að endanleg lofthæð húsanna er eðlileg.

Í áðurgreindu mati þeirra Harðar Kristjánssonar og Tómasar Vigfússonar segir m. a. á þessa leið:

„... Það, er matsmenn tóku til mats, er, eins og stendur í matsbeiðninni „ísetning á gleri, gluggakarmar, hurðir, sólbekkir, listar, eldhúsinnréttingar, skilrúm, skápar í svefnherbergi o. fl.". Klæðning neðan á loftbita er ekki tekin með, þar sem loftin hafa verið steypt. Reiknað er með, að úti- og innihurðir séu aðkeyptar.

Matið er miðað við það, er óunnið var af þessari fagvinnu, er Sveinbjörn hætti störfum, og við, að verkið hefði verið unnið á þeim tíma, er gert er ráð fyrir í ráðningarsamningnum.

Hæfilegt verð teljum við á trésmíðavinnu á byggingarstað:

Vinna	kr.	60.700.00
Umsjón	—	9.740.00

Trésmíði unnin á verkstæði, svo sem eldhúsinnréttingar, fataskápar ásamt uppsetningu, metum við:

Vinna	kr.	161.600.00
Umsjón	—	54.648.00

Eftir ósk Vilhjálms Árnasonar hrl. höfum við metið vinnu við smíði á gluggum hússanna:

Vinna	kr.	8.700.00
Umsjón	—	2.937.00“.

Matsmennirnir hafa ekki verið kvaddir fyrir dóm til skýringa eða staðfestingar á matinu.

Álíta verður, að aðalstefnandi hafi orðið fyrir talsverðu tjóni vegna framangreindrar uppsagnar ráðningarsamningsins við aðalstefnda og að honum beri því bætur fyrir það tjón, sem sanngjarnt má telja, að hann hafi beðið. Eftir atvikum þykir hæfilegt að meta það á kr. 45.000.00.

Um 4. Kröfu sína samkvæmt þessum lið rökstyður aðalstefnandi á sama veg og kröfuna samkvæmt lið 3, að vegna hinnar óréttmætu uppsagnar á ráðningarsamningi aðilja hafi hann beðið álitshnekki og orðið fyrir atvinnutjóni. Gagnstefnandi hefur mótmælt þessum lið með sömu röksemdum og kröfunni samkvæmt lið 3.

Aðalstefnandi hefur ekki sýnt fram á tjón sitt samkvæmt þessum lið, og verður krafa hans samkvæmt þessum lið því ekki tekin til greina.

Gagnsök: Kröfur sínar í gagnsök sundurliðar gagnstefnandi þannig:

1.	Ágallar samkvæmt matsgerð	kr.	65.500.00
2.	Ofgreitt gagnstefnda	—	31.624.57
3.	Efnisreikningur	—	2.431.57
4.	Reikningur matsmanna	—	4.606.00
		Alls kr.	104.212.14

Um 1. Kröfu sína samkvæmt þessum lið byggir gagnstefnandi á því, að vegna galla þeirra, sem fram komu á verki aðalstefnanda, beri honum að greiða sér bætur, er svara til kostnaðar við að bæta úr göllunum. Upphæðin miðast við áðurgreinda matsgerð Ágústs Bjartmarz og Finns Sigurðssonar.

Gagnstefnandi reisir mótmæli sín gegn þessum kröfulið á því, að engin teikning af hitalögn hafi verið fyrir hendi, þegar botnplötur húsanna voru steyptar. Ákvörðun um gerð gólfa hafi verið tekin á sama hátt og aðrar ákvarðanir um framkvæmd verksins, þ. e. í samráði við rétta aðilja, enda hafi engin mótmæli komið þá fram um þetta atriði. Það hafi verið ákveðið að leggja hitalögnina í einangrunarlag það, er koma skyldi á gólfin.

Eins og fram kemur hér að framan varðandi lið 3 í kröfum aðalstefnanda, verður dómurinn að líta svo á, að ekki hafi verið um þá galla á verki aðalstefnanda að ræða, að réttlæti riftun ráðningarsamningsins, og að stærsti liður matsgerðar Finns Sigurðssonar og Ágústs Bjartmarz, kr. 52.000.00, verði ekki talinn gallar á verki aðalstefnanda og hann því ekki bótaskyldur að því leyti. Það, sem í matinu er kallað „aðrir gallar" og metið er til fjár á kr. 13.500, er m. a. tilfærsla á rafmagnsdósum. Með vottorðum tveggja rafvirkja, sem höfðu með höndum raflagnir húsanna og lögð hafa verið fram í málinu, verður að teljast sannað, að ekki hafi verið um aðrar færslur á rafdósum að ræða en eðlilega samræmingu á hæð. Aðra galla, sem nefndir eru í viðkomandi matsgerð, telur dómurinn bótaskylda og hæfilega bætta með kr. 9.000.00.

Um 2. Kröfu sína samkvæmt þessum lið byggir gagnstefnandi á því, að hann hafi ofgreitt aðalstefnanda meistaraálag, sem upphæð þessa kröfuliðar nemi.

Með skírskotun til röksemda og niðurstöðu varðandi lið 2 í aðalsök verður þessi liður ekki tekinn til greina.

Um 3. Kröfur samkvæmt þessum lið byggir gagnstefnandi á því, að aðalstefnandi hafi fengið byggingarefni hjá sér, sem þessari upphæð nemur. Aðalstefnandi hefur viðurkennt réttmæti þessa kröfuliðar, og verður hann því tekinn til greina.

Um 4. Krafa samkvæmt þessum lið fellur undir ákvörðun um málskostnað.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður niðurstaða dómsins sú, að í aðalsök greiði aðalstefndi, Byggingarfélag verkamanna og sjómanna í Ólafsvík, aðalstefnanda, Sveinbirni Sigtryggssyni, kr. 56.020.94 (9.583.43 + 1.437.51 + 45.000.00) ásamt

7% ársvöxtum af kr. 11.020.94 frá 5. febrúar 1964 til greiðsludags að viðbættum 7% ársvöxtum af kr. 45.000.00 frá 1. desember 1964 til greiðsludags. Í gagnsök greiði gagnstefndi gagnstefnanda kr. 11.481.57 (2.481.57 + 9.000.00) ásamt 7% ársvöxtum frá 5. júní 1967 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í báðum sökum falli niður.

Dóminn kváðu upp Jón S. Magnússon, fulltrúi sýslumanns Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, og meðdómsmennirnir Björgvin Kristján Þorvarðarson og Þórður Ársæll Þórðarson byggingameistarar.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði aðalstefndi, Byggingarfélag verkamanna og sjómanna í Ólafsvík, aðalstefnanda, Sveinbirni Sigtryggssyni, kr. 56.020.94 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 11.020.94 frá 5. febrúar 1964 til greiðsludags að viðbættum 7% ársvöxtum af kr. 45.000.00 frá 1. desember 1964 til greiðsludags.

Í gagnsök greiði gagnstefndi gagnstefnanda kr. 11.481.57 ásamt 7% ársvöxtum frá 5. júní 1967 til greiðsludags.

Málskostnaður í báðum sökum falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 5. desember 1969.

Nr. 192/1968. **Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Guðmundur Vignir Jósepsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Aðstöðugjald. Lögtak.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. október 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. s. m. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi, synjað verði um framkvæmd lögtaks og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda í fógetadómi og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar fógetadóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 11.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta, greiði stefnda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, kr. 11.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 5. júlí 1968.

Tildrög málsins eru sem hér segir: Við almenna álagningu skatta á árinu 1966 var gerðarþola í máli þessu, Vélbátaábyrgðar-

félaginu Gróttu, gert að greiða kr. 164.901.00 í opinber gjöld. Í ágústmánuði sama ár var skattálagning þessi lækkuð um kr. 97.237.00, og hafði gerðarþoli þá þegar fyrr í mánuðinum greitt kr. 50.000.00 inn á skattskuld sína. Eftirstöðvar skattskuldarinnar, kr. 17.664.00, voru greiddar í desember 1966, og var gerðarþoli því skattlaus á áramótum.

Hinn 12. janúar 1967 var aðstöðugjald gerðarþola frá árinu 1966 hækkað um kr. 36.700.00 og kirkjugarðsgjald hans um kr. 551.00, eða skattar hans hækkuðu samtals um kr. 37.251.00. Gerðarþoli, Vébátaábyrgðarfélagið Grótta, kærði ekki þessa álagningu, en mótmælti, þegar lögtak átti að fara fram til tryggingar skattskuldinni, og krafðist úrskurðar í málinu. Mál þetta var síðan tekið fyrir í fógetarétti Reykjavíkur hinn 28. nóvember 1967 og hefur verið rekið þar síðan.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda gerði þær réttarkröfur, að heimilað verði að gera lögtak hjá gerðarþola fyrir opinberum gjöldum ársins 1966 (hækkun skattstofu Reykjavíkur frá 12. janúar 1967) samkvæmt gjaldheimtuseðli að fjárhæð kr. 37.251.00 ásamt 12% ársvöxtum frá þingfestingardegi, 28. nóvember 1966, til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt mati réttarins.

Í málflutningi umboðsmanns gerðarbeiðanda kom fram, að hinn 12. janúar 1967 var aðstöðugjald, sem lagt var á Vélbátaábyrgðarfélagið Gróttu á árinu 1966, hækkað úr kr. 64.300.00 í 101.000.00, eða um kr. 36.700.00. Jafnframt hækkaði kirkjugarðsgjald um kr. 551.00, eða um 1½% af hækkuninni, eins og lög og reglur gera ráð fyrir. Við upphaflega álagningu var aðstöðugjaldstofn félagsins skipt á milli tveggja gjaldskrárflokka, þ. e. 0.5% og 1.0%, en í gjaldskrá borgarstjórnar er sagt, að á endurtryggingar skuli leggja 0.5%, en á aðrar vátryggingar 1.0%. Við nánari athugun síðar kom í ljós, að starfsemi þessa félags er ekki endurtryggingar, og varð þá álagningunni breytt þannig, að reiknað var 1.0% af álagningarstofninum öllum, og orsakaði það þá hækkun, sem félaginu var tilkynnt um með bréfi, dags. 12. janúar 1967.

Í 10. gr. reglugerðar nr. 81/1962 um aðstöðugjald segir, að sveitarstjórnum sé heimilt að ákveða fleiri gjaldflokka eftir tegund atvinnurekstrar innan þeirra takmarka, sem greind eru í upptalningu laganna, frá ½% upp í 2%. Jafnframt segir, að ekki sé heimilt að skipta útgjöldum í mismunandi gjaldflokka innan sömu tegundar atvinnurekstrar.

Samkvæmt þessari heimild samþykkti borgarstjórn Reykja-

víkur aðstöðugjaldskrá, sem hér liggur fyrir í réttinum sem rskj. nr. 4, og segir þar, að endurtryggingar falli undir gjaldskrárflokk 0.5%, en undir gjaldskrárflokk 1.0% vátryggingar ótaldar annars staðar. Heimild borgarstjórnar til þess að ákveða fleiri gjaldflokka eftir tegund atvinnurekstrar verður ekki dregin í efa.

Hér á landi eru a. m. k. tvö félög, sem hafa það verkefni fyrst og fremst að annast endurtryggingu, þ. e. Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og Íslenzk endurtrygging. Önnur tryggingafélög eru hins vegar fyrst og fremst frumtryggjendur, en hafa þó innan sinna vébanda endurtryggingardeildir, þannig er t. d. með Sjóvátryggingarfélag Íslands og Samvinnutryggingar. Gerðarþoli í þessu máli er hins vegar eingöngu frumtryggjandi og ber því 1% eins og aðrir frumtryggjendur. Það er þetta sem skattstofan var á sínum tíma að leiðrétta. Rekstrarútgjöld gerðarþola eru óumdeilanlegir gjaldstofnar til aðstöðugjaldsálagningar, þar með taldar keyptar endurtryggingar, og var úr því skorið með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 57/1965: Íslenzk endurtrygging gegn Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Enn fremur heldur umboðsmaður gerðarbeiðanda því fram í málflutningi sínum, að nokkurs misskilnings gæti í greinargerðs umboðsmanns gerðarþola, að því er varðar eðli endurtryggingar. Allir frumtryggjendur endurtryggja sig hjá öðrum félögum, þ. e. þeir kaupa tryggingu til þess að vera öruggir um, að öll þau iðgjöld, sem þeir fá greidd frá frumtryggjendum, fari ekki í tjónbætur. Þeir eru með þessu móti að leggja í útgjöld, sem ætluð eru til að tryggja tekjurnar og halda þeim við, en þess konar útgjöld eru einmitt talin sem dæmi um aðstöðugjaldstofn í 6. gr. reglugerðar um aðstöðugjald nr. 81/1962. Þetta er hins vegar ekki endurtryggingarstarfsemi. Endurtryggingarstarfsemi er einmitt félag, sem selur frumtryggjendum tryggingu, m. ö. o. það er tekjuliður hjá honum, það sem er útgjaldaliður hjá frumtryggjandanum.

Umboðsmaður gerðarþola gerir þær réttarkröfur, að neitað verði um lögtaksgerð þá, sem krafið er um í máli þessu, og gerðarbeiðandi verði dæmdur til að greiða umbjóðanda hans málskostnað samkvæmt mati fógetaréttarins. Í málflutningi sínum heldur hann því fram, að fjárhæð sú, sem deilt er um í máli þessu, stafi af því, að breytt hafi verið um álagningu aðstöðugjalds á umbjóðanda hans frá því, sem var á árinu 1966. Í fyrstu álagningu hafi honum verið gert að greiða 0.5% í aðstöðugjald,

en því verið breytt í janúarmánuði 1967 í 1% aðstöðugjald. Þessa hækkun telji umbjóðandi hans ólögmæta gagnvart sér.

Í fyrsta lið aðstöðugjaldskrár fyrir 1966, réttarskj. 4, eru endurtryggingar taldar undir liðnum 0.5%. Umbjóðandi hans telji, að vátryggingar þær, er hann rekur, séu sama eðlis og innan sama atvinnurekstrar eins og endurtryggingar í venjulegum skilningi.

Hann leggur á það megináherzlu, að í nútíma tryggingarstarfsemi sé frumtrygging og endurtrygging svo samtvinnuð, að þær séu eins og tveir þættir í sama kaðli og hljóti því frumtrygging og endurtrygging að falla undir sama atvinnurekstur, þ. e. a. s. vátryggingarstarfsemi.

Samkvæmt 4. lið 10. gr. reglugerðar nr. 81/1967 er bannað að skipta útgjöldum í misjafna gjaldflokka innan sömu tegundar atvinnurekstrar. Umbjóðandi hans telji tvímælalaust, að starfsemi hans og starfsemi venjulegra endurtryggingarfélaga sé innan sama atvinnurekstrar, og telur því óheimilt að ákveða mishá aðstöðugjöld fyrir slík félög.

Umbjóðandi hans vátryggir báta fyrir einstaklinga og endurtryggir síðan hjá Samábyrgð íslenzkra fiskiskipa. Samábyrgð íslenzkra fiskiskipa endurtryggir síðan fyrir sitt leyti hjá öðrum tryggingafélögum, og er starfsemin því sú sama að öðru leyti en því, að í öðru fallinu er vátryggður einstaklingur, en í hinu fallinu er vátryggður félag. Umbjóðandi hans telji því, að hækkun sú, sem mál þetta fjalli um, úr 0.5%, hafi verið óheimil samkvæmt gildandi lögum um þetta efni og á þeirri mótbáru sé vörn hans aðallega byggð í máli þessu.

Dómari hefur leitað sátta í málinu, en án árangurs.

Við athugun á framanrituðu virðist deilt um það í máli þessu, hvort frumtryggingar og endurtryggingar falli undir sama atvinnurekstur.

Gerðarþoli í máli þessu, Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta, starfar eftir lögum nr. 61/1947 um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip. Þar segir í 2. gr., að allir vélbátaeigendur, sem eiga vélbáta með þilfari allt að 100 rúmlestum brúttó að stærð, sem aðallega eru ætlaðir til fiskveiða við Ísland, skuli skyldir til að vátryggja þá hjá vátryggingafélagi, sem starfi samkvæmt lögum innan þess svæðis, sem báturinn er skrásettur á, og með þeim skilmálum, sem settir eru í lögum. Og í 3. grein segir, að landinu skuli skipt í vátryggingarsvæði. Ráðherra ákveði takmörk þeirra í samráði við Samábyrgðina. Á hverju vátryggingarsvæði skuli vera eitt vátryggingafélag fyrir vélbáta. Allir eigendur vátryggingar-

skyldra vélbáta á hverju vátryggingarsvæði séu skyldir til að vera í félagi því, sem þar starfi, og í 5. gr. segir, að bátaábyrgðarfélögin megi ekki hafa meira en 15% af vátryggingarupphæð hvers skips í eigin ábyrgð. Þó megi áhætta á einstöku skipi aldrei fara fram úr fjárhæð, sem ráðherra ákveði fyrir hvert félag í samráði við Samábyrgð Íslands. Félögin skuli endurtryggja hjá Samábyrgðinni þann hluta áhættunnar, sem þau beri ekki sjálf, og geti hún ekki undan því skorazt. Félögin greiða Samábyrgðinni jafnhá iðgjöld af þessum fjárhæðum og þau taka sjálf.

Samkvæmt ofanrituðu er starfsvið gerðarþola fastákveðið, þ. e. a. s. hann selur einstaklingum tryggingar og kaupir endurtryggingar á hluta af áhættunni. Aðra tryggingarstarfsemi má hann ekki stunda og þar af leiðandi ekki sölu endurtrygginga.

Í dómi Hæstaréttar í málinu nr. 57 frá 1965 er því slegið föstu, að kostnaður vegna kaupa á endurtryggingum reiknist sem aðstöðugjaldstofn hjá kaupandanum. Með lögum nr. 69 frá 1962, nú lög nr. 51/1964, voru sett ákvæði um aðstöðugjald, sbr. reglugerð nr. 81 frá 1962, en þar segir í 4. tl. 10. gr.:

„Ekki er heimilt að skipta útgjöldum í misjafna gjaldflokka innan sömu tegundar atvinnurekstrar". Skattahækkun sú, sem um er deilt í máli þessu, stafar af því, að skattstofan í Reykjavík er að leiðrétta, að hún í fyrstu álagningu á gerðarþola skipti útgjöldum innan sömu tegundar atvinnurekstrar í misjafna gjaldflokka við ákvörðun aðstöðugjalds. Í máli þessu er ekki deilt um upphæð álagningarinnar sem slíka, og er ekki krafizt lækkunar á áður álögðu aðstöðugjaldi né endurgreiðslu á neinum hluta þess. Ekkert kemur fram um það, að skattahækkunin hafi nokkru sinni verið kærð, og ekki ber umboðsmaður gerðarbeiðanda það fyrir sig í málflutningi sínum. Umboðsmaður gerðarþola mótmælir því í málflutningu sínum, að breytt hafi verið um álagningu á umbjóðanda hans úr 0.5% í 1% af útgjöldum við álagningu aðstöðugjalds. Telji hann hækkun þessa ólögmæta, þar sem hann álíti, að vátryggingar þær, er hann rekur, séu sama eðlis og innan sama atvinnurekstrar eins og endurtryggingar í venjulegum skilningi, og í fyrsta lið aðstöðugjaldskrár fyrir 1966 séu endurtryggingar taldar undir liðnum 0.5%.

Fógetarétturinn telur sig ekki geta fallizt á þessa röksemdafærslu.

Í. 3. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga eru ákvæði um aðstöðugjald, og í 10. gr. reglugerðar nr. 81 frá 1962 er sveitarstjórnum heimilað að ákveða fleiri gjaldflokka eftir tegundum

atvinnurekstrar innan þeirra takmarka, er lög og reglugerð heimila. Samkvæmt þeirri heimild samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur gjaldskrá þá, sem lögð hefur verið fram í máli þessu sem rskj. nr. 4 og er aðstöðugjaldskrá fyrir árið 1966. Þar eru taldar undir gjaldstiga 0.5% m. a. endurtryggingar og undir gjaldstiga 1% m. a. vátryggingar ótaldar annars staðar. Fógetarétturinn lítur svo á, að gjaldskrá þessi sé í samræmi við lög og reglur um aðstöðugjald. Enn fremur lítur hann svo á, að starfsemi gerðarþola falli undir vátryggingar, ótaldar annars staðar, enda er honum sala á endurtryggingum óheimil lögum samkvæmt.

Hækkun kirkjugarðsgjaldsins hefur ekki sérstaklega verið mótmælt, enda fylgir það aðstöðugjaldinu hlutfallslega.

Samkvæmt framangreindu þykir verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar fyrir kr. 37.251.00 ásamt 12% ársvöxtum frá 28. nóvember 1967 til greiðsludags auk kostnaðar á ábyrgð gerðarbeiðanda. Eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga fyrir kr. 37.251.00 ásamt 12% ársvöxtum frá 28. nóvember 1967 til greiðsludags ásamt kostnaði.

Allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 5. desember 1969.

Nr. 122/1969. **Jón H. Þorbergsson**
(Ólafur Þorgrímsson hrl.)
gegn
Ingimundi Erlendssyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Uppboð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. júní 1969. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður uppboðsdóms verði úr gildi felldur, synjað verði um framkvæmd uppboðsgerðar og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda í uppboðsdómi og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða úrskurði. Eins og þar er greint, var fjárnámsgerð þeirri, sem stefndi reisir á heimild sína til að krefjast uppboðs, þinglýst hinn 10. júlí 1968. Eignarrétti áfrýjanda var þinglýst 22. október 1968. Vikur hann því fyrir fjárnámsrétti stefnda, sbr. 2. mgr. 46. gr. laga nr. 19/1887. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð. Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jón H. Þorbergsson, greiði stefnda, Ingimundi Erlendssyni, kr. 12.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsdóms Reykjavíkur 3. júní 1969.

Réttarkröfur uppboðsbeiðanda, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, eru þær f. h. Ingimundar Erlendssonar, að húseignin nr. 7 við Garðsenda verði seld á nauðungaruppboði til lúkningar fjárnámsskuld að upphæð kr. 70.000.00 ásamt 1% mánaðarvöxtum frá 15. apríl 1968 til greiðsludags, kr. 180.00 í stimpilkostnað, kr. 11.000.00 í málskostnað, kr. 168.00 í endurrits- og birtingarkostnað, kr. 2.255.00 í fjárnáms- og þinglýsingarkostnað auk kostnaðar við uppboðsgerðina. Hann krefst og málskostnaðar vegna flutnings máls þessa í uppboðsrétti.

Uppboðsþoli, Jón Hálfdán Þorbergsson, Garðsenda 7, hefur mótmælt því, að uppboðið nái fram að ganga, og hann hefur einnig krafizt málskostnaðar sér til handa.

Var mál þetta tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram 23. fyrra mánaðar.

Samkvæmt veðbókarvottorðum, sem fyrir liggja í máli þessu, varð Guðjón Hermann Hannesson eigandi fasteignarinnar nr. 7 við Garðsenda hinn 2. febrúar 1955.

Nokkrar aðfarargerðir fóru fram í eigninni Garðsenda 7 síðla árs 1967, og bárust borgarfógetaembættinu uppboðsbeiðnir á grundvelli þeirra. Eiganda fasteignar þessarar var tilkynnt um framkomnar uppboðsbeiðnir með tíðkanlegum hætti hinn 24. janúar 1968, og auglýsing um uppboð var send til birtingar í Lögbirtingablaðinu hinn 1. febrúar s. á. Var uppboðið tekið fyrir á skrifstofu uppboðshaldara hinn 25. marz 1968 og frestað til 26. apríl.

Þá er það hinn 30. marz 1968, að þeir gera með sér kaupsamning um eign þessa, Guðjón H. Hannesson og Jón Hálfdán Þorbergsson, sem gerist kaupandi að eigninni frá og með 1. apríl þess árs. Afsal skyldi gefið út, þá er kaupandi hefði greitt kr. 600.000.00 af kaupverði í peningum, en að öðru leyti skyldi kaupverð greiðast með yfirtöku 450.000.00 kr. veðskulda og með skuldabréfum. Kaupsamningnum var ekki þinglýst.

Uppboðsgerðin var tekin fyrir 26. apríl samkvæmt framansögðu og þá frestað til 27. maí. Er uppboðið var þá tekið fyrir, hafði borizt uppboðsbeiðni Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttarlögmanns vegna Sambands íslenzkra samvinnufélaga samkvæmt fjárnámsgerð, er fram hafði farið 26. apríl 1968. Enn var uppboði frestað til 25. júní og þá til 29. ágúst.

Þorvaldur Lúðvíksson hæstaréttarlögmaður lætur gera fjárnám í fasteigninni Garðsenda 7 hinn 9. júlí 1968 til tryggingar dómkröfum samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur í málinu 5543/1968: Ingimundur Erlendsson gegn Guðjóni Hannessyni. Það liggur fyrir í málinu, sbr. endurrit fjárnámsgerðar, sjá rskj. 4, að gerðarþoli var ekki viðstaddur fjárnámsgerðina, en lögmaður, er var nærstaddur, var tilkvaddur af fógeta að mæta fyrir hans hönd. Því er ekki haldið fram í máli þessu, að lögmaður þessi hafi síðar látið gerðarþola fjárnámsins vita um gerðina.

Lét Þorvaldur Lúðvíksson þinglýsa fjárnámi þessu á fasteignina Garðsenda 7 hinn 10. júlí 1968. Var áritun þinglýsingardómara gerð án athugasemda, og er þar getið um áður þinglýst löghald fyrir sömu kröfu.

Hinn 6. ágúst 1968 gaf Guðjón H. Hannesson Jóni H. Þorbergssyni afsal fyrir eign þessari. Er þar vísað til skulda, er afsalshafi taki að sér að greiða, og vísast þar um til afsalsins. Komið er fram í máli þessu, að nýtt veðbókarvottorð lá fyrir aðiljum við útgáfu afsalsins, en afsalið getur ekki um, að Jón H. Þorbergsson taki að sér fjárnámsskuld þá, er að ofan getur.

Uppboðinu var frestað til 14. október og 19. nóvember 1968.

Var þá ákveðið, að sala skyldi fara fram 16. janúar 1969, en var enn frestað til 24. febrúar s. á. Þá var ákveðið, að sérstakt uppboðsréttarmál skyldi rekið um framkomin mótmæli gegn framgangi uppboðs. Þess skal getið, að yfirleitt var mætt af hálfu uppboðsþola við fyrirtökur uppboðsins, en ekkert til bókar fært, sem benti til mótmæla gegn uppboðinu, fyrri en þetta mál var fyrst tekið fyrir.

Er uppboðsmál þetta var fyrst fyrir rétti, voru uppboðsbeiðandur, fjárnáms- og veðhafar, búnir að afturkalla beiðnir sínar aðrir en Björn Sveinbjörnsson hæstaréttarlögmaður og Þorvaldur Lúðvíksson hæstaréttarlögmaður. Hinn 21. maí s.l. afturkallaði Björn Sveinbjörnsson uppboðsbeiðni sína, þannig að Þorvaldur Lúðvíksson hæstaréttarlögmaður er nú einn uppboðsbeiðandi f. h. Ingimundar Erlendssonar.

Guðjón Hannesson hefur mætt sem vitni í máli þessu. Hann kveðst ekki hafa vitað um löghaldsgerð þá og fjárnámsgerð, er Þorvaldur Lúðvíksson lét fram fara, en fortekur ekki að hafa fengið stefnubirtingu á þeim tíma, sem staðfestingarmál löghaldsins muni hafa verið höfðað, kveðst þó ekki muna sérstaklega eftir þeirri stefnu. Heldur ekki fortekur hann að hafa fengið ábyrgðarbréf með tilkynningu um löghaldið. Um þetta leyti hafi

fjöldi birtinga borizt. Guðjón segist hafa verið langdvölum í Hveragerði á þessum dögum og oft ekki komið til Reykjavíkur til næturdvalar, en hafi þá fengið að hafast við í einu herbergi í kjallara í Garðsenda 7, en húsið hafi að öðru leyti staðið autt frá því í september 1967 til jafnlengdar 1968.

Þá hefur Jón Hálfdán Þorbergsson, Garðsenda 7, mætt í málinu til að gefa aðiljaskýrslu. Hann segir, að veðbókarvottorð hafi legið frammi, er hann keypti eignina Garðsenda 7 af Guðjóni Hannessyni. Þar hafi ekki verið getið um uppboðskröfu þessa og Guðjón hafi ekki minnzt á hana við sig. Jón kveðst hafa flutt í Garðsenda 7 í september 1968, en iðulega verið þar starfandi í frístundum sínum og aldrei orðið var ferða fógetaréttar eða stefnuvotta og engar tilkynningar fengið um gerðir þeirra. Hann segir, að þá er hann fékk afsalið 6. ágúst 1968, hafi nýtt veðbókarvottorð legið fyrir og þar hafi komið fram fjárnám það, er Þorvaldur Lúðvíksson hæstaréttarlögmaður hafi látið fram fara, en Guðjón hafi gengizt við því sem sinni skuld.

Í málflutningi sínum vísar Þorvaldur Lúðvíksson til þess, að hann hafi látið gera löghald í eigninni Garðsenda 7 og það löghald hafi verið staðfest með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum í maí 1968. Þessi dómur hafi verið tekinn gildur af fógeta sem réttur aðfarargrundvöllur og aðför hafi verið löglega framkvæmd og andmælalaust, að undangenginni athugun afsals- og veðmálabóka, í þinglýstri eign skuldarans, Guðjóns H. Hannessonar. Síðan hafi fjárnámsgerð verið þinglýst athugasemdalaust. Með þessu móti hafi hann fengið lögvarinn rétt til að láta fara fram uppboð á hinni fjárnumdu eign og taka að sér greiðslu af uppboðsandvirði alveg í samræmi við 46., sbr. 50. grein aðfaralaga nr. 19/1887 og skipti þar engu mál sá réttur óþinglýstur, sem Jóni H. Þorbergssyni hafi verið heitinn með kaupsamningi hans við Guðjón. Sá réttur verði að þoka fyrir síðar tilkomnu þinglýstu fjárnámi. Þá er Jón loks hafi fengið afsal hinn 6. ágúst 1968, hafi honum gefizt til kynna hin þinglýsta fjárnámsgerð og margoft síðan hafi verið athugasemdalaust mætt af hálfu uppboðsþola í uppboðsréttinum. Geti hann því á engu stigi málsins borið fyrir sig góða trú varðandi skuldheimtu þessa. Þetta leiði beinlínis af almennum reglum, að löðvernd sú, er kaupandi eignar njóti gagnvart seljanda, fáist við samninga hans við seljandann og skýringu á samningum þeirra, en lögvernd kaupanda gagnvart 3ja manni fáist ekki að fullu nema við þinglýsingu, hafi 3ja manni verið ókunnugt um samninga aðilja kaupsamnings. Kveður

Þorvaldur sér hafa verið alls ókunnugt um kaupsamning uppboðsþola við Guðjón H. Hannesson, er hann gerði fjárnámið og lengi síðan, og hafi hann algerlega treyst upplýsingum afsals- og veðmálabóka og haft til þess allan rétt.

Uppboðsþoli bendir á það, að um sé að ræða skuld Guðjóns Hannessonar eins. Hennar hafi að engu verið getið, er hann keypti eignina af Guðjóni, hvorki af Guðjóni sjálfum né nærverandi gögnum. Uppboðsþolinn kveður sér hafa verið alsendis ókunnugt um tilvist hennar, unz afsal var gefið út 6. ágúst 1968, og telur hana sér alveg óviðkomandi. Uppboðsbeiðandi hafi hér gengið að eign, sem skuldarinn átti ekki lengur, og einhliða réttargerðir hans geti ekki dregið síðari eiganda inn í málið sem skuldara, enda sé fjárnám einlægt gert að geymdum betra rétti 3ja manns. Sá betri réttur hafi stofnazt uppboðsþola máls þessa til handa þegar við gerð kaupsamnings 30. marz 1968 og þinglýsing hans eigi ekki að skipta máli til eða frá, enda engin skylda til að þinglýsa slíkum gerningum, og eignarréttur hafi verið kominn til uppboðsþola, áður en fjárnám fór fram. Hins vegar hefði uppboðsþoli ekki getað virt að vettugi fjárnámsgerð, er þinglýst hafi verið á eignina, áður en kaupsamningur stofnaðist. Umboðsmaður uppboðsþola getur þess að gefnu tilefni, að hann hafi lengst af mætt í uppboðsrétti til þess eins að biðja um fresti, svo að ráðrúm gæfist til að borga áhvílandi kröfu, svo sem og gert hafi verið, en hann hafi ekki farið að rannsaka uppboðsbeiðnir og þeim fylgjandi gögn, fyrr en svo var komið, að frestur fékkst ekki lengur. Uppboðsbeiðandi geti engan rétt byggt á þessu atriði.

Það er ekki komið fram í máli þessu, að uppboðsbeiðanda hafi verið kunnugt um kaupsamning uppboðsþola við Guðjón Hannesson, er hann lét framkvæma innheimtuaðgerðir þær, er að framan er lýst. Það hefur heldur ekki verið vefengt, að hann hafi athugað afsals- og veðmálabækur hér að lútandi, áður en hann lét gerðir þessar fram fara.

Telja verður, að uppboðsþoli, Jón Hálfdán Þorbergsson, sem lét ekki þinglýsa kaupsamningi sínum, verði að hlíta því, að hin fjárnumda fasteign verði seld á uppboði til lúkningar fjárnámskröfum uppboðsbeiðanda. Fer hin umbeðna uppboðsgerð fram samkvæmt kröfu uppboðsbeiðanda og á hans ábyrgð.

Ekki þykir verða hjá því komizt að úrskurða uppboðsbeiðanda málskostnað úr hendi uppboðsþola. Þykir hann hæfilega tiltekinn kr. 7.000.00.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer fram á ábyrgð uppboðsbeiðanda.

Uppboðsþoli, Jón Hálfdán Þorbergsson, greiði uppboðsbeiðanda kr. 7.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. desember 1969.

Nr. 97/1969. **Björn Ársælsson**
(Kjartan Reynir Ólafsson hdl.)
og Ingi R. Helgason (sjálfur)
gegn
Gunnari Þorsteinssyni f. h.
Sigríðar Kristínar Gunnarsdóttur
(Sigurður Sigurðsson hrl.)
Jóni Magnússyni og (sjálfur)
Skiptaráðandanum í Reykjavík f. h.
þrotabús Halldórs Backmans (enginn).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Fjárnám úr gildi fellt.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur Björn Ársælsson og Ingi R. Helgason hafa, hvor í sínu lagi, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnum 19. maí 1969, að fengnum áfrýjunarleyfum 22. apríl 1969. Gera þeir, hvor í sínu lagi, þær dómkröfur, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og að stefndu, öðrum en þrotabúi Halldórs Backmans, verði dæmt að greiða hvorum þeirra málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndu Gunnar Þorsteinsson f. h. Sigríðar Kristínar Gunnarsdóttur og Jón Magnússon krefjast þess, hvor um sig, að

hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og að áfrýjendum verði dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af hendi þrotabús Halldórs Bachmans eru eigi hafðar uppi kröfur né fram flutt málsreifun fyrir Hæstarétti.

Bú Halldórs Backmans var tekið til gjaldþrotaskipta 27. september 1968.

Hinn 16. febrúar 1968 var framkvæmd fjárnámsgerð í eignarhluta Halldórs Backmans í húseigninni nr. 106 við Hraunbæ í Reykjavík samkvæmt bókun í fógetadómi til fullnustu bæjarþingsdóms nr. 2593/1966 í máli stefnda Gunnars Þorsteinssonar f. h. Sigríðar Kristínar Gunnarsdóttur á hendur Halldóri Backman, að fjárhæð kr. 62.229.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 23. apríl 1965 til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnaði, kr. 12.353.00, og kostnaði af innheimtuaðgerðum. Enn var gert framhaldsfjárnám hinn 5. apríl 1968 í „þinglýstum" eignarhluta Halldórs Backmans í húseigninni nr. 108 við Hraunbæ í Reykjavík til lúkningar sama dómi. Loks var hinn 25. júlí 1968 samkvæmt kröfu Sigurðar Hafsteins héraðsdómslögmanns framkvæmt þriðja fjárnámið til fullnustu sama dómi, sem eigi var lagður fram. Var nú tekið fjárnámi veðskuldabréf, útgefið af Stefáni Sigursælssyni hinn 5. marz 1968 til handhafa, að fjárhæð kr. 150.000.00, sem var í vörzlum Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns. Var bréfið áritað um fjárnámið.

Áfrýjendur staðhæfa, að fyrri fjárnám hafi nægt til fullnustu hins óframlagða dóms og lagaskilyrði hafi því brostið til framkvæmdar fjárnámsins 25. júlí 1968, sbr. 19., 51. og 52. gr. laga nr. 19/1887.

Þá fullyrða áfrýjendur, að hið fjárnumda veðskuldabréf, tryggt í íbúð í húsinu nr. 104 við Hraunbæ, hafi verið gefið út til efnda á kaupverði nefndrar íbúðar, sem Stefán Sigursælsson hafi keypt af Halldóri Backman með kaupsamningi 4. júlí 1967. Hafi Halldór Backman fyrirfram með framlagðri, skriflegri yfirlýsingu, dags. 20. nóvember 1967, framselt áfrýjanda Birni Ársælssyni eignarrétt til veðskuldabréfsins til lúkningar á skuld sinni af hluta við Björn Ársælsson,

sem stofnaðist vegna smíðar hússins og tryggð var með veði í nefndri íbúð. En áfrýjandi Ingi R. Helgason hafi samkvæmt framlagðri kvittun, dags. 14. desember 1967, samþykkt og afhent áfrýjanda Birni Ársælssyni víxil að fjárhæð kr. 150.000.00 til tryggingar því, að staðið yrði við útgáfu nefnds veðskuldabréfs til handa áfrýjanda Birni Ársælssyni. Hafi því verið gert fjárnám í handhafaveðskuldabréfi, sem eigi var eign gerðarþola, og beri að ógilda fjárnámið af þeim sökum.

Fógetadómur var hinn 25. júlí 1968 „settur að Grensásvegi 22“, án þess að fjárnámsgrundvöllur væri skjalfestur í réttinum. Bókað var: „Gerðarþoli býr hér, en er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir Jóhanna Backman, kona hans, sem hér býr. Áminnt um sannsögli, kveðst hún ekki geta greitt“. Gerði fógeti síðan fjárnám í áminnztu handhafaveðskuldabréfi, sem ætla má, að hafi þá verið á skrifstofu Jóns Magnússonar eða í öðrum vörzlum hans. Eigi leiðbeindi fógeta eiginkonu gerðarþola, sem eigi er vitað um, að sé lögfróð, að hún gæti borið fram eða reynt að bera fram varnir á þeim grundvelli, að hér væri um framhaldsfjárnám að tefla. Eigi benti fógeti henni á, að ástæða væri fyrir hana að bera sig saman við eiginmann sinn um það, hvort hann væri eigandi hins oftnefnda handhafaveðskuldabréfs, sbr. 114. gr. og 223. gr. laga nr. 85/1936. Þá grennslaðist fógeti eigi eftir þessum atriðum af sjálfsdáðum. Fjárnámsgerðinni var af nefndum sökum svo áfátt, að fella verður hana niður.

Rétt er, að stefndi Gunnar Þorsteinsson f. h. Sigríðar Kristínar Gunnarsdóttur greiði áfrýjanda Birni Ársælssyni málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00. Að öðru leyti á málskostnaður að falla niður.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Stefndi Gunnar Þorsteinsson f. h. Sigríðar Kristínar Gunnarsdóttur greiði áfrýjanda Birni Ársælssyni málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 25. júlí 1968.

Ár 1968, fimmtudaginn 25. júlí, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Grensásvegi 22 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta, Pétri Axel Jónssyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A-2169/1968: Gunnar Þorsteinsson f. h. Sigríðar Kristínar Gunnarsdóttur gegn Halldóri Backman.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 endurrit fjárnámsgerðar, framkvæmdri á grundvelli málsins nr. 2593/1966. Nr. 1 og 2 fylgja með í frumriti, svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Sigurður Hafstein og krefst fjárnáms fyrir kr. 62.229.00 með 6% ársvöxtum frá 23. apríl 1965 til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 12.353.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér, en er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir Jóhanna Backman, kona hans, sem býr hér. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, skuldabréfi, sem er í vörzlu Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, að upphæð kr. 150.000.00, útgefnu af Stefáni Sigursælssyni, Njörvasundi 9.

Bréfið á að borgast á næstu fimm árum.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá fjárnáminu. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Mánudaginn 8. desember 1969.

Nr. 221/1969. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Páli Hauki Kristjánssyni
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Ákæra um fiskveiðabrot. Birting stjórnvaldaerinda.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði er í máli þessu sóttur þeim sökum að hafa hinn 14. apríl 1969 á skipi sínu, v/s Þorgeiri, GK 73, verið að botnvörpuveiðum á hafsvæði, þar sem botnvörpuveiðar voru á þeim tíma bannaðar með auglýsingu sjávarútvegsráðherra 27. febrúar 1969 „um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi", sem sett hafði verið „samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og lögum nr. 62 18. maí 1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 304 20. desember 1968 um leyfi til togveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi ...". Auglýsing þessi var birt í Lögbirtingablaði 4. marz 1969 og síðan í B-deild Stjórnartíðinda 30. apríl 1969. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldaerinda bar að birta auglýsinguna í B-deild Stjórnartíðinda, og samkvæmt 7. gr. sömu laga mátti ekki beita ákvæðum hennar, fyrr en það hafði verið gert. Að svo vöxnu máli, verður ákærða dæmd sýkna af kröfum ákæruvalds.

Allur kostnaður af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00 til hvors þeirra.

Dómsorð:

Ákærði, Páll Haukur Kristjánsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Kostnaður af málinu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Gunnars I. Hafsteinssonar héraðsdómslögmanns og Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00 til hvors þeirra.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 9. október 1969.

Ár 1969, fimmtudaginn 9. október, var í sakadómi Hafnarfjarðar, sem haldinn var í dómsal embættisins af fulltrúa bæjarfógeta, Sigurði Halli Stefánssyni, ásamt meðdómsmönnunum Þorsteini Einarssyni og Árna Sigurðssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 394/1969: Ákæruvaldið gegn Páli Hauki Kristjánssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 1. október s.l., er með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 16. maí 1969, höfðað gegn Páli Hauki Kristjánssyni, Þúfubarði 11 í Hafnarfirði, skipstjóra á v/s Þorgeiri, GK 73, „fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum báti síðdegis mánudaginn 14. apríl 1969 suður af Reykjanesi á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. áðurnefndrar reglugerðar, þar sem botnvörpuveiðar eru bannaðar til 30. apríl 1969 samkvæmt 1. tl. 1. gr. auglýsingar sjávarútvegsmálaráðuneytisins 27. febrúar 1969 um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi, sbr. lög nr. 88/1968 um breytingu á áðurnefndum lögum, og reglugerð nr. 304/1968 um leyfi til togveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. að öðru leyti reglugerðir um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 3/1961, 87/1958, 4/1961 og 29/1964 og auglýsingu nr. 4/1961.

Ákærist því nefndur Páll Haukur til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr. nefndra laga nr. 62/1967, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961 og 1. mgr. 2. gr. auglýsingar nr. 304/1968, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu sakarkostnaðar".

Ákærði er sakhæfur, fæddur í Reykjavík 2. júní 1923, og hefur ekki áður sætt kærum eða refsingum, svo að kunnugt sé, utan það, að honum var með dómi sakadóms Hafnarfjarðar, uppkveðnum 3. september 1967, gert að greiða kr. 25.000.00 í sekt vegna ólöglegra togveiða innan fiskveiðimarkanna. Hinn 1. desember 1968 veitti forseti Íslands ákærða uppgjöf sakar, að því er varðar dóm þennan.

Málavextir eru þeir samkvæmt skýrslu Sigurðar Þorkels Árnasonar, skipherra Grumman Albatross gæzluflugvélar Landhelgisgæzlunnar No. 141276, dagsettri 15. apríl 1969, að mánudaginn 14. apríl 1969 var gæzluflugvélin á gæzluflugi undan Eldey:

„Um kl. 1620 var tekið eftir fiskibáti skammt SA af Eldey.

Kl. 1624 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Eldey miðast r/v 315°, fjarlægð 4.9 sjóm.

Gefur það stað bátsins um 1.6 sjóm. innan við leyfð fiskveiðitakmörk á þessum slóðum.

Kl. 1636 var staðarákvörðunin endurtekin:

Eldey miðast r/v 314°, fjarlægð 4.9 sjóm.

Gefur það stað bátsins um 1.6 sjóm. innan við leyfð fiskveiðitakmörk á þessum slóðum.

Reynt var margsinnis að kalla bátinn upp á blgd. 2311 k.rið og hafa samband við hann, en án árangurs.

Skömmu síðar fór flugvélin frá bátnum og hélt til frekari gæzlustarfa, en haft var samband við næstatt varðskip og það beðið um að svipazt um eftir bátnum og hafa samband við hann.

Allan tímann sem gæzluflugvélin var yfir bátnum sást enginn maður á þilfari og engin stefnubreyting var sjáanleg.

Allar mælingar voru gerðar af undirrituðum og stýrimanni flugvélarinnar með ratsjá flugvélarinnar, sem er af gerðinni C-970/APS-3113, og seguláttavita. Einnig las aðstoðarflugmaður af ratsjánni.

Veður: SV 2—4 vindstig, él".

Gerðar voru tilraunir af hálfu Landhelgisgæzlunnar og bæjarfógetans í Hafnarfirði til að v/s Þorgeir yrði kallaður í land, en án árangurs. Að morgni fimmtudagsins 17. apríl kom hann til heimahafnar sinnar, Sandgerðis, og hófust dómprof í málinu samdægurs.

Yfirmenn Landhelgisgæzlunnar, sem í gæzluflugvélinni voru í umrætt sinn, komu í dóm þann dag svo og skipshöfnin á v/s Þorgeiri.

Sigurður Þorkell Árnason skipherra staðfesti skýrslu sína. Hann

kvaðst hafa séð greinilega nafn bátsins og númer, Þorgeir, GK 73, og kvaðst hann þess algerlega fullviss, að báturinn hefði verið að togveiðum, er flugvélin flaug yfir hann, en það hefði verið nokkrum sinnum. Vír hafi legið strengdur frá fremri gálga hallandi niður á við til hliðar við brúna í átt að blökkinni. Togvírarnir hafi síðan legið strengdir frá blökkinni á stjórnborðshlið bátsins og töluverð opning verið á þeim, þar sem þeir lágu í sjó. Hann kvaðst hafa séð, að engin veiðarfæri voru á þilfari bátsins, hvorki hlerar, varpa né annað, en hins vegar hefði hann ekki tekið eftir, hvort veiðarfæri voru á bátapalli. Hann kvaðst ekki hafa séð neina menn á þilfari bátsins, sem greinilega hafi togað með stjórnborðsvörpu og haldið í NA-læga stefnu. Til sönnunar því sagði hann enn fremur, að mikið skrúfuvatn hefði komið aftur úr bátnum, svo að ekki hefði dulizt, að hann dró eitthvað þungt. Hann skýrði svo frá, að öll framantalin atriði hefðu sézt í fyrsta aðflugi, en þá hefði ekki verið framkvæmd staðarákvörðun. Fleiri aðflug hefðu síðan verið gerð til að athuga bátinn og hefði hann þá séð einhver framantalinna atriða í hverju aðflugi. Hann kvað flogið hafa verið í um 200 feta hæð yfir bátinn. Hann kvað mælingar hafa verið framkvæmdar þannig, að tveir af áhöfn flugvélarinnar sögðu til um, er vélin var yfir bátnum, og um leið hafi tveir menn lesið af ratsjá. Sama aðferð hafi verið viðhöfð, er ákvörðuð var stefna flugvélarinnar.

Benedikt Gunnar Guðmundsson, stýrimaður hjá Landhelgisgæzlunni, kvaðst hafa séð einkennisstafi bátsis og númer, GK 73, en ekki nafn. Hann kvaðst þess fullviss, að báturinn hefði verið að toga í NA-læga stefnu, er flugvélin flaug yfir hann, en það hefði verið nokkrum sinnum til skoðunar. Hann kvaðst greinilega hafa séð, að togvírar lágu strengdir frá togblökk í sjó aftur með stjórnborðshlið bátsins og hafi opnun verið greinileg milli víranna, þar sem þeir lágu í sjó. Kvaðst hann hafa fengið flugstjórann til að fljúga fram með stjórnborðshlið bátsins til að fullvissa sig um, að vírarnir lægju eins og að framan greinir. Skrúfuvatn hefði verið aftur af bátnum þannig, að útilokað væri, að bátinn hefði rekið. Hann kvaðst ekki hafa séð neina menn á bátnum né nein veiðarfæri á þilfari hans, en ekki tekið eftir, hvort veiðarfæri voru á bátapalli. Hann kvað hafa gengið á með éljum, en skyggni gott á milli. Hann kvað staðarákvarðanir hafa verið framkvæmdar þannig, að er flugvélin var yfir bátnum, hefði flugstjórinn látið þá, sem voru við ratsjána, vita, en það hefðu verið auk hans sjálfs skipherrann í annað skiptið og

aðstoðarflugmaðurinn í hitt. Hann skýrði svo frá, að reynt hefði verið margsinnis að hafa samband við bátinn, en án árangurs, og varðskipið Albert, sem þar var nærri, beðið að halda þeim tilraunum áfram.

Björn Jónsson, flugstjóri hjá Landhelgisgæzlunni, kvaðst hafa tekið þann þátt í staðarákvörðun, að hann hefði sagt til um stefnu flugvélarinnar, um leið og vélin var yfir bátnum. Hann kvaðst þess fullviss, að v/s Þorgeir hefði verið að togveiðum í umrætt sinn. Togvírar hefðu verið samanteknir í blökkinni og legið frá henni strengdir aftur með stjórnborðshlið bátsins. Hann kvaðst ekki hafa séð veiðarfæri á þilfari bátsins, hvorki hlera né annað, og ekki tekið eftir, hvort veiðarfæri voru á bátapalli. Útilokað væri, að bátinn hefði rekið, heldur hefði hann verið á togferð og skrúfuvatnið borið þess vitni, að báturinn var á ferð fyrir afli vélarinnar. Hann skýrði svo frá, að flugvélin hefði flogið yfir bátinn í um 200 feta hæð og skyggni verið allgott til sæmilegt, en gengið á með smáéljum og sjólag „slampandi". Hann kvað skipherra hafa margsinnis kallað upp bátinn svo og til Keflavíkur, en án þess að árangur bæri.

Páll Halldórsson, flugmaður hjá Landhelgisgæzlunni, aðstoðarflugmaður gæzluflugvélarinnar í umrætt sinn, kvaðst hafa tekið þátt í staðarákvörðun með því að lesa af ratsjá. Kvaðst hann hafa séð nafn bátsins og númer, Þorgeir, GK 73, en ekki veitt því eftirtekt, hvort hann var að toga, hvort veiðarfæri voru á þilfari bátsins eða hvort togvírar lágu frá honum í sjó. Hann kvað skyggni hafa verið allgott.

Framangreind vitni staðfestu vætti sín með eiði.

Kærði kom í dóm klukkan 1430. Skýrði hann svo frá, að hann hefði farið á veiðar með v/s Þorgeir, GK 73, klukkan um 0600 mánudaginn 14. apríl og hafið veiðar með botnvörpu klukkan um 1000 um það bil 12 sjómílur suð-suð-vestur til suðvesturs af Eldey. Klukkan um 1300 hefði varpan verið hífð upp, en enginn fiskur verið í henni, enda mjög rifin. Áhöfn bátsins hafi strax farið að bæta vörpuna og lokið því verki um tveimur klukkustundum síðar, en bátinn rekið á meðan. Kvað hann bátinn hafa verið látinn reka áfram til klukkan um 1700 og hafi vélin verið í gangi, en frákúplað, og hafi bæði vírar og botnvarpa verið uppi á þilfari bátsins. Hann sagði, að honum hefði ekki verið kunnugt um, að aðrir hefðu verið vakandi um borð í bátnum, meðan hann rak, en hann sjálfur, sem verið hafi í brúnni, og 2. vélstjóri, sem var á vakt í vélarrúmi. Hann kvað suðvestan

át hafa verið og él og stefna bátsins að líkindum aust-norð-austlæg. Hann kvaðst hafa séð til flugvélar yfir bátnum, á meðan á reki hans stóð, en eftir að viðgerð botnvörpunnar lauk, en ekki vitað, að um landhelgisflugvél var að ræða, enda hefði hann ekkert heyrt til áhafnar flugvélarinnar, enda þótt talstöð bátsins hafi verið opin og stillt á bylgjulengd 2311 kílórið. Hann vefengdi ekki, að réttar væru staðarákvarðanir Landhelgisgæzlumanna og að báturinn hefði þá verið þar, sem hann vissi, að botnvörpuveiðar voru bannaðar. Hins vegar neitaði hann alfarið, að báturinn hefði verið að veiðum. Veiðarfærin hefðu legið óbúlkuð á þilfari, hlerarnir milli gálga og borðstokks og togvírarnir ekki lásaðir frá botnvörpunni. Klukkan um 1700 var að sögn ákærða siglt í suðausturátt og vörpunni „kastað" í sjó um 20 sjómílur norðvestur af Surtsey. Síðan var komið í höfn í Grindavík miðvikudaginn 16. apríl og þar unnið að viðgerð botnvörpunnar, en haldið sama dag á veiðar á Faxaflóa, og vissi ákærði ekki, að hans beið ákæra fyrir fiskveiðibrot, fyrr en hann kom til Sandgerðishafnar að morgni næsta dags.

Klukkan 2220 kom ákærði aftur í dóminn. Kvaðst hann þá ekkert geta fullyrt um tímaákvarðanir umræddan dag, er hann var staðinn að meintu fiskveiðibroti, en taldi, að lagt hefði verið úr höfn klukkan um 0600—0700, vörpunni kastað klukkan um 1000 og hún hífð upp klukkan um 1300, þótt hann gæti ekki fullyrt, hversu lengi var togað, og aðspurður, hvort verið gæti, að báturinn hefði enn verið að toga klukkan um 1630, svaraði hann, að hann gæti ekkert fullyrt um tímaákvarðanir. Hann vefengdi ekki, að klukkan hefði verið um 1630, er flugvélin flaug yfir bátinn, en hélt fast við þann framburð sinn, að báturinn hefði þá ekki verið að toga, heldur hefði hann rekið.

Ákærði kom enn í dóm föstudaginn 18. apríl. Kvað hann þá afla hafa verið mjög lítinn úr togi því, er tekið var mánudaginn 14. apríl, varla meira en 20—30 fiskar.

Vitnið Erlendur Kristjánsson, stýrimaður á v/s Þorgeiri, kom tvisvar í dóminn, í fyrra sinnið klukkan 1645 og hið síðara klukkan 2150.

Hið fyrra sinn skýrði hann svo frá, að haldið hefði verið úr höfn í Sandgerði klukkan um 0600 mánudaginn 14. apríl og siglt um það bil 12—13 sjómílur suð-suð-vestur af Eldey. Þar hafi veiðar verið hafnar og togað í vesturátt, þar til báturinn var um það bil suðvestur af Eldey. Um hádegið hafi varpan verið hífð inn, en hún verið rifin og enginn fiskur í henni, meginhluti

hennar síðan dreginn upp á bátapall, þar sem áhöfnin hafi unnið að viðgerð hennar í eina til tvær klukkustundir, en á meðan hafi bátinn rekið í norðaustur eða aust-norð-austur. Að viðgerð lokinni kvað hann alla hafa farið aftur í borðsal að drekka kaffi, en skömmu síðar hefði hann farið að sofa. Þá hefðu veiðarfærin verið óbúlkuð á þilfari bátsins og bátapalli. Hann hafi síðan vaknað seint um kvöldið, en þá hefði báturinn verið á siglingu á Grindavíkurdýpi á leið suðaustur á Selvogsbanka, þar sem veiðar hafi síðan verið hafnar að morgni næsta dags.

Er hann kom í dóminn í seinna sinnið, kvaðst hann ekki muna eftir tímasetningum og geti skeikað allt að 3 klukkustundum frá því, er hann bar fyrr. Hann var á stýrisvakt, er togað var í umrætt sinn, en þó ekki til loka togtímans, heldur hefði ákærði tekið við, allt að klukkustundu áður en toginu lauk, og hefði þá verið búið að breyta stefnu bátsins til norðausturs. Hann sagðist ekki geta fullyrt, að báturinn hefði ekki enn verið að toga klukkan 1620—1636 og geti vel verið, að botnvarpan hafi ekki verið hífð upp fyrr en eftir þann tíma.

Vitnið vann eið að framburði sínum.

Karl Már Einarsson, 2. vélstjóri á v/s Þorgeiri, GK 73, kom í dóminn klukkan 1810 og bar vætti. Hann kvað veiðar hafa verið hafnar um morguninn, en komið í ljós, er botnvarpan var hífð upp eftir eitt tog, að hún var töluvert rifin og sáralítill eða enginn fiskur í henni. Varpan hefði síðan verið hífð upp á bátapall og þar unnið að viðgerð hennar þar til eftir hádegi. Á meðan og nokkurn tíma eftir það hafi bátinn rekið. Hann kvaðst hafa farið á vakt í vélarrúminu og ákærði verið uppi í brúnni, en stýrimaður, 1. vélstjóri og matsveinn farið að sofa. Hann kvaðst ekki hafa heyrt til flugvélar, enda vélin í gangi, þótt hún væri „frákúpluð". Klukkan um 1700 hafi síðan verið siglt af stað og vörpunni ekki kastað aftur í sjó fyrr en næstu nótt og þá á Selvogsbanka.

Klukkan 2120 kom Karl Már aftur í dóminn. Sagðist hann ekki muna, hvort tekin höfðu verið eitt eða tvö tog, er í ljós kom, að botnvarpan hafði rifnað og hún var tekin inn til viðgerðar. Hann skýrði svo frá, að varpan hefði ekki verið í sjó frá því um hádegið á mánudag fram á þriðjudagsnóttina.

Enn kom Karl Már í dóminn klukkan 2220. Kvaðst hann þá ekki muna eftir tímaákvörðunum mánudaginn 14. apríl. Hann vissi ekki, hvenær haldið var úr höfn eða hvenær veiðar voru hafnar, en samkvæmt venju hefði það átt að vera fyrir hádegi.

Hann kvaðst hafa sofið, á meðan togað var, en verið vakinn, nokkru áður en varpan var hífð upp. Hann vissi ekki, hvað tímanum leið, og treysti sér ekki til að fullyrða, að klukkan hefði ekki getað verið orðin nálægt 1700, þá er varpan var tekin inn.

Vitnið vann eið að framburði sínum.

Svo sem að framan greinir, hefur framburður ákærða og skipverja hans verið reikull um mikilsverð atriði, einkum um tímaákvarðanir allar. Er vætti vitnanna Erlends Kristjánssonar og Karls Más Einarssonar lítt eða ekki til stuðnings staðföstum framburði ákærða þess efnis, að hann hafi ekki verið að veiðum, er gæzluflugvél Landhelgisgæzlunnar flaug yfir v/s Þorgeir, GK 73, í umrætt sinn. Dómurinn telur, að í máli þessu beri að leggja til grundvallar eiðfest vætti og staðaráákvarðanir löggæzlumannanna, skipherra, stýrimanns, flugstjóra og flugmanns gæzluflugvélar Landhelgisgæzlunnar, enda hefur ekkert komið fram í málinu, er geri þær tortryggilegar.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan, telur dómurinn það sannað með eiðföstu vætti og mælingum löggæzlumannanna, að ákærði hafi gerzt sekur um fiskveiðibrot með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á v/s Þorgeiri, GK 73, síðdegis mánudaginn 14. apríl 1969 suður af Reykjanesi á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, þar sem botnvörpuveiðar voru bannaðar.

Varðar þessi verknaður við þau lagaákvæði, sem talin eru í ákæru. Samkvæmt þeim refsiákvæðum, sem þar eru talin og áður eru rakin, og með tilliti til stærðar bátsins, 137 brúttórúmlestir, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu, 100 gullkrónur jafngilda 3.992.93 pappírskrónum, ákveðst refsing ákærða kr. 40.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Svo sem að framan greinir, hélt ákærði áfram veiðum í um tvo sólarhringa, eftir að hann var staðinn að veiðum hinn 14. apríl 1969. Afli sá, sem þá var eða kann að hafa verið í v/s Þorgeiri, GK 73, var þá ekki fyrir hendi sérgreindur, er réttarpróf hófust yfir ákærða. Aflanum var landað úr bátnum föstudaginn 18. apríl. Reyndist hann vera 2.120 kg. af þorski, 250 kg. ýsa og 850 kg. karfi. Var aflinn metinn á kr. 19.334.00. Verður að telja, að skilyrði skorti til að kveða á um upptöku aflans. Veiðarfæri v/s Þorgeirs, GK 73, þar með taldir dragstrengir, skulu vera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Gunnars I. Hafsteinssonar héraðsdómslögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 8.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Páll Haukur Kristjánsson, greiði kr. 40.000.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi varðhald í 20 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Veiðarfæri bátsins Þorgeirs, GK 73, þar með taldir dragstrengir, skulu vera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnars I. Hafsteinssonar, héraðsdómslögmanns, kr. 8.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 8. desember 1969.

Nr. 222/1969. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Hafsteini Má Sigurðssyni
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Ákæra um fiskveiðabrot. Birting stjórnvaldaerinda.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn ásamt samdómsmönnunum Angantý Elíassyni skipstjóra og Páli Þorbjörnssyni skipstjóra.

Ákærði er í máli þessu sóttur þeim sökum að hafa hinn 21. marz 1969 á skipi sínu, v/b Hrefnu, VE 500, verið að botnvörpuveiðum á hafsvæði, þar sem botnvörpuveiðar voru

á þeim tíma bannaðar með auglýsingu sjávarútvegsráðherra 27. febrúar 1969 „um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi“, sem sett hafði verið „samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og lögum nr. 62 18. maí 1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 304 20. desember 1968 um leyfi til togveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlazt þegar gildi ...“. Auglýsing þessi var birt í Lögbirtingablaði 4. marz 1969 og síðan í B-deild Stjórnartíðinda 30. apríl 1969. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldaerinda bar að birta auglýsinguna í B-deild Stjórnartíðinda, og samkvæmt 7. gr. sömu laga mátti ekki beita ákvæðum hennar, fyrr en það hafði verið gert. Að svo vöxnu máli verður ákærða dæmd sýkna af kröfum ákæruvalds.

Allur kostnaður af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hafsteinn Már Sigurðsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Kostnaður af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 21. maí 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, útgefinni af saksóknara ríkisins 30. marz 1969, á hendur Hafsteini Má Sigurðssyni, skipstjóra á vélbátnum Hrefnu, VE 500, „fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1962 um bann gegn veiðum með botnvörpu, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum báti aðfaranótt föstudagsins 21. marz 1969 út af Þorlákshöfn á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins

og hún er ákveðin í 1. gr. áðurnefndrar reglugerðar, þar sem botnvörpuveiðar eru bannaðar til 30. apríl 1969, samkvæmt 1. tl. 1. gr. auglýsingar sjávarútvegsmálaráðuneytisins 27. febrúar 1969 um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðurlandi, sbr. lög nr. 88/1968 um breyting á áðurnefndum lögum, sbr. reglugerð nr. 304/1968 um leyfi til togveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. að öðru leyti reglugerðir um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 3/1961, 87/1958, 4/1961 og 29/1964 og auglýsingu nr. 4/1961.

Ákærist því nefndur Hafsteinn Már til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr. nefndra laga nr. 62/1967, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961 og 1. mgr. 2. gr. auglýsingar nr. 304/1968, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu sakarkostnaðar".

Hafsteinn Már Sigurðsson er fæddur í Reykjavík 18. maí 1940 og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir, öllum í Vestmannaeyjum:

1957 29/6 Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1966 15/5 Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1967 12/8 Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1967 12/9 Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

Í skýrslu Landhelgisgæzlunnar, undirritaðri af skipherranum á varðskipinu Ægi 21. marz 1969, segir á þessa leið:

„Föstudaginn 21. marz tók varðskipið m/b Hrefnu, VE 500, skipstjóri Hafsteinn Sigurðsson, f. 18. maí 1940, til heimilis að Hásteinsvegi 21, Vestmannaeyjum, að ólöglegum veiðum undan Knarrarósvita.

Nánari atvik voru sem hér segir:

Föstudaginn 21. marz var varðskipið á eftirlitsferð á Eyrarbakkabug. Kl. 0026 sást grunsamlegur bátur í radar, og kl. 0034 var eftirfarandi staðarákvörðun gerð:

Knarrarósviti r/v 028°, fjarl. 4.4 sjóm.
Bátur r/v 117°, fjarl. 2.6 sjóm.

Gefur þetta stað bátsins um 4.8 sjóm. inni á friðuðu svæði á þessum slóðum.

Kl. 0044 var komið að bátnum, sem reyndist vera Hrefna, VE 500, og var hún að hífa vörpuna.

Kl. 0045 var eftirfarandi staðarákvörðun gerð við hlið bátsins:

Knarrarósviti r/v 355°.
Fjarlægð í næsta land 4.0 sjóm.

Þetta sýnir stað bátsins um 4.3 sjóm. inni á friðunarsvæðinu.

Haft var tal af skipstjóra bátsins, og var honum bent á, hvar hann væri. Hann kvað sér ókunnugt um þetta friðunarsvæði og kvað það ástæðuna fyrir veiðum sínum þarna. Honum var tjáð, að skýrsla yrði gerð um málið og það kært til réttra yfirvalda, og sagt að halda til Vestmannaeyja.

Mælingarnar voru gerðar af 1., 2. og 3. stýrim. undir umsjá skipherra.

Úrklippa úr sjókorti nr. 16, er sýnir stað bátsins, fylgir hér með.

Veður: NA 3, sjór 3, léttskýjað".

Skipherrann á varðskipinu Ægi mætti fyrir sakadómi Vestmannaeyja og kvaðst hafa undirritað skýrsluna og væri innihald hennar rétt. Enn fremur mættu I. stýrimaður, Bjarni O. Helgason, og II. stýrimaður, Kristinn Jóhann Árnason, og kváðu þeir skýrsluna rétta.

Er ákærði mætti fyrir sakadómi, kvaðst hann ekki vefengja staðarákvörðun varðskipsmanna að neinu leyti og viðurkenndi að hafa verið á togveiðum á þeim tíma, er greinir í skýrslunni. Hins vegar kvað hann sér hafa verið algerlega ókunnugt um, að svæðið væri friðlýst þar, sem hann togaði, og væri honum með öllu ókunnugt um auglýsingu sjávarútvegsmálaráðuneytisins frá 27. febrúar 1969.

Með framburði varðskipsmanna og játningu ákærða er sannað, að ákærði var að togveiðum á m/b Hrefnu, VE 500, í umrætt sinn á svæði, þar sem togveiðar eru bannaðar samkvæmt auglýsingu sjávarútvegsmálaráðuneytisins, birtri í Lögbirtingablaðinu 4. marz 1969. Ekki verður fallizt á, að það leysi ákærða undan refsingu, þótt honum hafi verið ókunnugt um nefnda auglýsingu, sem virðist hafa verið birt með lögmætum hætti, og verður því að telja, að hann hafi verið á ólöglegum togveiðum í umrætt sinn og gerzt brotlegur við þau lagaákvæði, sem tilgreind eru í ákæru.

M/b Hrefna, VE 500, er að stærð 29.46 rúmlestir brúttó.

Samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands um stofngengi krónunnar jafngilda 100 gullkrónur 3.992.93 seðlakrónum.

Með tilvísun til þess, er nú hefur verið tekið fram, og samkvæmt tilvitnuðum lagaákvæðum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 40.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, sem ákærða ber að greiða innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 20 daga.

Allur afli og veiðarfæri um borð í m/b Hrefnu, VE 500, eru gerð upptæk, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.
Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Hafsteinn Már Sigurðsson, greiði kr. 40.000.00 í sekt í Landhelgissjóð Íslands innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 20 daga. Allur afli og veiðarfæri um borð í m/b Hrefnu eru gerð upptæk, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð.
Ákærði greiði allan sakarkostnað.
Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 8. desember 1969.

Nr. 232/1969. **Valdstjórnin**
gegn
Jens Emil Snæbjörnssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 172. gr., 3. tölulið, laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 2. desember 1969, sem barst dóminum sama dag.
Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 2. desember 1969.

Ár 1969, þriðjudaginn 2. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

28. f. m. var tilkynnt til rannsóknarlögreglunnar, að nóttina á undan hefði verið framið innbrot í Radíóvinnustofu Vilbergs og Þorsteins að Laugavegi 80 hér í borg. Í innbrotinu var stolið ferðaviðtæki, peningum, tékkum, ónotuðu tékkhefti og ógildum íslenzkum peningaseðlum.

Í gærdag frétti rannsóknarlögreglan, að Jens Emil Snæbjörnsson, atvinnulaus verkamaður, Hverfisgötu 83 hér í borg, hefði verið með nokkuð af peningum undir höndum, en hann hefur ekkert unnið að undanförnu. Var Jens Emil handtekinn um kl. 1600 í gærdag. Við leit á honum fannst tékkhefti það, er stolið var í greindu innbroti, svo og ógildir peningaseðlar eins og þeir, er stolið var.

Jens Emil neitar greindu innbroti, en kveðst hafa fundið tékkheftið og seðlana s.l. laugardag í gangi hússins Hverfisgötu 83 og hafi það legið innpakkað í dagblað milli ofns og hillu, sem sé ofan á honum. Athuganir rannsóknarlögreglunnar hafa leitt í ljós, að hillan er föst við ofninn og ekki pláss fyrir tékkheftið og seðlana þar á milli.

Rannsókn málsins að öðru leyti er á frumstigi. Þykir því nauðsyn til bera með tilvísun til 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961 að úrskurða kærða í gæzluvarðhald, en samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 getur brot það, sem hann er grunaður um, varðað fangelsisrefsingu.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 40 dögum.

Ályktarorð:

Jens Emil Snæbjörnsson skal sæta gæzluvarðhaldi í allt að 40 dögum.

Miðvikudaginn 10. desember 1969.

Nr. 183/1969. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Óla Anton Bieltvedt
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Fjárdráttur. Tékkamisferli.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn ber að staðfesta með skírskotun til forsendna hans, sbr. og 60., 77. og 78. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 9.000.00, og laun verjanda síns, kr. 9.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Óli Anton Bieltvedt, greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 9.000.00, og laun verjanda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 9.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. maí 1969.

Ár 1969, föstudaginn 16. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 203/1969: Ákæruvaldið gegn Óla Antoni Bieltvedt, sem tekið var til dóms 30. f. m.

Með ákæru, dags. 11. marz s.l., var opinbert mál höfðað gegn Óla Antoni Bieltvedt framkvæmdastjóra, Fellsmúla 9 hér í borg, fæddum 6. október 1942 í Alvdag í Noregi, „fyrir fjárdrátt með því að standa Gjaldheimtunni í Reykjavík ekki skil á og þannig

draga sér kr. 37.924.00, sem hann hélt eftir til greiðslu opinberra gjalda af kaupi Hákonar Steindórssonar, Fellsmúla 9, starfsmanns fyrirtækisins Óla A. Bieltvedts & Co., sem ákærði er framkvæmdastjóri fyrir, samkvæmt 29 kvittunum frá árunum 1967 og 1968 (10 kvittunum 1967, kr. 19.000.00, og 19 kvittunum 1968, kr. 18.924.00).

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar".

Með ákæru, dags. 19. marz s.l., var annað opinbert mál höfðað gegn ákærða, Óla Antoni Bieltvedt, „fyrir tékkamisferli, framið í Reykjavík á árunum 1967 og 1968, með því að gefa út f. h. Óla A. Bieltvedts & Co. h/f, iðnaðar- og verzlunarfélag, eftirtalda tékka og nota þá í viðskiptum, svo sem rakið verður, án þess innstæða væri fyrir þeim:

I.

Tékki á hlaupareikning nr. 2878 í Búnaðarbanka Íslands:

1. U. Nr. 94646, kr. 20.526.00, til Guðmundar Ingva Sigurðssonar, dagsettur 10. ágúst 1967. Tékki þessi var afhentur 13. júlí 1967 sem greiðsla skuldar við Svein Egilsson h/f, Reykjavík, þegar að því var komið að bjóða upp skrifstofuvélar ákærða, sem fjárnám hafði verið gert í til tryggingar greiðslu skuldarinnar. Hlaupareikningnum var lokað 2. ágúst 1967.

II.

Tékkar á ávísanareikninga nr. 41750 og 4175 í Samvinnubankanum:

1. N. Nr. 43186, kr. 16.798.13, til Olíuverzlunar Íslands h/f, dagsettur 1. maí 1968. Greiðsla skuldar við fyrirtækið.

2. N. Nr. 45947, kr. 10.871.25, til Sæla Café, dagsettur 10. maí 1968. Greiðsla skuldar við fyrirtækið.

3. N. Nr. 47591, kr. 10.000.00, til Trésmiðjunnar Víðis, dagsettur 17. apríl 1968. Ákærði fékk 10.000.00 króna lán hjá fyrirtækinu og afhenti við móttöku lánsfjárins tékka þennan, sem dagsettur var nokkra daga fram í tímann.

Framanskráðir verknaðir í liðum I og II þykja varða við 261. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, skaðabótagreiðslu og til greiðslu sakarkostnaðar".

Mál þessi hafa verið sameinuð og rekin sem eitt mál.

Málavextir.

A. Ákærði stýrir fyrirtækinu Óla A. Bieltvedt & Co. h/f. Hefur það með höndum framleiðslu á útveggjum, hurðum og gluggum úr alumíníum.

Hjá fyrirtækinu starfaði maður að nafni Hákon Steindórsson. Ákærði dró reglulega hluta af kaupi hans til lúkningar á opinberum gjöldum.

Hinn 23. desember f. á. kærði Gjaldheimtan í Reykjavík yfir því, að Hákon hefði þar sýnt kvittanir fyrir samtals kr. 37.924.00, sem ákærði hefði dregið af honum, en fénu hafði ekki verið skilað til Gjaldheimtunnar. Fylgdu kærunni ljósrit af kvittunum Hákonar, og segja þær, að Hákon Steindórsson hafi greitt opinber gjöld samkvæmt gjaldheimtuseðli, svo sem hér segir:

1. september 1967	2.000.00
15. september 1967	1.000.00
22. september 1967	2.000.00
29. september 1967	2.000.00
6. október 1967	2.000.00
13. október 1967	2.000.00
3. nóvember 1967	2.000.00
10. nóvember 1967	2.000.00
17. nóvember 1967	2.000.00
24. nóvember 1967	2.000.00
2. desember 1967	1.200.00
9. desember 1967	1.200.00
16. febrúar 1968	1.000.00
23. febrúar 1968	1.000.00
1. marz 1968	1.000.00
8. marz 1968	1.000.00
29. marz 1968	500.00
5. apríl 1968	1.000.00
16. apríl 1968	1.000.00
26. apríl 1968	1.200.00
3. maí 1968	824.00
10. maí 1968	1.000.00
17. maí 1968	1.000.00
24. maí 1968	1.000.00
31. maí 1968	1.000.00

21. júní 1968 .. .. 1.000.00
25. júní 1968 .. .. 1.000.00
S. d. 1.000.00
28. júní 1968 .. .. 1.000.00

Samtals nemur fjárhæð þessara kvittana kr. 37.924.00, svo sem segir í ákæru.

Ákærði skýrði svo frá í lögreglurannsókn 7. janúar s.l., að hann kannaðist við, að hann hefði gefið út kvittanirnar og að hann hefði ekki staðið skil á fé því, er hann hafði kvittað fyrir viðtöku á. Hann kannaðist við, að Gjaldheimtan hefði með bréfi 10. desember 1968 krafið hann um skil, en hann kvaðst ekki hafa haft tök á að greiða þá. Lofaði ákærði jafnframt að greiða Gjaldheimtunni hið bráðasta. Það dróst þó, þar til rekstur máls þessa var hafinn, en hinn 21. marz s.l. greiddi ákærði Gjaldheimtunni fjárhæðina, kr. 37.924.00.

Ákærði segir, að þegar umræddar kvittanir hafi verið gefnar út, hafi raunverulega ekkert fé verið fyrir hendi til þess að leggja til hliðar og fjárhagsörðugleikar fyrirtækisins hafi valdið því, að skil voru ekki gerð, fyrr en raun varð á.

B. Fyrirtæki ákærða hafði ávísanareikning nr. 4175 í Samvinnubankanum og hlaupareikning 2878 í Búnaðarbanka Íslands.

Hinn 13. júlí 1967 greiddi ákærði Guðmundi Ingva Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni kröfu Sveins Egilssonar h/f með tékka á hlaupareikning 2878 að fjárhæð kr. 20.526.00. Hafði verið fenginn dómur fyrir þessari kröfu, og var komið að uppboði. Tékkinn var dagsettur 10. ágúst 1967 með vitund viðtakanda, sem var þannig ljóst, að innstæða var ekki fyrir tékkanum við afhendingu. Var gert ráð fyrir því, að innstæða yrði fyrir tékkanum á hinum tilgreinda útgáfudegi, 10. ágúst. Þetta brást þó, og skorti innstæðu 10. ágúst, er tékkinn var sýndur í greiðslubankanum. Ákærði greiddi 26. september kr. 5.000.00 af kröfu þessari.

Eftir að mál þetta hófst, eða hinn 11. apríl s.l., greiddi ákærði Guðmundi Ingva Sigurðssyni kröfuna að fullu ásamt vanskilavöxtum, og hefur Guðmundur fallið frá kröfu, er hann hafði gert í máli þessu.

Með tékka, dagsettum 1. maí 1968, greiddi ákærði Olíuverzlun Íslands h/f skuld vegna kaupa á olíu. Telur ákærði, að greiðslan hafi farið fram, ca. mánuði fyrr en dagsetning segir, og hafi viðtakanda verið ljóst, að tékkanum var þannig hagað, enda telur ákærði, að innheimtumaðurinn hafi ekki átt að láta tékkann frá

sér án samráðs við ákærða. Samkvæmt upplýsingum frá Olíuverzlun Íslands h/f mun það rétt, að við tékkanum hafi verið tekið fyrr en dagsetning segir til um. Tékkinn var lagður inn í viðskiptabanka Olíuverzlunarinnar 2. maí 1968, en innstæða reyndist ekki í greiðslubankanum.

Samkvæmt bréfi Olíuverzlunar Íslands h/f, dags. 15. apríl s.l., hefur ákærði greitt tékkann að fullu ásamt dráttarvöxtum, og er fallið frá kröfu, sem áður hafði verið höfð uppi í máli þessu.

Í apríl 1968 lánaði Guðmundur Lúðvík Þorsteinn Guðmundsson, verzlunarstjóri hjá Trésmiðjunni Víði h/f, ákærða kr. 10.000.00. Lét ákærði Guðmund Lúðvík Þorstein hafa á móti tékka á reikning 4175 að fjárhæð kr. 10.000.00, dagsettan 17. apríl 1968, þ. e. nokkra daga fram í tímann. Gerði ákærði ráð fyrir, að innstæða yrði fyrir tékkanum á hinum tilgreinda útgáfudegi. Tékkinn, sem gefinn var út til Trésmiðjunnar Víðis, var sýndur í greiðslubankanum 20. apríl, og brast þá innstæðu.

Ákærði hafði nokkur reikningsviðskipti við veitingahúsið Sæla Café hér í borg. Segir hann, að hér hafi dvalizt á sínum vegum þýzkur tæknifræðingur og hafi hann matazt í veitingahúsinu á reikning ákærða og fleiri starfsmenn hans hafi þar fengið skrifaðar veitingar. Í apríl 1968 greiddi ákærði veitingahúsinu skuld með tékka á reikning 4175 að fjárhæð kr. 10.871.25, og var tékkinn dagsettur nokkuð fram í tímann, eða hinn 10. maí 1968. Tékkinn var sýndur í greiðslubankanum 15. maí, og skorti þá innstæðu. Ákærði segist hafa tekið fram, að viðtakandi mætti ekki láta frá sér tékkann án þess að hafa fyrst samráð við hann. Olga Stefánsdóttir, sem við tékkanum tók, segir, að sér hafi skilizt, að tékkann mætti láta frá sér, er komið væri að skráðum útgáfudegi, nema ákærði hefði áður óskað eftir öðru, en það hafi hann ekki gert.

Ákærði hefur fært sönnur á, að hann hefur greitt tékka Trésmiðjunnar Víðis og Sæla Café.

Niðurstöður.

Með því að standa Gjaldheimtunni ekki skil á fé því, er hann hafði kvittað fyrir móttöku á, til lúkningar opinberum gjöldum Hákonar Steindórssonar hefur ákærði brotið gegn 247. gr. alm. hegningarlaga.

Með notkun tékka þeirra, sem ákæra 19. marz lýtur að, hefur ákærði brotið gegn 261. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði var 22. maí 1968 dæmdur í 4 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir tékkasvik og aðra misnotkun innstæðulausra tékka

(brot gegn 248. og 261. gr. hegningarlaga). Áður (1967) hafði hann sætzt á greiðslu 32.000 kr. sektar fyrir brot gegn 261. gr. hegningarlaga.

Brot þau gegn 261. gr. hegningarlaga, sem nú er dæmt um, eru framin, áður en síðasti refsidómur ákærða er uppkveðinn. Sama er að segja um mikinn hluta fjárdráttarbrotsins, þar sem 23 af kvittunum þeim, sem ákærði gaf Hákoni, eru gefnar út fyrir 22. maí 1968. Hins vegar eru 6 af kvittununum gefnar út eftir þann tíma, að fjárhæð samtals 6.000 kr. Verður því að telja, að ákærði hafi rofið skilorð dómsins frá 22. maí 1968. Ber nú að dæma honum í einu lagi refsingu fyrir brot þau, sem greind eru í þeim dómi, og þau, sem hann er nú ákærður fyrir. Þykir sú refsing hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Svans Þórs Vilhjálmssonar héraðsdómslögmanns, kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Óli Anton Bieltvedt, sæti fangelsi 5 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Svans Þórs Vilhjálmssonar, kr. 3.000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 15. desember 1969.

Nr. 194/1968. **Kristján Ásgeirsson**
Ásgeir Kristjánsson og
Þormóður Kristjánsson
(Ingi R. Helgason hrl.)
gegn
Fiskiðjusamlagi Húsavíkur h/f
(Guðmundur Skaftason hrl).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Hlutafélag. Uppbætur á fiskverð.

Dómur Hæstaréttar.

Ófeigur Eiríksson bæjarfógeti og samdómendurnir Bjarni Jóhannesson og Tómas Steingrímsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm. Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. október 1968 og krafizt þess *aðallega*, að stefnda verði dæmt að greiða þeim kr. 79.700.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1966 til 1. janúar 1967 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en *til vara*, að Hæstiréttur ljúki dómsorði upp um réttmæti krafna þeirra, þótt fullnustuskylda stefnda sé enn eigi talin fyrir hendi. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjendum verði dæmt að greiða honum óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Það er sammæli málsaðilja, að stefndi hafi greitt áfrýjendum þann innlagða fisk, sem um er fjallað í málinu, samkvæmt verðákvæðum Verðlagsráðs sjávarútvegsins, sbr. 5. gr., 1. tl., og 10. gr. laga nr. 97/1961.

Áfrýjandi Kristján Ásgeirsson var ekki hluthafi í Fiskiðjusamlagi Húsavíkur h/f árið 1964, en er það nú. Stefndi hefur eigi lofað honum hærra verði en Verðlagsráð sjávar-

útvegsins ákvað fyrir fisk þann, er hann lagði inn til stefnda árið 1964, og eigi getur áfrýjandi Kristján reist rétt til hærra verðs á innri reglum stefnda, þeim er greinir í 26. gr. samþykkta stefnda.

Áfrýjendur Ásgeir Kristjánsson og Þormóður Kristjánsson voru hluthafar í hinu stefnda hlutafélagi 1964 og eru það enn. „Aðalfundur Fiskiðjusamlags Húsavíkur h/f fyrir árið 1964" var haldinn 14. desember 1965. Segir í fundargerð: „Var þá gengið til dagskrár og tekið fyrir: Skýrsla félagsstjórnar og framkvæmdastjóra: Vernharður Bjarnason gerði grein fyrir helztu atriðum varðandi rekstur félagsins á árinu 1964. Undir þessum lið las Vernharður ársreikninga fyrirtækisins fyrir árið 1964. Höfðu reikningarnir verið fjölritaðir og þeim úthlutað.

Gerði Vernharður Bjarnason grein fyrir ýmsum einstökum liðum reikninganna. Jafnframt fjallaði hann nokkuð um fiskverkun hjá fyrirtækinu og fiskverkunartæki í því sambandi.

Að loknu máli Vernharðs lagði fundarstjóri fram svohljóðandi tillögu félagsstjórnar:

A. Aðalfundur Fiskiðjusamlags Húsavíkur h/f samþykkir að leggja af tekjum ársins 1964 kr. 444.769.21 í varasjóð.
B. Samþykkir að greiða fyrir árið 1964 hluthöfum 8% arð af hlutafé.
C. Samþykkir samkv. c-lið 26. greinar félagssamþykktanna að greiða innleggjanda fisks á árinu 1964, sem búsettur er á Húsavík og lagt hefur inn fyrir kr. 1.000.00 og meira, uppbót, 8% af innleggi, alls kr. 1.031.239.33. Jafnframt leggur fundurinn til, að helmingur uppbótanna verði greiddur í desember 1965 og hinn síðari eftir ákvörðun stjórnarinnar, svo sem c-liður 26. greinar kveður á um. Þá samþykkir fundurinn að greiða vexti af uppbótum frá og með 1. janúar 1965.

Helgi Kristjánsson gerir fyrirvara við c-lið.
Að loknum lestri reikninga og framkominni framanskráðri

tillögu hófust umræður um reikningana. Ofanskráð tillaga borin undir atkvæði og samþykkt með 3.700 atkv.

Þá voru ársreikningarnir bornir undir atkvæði og samþykktir með 3710 atkv.".

Þar sem af hendi áfrýjenda Ásgeirs Kristjánssonar og Þormóðs Kristjánssonar voru eigi á aðalfundinum 14. desember 1965 höfð uppi andmæli gegn ársreikningum stefnda fyrir árið 1964 og arðsráðstöfun fyrir það ár, er þeim fyrirmunað að vefengja téða ársreikninga og arðsráðstöfun í máli þessu, sem eigi var höfðað fyrr en með stefnu 2. júní 1967.

Ber því þegar af nefndum ástæðum að staðfesta héraðsdóminn.

Rétt er, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Akureyrar 31. júlí 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., hafa Kristján Ásgeirsson útgerðarmaður, Álfhólsvegi 1, Húsavík, Ásgeir Kristjánsson sjómaður, Mararbraut 17, Húsavík, og Þormóður Kristjánsson sjómaður, Túngötu 6, Húsavík, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Akureyrar með stefnu, útgefinni 2. janúar 1967, gegn stjórn Fiskiðjusamlags Húsavíkur h/f, Húsavík, f. h. félagsins til greiðslu verðuppbótar á fisk, er stefnendur lögðu inn í fiskiðjuver stefnda á árinu 1964, að upphæð kr. 101.450.00 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1965 til 31. desember s. á., en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við skriflegan flutning málsins breyttu stefnendur kröfum sínum þannig, að þeir krefjast nú, að stefndi greiði þeim kr. 79.700.00 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1965 til 31. desember s. á., en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er þess nú krafizt, að dómurinn veiti viðurkenningu um aðalkröfu stefnenda, ef fullnustuskylda telst enn eigi komin, sbr. 69. gr. laga nr. 85/1936, 2. mgr. i.f.

Í báðum tilfellum er krafizt málskostnaðar.

Mál þetta var upphaflega höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar, en síðar, eða 12. marz s.l., hafið, en samdægurs þingfest í sjó- og verzlunardómi Akureyrar.

Stefndi gerir þær kröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Með samningi, dags. 19. júlí 1947, stofnuðu nokkrir aðiljar á Húsavík félag um byggingu og rekstur hraðfrystihúss, og var það nefnt Fiskiðjusamlag Húsavíkur. Samlagið skyldi fyrst og fremst vinna og verka sjávarafla samlagsfélaga, en því var heimilt að taka til vinnslu og kaupa afla af öðrum. Í 1. gr. samþykkta Fiskiðjusamlags Húsavíkur segir, að það sé félag, sem starfi á samvinnugrundvelli. Tekjuafgangi af viðskiptum samlagsfélaga skyldi skipt milli þeirra í réttu hlutfalli við viðskiptamagn hvers og eins það ár, sem um ræðir, en áður en skiptin kæmu til, skyldi fara fram hæfileg afskrift eigna samlagsins. Enn fremur skyldi greiða:

1. Í varasjóð 1% af söluverði framleiðsluvara.
2. Vexti af stofnfjárframlögum, allt að 5%.
3. Í stofnsjóð handa hverjum samlagsfélaga til sjálfseignar 1% af innleggsandvirði hans.

Samvinnufélag þetta starfaði fram til ársins 1958, en var þá lagt niður, og samnefnt hlutafélag tók við rekstri þess, eignum og skuldum. Í stofnsamningi hlutafélagsins segir, að tilgangur þess sé að annast vinnslu, verkun og sölu sjávarafurða eða annarra afurða, eftir því sem stjórn félagsins eða hluthafafundur ákveður. Hvergi er í stofnsamningi minnzt á uppbætur til fiskinnleggjenda. Samkvæmt 3. gr. samþykkta þess skal það strax við móttöku hráefnis greiða innleggjendum venjulegt gangverð fyrir afurðirnar, en síðar einnig uppbætur, „ef fjárhagur félagsins leyfir“, og er vísað til 26. gr. samþykktanna, en þar segir:

„Hreinum arði eftir ársreikningum, að frádreginni þeirri upphæð, sem stjórnin ákveður til fyrningar af bókuðu eignaverði félagsins, skal skipt þannig:

a) Aðalfundur ákveður, hversu mikið skuli leggja í endurnýjunar- og varasjóð.

b) Aðalfundur ákveður, hversu miklu fé skuli útbýtt til hluthafa. Úthlutaður arður má þó ekki fara fram úr 8%.

c) Því, sem eftir verður, skal úthluta til þeirra, sem lagt hafa inn hráefni hjá félaginu á reikningsárinu, í réttu hlutfalli við magn og tegund innleggsins. Heimilt er þó stjórn félagsins að ákveða, að slíkar uppbætur skuli standa inni hjá félaginu í allt

að 5 ár, á vöxtum, jafnháum þeim, sem Landsbanki Íslands greiðir á hverjum tíma af almennum sparisjóðsinnstæðum.

Arð af hlutafé skal greiða, þegar er hann hefur verið ákveðinn á aðalfundi. Stjórnin skal leggja fyrir aðalfund tillögur um skiptingu ársarðsins".

Á aðalfundi hlutafélagsins fyrir árið 1964 var eftirfarandi ályktun samþykkt:

„A. Aðalfundur Fiskiðjusamlags Húsavíkur h.f. samþykkir að leggja af tekjum ársins 1964 kr. 444.769.21 í varasjóð.

B. Samþykkir að greiða fyrir árið 1964 hluthöfum 8% arð af hlutafé.

C. Samþykkir samkv. c-lið 26. greinar félagssamþykktanna að greiða innleggjanda fisks á árinu 1964, sem búsettur er á Húsavík og lagt hefur inn fyrir kr. 1.000.00 og meira, uppbót 8% af innleggi, alls kr. 1.031.239.33. Jafnframt leggur fundurinn til, að helmingur uppbótanna verði greiddur í desember 1965 og hinn síðari eftir ákvörðun stjórnarinnar, svo sem c-liður 26. greinar kveður á um. Þá samþykkir fundurinn að greiða vexti af uppbótum frá og með 1. janúar 1965".

Þegar þessi upphæð, kr. 1.031.239.33, hefur á ársreikningi 1964 verið færð til skulda við fiskinnleggjendur, er hagnaður á árinu talinn kr. 737.611.95. Þegar bætt hefur verið við hagnaði af sölu fiskreita, er félagið átti, og enn fremur skuld, sem hafði greiðzt, en hafði áður verið afskrifuð sem töpuð, og loks dregið frá tap á árinu 1963, og reyndist þá tekjuafgangur kr. 444.769.21, og var sú upphæð lögð í vara- og endurnýjunarsjóð. Samkvæmt reikningum ársins 1964 eru birgðir afurða í árslok 1963 bókfærðar á kr. 5.781.224.61, en samkvæmt reikningum félagsins fyrir árið 1965 reyndist söluverð þeirra kr. 6.979.756.30.

Meðal þeirra, sem á árinu 1964 lögðu upp fisk í fiskiðjuver stefnda, voru stefnendur, en þeir áttu og ráku sameiginlega vélbátinn Grím, ÞH 25. Fengu þeir greiddan hluta af ofannefndum fiskuppbótum, eða kr. 87.110.53 samkvæmt yfirlýsingu stefnenda, en telja, að þeir hafi ekki fengið allar þær uppbætur, sem þeim hafi borið. Stefnendur segja, að þegar samvinnufélagið var lagt niður og hlutafélagið stofnað, hafi þess verið krafizt af fiskinnleggjendum, að ákvæðin úr lögum samvinnufélagsins um uppbætur á innlagðan fisk yrðu látin gilda áfram, þótt breytt væri um félagsform. Hafi verið fallizt á þetta af aðaleigendum hlutafjár í hlutafélaginu, og telja þeir uppbótarákvæði 26. gr. samþykktanna fela í sér loforð til innleggjenda um uppbætur á inn-

lagðan fisk. Þeir telja og fundarsamþykkt þá, er að framan greinir, ekki í samræmi við ákvæði 26. gr. samþykkta félagsins og ekki bindandi gagnvart innleggjendum. Í greinargerð sinni segja þeir, að frá hagnaði ársins 1964 eigi aðeins að draga varasjóðsframlagið, kr. 444.769.21, og arð til hluthafa, kr. 35.424.00, og sé því óráðstafað kr. 257.418.74, sem beri samkvæmt samþykktum félagsins að skipta milli fiskinnleggjenda. Síðar, eða við skriflegan flutning málsins, var því lýst yfir af hálfu stefnenda, að þeir féllu frá hlutdeild í þessari upphæð, og byggist lækkun stefnukröfunnar úr kr. 101.450.00 í kr. 79.700.00 á því.

Birgðir afurða í árslok 1964 voru bókfærðar á kr. 5.781.224.61, en seldust síðar á kr. 6.979.756.30, eða á kr. 1.198.531.69 umfram matsverð. Telja stefnendur þessa upphæð að frádregnum sérkostnaði við þessar birgðir, kr. 90.612.40, stafa beinlínis af fiski innlögðum á árinu 1964 og eigi þessar duldu tekjur, kr. 1.107.919.29, samkvæmt lögum félagsins að skiptast milli innleggjenda. Samhliða því að krefja þenna tekjuafgang segja stefnendur sig nú (við skriflegan flutning málsins) hafna þeim tekjum ársins 1964, sem stafi af umframverði birgða 1963, en þetta nemi kr. 690.369.51, til frádráttar sé sérkostnaður kr. 190.050.73. Þannig færist kr. 500.345.78 yfir á árið 1963 sem tekjur og sé ekki lengur raunhæft að tala um tap á því ári, heldur hagnað, kr. 164.338.80, en samkvæmt ársreikningi 1964 var tap á árinu 1963 talið kr. 336.006.98. Standa því eftir sem óráðstafaður tekjuafgangur kr. 1.107.919.29 ÷ 164.338.80, eða kr. 943.580.49. Af úthlutuðum uppbótum 1964, kr. 1.031.239.33, hafi þeir fengið í sinn hlut kr. 87.110.53 og beri þeim að fá af hinum óráðstafaða tekjuafgangi kr. 79.700.00 miðað við sama skiptahlutfall. Stefnendur benda á, að samkvæmt ákvæðum samþykkta félagsins hljóti að eiga að gera hvert ár upp gagnvart innleggjendum miðað við endanlegt verð afurða þess árs og þótt ekki liggi fyrir í árslok nákvæmar upplýsingar um afurðaverð, beri að færa umframverð birgða sem ógreiddar uppbætur á næsta árs reikningum. Enn fremur, að stefndi hafi ekki keypt afurðirnar af þeim á tilteknu verði, heldur unnið þær og selt fyrir þá. Telja stefnendur þessa starfsemi stefnda nánast umboðsmennsku.

Varakröfu sína styðja stefnendur þeim rökum, að samkvæmt 26. gr. samþykkta félagsins hafi það rétt til að halda uppbótum innleggjenda í allt að 5 árum. Sé því umdeilanlegt, hvort fullnægjuskylda teljist komin, fyrr en 5 árum eftir að uppbætur eru

ákveðnar eða 5 árum eftir lok starfsársins 1964. Hins vegar sé nauðsynlegt að fá viðurkenningardóm fyrir skuldinni.

Til stuðnings sýknukröfu sinni bendir stefndi á, að samkvæmt 23. gr. samþykkta hlutafélagsins sé starfsár þess og reikningsár almanaksárið og sé eins ótvírætt og verða má, að tekjur og gjöld þess skuli gera upp við hver áramót fyrir næstliðið ár, þar með að meta til verðs birgðir afurða. Sé birgðamatið því óhjákvæmilegur liður í reikningsskilunum. Að sjálfsögðu beri að bókfæra á tekjureikninga félagsins allar þær tekjur, sem til hafa fallið á árinu, og engu að síður, þótt þær stafi af framleiðslu fyrra reikningsárs eða ára. Ráðagerðir stefnenda um að bókfæra ekki sem tekjur hjá félaginu söluandvirði birgða í ársbyrjun eða það, sem þær kunna að seljast yfir bókfærðu verði, hafi ekki við rök að styðjast og væri sá háttur óheimill bæði samkvæmt samþykktum félagsins og að lögum.

Stefndi bendir á, að vörubirgðir þær, sem til voru í árslok 1964, hafi verið metnar á því verði, sem venjulegt sé um þessa vöru, og hafi skattayfirvöld aldrei gert athugasemd við það mat, og hefur lagt fram vottorð skattstjóra þar um. Framleiðsla fyrirtækisins sé flutt á erlendan markað, þar sem hún sé háð tíðum og verulegum verðsveiflum. Leiði þetta til þess, að sérstakrar varúðar verði að gæta við mat á slíkum birgðum. Þá sé á það að líta, að á söluárinu komi einnig til gjalda töluverður kostnaður vegna birgðanna, sem beri að hafa í huga við birgðamatið, t. d. útskipunarkostnaður, geymslu- og vaxtakostnaður. Þá beri og að taka tillit til hlutdeildar í sameiginlegum óskiptilegum kostnaði svo og því, að þegar ákvörðun um úthlutun uppbóta og ráðstöfun ársarðsins 1964 sé tekin, verði sérstaklega að hafa í huga, að hvergi nærri öll gjöld, er tilheyra raunverulega reikningsárinu, hafi komið fram, t. d. aðstöðugjald, útsvar, tryggingargjöld o. fl.

Stefndi mótmælir því, að uppbótarákvæðin í 26. gr. samþykkta félagsins feli í sér loforð stefnda um greiðslu uppbóta á innlagðan fisk né heldur að af hálfu stefnda hafi verið gefið skuldbindandi loforð í þessa átt. Sé það undir ákvörðun aðalfundar komið, hvort þessar uppbætur skuli greiddar og upphæð þeirra, ef ákveðið sé að greiða þær. Í þessu sambandi bendir hann á það, að uppbótar á keyptan fisk sé ekki getið í stofnsamningi félagsins, og í 3. gr. samþykkta þess segir, að þær skuli greiddar, ef fjárhagur félagsins leyfi það. Mat á slíku heyri undir aðalfund einan,

enda ráði hann, hve mikið fé skuli lagt í vara- og endurnýjunarsjóð, og sé þannig raunverulega falin ráðstöfun ársarðsins eftir ársreikningum, eins og þeir eru samþykktir hverju sinni.

Þeirri staðhæfingu stefnenda, að félagið hafi ekki keypt fiskinn af þeim, heldur unnið hann fyrir þá, hefur stefndi mótmælt.

Komið hefur fram í málinu, að á árinu 1965 varð nokkur hagnaður á rekstri hraðfrystihúss félagsins, væntanlega að nokkru eða öllu leyti vegna þess, að vörubirgðir í árslok 1964 seldust á allmiklu hærra verði en nam matsverði vörubirgðanna. Upplýst er, að hluta þessa hagnaðar var varið til greiðslu uppbóta á hráefni lagt inn á árinu 1965. Hlutdeild stefnenda í hagnaði þessum er talin hafa numið kr. 59.404.29.

Eins og að framan er rakið, halda stefnendur því fram, að stefndi hafi ekki keypt fiskinn af þeim, heldur unnið hann og selt fyrir þá. Gögn málsins benda ekki til þess, að svo hafi verið, og hafa stefnendur engin rök fært til stuðnings þessari staðhæfingu sinni, nema síður sé, þar sem þeir telja, að lágmarksverð til þeirra frá stefnda hafi verið háð ákvæðum laga nr. 97/1961 um Verðlagsráð sjávarútvegsins, en lög þessi varða fyrst og fremst viðskipti fiskseljenda og fiskkaupenda, en ekki fiskseljenda og umboðsmanna þeirra.

Í samþykktum hlutafélagsins er það skýrt fram tekið, að starfsár þess og reikningsár sé almanaksárið og að stjórn þess skuli árlega semja reikning yfir tekjur og gjöld þess svo og efnahagsreikning. Slíkt er ekki unnt, nema meta til verðs birgðir afurða í árslok, bæði fiskbirgðir í geymslum svo og vörur, sem afhentar hafa verið til sölumeðferðar, en endanlegt verð ekki komið á. Þetta gerði stjórn félagsins við gerð ársreikninga fyrir árið 1964, svo sem henni bar að gera, en fiskinnleggjendur höfðu engin afskipti af framkvæmd þess, enda hvergi tryggður réttur til þess, hvorki í stofnsamningi né samþykktum félagsins né með öðrum hætti. Ekki hefur komið annað fram en að birgðamatið hafi verið í samræmi við reglur þær, sem tíðkast hafa um mat á sjávarafurðum, skattayfirvöld gerðu enga athugasemd við það, og aðalfundur í félaginu samþykkti það, um leið og hann samþykkti reikninga ársins 1964. Verður ekki annað séð en að um gerð ársreikninga skuli farið eftir almennum uppgjörsvenjum og að svo hafi verið gert.

Samkvæmt 26. gr. samþykkta hlutafélagsins skal aðalfundur skipta tekjuafgangi „eftir ársreikningum“ á þann hátt, sem þar

er greint frá, og lítur dómurinn svo á, að þar sé átt við hagnað eftir ársreikningum, eins og aðalfundur samþykkir þá.

Í stofnsamningi hlutafélagsins er ekkert á það minnzt, hvernig hagnaði skuli varið. Það er aftur á móti gert í 26. gr. og 3. gr. samþykkta þess, eins og að framan er rakið. Aðalfundur í félaginu ræður samkvæmt ákvæðum þessum, hve mikinn hluta hagnaðar skuli láta ganga í endurnýjunarsjóð og varasjóð, og eru engin takmörk sett þar um, og verður því aðeins um að ræða greiðslu uppbóta, að aðalfundur ákveði að skilja einhvern hluta hagnaðar eftir í þeim tilgangi. Hefur aðalfundur því einhliða ákvörðunarrétt um það, hvort „fjárhagur félagsins leyfi“ (sbr. 3. gr.), að einhver hluti hagnaðar samkvæmt ársreikningum skuli skilinn eftir og varið til greiðslu uppbóta á hráefni. Telur dómurinn því ákvæði C-liðar 26. gr. samþykkta Fiskiðjusamlags Húsavíkur h/f ekki fela í sér skuldbindandi loforð um greiðslu uppbóta á hráefni. Ekki hefur heldur verið sannað, að loforð um greiðslu uppbóta hafi verið gefið með öðrum hætti.

Með vísun til þess, sem hér hefur verið rakið, svo og þess, að öllum hagnaði eftir ársreikningum félagsins fyrir árið 1964 var ráðstafað eftir reglum 26. gr. samþykkta félagsins, ber að sýkna stefnda af kröfu stefnenda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Vegna veikinda dómsformanns hefur orðið dráttur á uppkvaðningu dóms í málinu.

Dómsorð:

Stefndi, Fiskiðjusamlag Húsavíkur h/f, Húsavík, á að vera sýkn af kröfum stefnenda, Kristjáns Ásgeirssonar, Ásgeirs Kristjánssonar og Þormóðs Kristjánssonar.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 15. desember 1969.

Nr. 205/1969. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Kenneth Dean Nelson og gagnsök
(Áki Jakobsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Gæzluvarðhald. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. nóvember 1969. Hann áfrýjaði málinu upphaflega með stefnu 28. júlí 1969, en útivistardómur gekk í því máli hinn 3. nóvember 1969. Krefst aðaláfrýjandi sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 29. september 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. s. m. Að gengnum útivistardómi 3. nóvember 1969, skaut hann málinu aftur til Hæstaréttar með stefnu 17. nóvember 1969. Hann gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum 10.000.00 bandaríkjadollara eða til vara jafnvirði í íslenzkum krónum ásamt 7% ársvöxtum frá 19. janúar 1968 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi. Staðfesta ber þá úrlausn hans, að gagnáfrýjandi hafi öðlazt rétt til bóta úr hendi aðaláfrýjanda vegna gæzluvarðhaldsins. Bótakrafan er ekki fallin niður fyrir fyrningu, þar sem gagnáfrýjanda var ekki tilkynnt, svo séð verði, er hann var látinn laus úr gæzlu, né síðar um niðurfall þeirrar rannsóknar, sem beint var að honum, og ósannað er, að hann hafi fengið vitneskju um það 6 mánuðum áður en hann hafði uppi bótakröfu fyrir sakadómi, sbr. 157. gr. laga

nr. 82/1961. Við ákvörðun bótafjárhæðar ber m. a. að hafa í huga, að gagnáfrýjandi neitaði að nafngreina eiganda skammbyssu þeirrar, er hann hafði undir höndum í nóvembermánuði 1967, en skotvopnaleyfi hafði ekki verið veitt honum sjálfum. Krafa gagnáfrýjanda um greiðslu bóta í erlendri mynt hefur ekki við rök að styðjast, og skiptir ríkisfang gagnáfrýjanda eða búseta ekki máli í þessu sambandi. Þykja bætur til handa gagnáfrýjanda hæfilega ákveðnar kr. 60.000.00, sem greiðist úr ríkissjóði ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti, sbr. 154. gr. greindra laga. Málskostnaður ákveðst í heild kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Kenneth Dean Nelson, kr. 60.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 19. janúar 1968 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 30.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júní 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 2. þ. m., hefur Kenneth Dean Nelson, til heimilis að Hringbraut 65, Keflavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 11. október 1968, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu bóta vegna gæzluvarðhalds að ósekju að upphæð US dollarar 10.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 19. janúar 1968 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt mati dómsins.

Þá hefur stefnandi stefnt til réttargæzlu dómsmálaráðherra vegna dómsmálastjórnarinnar og yfirsakadómaranum í Reykjavík.

Við munnlegan flutning málsins setti stefnandi fram þá varakröfu, að stefndi yrði dæmdur til þess að greiða honum jafnvirði aðalkröfunnar í íslenzkum krónum miðað við núgildandi gengi.

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, hefur gert þær réttarkröfur, að hann verði algerlega sýknaður og tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Til vara krefst stefndi þess, að stefnukrafan verði lækkuð

verulega og þá ákveðin í íslenzkri mynt. Um málskostnaðinn er það varakrafa, að hann verði látinn niður falla.

Leitazt hefur verið við að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt fimmtudagsins 18. janúar 1968 var leigubifreiðarstjórinn Gunnar Sigurður Tryggvason myrtur í bifreið sinni, R 461. Kl. 0715 fimmtudaginn 18. janúar 1968 var tilkynnt á lögreglustöðina í Reykjavík, að nefnd bifreið stæði við Laugalæk og eitthvað virtist athugavert við ökumann hennar. Héðinn Skúlason og tveir aðrir lögreglumenn fóru á vettvang. Í skýrslu hins fyrstnefnda segir meðal annars eftirfarandi: „Bifreiðin stóð kyrr, en hreyfill hennar var í gangi og biðljós kveikt. Vinstri afturhurð var lögð að hurðarstaf. Ökumaður sat undir stýri bifreiðarinnar og hallaði höfði aftur að sætisbaki, líkt og hann svæfi. Sár var aftan á höfði bifreiðarstjórans, og líktist það skotsári. Var að sjá sem reyklitað væri í kringum sárið eins og eftir púður. Gjaldmælir bifreiðarinnar var í gangi, og kl. 0750 sýndi hann kr. 87.00, en skv. gjaldskrá leigubifreiðastjóra er þá ökugjald að fjárhæð kr. 560.00. Samkvæmt upplýsingum afgreiðslustúlku á bifreiðastöðinni Hreyfli hafði bifreiðin verið síðast send um stöðina milli kl. 0315 og 0330 og þá að Skálholtsstíg 7. Á gólfi við framsæti bifreiðarinnar hægra megin var patróna". Ökumaðurinn var fluttur á slysavarðstofuna, og reyndist hann vera látinn.

Ingólfur Þorsteinsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík, athugaði lík hins látna. Fann hann meðal annars í bakvasa á buxum leðurveski, sem í voru kr. 1.500.00 og tékkhefti, svo og í jakkavasa kr. 12.00 í einnar og tveggja krónu peningum. Á vinstri úlnlið hins látna var armbandsúr. Þá kveður Ingólfur, að föt hins látna hafi öll farið eðlilega og ekkert hafi bent til þess, að hann hafi lent í einhverjum átökum.

Faðir Gunnars Sigurðar heitins, Tryggvi Jóhannesson, skýrði rannsóknarlögreglunni frá því, að Gunnar Sigurður heitinn hefði venjulega verið með tvö peningaveski við bifreiðarakstur og í öðru þeirra hafi tékkhefti hans verið auk peninga. Stundum hafi hann þó skilið annað veskið eftir heima og hafi hann þá verið með veskið, sem tékkheftið var í. Hann hafi ávallt geymt veski það, sem hann notaði við aksturinn, í brjóstvasa innan á jakka sínum. Tryggvi taldi, að það væri alveg öruggt, að Gunnar

Sigurður heitinn hefði verið með bæði peningaveskin á sér, þegar hann hóf akstur aðfaranótt fimmtudagsins 18. janúar, og vanti því veski það, sem hann hafði í brjóstvasanum.

Guðmundur Erlendsson, lögreglumaður í tæknideild rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík, áleit, að hið tóma skothylki, sem fannst í bifreiðinni, væri af stærðinni kaliber 32 úr hálfsjálfvirkri skammbyssu.

Umfangsmikil rannsókn hefur farið fram út af morðmáli þessu, og er henni enn eigi lokið. Beindist hún meðal annars að stefnanda máls þessa, því að föstudaginn 19. janúar 1968 um kl. 1420 óskaði Bjarki Elíasson, yfirlögreglumaður í Reykjavík, eftir því við yfirlögregluþjóninn í Keflavík, Sigtrygg Árnason, að stefnandi yrði handtekinn. Kl. 1430 voru þrír lögreglumenn í Keflavík sendir út að leita stefnanda. Eftir nokkra eftirgrennslan kom í ljós, að stefnandi hafði farið áleiðis til Reykjavíkur með áætlunarbíl kl. 1100 um morguninn. Þegar þetta lá fyrir, taldi Sigtryggur Árnason yfirlögregluþjónn, þar sem hann vissi um orsakir fyrir handtökubeiðni stefnanda, bera brýna nauðsyn til að gera húsleit í herbergi stefnanda að Hringbraut 65, Keflavík. Hafði hann um þetta samráð við Arnar Hinriksson, bæjarfógetafulltrúa á staðnum. Fór hann síðan við annan lögreglumann að Hringbraut 65, Keflavík. Fékk hann þar lykil að herbergi stefnanda hjá húsráðanda, og gerðu þeir lögreglumennirnir nákvæma leit í öllu, er þar var. Við leit þessa fundu þeir eftirfarandi:

„Leðurslíður utan af lítilli skammbyssu, áfast ólum til að spenna á sig undir handarkrika. Einnig fundum við vindlakassa með skotfærum, 330 stk., riffilkúlur, 22 k. löng. 24 haglaskot nr. 12 og 2 herriffilskot, stór, 8½ cm löng". Allt þetta tóku þeir lögreglumennirnir í sínar vörzlur. Ekkert skotvopn fannst við leit þessa.

Kl. 1900 föstudaginn 19. janúar 1968 var stefnandi staddur á skósmíðastofu Gísla Ferdinandssonar hér í borg. Var honum þá tjáð, að kona nokkur hefði hringt og spurt eftir honum. Hringdi stefnandi þá til konu einnar, sem sagði honum, að lögreglan vildi ná tali af honum. Fór stefnandi þá þegar á lögreglustöðina í Reykjavík, en þaðan var hann færður í varðhald í hegningarhúsið að Skólavörðustíg 9 hér í borg.

Laugardaginn 20. janúar kl. 1404 var stefnandi leiddur fyrir dómara til yfirheyrslu. Kom þar fram, að stefnandi var rennismiður að mennt, en atvinnulaus um þessar mundir. Hann var til heimilis að Hringbraut 65, Keflavík, fæddur 12. nóvember

1941 í Cedar Rapids, Iowa í Bandaríkjunum. Hann er bandarískur ríkisborgari. Stefnandi skýrði svo frá, að hann hefði verið í Reykjavík um helgina 14. janúar 1968. Mánudaginn 15. janúar hafi hann farið til Keflavíkur og dvalizt þar fram á miðvikudagsmorgun 17. janúar. Þá hafi hann farið til Reykjavíkur með áætlunarbifreið kl. 1100. Hafi erindi hans þangað verið að leita sér atvinnu og hann þá verið í vinnufötum. Síðan hafi hann aftur farið til Keflavíkur með áætlunarbifreið kl. 1530 sama dag og þá verið ætlan hans að ná sér þar í betri föt. Í Keflavík hringdi hann til konu, sem hann þekkir í Kópavogi og Hrafnhildur heitir, og bað hann hana að hitta sig á Miklatorgi hér í borg kl. 2100. Ætlaði hún að gera það. Hann fór síðan frá Keflavík með áætlunarbifreið kl. 2000 og fór úr bifreiðinni við Miklatorg um kl. 2115. Hrafnhildur var þá ekki komin, og beið hann hennar, þangað til hún kom um kl. 2200. Þau gengu síðan inn Miklubraut og inn á Lönguhlíð. Þar tóku þau leigubifreið, og vissi stefnandi ekki númer hennar og þekkti heldur eigi deili á stjórnanda hennar. Þau fóru í bifreiðinni að Hlíðargerði 8, þar sem stefnandi hafði herbergi á leigu. Stefnandi og Hrafnhildur dvöldust svo í herbergi hans þar til um kl. 0200 um nóttina.

Þá fóru þau bæði út og náðu í leigubifreið á Grensásvegi við Miklubraut. Stefnandi veit engin deili á bifreiðarstjóranum, en bifreiðin var af ameríkskri gerð, rauð og hvít. Hrafnhildur fór inn í bifreðina og ók ein í henni í burtu, og gengur stefnandi út frá því, að hún hafi greitt ökugjaldið, en stefnandi gerði það ekki. Hann kvaðst síðan hafa gengið skemmstu leið heim til sín að Hlíðargerði 8 og farið að sofa í herbergi sínu. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við neinn mann eða konu, þegar þau Hrafnhildur fóru út úr Hlíðargerði 8 um nóttina eða þegar hann kom þangað aftur. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa neytt áfengis þennan miðvikudag eða um nóttina.

Stefnandi kveðst svo ekki hafa vaknað fyrr en um hádegi á fimmtudag, það er 18. janúar 1968. Hafi hann þá náð í leigubifreið á Grensásvegi. Hann kannaðist ekki við bifreiðarstjórann, en bifreiðin var frá Borgarbílastöðinni, tegund Buick special. Fyrst hafi verið ekið í bifreiðinni heim til stefnanda, þar sem hann hafi náð í þvott, og síðan ekið að Lækjargötu 6, þar sem stefnandi fór úr bifreiðinni. Ökugjaldið var þá kr. 84.00 eða 86.00, að því er hann minnir. Stefnandi kveðst síðan hafa farið til kunningja síns, Gísla Ferdinandssonar skósmiðs, Lækjargötu 6, og dvalizt hjá honum að mestu fram undir kl. 1700. Þá hafi

hann farið í Gamla Bíó. Að því loknu hafi hann fengið sér að borða í veitingastofu í Lækjargötu. Þaðan fór hann í Landssímahúsið og hringdi til Hrafnhildar, en gekk síðan suður í Umferðarmiðstöð. Þar dvaldizt hann, þangað til hann fór með áætlunarbifreið til Keflavíkur kl. 2130. Þar heimsótti hann mann að nafni Jónas Jakobsson, sem á heima á Framnesvegi, og dvaldist hjá honum í eina klukkustund eða lengur. Síðan fór hann heim til sín að Hringbraut 65 í Keflavík og fór að sofa. Kl. 1100 föstudaginn 19. janúar 1968 fór hann með áætlunarbifreið frá Keflavík til Reykjavíkur. Hann fór til Gísla Ferdinandssonar, skósmiðs í Lækjargötu 6, og var hjá honum öðru hverju til kl. 1700. Þá fóru þeir saman í Hafnarbíó og þaðan í skósmíðastofu Gísla. Afgreiðslukona, sem þar var, Anna að nafni, sagði stefnanda, að einhver kona hefði hringt og spurt eftir honum. Hringdi stefnandi þá til Hrafnhildar, sem sagði honum, að lögreglan vildi tala við hann. Fór hann þá þegar af stað á lögreglustöðina, en þaðan var hann færður í varðhald, svo sem áður greinir.

Stefnandi skýrði rannsóknardómaranum svo frá við þessa yfirheyrslu, að hann hefði verið atvinnulaus síðan 1. desember 1967, en þar áður hafi hann unnið í Velsmiðju Olsens í Njarðvíkum. Rannsóknardómarinn spurði Nelson að því, á hverju hann hefði lifað, síðan hann varð atvinnulaus. Þeirri spurningu svaraði Nelson þannig: Þegar hann varð atvinnulaus 1. desember 1967 átti hann nokkur þúsund krónur, sem hann hafði sparað saman til að nota, ef í nauðir ræki, sennilega kr. 4.000.00 til kr. 5.000.00. Þá kveðst hann hafa fengið kr. 12.000.00 í skaðabætur frá amerískum hermanni, sem hafði slegið hann, og voru bæturnar greiddar fyrir milligöngu íslenzkra yfirvalda á Keflavíkurflugvelli. Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli hefur staðfest með bréfi, að bætur þessar hafi verið 200.00 US dalir. Þá kvaðst Nelson hafa unnið eina nótt í síld í Njarðvík og fengið fyrir það kr. 1.400.00. Enn fremur kvaðst hann hafa fyrir um tveim til þrem vikum selt Hafsteini Jóhannssyni, eiganda bátsins Eldingar, logsuðutæki, er hann hafi átt, fyrir kr. 5.000.00. Loks kvaðst stefnandi hafa fengið lán, kr. 2.000.00, fimmtudaginn 18. janúar 1968 hjá manni einum í Keflavík, sem hann vildi ekki nafngreina.

Nelson kvaðst fyrst hafa komið til Íslands í september 1960 og þá verið hermaður í bandaríska hernum. Hann dvaldi svo öðru hverju hér á landi, meðan hann var í hernum. Hann gekk úr hernum í janúar 1965 og var þá í Bandaríkjunum. Hann kom til Íslands í maí 1965 og hefur dvalizt hér síðan. Þegar hann kom

til Íslands á árinu 1965 sem hermaður, hafði hann meðferðis marghleypu, Cold Copra, 38 cal., Snub Nose. Var hann þá kvæntur íslenzkri konu, Jónu Óladóttur að nafni, og bjuggu þau að Hávallagötu 29, Reykjavík. Konan varð vör við byssuna og mun hafa sagt lögreglunni frá henni. Kom lögreglumaður heim til Nelsons og sagði honum, að hann mætti ekki hafa byssuna utan Keflavíkurflugvallar. Fékk hann þá byssuna geymda hjá hernum á flugvellinum. Síðan seldi hann Sgt. Meyers byssuna. Hann segir, að þegar hann hafi keypt byssuna, hafi fylgt henni hulstur og belti, og keypti hann hana af lögreglumanni vestur í Californíu. Síðar kvaðst hann hafa keypt annað hulstur, sem hafi verið gert til þess að bera byssuna undir hendinni. Það hulstur keypti hann af fyrirtæki vestanhafs, sem selur ýmsan lögregluútbúnað. Hann bjó svo sjálfur til ólar við þetta hulstur. Þegar hann seldi Stg. Meyers byssuna, fylgdi hið upphaflega hulstur og belti, en hulstrið, sem hann keypti síðar, og ólarnar, sem hann bjó til, urðu eftir hjá honum, og á hann það til ennþá einhvers staðar í fórum sínum. Nánar aðspurður ætlaði hann, að hlutir þessir væru geymdir í ólæstri ferðatösku í læstu herbergi sínu að Hringbraut 65, Keflavík.

Kl. 1547 vék Nelson úr réttinum, og var gert hlé á þinghaldinu til kl. 1625, en þá var kveðinn upp gæzluvarðhaldsúrskurður yfir Nelson. Í gæzluvarðhaldsúrskurði þessum segir svo: „Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, þykir nauðsyn til bera að rannsaka nánar sannleiksgildi framburðar Kenneth Dean Nelson í dóminum í dag, enda ekki örgrannt um, að hann hafi getað orðið Gunnari Sigurði heitnum að bana með byssuskoti og rænt hann á þann veg, að varði við 211. og 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Fyrir því og að öðru leyti með tilvísun til 1., 3. og 4. töluliðs 67. gr. laga nr. 82/1961 þykir rétt að setja Kenneth Dean Nelson í gæzluvarðhald í allt að 7 dögum, eða til laugardagsins 27. janúar n. k.“.

Gísli Ferdinandsson kom fyrir sakadóminn hinn 22. janúar 1968 og skýrði þá meðal annars svo frá, að fyrir um 8 árum hafi stúlka að nafni Jóna Óladóttir unnið við afgreiðslu í skósmíðaverkstæði vitnisins að Lækjargötu 6 í Reykjavík. Stefnandi, sem þá hafi verið dyravörður í bandarísku sendiráðinu, hafi þá farið að heimsækja Jónu, og kvaðst vitnið þá fyrst hafa kynnzt stefnanda. Stefnandi hafi síðan kvænzt Jónu Óladóttur og hafi hún hætt að vinna hjá vitninu. Vitnið sá svo Nelson ekki í mörg ár, en rakst á hann fyrir um það bil einu ári á götu í miðborg

Reykjavíkur. Var hann þá skilinn við Jónu Óladóttur. Kom Nelson upp frá því við og við í skósmíðavinnustofu vitnisins. Í vikunni frá 14. til 19. janúar 1968 kvað vitnið Nelson hafa komið nokkrum sinnum í vinnustofu sína. Hafi hann þá talað um, að peningar sínir væru farnir að minnka, og haft orð á því, að hann þyrfti að leita sér að atvinnu og reyna að komast á togara. Vitnið minntist þess, að Nelson hafi komið í vinnustofu sína fimmtudaginn 18. janúar 1968. Hafi hann komið í leigubifreið og minnir, að klukkan hafi verið 1100, en þó sé tímasetning ónákvæm, því að vera megi, að hann hafi ekki komið fyrr en eftir kl. 1230. Þegar Nelson hafi komið, minnti vitnið, að þau Anna Nordal afgreiðslustúlka og Gylfi Haraldsson hefðu verið í vinnustofu vitnisins. Vitnið tók fram, að Gylfi Haraldsson hefði heyrt í útvarpsfréttum, að leigubifreiðarstjóri hafi þá snemma um morguninn verið skotinn til bana hér í borg. Kvaðst vitnið hafa sagt Nelson þessi tíðindi. Hafi hann þá brosað og ekki virzt trúa þessum orðum, en vitnið mundi ekki sérstaklega eftir því, hvort hann lét nokkur orð falla, er vitnið sagði honum tíðindi þessi. Þegar Nelson kom í þetta skipti, hafi hann haft meðferðis tösku og hún orðið eftir í vinnustofu vitnisins, en það hefði komið fyrir áður, að hann fengi að geyma tösku hjá vitninu um stundarsakir. Vitnið kvaðst ekki geta sagt um það, hvenær Nelson hafi farið frá því þennan dag, en tók fram, að hann hafi að minnsta kosti farið fyrir kl. 1800, þegar vitnið lokar vinnustofu sinni. Vitnið kvaðst ekki hafa tekið eftir neinu óvenjulegu eða óeðlilegu í útliti eða hegðun Nelsons, þegar hann kom til vitnisins og dvaldist hjá því þennan dag. Þegar vitnið fékk kvaðningu um að mæta fyrir sakadómi, kvaðst það hafa athugað fyrrgreinda tösku, sem Nelson skildi eftir hjá því fimmtudaginn 18. janúar 1968. Hafi reynzt vera í henni óhreinn þvottur, transistortæki, skóbursti og skóáburður. Hafði vitnið tösku þessa meðferðis, er það mætti í dóminum. Tók dómarinn nefnda tösku og afhenti hana tæknideild rannsóknarlögreglunnar til nánari athugunar, en taskan var ólæst. Tæknideild rannsóknarlögreglunnar athugaði nefnda tösku og taldi ekkert athugavert við hana eða innihald hennar.

Anna Elísabet Guðmundsdóttir Norðdal, afgreiðslustúlka hjá Gísla Ferdinandssyni, svo og Gylfi Haraldsson, skósmíðasveinn hjá Gísla Ferdinandssyni, hafa komið fyrir sakadóm Reykjavíkur og gefið skýrslu. Hafa þau bæði borið, að þau hafi ekki tekið eftir neinu óeðlilegu í fari stefnanda eða hann væri öðru vísi en hann

hefði venjulega verið. Að öðru leyti sýnist ekki ástæða til að rekja úr framburðum þessara vitna, þar sem þeir eru efnislega á sama veg og framburður Gísla Ferdinandssonar hér að framan og fara ekki í bága við það, sem stefnandi hefur þegar borið um ferðir sínar og dvöl á skósmíðaverkstæði Gísla Ferdinandssonar.

Kunningjakona stefnanda, Hrafnhildur, kom fyrir sakadóminn til vitnisburðar. Er vitnaskýrsla hennar um samveru þeirra stefnanda í samræmi við það, sem stefnandi hefur um þetta borið hér að framan.

Vitnið Hörður Björgvinsson verzlunarmaður, leigusali stefnanda að Hlíðargerði 8, Reykjavík, hefur borið, að milli kl. 0030 til 0100 aðfaranótt fimmtudagsins 18. janúar 1968 hafi það farið fram í geymslu, sem er í útidyragangi hússins að Hlíðargerði 8. Hafi það þá séð, að há kuldastígvél voru í forstofunni, og hafi Nelson hlotið að eiga þau. Af því kvaðst vitnið hafa álitið, að hann væri kominn í herbergi sitt, þó að vitnið hefði ekki orðið vart við komu hans. Kl. 0750 næsta morgun fór vitnið út og kvaðst þá hafa séð, að kuldastígvélin voru þarna á sama stað.

Vitnið Guðbjörg Karlotta Hjörleifsdóttir, eiginkona vitnisins Harðar Björgvinssonar, hefur borið fyrir sakadómi Reykjavíkur, að laust fyrir eða eftir miðnætti fimmtudaginn 18. janúar 1968 hafi Hörður Björgvinsson, eiginmaður sinn, þurft að fara fram í geymslu í forstofugangi íbúðarinnar að Hlíðargerði 8. Þegar hann hafi komið aftur, hafi hann sagt sér, að kuldastígvél væru í ganginum og hlyti Nelson, leigjandi þeirra, að vera kominn í herbergi sitt, en hvorugt hjónanna hafði orðið vart komu hans. Vitnið sagðist síðan hafa séð Nelson ganga fram hjá íbúð þeirra hjónanna frá húsinu, að því er vitnið taldi þennan sama fimmtudag, og hélt vitnið, að klukkan hafi þá verið orðin 1200, en ef til vill hafi klukkan ekki verið orðin svo mikið.

Hinn 23. janúar 1968 kom stefnandi fyrir sakadóm Reykjavíkur. Skýrði hann þá svo frá, að í september 1961 hafi hann kvænzt íslenzkri stúlku að nafni Jóna Óladóttir. Hafi þau búið bæði í Bandaríkjunum og Reykjavík og eignazt 3 börn saman. Þau hafi slitið samvistum um mánaðamótin febrúar marz 1964 og fengið lögskilnað um einu ári síðar. Nelson kvaðst ekki hafa gifzt annarri íslenzkri konu, en eftir þetta hafi hann verið trúlofaður stúlku að nafni Berta Rafnsdóttir og þau búið saman í Njarðvík frá því í desember 1965 til desember 1966. Hann kvaðst hafa unnið hjá Vélaverkstæði Olsens í Njarðvík hluta ársins 1966 og í þrjá mánuði, eða september til nóvember, 1967. Aðspurður

neitaði hann enn að nafngreina mann þann í Keflavík, er lánað hafi honum kr. 2.000.00 í vikunni áður.

Hinn 20. janúar 1968 átti Sigurður Sigurðsson, yfirvarðstjóri ríkislögreglunnar á Keflavíkurflugvelli, tal við nokkra aðilja í Njarðvíkum og nágrenni, er þekktu til stefnanda. Voru viðtöl yfirvarðstjórans framkvæmd samkvæmt beiðni Björns Ingvarssonar, lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli. Sverrir Ólsen forstjóri, Ytri-Njarðvík, skýrði þá svo frá, að Nelson hefði unnið í vélsmiðju sinni af og til árið 1967. Hafi hann hafið vinnu snemma á árinu og hætt um mánaðamótin nóvember og desember. Í nóvembermánuði hafi einn starfsmaður í verkstæðinu sagt sér, að Nelson gengi með byssu. Færi hann ekki dult með hana og hefði sýnt ýmsum. Kvaðst Sverrir hafa athugað þetta nánar og séð, að Nelson var með skotbelti yfir axlirnar eða eitthvað því um líkt. Undir vinstri handarkrika hafi verið hulstur fyrir byssuna og hafi Nelson stungið henni þar upp undir, er hann gekk með hana. Kvaðst Sverrir hafa séð hann hlaða byssuna og taldi líklegt, að hann hefði gengið með hana hlaðna, vildi þó ekkert fullyrða um það. Sverrir taldi Nelson hafa gengið með byssuna á sér eina 5 daga og hafi hann þá hætt því samkvæmt sinni ósk. Hann kvaðst hafa litið á þennan byssuleik Nelsons sem einn þátt af hans undarlegheitum, en sér hafi virzt hann í flestum tilfellum vera öðruvísi stemmdan en annað fólk. Hafi Nelson oft látið í það skína, að hann ætti nokkrar byssur, einar fjórar eða fimm, og kvaðst Sverrir minnast þess, að hann segðist eiga eina ítalska. Hafi sér skilizt á honum, að hann geymdi byssurnar í herbergi sínu, sundurrifnar. Ekki vissi hann til þess, að Nelson hafi sýnt starfsmönnum í verkstæðinu byssur þessar, og ekki vitað, hverrar tegundar þær væru. Byssa sú, sem Nelson hafði borið á sér, hafði verið lítil og í svörtu leðurhulstri, sennilega cal. 22.

Karl Ásgrímsson, Ytri-Njarðvík, og eiginkona hans upplýstu Sigurð Sigurðsson yfirvarðstjóra um eftirfarandi: Nelson hefði búið í risíbúð yfir íbúð Karls árið 1966. Í nóvember það ár hafi eiginkona hans farið frá honum vegna ósamkomulags þeirra hjóna. Hafi Nelson síðan búið einn í íbúðinni fram í febrúar 1967. Eiginkona Karls sagðist hafa orðið vör við, að Nelson hafi verið ofsafenginn í skapi. Kveðst hún eitt sinn hafa heyrt hann segja við eiginkonu sína, á meðan þau bjuggu saman, að hann ætti byssu. Hefði þetta komið fram í einu skapofsakasti hans. Eiginkona Karls Ásgrímssonar segist hafa heyrt eitt kvöld rétt eftir áramótin

1967 þrjá til fjóra skothvelli í íbúð Nelsons. Segist hún hafa orðið hrædd og ekki þorað að athuga þetta neitt nánar. Eftir að Nelson hafði flutzt úr íbúðinni, hafi hún eitt sinn verið að taka til í henni ásamt fyrrverandi eiginkonu Nelsons. Hafi þær þá fundið barnabangsa með nokkrum skotgötum í gegnum höfuð og maga. Einnig hefðu þær veitt því athygli, að skotgat eða göt voru á gluggarúðu í íbúðinni.

Ásmundur Þórarinsson, Ytri-Njarðvík, gaf þær upplýsingar, að Nelson hefði borðað á heimili sínu um tíma árið 1967. Einu sinni hafi hann orðið var við, að Nelson hafði haft byssu innan klæða. Kvaðst Ásmundur hafa innt hann eftir ástæðum fyrir slíku og hefði Nelson þá sagzt vera að koma frá Vogastapa, þar sem hann hefði verið að skjóta úr byssunni.

Birgir Ólsen, Ytri-Njarðvík, starfsmaður í Vélsmiðju Olsens, segist hafa séð byssu hjá Nelson haustið 1967, er hann vann í vélsmiðjunni. Hafi þetta verið lítil skammbyssa í svörtu leðurhulstri, sennilega kaliber 22. Í einum matartímanum hafi Nelson tekið upp á því að skjóta í mark úr henni inni í vélsmiðjunni. Segir Birgir, að Nelson hafi gefið í skyn við starfsmenn í vélsmiðjunni, að hann ætti einar fjórar byssur, en hverrar tegundar, vissi Birgir ekki. Sér hafi fundizt Nelson vera mjög dularfullur og undarlegur í háttum.

Berta Rafnsdóttir, fyrrverandi sambýliskona Nelsons, skýrði yfirvarðstjóranum svo frá, að hún hefði fundið barnabangsa sundurskotinn í íbúð sinni, eftir að Nelson hafði verið farinn þaðan út. Einnig staðfesti hún, að skotgöt hafi verið á einni gluggarúðu. Yfirvarðstjórinn skoðaði ýmislegt smádót, sem Nelson hafði skilið eftir í íbúð þeirra. Voru föggur Nelsons í einum bréfpoka og tveim pappakössum. Var hér aðallega um að ræða gamlan fatnað, en í botninum á öðrum pappakassanum fundust nokkrir tugir af nefndum skothylkjum. Berta kvaðst hafa slitið sambúð við Nelson í nóvember 1966 vegna ósamkomulags þeirra. Hafi hún þá flutt frá honum með ungt barn, sem þau áttu.

Stefnanda voru kynntir framburðir þessa fólks hér að framan. Hafði hann ekkert sérstakt að athuga við frásögn Sverris Ólsens. Hann kvaðst hafa verið fimm daga í nóvember 1967 með byssu á verkstæðinu og verið að gera við hana fyrir kunningja sinn, sem sé Íslendingur. Hann neitaði að nafngreina mann þennan og kvaðst gera það til að forða honum frá því að lenda í vandræðum. Hafi þetta verið sjálfvirk skammbyssa af gerðinni Breda, kal. 22. Hulstrið, sem Ólsen tali um, sé sama hulstrið og hann

hafi borið um í dóminum laugardaginn 20. janúar 1968. Nelson kvað það geta verið rétt, að hann hafi einhvern tíma sagt sambýliskonu sinni, Bertu Rafnsdóttur, að hann ætti byssu. Þetta hafi hann ekki sagt, er þau hafi verið að deila sín í milli, heldur í samtali út af herþjónustu hans. Hér hafi hann átt við riffil, sem hann hafði að láni. Hafi riffill þessi verið kaliber 22. Hann kvaðst nokkrum sinnum hafa skotið úr honum í skotmark inni í íbúðinni. Fyrir framan skotmarkið hafi ekki verið barnabangsi, heldur stytta af manni, sem hann hafði að marki. Það kunni að vera, að göt eftir kúlu hafi verið í glugga í íbúðini af hans völdum, en hann tók fram, að glugginn hafi snúið á haf út. Stefnandi kvað það ekki rétt, að hann hafi gefið í skyn við starfsmenn í Vélsmiðju Olsens, að hann ætti margar byssur, heldur að hann hefði átt margar byssur. Hann kvaðst aðeins hafa átt eina skammbyssu hér á landi og sé það sú, er hann hafi selt Sgt. Meyers, svo sem hann hefur áður skýrt frá. Hann sagði, að hin tæmdu skothylki, sem verið hefðu neðst í öðrum pappakassanum, sem fundizt hafi í geymslu í íbúð þeirra Bertu Rafnsdóttur, hafi verið úr skammbyssu, sem fyrrverandi eiginkona hans, Jóna Óladóttir, hafi selt vestur í Californíu árið 1962. Þetta hafi verið byssa af tegundinni Ruger Black Hawk, kaliber 44. Byssu þessa hafi hann aldrei komið með til Íslands. Tómu skothylkin hafi hann komið með hingað til lands og þau verið í sjópoka hans, er hann kom hingað 1963.

Staðfest hefur verið, að stefnandi hafi selt fyrrgreind logsuðutæki 2. janúar 1968 fyrir kr. 5.000.00.

Þriðjudaginn 23. janúar 1968 kl. 1400 var gerð húsleit í herbergi stefnanda að Hlíðargerði 8, Reykjavík. Í herberginu fundust engin skotvopn eða skotfæri. Þar var hins vegar ein taska, sem var læst. Var farið með tösku þessa niður í hegningarhús, þar sem stefnandi opnaði hana sjálfur með lykli, sem hann hafði. Í töskunni voru hvorki skotvopn né skotfæri né annað grunsamlegt.

Hinn 23. janúar 1968 um kl. 1330 var framkvæmd parafínprófun á höndum stefnanda í þeim tilgangi að sannreyna, hvort hann hefði hleypt af byssu með berum höndum nýverið. Var prófunin þannig framkvæmd, að greiparhluta handanna var difið í skál með bráðnu, fljótandi parafíni. Myndaðist við það parafín húð utan á hendurnar, en þeirri húð er ætlað að taka af höndunum allar efnisagnir, sem þar eru, ósýnilegar berum augum. Parafínkápurnar af höndum stefnanda voru bornar þar til gerðu

efni, sem gerði litasvörun, ef á höndunum væri brunnið byssupúður eftir skot, en um enga svörun var að ræða.

Hinn 24. janúar 1968 kom stefnandi enn fyrir sakadóminn. Ítarlega aðspurður hélt hann fast við fyrri framburð sinn í dóminum frá laugardeginum 20. sama mánaðar, þess efnis, að eftir að hann skildi við Hrafnhildi við mót Miklubrautar og Grensásvegar aðfaranótt fimmtudagsins 18. janúar 1968, hafi hann gengið rakleitt að Hlíðargerði 8 og lagzt til svefns þar í herbergi sínu og ekki farið út þaðan, fyrr en komið var fram undir hádegi. Var stefnandi síðan látinn laus úr gæzluvarðhaldi kl. 1038 miðvikudaginn 24. janúar 1968.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð frá lögreglustjóranum í City of Cedar Rapids, Iowa, fæðingarborg stefnanda, þar sem fram kemur, að stefnandi sé ekki á skrá hjá lögreglunni þar í borg yfir glæpamenn.

Svo sem vikið er að í upphafi dóms þessa, fannst skothylki í bifreiðinni R 461, er komið var að henni eftir morðið. Leiddi rannsókn sérfræðinga til þess álits, að kúlunni hefði verið skotið úr skammbyssu af gerðinni Smith & Wesson, kaliber 35. Þessar byssur eru mjög sjaldgæfar. Hinn 7. marz 1969 fannst skammbyssa af þessari gerð í mælaborði leigubifreiðar einnar hér í borginni. Bifreiðarstjóri þessarar leigubifreiðar var með úrskurði 8. marz 1969 úrskurðaður í 30 daga gæzluvarðhald af þessu tilefni.

Við rannsókn, er fram fór á vegum skotfærarannsóknarstofu F. B. I. í Bandaríkjum Norður-Ameríku, kom í ljós, að skothylkið, sem fannst í leigubifreiðinni R 461, hafði verið skotið úr byssu þeirri, er fannst í mælaborði leigubifreiðar þeirrar, sem minnzt var á.

Stefnandi telur sig eiga rétt til bóta vegna gæzluvarðhalds að ósekju samkvæmt 18. kafla laga nr. 82/1961. Hann telur sig algerlega saklausan af verknaði þeim, sem hann hafi verið úrskurðaður í gæzluvarðhald vegna. Hann hafi ekkert þekkt til hins myrta eða nokkurs þess, sem honum við kom. Dómsrannsóknin staðfesti það, að stefnandi hafi hvergi komið nærri þessu máli. Allt, sem hann hafi sagt í rannsókn málsins um sig og sína hætti, hafi verið staðfest. Hann hafi enga byssu né skotfæri haft undir höndum og hafi það verið staðfest með húsleit á þeim stöðum, sem stefnandi hafi geymt föggur sínar. Hann hafi gert grein fyrir þeirri einu skammbyssu, sem hann hafi haft nokkru áður undir höndum til viðgerðar fyrir Íslending nokkurn. Sú

byssa hafi verið af kaliber 22 og hafi hann skotið af henni til reynslu á verkstæði Ole Olsens í Ytri-Njarðvík. Byssa sú, sem Gunnar heitinn Tryggvason hafi verið myrtur með, hafi hins vegar verið af kaliber 35. Ekki verði séð af dómsrannsóknninni í máli þessu, af hvaða ástæðum grunur lögregluvaldsins beinist svo mjög að stefnanda, að talin væri ástæða til að handtaka hann einan og úrskurða hann í gæzluvarðhald. Rannsókn málsins virðist ekki réttlæta þær aðgerðir, þar eð ekki verður séð annað en unnt hefði verið að athuga þau atriði, sem rannsóknin beindist að, án þess að setja hann í gæzluvarðhald.

Stefnandi bendir á, að hann hafi verið atvinnulaus frá því í endaðan nóvember 1967 fram að því, er morðið var framið. Hafi dómsrannsóknin því beinzt að því, á hvern hátt stefnandi gæti gert grein fyrir lífsafkomu sinni þennan tíma. Það hafi hann gert svo vel, að eigi sé sanngjarnt að telja, að féleysi hans hafi verið mótíf, því að auk þess að eiga eftir nokkuð kaup hafi hann hinn 30. nóvember 1967 fengið 200 dollara í skaðabætur og selt logsuðutæki fyrir kr. 5.000.00. Hvort tveggja þetta hafi verið staðfest við rannsókn málsins. Á þessum tíma hafi hann og verið að leita sér að atvinnu og haft í huga að komast á togara.

Stefnandi hafi verið staddur í Reykjavík hina örlagaríku nótt og sofið í herbergi, er hann hafi haft á leigu í Hlíðargerði 8 hér í borg, og fær hann ekki betur séð en dómsrannsóknin staðfesti, að skýrsla hans um ferðir sínar og verustaði nóttina, sem morðið var framið, hafi verið staðfest.

Stefnandi telur, að hann hafi sætt gæzluvarðhaldi að ósekju í mjög stórfelldu afbrotamáli, sem hann hafi hvergi nærri komið. Telur hann því sig eiga rétt á bótum fyrir fjárhagstjón og miska, er hann hafi orðið fyrir. Gæzluvarðhaldsvist í svo stórfelldu afbrotamáli hafi orðið sér svo stórfelldur álitshnekkir, að það hafi valdið honum miklum vandræðum að fá vinnu. Hann hafi einnig orðið fyrir því, að fólk hafi orðið hrætt við hann, vegna þess að hann hafi með gæzluvarðhaldsvistinni verið tengdur við mál þetta.

Kröfuupphæðina kveðst stefnandi hafa ákveðið með hliðsjón af bótum, sem dæmdar hafa verið til handa mönnum, sem orðið hafa fyrir því að verða settir í gæzluvarðhald að ósekju í heimalandi hans, Bandaríkjum Norður-Ameríku, en stefnandi er bandarískur ríkisborgari, svo sem áður greinir.

Að endingu áréttar stefnandi kröfur sínar með því, að hann eigi fjögur börn hér á landi, og geri það málið miklu viðkvæmara.

Vegna framtíðar þeirra sé sér nauðsyn á, að nafn sitt verði hreinsað af öllum áburði í sambandi við morðmálið, en það verði ekki gert, nema sér verði dæmdar bætur vegna gæzluvarðhalds að ósekju í málinu.

Stefndi styður sýknukröfur sínar þeim rökum, að honum þyki einsætt, að stefnandi fullnægi ekki í þessu máli skilyrðum 150. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 82/1961. Í annan stað virðist stefnda sem krafa stefnanda muni vera fyrnd samkvæmt 157. gr. téðra laga.

En jafnvel þó að dæmdar yrðu einhverjar bætur, þá telur stefndi, að hafa beri í huga, að stefnandi hafi einungis verið fjóra daga í gæzluvarðhaldi, sem sé það stuttur tími, að ekki geti verið um neitt fjárhagstjón að ræða og ekki heldur miska að neinu ráði og ekki umfram það, sem segja megi, að stefnandi hafi að vissu leyti gefið tilefni til, án þess þó að því sé haldið fram af hálfu stefnda, að stefnandi sé hinn seki í málinu. Gæzluvarðhaldið hafi hvorki verið lengra né harkalegra heldur en efni hafi staðið til.

Þá bendir stefndi sérstaklega á það, að það sé óhæfa af stefnanda að krefjast þess, að bætur verði ákveðnar eftir bandarískum lagavenjum og fjárhæð þeirra tekin í bandarískri mynt. Hér verði að sjálfsögðu að miða bætur við íslenzkan gjaldmiðil, ef einhverjar bætur verða á annað borð dæmdar stefnanda.

Ekkert er fram komið í málinu, er styður það, að stefnandi hafi gerzt sekur um þann svívirðilega verknað, er varð tilefni þess, að hann var úrskurðaður í gæzluvarðhald laugardaginn 20. janúar 1968, en í gæzluvarðhaldinu sat hann til miðvikudagsins 24. janúar 1968. Af þessum sökum á stefnandi rétt til bóta úr ríkissjóði vegna gæzluvarðhalds að ósekju, sbr. 150. gr., 152. gr. og 155. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála, enda verður eigi á það fallizt, að bótakrafa stefnanda sé fyrnd, þar sem rannsókn framangreinds morðmáls stendur enn yfir.

Stefnandi hefur setzt að hér á landi og stundar hér atvinnu. Verður hann því að sæta bótagreiðslum í samræmi við íslenzk lög og rétt, enda þótt hann sé bandarískur þegn. Á hann því eigi rétt á greiðslu bóta í annarri mynt en íslenzkri.

Þegar það er virt, að stefnandi var úrskurðaður í gæzluvarðhald að ósekju vegna rannsóknar á morðmáli, og tími sá er hafður í huga, sem hann sat í gæzluvarðhaldi, en þess er jafnframt gætt, að rannsóknin gegn stefnanda var eigi með öllu gerð að tilefnislausu vegna undanfarandi hegðunar hans, svo og það, að hann

neitaði að nafngreina eiganda skammbyssu þeirrar, er hann hafði undir höndum í Vélsmiðju Olsens í Ytri-Njarðvík haustið 1967, þá þykja bætur til handa stefnanda vegna gæzluvarðhalds að ósekju hæfilega metnar kr. 120.000.00 og greiðist úr ríkissjóði ásamt 7% ársvöxtum frá 19. janúar 1968 til greiðsludags.

Þá ber að dæma stefnanda málskostnað úr ríkissjóði samkvæmt 154. gr. laga nr. 82/1961. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 20.000.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Kenneth Dean Nelson, kr. 120.000.00 í bætur vegna gæzluvarðhalds að ósekju ásamt 7% ársvöxtum frá 19. janúar 1968 til greiðsludags og kr. 20.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. desember 1969.

Nr. 156/1968. **Elín B. Jensen** (Jón Bjarnason hrl.)
gegn
Ingólfi Fr. Hallgrímssyni og
Ingu Jónsdóttur (Gunnar A. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Aðildarskortur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. september 1968. Krefst hún sýknu af kröfum stefndu í máli þessu og málskostnaðar úr hendi þeirra fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt málflutningi aðilja voru áfrýjandi, eiginmaður hennar, Markús E. Jensen, sem nú er látinn, og stefndu hluthafar í félaginu Markús E. Jensen h/f á Eskifirði. Í októbermánuði 1965 seldu áfrýjandi og Markús heitinn hlutabréf sín í félaginu. Kveða stefndu, að þá hafi orðið það samkomulag, að skuld Markúsar heitins við Markús E. Jensen h/f, kr. 60.550.48, „yrði haldið utan við kaupin" þannig, að skuldin yrði afskrifuð í bókum hlutafélagsins, en Markús heitinn greiddi beint til stefndu ⅓ hluta hennar, kr. 20.183.33, sem er krafa stefndu í máli þessu. Talið er, að Markús E. Jensen hafi andazt 14. desember 1965 og að ekkja hans, áfrýjandi máls þessa, hafi fengið leyfi til setu í óskiptu búi eftir hann.

Í máli þessu krefja stefndu í raun um hluta af kröfu Markúsar E. Jensens h/f á hendur Markúsi E. Jensen. Ekki hafa fram komið heimildir frá hlutafélaginu til handa stefndu til fjárheimtu þessarar. Eiga stefndu því eigi aðild að máli þessu, og ber að sýkna áfrýjanda af kröfum þeirra.

Áfrýjandi sótti ekki þing í héraði. Ber því að dæma hana til að greiða stefndu málskostnað í máli þessu, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Elín B. Jensen, á að vera sýkn af kröfum stefndu, Ingólfs Fr. Hallgrímssonar og Ingu Jónsdóttur, í máli þessu.

Áfrýjandi greiði stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 26. júlí 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. júní s.l., hefur Hörður Einarsson héraðsdómslögmaður, Túngötu 5, Reykjavík, höfðað f. h. hjónanna Ingólfs Fr. Hallgrímssonar og Ingu Jónsdóttur, Eskifirði, Eskifjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu, fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 25. júní s.l., gegn Elínu B. Jensen, Leifsgötu 3, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 20.183.33 með 1% dráttarvöxtum á mánuði og hluta úr mánuði

frá 1. janúar 1966 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt aukatekjulögum og lágmarksgjaldskrá L. M. F. Í.

Stefnandi kveður skuld þessa stafa af uppgjöri í sambandi við sölu á hlutafélagi, sem stefndi og stefnendur hafi verið hluthafar í.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er henni þó löglega stefnt. Verður þá, sbr. 118. gr. laga nr. 85/1936, að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 4.900.00.

Auður Þorbergsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Jóhanni Ólafssyni kaupmanni og Halldóri Ingimarssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Elín B. Jensen, greiði stefnendunum, Ingólfi Fr. Hallgrímssyni og Ingu Jónsdóttur, kr. 20.183.33 með 1% dráttarvöxtum á mánuði og hluta úr mánuði frá 1. janúar 1966 til greiðsludags og kr. 4.900.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. desember 1969.

Nr. 237/1969. **Karl Jónsson og Jón Ingibersson f. h. þrotabús Friðriks Jörgensens**
gegn
Fiskimjölsverksmiðjunni í Vestmannaeyjum h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 10. nóvember 1969, sem barst Hæstarétti 10. þ. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð, sem upp var kveðinn 5. nóvember 1969 á bæjarþingi Reykjavíkur í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja.

Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað um frest þann, sem krafizt er. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðilja dæmt að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, er ákveðst kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Karl Jónsson og Jón Ingibersson f. h. þrotabús Friðriks Jörgensens, greiði varnaraðilja, Fiskimjölsverksmiðjunni í Vestmannaeyjum h/f, kr. 5.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 5. nóvember 1969.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 3. þ. m. um frestbeiðni stefnda, er kom fram, þegar mál þetta var síðast tekið fyrir á reglulegu bæjarþingi þann 30. október s.l. Óskaði lögmaður stefnda þá eftir fresti til skila á greinargerð, þar til dómur gengi í hæstaréttarmálinu nr. 189/1969, er koma mun fyrir réttinn miðvikudaginn 7. janúar 1970. Áfrýjunarstefna í því máli er gefin út hinn 23. október s.l., en þar áfrýjar Sveinn Snorrason, hæstaréttarlögmaður í Reykjavík, f. h. Fiskimjölsverksmiðjunnar í Vestmannaeyjum h/f samkvæmt heimild í 20. gr., sbr. 36. gr. laga nr. 57/1962 um Hæstarétt Íslands, sbr. 96. gr. skiptalaga nr. 3 12. apríl 1878, og með vísan til dóms Hæstaréttar hinn 26. september 1969 í málinu nr. 117/1969: Fiskimjölsverksmiðjan í Vestmannaeyjum h/f gegn Karli Jónssyni og Jóni Ingiberssyni f. h. þrotabús Friðriks Jörgensens og Unnsteini Beck, skiptaráðanda í Reykjavík, úrskurði eða ákvörðun skiptaréttar Reykjavíkur 5. febrúar 1969 í skiptaréttarmálinu: Þrotabú Friðriks Jörgensens, en niðurstaða úrskurðarins var svohljóðandi: „Guðjóni Steingrímssyni hæstaréttarlögmanni heimilast því f. h. kröfuhafanna Karls Jónssonar og Jóns Ingiberssonar að höfða f. h. þrotabús Friðriks Jörgensens

dómsmál til riftunar samningi Friðriks Jörgensens og Fiskimjölsverksmiðjunnar í Vestmannaeyjum h/f, dags. 28. desember 1966, um sölu á saltfiskbirgðum og að gera í því máli fjárkröfur um greiðslu á andvirði hins selda fisks svo og kröfu um málskostnað úr hendi varnaraðilja".

Á bæjarþinginu þann 30. október s.l. neitaði lögmaður stefnanda lögmanni stefnda um frekari frest til greinargerðar, og krafðist þá lögmaður stefnda úrskurðar um það atriði. Ákvað þá bæjarþingsdómarinn, að aðiljum gæfist kostur á að tjá sig um ágreiningsefnið, áður en það yrði tekið til úrskurðar, og gerðu þeir það í þinghaldi þann 3. þ. m.

Mál það, sem hér liggur fyrir til úrskurðar, hafa Karl Jónsson útgerðarmaður, Seyðisfirði, og Jón Ingibersson útgerðarmaður, Ytri-Njarðvík, f. h. þrotabús Friðriks Jörgensens, Reykjavík, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri þann 3. febrúar 1969, gegn Fiskimjölsverksmiðjunni í Vestmannaeyjum h/f til riftunar kaupsamningi um sölu á fiski samkvæmt reglum gjaldþrotaskiptalaga um riftun ráðstafana þrotamanns.

Dómkröfur stefnanda eru þær, *að* kaupsamningi Friðriks Jörgensens, Reykjavík, og Fiskimjölsverksmiðjunnar í Vestmannaeyjum h/f, dags. 28. desember 1966, verði rift, *að* stefnda verði gert að greiða þrotabúinu óskipt kr. 3.998.400.00 auk 12% ársvaxta frá 28. desember 1966 til greiðsludags og *að* stefnda verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu. Þá áskilur stefnandi sér rétt til hækkunar á stefnukröfum með framhaldsstefnu vegna ákvæða í 3. gr. kaupsamningsins, enda sé stefnandi reiðubúinn til að lækka stefnukröfuna, ef áðurnefnt ákvæði leiði til þess.

Tildrögum máls þessa er svo lýst í stefnu, að með kaupsamningi, dagsettum 28. desember 1966, hafi Friðrik Jörgensen, Reykjavík, selt Fiskimjölsverksmiðjunni í Vestmannaeyjum h/f 280 smálestir af blautverkuðum, pökkuðum og metnum saltfiski, sem geymdur hafi verið í kæligeymslum Faxafisks h/f í Hafnarfirði. Umsamið kaupverð hafi verið kr. 3.998.400.00, sem þó hefði getað orðið hærra eða lægra eftir því, hvernig varan mundi seljast á erlendum markaði. Þá hafi verið svo um samið, að kaupverð fisksins gengi til að lækka skuld seljanda við stefnda. Þann 14. apríl 1969 hafi bú seljanda verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Með stefnu, útgefinni hinn 31. janúar 1968, hafi annar stefnenda, Karl Jónsson, höfðað mál á bæjarþingi Reykjavíkur til

riftunar á fyrrgreindum kaupsamningi. Því máli hafi verið vísað frá héraðsdómi með dómi bæjarþings Reykjavíkur hinn 9. október 1968 og hafi sá dómur verið staðfestur með dómi Hæstaréttar.

Á skiptafundi í þrotabúinu hinn 20. janúar s.l. hafi stefnendum þessa máls, sem báðir séu meðal kröfuhafa í búinu, verið heimiluð málssókn f. h. búsins til riftunar framangreindum fisksölusamningi og til greiðslu á andvirði fisksins.

Í stefnu segir, að riftunarkrafan byggist á því, að umræddur samningur hafi verið gerður svo skömmu fyrir gjaldþrotið, að í honum felist stórfelld ívilnun til handa einstökum kröfuhafa á kostnað annarra kröfuhafa.

Í greinargerð í málinu rekur lögmaður stefnanda málavexti og málsástæður nánar. Segir þar m. a., að áðurnefndur Friðrik Jörgensen hafi rekið umfangsmikla útflutningsverzlun í Reykjavík um nokkurra ára bil, en bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta hinn 14. apríl 1967, svo sem áður getur. Síðan segir svo orðrétt í greinargerðinni:

„Þegar kröfulýsingarfrestur var liðinn, var ljóst, að lýstar kröfur námu kr. 54.310.862.00, en eignir voru hins vegar tiltölulega litlar í búinu. Þá kom einnig fram, að þrotamaður hafði um áramótin 1966—67 afhent viðskiptafélögum sínum í Vestmannaeyjum mest allar eignir sínar, þar á meðal fiskbirgðir, hlutabréf, skip o. fl., upp í skuldir sínar við þessa aðila. Kom í ljós, að skiptaréttur inn átti í fórum sínum samrit þriggja slíkra kaupsamninga. Þessir samningar eru:

1. Kaupsamningur, dags. 28/12 '66, þar sem Friðrik Jörgensen selur Fiskimjölsverksmiðjunni í Vestmannaeyjum h/f 280 smálestir af blautverkuðum, pökkuðum og metnum saltfiski fyrir kr. 3.998.400.00. Samningurinn er undirritaður af Þorsteini Sigurðssyni og Sveini Snorrasyni f. h. kaupanda og af Friðrik Jörgensen sem seljanda.

2. Kaupsamningur, dags. 28/12 '66, þar sem Friðrik Jörgensen selur Fiskiðjunni í Vestmannaeyjum 110 smál. af þurrverkuðum smáfiski (bútung) fyrir kr. 2.244.000.00. Samningurinn er undirritaður af Þorsteini Sigurðssyni f. h. kaupanda og af Friðrik Jörgensen sem seljanda. Þessi fiskur er geymdur hjá Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, sem á í honum haldsrétt vegna vangoldinna verkunarlauna að fjárhæð ca. kr. 300.000.00. Kaupendum hefur aðeins tekizt að selja ca. 50 tonn til útflutnings, þar sem þessi fiskur er verkaður fyrir Nígeríumarkað, en sá markaður hefur verið lokaður sökum styrjaldarástands í Nígeríu.

3. Kaupsamningur, dags. 19/1 '67, þar sem Friðrik Jörgensen og eiginkona hans, Þórunn Þorsteinsdóttir, selja Fiskiðjunni (sic) h/f, Ágústi Matthíassyni og Þorsteini Sigurðssyni hlutabréf seljanda í Fiskiðjunni h/f (einn fjórða hluta allra bréfanna) í Fiskimjölsverksmiðjunni h/f, (⅛ eða ⅛ hluta allra bréfanna), ⅓ hluta í v/b Sindra, VE 203, og ⅓ hluta í v/b Marz, VE 204. Kaupverð hinna seldu hlutabréfa og skipshluta var kr. 8.100.000.00, en skv. dskj. nr. 9 virðist nettó verðmæti hafa verið talið ca. 2.6 millj. króna. Engin ákvörðun hefur verið tekin um riftun þessa samnings af hálfu þrotabúsins.

Fram kemur í dskj. nr. 9, að Friðrik Jörgensen hefur boðið Fiskiðjunni h/f og Fiskimjölsverksmiðjunni h/f ýmsar aðrar eignir til afhendingar upp í skuldir sínar við þessa aðila. Er mér ekki kunnugt um, að hve miklu leyti hefur orðið úr þeim viðskiptum. Ég hefi með bréfi til skiptaráðanda, dags. 30/12 '68, krafizt þess, að hann léti fara fram réttarrannsókn út af þessu tilboði þrotamanns, en mér er ekki kunnugt um, hvort skiptaráðandi hafi hafizt handa um það.

Á skiptafundi í þrotabúinu 12. jan. s.l. voru lesin upp bréf Skúla J. Pálmasonar, hdl., dags. 18/9 '67, og mitt, dags. 11/1 '68, þar sem við gerðum kröfu til, að samningum þeim, sem hér greinir að framan undir 1. og 2. lið, verði rift. Krafðist Skúli riftunar á samningnum við Fiskiðjuna h/f vegna sölu á smáfiskinum (2. liður), en ég krafðist riftunar á saltfisksamningnum við Fiskimjölsverksmiðjuna h/f (1. liður). Ég lýsti því yfir, að umbj. m. væri reiðubúinn að reka riftunarmál gegn Fiskimjölsverksmiðjunni h/f, búinu að skaðlausu, og eftir að Skúli J. Pálmason, hdl., hafði lýst því yfir, að hans umbjóðendur væru ekki viðbúnir að höfða riftunarmál upp á eigin spýtur, tók ég einnig að mér riftunarmálið gegn Fiskiðjunni h/f. Bókað er orðrétt, sjá dskj. nr. :

„Leitað var álits fundarmanna, hvort heimila ætti framangreindar málssóknir búinu að kostnaðarlausu. Mótmæli komu fram frá Sveini Snorrasyni, hrl. Skiptaráðandi ákvað að veita Guðjóni Steingrímssyni, hrl., f. h. Karls Jónssonar heimild til að höfða mál til riftunar á sölusamningi gjaldþrota og Fiskimjölsverksmiðjunnar og Fiskiðjunnar í Vestmannaeyjum, dags. 28. des. 1966, búinu að kostnaðarlausu, enda renni það fé, sem kann að fást við riftunina, inn í búið".

Á þessum fundi voru mættir eftirtaldir lögmenn: Skúli J. Pálmason, hdl., Gísli Sigurkarlsson, hdl., v/Páls S. Pálssonar,

hrl., Benedikt Sveinsson, hdl., Guðmundur Pétursson, hrl., Sveinn Snorrason, hrl., Guðjón Steingrímsson, hrl., sem einnig mætti vegna Þórhalls Vilhjálmssonar, hrl., og Einar Viðar, hrl.

Aðeins Sveinn Snorrason hreyfði mótmælum gegn því að heimila málssóknirnar, og lít ég svo á, að hinir lögmennirnir hafi verið samþykkir ákvörðun skiptaráðanda um að veita málsóknarumboð. Að vísu bar skiptaráðandi ekki þessar heimildir undir atkvæði fundarmanna formlega, og geri ég ráð fyrir, að honum hafi fundizt það óþarfi, þar sem mótmæli komu aðeins frá Sveini Snorrasyni, lögmanni þeirra kröfuhafa, sem málssóknirnar áttu að beinast gegn".

Í framhaldi af þessu segir lögmaður stefnanda í greinargerð sinni, að hann líti svo á, að áðurnefndir lögmenn hafi samþykkt málssóknirnar fyrir hönd umbjóðenda sinna, og þegar litið sé á lýstar kröfur í búið, sjáist, að þessir lögmenn hafi haft á bak við sig mjög verulegan hluta kröfuhafa í búinu annarra en Sveins Snorrasonar. Samkvæmt dskj. nr. 5 séu kröfur umbjóðenda þeirra samtals að fjárhæð kr. 26.575.696.02. Kröfufjárhæðin sé þó raunar hærri, þar sem kröfur erlendra kröfuhafa, sem þarna séu meðtaldir, þ. e. Chemical & Feeds og L. Wünsche & Co., hafi hækkað síðan um ca. 3.6 milljónir vegna gengisbreytingar í nóvember árið 1967. Síðan segir orðrétt í greinargerðinni svo:

„Sveinn Snorrason, hrl., hefur lýst verulegum fjárhæðum í búið, eða alls kr. 26.510.301.29, þannig:

v/Fiskiðjunnar h/f	kr.	6.144.398.72
v/Þorsteins Sigurðssonar	—	350.000.00
v/Fiskimjölsverksmiðjunnar h/f	—	19.758.872.57
v/Lifrarsamlags Vestmannaeyja	—	257.036.00
	Kr.	26.510.301.29

Eins og sjá má, eru umbjóðendur Sveins einmitt þeir aðilar, sem málshöfðanirnar beindust að (nema Lifrarsaml. Vestmannaeyja). Þar af leiðandi var hann ekki atkvæðisbær f. h. þessara aðila. Hann heldur því að vísu fram, að hann hafi atkvæðisrétt f. h. Fiskiðjunnar h/f varðandi málssókn á hendur Fiskimjölsverksmiðjunni h/f og f. h. Fiskimjölsverksmiðjunnar h/f varðandi málssókn gegn Fiskiðjunni h/f. Ég held því hins vegar fram, að hann hafi engan atkvæðisrétt, þar sem hagsmunir þessara aðila séu svo samofnir. Þannig eru báðir kaupsamningarnir

gerðir sama dag og af sömu mönnum með aðstoð sama lögmanns, sem vann að samningsgerðum báðum á sama tíma, sbr. t. d. dskj. nr. 8 og 9. Þá eru sömu menn í stjórn beggja félaganna. Enn fremur er ljóst, að sömu ástæður geta leitt til riftunar samninganna, sérstaklega ef ákvæði 23. gr. gjaldþrotaskiptalaga leiða til riftunar.

Þegar á allt þetta er litið, taldi ég umbj. m. hafa verið veitt fullt og ótakmarkað umboð búsins til að höfða umrædd riftunarmál.

Þegar eftir að skiptafundinum þann 12. jan. '68 var lokið, tjáði ég Sveini Snorrasyni, hrl., að ég myndi byrja á riftunarmálunum næstu daga og senda honum stefnur til uppáskriftar. Hafði hann ekkert við það að athuga. Ég gaf stefnurnar út 22. jan. til þingfestingar á bæjarþingi Reykjavíkur þann 1. febr. '68 og sendi þær síðan honum til baka. Hins vegar ritaði hann skiptaráðanda bréf, dags. 25/1 '68, þar sem hann ítrekar mótmæli sín gegn málssóknum og kemur með nokkrar nýjar ástæður fyrir þessum mótmælum. Þetta bréf var lagt fram á skiptafundi 26. jan. '68, en á þeim fundi var engin ákvörðun tekin um að draga úr umboðum mínum. Skiptaráðandi hringdi til mín eftir fundinn, eins og hann lýsir í dskj. nr. 17. Var þá ljóst orðið, að Sveinn Snorrason myndi ekki skrifa upp á stefnurnar. Ég sagði skiptaráðanda, að ég myndi verða við óskum hans að fella úr stefnunum orðin „f. h. þrotabús Friðriks Jörgensen", enda teldi ég þau ekki skipta neinu máli, þar sem ég teldi mig hafa umboð búsins allt að einu. Hins vegar tjáði ég skiptaráðanda, að riftunarmálin myndu byggjast á því að fá varnaraðila dæmda til að skila búinu þeim fiski, sem þeir hefðu keypt af þrotamanni, eða andvirði hans, að svo miklu leyti sem þeir hefðu þegar selt hann til útlanda. Aðrar dómkröfur væru tilgangslausar og til þess gerðar að stofna til langvarandi málaferla. Ef aðeins væri fenginn dómur fyrir heimild til riftunar í þessu máli, þyrfti e. t. v. nýja málssókn til að fá aðfararhæfan dóm til afhendingar á fiski eða til greiðslu andvirðis hans. Ég teldi, að slíkur málarekstur yrði sízt til að flýta fyrir skiptum búsins, og auk þess væru slíkar kröfur vart dómhæfar réttarfarslega séð. Ég sagði skiptaráðanda að lokum, að ég myndi halda áfram með málin, eins og ekkert hefði í skorizt. Gaf ég síðan út nýjar stefnur, dags. 31. jan. til þingfestingar 15. febr. Þessar stefnur voru birtar af stefnuvottum.

Þann 16. maí '68 fór fram málflutningur um frávísunarkröfur

stefndu, en síðan var málið endurupptekið þann 27. maí og aðilum gefinn kostur á að afla skýrra gagna um það, hvort þrotabúið væri samþykkt málssókninni, eins og hún lægi fyrir.

Á skiptafundi 19. sept. '68 var samþykkt tillaga Guðmundar Péturssonar um, „að málshöfðanda, Karli Jónssyni, yrði veitt heimild til þess að halda áfram riftunarmálunum, sem þegar hafa verið höfðuð, og gera í þeim kröfur, bæði um riftun samninga og ákveðnar fjárkröfur á hendur varnaraðilum um skil á hinum umsömdu verðmætum eða andvirði þeirra á hendur þrotabúinu".

Þann 20. sept. s.l. voru málin enn sótt og varin um frávísunarkröfur stefndu. Dómar voru uppkveðnir 9. okt. s.l., og urðu niðurstöður þær sömu í báðum málunum, að þeim var vísað frá dómi, þar sem vafi þótti leika á því, hvort búið vildi vera aðili að málunum. Frávísunardómarnir voru kærðir til Hæstaréttar í samráði við skiptaráðanda, en Hæstiréttur staðfesti dóma bæjarþingsins þann 28/11 s.l.

Eftir að dómar Hæstaréttar voru fallnir, gerði ég þegar kröfu til, að boðað yrði til nýs skiptafundar, þar sem tekin yrði ákvörðun um áframhaldandi málshöfðanir. Boðaði skiptaráðandi til nýs fundar með auglýsingu í Lögbirtingablaði 10. des. s.l., sbr. dskj. nr. . Var sá fundur haldinn 17. des. Tillaga mín, sem ég lagði þá fram um framhald málssóknar gegn Fiskiðjunni h/f og Fiskimjölsverksmiðjunni í Vestmannaeyjum h/f, var ekki tekin til atkvæðagreiðslu á þeim fundi, en fundi frestað til 27. des. Engin endanleg ákvörðun var tekin á þeim fundi, en fundi frestað til 20. jan. s.l. Á þeim fundi féll ég frá kröfu minni um málssókn gegn Fiskiðjunni h/f, þar sem ég féllst á, að vafasamt væri, hvort búið hefði nokkurn hag af að rifta kaupsamningi þrotabúsins við það félag, þar sem bútungurinn, sem sá samningur fjallar um, væri óseldur og e. t. v. óseljanlegur.

Hins vegar var nú tillaga mín um málshöfðun á hendur stefndu í þessu máli borin upp svohljóðandi: „Skiptafundur ákveður að heimila Guðjóni Steingrímssyni, hrl., vegna Karls Jónssonar og Jóns Ingiberssonar að höfða fyrir hönd þrotabúsins riftunarmál gegn Fiskimjölsverðsmiðjunni í Vestmannaeyjum til riftunar samningi, dags. 28. des. 1966, og gera í því máli kröfu um greiðslu á andvirði saltfisks auk vaxta og málskostnaðar. Málssóknin verði búinu að kostnaðarlausu að því leyti, að Guðjóni Steingrímssyni, hrl., beri aðeins málflutningslaun, reiknuð af þeim verðmætum, sem koma inn í búið með þessari málssókn.

Verði niðurstaða málsins á þann veg, að málskostnaður verði lagður á sóknaraðila, mun Guðjón Steingrímsson taka þann kostnað á sig".

Með tillögu þessari greiddu atkvæði umboðsmenn kröfuhafa, sem hafa bak við sig um 20 millj. króna í lýstum kröfum, og er því enginn vafi á, að tillagan hafi hlotið löglegt samþykki. Skiptaráðandi tók sér frest til að taka afstöðu til tillögunnar og atkvæðagreiðslunnar. Hann hefur þann 5. þ. m. tekið þá ákvörðun að telja tillöguna samþykkta, sbr. dskj. nr. 12.

Friðrik Jörgensen hafði í nokkur ár rekið mjög umfangsmikla útflutningsverzlun, þegar hann var úrskurðaður gjaldþrota. Var hér einkum um að ræða verzlun með fiskafurðir í umboðssölu fyrir fjölmarga framleiðendur, þar á meðal fyrir stefndu í þessu máli. Seint um haustið 1966 vaknaði sá grunur, að Friðrik Jörgensen stæði ekki lengur í skilum með yfirfærslu kaupverðs afurða frá erlendum kaupendum til framleiðenda, þar á meðal stefndu. Lét Útvegsbankinn, sem var viðskiptabanki Friðriks, fara fram rannsókn á bankaviðskiptum hans, og kom þá verulegt misferli í ljós og stórfelldur fjárdráttur gagnvart framleiðendum, þar á meðal stefndu. Var þá ljóst, að ólíklegt væri, að Friðrik gæti staðið í skilum við framleiðendur, þar á meðal við stefndu, sem hann skuldaði þá yfir 25 millj. króna.

Forráðamenn stefndu, sem einnig reka Fiskiðjuna h/f í Vestmannaeyjum, sem Friðrik skuldaði á þeim tíma rúmar 6 millj. króna, hófust handa í des. '66 að fá Friðrik til að afhenda sér eignir sínar upp í inneignir þeirra án þess að skeyta um, hvort nokkuð yrði afgangs handa öðrum skuldheimtumönnum hans, en þeim var þó fullkunnugt um, að þessar skuldir væru stórfelldar. Þannig vissu þeir t. d. fullvel, að hann hafði svikið brezka firmað Chemicals & Feeds Ltd. um andvirði heils farms af síldarlýsi, £ 83.319-7-1, en lýsið var einmitt framleitt í verksmiðju stefndu í Vestmannaeyjum.

Samband þessara manna við Friðrik hafði verið mjög náið mörg ár, enda var hann hluthafi í fyrirtækjum þeirra, þar á meðal í hinu stefnda félagi, og jafnvel í stjórn þeirra og procuruhafi Fiskiðjunnar h/f. Má telja víst, að þeir hafi betur en aðrir verið kunnugir hans högum og vitað, þegar hér var komið, að stórlega skorti á, að Friðrik ætti fyrir skuldum. Í þessu sambandi vísa ég til bréfs Friðriks, dags. 19/1 '67, dskj. nr. , þar sem Friðrik staðfestir það, sem hann hafði áður sagt stefndu, að hann bjóði þeim ýmsar eignir sínar, alls að verðmæti ca. kr.

22.6 milljónir, sem greiðslu eða tryggingu fyrir greiðslu. Má telja tvímælalaust, að stefndu hafi verið ljóst, að hér voru eignir Friðriks taldar upp tæmandi, og ýktar þó. Þegar bréf þetta er ritað, höfðu þá þegar verið gerðir 3 kaupsamningar til afhendingar á hluta af þeim verðmætum, sem þar eru talin, og má því gera ráð fyrir, að tilboð þetta hafi legið fyrir, áður en þær samningsgerðir hófust. Var stefndu að sjálfsögðu ljóst, að þessar eignir hrukku hvergi nærri fyrir skuldum Friðriks við þá, enda hófust þeir handa þann 27. jan. '67 um að leggja löghald á aðrar eignir hans.

Því er haldið fram, að stefndu hafi verið kunnugt, þegar umræddur samningur var gerður, að Friðrik hafi ekki átt fyrir skuldum og að með gerð hans hafi þeim verið ívilnað á kostnað annarra skuldheimtumanna á saknæman hátt. Sé því samningurinn riftanlegur skv. 23. gr. gjaldþrotaskiptalaga.

Riftunarkrafan er þó aðallega byggð á 19. gr. gjaldþrotaskiptalaga, en þar segir, að „hafi þrotamaður á síðustu 6 mánuðum, áður en hann varð gjaldþrota, greitt skuld, hvort sem hún var fallin í gjalddaga eða eigi, með því að láta af hendi við lánardrottin fasteign, skip eða aðra þá muni, er telja verður óvanalegan gjaldeyri, eftir öllum ástæðum, eða hefur greitt skuld, er eigi var fallin í gjalddaga, þó með vanalegum gjaldeyri sé greitt, þá getur búið rift greiðslunni og krafizt þess, að lánardrottinn skili aftur því, sem hann hefur fengið, eða andvirði þess".

Ég tel að skilyrði til riftunar umgetnum fisksölusamningi séu fyrir hendi skv. 19. gr. gjaldþrotaskiptalaga. Þannig er ljóst, að samningur er gerður á síðustu 6 mánuðum, áður en skiptin byrjuðu. Samningurinn er gerður 28/12 '66, en skiptin byrjuðu 14/4 '67, eða aðeins 3 mánuðum og 16 dögum síðar. Enn fremur er ljóst, að saltfiskur sá, sem seldur var, er „óvenjulegur gjaldeyrir" í merkingu laganna. Fyrirtæki stefndu rekur síldar- og fiskimjölsverksmiðju, og annaðist þrotamaður sölu á afurðum hennar, lýsi og mjöli. Ekki er kunnugt um, að fyrirtækið verkaði salfisk eða annaðist útflutning á saltfiski fyrir aðra. Þrotamaður stundaði hins vegar útflutningsverzlun með fiskafurðir, og þar á meðal annaðist hann allan útflutning fyrir stefndu, enda var skuld hans við stefndu þannig til komin, að hann gat ekki staðið í skilum með greiðslu á andvirði hinna seldu afurða. Þrotamanni bar að sjálfsögðu að greiða andvirði í peningum, enda hafði það jafnan verið venjan í viðskiptum þeirra, að þrotamaður greiddi andvirðið inn á sérstakan „lokaðan reikning" í Útvegsbanka Ís-

lands. Greiðsla upp í skuld þessa með saltfiski er því riftanleg, þar sem saltfiskur er í þessu sambandi „óvenjulegur gjaldeyrir".

Þegar þessi greinargerð er rituð, liggur ekki ljóst fyrir, hversu hátt verð fékkst fyrir hin umræddu 280 tonn af saltfiski, sem mál þetta snýst um. Stefndu hafa ekki lagt fram nein gögn, sem sýna það nákvæmlega, þrátt fyrir áskoranir í þá átt. Málið er því höfðað til greiðslu á kr. 3.998.400.00, en réttur er áskilinn til höfðunar framhaldssakar, þegar þessar upplýsingar eru fyrir hendi".

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur þann 13. febrúar s.l. Fékk þá lögmaður stefnda með samþykki lögmanns stefnanda frest til greinargerðar, fyrst til 27. febrúar og aftur til 13. marz s. á. Er málið var þá tekið fyrir á hinu reglulega bæjarþingi, lagði umboðsaður stefnda fram afrit af kæru til Hæstaréttar (dskj. nr. 17). Hefur þá bæjarþingsdómarinn bókað eftirfarandi í þingbók: „Umboðsmaður stefnda fór fram á að fá greinargerðarfrest í hálfan mánuð, en umboðsmaður stefnanda harðneitaði að veita frestinn og krafðist úrskurðar um ágreiningsatriðið.

Þar eð umboðsmaður stefnda lagði fram í dag kæru til Hæstaréttar, þar sem kærður er úrskurður skiptaréttar frá 5. febrúar 1969 um heimild handa Guðjóni Steingrímssyni til höfðunar riftunarmáls á hendur Fiskimjölsverksmiðjunni í Vestmannaeyjum h/f, f. h. Karls Jónssonar og Jóns Ingiberssonar, þá ákvað dómarinn með heimild í 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 að fresta málinu ex officio um óákveðinn tíma, þar eð úrskurður kærumálsins hefði verulega þýðingu fyrir úrslit framangreinds máls".

Samkvæmt þessu var málinu frestað um óákveðinn tíma.

Hinn 26. september s.l. gekk hæstaréttardómur í áðurnefndu kærumáli, þar sem því var vísað frá Hæstarétti. Bæjarþinginu barst síðan bréf, dagsett 3. október 1969, frá Guðjóni Steingrímssyni hæstaréttarlögmanni, lögmanni stefnanda þessa máls, þar sem hann óskar eftir því, að ákveðinn verði tími til fyrirtektar málsins. Málið var tekið fyrir hinn 23. október á reglulegu bæjarþingi, og lagði þá lögmaður stefnanda fram áðurnefnt bréf svo og afrit dóms Hæstaréttar í áðurnefndu kærumáli (dskj. nr. 18 og 19). Fékk þá lögmaður stefnda með samþykki lögmanns stefnanda frest til skila á greinargerð til 30. október s.l. Er málið var tekið fyrir á reglulegu bæjarþingi þann dag, óskaði lögmaður stefnda enn eftir frekari fresti, en lögmaður stefnanda neitaði,

svo sem áður hefur verið rakið. Svo sem einnig er áður getið, gaf dómarinn lögmönnum kost á að tjá sig munnlega um ágreiningsefni þetta, áður en úrskurður yrði á það lagður.

Lögmaður stefnda ítrekaði kröfu sína, er hann gerði á reglulegu bæjarþingi þann 30. október s.l. þess efnis, að honum yrði veittur frestur til skila á greinargerð, þar til fyrir lægi niðurstaða Hæstaréttar í hæstaréttarmálinu nr. 189/1969, en þess máls hefur verið getið hér að framan. Lögmaður stefnda sagði, að áfrýjun þessi væri nauðsynleg til þess að fá hnekkt ákvörðun skiptaréttar Reykjavíkur frá 5. febrúar 1969 um umboð til handa stefnendum þessa máls til höfðunar þess fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Sagðist lögmaðurinn telja, að þeir gallar væru á afgreiðslu skiptaréttarmálsins, að frávísun þessa máls hér fyrir dómi mundi varða, en þar sem hér væri um hliðsetta dómstóla að ræða, teldi hann naumast, að þessi dómur væri bær um að fjalla um það ágreiningsefni, og hefði hann því áfrýjað ákvörðun skiptaréttarins til Hæstaréttar. Frávísunarkrafa í því máli, sem hér lægi fyrir dómi, byggðist hins vegar að sjálfsögðu á niðurstöðu Hæstaréttar í áðurnefndu áfrýjunarmáli.

Lögmaður stefnanda ítrekaði þá dómkröfu sína, að synjað yrði um umbeðinn frest. Sagði lögmaðurinn, að svo virtist, að hér væri einungis um að ræða tilraun til þess að fá máli þessu frestað óeðlilega lengi, því að lögmanni stefnda væri í lófa lagið að koma fram með frávísunarkröfu hér fyrir dómi, en sá háttur væri miklu fljótvirkari en sá, sem lögmaður stefnda hefði haft á. En jafnvel þótt lögmaður stefnda hefði áfrýjað ákvörðun skiptaréttar um málshöfðunarheimild stefnanda þessa máls, væri ekkert því til fyrirstöðu, að hann skilaði greinargerð í máli þessu, svo sem lög stæðu til. Sagði lögmaðurinn, að það væri andstætt öllum lögum, að frekari frestur til greinargerðar yrði veittur í máli þessu.

Þegar virtir eru málavextir, svo sem þeir hafa nú verið raktir í máli þessu, eins og það liggur hér fyrir dómi, þykir rétt með hliðsjón af 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 að taka til greina kröfu stefnda um frest til skila á greinargerð, þar til úrslit hæstaréttarmálsins nr. 189/1969 liggja fyrir.

Ákvörðun málskostnaðar bíður endanlegs dóms í málinu.

Björn Þ. Guðmundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hinn umbeðni frestur er veittur. Ákvörðun málskostnaðar bíður endanlegs dóms í málinu.

Miðvikudaginn 17. desember 1969.

Nr. 238/1969. **Pétur Pétursson**
gegn
Elísabeth Clausen.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Vitni.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 21. gr. laga nr. 57/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. október 1969, er hingað barst 10. desember 1969. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og varnaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Pétur Pétursson, greiði varnaraðilja, Elísabeth Clausen, kærumálskostnað, kr. 5.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 17. október 1969.

Mál þetta er risið hér fyrir skiptaréttinum milli málsaðilja, Elísabethar Clausens, Gnoðarvogi 64, og manns hennar, Péturs Péturssonar kaupmanns, í sambandi við skipti á búi þeirra vegna væntanlegs hjónaskilnaðar þeirra. Verða nú rakin helztu atriði málsins.

Með bréfi til skiptaréttar Reykjavíkur, dags. 18. ágúst s.l., óskaði lögmaður Elísabethar Clausens eftir, að bú þeirra, hennar og manns hennar, Péturs Péturssonar, yrði tekið til skipta. 20. sama mánaðar var svo hafin uppskriftargerð í málinu. Við gerð þessa lá fyrir endurrit úr hjónaskilnaðarbók Reykjavíkur, og kemur þar aðeins fram varðandi búskiptin, að maðurinn fer fram á, að eignaskipti fari fram samkvæmt kaupmála, gerðum fyrir giftingu, eins og lög standi til. Einnig var lagt fram í þessu réttarhaldi ljósrit af kaupmála milli aðilja.

Í réttarhaldi þessu var maðurinn ekki mættur, en lögmaður hans lýsti því yfir, að hann vissi ekki um neinar sameiginlegar eignir hjónanna. Sagði hann, að tilgangurinn með kaupmálanum hafi verið sá, að um eignir þeirra færi sem þau væru ógift. Hins vegar tók konan fram, að hún teldi kaupmálann, sem fram væri lagður, tæmandi upptalningu á séreign hjónanna að undanskilinni bifreiðinni R 19900, sem af vangá hafi fallið niður við upptalningu í kaupmála sem séreign hennar. Jafnframt tók konan fram, að hún teldi, að um verulegar eignir væri að ræða, sem sé sameign þeirra. Ekki var konan við því búin að benda á þessar eignir og óskaði eftir fresti til þess. Jafnframt benti konan á, að maðurinn hefði geymsluhólf í Búnaðarbanka Íslands, og gerði kröfur til þess, að hólfið yrði innsiglað, þar til rétturinn hefði tíma til að skrifa upp það, sem í því væri. Þessari síðustu kröfu konunnar var þegar andmælt af hálfu lögmanns mannsins. Var atriði þetta tekið til úrskurðar, þegar málið hafði verið reifað, og síðan úrskurður uppkveðinn, og féll hann á þá leið, að hólfið skyldi innsiglað og að ekki skyldi í hólfið farið án leyfis skiptaráðandans í máli þessu.

Fimmtudaginn 21. ágúst var uppskriftargerðinni haldið áfram, og voru þá skrifuð upp málverk í íbúð hjónanna að Gnoðarvogi 64, en engin viðurkenning kom fram um, hvort málverkin væru séreign eða hjúskapareign. Konan lýsti því yfir, að hún ætti sem einkaeign tvö af málverkunum, og var því ekki andmælt, en gaf engar yfirlýsingar varðandi hin málverkin, sem voru 21 að tölu.

Krafðist lögmaður mannsins þess nú, að málverkin, sem konan taldi ekki sína persónulegu eign, yrðu tekin úr vörzlu hennar. Andmælti lögmaður konunnar þeirri ráðstöfun, og var það atriði tekið til úrskurðar, eftir að málið hafði verið reifað, eins og málsaðiljar óskuðu. Féll úrskurður á þá leið, að málverkin skyldu tekin í vörzlu skiptaréttarins.

Í skiptarétti 3. september skyldi haldið áfram að skrifa upp og virða eignir nefndra hjóna. Er þar meðal annars bókað: „Þá er bent á útistandandi skuld hjá Þóri Jónssyni forstjóra eða fyrirtæki hans, Þóri Jónssyni & Co., eða Sveini Egilssyni h.f., sem er að fjárhæð kr. 1.500.000.00. Konan vill geta þess, að henni er kunnugt um, að Þórir tók umrætt lán, en vera má, að hann hafi greitt það. Skorað er á manninn að gefa upplýsingar um fé þetta og hvar það sé". Einnig voru í réttarhaldi þessu nefnd tvö önnur verðmæti, er talin voru tilheyrandi félagsbúinu. Í þessu sama réttarhaldi er meðal annars bókað eftir lögmanni mannsins, en sjálfur var maðurinn ekki mættur:

„Eins og áður mótmæli ég því, að í hjúskap aðilja þessa máls hafi nokkru sinni myndazt sameign eða félagsbú, og vísa um það til hins framlagða kaupmála ...". Og enn fremur er þar bókað eftir sama lögmanni: „Að því er snertir viðskipti umbjóðanda míns við Þóri Jónsson eða fyrirtæki hans, þá eru þau mér með öllu ókunn, en á meðan sóknaraðili færir ekki full rök að því, að þar hafi Pétur ráðstafað eignum félagsbús þeirra hjóna, þá tel ég kröfu þessa á engum rökum reista". Með skírskotun til þessa mótmælti lögmaður um hina umbeðnu uppskrift. Var þá ákveðið að reka sérstakt skiptaréttarmál um ágreininginn um framhald uppskriftargerðarinnar, og hafa nú báðir aðiljar skilað greinargerð í því máli.

Í greinargerð lögmanns sóknaraðilja, konunnar, í því máli segir, að hann geri þær dómskröfur, *að* uppskrift fari fram og *að* varnaraðilja verði dæmt að greiða umbjóðanda hans málskostnað. Þá segir þar: „Þær eignir, er umbjóðandi minn hefur krafizt uppskriftar á, falla ekki undir kaupmála hjónanna. Að því leyti er venjulegt helmingafélag með hjónunum". Enn fremur segir þar: „Ef varnaraðili lætur undir höfuð leggjast að koma fyrir dóm og gefa skýrslu um sakaratriði þrátt fyrir áskorun fulltrúa míns á dómþingi 3. sept. þ. á., er þess krafizt, að skýrsla umbjóðanda míns verði lögð til grundvallar".

Lögmaður mannsins gerir þær kröfur í því máli, að neitað verði um hina umbeðnu uppskrift og að honum verði tildæmdur

málskostnaður. Aðalmálsástæður varnaraðilja í því máli eru þessar:

Með kaupmála aðilja þessa máls, sem gerður var fyrir giftingu þeirra, var svo ákveðið, að allar eignir þeirra, sem þau áttu fyrir stofnun hjúskapar, skyldu vera séreign þeirra hvors um sig. Sama skyldi og um sjálfsaflafé þeirra, arf og persónulegar gjafir. Var tilgangur aðilja þannig sá, að fjárhagur þeirra skyldi aðskildur frá upphafi, enda ráku þau bæði sjálfstæða atvinnu, maðurinn verzlun og konan hárgreiðslu- og snyrtistofu, og hvort um sig átti erfingja, sem þau vildu á þennan hátt taka tillit til. Samkvæmt þessu gat aldrei myndazt neitt félagsbú, og telur lögmaður mannsins, að engin rök séu færð fyrir því gagnstæða af gagnaðilja.

Til réttarhalds í málinu 24. september stefndi lögmaður konunnar Þóri Jónssyni forstjóra, er að framan er nefndur, sem vitni í málinu. Í því þinghaldi mætti vitnið ekki, en hafði tilkynnt lögleg forföll. Í réttarhaldi í málinu viku síðar, þ. e. 1. þ. m., mætti vitni þetta hins vegar óstefnt, og skyldi vitnaleiðsla nú fara fram, en lögmaður varnaraðilja mótmælti því, að vitnaleiðslan færi fram. Í þessu réttarhaldi var varnaraðili, Pétur Pétursson, einnig mættur sjálfur. Í þessu réttarhaldi létu lögmenn beggja aðilja bóka kröfur sínar og málsástæður og lögðu atriðið síðan í úrskurð réttarins, og skal nú vikið að bókunum aðilja hvors um sig.

Lögmaður sóknaraðilja tók fram, að 3. september hafi hann krafizt þess, að uppskrift færi fram, meðal annars á útistandandi skuld hjá Þóri Jónssyni & Co. eða Þóri Jónssyni persónulega eða Sveini Egilssyni h/f og sé talið, að krafa þessi nemi kr. 1.500.000.00, en lögmaður varnaraðilja hafi sagt, að sér væri með öllu ókunnugt um þessa kröfu. Taldi lögmaður sóknaraðilja nauðsynlegt, að uppskrift færi fram að þessu leyti, hvernig sem skilja bæri ákvæði kaupmálans, og að það sé sérstakt skiptaréttarmál, hvort draga eigi einstakar eignir undan meðferð búsins. Þá kvað hann ákvæði kaupmálans um séreign, að því er varða alveg ótilgreindar eignir, með öllu ógild. Rétt virðist því, að einhver komi fyrir dóm og upplýsi um viðskipti þau, er hér um ræði.

Í þessu sama réttarhaldi skoraði lögmaður sóknaraðilja á varnaraðilja, er sjálfur var mættur í réttinum, að koma fyrir dóm og gefa skýrslu um sóknaratriði að viðlagðri ábyrgð og þeim lögverkunum, er þar tilheyri.

Lögmaður varnaraðilja telur, að óheimilt sé að leiða vitni um

einkaviðskipti umbjóðanda hans og vitnisins, meðan sóknaraðili sannar ekki aðild sína að því máli.

Þá kvað lögmaður varnaraðilja sér með öllu ókunnugt um viðskipti skjólstæðings síns og vitnisins og væri það vorkunnarmál, þar sem sóknaraðili, sem telji sig eiga kröfuna að hálfu, viti ekki, hver sé skuldarinn eða hvort skuldin sé greidd eða með öðrum orðum, hvort skuldin sé til. Þá segir svo:

„Um kaupmálann sé ég ekki ástæðu til að ræða að svo stöddu, þar sem hann liggur ekki til úrskurðar í þessu máli, en ég bendi hinum virðulega rétti á, að hann er algjörlega tæmandi um allt það, er umbjóðandi minn átti við stofnun hjúskaparins, og hefði vafalaust verið erfitt að gera því atriði skil á annan hátt, þar sem umbjóðandi minn var talinn allvel fjáður við stofnun hjúskaparins og hefði tæmandi upptalning orðið erfið". Loks tók lögmaður varnaraðilja fram, að með tilvísun til fyrri bókana þá neiti hann að svo stöddu, að varnaraðili gefi aðiljaskýrslu í máli þessu, enda taki öll hin sömu rök til hans og vitnisins Þóris Jónssonar.

Eins og ljóst má vera af því, er að framan er rakið, stendur deilan í aðalmálinu um, hvaða eignir hjónin eigi sameiginlega, og sumpart um, hvort eignir, er konan hefur tilgreint, séu til. Í réttarhaldi í aðalmálinu 3. september s.l. skoraði lögmaður konunnar á gagnaðilja að gefa upplýsingar um fé það, er konan taldi, að þau ættu hjá Þóri Jónssyni eða fyrirtækjum hans. Í réttarhaldi í málinu 1. þ. m. skoraði lögmaður konunnar á varnaraðilja, sem þá var mættur, að koma fyrir dóm og gefa skýrslu um sakaratriði að viðlagðri ábyrgð og þeim lögverkunum, er þar til heyra, en lögmaður varnaraðilja neitaði því með tilvísan til sömu raka og hann mótmælti vitnaleiðslu Þóris Jónssonar. Varnaraðili hefur þannig eða lögmaður hans neitað að gefa nokkrar skýrslur um verðmæti þau, er hér er um deilt í þessu úrskurðaratriði. Með hliðsjón af þessu og því, að hér kann að vera um verðmæti að ræða, er tilheyri hjúskapareign þeirra hjóna, aðilja þessa máls, enda ekki færðar sönnur á, að fjárhagur þeirra hjóna hafi verið algerlega aðskilinn, þá þykir ekki rétt að fallast á kröfur varnaraðilja um að synja þessari vitnaleiðslu, og má hún fara fram. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Sigurður M. Helgason borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:
Framangreind vitnaleiðsla má fara fram.
Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 18. desember 1969.

Nr. 237/1968. **Haraldur Ágústsson og**
Reynir R. Ásmundsson
(Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
Kára Guðmundssyni
(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Niðurfelling kaupsamnings. Endurgreiðsla.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 17. desember 1968. Krefjast þeir aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju, en til vara, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnda. Í báðum tilvikum krefjast áfrýjendur málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjenda.

Ekki eru efni til að ómerkja hinn áfrýjaða dóm.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, keypti stefndi með kaupsamningi 22. október 1965 af áfrýjendum íbúð í húsinu nr. 61 við Framnesveg hér í borg, en áfrýjendur létu reisa hús þetta. Í viðbótarsamningi aðilja við kaupsamninginn, gerðan sama dag, segir svo í 4. gr.: „Við samningsrofum liggja af beggja hálfu skaðabætur að upphæð kr. 10.000.00 — tíu þúsund krónur — nema sannað sé, að meira tjón hafi af hlotizt.

Nú vanheldur kaupandi ákvæði kaupsamnings um greiðslu afborgana af kaupverði íbúðar sinnar, og geta þá seljendur

með tveggja vikna fyrirvara skorað á hann úr að bæta. Hafi hann eigi innan greinds tíma innt af höndum hinar tilskildu greiðslur, skal hann hafa fyrirgert rétti sínum til hinnar seldu íbúðar. Skulu þá seljendur taka til ráðstöfunar íbúðina og selja hana fyrir hæsta fáanlegt verð. Er ekki afturkræft það, sem kaupandi hefur greitt af kaupverðinu, fyrr en hinn nýi kaupandi hefur goldið tilskilið gjald fyrir hið selda, enda geta þá seljendur tekið undir sig sjálfa skaðabætur þær, er kaupanda bar að greiða samkv. upphafi þessarar greinar. Falla þá og niður réttindi kaupanda samkv. samningi".

Kaupverð íbúðarinnar var ákveðið kr. 845.000.00. Við undirskrift kaupsamnings greiddi stefndi kr. 250.000.00 upp í kaupverðið og hinn 7. maí 1966 kr. 100.000.00. Um mánaðamótin júní og júlí 1966 var fyrrgreindum samningum aðilja rift, og 21. júlí 1966 endurgreiddu áfrýjendur stefnda kr. 100.000.00 af fé því, er hann hafði innt af hendi upp í kaupverð íbúðarinnar. Áfrýjendur seldu síðan íbúð þessa aftur 21. október 1966 fyrir kr. 930.000.00 miðað við sama stig byggingar og í samningnum við stefnda. Við undirskrift kaupsamnings greiddi kaupandinn kr. 400.000.00 upp í kaupverðið. Í rekstri máls þessa í héraði greiddu áfrýjendur til stefnda kr. 221.400.00 sem lokagreiðslu á kröfum stefnda. Var það á því byggt, að frá þeim kr. 250.000.00, sem stefndi hafði greitt og eigi fengið endurgreiddar, bæri að draga samningsskaðabætur, kr. 10.000.00, og sölulaun vegna síðari sölu íbúðarinnar, kr. 18.600.00. Er um þetta fé deilt í málinu.

Aðiljar gerðu ekki með sér skriflegt samkomulag, er þeir felldu úr gildi samninga sína um íbúðarkaupin. Áfrýjendur telja, að samningum hafi verið rift að ósk stefnda vegna vanskila hans á greiðslum. Áfrýjandinn Haraldur Ágústsson hefur borið fyrir dómi, að svo hafi verið um talað við stefnda, að „sölulaun og sektir" yrðu dregnar frá endanlegum greiðslum til hans. Stefndi hefur hins vegar talið, að hann hafi rift samningunum vegna þess, að byggingarframkvæmdir hafi dregizt mjög af hendi áfrýjenda og þeir því vanefnt samninginn.

Óljóst er, hvað um samdist með aðiljum, er þeir felldu

kaupsamninginn úr gildi. Þegar litið er til 2. mgr. 4. gr. viðbótarsamnings aðilja við kaupsamninginn, verður að telja, að áfrýjendur hefðu þurft að tryggja sér sönnun fyrir því, ef stefndi skyldi greiða samningsskaðabæturnar, kr. 10.000.00, og sölulaun, er íbúðin var seld aftur. Þetta gerðu þeir ekki. Verður því að leggja til grundvallar, að áfrýjendur hafi eigi áskilið greiðslur þessar úr hendi stefnda.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjendum að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Haraldur Ágústsson og Reynir R. Ásmundsson, greiði óskipt stefnda, Kára Guðmundssyni, kr. 15.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. nóvember 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. f. m., höfðaði Kári Guðmundsson, Laufásvegi 40, Reykjavík, fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 16. september 1966, á hendur Reyni Ásmundssyni, Austurbrún 29, og Haraldi Ágústssyni, Rauðalæk 22, báðum í Reykjavík, til greiðslu skuldar in solidum að fjárhæð kr. 250.000.00 með 8% ársvöxtum frá 22. október 1965 til 7. maí 1966, af kr. 350.000.00 frá þeim degi til 21. júní 1966 og af kr. 250.000.00 frá þeim degi til greiðsludags, til greiðslu kr. 10.000.00 í bætur svo og til greiðslu málskostnaðar eftir mati dómarans.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi fjárhæð kröfu sinnar í kr. 28.600.00, en krafðist 8% ársvaxta af kr. 250.000.00 frá 22. október 1965 til 7. maí 1966, af kr. 350.000.00 frá þeim degi til 21. júlí 1966, af kr. 250.000.00 frá þeim degi til 13. janúar 1967 og af kr. 28.600.00 frá þeim degi til greiðsludags. Að öðru leyti hélt stefnandi við kröfur sínar í stefnu.

Stefndu hafa krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda svo og greiðslu málskostnaðar úr hans hendi að skaðlausu.

Málsatvik eru þau, að með kaupsamningi, dags. 22. október

1965, keypti stefnandi íbúð í húsinu nr. 61 við Framnesveg hér í borg af stefndu, sem það hús höfðu þá í byggingu. Kaupverð var ákveðið kr. 775.000.00. Við undirskrift kaupsamningsins greiddi stefnandi kr. 250.000.00. Frekari greiðslur voru bundnar við byggingarstig hússins síðar, en hinn 7. maí 1966 greiddi stefnandi kr. 100.000.00. Um mánaðamótin júní og júlí 1966 tilkynnti stefnandi stefndu, að hann vildi rifta kaupunum. Samþykktu stefndu þá riftun og greiddu honum til baka upp í innborganir hans af kaupverðinu kr. 100.000.00 hinn 21. júlí s. á. Með bréfi, dags. 12. september 1966, krafði lögmaður stefnanda stefndu um greiðslu eftirstöðva af innborgun stefnanda upp í kaupverðið, kr. 250.000.00. Þeirri kröfu synjuðu stefndu með bréfi lögmanns þeirra, dagsettu 14. september 1966, á þeirri forsendu, að endurgjaldskrafa stefnanda væri ekki kræf, fyrr en stefndu hefðu endurselt íbúð þá, sem um var að ræða, og þá að frádregnum kostnaði, sem af því kynni að leiða. Höfðaði stefnandi því mál þetta hinn 20. september s. á. til greiðslu kröfunnar. Undir rekstri málsins, eða hinn 13. janúar 1967, greiddu stefndu stefnanda kr. 221.400.00 sem lokagreiðslu á kröfum stefnanda, en frá henni höfðu stefndu þá dregið sölulaun vegna endursölu á íbúðinni, kr. 18.600.00, svo og kr. 10.000.00 í bætur vegna riftunarinnar. Stefnandi telur sig einnig eiga bætur vegna vanefnda stefndu á kaupsamningi aðiljanna, og gerir hann því auk endurgreiðslukröfu á innborguðu kaupverði kröfu til kr. 10.000.00 úr hendi stefndu af þeim sökum.

Kröfur stefnanda í málinu eru studdar þeim rökum, að vanefndir stefndu á kaupsamningi aðiljanna hafi verið svo verulegar, að honum hafi verið heimilt að rifta kaupunum, enda hafi stefndu samþykkt þá riftun hans og jafnframt samþykkt að endurgreiða honum þær fjárhæðir, sem hann þá hafði greitt inn á kaupverð íbúðarinnar. Stefndu hafi engan fyrirvara gert í þá átt, að dráttur yrði af þeirra hálfu á endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar, né heldur gert fyrirvara um það, að frá þeirri fjárhæð ætti að draga kostnað vegna endursölu á íbúðinni. Þar sem og stefndu hafi vanefnt kaupsamning sinn gagnvart stefnanda og hann af þeim sökum hafði rétt til riftunar samningsins, þá gátu stefndu eigi átt rétt til neinna bóta úr hendi stefnanda vegna riftunarinnar. Hins vegar eigi stefnandi rétt á skaðabótum úr hendi stefndu vegna vanefnda þeirra á kaupsamningnum.

Sýknukrafa stefndu er á því byggð, að riftun stefnanda á kaupsamningi aðiljanna hafi ekki byggzt á vanefndum þeirra, heldur

hafi verið um að ræða vanefndir af stefnanda hálfu. Hins vegar hafi stefndu í greiðaskyni við stefnanda samþykkt, að kaupin gengju til baka. Það samþykki hafi af þeirra hálfu verið bundið þeim skilyrðum, að endurgreiðsla á fjárframlagi því, sem stefnandi þá hafði greitt inn á kaupverð íbúðarinnar, kæmi því aðeins til greiðslu, að unnt yrði, og þá fyrst, er íbúðin yrði seld að nýju. Við kaupsamning aðiljanna hafi um það verið samið, að við samningsrof lægi af hálfu beggja aðilja skaðabætur að upphæð kr. 10.000.00, nema sannað yrði, að meira tjón hlytist af. Jafnframt hafi um það verið samið, að vanhaldi kaupandi ákvæði kaupsamningsins um greiðslu afborgana af kaupverði íbúðarinnar, þá gætu seljendur með tveggja vikna fyrirvara skorað á hann að bæta úr. Hafi hann eigi innan þess tíma innt af höndum hinar tilskyldu greiðslur, skyldi hann hafa fyrirgert rétti sínum til hinnar seldu íbúðar. Skyldu þá seljendur taka til ráðstöfunar íbúðina og selja hana fyrir hæsta fáanlegt verð. Sé þá ekki afturkræft það, sem kaupandi hafi greitt af kaupverðinu, fyrr en hinn nýi kaupandi hafi goldið tilskilið gjald fyrir hið selda, enda geti þá seljendur tekið undir sig sjálfa skaðabætur þær, er kaupanda bar að greiða samkvæmt samningnum. Endursala á íbúðinni hafi ekki átt sér stað fyrr en um mánaðamótin október og nóvember 1966. Við undirritun þess kaupsamnings hafi stefndu fengið greiddar kr. 400.000.00, en næsta afborgun af íbúðinni hafi hinn nýi kaupandi eigi átt að standa skil á fyrr en um 22. febrúar 1967. Stefndu hafi vegna vanskila stefnanda komizt í mikil vanskil við aðra kaupendur að húseigninni. Af þeim sökum hafi þær kr. 400.000.00, sem greiddar voru við endursölu íbúðarinnar, runnið til framkvæmda á byggingunni til þess að standa við samninga við aðra kaupendur þar. Stefnandi hafi því aldrei átt rétt til að fá endurgreiddar innborganir sínar af kaupverðinu, fyrr en þeim skuldbindingum stefndu væri fullnægt. Það hafi ekki orðið fyrr en í janúar 1967, enda hafi stefndu þá greitt stefnanda eftirstöðvar þess, sem hann átti rétt til úr hendi stefndu til endurgreiðslu.

Í sakadómi Reykjavíkur hinn 10. janúar 1967 upplýstu stefndu, að endursala á íbúðinni hafi farið fram um mánaðamótin október og nóvember 1966 og hafi söluverðið verið kr. 930.000.00. Upplýsingar um þessi atriði höfðu stefndu synjað að gefa í aðiljaskýrslum sínum hér fyrir dómi.

Svo sem hér að framan er rakið, snýst málið nú annars vegar um gagnkvæma kröfu aðilja á hendur hinum um greiðslu á skaða-

bótum að fjárhæð kr. 10.000.00 og hins vegar um kröfu stefndu á hendur stefnanda um greiðslu sölulauna vegna endursölu á umræddri íbúð.

Það er upplýst í málinu, að samkomulag varð með aðiljum um það, að kaup stefnanda á íbúðinni gengju til baka. Skriflegur samningur var ekki gerður af því tilefni, og greinir aðilja, sem einir eru til frásagnar, á um það, hverjar forsendur lágu til þess, að reisa kröfur sínar um skaðabætur á vanefndum hins.

Hvorugur málsaðilja þykir hafa fært sönnur að því, að samkomulag þeirra í millum um það, að kaupin gengju til baka, eigi rætur að rekja til slíkra vanefnda hins á kaupsamningnum, er leiði til skaðabótaskyldu hans af þeim sökum. Er því eigi unnt að taka til greina kröfu hvors aðilja á hendur hinum um skaðabætur.

Að því er varðar kröfu stefndu á hendur stefnanda um greiðslu á sölulaunum vegna endursölu á íbúðinni, þá er um að ræða staðhæfingu gegn staðhæfingu hjá aðiljum. Stefnandi heldur því fram, að enginn fyrirvari hafi verið gerður um það atriði við samkomulag aðilja, en stefndu halda hins vegar fram hinu gagnstæða. Það þykir bera að leggja sönnunarbyrði á stefndu um þetta atriði. Og þar sem þeir gegn eindregnum mótmælum stefnanda hafa ekki fært að því sönnur, þá er eigi unnt að taka til greina kröfu þeirra um greiðslu á þeirri fjárhæð úr hendi stefnanda.

Stefndu hafa eindregið mótmælt vaxtakröfu stefnanda. Aldrei hafi verið til þess ætlazt, að þeir greiddu vexti af innborgun stefnanda. Stefnandi tók við kr. 100.000.00 upp í innborganir sínar, þegar kaupin gengu til baka, án vaxta, og enginn áskilnaður var af hans hálfu gerður um vexti. Þykir stefnandi því ekki eiga rétt til greiðslu vaxta af innborgunum sínum fram að þeim tíma, er kaupin gengu til baka. Bið varð hins vegar á því, að hann fengi endurgreiddar kr. 250.000.00. Eigi verður talið óeðlilegt, að einhver bið yrði af stefndu hálfu um þá endurgreiðslu, þar sem endurselja þurfti íbúðina. Slík bið verður þó eigi réttlætanleg fram yfir þann tíma, er sú sala átti sér stað, enda fengu stefndu þá þegar greiðslu, sem nam töluvert hærri fjárhæð en fjárhæð eftirstöðva endurgreiðslunnar. Þykir því bera að dæma stefndu til að greiða stefnanda vexti af þeirri fjárhæð frá 1. nóvember 1966 til greiðsludags hennar. Hæð vaxta ákveðst 7 af hundraði.

Niðurstaða málsins verður því samkvæmt framansögðu sú, að

stefndu verða dæmdir til að greiða stefnanda kr. 28.600.00 með 7% ársvöxtum af kr. 250.000.00 frá 1. nóvember 1966 til 13. janúar 1967 og af kr. 28.600.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Reynir R. Ásmundsson og Haraldur Ágústsson, greiði in solidum stefnanda, Kára Guðmundssyni, kr. 28.600.00 með 7% ársvöxtum af kr. 250.000.00 frá 1. nóvember 1966 til 13. janúar 1967 og af kr. 28.600.00 frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 10.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 18. desember 1969.

Nr. 47/1969. **Dánarbú Jóns Guðmundssonar**
(Ingi R. Helgason hrl.).
gegn
Byggingarnefnd Kolviðarnesskóla og
(Bergur Bjarnason hdl.)
Fjármálaráðherra og
Dómsmálaráðherra f. h. ríkissjóðs.
(Björn Hermannsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Verksamningur. Fébætur. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. marz 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. febrúar 1969. Hann hefur fengið gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti 6.

janúar 1969. Gerir hann þær dómkröfur, að stefndu verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 444.988.50 ásamt 8% ársvöxtum frá 28. október 1964 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndu krefjast þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða hvorum þeirra málskostnað fyrir Hæstarétti.

Smíð Kolviðarnesskóla var kostuð af ríki og sveitarfélögum þeim, er í hlut eiga, sbr. 3. gr. laga nr. 41/1955. Voru aðiljar þessir því sambyggjendur.

Stefndi byggingarnefnd Kolviðarnesskóla er sótt í máli þessu sem slík til fébótagreiðslu, en eigi sem málsvari fyrir sveitarfélög þau, sem í hlut eiga. Hin stefnda byggingarnefnd Kolviðarnesskóla er einungis starfsaðili, en brestur sjálfstætt málsaðildarhæfi í dómsmáli. Af þeim sökum verður að ómerkja ákvæði héraðsdómsins um byggingarnefnd þessa og frávísa sökinni á hendur henni frá héraðsdómi. Þar sem hin stefnda byggingarnefnd hefur eigi haft uppi varnir á hinum ranga málatilbúnaði, ber að láta málskostnað í máli hennar og áfrýjanda falla niður.

Á teikningu frá húsameistara ríkisins, þeirri sem verksamningur aðilja var reistur á, var rúmmál Kolviðarnesskóla talið vera 5.150 rúmmetrar. Er því lýst, að þá hafi verið miðað við nýtilegt húsrými, þótt þess væri eigi getið á teikningunni. Stærð skólans hefur hins vegar samkvæmt síðar gerðum mælingum og reikningum reynzt vera 6.044 rúmmetrar, miðað við útlínur veggja. Telja má í ljós leitt, að Jón heitinn Guðmundsson hafi farið villur vegar um hina réttu stærð hússins, þá er hann gerði tilboð um smíð þess. Jón Guðmundsson virðist að vísu ekki hafa beitt fullkominni nákvæmni og aðgæzlu við undirbúning tilboðsins, en það leysir samkvæmt reglum um verkherra ríkissjóð samt eigi undan allri ábyrgð á villu Jóns, þeirri sem leiddi af hinu ranga rúmmálstali skrifstofu húsameistara. Telst því rétt að dæma ríkissjóð til að greiða áfrýjanda nokkrar uppbætur, sem þykja hæfilega ákveðnar kr. 225.000.00 ásamt 7% árs-

vöxtum frá 28. október 1964 til greiðsludags. Þá ber að dæma ríkissjóð til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 70.000.00, og hljóti talsmaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti af þeim kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um sök áfrýjanda, dánarbús Jóns Guðmundssonar, á hendur stefnda byggingarnefnd Kolviðarnesskóla eru úr gildi felld. Er þessum hluta málsins vísað frá héraðsdómi, og fellur málskostnaður niður að því leyti.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs greiði áfrýjanda kr. 225.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 28. október 1964 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 70.000.00, og hljóti talsmaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Ingi R. Helgason hæstaréttarlögmaður, þar af kr. 30.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. júlí 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 25. f. m., hefur Pétur Elísson vegna dánarbús Jóns Guðmundssonar, Kirkjubraut 23, Akranesi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 27. júní 1966, gegn byggingarnefnd Kolviðarnesskóla, Eyjahreppi, Snæfellsnessýslu, og fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna húsameistara ríkisins til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð kr. 444.988.50 ásamt 8% ársvöxtum frá 28. október 1964 til greiðsludags og málskostnaði að mati réttarins.

Stefndu hafa gert þær réttarkröfur, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati réttarins.

Leitazt hefur verið við að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þeir, að hinn 5. apríl 1962 gerði Jón heitinn Guðmundsson byggingameistari, Kirkjubraut 23, Akranesi, tilboð í byggingu heimavistarbarnaskóla við Kolviðarneslaug í Eyjahreppi, Hnappadalssýslu, samkvæmt teikningum, gerðum á teikni-

stofu húsameistara ríkisins, svo og útboðs- og vinnulýsingu, dagsettri 12. marz 1962, en samkvæmt sérteikningum Almenna byggingafélagsins.

Tilboðið var samþykkt af hlutaðeigandi aðiljum.

Verksamningur milli Jóns heitins Guðmundssonar og byggingarnefndar Kolviðarnesskóla var gerður 14. maí 1962. Samkvæmt honum tók Jón heitinn að sér að byggja upp fokheldan heimavistarbarnaskólann samkvæmt útboðs- og vinnulýsingu teiknistofu húsameistara ríkisins, dags. 12. marz 1962, og uppdráttum, gerðum á sömu teiknistofu í október 1961, en að nokkru leyti breyttum í febrúar 1962, svo og séruppdráttum og byggingarsamþykkt Reykjavíkur.

Tilboðið og verksamningurinn hljóðuðu upp á kr. 2.563.400.00 greiðslu til Jóns heitins fyrir verkið. Útreikningar, gerðir af teiknistofu húsameistara ríkisins, ritaðir á einn af uppdráttunum (útlitsmynd í mælikvarðanum 1 : 100 og afstöðumynd í mælikvarðanum 1 : 500, en teikning þessi er gerð í október 1961), sýna bygginguna 5.150 m^3 að stærð. Tilboðsverð Jóns heitins í hvern m^3 hefur því verið kr. 497.75.

Þegar áleiðis var komið framkvæmdum, mun Jóni heitnum hafa þótt byggingin taka til sín einkennilega mikið efni og framkvæmdir dragast á langinn. Magnús Blöndal, eftirlitsmaður með byggingu skólans, starfsmaður menntamálaráðuneytisins, hefur borið, að Jón heitinn hafi minnzt á það við sig, meðan á byggingu skólans stóð, að rúmmál skólans væri í raun stærra en á teikningu segði. Síðar hefði Jón heitinn minnzt á það, að hann hygðist krefjast einhverra bóta vegna þessa.

Jón heitinn Guðmundsson hélt samt sem áður áfram byggingu skólans og gerði hann fokheldan.

Þegar skólabyggingin hafði verið gerð fokheld, fór fram úttekt og uppgjör, og skrifuðu aðiljar undir samkomulag hinn 28. október 1964. Í samkomulagi þessu er því m. a. lýst yfir, að byggingarnefndin taki við mannvirkjum af Jóni Guðmundssyni í því ástandi, sem þeim er lýst í úttektargerð, dags. 4. desember 1963, og að samið hafi verið um og lokið greiðslum vegna þeirra annmarka, sem lýst sé í þeirri úttektargerð. Enn fremur segir í samkomulagi þessu svo: „Verkkaupandi hefur innt af hendi allar greiðslur vegna verksins skv. verksamningi, dags. 14. 5. 1962, og verklýsingum, dags. 12. marz 1962, og viðbótarreikningum vegna breytinga.

Skv. þessu hefur átt sér stað fullnaðarskil milli samningsaðilja

að verksamningi frá 14. maí 1962, og eiga þeir engar frekari kröfur hvor á annan.

Verksali tekur fram, að húsbyggingin sé stærri að rúmmáli heldur en gefið er upp á teikningu, sem fylgdi útboðslýsingu, og hann áskilji sér rétt til að leita úrskurðar um, hver skuli greiða kostnaðarauka, sem af því leiðir, þrátt fyrir yfirlýsingu þessa.

Verkkaupandi lýsir því hins vegar yfir, að teikningar allar vegna byggingarinnar séu unnar á skrifstofu húsameistara ríkisins og því á hennar ábyrgð, óviðkomandi Byggingarnefnd Kolviðarnesskóla".

Stefnandi hefur látið reikna út rúmmál skólabyggingarinnar. Það hefur gert Guðmundur Magnússon verkfræðingur, og er útreikningur hans dags. 25. nóvember 1966. Samkvæmt þeim útreikningi telst verkfræðingnum stærð hússins vera 6.044 m^3 miðað við útlínur útveggja (þ. e. brúttórúmmál).

Guðmundur Þór Pálsson arkitekt, sá er gerði uppdrætti að skólabyggingunni við Kolviðarneslaug, hefur komið fyrir réttinn og skýrt svo frá, að rúmmálstalan á teikningunni, 5.150 m^3, sé sem næst nettórúmmál skólans. Sagði hann, að með nettórúmmáli eigi hann við nýtilegt rúmmál skólans. Tala þessi hafi verið viðmiðunartala fyrir húsameistaraembættið. Guðmundur sagði, að engar reglur væru til varðandi tilgreiningu á slíkum tölum. Aftur á móti benti hann á, að í Reykjavík væru ýmis gjöld miðuð við brúttórúmmál bygginga og því væri nauðsynlegt að gefa þá tölu upp á teikningum. Jafnframt sé taxti Arkitektafélags Íslands miðaður við brúttórúmmál. Við þá útreikninga hafi hver arkitekt sína aðferð, þar sem engar ákveðnar reglur séu til um það, hvað telja eigi brúttórúmmál.

Guðmundur sagði, að rúmmálstalan á fyrrnefndri teikningu af skólanum hafi verið fengin þannig út í stórum dráttum, að hann hafi miðað við innanveggjamál, þ. e. mál milli veggja og milli gólfa og lofta.

Guðmundur Þór bar, að umrædd rúmmálstala á teikningu af Kolviðarnesskóla hafi ekki verið notuð sem viðmiðunargrundvöllur hjá öðrum embættum. T. d. sagði hann sér kunnugt um, að fjárveitingavaldið hafi ekki miðað við þessa tölu, þar sem nákvæm kostnaðaráætlun hefði fylgt teikningum. Guðmundur Þór kvað rúmmálstöluna t. d. hafa verið notaða til þess að reikna út nettórúmmál á hvern nemanda í umræddum skóla.

Ekkert gat Guðmundur Þór fullyrt um það, hvort Jón heitinn Guðmundsson hefði talað við hann um margnefnda rúmmálstölu

að skólanum, áður en tilboðin voru opnuð. Hins vegar kvað Guðmundur Þór Jón heitinn hafa minnzt á það við sig, er uppsláttur á kjallara skólans stóð yfir, að því er Guðmund Þór minnti, að honum fyndist rúmmál það, sem uppgefið væri á teikningunni, ekki rétt, þ. e. að það væri meira í raun. Guðmundur Þór sagðist hafa svarað því til, að honum væri það kunnugt, því að þessi tala væri ekki brúttórúmmál skólabyggingarinnar.

Magnús Blöndal, byggingareftirlitsmaður með skólabyggingunni, hefur komið fyrir réttinn og gefið vitnaskýrslu. Var Magnús þá inntur eftir því, hvað hann teldi felast í hugtakinu brúttórúmmál, og sagði hann, að þá væri miðað við yztu línur veggja og sökkulbrúnir. Sagði hann, að alls ekki væri einhlítt að miða útreikning kostnaðaráætlunar við brúttórúmmál.

Magnús sagði, að ef rúmmálstala stæði skýringarlaus á teikningu að skóla, þá mundi hann skilja það á þann veg, að þar væri átt við brúttórúmmál.

Magnús Blöndal kvaðst mundu við gerð kostnaðaráætlunar í tilboði hafa brúttórúmmál til viðmiðunar, en rétt kostnaðaráætlun fengist ekki út, nema að reikna út hverja einingu fyrir sig, þ. e. svo sem efnismagn, vinnu o. s. frv.

Hörður Bjarnason, húsameistari ríkisins, hefur komið fyrir réttinn og borið, að rúmmálstalan á fyrrnefndri teikningu sé nettórúmmálstala, en með nettórúmmmáli sé átt við nýtilegan hluta skólans, þ. e. þann hluta, sem arkitekt hafi reiknað út sem nýtilegan á hvern nemanda skólans. Hörður Bjarnason kvað engar fastar reglur vera til um útreikninga á rúmmáli á teikningum og sé því ekki eins reiknað út í öllum tilfellum. Hann bar, að af hálfu húsameistaraembættisins væri brúttórúmmáls því aðeins getið á teikningum, að byggingarnefndir viðkomandi staða, t. d. í Reykjavík og kaupstöðum úti á landi, krefðust þess varðandi teikningar. Hins vegar hafi þess ekki verið krafizt í því umdæmi, þar sem nefndur skóli var byggður, að brúttórúmmálstalan væri upp gefin.

Hörður Bjarnason var að því spurður, hvort hann teldi, að rúmmálstala, sem gefin væri upp á teikningu, skýrslu eða nótu án nánari skilgreiningar, ætti samkvæmt venju fremur að teljast heildarrúmmál, svokallað brúttórúmmál, eða innanmál, svokallað nettórúmmál. Hann kvaðst ekki geta svarað þessari spurningu almennt. Hins vegar tók hann fram, að ef slík tala væri á teikningu til byggingarnefndar Reykjavíkur, þá mundi hann telja hana sýna brúttórúmmál, og sama gilti um áður-

nefndar byggingarnefndir úti á landi, en byggingarnefndir setji sínar eigin reglur um rúmmál, t. d. til að miða ýmis gjöld við.

Hörður Bjarnason kvaðst hafa verið viðstaddur, þegar tilboðin voru opnuð, en sagðist ekki minnast þess, að rúmmál skólans hefði sérstaklega borið á góma, og ekki heldur, að nokkur spurning hefði komið fram um það atriði. Hörður Bjarnason kvað sér eigi kunnugt um, að margnefnd rúmmálstala á teikningu skólans hafi verið notuð sem viðmiðunargrundvöllur kostnaðaráætlunar skólabyggingarinnar af hálfu embættis húsameistara. Honum var heldur ekki kunnugt um, að umrædd rúmmálstala hefði verið notuð sem viðmiðunargrundvöllur hjá öðrum embættum, t. d. að því er fjárveitingu til skólans varðaði.

Halldór Bachmann byggingameistari hefur komið fyrir rétt og gefið vitnaskýrslu. Hann hefur borið, að fyrri hluta árs 1962 hafi Jón heitinn Guðmundsson komið að máli við sig og spurt sig að því, hvað sér sýndist um það, að Jón byði kr. 500.00 í rúmmetrann í fokhelda skólabyggingu á Snæfellsnesi. Kvað Halldór Bachmann Jón heitinn hafa sagt sér, að byggingin væri rúmir 5.000 m^3 að stærð. Halldór kvaðst hafa tjáð honum það sína reynslu, að óhætt mundi að bjóða það verð, en ef hann vildi ná í verkið, skyldi hann bjóða nokkrar krónur fyrir neðan kr. 500.00 á rúmmetra. Halldór Bachmann kvað Jón heitinn hafa gefið honum upp brúttótölu skólabyggingarinnar, en jafnframt spurt Halldór að því, hvað við væri átt, þegar nefnt væri brúttórúmmál byggingar. Kvaðst Halldór hafa sagt Jóni heitnum, að samkvæmt sígildri venju væri átt við yztu línur byggingarinnar, þar með talinn sá hluti svala, sem innbyggður væri, þ. e. fyrir innan yztu línu. Svalir, sem gengju út, væru ekki reiknaðar með. Halldór Bachmann kvaðst ekki vera í nokkrum vafa um, að Jón heitinn Guðmundsson hefði byggt framangreint tilboð sitt á því, að nefnd rúmmálstala á teikningu væri brúttórúmmál, svo og samtali Halldórs við Jón heitinn.

Löngu síðar kvaðst Halldór Bachmann hafa hitt Jón heitinn Guðmudsson og hafi hann þá tjáð sér, að byggingin hafi reynzt miklu stærri en upp hefði verið gefið á teikningunni, en hann hefði ekki athugað það, fyrr en hann hafði verið kominn talsvert áleiðis með bygginguna.

Fyrir réttinn hafa komið þeir Jóhann Pétursson, Gunnlaugur Jónsson og Þorkell Ágúst Guðbjartsson og gefið vitnaskýrslur. Skýrðu þeir allir svo frá, að þeir hefðu verið tilbjóðendur í framangreinda skólabyggingu, og báru þeir allir, að þeir hefðu

skilið rúmmálstöluna 5.150 m^3 sem brúttórúmmál, þ. e. a. s. sem heildarrúmmál skólans. Skýrðu þeir þetta nánar á þann veg, að brúttórúmmál væri margfeldi flatarmáls og hæðar miðað við yztu línur útveggja. Þeir kváðust mundu telja innbyggðar svalir falla innan rúmmáls miðað við yztu línu.

Enginn þessara manna minntist þess, að þessi rúmmálstala á teikningunni hefði komið til tals, áður en tilboðin voru opnuð.

Gunnar Guðbjartsson, formaður byggingarnefndar umræddsskóla, hefur komið fyrir dóminn og borið, að hann hafi verið viðstaddur fund þann, er haldinn var 12. marz 1962, þegar tilboð voru opnuð. Hann sagði, að á umræddum fundi hefði ekki verið fjallað neitt um stærð nefnds skóla, og ekki kvaðst hann muna, að teikning af skólanum hefði verið sýnd á fundinum. Sérstaklega aðspurður sagði Gunnar Guðbjartsson, að ekkert hefði komið fram á fundi þessum um rúmmál skólans. Gunnar Guðbjartsson kvað þá Jón heitinn Guðmundsson og Þorkel Guðbjartsson, bróður sinn, hafa drukkið saman kaffi, eftir að tilboðin voru opnuð. Hafi þeir rætt um væntanlega byggingu skólans. Enn fremur hafi þeir rætt um magn timburs til byggingarinnar og hafi þá að fyrra bragði komið fram hjá Jóni heitnum Guðmundssyni, að hann teldi raunverulegt rúmmál skólans meira en rúmmál það, sem upp hefði verið gefið í útboðsgögnum, sbr. þá sérstaklega teikningu af skólanum. Kvaðst Gunnar Guðbjartsson þá hafa spurt Jón heitinn, í hverju hann teldi þetta liggja. Sagði Gunnar þá Jón heitinn og Þorkel Guðbjartsson þá hafa verið sammála um, að ástæðan væri sú, að grunnur væri þarna mjög djúpur, og yrði því að steypa mikla veggi þess vegna, en það rúmmál nýttist ekki sem húsnæði.

Gunnar Guðbjartsson sagði, að við undirritun verksamningsins hefði Jón heitinn ekki á nokkurn hátt minnzt á rúmmál væntanlegs skóla og ekki hefði komið til tals, við hvaða stærð skóla verksamningurinn væri miðaður, aðra en þá, sem fram hefur komið í útboðsgögnum. Gunnar Guðbjartsson kvaðst hafa komið á byggingarstað, þegar byggingarframkvæmdir hófust og oft síðan. Sagði hann, að Jón heitinn Guðmundsson hefði aldrei minnzt á hið aukna rúmmál, sem hann hefði talað um á nefndum kaffifundi, fyrr en uppgjör vegna byggingar skólans hafi farið fram. Gunnar Guðbjartsson tók þó fram, að Jón heitinn hefði hækkað allan grunninn um 30 cm. Sá kostnaðarauki hafi verið greiddur honum sérstaklega með tæpum kr. 140.000.00. Gunnar Guðbjartsson bar, að Jón heitinn Guðmundsson hefði haft samband við

húsameistaraembættið vegna rúmmálsmismunar þess, er hann taldi vera á byggingunni í raun og útboðsgögnum, sama dag og uppgjörið fór fram milli Jóns heitins og byggingarnefndar skólans.

Gunnar Guðbjartsson sagði, að ekki þurfi að sækja um samþykki neins staðbundins aðilja til að byggja skóla sem þennan og í sveitum séu engin byggingarleyfisgjöld innheimt.

Gunnar Guðbjartsson bar, að í umsókn byggingarnefndar skólans til menntamálaráðherra um byggingu skólans hafi um stærð hans og kostnaðaráætlun við byggingu hans verið vísað í gögn og útreikninga húsameistara ríkisins, en þau gögn, bæði varðandi stærð og kostnað, hafi verið send beint frá embættinu til menntamálaráðherra án þess að fara um hendur byggingarnefndarinnar.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að Jón heitinn Guðmundsson hafi átt að byggja nefnt skólahús samkvæmt útboðs- og vinnulýsingu teiknistofu húsameistara ríkisins, dags. 12. marz 1962. Samkvæmt þeirri útboðs- og vinnulýsingu eigi verksali að byggja húsið samkvæmt: a) sjálfri lýsingunni, b) uppdráttum, gerðum af teiknistofu húsameistara ríkisins, dags. í október 1961, c) séruppdrátum þá og síðar, d) byggingarsamþykkt Reykjavíkur.

Samkvæmt teikningu af skólanum sé samanlagt rúmmál byggingarinnar talið 5.150 m^3. Jón heitinn hafi byggt tilboð sitt á þessari rúmmetrastærð. Ljóst sé, að Jón heitinn hafi átt að geta treyst á þessa áritun um stærðina. Fráleitt sé að halda því fram, að þessi rúmmálsáritun sé nettórúmmál eða innanmál eða rúmmál nýtilegs hluta byggingarinnar eða þar fram eftir götunum, því að þá hefði verið nauðsynlegt að auðkenna rúmmálstöluna sérstaklega, en það hafi ekki verið gert. Þegar rúmmál byggingar sé upp gefið án sérstakrar auðkenningar, sé alltaf um brúttórúmmál að ræða. Hins vegar hefði ekki verið stofnað til þessarar málssóknar, ef aðeins skakkaði lítilræði frá réttu rúmmáli. Hér skakki hins vegar um 20%. Skólabyggingin sé ekki 5.150 m^3, heldur 6.044 m^3, eða 894 m^3 stærri en hún hafi verið talin samkvæmt teikningu, gerðri á vegum húsameistara ríkisins. Stefnukröfuna fær stefnandi með því að margfalda umfram rúmmálið, 894 m^3, með þeirri krónutölu, sem hann hafi boðizt til að byggja hvern rúmmetra fyrir, en það er kr. 497.75. Margfeldi þessara tveggja talna sé kr. 444.988.50, en það er stefnufjárhæð málsins.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að samkvæmt eðli og

ákvæðum verksamningsins beri verkkaupa skylda til að sjá verksala fyrir ógölluðum teikningum. Í því tilliti beri verkkaupi ábyrgð á öllum fylgiskjölum samningsins gagnvart verksala. Hins vegar sé í máli þessu húsameistara ríkisins stefnt solidariskt af hagkvæmnisástæðum, þar eð hinar gölluðu teikningar séu handvömm á skrifstofu hans, sem hann beri að lokum ábyrgð á.

Að endingu hefur stefnandi áréttað dómkröfur sínar með því, að hér sé um opinbera skólabyggingu að ræða, og því sé eðlilegt, að sá kostnaðarauki, sem varð af byggingunni, vegna þess að hún reyndist stærri heldur en upp hafði verið gefið á teikningu, sé borinn af almenningi í heild, en ekki stefnanda þessa máls einum, svo sem yrði, ef sýknað yrði í þessu máli.

Stefndi dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna húsameistara ríkisins reisa sýknukröfu sína á því, að rúmmál það, sem gefið hafði verið upp á fyrrnefndri teikningu, hafi verið viðmiðunartala fyrir embættið og sem næst nettórúmmál skólabyggingarinnar. Þessi stefndi tekur fram, að hvergi sé þess getið í byggingarsamþykkt fyrir Reykjavík, en samkvæmt henni hafi átt að byggja hús þetta, að gefa eigi upp rúmmál byggingar á teikningum, heldur eingöngu heildarflatarmál. Enn fremur bendir stefndi á, að ekki séu til neinar reglur um það, hvernig eigi að reikna út rúmmál húsa, og komi því oft fyrir, að byggingarfróðir menn fái út mismunandi tölur um rúmmálsstærð sama hússins.

Þá er því einnig haldið fram af hálfu stefnda, að verksala hafi verið kunnugt strax í upphafi, að teikningarnar tilgreindu ekki brúttórúmmál hússins. Þessum stefnda virðist því ljóst, að hér sé eingöngu um handvömm eða fljótfærni verksala sjálfs að ræða, þegar hann bauð í verkið, enda hafi honum sem byggingafróðum manni átt að vera innan handar að gera alla útreikninga, bæði um stærð hússins og efnisþörf, þar eð flest eða öll mál á byggingunni hafi verið gefin upp í metrum og kvótar á plötum.

Því er sérstaklega mótmælt af hálfu þessa stefnda, að hér hafi verið um nokkra handvömm af hendi húsameistara ríkisins að ræða, sem bakað geti ríkissjóði skaðabótaskyldu. Teikningarnar hafi verið vel og samvizkusamlega unnar og á þeim hafi verið að finna allar nauðsynlegar upplýsingar, til þess að unnt væri að reikna út efnisþörf og byggingarkostnað. Enn fremur er því mótmælt, að nokkur algild regla sé til um það, að þó uppgefið rúmmál sé á teikningu, þá beri að skoða það fremur sem brúttórúmmál en nettórúmmál. Að endingu bendir þessi stefndi

á, að engin lögskipti hafi átt sér stað milli hans og stefnanda þessa máls. Hann hafi ekki verið aðili að verksamningi þeim, sem sé grundvöllurinn að lögskiptum aðiljanna, heldur aðeins stefnandi málsins og meðstefndi byggingarnefnd skólans. Ef talið yrði, að um skaðabótaskyldu væri að ræða, þá sé það að sjálfsögðu byggingarnefndin, sem skaðabótaábyrgðina beri, enda sé það hún, sem verksins njóti og þá um leið þess umfram húsrýmis, sem kunni að hafa verið byggt. Þar sem ósannað sé, að um handvömm af hendi húsameistara ríkisins sé að ræða við gerð teikninga, mótmælir þessi stefndi, að um skaðabótaskyldu ríkissjóðs geti verið að ræða í málinu.

Stefndi byggingarnefnd Kolviðarnesskóla byggir sýknukröfu sína á því í fyrsta lagi, að hann mótmælir, að það sé viðtekin venja, að átt sé við brúttórúmmál, þegar rúmmáls sé getið á teikningum án nánari skilgreiningar. Þá sé og á það að líta, að líkur bendi til þess, að stefnandi hafi þegar verið búinn að gera sér grein fyrir því, að rúmmál það, sem gefið er upp á teikningunni, hafi ekki verið brúttórúmmál, sbr. framburð Gunnars Guðbjartssonar, sem rakinn hefur verið hér að framan. Þá heldur þessi stefndi því fram, að engan veginn sé einhlítt að byggja útboð á rúmmáli húsa eingöngu. Til þess að fá fram nákvæm og örugg tilboð verði að byggja þau á langtum fleiri atriðum heldur en rúmmálstölunni einni, þar sem byggingarkostnaður húsa geti verið mjög mismunandi, þótt rúmmál sé hið sama, enda fari byggingarkostnaður að miklu leyti eftir allri gerð hvers húss. Jón heitinn Guðmundsson, sem hafi verið sérfróður í byggingarmálum, hafi átt að gera sér þetta ljóst og reikna tilboð sitt því nákvæmar út í stað þess að byggja það eingöngu á rúmmálstölunni.

Ef svo kynni hins vegar að fara, að stefnandi yrði talinn eiga bótakröfur vegna byggingar þeirrar, sem hér um ræðir, þá virðist þessum stefnda alveg ljóst, að hann eigi þar enga sök, heldur meðstefndi í máli þessu, þar sem hann hafi lagt til allar teikningar af byggingunni og þá með þeim göllum, sem þar kunni að vera að finna. Ef svo kynni samt sem áður að fara, að þessi stefndi yrði dæmdur til að greiða bætur í máli þessu, en meðstefndi ekki, áskilur þessi stefndi sér rétt til endurheimtu bótanna úr hendi meðstefnda. Að öðru leyti vísar þessi stefndi um röksemdir fyrir sýknukröfu sinni til röksemda meðstefnda, sem getið er hér að framan.

Telja verður ósannað, að Jón heitinn Guðmundsson hafi vitað,

þegar hann gerði tilboð sitt í byggingu skólans, að rúmmálstala sú, sem upp er gefin á teikningu, hafi verið nettórúmmál skólans. Getur rétturinn fallizt á það með stefnanda, að það sé orðin viðtekin venja, að þegar getið sé rúmmáls byggingar án nánari skilgreiningar, sé átt við brúttórúmmál byggingar. Rúmmálstalan á fyrrnefndri teikningu frá húsameistara ríkisins gefur því villandi upplýsingar um stærð skólans, sé stærðin eingöngu skoðuð út frá þeirri tölu einni.

Áður en Jón heitinn Guðmundsson gerði tilboð sitt í byggingu skólans, hafði hann fengið í hendur útboðsgögn, þ. e. teikningar og útboðslýsingu. Í tilboði hans samkvæmt þessum útboðsgögnum kemur hvergi fram, að hann miði tilboð sitt eingöngu við margnefnda rúmmálstölu á teikningu. Verður því að líta svo á, að hann hafi bundizt samkvæmt tilboði sínu, enda var hann byggingameistari að iðn, og mátti tilboðsmóttakandi því treysta því, að hann ynni tilboð sitt þannig, að um endanlegt verð væri að ræða af hans hálfu.

Verður því eigi á það fallizt, að hin villandi rúmmálstala ein út af fyrir sig sé slíkt úrslitaatriði, að talið verði, að brostin sé forsenda fyrir tilboði Jóns heitins Guðmundssonar í byggingu margnefnds skóla. Er því eigi unnt að taka dómkröfur stefnanda til greina, og ber að sýkna stefndu í þessu máli.

Eftir atvikum öllum þykir rétt, að málskostnaður í máli þessu falli niður.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Braga Þorsteinssyni verkfræðingi og Haraldi V. Haraldssyni arkitekt.

Dómsorð:

Stefndu, byggingarnefnd Kolviðarnesskóla og dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna húsameistara ríkisins, eiga að vera sýknir í máli þessu af kröfum stefnandans, dánarbús Jóns Guðmundssonar.

Málskostnaður fellur niður.